RANNSÓKNIR Í FÉLAGSVÍSINDUM VII

FÉLAGSVÍSINDADEILD

RANNSÓKNIR Í FÉLAGSVÍSINDUM VII

FÉLAGSVÍSINDADEILD

Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006

Ritstjóri

Úlfar Hauksson

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
2006

© 2006 Höfundar
ISBN 9979-9561-7-8
ISBN-13 978-9979-9561-7-4

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, nema að fengnu skriflegu leyfi höfunda eða útgefenda. Brot varða lög um höfundarrétt.

Mynd á kápu er eftir Ágúst Petersen.
Myndin er í einkaeign.

Umbrot: Guðlaug J. Sturludóttir
Prentumsjón: Gutenberg

Efnisyfirlit

Höfundalisti 9

Formáli 13

BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐI

Ágústa Pálsdóttir: *Health Information Seeking Behavior: The Connection Between Purposive Information Seeking and Information Encountering.* 15

Áslaug Agnarsdóttir: *Tvíhöfða risi. Um áhrif sameiningar Landsbókasafns og Háskólabókasafns á safnið sem háskólabókasafn* 27

Guðrún Þórsteinsdóttir: *Aðgengi fjarnema að upplýsingum og áhrif búsetu á upplýsingaleitarhegðun þeirra* 39

Jóhanna Gunnlaugsdóttir: *Rafræn skjalastjórnarkerfi: Mikilvægi þátttöku notenda á innleiðingartíma* 53

Stefanía Júlíusdóttir: *Changes in publishing and LIS work in Iceland* 65

FÉLAGSFRÆÐI

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðrún Á. Stefánsdóttir: *Búseta – verkmenning – virðing starfa* 79

Hanna Lára Steinsson: *Alzheimerssjúkdómur á miðjum aldri. Rannsókn á aðstæðum fólks sem hefur greinst með Alzheimerssjúkdóm á Íslandi á aldrinum 45-65 ára* 93

Harpa Njáls: *Velferðarstefna – Markmið og leiðir til farsældar?* 103

Haukur Freyr Gylfason: *Lífsgæði barna með einhverfu og foreldra þeirra* 117

Hermann Óskarsson: *Samfélagið og heilbrigði* 127

Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson: *Spurningalistakannanir og smættun félagslegra fyrirbæra* 139

Pétur Pétursson: *„Frelsi landanna". Nýja guðfræðin og þjóðfrelsisbarátta Íslendinga í upphafi 20. aldar* 149

Rúnar Vilhjálmsson: *Skipulagt íþróttastaf meðal ungs fólks: Áhrifaþættir og afleiðingar* 161

Stefán Ólafsson: *Breytt tekjuskipting Íslendinga. Greining á þróun fjölskyldutekna 1996 til 2004* 173

FÉLAGSRÁÐGJÖF

Freydís Jóna Freysteinsdóttir: *Barnaverndartilkynningar er varða ofbeldi milli foreldra* 189

Guðný Björk Eydal: *Feður og fjölskyldustefna* 201
Sigrún Júlíusdóttir: *Fjölskyldubreytingar, lífsgildi og viðhorf ungs fólks* 211
Sigurveig H. Sigurðardóttir: *Viðhorf til aldraðra* 225
Steinunn Hrafnsdóttir: *Af hverju vinnur fólk sjálfboðaliðastörf?* 235

FJÖLMIÐLAFRÆÐI

Elfa Ýr Gylfadóttir: *Þróun efnismála á íslenskum sjónvarpsmarkaði* 245
Guðbjörg Hildur Kolbeins: *Af kaupmönnum og hjartans börnum* 257
Helgi Gunnlaugsson: *Afbrotafræði íslenskra glæpasagna* 271
Þorbjörn Broddason: *Wash me* 281

FÖTLUNARFRÆÐI

Hanna Björg Sigurjónsdóttir: *Valdeflandi samskipti fagfólks og seinfærra foreldra. Hvað hjálpar – hvað hindrar* 291
Kristín Björnsdóttir: *Öll í sama liði* 303
Rannveig Traustadóttir: *Fatlaðir háskólastúdentar* 315
Snæfríður Þóra Egilson: *Þátttaka í ljósi kennisetninga um heilbrigði og fötlun* . 327

KENNSLUFRÆÐI

Guðrún Geirsdóttir: *Að skapa fag úr fræðigrein. Um hlutverk háskólakennara í námskrárgerð* 339
Hafdís Ingvarsdóttir: *„... eins og þver geit í girðingu". Viðhorf kennara til breytinga á kennsluháttum* 351
Jakobína Ingunn Ólafsdóttir: *Research into policy implementation. Theoretical spaces* 365
Sigurborg Matthíasdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir: *„Það er þetta svolítið með að opna gluggana". Áhrif sjálfsmats í skólum á kennara* 379
Þóroddur Bjarnason: *Aðstæður íslenskra skólanema af erlendum uppruna* 391

KYNJAFRÆÐI

Einar Mar Þórðarson: *Kynjabil í kosningum. Er kosningahegðun karla og kvenna ólík?* 401
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Margrét Einarsdóttir: *„Þetta svona venst" Um upplýsingartækni, kynferði og líðan í þjónustuverum* 411

Guðný Guðbjörnsdóttir: *Er leiðtogahugtakið kynjað?* 423
Gyða Margrét Pétursdóttir: *Skreppur og Pollýanna: Um ólíka möguleika og sýn kynjanna innan vinnustaða Reykjavíkurborgar á samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu* 435
Þorgerður Einarsdóttir: *Kynjakerfið. Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli?* 445

MANNFRÆÐI

Jónína Einarsdóttir: *Flokkun barna* 457
Kristín Loftsdóttir*: Ævintýrið Afríka: Minni og ímyndir Afríku í fylgiblöðum Morgunblaðsins* 469
Sveinn Eggertsson: *Kaupmenn í San Lorenzo* 481
Unnur Dís Skaptadóttir og Sóley Gréta Sveinsdóttir: *Valkyrkjur samtímans: Veröld kvenna frá Asíu á Íslandi* 489

SÁLFRÆÐI

Árni Kristjánsson og Heiða María Sigurðardóttir: *Ýfing í sjónleit: Rannsókn með aðferðum merkjagreiningar* 499
Daníel Ólason, Páll Magnússon og Sigurður J. Grétarsson: *Próffræðilegt mat á DSM-IV einkennalista um athyglisbrest með ofvirkni (AMO): Algengi einkenna AMO meðal 18 til 70 ára Íslendinga* 515
Elín Díanna Gunnarsdóttir og Jóhanna Bergsdóttir: *Sjálfsvirðing og líðan unglinga* 527
Fanney Þórsdóttir: *Áhrif orðagilda á eiginleika Likert atriða?* 535
Friðrik H. Jónsson: *Gengur Lífsgildakvarði Schwartz á Íslandi?* 549
Guðmundur B. Arnkelsson: *ROC-greining á réttmæti klínískra mælitækja* ... 559
Magnús Kristjánsson: *Sannar sögur handa byrjendum: Nokkur orð um freudíska bælingu* 569
Ólafur Örn Bragason, Rannveig Þórisdóttir og Haukur Freyr Gylfason: *Áhættuhegðun almennings í umferðinni* 579
Sigurlína Davíðsdóttir: *Hugræn atferlismeðferð fyrir fólk með króníska verki* .. 589
Zuilma Gabriela Sigurðardóttir og Magnús Blöndahl Sighvatsson: *An analysis of Broca's aphasia using a stimulus equivalence paradigm* 595
Þorlákur Karlsson, Fanney Þórsdóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir: *Má bjóða þér upp á miðju? Tilraun með fimm þrepa svarkvarða* 611

STJÓRNMÁLA- OG STJÓRNSÝSLUFRÆÐI

Baldur Þórhallsson: *Hefur Ísland valið sér nýja stærð í alþjóðakerfinu?* 627
Eiríkur Bergmann Einarsson: *Ísland greiðir fyrir stækkun ESB* 643
Guðmundur Heiðar Frímannsson: *Íbúalýðræði* 651
Gunnar Helgi Kristinsson: *Ráðherraáhætta* 661
Gunnhildur Lily Magnúsdóttir: *The importance of image in the Environmental Policy of the European Union* 673
Indriði H. Indriðason: *Stjórnarmyndanir og pólun* 685
Michael T. Corgan: *Iceland in US Security Planning* 695
Ómar H. Kristmundsson: *Um stefnuyfirlýsingar háskóla* 705
Úlfar Hauksson: *Lýðræði eða lögmæti; samanburður á tveimur sjónarhornum* ... 717

UPPELDISFRÆÐI

Berglind Rós Magnúsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir: *Jafnrétti sem árangursviðmið í skólastarfi: umfjöllun um matskerfi með jafnrétti og námsárangur að leiðarljósi* 729
Brynhildur Þórarinsdóttir: *Fjölskyldumynstur barnabóka* 741
Gyða Jóhannsdóttir: *Þróun háskólastigs á Íslandi í ljósi norrænnar þróunar æðri menntunar* 751
Jóhanna Einarsdóttir: *Rannsóknir með börnum. Aðferðir – áskoranir – álitamál* 765
Sigrún Aðalbjarnardóttir: *Lífsgildi* 779

ÞJÓÐFRÆÐI

Aðalheiður Guðmundsdóttir: *Yfirnáttúruleg minni í Fornaldarsögum Norðurlanda* 789
Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir: *Menningararfurinn og nýlenduhyggjan. Íslenskir forngripir í dönsku safni* 801
Gísli Sigurðsson: *Mynd Íslendingasagna af Bretlandseyjum* 813
Terry Gunnell: *Busar, böðlar og jamberingar. Innvígsluathafnir í íslenskum framhaldsskólum* 823
Valdimar Tr. Hafstein: *The Common Heritage of Humanity* 835

Höfundalisti

Aðalheiður Guðmundsdóttir, aðjúnkt HÍ
Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, stundakennari HÍ
Ágústa Pálsdóttir, lektor HÍ
Árni Kristjánsson, lektor HÍ
Áslaug Agnarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur
Baldur Þórhallsson, prófessor HÍ
Berglind Rós Magnúsdóttir, doktorsnemi við HÍ
Brynhildur Þórarinsdóttir, aðjúnkt HA
Daníel Þór Ólason, lektor HÍ
Einar Mar Þórðarson, stjórnmálafræðingur
Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent HB
Elfa Ýr Gylfadóttir, fjölmiðlafræðingur
Elín Díanna Gunnarsdóttir, lektor HA
Fanney Þórsdóttir, aðjúnkt HÍ
Freydís Jóna Freysteinsdóttir, lektor HÍ
Friðrik H. Jónsson, dósent HÍ
Gísli Sigurðsson, prófessor HÍ
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknastjóri.
Guðbjörg Hildur Kolbeins, fjölmiðlafræðingur
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, dósent HÍ
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, dósent HÍ
Guðmundur Bjarni Arnkelsson, dósent HÍ
Guðmundur Heiðar Frímannsson, prófessor HA
Guðný Björk Eydal, dósent HÍ
Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor HÍ
Guðrún Geirsdóttir, lektor HÍ
Guðrún Á. Stefánsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
Guðrún Þórsteinsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur
Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor HÍ
Gunnhildur Lily Magnúsdóttir, doktorsnemi HÍ
Gyða Jóhannsdóttir, lektor KHÍ
Gyða Margrét Pétursdóttir, doktorsnemi HÍ
Hafdís Ingvarsdóttir, dósent HÍ
Hanna Björg Sigurjónsdóttir, lektor HÍ
Hanna Lára Steinsson, forstöðumaður
Harpa Njáls, doktorsnemi
Haukur Freyr Gylfason, aðjúnkt HÍ
Heiða María Sigurðardóttir, BA

Helgi Gunnlaugsson, prófessor HÍ
Hermann Óskarsson, dósent HA
Indriði H. Indriðason, dósent HÍ
Jakobína Ingunn Ólafsdóttir, doktorsnemi HÍ
Jóhanna Bergþórsdóttir, BA HA
Jóhanna Einarsdóttir, prófessor KHÍ
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, lektor HÍ
Jón Gunnar Bernburg, lektor HÍ
Jónína Einarsdóttir, dósent HÍ
Kristín Björnsdóttir, doktorsnemi við HÍ
Kristín Loftsdóttir, dósent HÍ
Magnús Kristjánsson, dósent HÍ
Magnús Blöndahl Sighvatsson, MA
Margrét Einarsdóttir, doktorsnemi
Margrét Lilja Guðmundsdóttir, MA
Michael T. Corgan, prófessor HÍ
Ólafur Örn Bragason, sálfræðingur
Ómar H. Kristmundsson, dósent HÍ
Pétur Pétursson, prófessor HÍ
Páll Magnússon, sálfræðingur
Rannveig Traustadóttir, prófessor HÍ
Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur
Rúnar Vilhjálmsson, prófessor, HÍ
Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor HÍ
Sigrún Júlíusdóttir, prófessor HÍ
Sigurborg Matthíasdóttir, MA
Sigurður J. Grétarsson, prófessor HÍ
Sigurlína Davíðsdóttir, dósent HÍ
Sigurveig H. Sigurðardóttir, lektor HÍ
Snæfríður Þóra Egilson, dósent HA
Sóley Gréta Sveinsdóttir, mannfræðingur
Stefanía Júlíusdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur
Stefán Ólafsson, prófessor HÍ
Steinunn Hrafnsdóttir, lektor HÍ
Sveinn Eggertsson, lektor HÍ
Terry Gunnell, dósent HÍ
Unnur Dís Skaptadóttir, dósent HÍ
Úlfar Hauksson, aðjúnkt HÍ
Valdimar Tr. Hafstein, lektor HÍ
Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, dósent HÍ
Þorbjörn Broddason, prófessor HÍ

Þorgerður Einarsdóttir, dósent HÍ
Þorlákur Karlsson, deildarforseti HR
Þóroddur Bjarnason, prófessor HA
Þórólfur Þórlindsson, prófessor HÍ

Formáli

Á síðum þessarar bókar koma fyrir sjónir lesenda 71 grein fræðimanna á sviði félagvísinda. Bókin er gefin út í tilefni af ráðstefnu í félagsvísindum – þeirri sjöundu í röðinni – sem haldin er í Háskóla Íslands. Ráðstefnan er opinn vettvangur fræðimanna til að kynna rannsóknir sínar og fer kynningin fram í 16 málstofum. Líkt og fyrri ár fór fram forval á greinum þar sem höfundar sendu inn útdrátt úr verkum sem þeir hugðust birta í ritinu og kynna á ráðstefnunni. Markmiðið með forvalinu er að tryggja að viðkomandi rannsókn sé komin á góðan rekspöl og standist kröfur sem gerðar eru í ritrýndu riti sem þessu. Einstaka greinum var vísað frá – líkt og fyrri ár – á þeirri forsendu að rannsóknin væri ekki komin á það stig að hún ætti erindi í bókina að þessu sinni. Eins og áður sagði birtist hér 71 grein sem er fjölgun um 8 greinar frá því í fyrra. Fjöldi greina og áhugi félagsvísindamanna á ráðstefnunni ber fagurt vitni um hið gróskumikla vísindastarf sem unnið er á sviði félagsvísinda hér á landi. Sem fyrr var samstarfið við greinarhöfunda og þá sem unnu að bókinni með miklum sóma. Vil ég nota tækifærið og þakka þeim fyrir vel unnin störf. Sérstakar þakkir fær Guðlaug Júlía Sturludóttir, sem sá um umbrot á bókinni, og Friðrik H. Jónsson dósent sem á mikla vegsemd skilið fyrir að halda utan um skipulag ráðstefnunnar.

.

Reykjavík, í október 2006.

Úlfar Hauksson, aðjúnkt í stjórnmálafræði

Health Information Seeking Behaviour:
The Connection Between Purposive Information Seeking and Information Encountering

Ágústa Pálsdóttir

In the past years huge changes have accoured in the ways that information can be disseminated and accordingly, researchers have begun to explore information seeking in more detail. Although it has been customary to describe information seeking in the way of purposive seeking it has, nevertheless, been pointed out that the nature of information seeking behaviour is not restricted to it. The paper reports on part of a study which is aimed at gathering knowledge about how different groups of Icelanders´ take advantage of information about health and lifestyle in their everyday life. Based on the literature review the study assumes that information seeking can be broadly divided up in two information seeking styles: Purposive information seeking which happens when people decide that they have a knowledge gap and act on it by seeking information; and information encountering which can be described as instances when people happen to find information even though they were not looking for them. In the past years, a small but a growing number of studies have started to examine information encountering. However, the connection between purposive information seeking and information encountering has not received much attention as previous studies have mostly examined these two information seeking styles separately.

The paper will focus on one of the research questions in the study, that asked if differences in purposive information seeking across the respondents were connected to differences in their information encountering.

Background

Purposive Information Seeking

The type of information seeking behaviour where information seeking is seen as a purposive, goal-driven activity has been the traditional subject of studies on information seeking behaviour. According to Wilson (2000, p. 49), active information seeking stands for a behaviour where individuals experience a lack of knowledge and act on it by seeking information, or "the purposive seeking for information as a consequence of a need to satisfy some goal." A similar definition has been put forward by Johnson and Meischke (1993, p. 343-344) who describe information seeking as "the purposive acquisition of information from selected information carriers." Wilson has proposed a general interdisciplinary model of human information behaviour where he further categorised active information seeking into active search and ongoing search, with ongoing search happening occasionally and with the intention of updating or developing knowledge gathered through active search (Wilson and Walsh, 1996). McKenzie (2003), on the other hand, identifies one type of active information seeking, which she describes as a behaviour when information is being sought on purpose, in a systematic and strategic way.

Other Styles Of Information Seeking

The various ways that people use to seek information in their everyday life, apart from purposive information seeking, has captured the attention of researchers. Wilson talks about passive attention, when people happen to come across information although information seeking was not intended, for example by the use of mass media (Wilson and Walsh, 1996). This can be compared with what McKenzie (2003) refers to as non-directed monitoring and to what Williamson (1997) refers to as incidental information acquisitions or accidental information discovery. Toms (2000) talks about serendipitous retrieval. According to Toms, a person's prior knowledge generally influences the encounter of the information, although not necessarily so, together with the person's recognition of what the information provides. Serendipity has also been dealt with by Foster and Ford (2003). Although they note that serendipity is unpredictable and can not be directly controlled, they also point out the role of the "prepared mind" and indicate that certain attitudes, such as "…consciously to be open

and receptive to chance information encounters" (p. 335), as well as methods such as a "conscious strategic decision to step back and take a broader view" (p. 336), may support people to make the most of serendipity. Also interesting in this context is the term information encountering introduced by Erdelez (1997), referring to information being discovered accidentally, for instance, the occasions when people unexpectedly happen to come across information that they find useful or interesting while involved in a search for another type of information, or in situations when information seeking was not intended. Erdelez further suggests that people can be identified as super-encounterers, encounterers, occasional encounterers and non-encounterers. Wilson has identified passive search, that is, "when one type of search (or other behaviour) results in the acquisition of information that happens to be relevant to the individual" (Wilson and Walsh, p. 562). McKenzie (2003) compares this with what she terms active scanning which refers to people being aware of the possibility of finding useful information in certain places, although they are not seeking specific information. Savolainen's (1995) examination of everyday life information seeking (ELIS), where he introduced the concepts of "way of life" and "mastery of life", is also interesting. According Savolainen, people's information seeking habits are one of the elements involved in how they take care of their life. When a way of life is thought of as being relatively stable and people are content with monitoring their life in a way that ensures that things are kept in order, mastery of life, and hence information seeking, can be thought of as being passive. Active mastery of life, in contrast, happens in cases when the order of things has been disturbed and people need to engage in problem solving, for example, by seeking information that can help to restore the order.

Research Methods

Data Collection

The data was gathered as a postal survey during the autumn 2002. The sample consists of 1000 people at the age of 18 to 80, randomly selected from the National Register of Persons. Response rate was 51%. Characteristics of the respondents were compared with population parameters derived from Statistics Iceland (2005) and were determined to be representative of the Icelandic population.

Data Analysis

Cluster analysis was used to determine how the respondents formed distinct statistical groups, based on how often they sought information about health and lifestyle by way of purposive information seeking. A list of 23 information sources was presented and the respondents were asked to give an answer to the following question: "Have you sought information about health and lifestyle in any of the following sources"? A total of 471 participants were classified in the clusters that were named: 1. Active cluster (77 members), 2. Moderately passive cluster (90 members), 3. Moderately active cluster (112 members) and 4. Passive cluster (192 members). A post-hoc test was conducted to further test for significant differences across the clusters and allow a more accurate comparison of the mean scores for each information source. The information sources were classified into four information channels: Media, Health specialists, Internet and Interpersonal sources and total mean scores computed for each channel and post hoc tests performed to examine statistical differences in the total mean scores across the clusters. Point range for mean scores is one-five, where one is lowest and five is highest. Although the post hoc tests have not been performed to examine differences in channel preferences within the clusters, by examining the total mean scores together with a set of the four highest mean scores for specific information sources, it is believed that assumptions can be made about each cluster's preference for information channels. The information channels were tested for internal reliability and Cronbach's alpha proved satisfactory, ranging from 0.89 to 0.82.

To examine information encountering the respondents were asked: "Have you come across information about health and lifestyle in any of the following sources although you were not seeking for this information"? A list with 23 information sources was presented at each question and people were asked to give an answer about every source. In the analysis the scales Media, Health specialists and Internet, constructed by factor analysis, were used (Ágústa Pálsdóttir).

Results

The presentation is limited to the results about purposive information seeking and information encountering, as well as a comparison of the results about these two information seeking styles.

Purposive Information Seeking

Table 1 presents an overview of the mean scores for purposive information seeking across the clusters in the information channels: Media, Health specialists and Internet, as well as the sources belonging to each channel.

Information Encountering

Information encountering in the channels Media, Health specialists and Internet was analysed.

Media

ANOVA was used to examine differences across the clusters in information encountering in the Media, and significant differences were found ($F(3,456)=50.8$, $p<.001$). Figure 1 presents the results.



Figure 1. Information encountering in the Media

A statistically significant difference was not found across the Moderately active cluster and the Active cluster (Tuckey, $p<.05$).

Health Specialists

ANOVA revealed significant differences in information encountering in Health specialist sources across the clusters ($F(3,458)=71.4$, $p<.001$), see Figure 2.



Figure 2. Information encountering in Health specialist sources

There was not a statistically significant difference across the Moderately passive and Moderately active clusters (Tuckey, $p<.05$).

Internet

The variable information encountering on the Internet was skewed. It was transformed into a dichotomous variable and therefore binary logistic regression was used in the analysis. Respondents who encounter information on the Internet were given the value 1, and respondents who did not encounter information on the Internet were given the value 0. Consequently, the results can be interpreted so that a value over 1 on Exp (B) indicates that the odds of being an information encounterer gets greater as the value of the independent variable gets higher. Values under 0 indicate that the odds of being an information encounterer get smaller as the value of the independent variable gets lower. The Passive cluster was used as a comparison group against which the other clusters were measured. A statistically significant difference was found across the Passive cluster and the Active cluster, Exp (B) is 43.8 ($p<.001$). There is also a significant difference across the Passive cluster and the Moderately passive cluster, Exp (B) is 4.26 ($p<.001$). The results are presented in mean figures in Figure 3.



Figure 3. Information encountering on the Internet

Comparison of the Results About Purposive Information Seeking and Information Encountering

In the study the results about purposive information seeking and information encountering in the Media, Health specialists and the Internet were compared. The comparison is presented in figures 4, 5 and 6.



Figure 4. Information encountering and purposive information seeking in the Media



Figure 5. Information encountering and purposive information seeking in Health specialists



Figure 6. Information encountering and purposive information seeking on the Internet

Discussion and Conclusion

When the results about purposive information seeking and information encountering were compared a pattern emerged that shows the same kind of

differences across the four clusters for both styles of information seeking. Those who were active at purposive information seeking were also found to be active at information encountering and those who were passive at either of the two styles of information seeking were also found to be passive at the other. The results of the study indicate that information encountering is an integral feature of information seeking behaviour, which occurs on a regular basis by members of all the clusters. Together these two information seeking styles, purposive information seeking and information encountering, form a pattern of information seeking behaviour.

The comparison shows that all the clusters claim to obtain more information by way of information encountering than by purposive seeking. An exception from this is the Active cluster which gathers more information on the Internet by purposive seeking than by information encountering. When differences between the frequencies of information encountering and purposive seeking in the different information channels were compared the results show that the distinction is greatest for the Media. The Media generally belongs to people's daily environment and as a consequence the possibilities of encountering information there are greater than from sources by Health specialists or on the Internet, which usually demand more effort to reach. It is therefore a natural outcome that the difference between information encountering and purposive seeking is greater for the Media than the other channels.

Providing people with information about healthy behaviour is a central notion behind health promotion. However, while efforts are being made to provide people with health and lifestyle information, there are also indications that a gap exists between different groups in society, with some groups taking more advantage of the information available than others (Nutbeam, 20009. The results of the study show that, particularly among members of the Active cluster, there is a rich interaction of purposive information seeking and information encountering, while either kind of information seeking behaviour is relatively absent among members of the Passive cluster. This may suggest that simply disseminating more information about health and lifestyle is not likely to bring about positive achievements, since it may be particularly difficult to reach certain groups in society that are most in need of information about healthy lifestyles, in particular those with a low level of education (Daniilidou, Gregory, Kyriopoulos and Zavras, 2004; Halldórsson, Kunst, Köhler and Mackenbach, 2002; Hardarson, Gardarsdóttir, Gudmundsson, Thorgeirsson, Sigvaldason og Sigfússon, 2001; Lenthe, Schrijvers, Droomers, Joung, Louwman and

Mackenbach, 2004). Instead, more creative solutions will be needed to reach these groups of population. On the other hand, the finding that the Active cluster contains members who are well-educated implies that education regarding health and lifestyle in Iceland is working.

The connection between purposive information seeking and information encountering has not received much attention as previous studies have mostly examined these two information seeking styles separately, mainly by use of qualitative methods. The finding here of a pattern of behaviour combining the two approaches is interesting. However more work is needed to explore further the connection between purposive information seeking and information encountering.

References

Ágústa Pálsdóttir (2005). *Health and lifestyle: Icelanders´ everyday life information behaviour*. Åbo: Åbo Akademi University press.

Daniilidou, N. V., Gregory, S., Kyriopoulos, J., Zavras, D. J. (2004). Factors associated with self-rated health in Greece. *European Journal of Public Health*, *14*(2), 209-211.

Erdelez, S. (1997). Information encountering: A conceptual framework for accidental information discovery. In: Vakkari, P.; Savolainen, R. and Dervin, B. (eds). *Information Seeking in Context: Proceedings of an International Conference on Research in Information Needs, Seeking and Use in Different Contexts, 14-16 August, 1996 Tampere, Finland*. London: Taylor Graham, 1997, pp. 412-421.

Foster, A. and Ford, N. (2003). Serendipity and information seeking: An empirical study. *Journal of Documentation*, *59*(3), 321-340.

Hagstofa Íslands (2005). *Hagtölur*. Retriewed July 31st 2005, from: http://www.hagstofa.is/

Halldórsson, M., Kunst, A. E., Köhler, L. and Mackenbach, J. P. (2002). Socioeconomic differences in children´s use of physician services in the Nordic countries. *Journal of Epidemiology and Community Health*, *56*(3), 200-204.

Hardarson, T., Gardarsdóttir, M., Gudmundsson, K. T. H., Thorgeirsson, G., Sigvaldason, H. and Sigfússon, N. (2001). The relationship between educational level and mortality: the Reykjavík study. *Journal of Internal Medicine*, *249*(6), 495-502.

Johnson, D. J. and Meischke, H. (1993). A comprehensive model of cancer-related information seeking applied to magazines. *Human Communication Research*, *19*(3), 343-367.

Lenthe van, F. J., Schrijvers, C. T. M., Droomers, M., Joung, I. M. A., Louwman, M. J. and Mackenbach, J. P. (2004). Investigating explanations of socio-economic inequalities in health: the Dutch GLOBE study. *European Journal of Public Health*, *14*(1), 63-70.

McKenzie, P. J. (2003). A model of information practices in accounts of everyday-life information seeking. *Journal of Documentation*, *59*(1), 19-40.

Nutbeam, D. (2000). Health literacy as a public health goal: A challenge for contemporary health education and communication strategies into the 21st century. *Health Promotion International*, *15*(3), 259-267.

Savolainen, R. (1995). Everyday life information seeking: Findings and methodological questions of an empirical study. In: Beaulieu, M. and Pors, N.O. (eds.). *Proceedings: the 1st British-Nordic Conference on Library and Information Studies: 22-24 May 1995 Copenhagen*. Copenhagen: The Royal School of Librarianship, 1995, pp. 313-331.

Toms, E. G. (2000). Serendipitous information retrieval. *Proceedings of the First DELOS Network Searching and Querying in Digital Libraries, Zurich, Switzerland, December, 11-12, 2000*. Retrived February 2nd 2003, from: http://www.ercim.org/publication/ws-proceedings/DelNoe01/3_Toms.pdf

Williamson, K. (1997). The information needs and information-seeking behaviour of older adults: an Australian study. In: Vakkari, P.; Savolainen, R. and Dervin, B. (eds). *Information Seeking in Context: Proceedings of an International Conference on Research in Information Needs, Seeking and Use in Different Contexts, 14-16 August, 1996, Tampere, Finland*. London: Taylor Graham, 1997, pp. 337-350.

Wilson, T. D. and Walsh, C. (1996). *Information Behaviour: An Inter-Disciplinary Perspective. British Library Research and Innovation Report 10*. Retrieved August 3rd 2005, from: http://informationr.net/tdw/publ/infbehav/

Wilson, T. D. (2000). *Human information behaviour. Informing Science*, *3*(2). Retrieved January 14th 2002, from: http://inform.nu/Articles/Vol3/v3n2p49-56.pdf

Tvíhöfða risi

Um áhrif sameiningar Landsbókasafns og Háskólabókasafns á safnið sem háskólabókasafn

Áslaug Agnarsdóttir

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn var opnað í Þjóðarbókhlöðu 1. desember 1994. Safnið varð til við samruna tveggja eldri safna, annars vegar Landsbókasafns Íslands sem var þjóðbókasafn og hins vegar Háskólabókasafns sem var bókasafn Háskóla Íslands. Á árunum sem liðið hafa frá því að sameining safnanna var ákveðin hafa orðið tvenns konar breytingar í þjóðfélaginu sem skipta verulegu máli fyrir nýja safnið og hlutverk þess. Í fyrsta lagi hafa sjö nýir háskólar tekið til starfa. Í öðru lagi gekk tölvuöld í garð og gjörbreytti vinnubrögðum flestra háskólanema, kennara og fræðimanna hvað varðar upplýsingaleit og öflun heimilda. Var hugmyndin að sameiningu safnanna tveggja orðin úrelt þegar loks varð af henni?

Í rannsókn sem var gerð sem hluti af lokaverkefni mínu til meistaraprófs í bókasafns- og upplýsingafræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands (Áslaug Agnarsdóttir, 2006) var staða safnsins sem háskólabókasafn skoðuð. Annars vegar var kannað hvort og hvernig tengsl safnsins við Háskóla Íslands höfðu breyst eftir sameininguna og hins vegar hvort og að hvaða leyti sameiningin hefði verið til góðs fyrir Háskólann. Í ljósi breytinga sem orðið hafa í þjóðfélaginu síðan safnið var opnað þótti auk þess áhugavert að kanna hvort grundvöllur væri fyrir því að safnið víkkaði út starfsemi sína og yrði bókasafn allra háskóla í landinu og hvaða áhrif það hefði á þjónustuna við Háskóla Íslands. Rannsóknarspurningar voru: Hvaða væntingar voru til hins nýja safns og að hvaða leyti hafa þær staðist? Hver eru helstu áhrif sameiningar safnanna á safnið sem háskólabókasafn? Hver væri staða Háskóla Íslands ef safnið tæki að sér að vera bókasafn allra háskóla?

Hlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

Samkvæmt lögum hefur Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn margþætt hlutverk. Annars vegar er safnið þjóðbókasafn með öllum þeim skyldum og verkefnum sem slík stofnun hefur að öllu jöfnu. Safnið er einnig háskólabókasafn, bókasafn Háskóla Íslands. Þó að þessar tvær safnategundir hafi báðar það markmið að styðja við rannsóknir og vísindastörf eru hlutverk þeirra að mörgu leyti ólík. Við sameiningu safnanna bættust auk þess nýjar skyldur gagnvart íslensku vísindasamfélagi og atvinnulífi við þær fyrri.

Meginhlutverk þjóðbókasafna má skilgreina í stuttu máli sem söfnun, varðveisla og miðlun allra prentaðra rita og annarra gagna sem gefin eru út eða birt á annan hátt í viðkomandi landi. Þjóðbókasöfn eru oftast leiðandi bókasöfn landanna og njóta yfirleitt skylduskila. Þau eru því oftast miðstöðvar skráningar á innlendu efni og sjá um að gefa út þjóðbókaskrá. Auk hins innlenda efnis viða þjóðbókasöfn að sér erlendu menningarefni. Þau stuðla að útbreiðslu menningar í landinu með sýningum og öðrum viðburðum. Þjóðbókasöfn veita öðrum söfnum ráðgjöf og eru í fararbroddi hvað varðar nýjungar í bókasafns– og upplýsingafræðum. Starfsemi og hlutverk þjóðbókasafna geta verið ólík frá einu landi til annars og fer það oftast eftir efnahagslegri og menningarlegri þróun í viðkomandi landi. Hlutverk þjóðbókasafna var mjög til umræðu á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar og hefur skilgreining þess sáralítið breyst síðan. Þó hafa komið inn ákvæði um samvinnu við yfirvöld um þróun upplýsingastefnu (National libraries, 1960; National Libraries Section, 2006).

Háskólabókasöfn eru stofnanir innan stofnana, nánar tiltekið háskóla. Hlutverk þeirra tengist náið hlutverki háskóla sem felst einkum í miðlun þekkingar með kennslu og rannsóknum. Hlutverk háskólabókasafna er að safna, skipuleggja og veita sem greiðastan aðgang að upplýsingum í ritum og öðrum gögnum í þágu háskólastarfsemi (kennslu og rannsókna), að fræða stúdenta, kennara og annað starfslið háskólans um það hvernig megi finna heimildir og nota gagnasöfn og að stuðla að upplýsingalæsi ævilangt (Einar Sigurðsson, 1980).

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn 1994–2005

Alþingi ályktaði að sameina bæri söfnin tvö árið 1957 en hugmyndin um nýtt safn á Melunum birtist fyrst á prenti 1941 (Guðmundur Finnbogason, 1941). Í upphafi má segja að meginmarkmiðin með sameiningu safnanna hafi verið tvö. Í fyrsta lagi átti að auka hagkvæmni í rekstri og byggja upp eitt sterkt rannsóknarbókasafn í stað tveggja. Í öðru lagi átti að sameina ritakost safnanna til hagræðis fyrir fræðimenn, ekki síst kennara við Háskóla Íslands sem þá var eini háskólinn í landinu.

Hlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er sett fram í lögum um safnið nr. 71, 1994. Lögin byggja að miklu leyti á hefðbundnum alþjóðlegum hugmyndum um hlutverk þjóðbókasafna og háskólabókasafna. Athygli vekur að í lögunum eru miklu fleiri ákvæði sem lúta að hlutverki þess sem þjóðbókasafns. Ellefu liði má flokka sem verkefni sem heyra að öllu jöfnu undir þjóðbókasöfn, fimm liði sem verkefni háskólabókasafna og tvo liði sem verkefni stórs rannsóknarbókasafns. Þó að hlutverkin skarist stundum og sumt eigi við báðar safnategundir má segja að skilgreining laganna á hlutverki og markmiðum Landsbókasafns Íslands – Háskóla-bókasafns byggi á því að verið sé að sameina tvö söfn í eitt og að hlutverk þjóðbókasafnsins sé flóknara og viðameira en hlutverk háskólabókasafnsins.

Aðferðafræði

Í rannsókninni var stuðst við eigindlegar rannsóknaraðferðir. Styrkur eigindlegrar rannsóknar felst í gögnunum sem oftast eru fengin milliliðalaust og fá því venjulega að tala sínu máli. Aftur á móti takmarkast eigindlegar rannsóknir af því að ekki er hægt að alhæfa um niðurstöðurnar. Þær byggja á skoðunum einstaklinga en geta samt verið lýsandi um fyrirbærið eða tilvikið sem rannsóknin fjallar um (Bogdan og Biklen, 2003). Rannsóknin var söguleg tilviksathugun (e. historical case study). Stofnuninni var lýst og hún sett í félagslegt og sögulegt samhengi. Margar tegundir gagna voru notaðar, fyrst og fremst opin viðtöl en einnig opinber skjöl, söguleg gögn og greinar, sér í lagi í bakgrunnskaflanum.

Rannsóknin var framkvæmd veturinn 2005-2006. Viðtöl voru tekin við tíu fastráðna kennara á tímabilinu október 2005 til febrúar 2006. Við val á kennurum var fyrst og fremst horft til þess að þeir hefðu annaðhvort notað

bókasafnið eða sýnt áhuga á starfsemi þess. Til að fá fram ólík sjónarmið þurftu kennararnir að koma úr mismunandi deildum. Deildirnar sem urðu fyrir valinu voru hugvísindadeild, félagsvísindadeild, viðskipta- og hagfræðideild, raunvísindadeild og lagadeild, en þær nota safnið mest. Tekin voru viðtöl við tvo kennara úr hverri deild. Sjö viðtöl voru tekin við karla en þrjú við konur. Öllum þátttakendum voru gefin dulnefni.

Greining gagnanna fór að mestu fram samhliða viðtölunum og var efni viðtalanna flokkað eftir þemum. Nokkur þemu komu fram, m.a.: sameining safnanna, safnið sem bókasafn Háskóla Íslands og safnið sem bókasafn allra háskóla.

Sameining safnanna

Í rannsókninni kom fram að sameiningin hefur leitt til þess að hlutverk safnsins virðist óljósara vegna þess hversu margþætt það er. Heiti byggingarinnar *Þjóðarbókhlaða* og heiti safnsins *Landsbókasafn* gefa til kynna að safnið sé „þjóðarinnar“ eða „landsins“. Þó að það sé rétt að vissu marki er safnið fyrst og fremst ætlað þeim hluta þjóðarinnar sem stundar rannsóknir eða nám á háskólastigi.

Háskólar í landinu eru nú átta og þó að þeir hafi sín bókasöfn eru þau öll miklu minni en Landsbókasafnið. Nemendur úr öðrum skólum sækja því Þjóðarbókhlöðuna talsvert heim til að fá lánað efni og nýta sér aðra þjónustu sem þar er í boði. Nemar Háskólans hafa lent í samkeppni við þá um bækur og lessæti, einkum á próftíma. Það hefur valdið óánægju þegar nemar Háskólans hafa þurft að hverfa frá án þess að fá sæti. En einnig vill bregða við að nemendur annarra skóla séu ósáttir við forréttindi nemenda Háskóla Íslands og telja sig eiga jafnan rétt á að nýta ritakostinn og lesrýmið þar sem safnið sé *landsbókasafn*.

Kennararnir tíu voru spurðir álits á því hvernig sameining safnanna tveggja hefði heppnast og hvaða afleiðingar hún hefði haft fyrir Háskóla Íslands. Skoðanir á áhrifum sameiningarinnar voru skiptar en segja má að komið hafi fram greinilegur munur á viðhorfi til sameiningarinnar eftir því hvaða fræðasviði eða deild kennararnir tilheyrðu. Hugvísindin og raunvísindin voru á öndverðum meiði eins og við mátti búast. Bókmenntafræði, málfræði og sagnfræði byggja öll mikið á íslenskum ritakosti og var því mikill fengur fyrir kennara hugvísindadeildar að fá gögn gamla Landsbókasafnsins nær háskólasvæðinu enda voru báðir kennarar hugvísindadeildar ánægðir með sameininguna. Kennarar hugvísindadeildar töldu sig heldur ekki lenda í

samkeppni við aðra háskóla um bækurnar því hugvísindi væru ekki kennd annars staðar en í Háskóla Íslands.

Raunvísindi ná yfir vítt svið. Kennsla og rannsóknir í mörgum greinum raunvísinda, svo sem efnafræði og eðlisfræði, byggja á öðruvísi heimildanotkun en hugvísindin. Þessar greinar eru ekki eins háðar bókasöfnum, þar sem rannsóknir þeirra fara að miklu leyti fram á tilraunastofum, og heimildir finnast í æ ríkara mæli í rafrænu formi. Ritakostur sá sem var á Landsbókasafninu nýtist þeim því lítið í samanburði við hugvísindin, enda var hvorugur kennarinn hrifinn af sameiningunni. Öðru máli gegnir þó um greinar eins og stærðfræði, líffræði og jarðfræði þar sem bækur teljast enn mjög mikilvægar heimildir. Báðir kennararnir í raunvísindadeild töldu að sameiningin hefði haft neikvæð áhrif fyrir Háskólann þar sem meiri áhersla hefði verið lögð á þjóðbókasafnshlutverkið í nýja safninu. Annar kennarinn í þeirri deild taldi að ef taka ætti ákvörðun um sameiningu nú yrði niðurstaðan önnur.

Um félagsvísindi er oft sagt að þau liggi mitt á milli hugvísinda og raunvísinda hvað varðar heimildanotkun. Enda voru skoðanir kennara þar um sameininguna hvorki jákvæðar né neikvæðar. Annar kennarinn treysti sér ekki til að taka afstöðu, hafði ekki „pælt mikið í þessu“ og hinn sá í sjálfu sér enga ókosti við sameininguna en taldi margþætt hlutverk óheppilegt.

Lagadeildin hefur öflugt útibú í Lögbergi sem kennararnir tveir notuðu meira en safnið í Þjóðarbókhlöðu. Sameiningin hafði því ekki skipt sköpum fyrir þá en öðrum þeirra fannst þó hlutverkið óljósara og að þjóðbókasafnshlutverkið hefði haft yfirhöndina. Hinum fannst sameiningin jákvæð og að hún hefði styrkt safnið.

Kennarar viðskipta- og hagfræðideildar töldu sig heldur ekki hafa mikla þörf fyrir bókasafnið í Þjóðarbókhlöðu. Annar kennari þessarar deildar sagðist nær eingöngu nota rafræn gögn en hinn kennarinn notaði bæði prentuð gögn og rafræn. Þeir voru samt sem áður á öndverðum meiði um sameininguna því annar taldi hana af hinu góða en hinn að betra hefði verið að hún hefði aldrei átt sér stað. Báðir voru þó sammála um að safnið væri mun betra safn en áður.

Í töflu eitt má sjá viðhorf þátttakenda til sameiningar safnsins og yfirlit yfir safnnotkun þeirra. Fjórir kennarar hafa notað safnið mikið, þrír lítið og tveir ekkert. Einn notaði eingöngu útibúið í Lögbergi. Þó eru mörkin óljós á milli lítillar og mikillar notkunar og fer eftir þeim mælikvörðum sem notaðir eru. Einn helsti mælikvarði á notkun bókasafns eru útlán bóka og höfðu átta kennarar tekið bækur í lán síðastliðna tólf mánuði. Hinir tveir báru við miklum stjórnsýslustörfum og notkun rafrænna gagna. Þeir voru báðir

ánægðir með rafræna aðganginn eins og reyndar sex kennarar alls. Kennurum sem þekktu gamla Háskólabókasafnið fannst nýja safnið betra enda er það mun stærra og betur búið, með auknum ritakosti og fleiri starfsmönnum. Að mati þriggja kennara er það þó ekki endilega sameiningunni sem slíkri að þakka heldur öllu frekar nýja húsnæðinu, tækjakostinum og ritakaupaátaki í tengslum við opnunina. Sú skoðun kom fram hjá einum kennara að stjórnsýsla Háskólans virtist áhugaminni um safnið en áður og það hefði neikvæð áhrif á fjárveitingar til safnins. Þegar afstaða kennaranna er skoðuð í heild sinni er áberandi hve viðhorf deildanna voru ólík, og einnig viðhorf einstaklinganna, en jafnframt var afstaða þeirra í megindráttum afar rökrétt og skiljanleg ef tekið er tillit til rannsóknarhefða innan deildanna.

Tafla 1. Sameining safnanna og safnnotkun

	Deild	Sameining til góðs	Safnnotkun
1	**Viðsk/hagfr.**	Já	Engin
2	**Viðsk/hagfr.**	Nei	Lítil
3	**Lagad.**	Já	Lítil
4	**Lagad.**	Hlutlaus	Útibú
5	**Hugvísindad.**	Já	Mikil
6	**Hugvísindad.**	Já	Mikil
7	**Félagsvís.**	Já/nei*	Mikil
8	**Félagsvís.**	Hlutlaus	Mikil
9	**Raunvísindad.**	Nei	Engin
10	**Raunvísindad.**	Nei	Lítil

*Þessi kennari sá bæði kosti og galla við sameininguna

Safnið sem bókasafn Háskóla Íslands

Annað tveggja meginhlutverka Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns samkvæmt lögum (Lög nr. 71/2004) er að vera bókasafn Háskóla Íslands. Í stefnumótunarskjölum safnsins hefur þjónustan við Háskólann verið í fyrirrúmi. Ennfremur voru haldin tvö málþing árin 2000 og 2002 til að skýra betur hlutverk safnsins sem háskólabókasafn.

Nemendafjöldi Háskólans hefur aukist um rúmlega 60% (Háskóli Íslands, e.d.) frá 1994. Rannsóknartengt framhaldsnám hefur einnig aukist verulega og samkeppni við aðra háskóla farið vaxandi. Meiri kröfur ættu því eðli málsins samkvæmt að vera gerðar til bókasafnsins bæði hvað varðar ritakaup

og þjónustu. Hins vegar virðist sem Háskólinn sýni safninu minni áhuga og kemur það meðal annars fram í því að fjárveitingar til safnsins hafa verið skertar.

Kennararnir voru spurðir hvernig þeim fyndist safnið standa sig sem háskólabókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Eins og áður hefur komið fram nota deildir Háskólans safnið mismikið en það var nánast samdóma álit kennaranna að safnið væri nokkuð gott háskólabókasafn. Þjónustan væri mun betri en hún hefði verið fyrir nokkrum árum en það sem helst skorti væri betri ritakostur. Samt einkenndist sýn sumra kennara á safninu nokkuð af tómlæti í garð þess og virðist safnið því í raun ekki hafa staðið sig nógu vel í hlutverki sínu sem bókasafn Háskóla Íslands. Annar kennarinn í viðskipta- og hagfræðideild sagði: „Ég held að margir kennarar hér hafi ekki mjög mikla skoðun á safninu, eru svona almennt frekar velviljaðir en hafa ekki sterk sjónarmið í neinu hvorki gagnvart einstökum þáttum í starfi þess eða gagnvart framtíðinni."

Háskólabókasafn var stofnun innan Háskóla Íslands og fékk fjárveitingu sína frá Háskólanum. Hið nýja safn hefur sjálfstæðan fjárhag en hluti af fjárveitingu Háskóla Íslands skal samkvæmt lögum „renna árlega til bókasafnsins samkvæmt sérstöku samkomulagi milli bókasafnsins og Háskólans". Landsbókasafn og Háskólinn hafa gert samstarfssamning sín á milli; hann var síðast uppfærður í ágúst 2004. Í samningnum er meðal annars kveðið á um fjárhagsleg tengsl safnsins og Háskólans og þjónustu safnsins við Háskólann (Samstarfssamningur, 2004). Fjárhagslegu tengslin hafa aðallega falist í framlögum frá Háskólanum til ritakaupa og vegna lengds afgreiðslutíma frá 1999. Bókasafnið veitir á móti afslátt af millisafnalánum og leigu á kennslustofu og fyrirlestrasal. Kennarar borga engar sektir og fá, eins og nemendur, lánþegaskírteini án endurgjalds. Ágreiningur hefur verið undanfarið um greiðslur vegna afgreiðslutímans. Háskólaráð samþykkti í mars 2004 að hætta að greiða fyrir lengdan afgreiðslutíma safnsins (Háskólaráðsfundur 25. mars 2004) og síðan hefur málið verið leyst til bráðabirgða á þann hátt að greitt er fyrir lenginguna að hluta til, í mesta lagi til eins árs í einu. Núverandi samningur gildir einungis út árið 2006. Þó að kennararnir tíu væru allir fylgjandi löngum afgreiðslutíma voru þeir sömuleiðis allir á móti því að Háskólinn stæði einn undir greiðslum til safnsins, meðal annars vegna þess að safnið væri opið öllum, væri *landsbókasafn*. Þeir voru í meirihluta sem vildu að fjárveiting kæmi annaðhvort frá ríkinu eða aðrir háskólar leggðu einnig eitthvað til.

Hvað ritakostinn varðar fannst sjö kennurum hann allt of lítill, tveir voru tiltölulega sáttir og einum kennara fannst ritakosturinn ekki slæmur miðað

við mörg önnur söfn. Einn kennari sagði: „Manni finnst að ef að Ísland ætlar að vera málsmetandi þjóð, samkeppnisfær en ekki bara einhver fáránleg þjóð úti í hafsauga, þá þurfum við að eiga eintak af öllum bókunum. Ég segi ekki öllum, en öllum svona innan gæsalappa. Svona þorrann af öllum vísinda-bókum. Og við eigum ekki að kaupa inn fyrir einhverjar 30, 40, 50 milljónir á ári. Við eigum að kaupa fyrir 500 milljónir. Það væri miklu meiri skynsemi í því." Flestar deildir hafa samt skorið niður ritakaupafé til safnsins á þessu ári þrátt fyrir aukið námsframboð á meistara- og doktorsstigi (skv. upplýsingum frá fjárreiðusviði Háskólans). Félagsvísindadeild er stærsta deildin og nemendur hennar nota bókasafnið mest allra og voru í síðustu notenda-þjónustukönnun tæp 40% safngesta (Áslaug Agnarsdóttir, 2005). Félags-vísindadeild er jafnframt meðal þeirra deilda sem hafa lagt mest til ritakaupa og hefur fé runnið bæði til kaupa á bókum, tímaritum og rafrænum gagna-söfnum. Nemendur og kennarar hugvísindadeildar taka aftur á móti flest rit í lán en deildin var í sjöunda sæti af ellefu varðandi ritakaupafé fyrir árið 2006.

Staðsetning safnsins á jaðri háskólasvæðisins er óheppileg og virðist vera ein af orsökum þess að dregið hefur úr notkun kennara á safninu. Einungis tveimur kennurum fannst hún ekki skipta máli. Hinir töldu allir að staðsetningin hefði áhrif á hversu oft þeir kæmu á safnið. Almennt er mælt með að háskólabókasöfn séu staðsett miðsvæðis á háskólalóðinni (Edwards, 1990). Í töflu 2 sést viðhorf þátttakenda til þjónustu safnsins almennt, ritakosts, staðsetningar og rafræns aðgangs að gagnasöfnum og tímaritum.

Tafla 2. Þjónusta, ritakostur, staðsetning og rafrænn aðgangur

	Deild	Þjónusta	Ritakostur	Staðsetning	Rafrænn aðgangur
1	**Viðsk/hagfr.**	Góð	Rýr	Slæm	Góður
2	**Viðsk/hagfr.**	Góð	Rýr	Slæm	Góður
3	**Lagad.**	Góð	Hlutlaus	Slæm	Hlutlaus
4	**Lagad.**	Góð	Góður	Slæm	Hlutlaus
5	**Hugvísindad.**	Góð	Rýr	Slæm	Hlutlaus
6	**Hugvísindad.**	Góð	Rýr	Góð	Hlutlaus
7	**Félagsvís.**	Góð	Góður	Slæm	Góður
8	**Félagsvís.**	Góð	Rýr	Góð	Góður
9	**Raunvísindad.**	Góð	Rýr	Slæm	Góður
10	**Raunvísindad.**	Góð	Rýr	Slæm	Góður

Kennararnir voru spurðir hvort þeim fyndust útibú yfirhöfuð æskileg og hvort dreift kerfi gæti hugsanlega verið góð lausn á bókasafnsmálum Háskóla

Íslands. Eins og við mátti búast var nokkur munur á skoðunum kennara eftir deildum og voru kennarar í lagadeild áhugasamastir hvað útibú varðar. Þegar fleiri skólar fóru að kenna lögfræði lenti lagadeildin í mikilli samkeppni við þá um ritakost sinn og árið 2004 tók hún þá ákvörðun að hætta öllum útlánum úr útibúinu nema til 4. og 5. árs nema í lagadeild auk kennara við deildina. Útibúið nýtist því lagadeildinni vel. Flestum kennurum fannst annars útibú úrelt.

Safnið sem bókasafn allra háskóla

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er og hefur alltaf verið „safn allra“ því það er opið öllum sem náð hafa 18 ára aldri. Notendahópar voru skilgreindir 1999 og er sú skilgreining allvíð. Þar kemur fram að þjónusta safnsins miðast þó einkum við fræðimenn, kennara og nemendur við Háskóla Íslands, auk annarra sem leita til safnsins vegna upplýsinga sem þeir fá ekki auðveldlega annars staðar (Stefnumótun, 1999). Hugmyndin um að safnið ætti að verða í enn ríkara mæli „bókasafn allra háskóla“ sem þjónaði öllum háskólum landsins hefur verið rædd um tíma í safninu, meðal annars í stjórn safnsins.

Hingað til hafa bæði kennarar og nemendur Háskólans notið ýmissa forréttinda í safninu þar sem lög kveða skýrt á um sérstakar skyldur við Háskóla Íslands. Kennarar geta til dæmis tekið fleiri bækur í lán í einu en aðrir og fá sjálfkrafa endurnýjun. Nemendur við Háskóla Íslands fá lánþegaskírteini án endurgjalds, hafa forgang að lessætum á próftíma og fá afslátt af ýmiss konar þjónustu. Eins og áður segir hafa nemendur annarra skóla, bæði háskóla og framhaldsskóla, leitað talsvert í safnið eftir sameininguna til að taka bækur í lán og nota lesaðstöðuna og aðra þjónustu. Segja má að þessi þróun sé afleiðing sameiningarinnar þar sem safnið er í huga flestra *háskólabókasafn* í víðri merkingu þess orðs, og *landsbókasafn* í merkingunni safn allrar þjóðarinnar. Hugmyndin að því að safnið verði safn allra háskóla virðist einnig vera bein afleiðing sameiningar safnanna ásamt óljósu hlutverki safnsins í augum háskólasamfélagsins og almennings og forystuhlutverki safnsins meðal rannsóknarbókasafna.

Þegar rætt er um safnið sem bókasafn allra háskóla hljóta fjárveitingar vegna þjónustunnar að bera á góma. Hingað til hefur Háskóli Íslands lagt fram fjárveitingu til safnsins vegna ritakaupa og afgreiðslutíma en aðrir háskólar einungis tekið þátt í greiðslum vegna landsaðgangs að rafrænum tímaritum. Viðmælendurnir tíu voru spurðir um afstöðu sína til hugmyndar-

innar um að safnið ætti að þjóna öllum háskólum en ekki eingöngu Háskóla Íslands. Ættu allir háskólar að hafa aðgang að ritakosti safnins og sama aðgang að lesrými og þjónustu? Hvernig ætti að haga greiðslum til safnsins ef það þjónaði öllum? Hvaða þýðingu hefði slíkt aðgengi annarra fyrir Háskólann?

Í töflu 3 má sjá afstöðu kennaranna til hugmyndarinnar. Viðhorf voru svipuð og til sameiningarinnar. Sex kennarar voru ósammála því að safnið ætti að taka að sér að vera eins konar „rannsóknarbókasafn" fyrir alla háskóla og allt landið. Kennararnir í hugvísindadeild voru sammála um að það væri ekki góð hugmynd en í hinum deildunum voru skiptar skoðanir. Hér réðu því ekki sjónarmið fagsins. Þeim sem fannst hugmyndin góð lögðu þó áherslu á að það yrði alltaf að vera sérþjónusta í boði fyrir Háskóla Íslands.

Tafla 3. Á Landsbókasafn að vera bókasafn allra háskóla?

	Deild	Safn allra háskóla
1	**Viðsk/hagfr.**	Já
2	**Viðsk/hagfr.**	Nei
3	**Lagad.**	Já
4	**Lagad.**	Nei
5	**Hugvísindad.**	Nei
6	**Hugvísindad.**	Nei
7	**Félagsvís.**	Já
8	**Félagsvís.**	Nei
9	**Raunvísindad.**	Já
10	**Raunvísindad.**	Nei

Ef safnið ætti að taka að sér að vera safn allra háskóla þyrfti að auka samstarf við hina háskólana eða hin háskólabókasöfnin, koma á verkaskiptingu og greiðsluskiptingu og semja nýjar reglur um þjónustu. Ef þessi hugmynd ætti að ganga upp þyrfti reyndar að endurskipuleggja þjónustu allra háskólabókasafna með nánara samstarf í huga. Það verður að teljast hæpið að aðrir háskólar myndu vilja leggja peninga í að kaupa rit og önnur gögn fyrir Landsbókasafn. Viðhorf kennaranna til staðsetningar safnsins gáfu skýrt til kynna að menn vilja hafa safnefni nálægt sér. Einnig kom fram að þátttakendur töldu að þegar um fjárveitingar væri að ræða væru menn fastheldnir á sitt fé og vildu nota það fyrst og fremst í eigin þágu. Það væri aldrei það mikið að þeir yrðu fúsir til að greiða af því í sameiginlegan sjóð.

Undantekning frá því væri landsaðgangurinn en þar er nálægðin söm fyrir alla.

Lokaorð

Sameining safnanna tveggja fyrir rúmum áratug hefur haft mikil áhrif, ekki síst hvað varðar tengsl bókasafnsins og Háskólans, sem virðast bæði óskýrari og minni en þau voru. Við sameininguna hefur safnið fjarlægst Háskólann, kennarar og aðrir sérfræðingar hafa takmörkuð not af því. Þó er mikill munur á notkun deildanna og áberandi að aðalsafnið er fyrst og fremst notað af kennurum og nemendum hugvísindadeildar og félagsvísindadeildar. Nemendur annarra deilda nota safnið fyrst og fremst sem lesaðstöðu og flestir kennarar í þeim deildum koma sárasjaldan á safnið nema þeir séu að sækjast eftir tilteknu riti. Almennt áhugaleysi er um safnið og starfsemi þess meðal kennara. Þeir virðast ekki lengur líta á safnið sem bókasafn Háskóla Íslands nema að takmörkuðu leyti. Það er til dæmis umhugsunarefni að Háskólinn skuli auka mjög námsframboð á meistara- og doktorsstigi á sama tíma og hann sker niður framlag sitt til ritakaupa. Sumir kennarar hafa haft á orði að þeim finnist ekki að Háskólinn eigi að borga fyrir ritakaup sem nýtist „öllum“. Lítið hefur verið fjallað um bókasafnið í tengslum við hugmyndir rektors um að Háskólinn stefni að því að verða meðal 100 bestu háskóla í heimi (Kristín Ingólfsdóttir, 2006). Brýnasta verkefni safnsins í nánustu framtíð er því að efla tengslin við Háskóla Íslands og síðast en ekki síst að stórauka ritakaupin, bæði í samvinnu við Háskólann en einnig sem Landsbókasafn. Öll önnur þjónusta stendur og fellur með framboði gagna, bæði pappírsgagna og rafrænna.

Í upphafi var reynt að sameina söfnin tvö og gera þau að einu safni. Með síðustu skipulagsbreytingum var safninu aftur skipt upp í tvær faglegar einingar, þjónustusvið og varðveislusvið, auk rekstrarsviðs. Lætur nærri að fagsviðin tvö séu ígildi gömlu safnanna, annars vegar Háskólabókasafns og hins vegar Landsbókasafns. Hugsanlega er kominn tími til að endurskoða skipulag safnsins frá grunni, ganga alla leið og kljúfa það aftur upp í annars vegar sjálfstætt þjóðbókasafn og hins vegar bókasafn Háskóla Íslands.

Heimildir

Áslaug Agnarsdóttir (2005). *Notendaþjónustukönnun 10. mars 2005. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*. (Óprentað handrit).

Áslaug Agnarsdóttir (2006). *Tvíhöfða risi. Sameining Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í eitt safn*. (Óbirt MLIS-ritgerð í bókasafns- og upplýsingafræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands).

Bogdan, R. og Biklen, S. K. (2003). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods*. Boston: Allyn and Bacon.

Edwards, H. M. (1990). *University library building planning*. Metuchen, NJ: Scarecrow Press.

Einar Sigurðsson (1980). *Háskólabókasafn - til hvers? Inngangur að safnkynningu*. Reykjavík: [Háskólabókasafn].

Guðmundur Finnbogason (1941). Nýtt Landsbókasafn þarf að reisa á háskólalóðinni. *Morgunblaðið* 27. júlí.

Háskólaráðsfundur 25. mars 2004. Fundargerð. Sótt 21. mars 2006 á http://www.hi.is/page/040325fundarg.

Háskóli Íslands. (e.d.). *Heildarskráning nemenda í Háskóla Íslands frá upphafi*. Sótt 8. desember 2005 af http://www2.hi.is/page/stad_nem_skraning_heild.

Kristín Ingólfsdóttir (2006). *Menntun í fremstu röð*. Erindi haldið á fundi Vísinda- og tækniráðs 14. mars 2006. Sótt 15. apríl 2006 á http://www.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/wa/dp?detail=1006318&name=pistlar

Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Sótt 20. mars 2006 af http://www.hvar.is.

Lög um Háskóla Íslands nr. 41/1999.

Lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn nr. 71/1994.

National libraries: Their problems and prospects. Symposium on national libraries in Europe, Vienna, 8-27 September 1958. (1960). Paris: UNESCO.

National Libraries Section. (2006). Sótt 2. ágúst 2006 á http://www.ifla.org/VII/s1/index.htm.

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns (2004). Sótt 22. mars 2006 á http://www.hi.is/page/samningur_HI_Lbs-Hbs.

Stefnumótun fyrir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Nóvember 1999). Reykjavík: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Aðgengi fjarnema að upplýsingum og áhrif búsetu á upplýsingaleitarhegðun þeirra

Guðrún Þórsteinsdóttir

Fyrirliggjandi grein er byggð á doktorsritgerð minni *The Information Seeking Behaviour of Distance Students. A Study of Twenty Swedish LIS Students.* Markmið þessarar greinar er að varpa ljósi á það hvernig fjarnemar á háskólastigi upplifa aðgengi að upplýsingum. Hvar þeir leita sér upplýsinga og hvaða hindranir verða á vegi þeirra. Leitast er við að svara eftirfarandi spurningum 1) *Hvernig upplifa fjarnemar og nota mismunandi upplýsingaleiðir og upplýsingalindir?* Í þessu sambandi eru bókasöfnin þýðingarmikil og þeir upplýsingabankar sem bókasöfnin veita notendum sínum aðgang að. Upplýsingaauðgi veldur því að notendum getur reynst erfitt að finna réttu upplýsingarnar og góður aðgangur er engin trygging fyrir því að viðkomandi finni upplýsingarnar eða geti nýtt sér þær. Upplýsingaflóðið getur þvert á móti valdið erfiðleikum, t.d. ef kunnáttu í upplýsingatækni eða upplýsingalæsi er ábótavant. 2) *Hvernig hefur búseta áhrif á upplýsingaleitarhegðun fjarnemanna?* Spurningin er mikilvæg bæði í pólitísku og félagslegu samhengi þar sem því er oft haldið fram að fjarnám sé óháð landfræðilegri fjarlægð. Það eru nokkrar pólitískar ástæður fyrir að þróa áfram fjarnám. Ein ástæðan er jafnrétti, þá er átt við allir hafi sama aðgang að námi óháð búsetu, fjárhag eða félagslegri stöðu. Þannig verður fjarnám mjög pólitískt þegar halda á viðkvæmu jafnvægi milli þéttbýlis og dreifbýlis hvað varðar menntunartækifæri. Fjarnám gerir byggðarlögum sem ekki hafa háskóla kleift að bjóða íbúum sínum aðgang að menntun sem eykur líkur á því að íbúarnir setjist að í sinni heimabyggð og þannig auki samkeppnishæfni byggðarlagsins.

Tryggja þarf fjarnemendum gott aðgengi að nútímalegri og sveigjanlegri bókasafns- og upplýsingaþjónustu, svo sem nettengdum gagnagrunnum með auðlærðu notendaviðmóti. Fjarnemendur eiga sama rétt og staðarnemendur á námsstuðningi og annarri þjónustu háskólabókasafna. Lykilatriði hvað varðar vel heppnað fjarnám er að nemendur hafi aðgang að upplýsingum og fái

stuðning og fræðslu til að finna og nota réttu upplýsingarnar. Taka þarf tillit til ýmissa þátta þegar samskipti fjarnema við bókasöfn eru skoðuð. Dæmin sanna, að í stað þess að leita til bókasafns háskólans sem kennir námskeiðið velja fjarnemar oft að leita upplýsinga á almenningsbókasöfnum. Því er mikilvægt að bókasöfnin, háskólarnir og símenntunarmiðstöðvarnar vinni saman að því að fræða og styðja nemendur í leit sinni að og notkun á upplýsingum.

Hugtök og skilgreiningar

Í þessari grein er hugtakið upplýsingar (information) notað um þær upplýsingar eða gögn sem nemandi leitar að í sambandi við nám sitt. Þetta getur verið texti hverskonar t.d. tímarit eða bók, á hvaða formi sem er svo og munnlegar upplýsingar.

Wilson hefur skilgreint rannsóknasviðið upplýsingahegðun (information behaviour) og sett það fram í eftirfarandi líkani.



Mynd 1. Líkan af upplýsingahegðun og undirsviðum hennar (Wilson, 1999, bls. 263)

Mynd 1 sýnir hið almenna rannsóknarsvið upplýsingahegðunar og hvernig það felur í sér upplýsingaleitarhegðun sem síðan felur í sér enn eitt

rannsóknasvið sem bundið er við einstakar leitir í gagnagrunnum (Wilson 1999). Í þessar grein er einkum horft á upplýsingaleitarhegðun fjarnema.

Hugtökin *fjarnám* og *fjarkennsla* (distance learning /distance education) eru nokkuð víðtæk og ýmis önnur hugtök eru notuð sem vísa til fjarnáms/-fjarkennslu en hafa ekki sömu merkingu. Fyrir utan hugtakið *distance learning* eru hugtökin *open learning*, *flexible learning*, *online learning* og *e-learning* mjög algeng í hinum enskumælandi heimi. Jafnvel þótt þessi hugtök séu oft notuð sem samheiti þá getur verið grundvallarmunur á merkingu þeirra. Hér gefst ekki rúm til að fara nánar ofan í saumana á þessum hugtökum. Nánari skýringar á námsskilgreiningum fyrir áhugasama má finna í Bates (2005).

Þó að skilgreiningar á fyrirbærinu *fjarnám* eða distance learning séu fjölmargar eiga þær það sameiginlegt að með fjarnámi er átt við nám þar sem nemendur og kennarar eru landfræðilega aðskildir en einnig eru nemendur oft aðskildir í tíma. Í þessari grein hef ég kosið að nota hugtökin *fjarnám* og *fjarkennsla* yfir þá námsaðferð sem lýst er jafnvel þótt í sumum tilvikum sé ekki um hreint fjarnám að ræða þar sem nemendur hittust í lotum nokkrum sinnum á önn.

Upplýsingaleitarferlið

Árið 1981 setti Wilson fram líkan af upplýsingaleitarferlinu og með síðari breytingum felur líkanið í sér hugmyndafræði fleiri líkanasmiða (sjá Mynd 2). Líkanið sýnir að grundvallarleitarferlið má flokka í þrjá þætti; áþreifanlega, vitsmunalega og tilfinningalega. (physiological, cognitive and affective). Upplýsingaþörfin getur til dæmis tengst tilveru tiltekins einstaklings, samfélagsstöðu hans (starfi) eða umhverfi (stjórnarfari, efnahag, tæknistigi). Litið er svo á að þröskuldar eða hindranir sem tafið geta upplýsinga-leitarferlið spretti fram úr þessari sömu tilveru. Wilson telur að þetta svokallaða yfirlitslíkan geti fætt fjölda fræðilegra tilgáta, þó svo að engin tilraun sé gerð til þess að lýsa öllum slíkum tilgátum og er það jafnframt veikleiki líkansins. Höfundur þessarar greinar hafði þetta líkan í huga þegar viðtöl við nemendur voru undirbúin og er líkanið notað til greiningar á viðeigandi gögnum; einkennum einstaklinga, starfssviðum þeirra og umhverfi. Hver fjarnemi er einn einstaklingur í líkaninu og tilvera hans, tilfinningar og skilningur skilgreina upplýsingaþörf hans og marka reynslu-spor hans. Fjarnemandinn þarf að beita sínum skilningi til að læra að leita upplýsinga og afla þeirra. Nemandinn gegnir stundum fleiri en einni samfélagsstöðu og stundar vinnu auk námsins og er eiginkona og móðir.

Umhverfi nemandans er ýmist heimili hans eða vinnustaður, þá oft bókasafn. Persónubundin viðhorf, reynsla, vinnusemi og áhugi geta hafa áhrif á hegðun nemandans og einnig umhverfisþættir, svo sem búseta, tæknistig og fjárhagslegt svigrúm. Félagslegir þættir geta tengst stöðu nemendanna á vinnustað þeirra eða samskiptum þeirra við aðra nemendur. Sumir þátttakendanna vinna á bókasöfnum og gætu því haft forskot á aðra nemendur sem ekki hafa svo námstengdan bakgrunn. Þannig geta persónulegir, starfstengdir og umhverfislegir þættir orðið ýmist gagnlegir eða skapað þröskulda fyrir þá nemendur sem þátt tóku í rannsókninni.



Mynd 2. Líkan af upplýsingaleitarhegðun (Wilson, 1999, bls. 252)

Rannsóknaraðferðir, þátttakendur og gagnasöfnun

Þessi rannsókn flokkast undir svokallaðar notendakannanir (user studies) og er þá áherslan lögð á upplifun notendanna sjálfra af upplýsingaleitum og aðgengi að upplýsingum í háskólanámi. Eigindlegar rannsóknaraðferðir voru notaðar til að safna upplýsingum, meta þær og greina. Áhugi minn lá í því að skapa vitneskju um hvernig fjarnemarnir upplifðu upplýsingaleitir og hvernig þeir leystu þau vandamál sem upp komu við upplýsingaleit. Af þessum

ástæðum voru viðtöl og dagbókarfærslur valin sem hentug aðferðafræði við söfnun og greiningu á gögnum.

Meistaranemendur í bókasafns- og upplýsingafræði voru valdir sem upplýsingagjafar. Ástæðan var sú að nemendurnir lögðu stund á heila námslínu sem öll var kennd í fjarnámi og tók 4 ár á hálfum hraða. Þessir nemendur voru í námi sem krafðist sjálfstæðra vinnubragða og talsvert stór hluti þess byggðist á upplýsingaleitum nemendanna.

Tuttugu nemendur voru valdir í viðtalshópinn og fór valið fram með þeim hætti að hópurinn skyldi endurspegla nemendur á öllum aldri búsetta á mismunandi stöðum í Svíþjóð. Um var að ræða fjarnámsnemendur í þeim skilningi að nemendurnir stunduðu námið frá sínu heimili eða vinnustað en hittust tvisvar til þrisvar á önn í stuttum lotum í háskólanum oftast 2-3 daga í senn. Samskipti nemenda og kennara fóru að mestu fram í tölvupósti eða síma á milli þess sem þeir hittust.

Rannsóknargögnin byggjast á tveimur umferðum af viðtölum við tuttugu nemendur, samtals fjörutíu nemendaviðtöl. Ennfremur er byggt á dagbókarfærslum frá níu af nemendunum og tekið viðtal við bókasafnsfræðing og kennslustjóra fjarnáms háskólans. Tilgangur þeirra viðtala var að fá gleggri mynd að þeirri þjónustu sem bæði háskólinn og bókasafnið býður fjarnemendum.

Fyrri nemendaviðtölin voru tekin þegar nemendur voru á þriðju önn af átta og það síðara þegar þeir voru á sjöttu önn. Nemendurnir færðu í dagbók þegar þeir voru á kafi í ritgerðavinnu og skráðu niður hvernig þeir báru sig að við upplýsingaleitir, hvaða vandamál komu upp og hvernig þeir leystu þau og lýstu þannig upplifun sinni á upplýsingaleitarferlinu á meðan á því stóð. Allir nemendur fengu dulnefni til að koma í veg fyrir að þeir þekktust. Ártalið þegar viðtölin voru tekin er ekki gefið upp né hvar nemendur bjuggu.

Mikilvægi upplýsingaleiða- og upplýsingalinda

Í rannsókninni var reynt að varpa ljósi á það hvernig nemendur upplifa mismunandi upplýsingaleiðir og upplýsingalindir. Fyrri rannsóknir benda til þess að bókasöfnin séu mikilvægustu upplýsingalindirnar fyrir nemendur (sbr. Harnesk, 2002; Heinström, 2002; Rowland og Rubbert, 2001). Þær upplýsingalindir sem nemendur upplifðu mikilvægastar voru bókasöfn, samnemendur og Internetið með öllu því sem því tilheyrir.

Það bókasafn sem nemendur upplifðu mikilvægast var bókasafn vinnustaðarins og skipti þá engu hverskonar bókasafn um var að ræða heldur öllu

fremur aðgengi þeirra að bókasafninu og það að nemendur gjörþekktu vinnustað sinn og bókasafnið þar. Oft voru þessi bókasöfn almenningsbókasöfn en einnig aðrar gerðir af bókasöfnum. Nemendur voru einnig yfirleitt mjög ánægðir með þjónustu háskólabókasafnsins en notuðu það fyrst og fremst ef bókasöfnin í heimabyggð þeirra dugðu ekki til.

Internetið var einnig nefnt sem mjög mikilvæg upplýsingaleið þar sem það opnaði aðgang að svo mörgu og var í raun lykillinn að því að nemendur gátu stundað nám sitt þar sem námið fór fram í gegnum Netið. Mjög misjafnt var hversu duglegir nemendurnir voru að nýta sér gagnagrunna og vefsíður aðgengilegar á netinu. Góð tæknikunnátta ekki síður en upplýsingalæsi réði því hversu mikið og með hversu góðum árangri nemendur gátu nýtt sér Internetið í námi sínu.

Nemendurnir upplifðu samnemendur sína sem mikilvæga upplýsingalind. Þeir miðluðu upplýsingum um tímaritagreinar, bækur og vefsíður. Flestir nemendur mátu það einnig mikils að geta rætt ýmis vandamál og lausnir í náminu eða einstök verkefni við samnemendur þar sem þeir áttu það sameiginlegt að vera námsmenn og höfðu þess vegna ákveðna samkennd. Sumum nemendum fannst að það að eiga sér samstarfsfélaga minnkaði einmanaleikan sem sumir upplifa sem fylgifisk fjarnáms.

> Það er mjög gott, því að þegar maður er að hugsa um eitthvað heima sem er erfitt, þá er hægt að ræða við einhvern og komast að því hvað hinir eru að hugsa og fengið einhver svör... og þá verð ég ekki eins einmana. (Cassandra)

Það vakti nokkra athygli að nemendur nefndu yfirleitt ekki kennara sína sem mikilvæga upplýsingalind eða leið að upplýsingum. Mörgum nemendum fannst kennararnir ekki nógu aðgengilegir og kvörtuðu yfir því að kennararnir væru ekki nægilega sýnilegir. Yfirleitt áttu nemendur ekki frumkvæði að því að hafa samband við kennara sína og gerðu það ekki nema allar aðrar leiðir væru ófærar. Það er hugsanlegt að þetta hefði horft öðruvísi við ef rannsóknin hefði verið gerð í dag og nútíma vefforrit verið notað við kennsluna.

Þýðing búsetu fyrir upplýsingaöflun

Nemendurnir leituðu sér upplýsinga og gagna í sambandi við námið fyrst og fremst í sínum heimabæ. Greining gagna leiddi í ljós nokkur atriði sem hafði áhrif á sambandið milli búsetu nemendanna og upplýsingaleitarhegðunar þeirra. Hægt er að skipta þessu sambandi upp í þrjá flokka. Búseta

nemendanna hafði áhrif á: 1) Aðgang að gagnagrunnum (Environmental barriers as technical barriers sbr. Wilson, 1999) 2) Aðgengi að heimildum, þ.e. hvernig nemendurnir upplifðu það ferli að útvega sér upplýsingar ásamt upplýsingaleitum og notkun upplýsinga á heimaslóðum. (Environmental barriers as geographical barriers sbr. Wilson, 1999). 3) Kostnaður sem hlaust af upplýsingaleitum og útvegun upplýsinga. Þetta felur í sér þann tíma sem eytt var í upplýsingaleitir og útvegun heimilda. (Environmental barriers as economic barriers sbr. Wilson, 1999).

Búseta virðist hafa skipt miklu máli hvað varðar aðgang að gagnagrunnum sem voru mikilvægir í náminu. Tæknilega séð áttu allir nemendur að hafa sama aðgang að gagnagrunnunum í gegnum sérstaka áskrift sem bókasafn háskólans útvegaði. Hinsvegar hafði það mun meiri og alvarlegri afleiðingar fyrir þá nemendur sem bjuggu fjarri háskólasvæðum ef þessi aðgangur virkaði ekki sem skyldi þar sem þeir gátu ekki farið á næsta háskólabókasafn og fengið hjálp þar. Nemendur í strjálbýli þurftu að fara langar vegalengdir að næsta háskólabókasafni til að fá aðgengi að viðeigandi gagnagrunni eða bíða þar til þeir færu næst í lotu í háskólanum.

> Já, vandinn hjá mér sem fjarnemandi er að ég bý í mjög litlum bæ í skóginum og þarf að ferðast X kílómetra til að komast á næsta litla bókasafn og 40 kílómetra til [stærra almenningsbókasafns]... það getur verið nokkuð erfitt að nota mismunandi gagnagrunna til að hafa upp á t.d. greinum [Artikelsök] og það er ógerlegt að komast í LISA eða einhver hinna stóru gagnagrunna. Að þessu leyti finnst mér erfitt að stunda fjarnám ef það krefst aðgengi að þessum gagnagrunnum. (Vilma)

Nemendur sem bjuggu í strjálbýli þar sem kannski var eitt lítið almenningsbókasafn þurftu að fá lánaðan meirihlutann af sínu námsefni í gegnum millisafnalán þó að þeir hefðu tilhneigingu til að reyna fyrst til þrautar að útvega efnið í heimabyggð, jafnvel þótt þetta yrði til þess að aðgengilegar heimildir stýrðu efni ritgerðarinnar. Biðtími eftir millisafnalánum gat verið langur og nemendur utan háskólasvæðanna þurftu mun oftar á þeirri þjónustu að halda.

Flestir nemendur sem bjuggu á háskólasvæði voru nokkuð sannfærðir um að búseta skipti máli hvað varðar aðgengi að upplýsingum og að þeir væru vel í sveit settir hvað þetta varðaði í samanburði við þá nemendur sem ekki bjuggu nærri háskóla. Margir nemendanna sem bjuggu á háskólasvæði þekktu til samnemenda sem höfðu lent í erfiðleikum með aðgengi að upplýsingum. Samt sem áður vildu nemendur frá svæðum sem ekki höfðu háskóla ekki staðfesta að þeir ættu í alvarlegum vandræðum jafnvel þótt þeir hefðu

upplifað erfiðleika sem samnemendur þeirra frá háskólasvæðunum höfðu ekki upplifað, svo sem bið eftir millisafnalánum, takmarkað úrval heimilda, sérstaklega á fræðiefni í bókasafni heimabyggðarinnar og það að enginn nemandi var nálægur sem hægt var að vinna með verkefni og deila með upplýsingum eða skiptast á heimildum. Þannig tók upplýsingaöflun lengri tíma og kostaði meiri fyrirhöfn fyrir nemendur fjarri háskólasvæðum, sem virðist hafa haft áhrif á hvaða verkefni eða ritgerðarefni voru valin en ekki endilega haft neikvæð áhrif á gæði heimildanna. Þetta eru athyglisverðar niðurstöður í ljósi þess að í fjölda útgefinna rita er lögð áhersla á mikilvægi fjaraðgangs að útgefnu efni með hjálp upplýsingatækninnar og því haldið fram að upplýsingatæknin hafi gjörbylt aðgengi fjarnema að upplýsingum. Fáar rannsóknir hafa bent á þau vandamál sem fjarnemendur mæta þegar þeir leita sér upplýsinga með upplýsingatækni nútímans og allt kapp lagt á að lýsa byltingarkenndum áhrifum upplýsingatækninnar á fjarnám og að tæknin leysi öll vandamál. Að sjálfsögðu skal ekki vanmeta jákvæð áhrif tæknilegra framfara á fjarnám en niðurstöður rannsóknar minnar benda til þess að upplýsingatæknin skapi ný vandamál. Ef nemendum er ekki kennt hvernig nota á tæknina námi sínu til framdráttar og fái þeir ekki stöðugan stuðning eftir því sem náminu fleytir fram þá verða nýjustu tækninýjungar í fjarnámi ekki til þess að leysa þann vanda sem þeim var ætlað.

Það vakti athygli að nemendur óháð búsetu litu oft framhjá gagnlegum heimildum ef þær var ekki að finna á bókasafni í þeirra heimabyggð. Þannig stýrðu þær heimildir sem voru aðgengilegar í heimabyggð oft hvaða heimildir voru valdar.

> Heilmargt var áhugavert en ég tók ekkert að láni, heldur fór á almenningsbókasafnið heima sem var ekki með öll tímaritin sem ég þurfti á að halda. En ég leitaði á safninu og fann grein sem ég gat notað. Ef ég hefði ekki getað gert þetta þá hefði ég farið á önnur bókasöfn til að finna tímaritin sem voru á lista hjá mér. (Maria)

Maria lét þau gögn sem hún fann á næsta bókasafni duga en lét þess þó getið að ef hún hefði ekkert fundið þá hefði hún að sjálfsögðu haldið áfram heimildaleitinni á fleiri bókasöfnum.

Frá sjónarhóli nemandans er forgangsröðin (relevance criteria) ákveðin af honum sjálfum og þess vegna byggist hún á persónulegu mati (subjective assessment). Margir þættir forgangsröðunarinnar hafa verið skilgreindir t.d efnisþáttur (topicality) og aðgengi (accessibility) (sbr. Vakkari and Hakala, 2000). Í tilfelli Maríu og meirihluta nemendanna í rannsókninni hafði aðgangur að heimildum í heimabyggð mestan forgang sem er ólíkt því sem

komið hefur fram í öðrum rannsóknum (t.d. hjá Maglaughlin and Sonnenwald, 2002; Vakkari and Hakala, 2000). Hluti skýringarinnar kann að vera sá að ólíkar rannsóknaraðferðir voru notaðar og ekki síður að það er hugsanlegt að fjarnemar hafi aðra forgangsröðun en staðarnemar.

Aðgengi að heimildum var stundum stýrandi fyrir verkefni nemandans t.d. hvaða verkefni nemendur völdu þegar þeir gátu valið. "… I am faced with this choice of literature and I select the literature I can actually get hold of. That is very important." (Victoria). Rannsóknargögnin sýna að heimildaval var oft litað af því efni sem var aðgengilegt á heimaslóðum sem síðan hafði áhrif á verkefnaval nemendanna.

Rannsóknarniðurstöðurnar benda til þess að sú staða gat komið upp að nemendur sem bjuggu fjarri háskólasvæðum útveguðu sér betri og meira viðeigandi heimildir en þeir sem bjuggu á háskólasvæðum. Þetta stafar af því að ef nemendur gátu alls ekki útvegað sér heimildir á sínum heimaslóðum þá neyddust þeir til að leita til háskólabókasafnsins við þann háskóla sem þeir stunduðu fjarnámið. Það varð til þess að þeir útveguðu sér allra nýjustu og mest viðeigandi heimildirnar sem í boði voru frá gagnagrunnum háskólabókasafnsins á meðan nemendur á háskólasvæðunum gátu útvegað sér heimildir í heimabæ sínum en létu e.t.v. duga næst besta möguleikann (t.d. eldri útgáfu af verki) þar sem hann var aðgengilegur heima fyrir. Frekari rannsókna er þó þörf til að staðfesta þetta.

Undanfarin misseri hefur tími sem fer í að útvega heimildir og þar með kostnaður við það minnkað verulega vegna þess að sífellt fleiri nemendur hafa góðar nettengingar og geta á fljótlegan og öruggan hátt náð sér í rafræn skjöl. Sífellt fleiri tímarit eru nú gefin út rafrænt og þróun stafrænna bókasafna hefur verið hröð sem hefur leitt til betri og hraðari þjónustu við fjarnema. Gríðarlega mikið hefur áunnist á allra síðustu misserum hvað þetta varðar og þar af leiðir að nemendurnir í rannsókninni myndu að öllum líkindum hafa upplifað gagnasöfnun á annan hátt hvað varðar tíma og kostnað en þeir gerðu þegar rannsóknin var unnin. Þannig má vænta að áhrif búsetu á aðgengi upplýsinga sé alltaf að minnka, sér í lagi þar sem þess er gætt að veita nemendum góða tilsögn í notkun upplýsingatækni.

Umræður

Með vali á nemendum sem höfðu það að markmiði að efla þekkingu sína í upplýsingaleit var hægt að afla ítarlegra upplýsinga um upplýsingaleitarferlið á háskólastigi. Sú staðreynd að nemendurnir höfðu óvenju gott aðgengi að

upplýsingum og þekktu vel bókasafnsþjónustu þýddi að þeir áttu yfirleitt ekki í sömu erfiðleikum og margir aðrir nemendur í upplýsingaleit. Þrátt fyrir þetta urðu ýmsir þröskuldar í vegi þeirra.

Bókasafnið og aðgengi að upplýsingum

Nemendur völdu að leita aðstoðar á bókasöfnum sem voru nálægt heimilum þeirra, voru sæmilega stór og veittu góða þjónustu. Þá skipti gerð bókasafnsins litlu máli, heldur frekar aðgengi að upplýsingum.

Þessi rannsókn leiðir í ljós að mikilvægasta upplýsingaleiðin var gegnum vinnustað á bókasafni, þar sem nemendurnir nutu fjölbreytilegra upplýsingaleiða og höfðu hag af samskiptum við starfandi bókasafnsfræðinga. Þeir nemendur sem störfuðu á bókasöfnum höfðu því betri aðgang að ýmsum fræðiritum, gagnagrunnum og sérþekkingu einstaklinga. Með vísun til líkans Wilsons (Wilson, 1999), sprettur fram úr reynsluheimi þessa starfandi nemenda á bókasöfnum jákvæð umhverfisbreyta, öfugt við þröskuld sem hindrar framgang. Jákvæð reynsla nemendanna tengist þannig stöðu þeirra sem starfsmenn bókasafna.

Almennt njóta fjarnemar ekki jafn góðrar aðstöðu til upplýsingaöflunar og hér er lýst. Nemendur í þessari könnun áttu þó stundum í erfiðleikum með upplýsingaöflun, sérstaklega ef þeir bjuggu ekki á háskólasvæði. Það kæmi því ekki á óvart að fjarnemar í öðrum fögum ættu í enn meiri erfiðleikum með upplýsingaöflun.

Mikilvægi vinnustaðarins kom einnig í ljós í rannsóknum Stephens (1999). Þar kom fram, líkt og hér, að gott aðgengi að upplýsingum frá vinnustað leiddi til lítillar notkunar háskólabókasafnsins þar sem nemendurnir voru við nám. Meginástæða þessa var að nemendurnir vildu fletta í gegnum heimildirnar áður en þær voru fengnar að láni. Þá var sú tilhneiging ríkjandi að grípa með sér nærtæka heimild, þá oft ekki þá bestu, í stað þess að panta bestu heimildina gegnum millisafnalán. Nemendurnir kusu því frekar að nota þjónustu veitta í heimabyggð þrátt fyrir að viðurkenna að háskólabókasafnið þeirra væri mun betra. Samstarf háskólasafna og smærri safna í strjálbýli af ýmsum gerðum þarf að styrkja til að bæta möguleika fjarnemendanna til upplýsingaleitar. Þörfum nemenda til að fletta í gegnum heimildir fyrir lántöku má mæta með sýndaraðgengi að stafrænum bókasöfnum og með því að hvetja nemendurna til að nýta vel rafræn tímarit og skjöl sem aðgengileg eru.

Hlutverk bókasafna í fjarnámi

Mikilvægt verkefni við stjórnun fjarkennslu er að veita nemendum aðgang að bókasöfnum og upplýsingar um bókasafnsþjónustuna. Rowland og Rubbert (2001) bentu á að nemendur fengju ekki nægilegan stuðning frá náms-stofnunum sínum. Rannsóknir þeirra bentu til þess að námsárangur gæti batnað ef aðgengi að upplýsingum væri bætt. Óheppilegt er að engin stefna skuli mörkuð sem varðar aðgengi fjarnema að upplýsingum í ljósi þess að um tíundi hver háskólanemi í Svíþjóð er fjarnemandi. Margar menntastofnanir eru meðvitaðar um nauðsyn þess að efla bókasafnsþjónustu og náms-stuðning sem styrkir upplýsingalæsi nemendanna. Nokkrar ráðstefnur um upplýsingalæsi hafa verið haldnar á Norðurlöndum. Meiri áhugi á samtvinnun náms og upplýsingaöflunar er merkjanlegur og nú er aukin áhersla lögð á fræðsluhlutverk bókasafnsþjónustunnar sem miðar að bættu upplýsingalæsi (sjá t.d. Sundin, 2004).

Landfræðileg fjarlægð

Í þessari rannsókn kemur fram að landfræðileg fjarlægð frá háskóla hafði áhrif á námskostnað nemendanna. Niðurstöðurnar sýna að nemendur sem bjuggu utan háskólasvæðis þurftu í einhverjum tilvikum að greiða meira en samnemendur þeirra í þéttbýli fyrir þær heimildir sem þeir fengu, auk þess að bera kostnað af millisafnalánum og ferðum til stærri bókasafna. Nemendurnir þurftu að yfirstíga umhverfisþröskulda (Wilson, 1999) við sína upplýsingaleit. Ef nemendurnir hefðu fengið aukna tækniaðstoð og bókasafnsþjónustu þegar þeim hentaði er líklegt að þessir umhverfis-þröskuldar hefðu minnkað eða jafnvel horfið. Samstarf háskólabókasafns og minni stofnunar, t.d. símenntunarmiðstöðvar og almenningsbókasafns hefði veitt fjarnemendunum þjónustu svipaða þeirri sem staðarnemendur fá. Samskipti gegnum fjarkennslubúnað hefði einnig getað brúað stóran hluta þeirrar landfræðilegu gjáar sem aðskildi samnemendur og bóksöfnin frá notendum þeirra. Slíkt fyrirkomulag getur stuðlað að því að útmá áhrif fjarlægðar á upplýsingaleit og –öflun. Í niðurstöðum rannsókna minna má samt sem áður sjá að landfræðileg fjarlægð veldur ekki alltaf umhverfis-þröskuldi, heldur getur einnig stuðlað að bættri upplýsingaöflun. Þannig er litið á landfræðilega fjarlægð sem áhrifabreytu sem getur verið ýmist jákvæð eða neikvæð. Hér er um athyglisverða vísbendingu að ræða sem þyrfti að rannsaka betur.

Búseta hefur áhrif á upplýsingaleit og notkun heimilda en hvort búsetuáhrifin eru til góðs eða slæms veltur á markmiðum hvers nemanda fyrir sig, áhuga hans og upplýsingalæsi. Nemandinn leitast fyrst og fremst við að nota þjónustu veitta í heimabyggð. Bætt nettenging við háskólabókasafnið eða betri tækniaðstoð og þjónusta frá háskólabókasafninu eru meðal heppilegra lausna í mörgum tilvikum á meðan aðrar lausnir á borð við aðgengi að símenntunarmiðstöðvum/þekkingarsetrum henta betur í öðrum tilvikum. Samspil þessara lausna er að sjálfsögðu einnig mögulegt.

Lokaorð

Frá lýðræðislegum sjónarhóli (Wedemeyer, 1978) á allt fólk rétt á að mennta sig óháð efnahag, búsetu, heilsu, samfélagsstöðu o.s.frv. Jákvæð þróun fjarkennslu markar mikilvæg skref í átt að þessum veruleika. Ástundun háskólanáms getur af ýmsum og ólíkum ástæðum verið illmöguleg. Búsetuþröskuldur getur hindrað reglulegt aðgengi að háskóla, stundum einfaldlega vegna fjarlægðarinnar en einnig geta of krefjandi staðbundnar skyldur hamlað ferðafrelsi. Jafnvel nemendur sem búa á háskólasvæði geta átt í vandræðum með mætingu, stundum af einstaklingsbundnum eða félagslegum ástæðum eða af ástæðum tengdum vinnutíma eða fjölskyldu. Sveigjanlegt fjarnámsfyrirkomulag getur veitt slíkum nemendum tækifæri til jafns við staðarnemendur.

Á síðustu árum hefur fjarkennsla í Svíþjóð þróast og aukist verulega. Áhersla sænskra stjórnvalda á fjarkennslu hefur stuðlað að bættu námsumhverfi í æðri menntun og leitt til stofnunar Netháskóla (NSHU: Myndigheten för nätverk och samarbete inom högre utbildning, http://www.netuniversity.se/). Netháskólinn er tákn þeirrar jákvæðu þróunar sem átt hefur sér stað í fjarnámi samhliða fjölgun símenntunarmiðstöðva um alla Svíþjóð. Útbreiðsla fjarnáms svarar þörfum fólks um fleiri valmöguleika í námi, frekari jöfnunar á námsmöguleikum og fjölskylduvænni námsaðstöðu.

Heimildir

Bates, A. W. T. (2005). *Technology, E-learning and Distance Education*. Second edition. London: Routledge.

Harnesk, J. (2002). *Bibliotekservice för distansstuderande. En förstudie*. Härnösand: Distansutbildningsmyndigheten. (Rapport, 2002:7).

Heinström, J. (2002). *Fast surfers, Broad scanners and Deep divers – personality and information-seeking behaviour*. Åbo: Åbo Akademi. Diss.

Maglaughlin, K. L. og Sonnenwald, D. H. (2002). User Perspectives on Relevance Criteria: A Comparison among Relevant, Partially Relevant, and Not-Relevant Judgments. *Journal of the American society for information science and technology*, *53*(5), 327-342.

NSHU. Myndigheten för nätverk och samarbete inom högre utbildning http://www.netuniversity.se/) ágúst 2006.

Rowland, F. og Rubbert, I. (2001). An evaluation of the information needs and practices of part-time and distance-learning students in the context of educational and social change through lifelong learning. *Journal of Documentation*, *57*(6), 741-762.

Stephens, K. (1999). Notes from the margins. Library experiences of postgraduate distance-learning students. Í A. Tait og R. Mills (Ritstj.) *The Convergence of Distance and Conventional Education. Patterns of flexibility for the individual learner* (bls. 124-140). London: Routledge.

Sundin, O. (2004). Andvändarundervisning inför informationssökning i yrkeslivet: en kunskapsöversikt. *HumanIT*, *7*(2), 265-321.

Thórsteinsdóttir, G. (2005). *The Information Seeking Behaviour of Distance Students*. A Study of Twenty Swedish LIS Students, Valfrid, Borås, doktorsritgerð.

Vakkari, P. og Hakala, N. (2000). Changes in Relevance Criteria and Problems Stages in Task Perfomance. *Journal of Documentation*, *56*(5), 540-562.

Wedemeyer, C. A. (1978). Criteria For Constructing A Distance Education System. *Canadian journal of university continuing education*, *6*(1), 9-15.

Wilson, T. (1999). Models in information behaviour research. *The Journal of Documentation*, *55*(3), 249-270.

Rafræn skjalastjórnarkerfi: Mikilvægi þátttöku notenda á innleiðingartíma

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

Mikilvægur þáttur í innleiðingarferli rafrænna skjalastjórnarkerfa er virk þátttaka notenda (e. user participation) allt frá því að ákvörðun hefur verið tekin um að útvega kerfið og þar til það er að fullu innleitt á vinnustaðnum. Niðurstöður erlendra rannsókna á upplýsingakerfum[1] almennt styðja það. Þátttaka notenda í innleiðingarferli er einn þriggja þátta sem helst skipta máli varðandi vel heppnaða innleiðingu upplýsingakerfa. Hinir þættirnir tveir eru stuðningur æðstu stjórnenda og hnitmiðuð og skilvirk þjálfun. Rannsóknirnar sýna ennfremur að séu þættirnir þrír ekki til staðar mistekst innleiðingin iðulega. Leiða má getum að því að slík sé reynslan einnig hér á landi.

Gerð var rannsókn á innleiðingu og notkun rafrænna skjalastjórnarkerfa á Íslandi og m.a. reynt að komast að því hvernig staðið væri að innleiðingunni. Í grein þessari er fjallað um afmarkaðan þátt rannsóknarinnar, þátttöku notenda í verkefninu á innleiðingartímanum.

Í fyrsta lagi er lítillega greint frá reynslu og rannsóknum annarra varðandi innleiðingu upplýsingakerfa. Í öðru lagi er gerð grein fyrir aðferðafræðinni sem notuð var við gerð rannsóknarinnar. Í þriðja lagi eru niðurstöður rannsóknarinnar tíundaðar í þremur köflum um (1) þátttöku notenda við gerð kröfulýsingar fyrir kerfið, (2) þátttöku notenda við val á kerfi og (3) þátttöku notenda í þróun og aðlögun kerfis á innleiðingartímanum. Loks, í fjórða lagi, eru birtar umræður og samantekt á niðurstöðum þessa hluta rannsóknarinnar.

---

[1] Fáar rannsóknir eru til um innleiðingu þeirrar tegundar upplýsingakerfa sem nefnast rafræn skjalastjórnarkerfi. Því reyndist nauðsynlegt að styðjast við rannsóknir sem hafa verið gerðar á annars konar upplýsingakerfum og upplýsingakerfum almennt.

Innleiðing rafrænna upplýsinga- og skjalastjórnarkerfa

Til þess að stuðla að árangusríkri notkun starfsfólks á upplýsingakerfum í skipulagsheildum er nauðsynlegt að það sé haft með í ráðum um hvernig taka skuli kerfið í notkun og koma á breytingum þeim sem þess háttar kerfi hafa óneitanlega í för með sér. Notkun nýrra kerfa breyta vinnubrögðum starfsfólks verulega. Sé starfsfólk haft með í ráðum er það líklegra til þess að skilja breytingarnar betur. Það dregur ennfremur úr kvíða og óöryggi sem starfsfólk kynni að hafa varðandi fyrirhugaðar breytingar (Coch og French, 1948; Kotter, 1995; Kotter, 1996; Hayes og Hyde, 1998; Smyth, 2005). Því betur sem hlustað er á notendur varðandi þarfagreiningu og kröfulýsingu fyrir kerfið, val á kerfinu sjálfu svo og þróun og aðlögun kerfisins á innleiðingartíma þeim mun líklegra er að innleiðing kerfisins takist vel og kerfið verði notað á réttan og skilvirkan hátt. Þátttaka og aðild notenda í breytingum gerir nýtt verkefni áhugaverðara. Aftur á móti getur það tekið starfsfólk lengri tíma að skilja og samþykkja ný vinnubrögð sé það ekki haft með í ráðum við innleiðingu þeirra (Hayes, 2002).

Notandinn öðlast reynslu og skilning á tilgangi breytinganna þegar hann tekur virkan þátt í breytingarferlinu. Hann er þá hvattur til þess að koma með tillögur til úrbóta og virk þátttaka notandans er líklegri til þess að koma í veg fyrir samskiptavandamál milli notandans sjálfs og þeirra sem hanna kerfin eða stjórna innleiðingunni. Í rannsókn á vinnustöðum sem tók til lengri tíma sýndu niðurstöður að þátttaka notenda getur verið árangursrík sérstaklega í þeim tilvikum þegar notendurnir skynja að þeir hafi markverð áhrif á ákvarðanir (Hunton og Beeler, 1997). Þetta er í samræmi við fyrri niðurstöður (Lawrence, 1975).

Staðreyndin er sú að alltof oft er litið á innleiðingu upplýsingatækniverkefna einungis sem tæknileg viðfangsefni (Brittain, 1992; Laudon og Laudon, 2002). Það er ástæða þess að svo mörg upplýsingatækniverkefni mistakast með tilliti til þarfa notenda og skipulagsheilda. Hér á eftir verður gerð grein fyrir rannsóknarhluta sem fjallar um þátttöku notenda í verkefninu á innleiðingartíma rafrænna skjalastjórnarkerfa.

Rannsóknaraðferðir, þátttakendur og gagnasöfnun

Tilgangur rannsóknarinnar var að athuga ástand í íslenskum skipulagsheildum varðandi þátttöku starfsfólks í innleiðingu á rafrænum skjalastjórnarkerfum og hvaða afleiðingar hún hafði á hvernig til tókst að innleiða kerfin. Markmið rannsóknarinnar var að öðlast þekkingu á því (1) hvort starfsmenn tóku virkan þátt í innleiðingu kerfanna og gerðu þeir það (2) hvernig þátttöku þeirra var háttað á innleiðingartímanum frá upphafi til enda.

Gagnasöfnun fór fram á árunum 2001 til 2004 og er þá átt við umræddan hluta rannsóknarinnar. Tekin voru 38 viðtöl í átta skipulagsheildum, stórum og meðalstórum á íslenskan mælikvarða, sem keypt höfðu fjögur mismunandi rafræn skjalastjórnarkerfi. Skjalastjórnarkerfin fjögur voru öll vandlega skoðuð með tilliti til möguleikanna sem þau höfðu til að bera.

Viðtölin fóru fram í átta skipulagsheildum, annars vegar í fjórum einkafyrirtækjum og hins vegar hjá fjórum opinberum aðilum. Fjórar skipulagsheildanna átta voru skoðaðar ítarlega. Þar voru starfsmannahópar valdir kerfisbundið fyrir opin og ítarleg viðtöl. Auk skjalastjóra, sem höfðu góða yfirsýn yfir ástand mála í sérhverri skipulagsheild, var rætt við mismunandi starfsmannahópa; stjórnendur, tölvufræðinga, sérfræðinga og almennt skrifstofufólk. Í hinum skipulagsheildunum fjórum var einungis rætt við skjalastjóra en þeir gátu gefið upplýsingar um hvernig málum var háttað á vinnustöðum þeirra. Allir skjalastjórarnir voru hæfir og reyndir fagmenn í skjalastjórn. Leitast var við að velja skjalastjórnarkerfi, skipulagsheildir og viðmælendur sem markvissast í samræmi við þætti þá sem athugaðir voru og markmið rannsóknarinnar (Denzin og Lincoln, 1994; King, 1999; Morse, 1994; Silverman, 2000).

Leyfi var fengið hjá hæstráðendum í skipulagsheildunum fyrir gagnaöflun og í samræmi við reglur var Persónuvernd tilkynnt um rannsóknina við upphaf gagnasöfnunar. Viðmælendum var heitið trúnaði rannsakanda varðandi upplýsingar og þeim gerð grein fyrir að gögnum yrði eytt við lok rannsóknar (Esterberg, 2002; Gorman og Clayton, 1997; Sigurður Kristinsson, 2003). Skipulagsheildum, viðmælendum og skjalastjórnarkerfum voru gefin gervinöfn. Á mynd 1 má sjá yfirlit yfir gagnasöfnun með viðtölum og á mynd 2 þau skjalastjórnarkerfi sem skoðuð voru.

Skjalastjórnarkerfin, sem hér um ræðir, eru lausnir í hópvinnkerfum og fullnægja kröfum þeim sem gerðar eru til vandaðrar skjalastjórnar. Alþjóðlegu skjalastjórnarsamtökin skilgreina rafræna skjalastjórn sem stjórn á

rafrænum skjölum, svo og skjölum í öðru formi, sem vistuð eru í rafrænu upplýsingakerfi. Upplýsingakerfin þurfa að samanstanda af vél- og hugbúnaði sem samræmist kröfum og vinnureglum í skjalastjórn (ARMA International, 2004). Skjalastjórnarkerfin fjögur uppfylla kröfur þessar séu þau notuð á réttan hátt.

***Ríkisfyrirtæki** Kerfi D Í notkun frá f.hl. árs 2001 Gagnasöfnun: Haust 2003 og vor 2005 Notkun: 75% starfsfólks 11 viðmælendur: Lísa (skjalastjóri) Davíð (forstjóri) Lára, Karl (stjórnendur) Stefán (tölvufræðingur) Anna, Margeir, Viktor (sérfræðingar; endurskoðandi, hagfræðingur, tölfræðingur) Klara, Leifur, Súsanna (almennt skrifstofufólk; ritarar, fulltrúi forstjóra)	***Borgarfyrirtæki** Kerfi F Í notkun frá s.hl. 1998 Gagnasöfnun: Haust 2001 og sumar 2004 Notkun: 25% starfsfólks 7 viðmælendur: Ragna (skjalastjóri) Pétur (forstjóri) Hans (stjórnandi) Alexander (tölvufræðingur) Björn, Karen (sérfræðingar; tæknifræðingur, arkitekt) Dísa (almennur skrifstofumaður; ritari forstjóra)	***Fjármálafyrirtæki** Kerfi E Í notkun frá s.hl. 2001 Gagnasöfnun: Vor 2004 Notkun: 90% starfsfólks 8 viðmælendur: Dóra (skjalastjóri) Adam (stjórnandi) Elmar (tölvufræðingur) Páll, Sveinn (sérfræðingar; fjármálaráðgjafi, aðalbókari) Beta, Fríða, Gunnar (almennt skrifstofufólk; ritari, einkaritari, skrifstofumaður)	***Framleiðslufyrirtæki** Kerfi G Í notkun frá f.hl. 2000 Gagnasöfnun: Vor 2004 Notkun: 15% starfsfólks 8 viðmælendur: Nína (skjalastjóri) Magnús, Jana (Stjórnendur) Jens (tölvufræðingur) Marías (sérfræðingur; verkfræðingur) Andrés, María, Vilma (almennt skrifstofufólk; skrifstofumaður, ritari, fulltrúi)
***Félagsmálaþjónusta** Kerfi D Í notkun frá f.hl. 2001 Gagnasöfnun: Haust 2003 Notkun:60% starfsfólks 1 viðmælandi: Pamela (skjalastjóri)	***Matvælafyrirtæki** Kerfi F Í notkun frá f.hl. 1999 Gagnasöfnun: Sumar 2004 Notkun:80% starfsfólks 1 viðmælandi: Þór (skjalastjóri)	***Bæjarskrifstofur** Kerfi E Í notkun frá s.hl. 1999 Gagnasöfnun: Sumar 2004 Notkun:40% (60%) starfsfólks 1 viðmælandi: Inga (skjalastjóri)	***Byggingarfyrirtæki** Kerfi G Í notkun frá f.hl. 2000 Gagnasöfnun: Sumar 2004 Notkun:70% starfsfólks 1 viðmælandi: Alma (skjalastjóri)

Átta skipulagsheildir sem keypt höfðu rafræn skjalastjórnarkerfi – fjórar þeirra voru skoðaðað ítarlega þar sem rætt var við marga starfsmenn. Í öðrum fjórum var rætt við lykilstarfsmenn. 38 viðmælendur; átta skjalastjórar, átta stjórnendur, fjórir tölvufræðingar, átta sérfræðingar og tíu almennir skrifstofumenn.
* Opinber aðili.
**Einkafyrirtæki.

Mynd 1. Yfirlit rannsóknarinnar. Alls 38 viðmælendur, átta skipulagsheildir og fjögur mismunandi rafræn skjalastjórnarkerfi.

Við gerð rannsóknarinnar var notuð eigindleg aðferðafræði. Í henni felst að rannsakandi fer á vettvang og tekur þátt í daglegu lífi fólks í eðlilegu umhverfi þess (Gorman og Clayton, 1997; Taylor og Bogdan, 1998; Traut, 2001). Við þennan hluta rannsóknarinnar var notuð sú aðferð eigindlegrar

aðferðafræði að taka opin viðtöl við starfsfólk. Opin viðtöl byggjast á því að talað er við fólk og það fengið til þess að ræða tiltekna þætti lífs síns og skýra frá þeim með eigin orðum (King, 1999; Kvale, 1996).

Tölvuþjónustan ***Kerfi D***	***Tölvufyrirtæki*** ***Kerfi F***	***Þekking*** ***Kerfi E***	***Hugbúnaðarfyrirtæki*** ***Kerfi G***
Gagnasöfnun: Haust 2003. Möguleikar kerfis skoðaðir nákvæmlega með aðstoð sölumanns (Gestur).	Gagnasöfnun: Vor 2002. Möguleikar kerfis skoðaðir nákvæmlega með aðstoð sölumanns (Helga).	Gagnasöfnun: Vor 2004. Möguleikar kerfis skoðaðir nákvæmlega með aðstoð sölumanns (Gísli).	Gagnasöfnun: Vor 2004. Möguleikar kerfis skoðaðir nákvæmlega með aðstoð sölumanns (Sófus).

Mynd 2. Kerfin fjögur sem skoðuð voru

Við gagnagreiningu voru einkum notaðar aðferðir grundaðrar kenningar þar sem aðleiðsla, afleiðsla og sönnunarfærsla er notuð til þess að þróa kenningu á grundvelli rannsóknargagna (Schwandt, 1997). Við nálgun grundaðrar kenningar var leitað að þemum í gögnunum og þau síðan kóðuð og flokkuð. Samanburður var sífellt í gangi og leitað var eftir vísbendingum sem samræmdust flokkun þemanna. Stuðst var meðal annars við leiðir Emerson, Fretz og Shaw (1995) og Strauss og Corbin (1998). Þemun, sem í ljós komu við athugun vettvangsnótna, voru: (1) Þátttaka notenda við gerð kröfulýsingar, (2) þátttaka notenda við val á kerfi og (3) þátttaka notenda í þróun og aðlögun kerfis á innleiðingartímanum.

Þátttaka notenda við gerð kröfulýsingar

Þegar viðmælendur voru spurðir um þátttöku þeirra í verkefninu nefndu fimm skjalastjóranna átta, allir tölvufræðingarnir fjórir, svo og fjórir millistjórnenda og sérfræðinga að þeir hefðu verið spurðir ráða eða tekið þátt í að semja kröfulýsingu fyrir rafræna skjalastjórnarkerfið á vinnustað sínum. Annað starfsfólk sagðist ekki hafa tekið þátt í gerð kröfulýsingar. Mismunandi var í skipulagsheildunum hversu nákvæmar kröfulýsingarnar voru en nákvæmasta kröfulýsingin var gerð í ríkisfyrirtæki. Davíð, forstjóri Ríkisfyrirtækis, sagði:

> Við stofnuðum vinnuhóp með öllum sem standa verkefninu næst. Í honum voru Lísa [skjalastjórinn], Karl, yfirmaður Lísu [einn af stjórnendunum] og Stefán [tölvufræðingur]. Í honum var líka lögfræðingurinn okkar hérna og ráðgjafi utan úr bæ.

Þátttaka notenda við val á kerfi

Aðeins tveir skjalastjóranna átta höfðu afgerandi áhrif á val á rafræna skjalastjórnarkerfinu á vinnustaðnum, þau Jón hjá Ríkisfyrirtæki, forveri Lísu (Lísa fór ekki að vinna hjá skipulagsheildinni fyrr en eftir að kerfið hafði verið valið) og Dóra hjá Fjármálafyrirtæki. Hinir skjalastjórarnir höfðu mjög lítið eða oftar en ekki ekkert með val á rafræna skjalastjórnunarkerfinu að gera á vinnustað sínum. Nína, skjalastjóri hjá Framleiðslufyrirtæki sagði: „Og svo voru það bara einhverjir tveir karlar sem ákváðu þetta, hann Magnús [forstjórinn] og hann Jens [tölvufræðingur]."

Allir tölvufræðingarnir höfðu afgerandi áhrif á val rafræna skjalastjórnarkerfisins fyrir vinnustað sinn. Skjalastjórnarkerfið varð að falla að tölvuumhverfi vinnustaðarins. Í sumum skipulagsheildunum var til dæmis ekki vilji fyrir hendi að vinna í *Lotus Notes*-umhverfinu en í öðrum settu menn það ekki fyrir sig. Tölvufræðingarnir gátu best dæmt um það hvaða tölvuumhverfi hentaði vinnustaðnum best. Þó svo að öll rafrænu skjalastjórnarkerfin væru góð buðu þau ekki öll upp á sömu möguleika hvað skjalastjórnarlausnir varðaði.

Í öllum skipulagsheildunum átta átti æðsti stjórnandi þátt í ákvörðunum um val á rafræna skjalastjórnarkerfinu. Adam, forstjóri Fjármálafyrirtækis, sagði þó að hann hefði látið þau Dóru skjalastjóra og Elmar tölvufræðing hafa síðasta orðið varðandi valið og að hann hefði einungis stutt skoðanir þeirra og val við að ákveða hvaða kerfi yrði keypt. Í viðtölum við Þór, skjalastjóra hjá Matvælafyrirtæki, og Ölmu, skjalastjóra hjá Byggingarfyrirtæki, kom í ljós að tölvufræðingarnir hefðu verið svo til einráðir um val á rafrænum skjalastjórnarkerfum á viðkomandi vinnustað.

Þátttaka notenda í þróun og aðlögun kerfis á innleiðingartíma

Fram kom í viðtölunum að ýmsir starfsmenn í skipulagsheildunum höfðu verið hafðir með í ráðum við þróun og aðlögun rafrænu skjalastjórnarkerfanna á innleiðingartímanum. Þó var breytilegt hversu vel tillögum starfsfólks til úrbóta var tekið. Sex skjalastjóranna átta höfðu tekið virkan þátt í aðlögun rafrænu skjalastjórnarkerfanna. Inga, skjalastjóri á Bæjarskrifstofum, taldi sig ekki hafa tekið virkan þátt í aðlögunninni og Nína, skjalastjóri hjá f-

Framleiðslufyrirtæki, nefndi að hún hefði alls engan þátt tekið í aðlöguninni og beinlínis verið haldið fyrir utan verkefnið. Báðar nefndu þær að ekki hefði verið mikið hlustað á þær þegar þær báru upp tillögur um breytingar. Fimm sérfræðinganna átta, þau Anna og Margeir hjá Ríkisfyrirtæki, Björn hjá b-Borgarfyrirtæki og Sveinn og Páll hjá Fjármálafyrirtæki, sögðu að þau hefðu verið höfð með í ráðum varðandi þróun og aðlögun kerfanna á innleiðingartímanum. Þrír almennu skrifstofumannanna tíu, þau Súsanna í Ríkisfyrirtæki svo og Beta og Gunnar hjá Fjármálafyrirtæki nefndu að þau hefðu fegið atriðum breytt og ýmislegt hefði verið lagað sem varðaði vinnu þeirra í rafrænu skjalastjórnarkerfunum.

Beta, ritari hjá Fjármálafyrirtæki, nefndi að hún hefði beðið um ýmsar breytingar á kerfinu og farið hefði verið að óskum hennar. Hún kvaðst mjög ánægð með leiðréttinguna og sagði:

> Já, ég er mjög ánægð með kerfið. Núna. Ég er líka búin að biðja um hitt og þetta varðandi … [ákveðin skjöl], en ég sé um þau, og því hefur öllu verið svarað. Það hafa verið gerðar breytingar fyrir mig sem ég er mjög ánægð með.

Umræður

Þó svo að þátttaka notenda sé mikilvægur þáttur í vel heppnaðri innleiðingu á rafrænum skjalastjórnarkerfum í skipulagsheildum virðast stjórnendur skipulagsheildanna átta sem keypt höfðu skjalastjórnarkerfin og tóku þátt í rannsókninni ekki hafa gefið stjórnunarþætti þessum nægilegan gaum. Það var einkum óheppilegt hversu lítið hlutverk skjalastjóranna var varðandi val á rafrænu skjalastjórnarkerfi og gerð kröfulýsingar fyrir kerfið. Allir tölvufræðingarnir tóku þátt í ferlinu öllu en almennt skrifstofufólk var hvorki haft með í ráðum varðandi gerð kröfulýsingar né við val á rafrænu skjalastjórnarkerfi. Einungis í fáeinum tilvikum hafði almennt skrifstofufólk fengið að koma með tillögur um breytingar á innleiðingartímanum.

Fram kom í viðtalinu við Lísu, skjalastjóra í Ríkisfyrirtæki, að Stefán tölvufræðingur hefði verið fremur neikvæður í garð rafræna skjalastjórnarkerfis D jafnvel þótt hann hefði tekið þátt í vali á kerfinu. Þrír hinna tölvufræðinganna voru jákvæðir í garð rafrænu skjalastjórnarkerfanna sem valin voru á vinnustöðum þeirra. Gert var ráð fyrir að tölvufræðingarnir önnuðust samskipti við starfsfólk varðandi aðlögun kerfanna. Þeir voru þó, að eigin sögn og annarra, alltof uppteknir í öðrum verkefnum og höfðu því takmarkaðan tíma til þess að styðja við innleiðingu rafrænu skjalastjórnar-

kerfanna og sinna tillögum notenda um aðlögun og breytingar. Það hafði í för með sér að tillögum starfsfólks var ekki sinnt sem skyldi.

Eins og fyrr er getið voru allir skjalastjórarnir góðir fagmenn á sviðinu og þeir höfðu mikla þekkingu á skjalastjórn. Það hefði verið góður kostur fyrir skipulagsheildirnar að njóta leiðsagnar þeirra í innleiðingarferlinu öllu; við gerð kröfulýsingar, val á kerfi svo og þróun og aðlögun kerfisins á innleiðingartímanum. Þekking skjalastjóranna var ekki nýtt sem skyldi og sem dæmi má nefna að einungis tveir þeirra tóku þátt í vali á rafræna skjalastjórnarkerfinu á vinnustaðnum.

Í töflu 1 má sjá tengslin milli þátttöku skjalastjóranna í verkefninu, innleiðing rafræns skjalastjórnunarkerfis, á innleiðingartímanum og notkunar starfsfólks á kerfunum í skipulagsheildunum átta sem tóku þátt í rannsókninni. Rétt er að geta þess að hlutfall notenda sem ætlað var að nota kerfið á Bæjarskrifstofum var 60% eftir að aðalinnleiðingartíma lauk en féll niður í 40% eftir að ný bæjarstjórn tók við völdum í bæjarfélaginu. Það hafði í för með sér að nýtt starfsfólk kom til starfa og hluti þess var andvígur því að nota kerfið. Þegar viðtalið við Ingu skjalastjóra var tekið var hlutfallið u.þ.b. 40%.

Tafla 1. Tengslin milli þátttöku skjalastjóra á innleiðingartíma og notkunar starfsfólks á rafrænum skjalastjórnarkerfum.

Þátttaka skjalastjóra	***Ríkisfyrirtæki***	***Borgarfyrirtæki***	***Fjármálafyrirtæki***	***Framleiðslufyrirtæki***	***Félagsmálaþjónusta***	***Matvælafyrirtæki***	***Bæjarskrifstofur***	***Byggingarfyrirtæki***
1 Kröfulýsing	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Já	Já	Já
2 Val á kerfi	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
3 Þróun á innleiðingartíma	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	Já	Já
Áætlað hlutfall notkunar starfsfólks sem ætlað var að nota kerfið*	75%	25%	90%	15%	60%	80%	60% (40%)	70%

* Skjalastjórarnir í skipulagsheildunum voru beðnir um að áætla með eins mikilli nákvæmni og mögulegt var hvert hlutfall notkunar starfsfólksins var á rafrænu skjalastjórnarkerfunum.

Ekki kemur á óvart að hjá Fjármálafyrirtæki, þar sem innleiðingin virðist hafa gengið best fyrir sig og 90% starfsmanna þeirra sem áttu að nota kerfið notaði það, var uppástungum skjalastjóra gefinn mestur gaumur. Þar var leitað ráða hjá skjalastjóra varðandi gerð kröfulýsingar, val á kerfi svo og þróun og aðlögun kerfisins. Það kemur heldur ekki á óvart að hjá

Framleiðslufyrirtæki, þar sem innleiðingin mistókst næstum alveg og notkun starfsfólks var einungis 15%, var ekki leitað eftir ráðleggingum skjalastjóra og uppástungur hans voru hafðar að engu. Í þeim skipulagsheildum þar sem skjalastjórar tóku þátt í verkefnum varðandi allt innleiðingarferlið var hlutfall notenda 75% og 90%. Mikilvægustu atriðin varðandi þátttöku skjalastjóra var vegna gerðar kröfulýsingar og aðlögunar kerfisins á innleiðingartímanum. Þó svo að aðrir þættir svo sem stuðningur stjórnenda og skilvirk kennsla og þjálfun, sem voru aðrir hlutar rannsóknarinnar, skiptu máli er ljóst að þátttaka skjalastjóra í verkefninu bætti einnig innleiðingarferlið. Væri þátttaka skjalastjóranna engin, eins og í Framleiðslufyrirtæki, var við því að búast að hlutfall þeirra sem ætlað var að nota skjalastjórnarkerfið yrði lágt, einungis 15%.

Þýðingarmikið er að notendur séu hafðir eins mikið með í ráðum við þróun og aðlögun kerfis á innleiðingartíma og kostur er. Þátttaka notenda á innleiðingartíma rafrænu skjalastjórnarkerfanna er sýnd í töflu 2. Hægt var að greina þátttöku hinna ýmsu notendahópa í skipulagsheildunum fjórum sem skoðaðar voru ítarlega. Flestir skjalastjórarnir og allir tölvufræðingarnir tóku þátt í þróun og aðlögun rafrænu skjalastjórnarkerfanna í skipulagsheildunum fjórum. Almennt skrifstofufólk tók hins vegar einungis þátt í þróun og aðlögun kerfanna í skipulagsheildunum þar sem notkunarhlutfallið var hæst, 75% og 90%. Því var hvorki til að dreifa í Borgarfyrirtæki, þar sem notkunarhlutfall var 25% né í Framleiðslufyrirtæki þar sem notkunarhlutfall var aðeins 15%. Í Framleiðslufyrirtæki tóku skjalastjóri og sérfræðingar heldur ekki þátt í þróun og aðlögun kerfisins.

Tafla 2. Tengslin milli þátttöku notenda í þróun og aðlögun rafrænna skjalastjórnarkerfa á innleiðingartíma og notkunar starfsfólks

Hlutfall notenda í þróun og aðlögun kerfis á innleiðingartíma	***Ríkisfyrirtæki***	***Borgarfyrirtæki***	***Fjármálafyrirtæki***	***Framleiðslufyrirtæki***
Skjalastjórar	Já	Já	Já	Nei
Tölvufræðingar	Já	Já	Já	Já
Sérfræðingar	Já	Já	Já	Nei
Almennt skrifstofufólk	Já	Nei	Já	Nei
Áætlað hlutfall notkunar starfsfólks sem ætlað var að nota kerfið*	75%	25%	90%	15%

* Skjalastjórarnir í skipulagsheildunum voru beðnir um að áætla með eins mikilli nákvæmni og mögulegt var hvert hlutfall notkunar starfsfólksins var á rafrænu skjalastjórnarkerfunum.

Niðurstöður þessar gefa til kynna að þátttaka skjalastjóra og sérfræðinga sé mikilvæg og skipti máli eins og fram kom í samanburði á notkun í Borgarfyrirtæki og Framleiðslufyrirtæki. Þar var munurinn 10%. Úrslitaþáttur virðist hins vegar vera þátttaka notendenna sjálfra, almenna skrifstofufólksins. Þar sem það var í reynd haft með í ráðum við þróun og aðlögun kerfisins tók það virkan þátt í að móta vinnutækið sem það ekki einungis gat heldur vildi nota við dagleg störf. Því betur sem notendum er gert kleift að taka þátt í að þróa og aðlaga rafræna skjalastjórnarkerfið þeim mun meiri líkur eru á því að þeir noti það á endanum.

Að framangreindu má ætla að niðurstöðurnar styðji tilgátuna um að þátttaka notenda í innleiðingarferli rafrænna skjalastjórnarkerfa í skipulagsheildum á Íslandi sé einn af nauðsynlegum þáttum þess að innleiðing takist eins og til var ætlast í upphafi. Það kemur heim og saman við reynslu fólks annars staðar eins og fyrr er getið. Því virkari sem þátttaka notenda í verkefninu var þeim mun greiðlegar gekk innleiðing rafrænu skjalastjórnarkerfanna fyrir sig. Þegar innleiðingin var metin var hlutfall notkunar viðmiðið. Í ljós kom að því hærra sem notkunarhlutfallið var þeim mun virkari hafði þátttaka starfsfólksins verið. Í tveimur skipulagsheildanna komu öll þrjú þemum jákvætt út og þar gekk innleiðingin tiltölulega best fyrir og þar var kerfið mest notað. Í einni þeirra komu þau öll neikvætt út. Þar mistókst innleiðingin og þar var kerfið mjög lítið notað. Í fimm hinna komu þemun þrjú ýmist jákvætt eða neikvætt út. Fylgni var á milli virkrar þátttöku og skilvirkrar innleiðingar kerfanna og góðrar notkunar þeirra.

Gildi rannsóknarinnar er tvíþætt. Annars vegar hefur verið aflað nýrrar þekkingar á því hvort og að hvaða leyti starfsfólk er haft með í ráðum varðandi innleiðingu rafrænna skjalastjórnarkerfa í skipulagsheildum á Íslandi. Það hefur í för með sér að hægt er að læra af mistökum þeim sem gerð voru varðandi takmarkandi þátttöku starfsfólks á innleiðingartíma. Hins vegar gefur hún innsýn í daglegt líf og starf starfsfólks í skipulagsheildum svo og hvað veldur því að það notar eða notar ekki þá nýju tækni sem ætlunin var að innleiða. Þeim þætti rannsóknarinnar verður þó ekki gerð frekari skil hér.

Heimildir

ARMA International (2004). Framework for integration of electronic document management systems and electronic records management

systems (ANSI/AIIM/ARMA TR48-2004): Technical report. Lenexa, KS: ARMA International.

Brittain, M. (Ritstj.). (1992). *Integrated information systems*. London: Taylor Graham.

Coch, L. og French, J. R. P. (1948). Overcoming resistance to change. *Human Relations, 1*, 512-532.

Denzin, N. K. og Lincoln, Y. S. (Ritstj.) (1994). *Handbook of qualitative research*. Thousand Oaks, CA: Sage Publications.

Emerson, R. M., Fretz, R. I. og Shaw, L. (1995). *Writing ethnographic fieldnotes*. Chicago, IL: The University of Chicago Press.

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston, MA: McGraw-Hill.

Gorman, G. E. og Clayton, P. (1997). *Qualitative research for the information professionals: A practical handbook*. London: Library Association.

Hayes, J. (2002). *The theory and practice of change management*. New York, NY: Palgrave.

Hayes, J. og Hyde, P. (1998). *Managing the merger: A change management simulation*: Novi, MI: Organisation Learning Tools.

Hunton, J. E. og Beeler, J. D. (1997). Effects of user participation in systems development: A longitudinal field study. *MIS Quarterly, 21*(*4*), 359-388.

King, N. (1999). The qualitative research interview. Í C. Cassell og G. Symon (Ritstj.), *Qualitative methods in organizational research: A practical guide* (bls. 14-36). Thousand Oaks, CA: Sage Publications.

Kotter, J. P. (1996). *Leading change*. Boston, MA: Harvard Business School Press.

Kotter, J. P. (1995). Leading change: Why transformation efforts fail. *Harvard Business Review, 73*(2), 59-67.

Kvale, S. (1996). Interviews: An introduction to qualitative research interviewing. Thousand Oaks, CA: Sage Publications.

Laudon, C. L. og Laudon, J. P. (2002). *Management information systems: Managing the digital firm*. (7. útg.). Upper Saddle River, NJ: Prentice Hall.

Lawrence, P. R. (1975). How to deal with resistance to change. Í Harvard Business Review: *On management*: [Greinar sem þá þegar höfðu verið birtar í Harvard Business Review í 25 ár] (bls. 390-405). New York, NY: Harper & Row.

Morse, J. M. (1994). Designing funded qualitative research. Í N.K. Denzin og Y.S. Lincoln (Ritstj.), *Handbook of qualitative research* (bls. 220-235). Thousand Oaks, CA: Sage Publications.

Schwandt, T. A. (1997). *Qualitative inquiry: A dictionary of terms*. Thousand Oaks, CA: Sage Publications.

Sigurður Kristinsson (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161-180). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Silverman, D. (2000). *Doing qualitative research: A practical handbook*. London: Sage Publication.

Smyth, Z. A. (2005). Implementing EDRM: Has it provided the benefits expected? *Records Management Journal, 15*(*3*), 128-130.

Strauss, A. og Corbin, J. (1998). Basics of qualitative research: Techniques and procedures for developing grounded theory. (2. útg.). Thousand Oaks, CA: Sage Publications.

Taylor, S. J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. (3. útg.). New York, NY: Wiley and Sons.

Traut, E. M. (2001). *Qualitative research in IS: Issues and trends*. Hershey, PA: Idea Group.

Changes in publishing and LIS work in Iceland

Stefanía Júlíusdóttir

Organization of publications in Iceland into commercial and grey literature (GL) is studied. The difference, between these two publication types, in purpose of their publishing, promotion, bibliographic accessibility, and access to the items themselves makes changes in their proportional output, an important issue for library staff, because, these changes will affect, their working environment, and possibly career opportunities. Due to space limitations, this paper has, been cut down by half.

Levels of organization

Through time, systematic organisation of knowledge, has been practised by all humans, primitive as well as progressed, and a distinction, made between organisation on the macro-level and organisation on the micro-level (Burke, 2000).

On the macro-level, classification into publicly accessible and publicly non-accessible knowledge was a recurrent distinction in Early Modern Europe (Burke, 2000). The macro-level classification, at present, into knowledge in record centres and archives (i.e. mainly primary sources) versus knowledge in libraries (i.e. mainly secondary sources) is in line with this distinction.

On the micro-level, increased importance of knowledge brought with it more sophisticated ways of organisation, in particular, of published knowledge. The micro-level approach to organisation of published knowledge became an international issue in the 20th century.

Publishing

Access to written knowledge, is decided, on several stages. First, it is decided whether to make the knowledge public by publishing, if so it calls for a decision on the genre of the publication. As argued by Bazerman (1988) there are, besides the genres of fiction, numerous genres of publications of non-fiction.

The publication genre is important for all potential users, and even more so, for library staff who will have to acquire or access the material for clients. The purpose of publishing the item at hand governs the decision on the genre.

There are several purposes of publishing: Profit making, informing the public, informing sponsors, promoting ideas and policies of various bodies, providing a working tool, etc. Different types of publishers publish different genres of publications.

Definition of a publisher: 'A business or body paying the cost of the publication' (Skráningarnefnd, 1970). Publishers fall into two broad categories. **Commercial publishers** issuing commercial publications, distributed through commercial distribution channels, and, **non-commercial publishers** issuing GL, not distributed through commercial publication channels (Gardner, 1981).

Publications of commercial publishers are merchandise sold for profit. Abroad, there are various kinds of commercial publishers, e.g. scientific publishers, dictionary publishers, paperback publishers, literature publishers, etc. Publishing is their main activity. In Iceland, specialization in commercial publishing is limited, due to the smallness of the market.

There are different definitions of GL, the one used here is: GL is that, which is issued on all levels of government, academics, business, industry, and, **any other kind of issuing body.** In print, electronic, **or other** formats, but, which is not controlled by commercial publishers, *i.e. where publishing is not the primary activity of the producing body.* (Alberiani, Pietrangeli et al., 1990) (http://www.nyam.org/library/greywhat.shtml) (http://www.greynet.org). Examples of GL are conference proceedings, guidelines, reports, theses, newsletters, and other material not distributed through traditional commercial distribution channels (Alberiani and De Castro, 2001). Bibliographic control is often missing and the publications themselves are

unavailable to users, particularly when they become older. In fact, GL often has to be acquired, directly from the publisher or author.

Unlike the practice in some other countries (Alberiani and De Castro, 2001), the Icelandic National bibliography traditionally covered both commercial publishing and GL. Hence, the lack of bibliographic control and availability of the actual items is due to publishers' (commercial or grey) ignorance of the legal deposit act. All GL has potential research value, contemporary and retrospective.

Problem

In a society where an increased emphasis is placed on basing decisions on knowledge in various sources besides commercial publications, access to bibliographic information and the availability of all genres of publications is of vital importance.

The importance of analysing the publishing output lies in the difference in bibliographic accessibility and availability of items, according to whether, they are commercial or grey. A change in the proportion of the output of these two publication types means a change in the working environment, and even career opportunities of library staff. Here, the type of library matters, in special and research libraries there is more demand for GL from all over the world, than in public libraries.

Research questions

1. Has proportion of grey versus commercial publications in Iceland changed since 1944?
2. What has the percentage of the genre of the international journal article been in Iceland since 1979, as recorded in the Web of Science (WoS)?
3. To what extent have Icelanders attempted to use patents as a way of disseminating new knowledge since 1944?
4. How do these developments affect working conditions and career opportunities in the LIS-sector in Iceland?

Years of sampling

The years of sampling are 1944, 1969, 1979, 1989, and 2001, were, chosen with regard to special happenings likely to affect research and literary output.

Data collection

1. The National and University Library of Iceland (NULI), kindly delivered information in e-format on publications issued in Iceland in the sampling years.
2. Number of items published for the international scholarly market, by authors residing in Iceland, in WoS, 1979, 1989 and 2001.
3. Data on the number of applications by Icelanders for patents to the Icelandic Patents Office was kindly granted by the Patents Office. Applications for patents abroad were located at the OECD, and the USTOP webs.
4. Information on Icelandic standards was kindly granted by the Icelandic Standards Office.

Assumption

For the task of analysing the data, I assume, that the publisher type does indicate whether the publisher is grey or commercial. Thus, a production company for example, will issue GL items and a commercial publishers, commercial items.

Analysis

Available data on the output of secondary knowledge in Iceland over a period of 57 years (1944, 1969, 1979, 1989, and 2001) is analysed for changes in the proportion of grey versus commercial publications.

Publications in Iceland

Each edition is counted, even when more than one appeared the same year. Periodic publications are, only counted once, their starting year. Items printed in Iceland for foreign publishers are, not counted. Publication of maps, other than in book-form, was not analysed, and neither were sound recordings.

Publications issued each study year were put into two broad categories:

1. Category A: Commercial publications, issued by, named commercial publishers, the authors themselves or their relatives. Distinction between categories A and B is made on the assumption that commercial publishers and authors publish with the primary aim of selling through commercial book trade channels. Items issued by publishing presses of institutions, e.g. the academic publishing press of the University of Iceland belong to this category.
2. Category B: GL. Publications issued by all kinds of institutions, organisations, associations, universities, and others whose primary function is something else than publishing. Items issued by the University of Iceland, its faculties and departments and not by its academic press, belong to this category.

A telephone conversation with a spokesman of the main research book store in Iceland, the University Bookstore (Bóksala stúdenta) confirmed the decision of making this division when analysing the data in the fashion described above (Kristín Gísladóttir, 2002), and so did telephone conversations with store managers of two of the largest bookstores in Iceland.

The international scholarly journal article

WoS (the SCI-Expanded, SSCI and A&HCI indexes), is the only source used for publications on the international market, by authors residing in Iceland. Attempts to get information on Icelandic literature published abroad failed.

The searches were, made on the 15th of July 2002. Each of the indexes was, searched separately for each of these years, 1979, 1989, 2001. The indexes were, also searched all in one search for each year. The combined search yielded a slightly lower number of publications than the sum of searching the three indexes separately. This is probably due to a slight

overlap in the indexes. The findings used here are the ones for the combined search. This search does not yield publications by Icelanders residing abroad at the time of publishing.

Patents

Data on the number of Icelandic patent applications was gathered to get an indication of what percentage of Icelandic research work is directed at practical applications or industrial production.

Icelandic standards

Due to international co-operation, few standards, originating in Iceland, are issued. In total five Icelandic standards were issued during the sampling years, they are, too few, for inclusion.

Limitations

The findings of a study like this can at the best give an indication of the developments (Ólafur F. Hjartar, 1968; Hildur G. Eyþórsdóttir, 1997), because obtaining all information needed is difficult, if not impossible.

The study is limited to paper-publications. Before January 2003, the Icelandic legal deposit act only covered paper-publications and sound recordings, not e-publications. No information was therefore available on e-publications, at the data collection in 2002.

Easier methods for in-house-publishing have made it more difficult for NULI to maintain bibliographic control, thereby it is less possible to know the absolute number of publications issued in any given time span. Furthermore, only the e-information received from NULI was available on 2001-publications, the National 2001-bibliography had not yet been issued. Because it may take years for legal deposits of GL to find their way to NULI, it is likely that some of the 2001-publications had not been delivered, and that some of the delivered 2001-publications had not been catalogued. Therefore, a smaller percentage of 2001-publications will have been available for the study than for the other sampling-years.

When cleaning the e-data from NULI, the author noticed some publications from years other than the sampling-years. These were, deleted but their appearance, leads one to suspect that likewise some of the publications of the sampling-years may have been missing.

Only WoS-data, is used for international appearance of publications by authors residing in Iceland. This does not cover all publications abroad by Icelanders. Unfortunately, it proved impossible to get information on publishing of Icelandic literature abroad. However, according to the director of the largest publisher Edda, the company's strategy was to market Icelandic literature abroad (Páll Bragi Kristjánsson, 2004). Inclusion of patent applications is limited to the sources, named above.

In spite of these shortcomings, it is hoped, that the study does give a reasonable indication of the developments of public knowledge output in Iceland for the domestic and international markets.

Literature review

Central to this study are two books: *A social history of knowledge* by Peter Burke (2000) and *Shaping written knowledge* by Charles Bazerman (c1988). Bazerman describes how the genre of the experimental article in science came into being as a new tool for scientific communication and its development. The book is central to the study because, theoretically it provides a means of focusing on what to study, i.e. to analyse the intellectual output of publishing according to whether issued by commercial or GL publishers.

Burke studies the organisation of knowledge in Europe from the invention of printing to the publishing of the French Encyclopédie, in particular the knowledge possessed by European intellectuals, and changes occurring in knowledge organisation during this time. Burke highlights the classification of knowledge and information both on the macro- and micro-level. He provides historical context, and insight into historical developments necessary to place the study in context of contemporary knowledge organisation, and the framework for analysing contemporary organisation of knowledge on different levels (i.e. macro- and micro-level).

Two articles on publishing in Iceland provide an excellent overview over a 110-year period, Ólafur F. Hjartar covers 1887-1966, and Hildur G. Eyþórsdóttir, 1967-1996. Neither of them addresses publishing of commercial versus GL. Both discuss the National Bibliography's difficulty in getting hold of publications issued by non-commercial publishers, and

therefore research on the publishing output can only give indicative findings (Hjartar, 1968; Eyþórsdóttir, 1997).

The Association of Icelandic Publishers has commissioned studies of Icelandic publishing. Although, valuable per se, they focus on the output of commercial publishers and not the development of commercial versus grey publishing (Skýrsla fyrir Félag …, 1995; 2003).

The author found no studies, similar to the one attempted here, in LISA. Cesare (1996) studies citations in the field of agricultural economics, and analyses them by the genres: report, thesis, pre-print, producer, and date. Citations are, categorized into three types: dark, medium, and light grey to differentiate between levels of availability and accessibility.

Three articles, stress the importance of GL, and, that the problem of providing GL is not new. They describe national organisations, in Europe, and the United States operating information services on GL. Debachere, furthermore quotes estimates of the share of GL to be over 20%. (EAGLE: http://www.kb.nl/infolev/eagle/frames.htm) (SIGLE, 2005) (Lankenau, 1993; Debechere, 1995; Wessels, 1997).

There are, according to Wessels, three types of literature with regard to the ease of access to bibliographic information and the items themselves. White, which is well documented internationally and easily accessible; grey, which is not available through traditional distribution channels of publications; and black, which, according to this categorization is usually only accessible for 'insiders', i.e. those belonging to the issuing body. By establishing SIGLE, GL was, made white with regard to access. He, furthermore argues that the advent of grey e-publications on WWW will make access to GL easier and that researchers should be taught about such resources during their training (Wessels, 1997).

Findings

The main findings are summarised in the following table:

Table 1. Overview of developments from 1944-2001 in publishing of commercial versus GL, the genres of international journal articles and patent applications by authors residing in Iceland

Year of publication	**1944**	**1969**	**1979**	**1989**	**2001**
No issued by commercial publishers in Iceland	204	357	558	884	727
No issued by commercial publishers abroad, WoS	NA	NA	64	122	452
Total issued by commercial publishers	204	357	622	1006	1179
No issued by GL publishers in Iceland	193	530	1021	862	1961
Total issued in Iceland	397	887	1643	1868	3140
No of patent applications in Iceland	7	26	9	18	49
No of patent applications abroad from Iceland	NA	4	5	7	72
Total output in Iceland inc. WoS	**404**	**917**	**1657**	**1893**	**3261**
% issued by commercial publishers in Iceland	50.5	38.9	33.6	46.7	22.3
% issued by commercial publishers abroad	NA	NA	3.9	6.4	13.9
% issued by commercial publishers in total	50.5	38.9	37.5	53.1	36.2
% issued by GL publishers in Iceland	47.8	57.8	61.6	45.5	60.1
% of patent applications	1.7	3.3	0.8	1.3	3.7

During the study period, commercial publishers in Iceland issued proportionally less of the total output, while, commercial publishers abroad, even, when only considering WoS-publications, issue more.

From 1944 to 1979, the proportion of GL increases but seems to decrease again after 1989. The number of commercial publications decreases by almost 18% between 1989 and 2001. While these findings seem unlikely, and should be investigated, they may reflect changes in production methods facilitating easier in-house production of GL resulting in less complete deliveries to NULI. Furthermore, it is likely that, in 2001, these findings signify that e-publishing is taking over the GL-area, which may partly explain why the % of GL does not rise from 1979 to 2001.

With regard to production techniques, I assume, that information was available on almost all 1944 and 1969-publications. I do, however, suspect that changes in production methods since the seventh decade of the 20th century, making in-house publishing ever easier, have resulted in a larger portion of publications being delivered late or not at all to NULI due to ignorance of the deposit law by publishers and producers alike. Therefore, the percentage of potential GL should probably be higher especially for 1989 and 2001, than the findings indicate. In Iceland Debachere's estimate, of GL amounting to over 20% is far too low (1995).

Using Wessels categorization of publications into grey, white and black, traditional grey literature should hardly exists in Iceland, because NULI has, as a deposit library, duty to include all publications in the National Bibliography and make them publicly accessible. However, not all publications are, delivered promptly to NULI, within the deadline given in the Legal deposit act, hence they become grey until delivered, sometimes for years. In the third category are the black items not delivered at all, and never appearing in the National Bibliography, thereby becoming completely inaccessible, bibliographically and otherwise.

The total number of publications, of the sampling years, in table 1 differs from the numbers in the articles by Hildur and Ólafur. Possible explanation is that when libraries of issuing bodies of GL were catalogued in Gegnir, the union catalogue of Icelandic libraries, a lot of in-house publications which had not been delivered to NULI became visible, as had been anticipated when ideas of a union catalogue were first put forward (Stefanía Júlíusdóttir, 1986).

The number of patent applications to the Icelandic Patents Office was high in 2001, although not as high proportionally as in the year 1969, and patent applications are increasingly aimed at international applications.

The findings indicate that in 1944, the task of most library staff would almost entirely have been that of serving leisure needs of the population. By 2001, however, libraries and their staff had become partners in creation of new scientific knowledge. This is, supported by the development of new research institutions, and universities, along with increasing number of special, research and university libraries during this time. Which, in turn reflects the move of the nation, from being an agricultural, and fishing nation, around the middle of the 20th century, to becoming a nation of services, and commerce by 2001 (Rannsóknaráð ríkisins, 1976; Hagskinna, 1997; Landshagir, 2002).

The effect of these developments on the working environment in the LIS-area in Iceland, assuming that they work mainly with publications (secondary sources), is that:

- Library staff has to use foreign information sources e.g. databases increasingly, also to retrieve knowledge produced in Iceland, to satisfy clients' needs. This calls for a good knowledge of foreign languages as well as librarianship
- Library staff has to have a good subject knowledge in subjects classified outside the 800 DDC-class, as an ever larger percentage of publications lay outside that class

- Library staff has to have good knowledge of computer work, international standards and de-facto standards for organisation and access, if not for organizing then for retrieval of needed items. This applies, to professional standards and de-facto standards issued by IFLA, as well as library associations, and international standards issued by ISO, EN, and others.

  It is emphasized that these findings are only indicative of the developments.

Discussion

With the advent of the printing press in Europe, knowledge was categorized, in two broad categories on the macro-level, i.e. publications versus archival material. With the advent of e-medium, this distinction becomes blurred. Much of the material made public on the WWW has not gone through the editorial process, which traditionally make a publication a publication. Therefore, extra emphasis should be placed on quality control in the LIS-area.

Furthermore, NULI's method of sampling for preservation, is the one used in archives, when they lack space (Nilsson, 1973). NULI's harvesting only samples of e-GL (Kristinn Sigurðsson, 2006; Ingibjörg Sverrisdóttir, 2006), signifies a big change in the completeness of research material preserved for posterity. Although, contemporary e-publications may be easier to come by when published on WWW, as argued by Wessels, retrospective access may become impossible, in case publications are neither collected by NULI nor kept by the issuing body. At the same time genres in the GL area, form a growing part of the publication output and are ever more important.

Reminiscent of the creation and development of learned journals, in the wake of the discovery of the printing press in Europe (Bazerman, 1988; Eisenstein, 1997), new genres of publishing are coming into being with the advent of e-publishing. Examples are the genres of wikis, homepages, bloggs, etc., and, their creators may also provide the needed access terms for them to be retrievable by the use of folksonomies (Quintarelli, 2005), which do not follow any professional LIS standards.

Thus, the task of making knowledge and information, in the new genres public is, not controlled by publishers, and, managed by editorial specialists,

nor, is the organization of access, bibliographic and otherwise, organised by library and information scientists.

Conclusions

During the last quarter of the 20th century to the beginning of the 21st, social changes called for an increase in services of special and research libraries in Iceland causing a change in the working environment and career opportunities of library staff.

At the onset of the 21st century, the advent of e-medium is changing the working environment and career opportunities of library staff in an even bigger way. It is possible to provide direct online services to e-publications and thereby eliminate libraries and their staff. Such plans are already underway (Harder, 2006).

The new technology has low cost barriers allowing the masses to take part in knowledge creation, and world-wide distribution, in a way unprecedented in human history. The masses are developing new genres and new ways of organization for retrieval.

The questions that arise are: How will it affect the social position of LIS, in the future, that they may not harbour as much of knowledge and research material as now? And, how will it affect the role and standing of librarians, if LIS standards (issued by IFLA, ISO, or others), will only be used to organize access to a portion of the material made public?

Bibliography

Alberiani, V., Pietrangeli, P. D. C. and Massa, A. M. R. (1990). The use of grey literature in health sciences: a preliminary survey. *Bulletin of the Medical Library Association*, *78*(4), 358-363.

Alberiani, V. and P. De Castro (2001). Grey literature from the York seminar (UK) of 1978 to the year 2000. *INSPEL* 35, 236-247.

Bazerman, C. (c 1988). *Shaping written knowledge: the genre and activity of the experimental article in science.* Accessed at: http://aw.colostate.edu/books/bazerman_shaping, on the 28th of February 2002. Originally published in print, 1988, by the University of Wisconsin Press, Madison, Wisconsin

Bókaútgáfa á Íslandi árið 1994: skýrsla gerð fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda. (1995). Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Burke, P. (c 2000). *A social history of knowledge: from Gutenberg to Diderot : based on the first series of Vonhoff Lectures given at the University of Groningen (Netherlands*). Cambridge: Polity Press.

Cesare, R. D. and Sala, C. (1996). The use of grey literature in the agricultural economics field: a quantitative analysis. In: *Proceedings of the Second International Conference on Grey Literature, Amsterdam, Washington, DC., 2-3 November 1995*, edited by D. J. Farace, Amsterdam, Netherlands, TransAtlantic, Grey Literature Network Services, 1996, p. 157-68 (Abstract cited, due to lack of access to the whole article)

Debechere, M. C. (1995). Problems in obtaining grey literature. *IFLA journal*, *21*(2), p. 94-98.

Eisenstein, E. L. (1997). *The printing press as an agent of change: communications and cultural transformations in early-modern Europe*. Cambridge: Cambridge University Press.

Gardner, R. K. (1981). *Library collections: their origin, selection and development*. New York: McGraw-Hill.

Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (1997). *Hagskinna*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Harder, B. (2006). Close your books: cuts, shutdowns loom for EPA libraries. *Science news*, *170*(3), 35.

Hildur G. Eyþórsdóttir (1997). Íslensk bókaútgáfa í 30 ár: 1967-1996. *Ritmennt*, *2*, 76-80.

http://www.oecd.org/dataoecd/49/54/37152398.xls. Accessed 8.9.2006

http://www.uspto.gov/web/offices/ac/ido/oeip/taf/appl_yr.pdf

Ingibjörg Sverrisdóttir (2006). Rammi um vefsöfnun. Erindi flutt 22. febrúar 2006 á Fræðslufundi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns um vefsöfnun.

Íslensk bókaskrá = The Icelandic national bibliography 1979 and 1989. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands.

Íslensk rit 1944 [Icelandic publications 1944] (1945). In: *Landsbókasafn Íslands. Árbók 1944*. Reykjavík, 1945. Pp. 13-44

Íslensk rit 1969 [Icelandic publications 1969] (1971). In: *Landsbókasafn Íslands. Árbók 1970*. 27. Ár .Reykjavík , 1971. Pp. 15-91

Kristinn Sigurðsson (2006). Vefsöfnun á Íslandi. Erindi flutt á Fræðslufundi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, um vefsöfnun, 22. febrúar 2006

Kristín Gísladóttir (2002). [Um sölu grárra útgáfurita á Íslandi. Símtal, júlí 2002. KG. er starfsmaður Bóksölu stúdenta].

Landshagir (2002). Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Lög um skylduskil til safna nr. 43, 16. maí 1977

Lög um skylduskil til safna, nr 20, 20. mars 2002

Lankenau, I. (1993). Grey - but available: the System for Information on Grey Literature in Europe (SIGLE). *IATUL proceedings (new series)*, *23*(2), 149-156.

Nilsson, N. (1973). *Arkivkunskap*. Lund: Studentlitteratur.

Ólafur F. Hjartar (1968). Íslenzk bókaútgáfa 1887-1966. *Árbók Landsbókasafns Íslands*, *24*, 137-[144].

Páll Bragi Kristjánsson (2004). Eiga við óreiðu fortíðar. *Morgunblaðið*, 6.

Quintarelli, E. (2005). Folksonomies: power to the people. Milan, Italy: ISKO.

Rannsóknaráð ríkisins. *Skipulag upplýsingamála á Íslandi* (1976). Reykjavík, R.r.

Skrá um íslensk bókasöfn = A directory of Icelandic libraries. (1987). Reykjavík, Samstarfsnefnd um upplýsingamál.

Skráningarnefnd Bókavarðafélags Íslands (1970) *Skráningarreglur bókasafna*. Reykjavík: Bókavarðafélags Íslands. Preliminary edition.

Skýrsla fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda: áfangaskýrsla. (2003). Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Stefanía Júlíusdóttir (1986). Gagnabrunnur bókasafna og DOBIS/LIBIS. *Bókasafnið*, *10*, 12-18.

http://www.landskerfi.is. Retrieved May, 8th 2006

Wessels, R. H. A. (1997). Het belang en togankelijkheid van grijze literatuur. [The importance and accessibiblity of grey literature]. *Informatie professional*, *1*(3), 28-30, 32.

Búseta - verkmenning - virðing starfa

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir
Guðrún Á. Stefánsdóttir

Þegar náms- og starfsráðgjafar vinna að náms- og starfsvali með ungmennum blasir við samspil einstaklings og umhverfis og hve margt í umhverfinu ýmist hvetur þau eða letur til að sjá möguleika í lífinu. Náms- og starfsráðgjafar sem starfa á landsbyggðinni verða óneitanlega varir við að búseta skiptir máli í náms- og starfsvali. Innan náms- og starfsráðgjafarfræðanna beinast rannsóknir þó oftar að einstaklingsmun og lítið hefur verið fjallað um áhrif búsetu á starfsval og hvort eða hvernig búseta hafi áhrif á það hvernig hugsað er um störf (Hartung, Porfeli og Vonderacek, 2005). Í þessari grein er sjónum beint að áhrifum búsetu á það hvernig hugsað er um störf. Fyrst er greint frá því hvað rannsóknir segja okkur um menntun fólks í dreifbýli og þéttbýli. Þá er sagt frá því að kenningar í náms- og starfsráðgjöf hafi verið gagnrýndar fyrir að gefa félagslegum áhrifsþáttum á starfsþróun ekki nægilegan gaum, hvorki í rannsóknum á náms- og starfsvali eða hugsun um störf í samfélaginu.Í þessari rannsókn er horft til habitus-kenningar franska félagsfræðinsins Pierre Bourdieu (1993) og litið svo á að hugsun um störf eigi sér rætur í félagslegu umhverfi einstaklinga og sjónum beint sérstaklega að áhrifum búsetu á starfshugsun ungmenna.

Val á námi og búseta

Ungmenni á Íslandi alast upp við að „mennt er máttur“. Að mennta sig hefur því ákveðna virðingu, bókleg menntun nýtur meiri virðingar en verkleg menntun og stúdentum hefur fjölgað alla öldina (Jón Torfi Jónasson, 1996, 1992) og er það í samræmi við virðingu þeirrar menntunar. Sem náms- og starfsráðgjafar þekkjum við mörg dæmi þess að foreldrar vilja að börn sín ljúki fyrst stúdentsprófi, þrátt fyrir að börnin kjósi frekar að verða húsasmiður eða hársnyrtir og vilji hefja það nám eftir grunnskóla.

Rannsóknir sýna að það er munur á starfsvali íslenskra ungmenna eftir búsetu þeirra (Gerður Óskarsdóttir, 2000; Jón Torfi Jónasson, Kristjana Stella Blöndal, 2002; Jón Torfi Jónasson, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2002). Ungmenni frá landsbyggðinni eru tvisvar sinnum líklegri til að velja verk- og starfsnám en höfuðborgarungmennin og einnig eru ungmenni sem búa nálægt framhaldsskóla líklegri til að velja stúdentspróf en ungmenni sem búa fjarri framhaldsskóla (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Athygli vekur að fleiri ungmenni af landsbyggðinni velja iðn- og starfsnám. Þetta sýnir að einhver munur er á námsvali nemenda eftir búsetu. Svipað hlutfall ungmenna á Íslandi hefur nám í framhaldsskóla (90%) eins og á hinum Norðurlöndum en mun færri ljúka hér námi. Sá munur á rætur að rekja til þess að færri ljúka starfsnámi hér en á hinum Norðurlöndum (Gerður Óskarsdóttir, 2000). Rannsóknirnar sýna einnig að þeim sem velja starfsnám fækkar sífellt (Gerður Óskarsdóttir, 1995; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Þá er athyglisvert að höfuðborgarungmenni velji frekar nám út frá áhugasviði en landsbyggðarungmenni velji oftar nám vegna nálægðar við framhaldsskóla (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Námsárangur ungmenna er einnig ólíkur eftir búsetu (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002: Námsmatsstofnun, (e.d.)).

Í kenningum um félagslega samvirkni (Giddens, 1991) er gerður greinarmunur á frumhópatengslum og fjarhópatengslum. Þorpið er gott dæmi um frumhópatengsl. Þar bindast menn persónulegum tengslum og allir þekkja alla. Þannig er t.d. hjúkrunarfræðingurinn, Anna, mamma hans Palla og bankagjaldkerinn er aðal píanóleikari þorpsins. Í fjarhópatengslum, eins og í borgarsamfélaginu, eru tengsl fólks ópersónuleg og menn koma saman í einhverjum sérstökum tilgangi sem tengist t.d. sérfræði starfsins, s.s í nefndum. Ekki er ólíklegt að þessi fjarhópa- og frumhópatengsl hafi áhrif á hvernig hugsað er um störf á ólíkum búsetusvæðum.

Á undanförnum áratugum hefur íslenskt samfélag tekið miklum breytingum þar sem íbúum hefur fækkað mjög í sjávarþorpum vegna kvótakerfis og breyttra atvinnuhátta (Byggðastofnun, e.d.). Þeir sem eru á miðjum aldri eiga allflestir sterkar rætur á landsbyggðinni eða hafa verið í sveit og hafa alist upp við verkmenningu. Nú er að alast upp kynslóð sem að stórum hluta á rætur sínar í borgarmenningu og hefur lítil tengsl við landsbyggðina nema sem ferðamenn. Allt eru þetta vísbendingar um að verkmenning gæti verið að breytast enn frekar í landinu.

Rannsókn Gylfa Arnbjörnssonar (1989, sjá í Stefán Ólafsson, 1997) bendir til að mikill munur sé á Íslandi á atvinnuháttum og menntunarkröfum í ákveðin störf eftir búsetu og að langstærstur hluti starfa í sjávarbyggðum

landsins séu frekar frábrotin og krefjist ekki mikillar menntunar. Ungmenni á landsbyggðinni standa því oft frammi fyrir því að með vali á langskólanámi velji þeir um leið að hverfa burt af sínum æskustöðvum og það veldur þeim streitu (Collett, 1997).

Rannsóknir á starfshugsun

Rannsóknir á starfshugsun (occupational conceptualisation) eru fræðilegt sjónarhorn þessarar rannsóknar, en þær beinast að því að greina hvernig fólk hugsar um eða skynjar störf (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2004; Sharf, 2002). Starfshugsun er talin vera grundvallarþáttur í þróun starfsferilsins og er talið að þessi hugsun komi skipan á ytri veruleika starfanna (Shivy, Rounds og Jones, 1999). Þá er starfshugsun einnig talin vera undirstaða starfsáhuga og starfsþróunar (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2004; Shivey, Rounds og Jones, 1999). Samheiti við starfshugsun er starfsskynjun og á hún við hugsunina um störf almennt í samfélaginu.

Innan bæði sálarfræði- og félagsfræði hafa þau viðhorf verið ríkjandi að allir hugsi í aðalatriðum eins um störf og við sjáum störfi á svipaðan hátt (Goldthorpe, Hope, 1974; Gottfredson, 1994). Guichard, Devos, Bernard, Chevalier, Devaux, Faure, Jellab og Vanesse (1994) og Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (2003) hafa þó gagnrýnt þessa sýn og byggt á *habitus* kenningu franska félagsfræðingsins Bourdieu.

Hin síðari ár hafa fræðimennirnir (Stead, 2004; Savickas og Lent, 1994) og (Borgen, 1999; Farmer, 1997; Savickas og Spokane, 1999) gagnrýnt að kenningar í náms- og starfsráðgjöf séu of einsleitar og hvetja til að horft verði með öðrum augum á ráðgjöf með meiri margbreytileika í huga. Líta þurfi meira til þeirra félagslegu þátta sem hafa áhrif á starfshugsun (Guichard og fél., 1994; Swanson og Gore, 2000). Í sama streng tekur Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (2003, 2004, 2005) en hún rannsakar *habitus* íslenskra ungmenna og starfshugsun og kemst að því að þrátt fyrir að úrtakið hafi verið þjóðernislega einsleitt (íslensk ungmenni öll í sama skólakerfi) þá er félagslegur munur til staðar í hugsun ungmenna um störf.

Í dag má því segja að stefnan í rannsóknum á félagslegum áhrifum á starfsþróun sé sú að mörg ólík fræðileg sjónarhorn eru notuð til að skýra þessi áhrif t.d. kerfiskenningin (Patton og McMahon, 1999) og óreiðukenningin (Bright og Pryor, 2005). Ein þeirra leiða sem valin hefur verið til að skoða þessi áhrif er kenning félagsfræðingsins Pierre Bourdieu sem þróaði bæði hugtök og aðferðafræði sem hafa reynst notadrjúg í rannsóknum á

starfsþróun (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2003). Bourdieu taldi raunveruleikann samanstanda af tengslum og notar andstæðuhugsanir til að varpa ljósi á þessi tengsl. Hugsunin sem formgerir valdi hann að nefna veruhátt (*habitus*) sem skilgreina má sem hugsanaformgerð af félagslegum toga. Þessi hugsanaformgerð mótar það sem við gerum (þó ómeðvitað sé) og þessi veruháttur endurspeglast í viðhorfum fólks. Hugsanaformgerðin hefur því áhrif á hugsanir einstaklinga, reynslu þeirra, ákvarðanatöku og hvernig þeir skipuleggja og meta stöðu í ýmsum málum (Pierre Bourdieu, 1993), (sjá einnig í Guðbjörg Vilhjámsdóttir, 2004, 2003; Guichard og Casser, 1998; Wacquant, 1992). *Habitus* eða reynslan sem einstaklingurinn býr yfir gerir það að verkum að heimurinn verður merkingabær í augum hans. Sá sem elst upp í fjölskyldu þar sem iðn-og verkmenntir eru sýnilegar og gert hátt undir höfði er í annarri aðstöðu til að skynja auðkenni og aðgreina starfið frá öðrum störfum. *Habitus* verður því eins og ómeðvituð félagsleg leikni. Þannig verður hugsunin um störf ólík eftir því hver *habitus* viðkomandi er (Guðbjörg Vilhjámsdóttir, 2004). Athyglisvert er að nota *habitus*-hugtakið í náms- og starfsráðgjafarfræðum því það getur varpað ljósi á tengslin milli félagslegrar stöðu ungmenna og þess starfs sem þau velja. Í kenningu Bourdieu er búseta mikilvægur þáttur í *habitus* og er t.d. fræg rannsókn hans á einhleypum körlum til sveita (Bourdieu, 1962).

Í þessari rannsókn er horft til habitus-kenningarinnar og litið svo á að hugsunin um störf byggi á hugsanaferlum sem eigi sér rætur í félagslegu umhverfi og er sjónum sérstaklega beint að áhrifum búsetu.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni var hentugleikaúrtak 911 ungmenna í 10. bekk í 26 grunnskólum. Annarsvegar úr 13 sjávarplássum (n=413) víðsvegar að af landinu og hinsvegar af höfuðborgarsvæðinu (n=498). Úrtakið á landsbyggðinni var valið með hliðsjón af því að í bæjum og þorpum úti á landi er meginuppistaðan í atvinnulífinu sjósókn og fiskvinnsla. Þetta var gert til að skoða áhrif nánasta umhverfis á uppbyggingu og þróun starfshugsunar.

Gögnum var safnað haustið 1996. Brottfall var óverulegt eða um 2% og nær úrvinnslan því til 883 ungmenna.

Mælingar

Þátttakendur fengu lista með ellefu störfum sem þeir áttu að segja álit sitt á. Hvert starf var metið á 12 tvískauta kvörðum, t.d. var virðing sjómannsstarfsins metin með spurningunni: Að þínu mati er sjómannsstarfið: virðingarvert – ekki virðingarvert. Þátttakendur mátu síðan virðingu starfsins með því að merkja við á sjöskiptum kvarða. Störfin voru metin á tvípóla kvörðum, dæmi: Áhugavert – ekki áhugavert

Störfin sem spurt var um voru hvoru tveggja faglærð og ófaglærð störf, almenn störf og sérfræðistörf og kvenna- og karlastörf. Eftirtalin ellefu störf voru valin til athugunar: Bifvélavirki, flutningabílstjóri, grunnskólakennari, hjúkrunarfræðingur, læknir, rafsuðumaður, rafvirki, ritari, sjómaður, sölumaður og verkfræðingur. Sömu kvarðar og starfsheiti voru notaðir í þessari rannsókn og fyrri rannsókn Guichard og félaga (1994), utan tveggja starfsheita sem bætt var við þann lista. Störfunum sem bætt var við þeirra lista voru sjómaður og flutningabílstjóri og var það gert með íslenskan vinnumarkað í huga, sérstaklega úti á landi.

Úrvinnsla

Úrvinnsla gagnanna var í þrepum. Fyrst voru gögnin greind með Correspondence þáttagreiningu (Correspondence Factor Analysis/CFA) til að fá yfirlit yfir innbyrðis tengsl á milli starfa og kvarða. Hver kvarði fyrir sig var skoðaður með margbreytudreifigreiningu (MANOVA). Ekki er rúm til að greina frá niðurstöðum á öllum kvörðunum 12, en valdir þeir 6 kvarðar þar sem mestur búsetumunur kom fram í hugsun um störf.

Hægt er að sjá töluverðan mun á áhuga á störfum eftir því hvort ungmennin búa á landsbyggðinni eða á höfuðborgarsvæðinu (mynd 1). Starfshugsun ungmennanna var mæld á tvíhliða skölum. Dæmi um spurningu: Að þínu mati er þetta starf: áhugavert – ekki áhugavert?

Margbreytugreiningin sýnir marktækan mun á áhuga ungmenna eftir búsetu á störf rafvirkja $F\ (1, 833) = 30{,}676$, $p < 0.00$, flutningabílstjóra $F\ (1, 833) = 60{,}003$, $p < 0.00$, bifvélavirkja ($F\ (883) = 30{,}205$, $p < 0.00$, rafsuðumanna ($F\ (883) = 51{,}138$, $p < 0.00$, og sjómanna ($F\ (883) = 41{,}356$, $p < 0.00$. Marktækur munur kom einnig fram eftir búsetu á störf verkfræðinga, ritara og kennara.

Rannsóknin sýndi að landsbyggðarungmennin hafa aðra sýn en borgarungmennin á aðgengi að námi nokkurra starfa (mynd 2).



Mynd 1. Áhugi á störfum eftir búsetu



Mynd 2. Mat á hvort starf er auðvelt eða erfitt inngöngu (t.d. auðvelt nám, erfitt nám) eftir búsetu

Margbreytugreiningin sýnir marktækan mun á sýn ungmenna eftir búsetu á aðgengi að námi flutningabílstjóra F (1, 833) = 22,702, p< 0.00, bifvélavirkja (F (833) = 12,586, p< 0.00, lækna F (1, 833) = 16,842, p< 0.00, ritara (F = (833) = 15,588, p< 0.00, rafsuðumanna F (1, 833) = 24,797, p<

0.00 og sölumanna F (1, 833) = 16,179, p < 0.00. Marktækur munur kom einnig fram eftir búsetu á aðgengi að námi sjómanna.

Ungmenni á höfuðborgarsvæðinu meta að læknisnám sé erfiðara en landsbyggðarungmennin. Landsbyggðarungmennin meta á móti að nám flutningabílstjóra, bifvélavirkja, ritara, rafsuðumanna, sölumanna og sjómanna sé erfiðara en jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu gera (mynd 2).

Á mynd 3 sést að einnig er búsetumunur á því hvernig ungmennin meta virðingu starfa.

Margbreytugreiningin sýnir marktækan mun eftir búsetu á sýn ungmenna á virðingu starfa rafvirkja F (1, 833) = 14,101, p< .00, flutningabílstjóra F (1, 833) = 52,123, p< 0.00, bifvélavirkja F (1, 833) =16,108, p< 0.00, ritara F (1, 833) = 12,748, p< 0.00, rafsuðumanna F (1, 833) = 30,417, p< 0.00 og sjómanna F (1, 833) = 29,502, p< 0.00. Marktækur munur kom einnig fram eftir búsetu á störf kennara.



Mynd 3. Mat á virðingu starfa eftir búsetu

Landsbyggðarungmennin virða störf rafvirkja, flutningabílstjóra, bifvélavirkja, ritara, sjómanna og kennara meira en höfuðborgarungmennin (mynd 3).

Landsbyggðarungmennin meta ábyrgð nokkurra starfa ívið hærra á nokkrum störfum og áberandi er hve höfuðborgarungmennin meta ábyrgð flutningabílstjóra og sjómanna lægra (mynd 4).

Margbreytugreiningin sýnir marktækan mun á sýn ungmenna á ábyrgð starfa eftir búsetu á störf flutningabílstjóra F (1, 833) = 27,613, p< 0.00 og sjómanna F (1, 833) = 21,497, p< 0.00. Marktækur munur kemur einnig fram

eftir búsetu á sýn ungmenna á þá ábyrgð sem felst í störfum verkfræðinga, bifvélavirkja og rafsuðumanna.



Mynd 4. Mat á ábyrgð starfa eftir búsetu

Sýn ungmenna á atvinnutekjur starfa er þó nokkuð breytileg eftir búsetu og meta landsbyggðarungmennin almennt tekjur hærra en ungmenni á höfuðborgarsvæðinu (mynd 5).



Mynd 5. Mat á tekjum starfa eftir búsetu

Margbreytugreiningin sýnir marktækan mun á sýn ungmenna eftir búsetu á tekjur starfa rafvirkja F (1, 833) = 18,233, p< 0.00, flutningabílstjóra F (1, 833) = 25,523, p< 0.00, bifvélavirkja F (1, 833) = 15,287, p< 0.00, rafsuðumanna F (1, 833) = 14,002, p< 0.00 og kennara F (1, 833) = 21,284, p<0.00. Marktækur munur kom einnig fram eftir búsetu á tekjur hjúkrunarfræðinga. Landsbyggðarungmennin meta tekjur yfirleitt hærri en jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar sýn ungmenna á atvinnuöryggi starfa er skoðuð kemur fram munur eftir búsetu (mynd 6).

Margbreytugreiningin sýnir marktækan mun á sýn ungmenna eftir búsetu á atvinnuöryggi starfa rafvirkja F (1, 833) = 25,720, p< 0.00, bifvélavirkja F (1, 833) = 15,631, p< 0.00 og sjómanna F (1, 833) = 23,324, p< 0.00. Marktækur munur kom einnig fram eftir búsetu á sýn ungmenna á atvinnuöryggi rafsuðumanna.



Mynd 6. Mat á atvinnuöryggi starfa (trygg ráðning/ótrygg ráðning) eftir búsetu

Umræða

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna búsetumun í því hvernig hugsað er um störf, s.s. hve áhugaverð þau eru eða hve mikil virðing er borin fyrir þeim. Þessar niðurstöður gefa til kynna að kerfisbundinn munur er á viðhorfum ungmenna eftir því hvort þau búa á höfuðborgarsvæðinu eða á

landsbyggðinni og að starfshugsun þeirra er ólík við lok grunnskóla. Þetta er í ósamræmi við þá hugmynd að að starfshugsun sé eins fyrir alla þjóðfélagshópa (Gottfredson, 1994, Stead, 2004; sjá einnig í Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2004; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðmundur Arnkelsson, 2003). Þessar niðurstöður falla því vel að kenningu Bourdieu (1993) en hann taldi að búseta væri ein meginvíddin í félagslegum veruhætti (*habitus*) fólks (Bourdieu, 1962) og að gildi fólks og smekkur væri ólíkur eftir stöðu í samfélaginu (Bourdieu, 1984). Guðbjörg Vilhjálmsdóttir hefur komist að sömu niðurstöðu um íslensk ungmenni (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2003; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson, 2003).

Það er athyglisvert að sú hugsun sem býr að baki náms- og starfsvali ungmenna mótast af búsetu þeirra og á sér greinilega félagslegar rætur. Áhrifamáttur umhverfisins er því mikill og er það umhugsunarefni að það eru sérstaklega verkamanna- og iðnaðarstörfin sem ungmennin líta ólíkum augum. Samkvæmt hugmyndum Bourdieu um félagslega ákvörðuð hugarferli bendir þetta til að ungmennin forðist eða laðist að ákveðnum störfum á grundvelli félagslegra áhrifa á starfshugsun þeirra. Einnig er athyglisvert að ungmennin meti háskólamenntuð störf með svipuðum hætti óháð búsetu.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að ungmenni af landsbyggðinni aðgreina betur þau störf sem um var spurt en ungmenni á höfuðborgarsvæðinu. Ungmennin líta iðnaðar- og starfsmenntastörfi ólíkum augum eftir því hvar þau búa. Ungt fólk á landsbyggðinni hefur mun meiri áhuga á verkamanna- og iðnaðarstörfum og meta þau störf meira en jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er athyglisvert að ungmennin meta háskólamenntuð störf og þjónustustörf með svipuðum hætti óháð búsetu. Ungmennin voru mun meira sammála í mati sínu á störfum kennara, verkfræðinga, sölumanna, ritara og hjúkrunarfræðinga. Ungmenni á höfuðborgarsvæðinu mátu þó læknastarfið með öðrum hætti. Þeir mátu aðgengi að læknanámi mun erfiðara og á kvarðanum þar sem spurt var um frítíma mátu þeir frítíma lækna mun minni en jafnaldrar þeirra á landsbyggðinni. Skýring á þessu gæti verið sú að í þorpssamfélaginu er læknirinn aðgengilegri og nálægari.

Þessar niðurstöður ríma saman við það sem fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós um námsval nemenda á landsbyggðinni. Leiða má líkum að því að þeir velji frekar iðn- og verkmenntabrautir í framhaldsskóla vegna þess að sýn þeirra á iðn- og verkmenntastörf er jákvæðari samanborið við unglingana á höfuðborgarsvæðinu.

Nærtækt er að leita skýringa á ólíkri sýn á verkamanna- og iðnaðarstörf með því að verkmenning á landsbyggðinni sé ólík því sem gerist á höfuð-

borgarsvæðinu. Landsbyggðarungmennin sem tóku þátt í rannsókninni eru frá sjávarbyggðum víðsvegar um landið. Ef reynt er að velta fyrir sér hvaða félagslegir þættir aðrir eru hér að verki má hugsa sér að ungmenni á landsbyggðinni séu í meiri tengslum við atvinnulífið og í meiri nálægð við fyrrgreindar starfsstéttir og hafi meiri vitneskju um hvað felst í þeirra störfum. Skynjun þeirra á þessi störf er því jákvæðari og félagslegar hugsanaformgerðir þeirra eða *habitus* gerir þeim kleift að skynja ýmsar hliðar á t.d. iðnaðarstörfum sem unga fólkið af höfuðborgarsvæðinu gerir ekki. Eins má benda á ríka verkmenningu á landsbyggðinni og þá hefð að unga fólkið taki þátt í störfum þeirra fullorðnu frá unga aldri, þó nú sé að verða breyting þar á.

Sá sem elst upp við frumhópatengsl í umhverfi þar sem störfin eru sýnileg er í annarri aðstöðu til að skynja auðkenni og aðgreina eitt starf frá öðru. Þannig verður hugsunin um störf ólík eftir því hvar viðkomandi býr. Þessu sýn er því spennandi viðfangsefni fyrir náms- og starfsráðgjafarfræðin og getur varpað ljósi á tengslin milli félagslegrar stöðu ungmenna og þess starfs sem þau svo velja sér..

Samkvæmt nýjustu kenningum í starfsþróunarfræðum (Savickas, 2004, 2006) þurfa skýringarlíkön um starfsval að taka bæði umhverfið og merkingarmyndun með í reikninginn. Ekki er lengur nægileg skýring á náms- og starfsvali að skoða eiginleika einstaklinga og eiginleika starfanna og athuga hver passar í hvaða starf. Niðurstöður þessarar rannsóknar renna einmitt stoðum undir þá skoðun að störfin hafi mismunandi merkingu eftir því hvert umhverfið er.

Niðurstöður gefa tilefni til að endurskoða náms- og starfskynningar sem ungu fólki er boðið upp á. Skoða þarf með ungmennum hvað er í boði í nánasta umhverfi þeirra og kynna sérstaklega þau störf sem ekki eru sýnileg. Leggja þarf ríkari áherslu á að kynna iðn- og starfsnám, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, og ljóst er að hér er verk að vinna fyrir náms- og starfsráðgjafa í landinu og svo þá sem sinna fræðslu á vegum iðnaðar- og starfsmenntafélaganna og stjórnendur menntamála í landinu.

Heimildir

Borgen, F. H. (1999). New horizons in interest theory and measurement: Toward expanded meaning. Í M. L. Savickas & A. R. Spokane (Ritstj.), *Vocational interests: Meaning, measurement, and counseling use* (bls. 383-411). Palo Alto, CA: Davies-Black Publishing.

Bourdieu, P. (1993). *Sociology in question*. London: Sage.

Bourdieu, P. (1962). Célibat et condition paysanne. *Etudes rurales 5/6*, 32-136.

Bourdieu, P. (1984). *Distinction. A social critique of the judgement of taste*. London: Routledge.

Bright, J. E. H. og Pryor, R. G. L. (2005). The chaos theory of careers: A user's guide. *Career Development Quarterly, 53*, 291–305.

Byggðastofnun (e.d.). Byggðaþróun og byggðaaðgerðir: Menntamál. Sótt 30. desember 2004 af http://www.byggdastofnun.is/Byggdathroun-Byggda-adgerdir/nr/125.

Collett, I (1997). Implication of Rural Location on Career Development. Í W. Patton & M. McMahon (Ritstj.), *Career Development in Practice:A System Theory Perspective* (bls. 71-82). Sydney: New Hobson Press.

Farmer, H. S. (1997). Introduction. Í H. S. Farmer og félagar (Ritstj.), *Diversity & women&#8217s career development: From adolescence to adulthood* (bls. 3-13). Thousand Oaks, CA: Sage.

Gerður G. Óskarsdóttir (2000). *Frá skóla til atvinnulífs*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Háskólaútgáfan.

Gerður G. Óskarsdóttir (1995). *The forgotten half: Comparison of dropouts and graduates in the early work experience: The Icelandic case*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Háskólaútgáfan.

Gottfredson, L. S. (1996). Gottfredson's theory of circumscription and compromise. Í D. Brown, & L. Brooks (Ritstj.), *Career choice and development (3. útg.)*, (bls. 179-232). San Francisco: Jossey-Bass.

Giddens, A. (1991). *Introduction to sociology*. New York: WW Norton College Books.

Goldthorpe, J. H./Hope, K. (1974). *The Social Grading of Occupations. A New Approach and Scale*, Oxford: Clarendon Press.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (2005). Habitus íslenskra unglinga. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VI. Fyrirlestrar af ráðstefnu viðskipta- og hagfræðideildar og félagsvísindadeildar* (bls. 77−86). Reykjavík: Félagsvísindastofnun - Háskólaútgáfa.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (2004). Ólík hugsun um störf eftir kynferði. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum V. Fyrirlestrar af ráðstefnu viðskipta- og hagfræðideildar og félagsvísindadeildar* (bls. 313–326). Reykjavík: Félagsvísindastofnun - Háskólaútgáfa.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (2003). *Social group differences in occupational conceptualisations: The relationship to career decision making and the relevance of careers education*. University of Hertfordshire. Óbirt doktorsritgerð.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson (2003). The interplay between habitus, social variables and occupational preferences. *International Journal for Educational and Vocational Guidance*, *3*, 137−150.

Guichard, J. og Cassar, O. (1998). Social fields, habitus and cognitive schemes: Study streams and categorisations. *Revue internationale de psychologie sociale, 1,* 123 − 145.

Guichard, J., Devos, P., Bernard, H., Chevalier, G., Devaux, M., Faure, A., Jellab, M., & Vanesse, V. (1994). Diversité et similarité des représentations professionnelles d'adolescents scolarisés dans des formations differents. *L'Orientation Scolaire et Professionnelle, 23,* 409 – 437.

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn:rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms.* Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Jón Torfi Jónason (1995). Baráttan á milli almenns bóknáms og starfsmenntunar á framhaldsskólastigi. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum. Fyrirlestrar af ráðstefnu viðskipta- og hagfræðideildar og félagsvísindadeildar* (bls. 277-285). Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Háskólaútgáfa.

Jón Torfi Jónason (1992). Þróun framahaldsskólanáms: Frá starfsmenntun til almenns bóknáms. *Uppeldi og menntun 1,* 173-189.

Jón Torfi Jónason og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir (1992). *Námsferill í framhaldsskóla.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir menntamálaráðuneytið.

Hartung, P. J., Porfeli, E. J. og Vonderacek, F. W. (2005). Child vocational development: A review and reconsideration. *Journal of Vocational Behavior, 66,* 385-419.

Patton, W. og McMahon, M. (1999). *Career Development and Systems Theory: A new relationship.* Pacific Grove, CA: Brooks/Cole.

Námsmatsstofnun (e.d.) *Písa rannsókn 2003*. Sótt 20. júní 2006 af http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa2003

Savickas, M. L. (2006). Career construction theory. Í J. Greenhaus & G. Callahan (Ritstj.), *Encyclopedia of career development, (1),* bls. 84-88. Thousand Oaks, CA: Sage.

Savickas, M. L. (2004). The theory and practice of career construction. Í Brown, S. D. og Lent, R. W. (Ritstj.), *Career development and counseling. Putting theory and research to work* (bls. 42−70). Hoboken, NJ: Wiley.

Savickas, M. og Spokane, A. R. (1999). *Vocational interests: Meaning, measurement, and counseling use* . Palo Alto, CA: Davies-Black.

Savickas, M. L. og Lent, R. W. (1994). *Convergence in career development theories: Implications for science and practice.* Palo Alto, CA : CPP Books.

Sharf, R. S. (2002). *Applying career development theory to counseling.* Brooks Cole.

Shivy, V. A., Rounds, J. og Jones, L. E (1999). Applying vocational interest models to naturally occurring occupational perception, *Journal of Counseling Psychology, 46,* 207-217.

Stead, G. B. (2004). Culture and career psychology: A social constructionist perspective. *Journal of Vocational Behavior, 64*, 389-406.

Stefán Ólafsson (1997). *Búseta á Íslandi: Rannsóknir á orsökum búferlaflutninga.* Reykjavík: Byggðastofnun, Prentsmiðjan Oddi.

Swanson, J. L. og Gore, P. A. (2000). Advances in vocational Psycology: Theory and research. Í S. D. Brown og R .W. Lent, (Ritstj.), *Handbook of counseling psychology* (bls. 233-269). New York: Wiley.

Wacquant, L. (1992). Toward a social praxeology: The structure and logic of Bourdieu's sociology. Í P. Bourdieu og L.Wacquant, *An Invitation to Reflexive Sociology* (bls. 1−59). Cambridge: Polity Press.

Alzheimerssjúkdómur á miðjum aldri
Rannsókn á aðstæðum fólks sem hefur greinst með Alzheimerssjúkdóm á Íslandi á aldrinum 45-65 ára

Hanna Lára Steinsson

Ekki er langt síðan talað var um að fólk væri kalkað eða ruglað þegar það í raun þjáðist af sjúkdómum sem heyra undir heilabilun í dag. *Heilabilun* er þýðing á enska orðinu *dementia* og felur ekki einungis í sér skerðingu á nærminni og fjarminni. Málstol, verkstol, skert dómgreind, skynstol og skert ratvísi eru gjarnan fylgifiskar heilabilunar. Færniskerðing verður í flóknari athöfnum eins og að annast fjármál, kaupa inn, ferðast um, aka bíl, annast lyfin sín, þvo þvott og þrífa, elda og nota heimilistæki. Frekari færniskerðing verður svo í frumathöfnum daglegs lífs eins og að klæðast, snyrta sig, matast, fara á salerni og ganga um innanhúss. Hegðun sjúklinga getur orðið erfið þeim sem umgangast þá og um 90% sjúklinga fá geðræn einkenni og atferlistruflanir einhvern tíma á sjúkdómsferlinu. Geðræn einkenni geta meðal annars verið þunglyndi, kvíði, ranghugmyndir, ofskynjanir og svefntruflanir. Atferlistruflanir lýsa sér gjarnan í rápi og ráfi, óróleika, hávaða, áreitni, reiði, árásargirni og ósæmilegri hegðun (Jón Snædal, 2001; Rabins, Lyketsos og Steele, 1999).

Ýmsir sjúkdómar heyra undir heilabilun og er Alzheimerssjúkdómurinn algengastur eða um 60%. Aðrir sjúkdómar eru æðavitglöp, Lewy sjúkdómur og aðrir sjaldgæfari sjúkdómar (Rabins, Lyketsos og Steele, 1999). Heilabilun minnkar lífslíkur einstaklinga og talið er að sjúklingar með Alzheimerssjúkdóm lifi til dæmis að meðaltali 40% skemur en jafnaldrar þeirra (Jón Snædal, 1997). Meðallífslíkur yngri sjúklinga eru taldar vera um 8 ár í stað 10-12 ára hjá þeim sem eldri eru. Meðallífslíkur þeirra frá því þeir þurfa á sólarhringsumönnun að halda eru taldar vera um tvö ár. Algengar tölur um tíðni heilabilunar á Vesturlöndum benda til þess að um 1% fólks yngra en 65 ára fái heilabilunarsjúkdóm, um 8% fólks á aldrinum 65-75 ára, 20% fólks 75-85 ára og 35-40% fólks eldra en 85 ára (Rabins, Lyketsos og Steele, 1999).

Greining á heilabilun er sífellt að verða nákvæmari og úrræði fyrir sjúklinga og aðstandendur hafa aukist, bæði læknisfræðileg og félagsleg. Þegar fjölskyldumeðlimur greinist með heilabilun hefur það áhrif á alla aðra nákomna og álag á umönnunaraðila eins og maka eða börn eykst jafnt og þétt. Jafnframt er algengt að utanaðkomandi aðstoð eins og heimaþjónusta og heimahjúkrun sé aukin smátt og smátt þegar líður á sjúkdómsferlið. Engu að síður eru það ávallt nánustu aðstandendur sem bera mestan þungann af umönnuninni, sé þeim til að dreifa.

Það er talið að gangur sjúkdómsins sé hraðari hjá yngri sjúklingum, að þeim sé hættara við að fá verkstol og málstol, að þeir fái verri einkenni og víðfeðmari heilaskemmdir. Þeir eru að jafnaði lengur heima í umsjá ættingja þar sem þeir eru yfirleitt líkamlega frískir. Meiri líkur eru taldar á að sjúkdómurinn erfist hjá yngri sjúklingum en eldri (La Rue, O'Hara, Matsuyama og Jarvik, 1995; Tindall og Manthorpe, 1997; Keady, 2000; Haugen, 2002; Reed, Cantley, Clarke og Stanley, 2002).

Gagnasöfnun og greining

Rannsóknin fór fram á árunum 2002-2005 og nær yfir átta ára tímabil 1995-2003. Þegar tilskilin leyfi höfðu fengist frá Persónuvernd og Vísindasiðanefnd var hafist handa við að fara yfir sjúkraskrár allra þeirra sem höfðu leitað til minnismóttökunnar á þessum árum og voru yngri en 65 ára. Í ljós kom að það voru alls 87 manns. Af þeim greindust 54 með einhvers konar heilabilun.

Haft var samband við aðstandendur allra þeirra sem greindust með Alzheimerssjúkdóm, alls 31 eins og fram kemur í töflu 1. en brottfallið var fimm manns svo alls tóku 26 þátt í rannsókninni. Rannsóknarsniðið var eigindlegt og greining rannsóknargagna fór fram samhliða gagnasöfnun.

Tafla 1. Þeir sem fengu greiningu á heilabilun

Minnismóttakan 1995-2003

- Alls 54 fengu greiningu

Alzheimer	31 (35,6%)
Æðavitglöp	8 (9,2%)
Framheilabilun	4 (4,6%)
Down's	3 (3,4%)
Alkóhólheilabilun	2 (2,3%)
Óskilgreind heilabilun	3 (3,4%)
Lewy Body	2 (2,3%)
Heilabólga	1 (1,3%)

Rannsóknarspurningar

Helstu rannsóknarspurningar sem lagt var upp með voru eftirfarandi:

1. Hver er munurinn á að fá heilabilun á miðjum aldri og á gamals aldri?
2. Hvaða áhrif hefur sjúkdómurinn á atvinnu, fjárhag og afkomu?
3. Hvernig er greiningarferlinu háttað?
4. Hvaða áhrif hefur sjúkdómurinn á fjölskyldulíf?
5. Hvaða þjónusta er þegin og hvaða þjónustu vantar?
6. Er þörf á sértækum úrræðum eða er hægt að sníða þjónustu við aldraða að þörfum þessa hóps?

Niðurstöður

Niðurstöðum rannsóknarinnar var skipt upp í átta kafla.

Sjúkdómurinn í byrjun

Þegar sjúkdómurinn gerði fyrst vart við sig voru langflestir sjúklingarnir á aldrinum 55-61 árs. Yngsti var 49 ára en elsti 62. Meðalaldurinn var 58,1 ár.

Í öllum tilfellum var einhver forsaga áður en nánustu aðstandendur gerðu sér grein fyrir að breytinguna var ekki hægt að skýra með einföldum hætti eins og með álagi, þunglyndi, streitu eða eðlilegri öldrun. Heilabilun eða Alzheimerssjúkdómur var í langflestum tilvikum það síðasta sem fólki kom í hug. Sjúkdómurinn læðist oft mjög hægt upp að í byrjun og það getur verið erfitt fyrir þá nánustu að átta sig á hvað er á ferðinni, því þeir aðlagast jafnóðum breytingunum. Það getur því liðið langur tími áður en leitað er læknisaðstoðar.

Dæmigerð byrjunareinkenni sem gerðu vart við sig hjá sjúklingunum voru einkum hræðsla, kvíði, óöryggi, tortryggni, aukið úthaldsleysi, aukið framtaksleysi, höfuðverkur og almenn, óútskýrð vanlíðan.

Greiningin

Almennt leið langur tími frá því að fyrstu einkenna varð vart þar til rétt greining fékkst. Í fyrstu var um að kenna eðlilegu grandvaraleysi nánustu ættingja eða ósamkomulagi um að eitthvað væri að. Einnig var algengt að sjúklingurinn sá sjálfur enga ástæðu til að leita sér læknisaðstoðar eða hræddist það og aðrir í fjölskyldunni áttu erfitt með að finna leið til þess að fá hann til að fara til læknis. Oftast voru það erfiðleikar á vinnustað sjúklinganna ásamt ítrekuðum mistökum sem leiddu til þess að fjölskyldan sannfærðist að lokum um að eitthvað óeðlilegt væri á ferðinni.

Að meðaltali liðu 3,8 ár frá fyrstu einkennum þar til greining fékkst. Flestir leituðu til tveggja til fimm lækna eða 2,9 lækna að meðaltali. Þessar tölur samræmast niðurstöðum ástralskrar rannsóknar frá árinu 1997 þar sem 3,4 ár liðu á milli fyrstu einkenna og greiningar og leitað var til 2,8 lækna að meðaltali (Luscombe og félagar, 1997).

Að fá greiningu á heilabilunarsjúkdómi er áfall bæði fyrir sjúklinginn og nánustu aðstandendur, en oft er það ákveðinn léttir líka. Með greiningunni fæst skýring á ýmsum atvikum sem hafa komið upp og fólk hefur verið að velta fyrir sér. Hægt er að hefja lyfjameðferð og fjölskyldan gerir áætlanir með sjúkdóminn inni í myndinni.

Þróun sjúkdómsins

Engir tveir Alzheimerssjúklingar fá nákvæmlega sömu einkenni en sjúkdómurinn þróast hjá öllum aðeins á einn veg, með vaxandi einkennum. Í flestum tilvikum var sjúkdómsgangurinn nokkuð hraður. Oft komu tímabil þar sem sjúkdómurinn virtist standa í stað en svo var líka algengt að það kæmu tímabil sem sjúklingum versnaði mjög snöggt, jafnvel á nokkrum vikum eða mánuðum. Verkstol og málstol ágerðust yfirleitt fljótt og færnin til

að skipuleggja dalaði, hvort sem var í vinnunni eða á heimilinu. Makinn tók því smátt og smátt yfir flest þau verkefni sem hinn sinnti áður. Dæmi um slík verkefni voru innkaup til heimilisins og fjármál. Þó var ýmis verkkunnátta sem fólk hélt lengur eins og að þvo þvotta, búa um rúm, strauja og sjá um garðinn.

Upplifun maka

Sjúkdómsferlið er langt og erfitt og álagið eykst stöðugt á makana sem eru helstu umönnunaraðilarnir. Flestir makarnir áttu við einhvers konar heilsubrest að stríða sem rekja mátti til langvarandi álags við umönnun sjúklingsins.

Sumir sjúklingar gátu verið erfiðir í samskiptum við maka sína og reiði eða neikvæðni beindist helst gegn þeim. Svo voru einnig dæmi um að sjúklingar yrðu blíðari og auðveldari í samskiptum.

Allt sem telst til einkalífs maka fær æ minna rými þegar líður á sjúkdóminn. Sjúklingurinn verður sífellt háðari maka sínum og vill helst alltaf hafa hann í sjónmáli heima við. Það er algengt að makinn sé eltur um heimilið, eigi erfitt með að tala í síma og jafnvel að fara á salerni. Jafnframt finna makarnir fyrir síaukinni einangrun á sama tíma og þeir eru að takast á við þá sorg að missa lífsförunaut sinn smátt og smátt þar sem hver persónueiginleikinn hverfur á fætur öðrum.

Upplifun barna

Langflest barnanna voru á þrítugs- eða fertugsaldri þegar sjúkdómur foreldris gerði fyrst vart við sig. Börn Alzheimerssjúklinga upplifa um margt svipað og makarnir. Þau eru þó oftast ekki í samneyti við sjúklinginn allan sólarhringinn þannig að álag á börn og maka er af ólíkum toga.

Börnin tóku gjarnan mikla ábyrgð á sjúklingnum og einnig hinu foreldrinu, ekki síst þegar um einkabarn var að ræða. Ef sjúklingur hafði ekki maka sér til aðstoðar, voru börnin á sólarhringsvakt. Þau fylgdust með því að foreldrið kæmist í gegnum daginn klakklaust, ýmist með því að hringja og minna á það sem þurfti að gera eða að mæta heim til viðkomandi og aðstoða. Börnin glímdu við stöðugan, undirliggjandi ótta um að eitthvað kæmi fyrir foreldrið, einkum á kvöldin og næturnar. Algengt var að mesta ábyrgðin, og þar með álagið, lenti á einhverju einu systkinanna, gjarnan dóttur. Í sumum tilvikum voru einhver af systkininum í algerri afneitun lengi vel sem gerði þeim sem sáu mest um veika foreldrið enn erfiðara fyrir.

Þjónusta við sjúklinga og aðstandendur

Allir sjúklingarnir fengu greiningu, meðferð og eftirfylgd á minnismóttöku LSH. Bæði sjúklingar og makar þeirra eru almennt tregir til að þiggja utanaðkomandi aðstoð í byrjun og fá ókunnugt fólk inn á heimilið, en margir tjáðu sig um að það vanti mikið upp á að heimaþjónustan komi til móts við þarfir þessa hóps. Þjónusta stuðningsaðila eða liðveisla þar sem sjúklingar fá aðstoð við að halda heimili og stunda tómstundir er afar mikilvæg þegar þeir hafa misst atvinnuna, en eru samt ekki orðnir það veikir að þeir þurfi á dagdeild að halda. Þetta er oft tímabil eirðarleysis eða algjörs framtaksleysis þar sem sjúklingarnir hafa ekki lengur það hlutverk sem fylgir því að vera útivinnandi.

Þegar sjúklingar komust að í dagþjálfun útskrifuðust þeir af minnismóttökunni og fengu læknis- og hjúkrunarþjónustu á dagdeildinni sjálfri. Þeir sem höfðu kynni af dagdeildum sýndu langflestir mikla ánægju með starfið sem fer fram þar. Það er mikill léttir fyrir aðstandendur að vita af sjúklingum í öryggi yfir daginn og geta stundað vinnu eða sinnt erindum án þess að hafa stöðugar áhyggjur. Engu að síður er ákvörðunin um að þiggja slíka dagþjálfun oft erfið fyrir aðstandendur því þeim finnst þeir gjarnan vera að bregðast viðkomandi.

Ellefu manns höfðu verið í stuðningshópum fyrir aðstandendur á Landakoti og létu almennt vel af þeim. Þeim fannst mikils virði að hitta aðra í sömu sporum og finna að þeir væru ekki einir í svona stöðu. Almenn ánægja var með þá fræðslu sem var veitt í hópunum og einnig með að fá fjölbreytt lesefni um sjúkdóminn og það sem honum fylgir. Það var samt greinilegt að það fer ekki vel saman að blanda saman yngri mökum og öldruðum mökum þannig að þörf er á sérstökum hópum fyrir yngri maka.

Fimm manns höfðu reynslu af hvíldarinnlögnum og höfðu misjafnar sögur að segja af þeim. Það er stórt skref fyrir aðstandendur að láta frá sér einstakling á miðjum aldri og líkamlega vel á sig kominn á lokaða spítaladeild þar sem mjög veikt fólk er fyrir og flestir aldraðir. Aðstandendur og þá einkum makarnir eru orðnir sérfræðingar í umönnun sjúklingsins og vita best hvernig honum líður og kvíða þeir því mjög að láta umönnun hans í hendur á ókunnugum. Engu að síður töldu flestir að það hefði verið nauðsynlegt að þiggja slíka innlögn til að hvíla makann, sem oft þurfti að búa við mjög neikvæða hegðun sjúklings eða fékk lítinn nætursvefn vegna umönnunar hans.

Engin sérhæfð úrræði fyrir heilabilað fólk voru til í dreifbýli eins og dagdeildir, stuðningshópar, hvíldarinnlagnir eða sérhæfðar hjúkrunardeildir. Fólk á landsbyggðinni þarf því að reiða sig enn frekar á aðstoð ættingja.

Félagslegar breytingar

Af 26 sjúklingum voru 22 útivinnandi og misstu allir vinnuna. Flestum var sagt upp störfum en aðrir sögðu upp sjálfir. Skipti þá engu hvort um var að ræða einföld eða flókin störf. Afleiðingarnar voru tekjutap fyrir heimilið og oft missti fólk vinnuna áður en það fékk sjúkdómsgreiningu þannig að það gat farið á mis við rétt til bóta um tíma. Í langflestum tilvikum var atvinnumissir mjög erfiður sjúklingum og lítil eða engin dægrastytting kom í staðinn. Sumir skildu hreinlega ekki hvers vegna þeir hefðu misst vinnuna. Talsvert var um að makar hættu störfum fyrir aldur fram eða hliðruðu til í vinnu svo þeir gætu sinnt sjúklingnum betur. Þar sem fjárhagsáhyggjur bættust við fannst mökunum mikilvægt að vera leiðbeint við að leita réttar síns til bóta því þeim fannst niðurlægjandi að þurfa að leita á náðir kerfisins.

Í sumum tilvikum ákvað makinn að skipta um húsnæði til að losa fjármagn, í öðrum til að fá hentugra húsnæði vegna skertrar hreyfigetu sjúklings. Og svo voru líka tilfelli þar sem makinn þorði ekki að skipta út stóru og óhentugu húsnæði af ótta við að sjúklingnum myndi hraka við þær breytingar.

Félagsleg einangrun sjúklingsins og maka hans jókst yfirleitt hratt eftir að sjúkdómsgreiningin var ljós. Margir áttu erfitt með að sætta sig við þær breytingar sem urðu á persónuleika sjúklings og kunnu ekki leiðir til að eiga gjöful samskipti við hann. Heimsóknum vina og vandamanna fækkaði í langflestum tilvikum og æ minna var hægt að fara út á við með sjúklingi.

Stofnanalíf

Í þeim þremur tilvikum sem aðstandendur höfðu reynslu af sambýlum fyrir ástvini sína kom fram mikil ánægja með slík úrræði. Það virðist henta yngri sjúklingum vel að búa á sambýli á meðan þeir hafa heilsu til. Hins vegar gegndi öðru máli um álit aðstandenda á hjúkrunarheimilum. Aðeins einn af þeim tíu sem höfðu reynslu af hjúkrunarheimilum var mjög sáttur við þá þjónustu sem var veitt. Flestallir höfðu kynnst öðrum þjónustustigum eins og dagdeildum, sambýlum eða dvöl á sérhæfðri spítaladeild og þeir gagnrýndu hve þjónustan við bæði sjúklinga og aðstandendur minnkaði mikið eftir að sjúklingar vistuðust á hjúkrunarheimili. Mönnun og menntun starfsfólks var greinilega mun minni og lítil sem engin áhersla lögð á fræðslu til starfsfólks. Mikið var um útlendinga sem margir töluðu ekki íslensku og voru allir mjög

ósáttir við það enda nógu erfitt fyrir þá nánustu að eiga tjáskipti við sjúklinginn, hvað þá þann sem talar ekki málið.

Mjög lítil virkni er í boði fyrir sjúklingana á hjúkrunarheimilum og aðaláherslan lögð á líkamlega umönnun. Þjónustan virðist því miðuð við einhver lágmarksmörk og aðstandendur hafa það á tilfinningunni að þeir þurfi að biðja um allt sem gert er fyrir sjúkling, annað en daglega umhirðu. Viðmælendum fannst almennt samskipti sjúklinga og starfsfólks ópersónulegri en þeir voru vanir frá fyrri þjónustustigum og að sjúklingar væru meira afskiptir. Kvartað var undan litlum sem engum stuðningi við aðstandendur og að fjölskyldufundir, þar sem aðstandendur eru upplýstir um hvernig gangi með sjúkling á deildinni og rætt um hvað mætti betur fara, voru sjaldgæfir.

Á lokastigum heilabilunar er hreyfigeta og tjáning sjúklinga yfirleitt mjög skert. Margir hætta að þekkja sína nánustu sem er mikið áfall fyrir þá sem verða fyrir því. Oft virðist sem lífsgæði sjúklinganna séu af mjög skornum skammti. Engu að síður er oftast hægt að finna út eitthvað sem veitir þeim enn gleði og má nefna tónlist, fallega hluti, lítil börn, gæludýr og ljósmyndir. Þá verður þægileg nánd við aðrar manneskjur aldrei of mikils metin.

Umræða

Aðeins á síðustu árum hefur hópur yngri sjúklinga með heilabilunarsjúkdóma (45-65 ára) orðið sýnilegur í íslensku samfélagi. Ástæðan er sú að gagnagrunnur varðandi þessa sjúklinga er tiltölulega nýr af nálinni, en alls leita um fimmtán manns úr þessum aldurshópi til minnismóttöku LSH árlega.

Sú þjónusta sem þegar er fyrir hendi fyrir sjúklinga með heilabilun er sniðin að þörfum aldraðra og henta almennt illa yngri sjúklingum, sem eru í flestum tilvikum líkamlega frískir og með allt aðrar þarfir en aldraðir. Þeir eiga því ekki vel heima á þeim dagdeildum, skammtímadeildum, sambýlum og hjúkrunardeildum sem fyrir eru.

Þegar fyrstu einkenna verður vart hjá yngri sjúklingum eru þeir oftast í vinnu og eiga maka og börn sem þarf að sinna. Margir eiga einnig aldraða foreldra og stunda ýmsar tómstundir og félagsstörf. Það eru því miklar kröfur gerðar til þeirra dags daglega og það kemur því fyrr í ljós ef þeir eru ekki að standa sig heldur en hjá öldruðum, sem yfirleitt mæðir minna á.

Mikilvægt er að sjúklingur og fjölskylda hans fái stuðning og ráðgjöf frá fagfólki eftir að greining er ljós og í gegnum allt sjúkdómsferlið. Heimaþjónusta eða liðveisla sem er sniðin eftir þörfum og aðstæðum hvers og eins þarf að vera fyrir hendi svo sjúklingar geti búið við sem eðlilegastar aðstæður

og sjálfsbjargargetu sem lengst. Hentugar tómstundir, líkamsrækt og afþreying þurfa að vera í boði sem fylla upp í það tómarúm sem myndast er sjúklingar missa vinnuna og einnig til að sporna gegn framtaksleysi og frumkvæðisleysi.

Bjóða þarf upp á skammtímainnlagnir í heimilislegu umhverfi, utan stofnana, þar sem eingöngu er um sérbýli að ræða og hægt er að bregðast við óskum og þörfum fjölskyldunnar varðandi dvalartíma. Þá þarf að auka framboð á sambýlum og einnig sérhæfðra deilda á hjúkrunarheimilum og eyrnamerkja hluta þeirra fyrir yngri sjúklinga með heilabilunarsjúkdóma á borð við Alzheimerssjúkdóm.

Sjá má skýrslu um þessa rannsókn á vefnum www.alzheimer.is og enska útgáfu á www.nordiskdemens.org (yngre personer)

Heimildir

Haugen, P. K. (2002). *Yngre personer med demens.* Ósló: Nationalt kompetansesenter for aldersdemens.

Jón Snædal (1997). Lífshorfur sjúklinga með heilabilun: Afdrif dagvistarsjúklinga. *Læknablaðið, 83,* 634-639.

Jón Snædal (2001, október). *Einkenni heilabilunar.* Erindi flutt á fræðslufundi sem lyfjafyrirtækið Pfizer hélt á Hótel Loftleiðum.

Keady, J. (2000). Care of the younger patient with dementia. Erindi flutt á ráðstefnunni *Quality of Care*. London.

La Rue, A., O'Hara, R., Matsuyama, S. S. og Jarvik, L. F. (1995). Cognitive changes in young-old adults: Effect of family history of dementia. *Journal of Clinical and Experimental Neuropsychology, 17*, (*1*), 65-70.

Luscombe, G., Brodaty, H. og Freeth, S. (1998). Younger people with dementia: Diagnostic issues, effects on carers and use of services. *International journal of Geriatric Psychiatry, 13*, 323-330.

Rabins, P. V., Lyketsos, C. G. og Steele, C. D. (1999). *Practical dementia care.* New York: Oxford University Press.

Reed, J., Cantley, C., Clarke, C. L. og Stanley, D. (2002). Services for younger people with dementia: Problems with differentiating needs on the basis of age. *Dementia, 1,* (*1*), 95-112.

Tindall, L. og Manthorpe, J. (1997). Early onset dementia: A case of ill-timing? *Journal of Mental Health, 6* (*3*), 237-249.

Velferðarstefna — Markmið og leiðir til farsældar?

Harpa Njáls

Eftirfarandi umfjöllun er byggð á rannsóknum mínum á velferð í íslensku samfélagi. Viðfangsefnið er velferðarstefna stjórnvalda markmið og leiðir. Sjónum er beint að konum með börn á framfæri. Fjallað verður m.a. um grunn og forsendur velferðarstefnu hins opinbera, breytta samfélagsgerð og breyttar þarfir. Á síðustu árum hafa fræðimenn greint jákvæð áhrif í uppbyggingu velferðarríkisins fyrir konur út frá helstu hlutverkum þeirra sem borgarar, launþegar og sem viðskiptavinir velferðarríkisins. Velferðarmarkmið hins opinbera eru skýr en ef leiðir og markmið fara ekki saman er stutt í upplausnarástand (anomie) skort og fátækt. Konur fremur en karlar eiga á hættu að lenda í fátækt. Ýmsir hópar kvenna, bæði lífeyrisþegar og láglaunakonur með börn á framfæri búa við erfið lífskjör, tekjur hrökkva ekki fyrir lágmarksframfæslu.

Grunnur og forsendur velferðarstefnu

Niðurstöður rannsókna sýna að kenna má grunn velferðaröryggis á Norðurlöndum í þeirri leið sem breski félagsmálafrömuðurinn William Beveridge skóp um miðja 20. öldina (Harpa Njáls, 2003a; Stefán Ólafsson, 1999). Almannatryggingum var ætlað stórt hlutverk, einkum í baráttunni við fátækt, sjúkdóma og skort. Markmiðið var að tryggja öllum þegnum upphæð sem dygði til lágmarksframfærslu ef fólk kæmist í þær aðstæður að geta ekki framfleytt sér og sínum. Beveridge taldi að þannig mætti útrýma hinni niðurlægjandi þarfakönnun fátækraaðstoðarinnar sem í gildi var og byggja aðstoðina á rétti hvers og eins í stað ölmusuhugsunar (Beveridge, 1942).

Ísland fór aðra leið í þróun velferðarríkisins en frændþjóðirnar á Norðurlöndum. Meginniðurstaða velferðarrannsókna þar sem beitt hefur verið sjónarhorni átakakenninga er að áhrif jafnaðarmanna og vinstri flokka hafi að jafnaði leitt til umfangsmeiri velferðarkerfa og sérstaklega horft til

velferðarkerfa Norðurlanda - að Íslandi frátöldu (Stefán Ólafsson, 1999; Esping-Andersen, 1990; Castles, 1978). Íslendingar fóru leið sem einkenndist af lágum bótum, lágum frítekjumörkum og miklum skerðingum sem á sér fræðilegar forsendur í skilyrtri velferð (liberal model). Þessi stefna hefur þótt einkenna þjóðfélög þar sem takmarkaðar ráðstafanir hins opinbera til velferðarmála hafa verið ráðandi. Markmiðið er lágir skattar og lítil útgjöld til velferðarþjónustu. Einnig hefur almenn fátækt verið meiri (Harpa Njáls, 2003a). Ísland hefur þróað umfangsminna velferðarkerfi borið saman við önnur Norðurlönd og flest Evrópulönd, það endurspeglar lág útgjöld til velferðarmála sem hlutfall (%) af vergri landsframleiðslu (VLF) og einnig sem framlag í evrum á hvern íbúa (Harpa Njáls, 2006b og Stefán Ólafsson, 1999).

Á Íslandi hefur velferðarstefna hins opinbera byggst á samstarfi hægri og vinstri flokka til fjölda ára. Alþýðuflokkur og aðrir vinstri flokkar hafa verið í stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn þegar meginendurskoðun almannatryggingalaganna var gerð og tók gildi 1946, 1971 og 1993. Félagsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra voru frá Alþýðuflokknum á þeim tíma. Frá 1995 hefur Framsóknarflokkurinn verið í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn og haft lögsögu í áðurnefndum ráðuneytum (Harpa Njáls**,** 2006b, 2003a).

Skýr markmið – vandrataðar leiðir

Velferðarmarkmið hins opinbera hafa verið skýr á Íslandi allt frá því að grunnur velferðarríkisins var lagður. Í stefnuyfirlýsingu Nýsköpunarstjórnarinnar árið 1944 segir m.a.: „Að hér á landi skyldi komið á svo fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem næði til allrar þjóðarinnar, án tillits til stétta eða efnahags, að Ísland yrði á þessu sviði í fremstu röð nágrannaþjóða“ (Alþingistíðindi B2, 1944, bls. 2025). Allar götur síðan má greina velferðarmarkmið hins opinbera í stjórnarsáttmálum ríkisstjórna. Hér má nefna starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks 1991 en þar segir m.a.:

> Ríkisstjórnin vill að hlúð sé að fjölskyldunni. Tryggð verður afkoma aldraðra, öryrkja og annarra sem þurfa á stuðningi og samhjálp að halda og öllum skulu tryggð jöfn tækifæri til að þroska hæfileika sína. Þannig byggjum við samfélag menningar og mannúðar þar sem fólk býr við góða og örugga afkomu (Velferð á varanlegum grunni, 1991, bls. 6).

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 1999 og 2003 er markmiðið að efla velferðarkerfið og treysta stoðir þess og að almannatryggingakerfið verði endurskoðað og einfaldað. Jöfn tækifæri karla og kvenna verði tryggð í hvívetna. Áhersla verði lögð á að tryggja sérstaklega hag þeirra örykja, fatlaðra og aldraðra sem lægstar tekjur hafa. Ennfremur segir (2003): „Að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð. Meðal annars verði dregið úr tekjutengingu í barnabótakerfinu“ (Stefnuyfirlýsing 2003, bls. 4). Markmið félagsþjónustu sveitarfélaga (lög nr. 40/1991) er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti og tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna. Þá hefur Ísland fullgilt alþjóðasáttmála, m.a. Félagsmálasáttmála Evrópu (1974) og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (1992) sem undirstrika að þjóðir tryggi þegnunum öryggi og velferð (Harpa Njáls, 2003a, 2003b).

Velferðarmarkmið hins opinbera eru vel skilgreind. En ef velferðarmarkmið, framkvæmd og leiðir til að uppfylla þau fara ekki saman þá skapast hætta á upplausnarástandi (anomie), samanber kenningu Durkheim (1951). Robert Merton (1957) setti fram kenningu um markmið og leiðir (goal and means) og byggði á kenningu Durkheims um siðrof (anomie). Merton beindi athygli að markmiðum sem sett eru í samfélaginu og leiðum sem farnar eru til að ná þeim. Hann færði rök fyrir því að oft væri horft fram hjá því hvort markmiðssetning skili árangri. Hér er þetta útlagt svo að ef velferðarmarkmið hins opinbera og aðgerðir til að ná þeim fara ekki saman veldur það upplausnarástandi (anomie), fátækt og óhamingju fólks sem verður að setja allt sitt traust á velferðarkerfið.

Breytt samfélagsgerð – önnur viðmið koma til

Miklar breytingar hafa átt sér stað í íslensku samfélagi á síðustu áratugum. Hátt atvinnustig hefur einkennt Ísland til lengri tíma, atvinnuleysi verið með minnsta móti og atvinnuþátttaka kvenna með því mesta sem þekkist meðal þjóða. Miklar breytingar hafa einnig orðið á fjölskyldugerð og skilnaðir hjóna og sambúðarfólks tíðir. Hlutfall einstæðra foreldra á Íslandi er hæst á Norðurlöndum 27% (í Noregi, Finnlandi og Danmörku 20%) og í vaxandi mæli búa börn hjá öðru foreldri sínu - þ.e. ein fyrirvinna. Árið 2005 voru einstæðir foreldrar á Íslandi í 92% tilvika konur með rúmlega 17.000 börn á

framfæri (Hagstofa Íslands, 2006 og NOSOSKO, 1995). Ljóst er að breytt samfélagsgerð kallar á breyttar þarfir og nýjar úrlausnir.

Á síðustu árum hafa fræðimenn bent á að greina megi jákvæð áhrif í uppbyggingu velferðarríkisins fyrir konur og ef réttar leiðir séu farnar geti velferðarríkið styrkt stöðu kvenna verulega. Helga Hernes (1987) hefur bent á að norrænu velferðarríkin séu „kvenvinsamleg" út frá helstu hlutverkum sem konur gegna, sem *borgarar, launþegar* og sem *viðskiptavinir velferðarríkisins* (sem þiggjendur lífeyris og þjónustu). Sjónum hefur verið beint að því hvernig réttindakerfi velferðarríkisins eru og á hvaða grundvelli réttindi eru upp byggð og veitt (*basis of entitlement*). Diane Sainsbury (1996) hefur greint mismunandi leiðir í grundvelli velferðarkerfisins sem hún nefnir *fyrirvinnuskipan* og *einstaklingsskipan*. Greining hennar beinist að því að velferðarríkisskipan geti gengt verulega miklu hlutverki í að jafna stöðu kynjanna bæði á heimilum og vinnumarkaði og þannig styrkt stöðu kvenna. Í fyrirvinnuskipan leggur fjölskylduhugmyndafræðin m.a. mikla áherslu á hefðbundin hjúskaparform, eiginmaðurinn er heimilisfaðir og skylda hans að sjá fjölskyldunni farborða. Verkaskipting, réttindaöflun og framfærsla er grundvölluð í fjölskyldurétti, m.a. sameiginlegum fjölskyldutekjum.

Ef íslenskar aðstæður eru kannaðar í ljósi þessa má greina að fjárhagsaðstoð félagsþjónustu sveitarfélaga, barnabætur og ýmsar lífeyrisgreiðslur almannatrygginga eru greiddar á forsendum fyrirvinnuskipanar. Viðmiðið er ekki einstaklingurinn heldur fjölskyldutekjur. Hér má m.a. nefna öryrkja sem eiga maka á vinnumarkaði og geta misst allar lífeyrisgreiðslur vegna tekjutengingar við tekjur maka. Það sama á við um barnabætur, Ísland eitt Norðurlanda tengir barnabætur við tekjur foreldra og gilda mjög lág skerðingarmörk tekna (Harpa Njáls, 2003a).

Samkvæmt Sainsbury (1996) er fjölskylduhugmyndafræði einstaklingsskipanar byggð á sameiginlegum hlutverkum kynjanna en ekki ákveðins fjölskylduforms. Sérhver fullorðinn einstaklingur í fjölskyldu er ábyrgur fyrir eigin framfærslu, foreldrar deila með sér fjáröflun vegna fjölskyldunnar og verkefnum við umönnun barna sinna. Grundvöllur réttinda byggist á borgarastöðu og búsetu í landinu. Einstaklingurinn er viðmið fyrir lífeyrisgreiðslur, iðgjöld og skattgreiðslur, án tillits til fólks á framfæri hans eða hennar. Mörg uppeldishlutverk eru framkvæmd í opinbera geiranum í þjóðfélaginu. Umönnunarstörf geta verið bæði launuð störf og einnig störf sem unnin eru á heimilum og almannatryggingar veita lífeyrisgreiðslur fyrir.

Greina má að skref hafa verði stigin í íslensku samfélagi sem samræmast einstaklingsskipan Sainsbury (1996). Könnum það nánar.

Breyttar þarfir – nýjar lausnir

Á síðustu árum hafa ýmsar aðgerðir stjórnvalda styrkt stöðu kynjanna bæði á heimili og vinnumarkaði. Þar má m.a. nefna:

- Heilsdagspláss fyrir börn í leikskólum
- Einsetinn grunnskóli - heilsdagsskóli - heitur matur í hádeginu
- Fæðingarorlof og aukin réttindi feðra (3 mánuðir)
- Umönnunargreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins
- Aukin stuðningur við foreldra langveikra barna.

Heimild: Hagstofa Íslands 2006, Tryggingastofnun ríkisins 2006, Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2006.

Heilsdagspláss í leikskóla styður þátttöku foreldra á vinnumarkaði og heilsdagsskóli bætir stöðu barna þótt ljóst sé að ekki hafa öll börn (foreldrar) efni á að kaupa heita máltíð í hádeginu (Valgerður Katrín Jónsdóttir, 2004). Á síðustu árum eru umönnunarstörf á heimilum metin í einhverju mæli til lífeyrisgreiðslna hjá hinu opinbera og aukin þjónusta við börn og aldraða hefur leitt til umönnunarstarfa á vinnumarkaði sem konur sinna að stærstum hluta (sjá töflu tvö). Með breyttum lögum um fæðingarorlof (nr. 95/2000) kemur til 3ja mánaða orlof feðra (að fullu 2004) og foreldrum tryggð 80% af launum á vinnumarkaði (þak var sett á greiðslur frá janúar 2005, hámarksgreiðsla 2006 er kr. 504.000 á mánuði). Tvímælalaust jafna lögin um fæðingarorlof stöðu kynjanna á vinnumarkaði og einnig hitt að börnum er í mörgum tilvikum tryggð samvera við báða foreldra á fyrstu mánuðum lífsins. Mikilvægt er talið að stjórnvöld taki fleiri jákvæð skref í þágu barna.

Velferðarstefna – brotalamir og úrbætur

Árið 1971 eru skerðingarákvæði sett í lög um almannatrygginar og kveðið á um að bætur hækkuðu miðað við laun fyrir almenna verkamannavinnu. Við endurskoðun á lögum um almannatryggingar 1993 er lögunum skipt upp í tvo lagabálka og bætur almannatrygginga síðan að stórum hluta tekjutengdar (Staðtölur almannatrygginga, 2004) og miklar skerðingar ef einhverjar eigin tekjur koma til. Verulegar fátæktargildrur eru innbyggðar í velferðarkerfið. Tekjur láglaunafólks og lífeyrisþega hjá ríki og sveitarfélögum duga ekki fyrir lágmarksframfærslu, fólk býr við fátækt og skort sem kemur illa niður á börnum (Harpa Njáls, 2006a, 2006b, 2003a).

Bent hefur verið á að töluvert vanti upp á að Ísland uppfylli ákvæði Barnasáttmála SÞ og tryggi öllum börnum velferðaröryggi (Harpa Njáls, 2003b; Save the Children, Iceland, ágúst 2002). Í skýrslu Barnaheilla (2002) um skýrslu ríkisstjórnarinnar til eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna er m.a. spurt: „Hvernig og hvenær ætlar ríkisstjórn Íslands og félagsþjónusta sveitarfélaga að auka fjárhagslega aðstoð við tekjulágar fjölskyldur með börn á framfæri?“ Vorið 2005 skilaði nefnd skýrslu til forsætisráðherra. Tillögur nefndarinnar að markmiðum eru m.a.:

- Að íslenska ríkisstjórnin taki ábendingar barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna frá janúar 2003 til gaumgæfilegrar athugunar.
- Að fjárhagslegur stuðningur hins opinbera við fátækar barnafjölskyldur sé nægur og skilvirkur, aðferðir við hann séu almenningi skiljanlegar og verkaskipting skýr milli þeirra sem að honum koma. (Heimild: Heimasíða forsætisráðuneytisins, 2006).

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar til að bæta kerfið. Þar má nefna:

- Árið 2001 fengu lífeyrisþegar tekjutryggingarauka. Einstaklingar fá hærri greiðslu og hjón og aðrir í sambúð fá lægri upphæð
- Árið 2001 dró heldur úr skerðingum á lífeyrisgreiðslur, m.a. vegna atvinnutekna öryrkja og tengingu við tekjur maka
- Árið 2003 kom inn aldurstengd örorkuuppbót. Fulla greiðslu fá 18-19 ára einstaklingar (75% öryrkjar). Upphæðin lækkar samkvæmt reglum Tryggingastofnunar og við 33 ára aldur er lækkunin 50%
- Árið 2006 eru barnabætur greiddar til 18 ára aldurs (í stað 16 ára).

(Heimild: Tryggingastofnun ríkisins 2006, Harpa Njáls, 2003a).

Allt eru þetta jákvæð skerf til hagsbóta fyrir fólk sem verður að setja allt sitt traust á velferðarkerfið.

Tæki ríkisvaldsins til tekjujöfnunar

Rétt er að nefna að barnabætur og skattar eru tæki ríkisvaldsins til tekjujöfnunar. Árið 1991 var ákveðið að auka vægi tekjutengingar í barnabótakerfinu og 1998 var skrefið stigið til fulls og allar barnabætur tekjutengdar.

Þótt heldur hafi dregið úr skerðingarhlutfalli barnabóta (2%) og skerðingarmörk tekna hafi hækkað í 77.472 kr. hjá einstæðu foreldri árið 2006 er rétt að spyrja hvað slík upphæð tryggi í framfærslu barns?

Skerðingarmörk tekna hafa verið mjög lág til fjölda ára og eru eitt helsta stjórntæki ríkisins - svo fáir njóta óskertra barnbóta. Talið er raunhæft að skerðingarmörk tekna hækki í 190.000 krónur á mánuði miðað við lágmarks-framfærslu einstæðs foreldris (Harpa Njáls, 2006a, 2003a).

Ef litið er til tekjujafnaðar ríkisvaldsins í formi skatta má benda á eftirfarandi. Þrátt fyrir nokkra hækkun lífeyrisbóta og lægstu launa á síðustu misserum, sem ætti að vera til hagsbóta fyrir þá verst settu, hefur ríkisvaldið tekið þann ávinning til baka að stórum hluta.

Tafla 1. Skattgreiðslur til hins opinbera 1995-2006. Ófaglærður einstaklingur á vinnumarkaði - 100% starfshlutfall.

Ártal	Launa-flokkur	Laun fyrir 100% starf	Staðgr.-hlutfall	Frádr. pers. afsl.	Greitt í skatt	Nettó-laun	Skattur hlutf. af launum
1995	(132-5).	**kr. 58.282**	41,93%	**kr. 24.494**	kr. 0	kr. 58.282	0,0%
1996	(132-5).	**kr. 60.982**	41,94%	**kr. 24.544**	kr. 1.032	kr. 59.950	1,7%
1997	(134-3).	**kr. 70.878**	41,25%	**kr. 24.115**	kr. 5.122	kr. 65.756	7,2%
2000	(134-3).	**kr. 78.582**	38,37%	**kr. 24.361**	kr. 5.791	kr. 72.791	7,4%
2001	(117-2).	**kr.103.369**	38,76%	**kr. 25.245**	kr.14.821	kr. 88.548	14,3%
2004	(117-2).	**kr.112.954**	38,58%	**kr. 27.496**	kr.16.082	kr. 96.872	14,2%
2005	(117-2).	**kr.116.343**	37,73%	**kr. 28.321**	kr.15.575	kr.100.768	13,4%
2006	(118-3).	**kr.126.762**	36,72%	**kr. 29.029**	kr.17.518	kr.109.244	13,8%

Heimild: Harpa Njáls, 2003a, RSK 2006, Efling 2006. Laun 25 ára einstaklings sem hefur unnið 6 mán.

Í töflu eitt kemur fram að rauntekjur einstaklings eru um 100.000 krónur á mánuði 2005 eftir skatt og lítið meira árið 2006. Einnig kemur fram stóraukin skattlagning á lægstu laun á sl. tíu árum. Ástæðan er sú að persónu-afsláttur og skattleysismörk hafa ekki fylgt launaþróun í landinu. Upphæð persónuafsláttar breyttist nánast ekkert í 6 ár (frá 1995) og var rúmlega 24.000 krónur á mánuði. Eins og sjá má í töflu eitt tekur ríkisvaldið til baka um 14% í skatt af lægstu launum árið 2006, tekjum sem duga ekki til framfærslu einstaklings (Harpa Njáls, 2006a). Bent hefur verið á að frítekjumark þurfi að hækka úr 80.000 krónum á mánuði í 130.000 krónur svo skattleysismörkin haldi raungildi frá 1995 (Stefán Ólafsson, 2006).

Borgarar – launþegar og viðskiptavinir velferðarríkisins

Sú staða er ekki nýtilkomin að hluti borgara þessa lands búi við erfið lífsskilyrði og fátækt. Niðurstöður rannsóknar sem tók til 10 ára tímabils (1986-1995) sýna að fátækt hefur verið viðvarandi í íslensku samfélagi a.m.k.

síðast liðin 20 ár (Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson, 2000). Hópar sem greindust í fátækt voru m.a. lífeyrisþegar, atvinnulausir og láglaunafólk á vinnumarkaði og rúmlega 3/5 voru með börn á framfæri. Þá var fátækt algengari meðal kvenna en karla.

Í tölflu tvö kemur fram að konur eru í umtalsvert meiri hættu að lenda í fátækt við upphaf 21. aldar. Það eru einstaklingar sem vinna hjá ríki og sveitarfélögum og lífeyrisþegar á bótum.

Tafla 2. Hópar á lægstu launum og bótum 2004-2005, greint eftir kyni

	Konur	**Hlutfall %**	**Karlar**	**Hlutfall %**	**Fjöldi**
Aldraðir með heimilisuppbót	5.589	**(72,0%)**	2.179	**(28,0%)**	7.768
Öryrkjar með heimilisuppbót	2.249	**(62,9%)**	1.324	**(37,1%)**	3.573
Örorkustyrkþegar	553	**(72,8%)**	207	**(27,2%)**	760
Endurhæfingarlífeyrir/ sjúkir	484	**(65,5%)**	255	**(34,5%)**	739
Atvinnulausir (des. 2005)	1.494	**(56,9%)**	1.133	**(43,1%)**	2.627
Ófaglærðir í leikskólum	2.734	**(96,3%)**	105	**(3,7%)**	2.839
Ófaglærðir í grunnskólum	1.557	**(91,2%)**	151	**(8,8%)**	1.708
Umönnun aldraðra/heimaþjónusta*	2.070	**(90,0%)**	230	**(10,0%)**	2.300
Ófaglærðir á Landspítala LSH*	448	**(86,7%)**	69	**(13,3%)**	517
	17.178	**konur**	**5.653**	**karlar**	

Heimild: Staðtölur almannatrygginga 2004, Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Efling, LSH, 2006. Stjörnumerkt* miðast við vinnu í Reykjavík, aðrir hópar miðast við landið allt.

Í töflu tvö kemur fram fjöldi aldraðra og lífeyrisþega sem búa einir með tekjur frá hinu opinbera og eru konur 63%-73% og karlar 27-37%. Ófaglærðir í leikskólum eru í 96,3% tilvika konur og benda má á að til fjölda ára hafa ófaglærðar konur sinnt 2/3 stöðugilda við uppeldi og menntun barna í leikskólum (Harpa Njáls, 2004). Ófaglærðir við stuðning og eftirlit í grunnskólum, við umönnun aldraðra og heimaþjónustu eru í 90% tilvika konur. Á það hefur verið bent (Esping-Andersen, 2002 og Sainsbury, 1996) að þótt gjarnan sé miðað við tvær fyrirvinnur í fjölskyldum, býr fjöldi barna hjá einstæðu foreldri (ein fyrirvinna) og í flestum tilvikum hjá móður. Þetta samrýmist íslenskum veruleika. Af einstæðum foreldrum eru konur rúmlega 92% og karlar tæplega 8%. Þá eru einstæðar mæður að stærstum hluta láglaunakonur með tekjur langt undir meðallaunum (Harpa Njáls, 2006a og 2006b).

Fátækt kvenna og barna

Að framan er ljóst að konur eru í meiri hættu að lenda í fátækt en karlar. Hér verður sjónum beint nánar að stöðu kvenna sem launþegar á vinnumarkaði hjá ríki og borg og einnig þiggjendur lífeyris og þjónustu. Í töflu þrjú kemur fram hópar kvenna sem eru í hættu að lenda í fátækt ef þær hafa ekki aðrar tekjur en lífeyrisgreiðslur frá hinu opinbera eða vinna við umönnun barna, sjúkra og aldraða.

Tafla 3. Hvað vantar upp á að tekjur dugi fyrir lágmarksframfærslu?

	Nóvember 2000 Upphæð/vantar (%)		**Janúar 2005 Upphæð/vantar (%)**	
Dæmi um einstæðar mæður með eitt barn á framfæri:				
Örorkubætur TR + gr. m/barni	-38.222	**(26,7%)**	-33.015	**(18,9%)**
Framfærsla FR (100%) + gr. m/barni	-54.000	**(37,7%)**	-60.228	**(34,4%)**
Atvinnuleysisbætur (100%) + gr. m/barni	-53.937	**(37,7%)**	-60.946	**(34,8%)**
Sjúkradagpen. (100%) + viðbót FR gr.m/barni	-48.240	**(33,7%)**	-53,058	**(30,3%)**
Ófagl./vinnumarkaði (100%) + gr. m/barni	-45.502	**(31,6%)**	-39.013	**(22,0%)**
Dæmi um einhleypar konur:				
Ellilífeyrir TR óskertur/ býr ein í íbúð	-32.852	**(32,8%)**	-24.032	**(20,5%)**
Örorkulífeyrir TR skertur/ býr með öðrum	-40.134	**(40,0%)**	-23.992	**(20,4%)**

Heimild: Harpa Njáls, 2003a og 2005. Niðurstöður sýna upphæð (og hlutfall) sem vantar upp á að tekjur dugi fyrir lágmarksframfærslu. TR, þ.e. Tryggingastofnun ríkisins. FR, þ.e. Félagsþjónustan í Reykjavík.

Eins og sjá má í töflu þrjú vantaði hópa kvenna með eitt barn á framfæri 27%-37% upp á að tekjur dygðu fyrir lágmarksframfærslu árið 2000. Ófaglærðir á vinnumarkaði eru nokkuð svipað settir og lífeyrisþegar það ár. Allt eru þetta hópar með tekjur frá ríki og sveitarfélagi. Hér er miðað við fullar bætur og laun að frádregnum skatti+barnalífeyrir og barnabætur. Árið 2000 vantaði lífeyrisþega, barnlausar konur sem búa einar eða búa með öðrum 32%-40% svo tekjur dygðu til lágmarksframfærslu. Í töflu þrjú kemur fram að staða þessara hópa batnar heldur til ársins 2005. Greina má að láglaunahópar við umönnunarstörf fengu töluverða launahækkun í ársbyrjun 2001 (sjá töflu 1), einnig tekjutryggingarauki sem lífeyrisþegar fá og möguleiki á aldurstengdri örorkuuppbót. Þessar hækkanir dugðu þó skammt m.a. vegna aukinnar skattheimtu ríkisins og vantaði 20-35% uppá að tekjur dygðu fyrir

lágmarksframfærslu árið 2005.[1] Til að bæta stöðu barna sem búa við fátækt er talið mikilvægt að gefa gaum að lífskilyrðum einstæðra mæðra og láglaunafjölskyldna bæði á vinnumarkaði og ekki síður stuðningi velferðarkerfisins (Esping-Andersen, 2002).

Umræða og samantekt

Hér er fjallað um velferðarstefnu hins opinbera og sjónum beint að lífsskilyrðum kvenna með börn á framfæri. Greina má skýr markmið í stefnu ríkisstjórna allt frá því að grunnur velferðarríkisins var lagður um miðja 20. öldina. Ljóst er að þjóðfélagsbreytingar kalla á nýjar lausnir. Niðurstöður sýna að í ýmsu byggjast velferðarréttindi fólks á *fyrirvinnuskipan* (samkvæmt Sainsbury, 1996), m.a. fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, barnabætur og ýmsar lífeyrisbætur eru háðar fjölskyldutekjum, og skerðast samkvæmt þeim. Greina má að hið opinbera hefur á síðustu árum beitt aðgerðum (*einstaklingsskipan)* til að jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði, m.a. með heilsdagsskóla á grunn- og leikskólastigi. Fæðingarorlof foreldra á 80% launum er hér talin vísbending um það sem koma skal - til að tryggja fólki með börn á framfæri viðunandi lífskjör og aðstoð velferðarríkisins. Skref er stigið með greiðslu barnabóta til 18 ára aldurs - en meira þarf til. Staða kvenna sem borgarar í íslensku samfélagi er samofin stöðu þeirra sem launþegar og viðskipavinir velferðarríkisins. Fjöldi umönnunarstarfa sem konur vinna að stærstum hluta hafa orðið til í breyttu þjóðfélagi. Niðurstöður sýna að hópar kvenna á lægstu launum og bótum eru í verulegri hættu á að lenda í fátækt. 92% einstæðra foreldra með börn á framfæri eru konur - að mestu láglaunakonur. Hið opinbera styður konur og börn takmarkað. Spyrja má hvað veldur?

Ljóst er að töluvert vantar á að velferðarmarkmið hins opinbera skili árangri. Ekki er nóg að markmiðin séu skýr og kveði á um að tryggja hag hinna lægst launuðu, að styrkja fjölskylduna og treysta samheldni hennar og velferð. Þegar markmið og leiðir hins opinbera fara ekki saman, tekjur eru svo lágar að þær duga ekki fyrir lágmarksframfæslu, barnabætur skornar við nögl, skattálögur hins opinbera stórauknar, þá skapast upplausnarástand

[1] Það skal tekið fram að í ársbyrjun 2006 fengu ófaglærðir nokkra launahækkun, að stærstum hluta konur sem starfa hjá ríki og borg. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri beitti sér fyrir hækkun launa ófaglærðra í leikskólum (Morgunblaðið, 13. desember, 2005). Konur á hjúkrunarheimilum kröfuðst launahækkana og fóru í setuverkfall (Álfheiður Bjarnadóttir og Rannveig H. Gunnlaugsdóttir, 2006). Segja má að samtakamáttur kvenna hafi skilað þeim árangri (Morgunblaðið, 29. apríl, 2006).

(anomie) og skrefið stutt í skort og fátækt. Niðurstöður sýna að stjórnvöld á Íslandi hafa - til lengri tíma litið - stýrt velferðarríkinu samkvæmt stefnumótun skilyrtrar velferðar (liberal model) sem leitt hefur til lágra lífeyrisbóta, lágra skerðingarmarka tekna og mikilla skerðinga. Jákvæð skref hafa verið stigin og lífeyrisbætur hækkaðar en slíkir ávinningar hafa tapast að stórum hluta vegna aukinnar skatttekju ríkisins af lægstu launum og bótum á síðustu árum (sjá töflu eitt).

Úrbóta er þörf og virkja þarf stjórntæki ríkisvaldsins til tekjujafnaðar, með því að:

- Ríkið láti gera framfærsluviðmið og ákvörðun upphæða lífeyris og lægstu launa taki mið af raunhæfum framfærslukostnaði.
- Skattakerfið verði nýtt til tekjujafnaðar og skattleysismörk hækkuð. Borgarar á lægstu launum og lífeyri greiði ekki skatt.
- Barnabætur verði raunhæfur stuðningur. Skerðingarmörk tekna hækki í 190.000 kr. hjá einstæðu foreldri
- Lífeyrisgreiðslur vegna framfærslu barna verði samræmdar hjá ríki og sveitarfélögum og upphæðin dugi til framfærslu
- Öll börn fái heitan mat í grunnskóla - án endurgjalds.

Ljóst er að jákvæð skref hafa verði stigin en stuðningskerfi hins opinbera á Íslandi þarf að bæta enn frekar. Ef velferðarmarkmið stjórnvalda og leiðir sem farnar eru til að ná þeim fara saman má ná umtalsverðum árangri til að bæta stöðu fólks, kvenna og barna sem verst eru sett í íslensku velferðarsamfélagi. Það mun draga úr fátækt, bæta lífsskilyrði og auka hamingju borgaranna.

Heimildir

Alþingistíðindi B2 (1944).

Álfheiður Bjarnadóttir og Rannveig H. Gunnlaugsdóttir (2006). Aðgerðir okkar halda áfram. *Morgunblaðið*, 3. apríl.

Beveridge, W. (1942). *Report on social insurance and allied services*. London: HMSO.

Durkheim, E. (1951). *Suicide*. New York: Free Press. (Fyrst útg. 1897).

Castles, F. G. (1978). *The Social Democratic Image of Society*. London: RKP.

Esping-Andersen, G. (1990). *Three Worlds of Welfare Capitalism*. Cambridge: Polity Press.

Esping-Andersen, G. (2002). *Why We Need a New Welfare State*. Oxford: Oxford University Press.

Forsætisráðuneytið (1991). *Velferð á varanlegum grunni. Stefna og starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið (320.9491).

Forsætisráðuneytið (2005). *Skýrsla nefndar um stefnumótun í málefnum barna og unglinga*. Tekið af: <http//www.forsaetisraduneyti.is/utgefidefni/nr/1777 > þann 31.05.2006.

Hagstofa Íslands (2006). *Hagtölur*. Tekið af: <http://www.hagstofan.is>þann 31.05.06.

Harpa Njáls (2003a). *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar: Hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins*. Reykjavík: Borgarfræðasetur og Háskólaútgáfan.

Harpa Njáls (2003b). „Fátækt á Íslandi: Er öllum börnum tryggt félagslegt og efnalegt velferðaröryggi?" Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum IV*. Reykjavík (bls. 71-81). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Harpa Njáls (2004). *Áhrif kjarasamnings Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga á starfsmannahald og starfsemi leikskóla*. Reykjavík: Borgarfræðasetur Háskóla Íslands.

Harpa Njáls (2006b). Välfärd på Island i jämförelse med de övriga nordiska länderna. Í Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (Ritstj.). *Välfärd i Västnorden*. Greinasafn (í prentun). Norræna ráðherranefndin og Rannsóknastofa í vinnuvernd. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Harpa Njáls (2006a). Kjör hinna lægst launuðu eru óviðunandi! *Morgunblaðið*, 22. apríl.

Hernes, H. (1987). *Welfare State and Woman Power: Essays in State Feminism*. Osló: Norwegian University Press.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.

Merton, R. (1957). *Social Theory and Social Structure*. Glencoe, Ill.: Free Press.

Morgunblaðið (13. desember 2005). Framboð og eftirspurn.

Morgunblaðið (29. apríl 2006). Setuverkfalli lokið á flestum hjúkrunarheimilum.

NOSOSKO (2005). *Social tryghed i de nordiske lande 1993*. Köbenhavn: Nordisk Socialstatistisk Komité.

Reykjavíkurborg (2006). *Menntasvið Grunnskólar*. Tekið af: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid 1508/> þann 31.07.06.

Ríkisskattstjóri (2006). *Persónuafsláttur Staðgreiðsla*. Tekið af: <http://www.rsk.is/> þann 31.07.06.

Sainsbury D. (1996). *Gender Equality and Welfare States*. Cambridge: CUP.

Save the Children Iceland (2002). SUPPLEMENTARY REPORT TO THE ICELANDIC REPORT ON THE IMPLEMENTATION OF THE CONVENTION ON THE RIGHTS OF THE CHILD. Submitted to the UN Committee on the Rights of the Child. By Icelandic *Save the Children* in august 2002.

Stefán Ólafsson (1999). *Íslenska leiðin: Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson (2000). Poverty in Iceland. Í Gustafsson, B. og Pedersen, P. J. (ritstj.), *Poverty and Low Income in the Nordic Countries* (bls. 101-130). Aldershot: Ashgate.

Stefán Ólafsson (2006). Vaxandi skattbyrði eldri borgara og öryrkja. *Morgunblaðið*, 25. mars.

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðislokks og Framsóknarflokks 28. maí 1999. Stjórnarráð Íslands. Ríkisstjórnarsíður. Stefnuyfirlýsing. Tekið af: <http://www.stjr.is> þann 25.07.06.

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðislokks og Framsóknarflokks 2003. Stjórnarráð Íslands. Ríkisstjórnarsíður. Stefnuyfirlýsing. Tekið af:<http://www.stjr.is> þann 25.07.06.

Tryggingastofnun ríkisins (2005). *Staðtölur almannatrygginga 2004*. FJÁRLAGA OG HAGDEILD 11 ÁRG. Reykjavík: Gutenberg eht.

Tryggingastofnun ríkisins (2006). Greiðslur: Upphæðir helstu bótaflokka almannatrygginga . Tekið af: <http://www.tr.is/> þann 29.05.06.

Upplýsingar um fjölda starfsmanna við hjúkrun og umönnun 2006. Reykjavík: Efling stéttarfélag, hagdeild, 31.05.2006.

Upplýsingar um ófaglærðra starfsmanna á stofnunum LSH 2006. Reykjavík: Landspítali Háskólasjúkrahús, launaeftirlit, 02.06.2006.

Valgerður Katrín Jónsdóttir (2004). Fátækt og heilsufar á Íslandi. *Tímarit Hjúkrunarfræðinga*, *2*, 12-15.

Vinnumálastofnun (2006).*Tölulegar upplýsingar*. Tekið þann 31.07.06 af: <http://www.vinnumalastofnun.is/utgefid-efni-og-talnaefni/>

Lífsgæði barna með einhverfu og foreldra þeirra*

Haukur Freyr Gylfason

Einhverfa (*autism*) eða gagntæk þroskaröskun (*pervasive developmental disorder*) er notuð til að lýsa alvarlegri truflun (*dysfunction*) á þroska barna sem lýsir sér í skertum hugrænum, félagslegum, atferlislegum og geðrænum þroska þeirra. Hægt er að skipta altækri þroskaröskun niður í nokkur heilkenni (*syndromes*) á einhverfurófinu. Þau eru einhverfa, Aspergersheilkenni, Rettheilkenni, sundrungarröskun í æsku (*childhood disintegrative disorder*) og óskilgreinda gagntæka þroskaröskun (American Psychiatric Association, 1998). Greining gagntækrar þroskaröskunar byggist á þremur þáttum sem eru skert hæfni í máli og tjáskiptum, skert félagsleg hæfni og áráttukennd hegðun og áhugamál (Mauk, Reber og Batshaw, 1997).

Einhverfa er ekki algeng en á milli 3 til 16 börn af hverjum 10.000 eru greind með einhverfu (Wing, 1993). Á Íslandi greinast 8,6 börn af hverjum 10.000 með einhverfu (Magnússon og Sæmundsen, 2001).

Samkvæmt Brown, Anand, Fung, Isaacs og Baum (2003) hefur ekki verð gert nóg til að rannsaka lífsgæði foreldra fatlaðra barna þar til á allra síðustu árum. Það þýðir þó ekki að hugtakið lífsgæði hafi ekki verið skilgreint og skýrt síðustu áratugi (t.d. Keith, Yamamoto, Okita og Schalock, 1995; Schalock, 2000; Schalock, 2004).

Higgins, Bailey og Pearce (2005) komust að því að foreldrar eða forráðamenn barna sem greind höfðu verið á einhverfurófinu skýrðu frá minni ánægju í hjónabandi og minni aðlögunarhæfni fjölskyldunnar en foreldrar barna án fatlana. Olsson og Hwang (2003) skýrðu frá því að foreldrar barna með einhverfu og þroskahömlun fyndu fyrir meiri streitu en foreldrar barna með Downsheilkenni og foreldrar barna án fatlana.

* Höfundur vill þakka Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Evald Sæmundsen og Stefáni J. Hreiðarssyni fyrir aðstoð við öflun gagna.

Tilgangur þessarar rannsóknar er að meta lífsgæði barna sem greind hafa verið á einhverfurófinu og foreldra þeirra og bera þau saman við lífsgæði almennings.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur voru 75 foreldrar barna yngri en 18 ára sem greind höfðu verið á einhverfurófinu. Meðalaldur foreldranna var 39,8 ár (sf = 7,2 ár), það yngsta 24 ára og það elsta 60 ára. Meðalaldur mæðra (78,4%) var 38,8 ár (sf = 6,9 ár) og feðra (21,6%) 43,5 ár (sf = 7,4 ár). Einn þátttakandi gaf ekki upp kyn sitt. Meðalaldur barnanna var 10,4 ár (sf = 4,0 ár), það yngsta 3 ára og það elsta 17 ára. Meðalaldur stráka (82,7%) var 10,4 ár (sf = 3,9 ár) og stúlkna (16,0%) 10,8 ár (sf = 4,3 ár). Ekki fengust upplýsingar um kyn eins barns. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins aðstoðaði við val á foreldrum með því að velja tilviljunarkennt 115 börn sem greind höfðu verið á einhverfurófinu. Foreldrar þeirra fengu spurningalista sendan og réðu foreldrar hvort þeirra svöruðu spurningalistanum.

Í samanburðarhópi voru 431 þátttakendur úr 1000 manna tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Meðalaldur þátttakenda í samanburðarhópi var 42,3 ár (sf = 9,6 ár), sá yngsti 25 ára og sá elsti 60 ára. Meðalaldur kvenna (56,7%) var 41,7 ár (sf = 9,3 ár) og karla (43,3%) 43,1 ár (sf = 9,9 ár). Fjórir þátttakendur í samanburðarhópi gáfu ekki upp kyn sitt.

Til að reyna að auka svarhlutfall var einum þátttakanda í hvorum hópi veitt tækifæri á að vinna til peningaverðlauna.

Mælitæki

Allir þátttakendur fengu EQ-5D mælitækið en foreldrar barna með greiningu á einhverfurófinu fengu að auki EQ-5D fyrir börnin sín og spurningar um þau.

EQ-5D mælitækið var notað til að meta lífsgæði þátttakenda (Rabin og de Charro, 2001). Það er almennt staðlað mælitæki (*standardized and generic*) sem er notað til að lýsa og meta heilsu. EQ-5D var hannað af EuroQol hópunum sem stofnaður árið 1987 af rannsóknarfólki frá Finnlandi, Hollandi, Svíþjóð og Bretlandi (Kind, Dolan, Gudex og Williams, 1998). EQ-5D skiptist í fimm víddir: Hreyfigetu, sjálfsumönnun, venjubundin störf, verki/óþægindi og kvíða/dapurleika/þunglyndi. Hverri vídd er skipt upp í þrjá flokka sem gefa til kynna hvort sá er svarar listanum á við engin vandamál að stríða,

nokkur eða mjög mikil vandamál. Þegar þessir fimm þættir og þrjár víddir eru samtvinnaðar verða til 243 heilsutengd tilvik sem metin eru í vísitölu (*index*). Þar sem þessi heilsutengdu tilvik hafa ekki verið metin fyrir Ísland var notast við mat Biomed verkefnisins fyrir Evrópu. EQ-5D hefur einnig mælistiku (*visual analogue scale*) þar sem þátttakendur eru beðnir um að meta heilsu sína þar sem 100 er besta hugsanlega heilbrigði og 0 er algjört heilsuleysi (Greiner o.fl., 2003; Greiner, Weijnen, Nieuwenhuizen, Oppe og de Charro, 2003). Þýðing Ingibjargar Þórhallsdóttur á EQ-5D var notuð í þessari rannsókn. Macran (2003) telur próffræðilega eiginleika EQ-5D vera góða.

Foreldrar barnanna sem greind hafa verið á einhverfurófinu voru beðnir um að svara EQ-5D fyrir þau. Slíkt er ekki óalgengt (t.d. Prosser o.fl., 2004; Secnik o.fl., 2005) og er gert vegna samræmis í svörun því sum barnanna höfðu ef til vill ekki lært að lesa.

Allir þátttakendur voru spurðir um hjónabandsstöðu, tekjur og hversu mörg börn þeir áttu, sem og EQ-5D. Foreldrar barnanna sem greind höfðu verið á einhverfurófinu voru spurð hve mörg barna þeirra hefðu verið greind á einhverfurófinu en beðin um að svara spurningalistanum með elsta barnið í huga sem greinst hafði. Foreldrarnir voru spurðir um aldur barnsins og aldur þess þegar það var greint á einhverfurófinu. Einnig hvar það bjó, hvort það sýndi sjálfskaðandi hegðun eða ýgi og hvort það hefði verið greint með aðra röskun eins og athyglisbrest og ofvirkni eða áráttu- og þráhyggjuröskun.

Siðferðileg álitamál

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar og leyfi fyrir henni fengið frá Vísindasiðanefnd. Rannsóknin náði aðeins til barna yngri en 18 ára og foreldra þeirra. Þar sem fólk verður lögráða á Íslandi við 18 ára aldur þótti ekki við hæfi að biðja foreldra að meta lífsgæði fullorðinna barna sinna. Með réttindi barnanna í huga voru foreldrar þeirra beðnir um að kynna rannsóknina fyrir börnum sínum, mæti þeir svo að þau réðu við það, til að gefa þeim tækifæri til að hafna þátttöku. Litið var svo á að þátttakendur gæfu upplýst samþykki sitt með því að póstleggja spurningalistana.

Framkvæmd

Spurningalistarnir voru sendir með pósti til þátttakenda ásamt kynningarbréfi og frímerktu svarumslagi. Í kynningarbréfinu var tilgangur rannsóknarinnar skýrður, hverjir stæðu að rannsókninni og hvers væri ætlast til af þátttakendum. Ítrekun var send viku seinna. Vegna happdrættisins fylgdi lítið kort og lítið umslag sem endursenda þurfti með spurningalistanum.

Þátttakendur þurftu að rita nafn sitt á kortið og setja það í litla umslagið til að eiga kost á því að vinna til peningaverðlauna. Happdrættisumslagið var tekið frá spurningalistanum áður en að hann var sleginn inn svo ekki væri hægt að rekja svör þátttakenda.

Niðurstöður

Um 38% foreldra barna greinda á einhverfurófinu töldu börn sín í nokkrum vanda eða erfiðleikum á einhverri vídd og rúmlega 4% töldu þau í miklum erfiðleikum (tafla 1). Helst áttu börnin í nokkrum vanda við venjubundin störf, eins og með nám, samveru með fjölskyldu eða frístundaiðju. Rúm 27% foreldra skýrðu frá nokkrum erfiðleikum á einhverri vídd og um 2% þeirra skýrðu frá miklum erfiðleikum. Foreldrarnir greindu flestir frá vandamálum með kvíða eða dapurleika. Þegar nokkrir og miklir erfiðleikar eru teknir saman þá töldu foreldrar meiri erfiðleika fyrir börn sín en sig sjálf metið með stefnuraðprófi Wilcoxon ($Z(15, 40) = 3{,}5$; $p < 0{,}001$).

Rúmlega 13% almennings skýrði frá nokkrum erfiðleikum á að minnsta kosti einni vídd EQ-5D og minna en 1% skýrðu frá miklum erfiðleikum (tafla 1). Flestir skýrðu frá erfiðleikum vegna verkja eða óþæginda og svo kvíða eða þunglyndi.

Foreldrar mátu um 13% barna sinna án erfileika á EQ-5D en flest börn voru metin að eiga í nokkrum erfiðleikum með sjálfsumönnun og venjubundin störf (tafla 2). Flestir foreldrar skýrðu frá einhverjum erfiðleikum á EQ-5D en fjórðungur þeirra skýrði ekki frá neinum erfiðleikum.

Rúmlega helmingur almennings taldi sig ekki eiga í neinum erfiðleikum á EQ-5D en flestir þeirra sem skýrðu frá einhverjum erfiðleikum fundu fyrir verkjum, óþægindum, kvíða eða þunglyndi (tafla 2).

Foreldrar barna sem greind höfðu verið á einhverfurófinu mátu lífsgæði barna sinna öðruvísi á EQ-5D mælistikunni samanborið við EQ-5D vísitöluna ($t(65) = 7{,}2$; $p < 0{,}001$). Foreldrarnir mátu lífsgæði barnanna meiri á mælistikunni (tafla 3).

Það var enginn munur hvernig foreldrarnir mátu sjálfa sig á EQ-5D mælistikunni og EQ-5D vísitölunni ($p > 0{,}05$).

Það var enginn munur á því hvernig foreldrarnir mátu eigin heilsu samanborið við heilsu barna sinna á EQ-5D mælistikunni ($p > 0{,}05$) en heilsa barnanna var metin lægri á EQ-5D vísitölunni ($t(66) = 2{,}8$; $p < 0{,}01$).

Tafla 1. Hlutfall barna greind á einhverfurófinu, foreldra þeirra og almennings sem skýra frá erfiðleikum á einhverri vídd EQ-5D.

	Vandi/erfiðleikar			
Víddir EQ-5D	Enginn	Nokkur	Mikill	Svara ekki
Börn greind á einhverfurófinu				
Hreyfigeta	86,7	13,3	0,0	0,0
Sjálfsumönnun	45,3	44,0	9,3	1,3
Venjubundin störf	25,3	64,0	9,3	1,3
Verkir/óþægindi	72,0	24,0	0,0	4,0
Kvíði/dapurleiki	49,3	42,7	2,7	5,3
Einhver vídd	55,7	37,6	4,3	2,4
Foreldrar				
Hreyfigeta	92,0	6,7	0,0	1,3
Sjálfsumönnun	96,0	2,7	0,0	1,3
Venjubundin störf	69,3	25,3	0,0	5,3
Verkir/óþægindi	58,7	37,3	2,7	1,3
Kvíði/dapurleiki	30,7	62,7	5,3	1,3
Einhver vídd	69,9	27,1	1,6	2,1
Almenningur				
Hreyfigeta	93,7	5,1	0,0	1,2
Sjálfsumönnun	98,4	0,7	0,0	0,9
Venjubundin störf	92,8	6,0	0,2	0,9
Verkir/óþægindi	68,4	29,2	1,4	0,9
Kvíði/dapurleiki	72,6	24,8	1,6	0,9
Einhver vídd	85,2	13,2	0,6	1,0

Lífsgæði barnanna voru metin lægri en almennings á EQ-5D vísitölunni ($t(494) = 9,0$; $p < 0,001$) en þau voru metin svipuð á EQ-5D mælistikunni ($p > 0,05$). Foreldrarnir mátu heilsu sína lægri en almenningur bæði á EQ-5D mælistikunni ($t(85) = 2,6$; $p < 0,05$) og á EQ-5D vísitölunni ($t(495) = 5,0$; $p < 0,001$)

Börn greind á einhverfurófinu sem sýndu sjálfskaðandi hegðun voru metin með lægri heilsutengd lífsgæði en börn sem sýndu ýgi eða enga ýgi eða sjálfskaðandi hegðun ($F(2, 66) = 4,9$; $p < 0,05$) (tafla 4).

Ekki var munur á heilsutengdum lífsgæðum foreldranna eftir því hvort börn þeirra sýndu eða sýndu ekki sjálfskaðandi hegðun eða ýgi ($p > 0,05$).

Tafla 2. Fimm algengustu heilsutengdu EQ-5D tilvikin, vísitala og mælistika fyrir börn greind á einhverfurófinu, foreldra þeirra og almennings.

EQ-5D Heilsutengd ástönd	Prósentur	EQ-5D vísitala	EQ-5D mælistika
Börn greind á einhverfurófinu			
12211	17,1	72,8	92,5
11111	12,9	100,0	94,6
11211	10,0	84,6	89,5
11212	7,1	75,7	88,0
12222	7,1	54,6	76,0
Foreldrar			
11111	26,8	100,0	92,2
11112	25,4	78,3	84,9
11122	15,5	69,0	79,4
11222	8,5	66,4	72,3
11212	5,6	75,7	78,0
Almenningur			
11111	56,7	100,0	90,7
11121	14,1	77,9	82,3
11112	11,7	78,3	84,1
11122	8,5	69,0	79,2
21222	1,2	59,8	49,0

Tafla 3. Meðaltal og staðalfrávik á EQ-5D vísitölu og mælistiku fyrir börn greind á einhverfurófinu og foreldra þeirra.

	M	Sf	n
EQ-5D vísitala			
Börn greind á einhverfurófinu	68,3	20,5	70
Foreldrar	77,4	17,5	71
Almenningur	87,7	15,9	426
EQ-5D mælistika			
Börn greind á einhverfurófinu	83,6	15,2	69
Foreldrar	78,6	19,0	72
Almenningur	84,8	14,4	408

Meðaltal almennings á Íslandi á EQ-5D mælistikunni var mjög svipað og meðaltal almennings í Bandaríkjunum (84,4) og Bretlandi (82,2) (Johnson, Luo, Shaw, Kind og Coons, 2005) en ólíkt meðaltali almennings á Spáni (75,8) (Badia, Roset, Hermann og Kind, 2001).

Tafla 4. Meðaltal og staðalfrávik á EQ-5D vísitölunnar fyrir börn greind á einhverfurófinu og foreldra þeirra eftir því hvort börnin sýni ýgi eða sjálfskaðandi hegðun (SSH).

	M	Sf	n
Börn greind á einhverfurófinu			
Hvorki ýgi né SSH	71,6	19,8	33
Aðeins ýgi	71,7	18,7	24
SSH með og án ýgi	52,1	20,7	12
Foreldrar			
Hvorki ýgi né SSH	76,7	18,3	33
Aðeins ýgi	78,2	18,8	24
SSH með og án ýgi	77,8	14,4	13

Heilsutengd lífsgæði barna sem greind höfðu verið á einhverfurófinu var lægra ef þau voru að auki greind með athyglisbrest og ofvirkni, sem og börn sem voru að auki greind með þroskahömlun (tafla 5). Heilsutengd lífsgæði foreldranna voru þau sömu hvort sem barn þeirra var að auki greint með athyglisbrest og ofvirkni eða þroskahömlun. Heilsutengd lífsgæði barnanna voru þau sömu fyrir börn einnig greind með þunglyndi eða kvíða en lífsgæði foreldranna voru þá hins vegar minni.

Umræða

Heilsutengd lífsgæði barna greindra á einhverfurófinu og foreldra þeirra höfðu aldrei áður verið könnuð með almennu stöðluðu matstæki eins og EQ-5D. Heilsutengd lífsgæði barnanna og foreldra þeirra mæld með EQ-5D vísitölunni voru lægri en almennings á Íslandi en ekki reyndist munur á lífsgæðum barnanna og almennings þegar mælt var með EQ-5D mælistikunni. Það kom á óvart. Svo virðist sem foreldrar meti lífsgæði sín og barna sinna meiri en viðmið Biomed verkefnisins á heilsutengdum tilvikum segja til um (Greiner, Weijnen, Nieuwenhuizen, Oppe og de Charro, 2003). Það kallar á að EQ-mælitæki verði staðlað fyrir almenning á Íslandi því

annað kann að takmarka túlkun niðurstaðna í rannsóknum á heilsutengdum lífsgæðum (Badia o.fl., 2001; Johnson o.fl., 2005). Því hefur einnig verið haldið fram að EQ-5D sé ekki besta mælitækið til að mæla heilsutengt ástand ef áherslan er á skilvit (*cognition*) (Oostenbrink, Moll og Essink-Bot, 2002). Búið er að bæta við einni vídd til viðbótar við EQ-5D í EQ-6D til að lýsa betur lífsgæðum sjúklinga sem þjást af andlegri hrörnun (*dementia*) eða þroskahömlun (Hoeymans, van Lindert og Westert, 2005). Mælt er með því að EQ-6D verði staðlað fyrir almenning á Íslandi frekar en EQ-5D.

Tafla 5. Meðaltal og staðafrávik barna með einhverfu og foreldra þeirra á EQ-5D vísitölunni með og án aukagreiningar.

	Aukagreining			Án aukagreiningar			
	M	Sf	n	M	Sf	n	
Ofvirkni-athyglisbrestur							
Börn	58,8	20,6	20	72,1	19,5	50	*
Foreldrar	73,9	14,9	21	78,5	18,3	49	
Árátta-þráhyggja							
Börn	61,5	17,0	18	70,7	21,3	52	
Foreldrar	76,0	17,5	18	77,5	17,5	52	
Þroskahömlun							
Börn	57,5	23,1	23	73,6	17,0	47	**
Foreldrar	77,0	18,7	24	77,2	16,9	46	
Flogaköst							
Börn	44,4	16,2	4	69,8	20,0	66	*
Foreldrar	83,3	15,7	5	76,6	17,5	65	
Þunglyndi							
Börn	67,3	8,0	3	68,4	21,0	67	
Foreldrar	56,1	17,8	3	78,0	16,9	67	*
Kvíði							
Börn	65,9	14,7	6	68,6	21,1	64	
Foreldrar	61,5	17,1	7	78,8	16,7	63	*

* $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$

Svarhlutfall foreldra barna sem greind höfðu verið á einhverfurófinu var gott en svarhlutfall almennings var frekar lágt. Næstum tveir þriðju úrtaksins tók ekki þátt í rannsókninni og því ætti að túlka niðurstöður þess úrtaks með fyrirvara þrátt fyrir að almenningur á Íslandi hafi metið heilsu sína á EQ-5D

mælistikunni mjög svipað og almenningur í Bandaríkjunum og Bretlandi (Johnson o.fl., 2005).

Viðbótargreining eins og athyglisbrestur og ofvirkni og þroskahömlun sem og sjálfskaðandi hegðun leiddi til lægri lífsgæða fyrir börnin sem kallar á aðgerðir til að auka lífgæði þeirra.

Heimildir

American Psychiatric Association. (1998). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders* (4. útgáfa). Washington, DC: Höfundur.

Badia, X., Roset, M., Herman, M. og Kind, P. (2001). A comparison of United Kingdom and Spanish general population time trade-off values for EQ-5D health states. *Medical Decision making*, *21*, 7-16.

Brown, I., Anand, S., Fung, W. L. A., Isaacs, B. og Baum, N. (2003). Family quality of life: Canadian results from international study. *Journal of Developmental and Physical Disabilities*, *15*, 207-230.

Greiner, W., Weijnen, T., Nieuwenhuizen, M., Oppe, S. og de Charro, F. (2003). A European EQ-5D valuation set. Í R. Brooks, R. Rabin og F. de Charro (Ritstj.), *The measurement and valuation of health status using EQ-5D: A European perspective: Evidence from the EuroQol BIOMED research programme* (bls. 103-142). Dordrecht: Kluwer Academic Publishers.

Greiner, W., Weijnen, T., Nieuwenhuizen, M., Oppe, S., Badia, X., Busschbach, J., Buxton, M., Dolan, P., Kind, P., Krabbe, P., Ohinmaa, A., Parkin, D., Roset, M., Sintonen, H. Tsuchiya, A. og de Charro, F. (2003). A single European currency for EQ-5D health states: Results from a six-country study. *European Journal of Health Economics*, *4*, 222-231.

Higgins, D. J., Bailey, S. R. og Pearce, J. C. (2005). Factors associated with functioning style and coping strategies of families with a child with an autism spectrum disorder. *Autism*, *9*, 125-137.

Hoeymans, N., van Lindert, H. og Westert, G. P. (2005). The health status of the Dutch population as assessed by the EQ-6D. *Quality of Life Research*, *14*, 655-663.

Johnson, J. A., Luo, N., Shaw, J. W., Kind, P. og Coons, S. J. (2005). Valuation of EQ-5D health states: Are the United States and United Kingdom different? *Medical Care*, *43*, 221-228.

Keith, K. D., Yamamoto, M., Okita, N. og Schalock, R. L. (1995). Cross-cultural quality of life: Japanese and American college students. *Social Behavior and Personality*, *23*, 163-170.

Kind, P., Dolan, P., Gudex, C. og Williams, A. (1998). Variations in population health status: Results from a United Kingdom national questionnaire survey. *British Medical Journal*, *31*, 736-741.

Magnússon, P. og Sæmundsen, E. (2001). Prevalence of autism in Iceland. *Journal of Autism and Developmental Disorders*, *31*, 153-163.

Mauk, J. E., Reber, M. og Batshaw, M. L. (1997). Autism and other pervasive developmental disorders. Í M. L. Batshaw (Ritstj.), *Childern with disabilities* (bls. 425-447). London: Paul H. Brookes Publishing.

Olsson, M. B. og Hwang, P. C. (2003). Influence of macrostructure of society on the life situation of families with a child with intellectual disability: Sweden as an example. *Journal of Intellectual Disability Research*, *47*, 328-341.

Oostenbrink, R., Moll, H. A. og Essink-Bot, M. (2002). The EQ-5D and the Health Utilities Index for permanent sequelae after meningitis: A head-to-head comparison. *Journal of Clinical Epidemiology*, *55*, 791-799.

Prosser, L. A., Ray, G. T., O'Brien, M., Kleinman, K., Santoli, J. og Lieu, T. A. (2004). Preferences and willingness to pay for health states prevented by pneumococcal conjugate vaccine. *Pediatrics*, *113*, 283-290.

Rabin, R. og de Charro, F. (2001). EQ-5D: A measure of health status from the EuroQol group. *Annals of Medicine*, *33*,337-343.

Schalock, R. L. (2000). Three decades of quality of life. *Focus on Autism and Other Developmental Disabilities*, *15*, 116-127.

Schalock, R. L. (2004). The concept of quality of life: What we know and do not know. *Journal of Intellectual Disability Research*, *48*, 203-216.

Secnik, K., Matza, L. S., Cottrell, S., Edgell, E., Tilden, D. og Mannix, S. (2005). Health state utilities for childhood attention-deficit/hyperactivity disorder based on parent preferences in the United Kingdom. *Medical Decision Making*, *25*, 56-70.

Wing, L. (1993). The definition and prevalence of autism: A review. *European Child and Adolescent Psychiatry*, *2*, 61-74.

Samfélagið og heilbrigði

Hermann Óskarsson

Heilbrigðisvísindi Vesturlanda skilgreindu lengi viðfangsefni sitt út frá mannslíkamanum og hugmyndum um hvað honum væri eðlilegt. Viðfangsefni læknisfræðinnar varð þannig snemma sjúkdómar þeir sem hægt var að staðsetja í líkamanum. Byltingakenndar rannsóknaniðurstöður varðandi orsakir smitsjúkdóma áttu hér hlut að máli, þar á meðal *sýklakenningin* (the germ theory) sem kom fram um miðja 19. öld (Robertson, 1990). Kenningin gerði ráð fyrir að sérhver sjúkdómur ætti sér einn tiltekinn og þekkjanlegan orsakavald, þ.e. sjúkdómsvaldandi smásæjar lífverur eins og sníkla, vírusa eða bakteríur, sem kæmu úr umhverfi mannsins og ættu þar náttúruleg heimkynni.

Á þessum tíma þróaðist *líflæknisfræðin* (Atkinson, 1988). Á grundvelli þekkingar á áðurnefndum áhrifum umhverfisins þróaðist einskonar skólastefna innan læknavísindanna sem gekk út á að einangra sérstaka orsakavalda líkamlegra og andlegra veikinda. Um var að ræða bakteríur og lífeðlis- og lífefnafræðilega þætti. Það var þessi tilhneiging til að skýra sjúkdóma á grundvelli þekkingar í *líf*-fræði, *líf*-eðlisfræði og *líf*-efnafræði sem kom að kallast „*líf-læknisfræðilega líkanið*“ (the biomedical model) og á grunvelli þess er jafnframt reynt að lækna sjúkdóma. Þetta vísindaviðhorf hefur sett og setur enn sterkan svip á starfsemi heilbrigðisstofnana og heilbrigðisfestið í heild (Hermann Óskarsson, 2005b).

Merking heilbrigðishugtaks þessa tíma var náið tengd líkamanum og starfsemi hans en einnig náttúrulegu umhverfi mannsins. Upplýsingarstefnan hafði haft í för með sér ríkjandi vísindaviðhorf sem fól m.a. í sér að líta mátti á líkamann sem hluta náttúrunnar (Barry og Yuill, 2002). Þegar frá leið fóru rannsóknir á sjúkdómum að leiða meir og meir í ljós aðrar orsakir sjúkdóma en áðurnefndar lífverur. Þessar orsakir voru óljósari þar sem ekki var hægt að festa hönd á neina skýra aðskotahluti í líkamanum úr umhverfinu í líkingu við það sem sýklakenningin gerði ráð fyrir. Athyglin fór því að beinast meira að tilteknum umhverfisþáttum ásamt því að áhrif þeirra á mannslíkamann urðu áfram megin viðfangsefni læknavísindanna.

Með auknum rannsóknum, allt frá miðri síðustu öld, á félagslegu umhverfi mannsins og áhrifum þess á heilsu og heilbrigði fólks, fór gagnrýni fræðimanna vaxandi á hversu þröngt heilbrigðishugtakið var skilgreint af hálfu læknavísindanna (Field, 1980). Rannsóknir á skipulagi félagslegra samskipta og þýðingu þeirra fyrir hugtekningu og skynjun mannsins á félagslegum veruleika, þar með talið veikindum, sýndu fram á hversu flókinn þessi veruleiki er, hversu skipulag hans er mikilvægt fyrir sjálfsmyndina og samtímis ótryggt með tilliti til varanleika. Fræðimenn *þjóðlegu tjáskiptafræðinnar* (ethnomethodology) sýndu t.d. fram á hversu brothætt félagslegt umhverfi er með tilraunum sínum til að opinbera óskrifaðar reglur mannlegra samskipta með því að brjóta þær (Garfinkel, 1967; Giddens, 1989; Hermann Óskarsson, 2005b). Niðurstaða þessara rannsókna er í stuttu máli að félagslegt umhverfi mannsins hafi grundvallarþýðingu fyrir heilbrigði hans en að í því geti einnig falist heilbrigðisáhættur.

Rannsóknir félagsvísindamanna hafa einnig sýnt fram á hversu óskýr mörkin eru á milli náttúrulegs umhverfis og félagslegs umhverfis mannsins í nútíma samfélögum þar sem mannshöndin og hugur mannsins hafa skapað og umskapað hvoru tveggja og aðlagað lífsháttum mannsins (Hermann Óskarsson, 2005b). Þessir lífshættir einkennast í auknum mæli af ímyndum margmiðlunar- og sýndarveruleika. Áhrif þessa umhverfis á heilbrigði og heilsu mannsins er því ekki á neinn hátt náttúruleg í upphaflegu merkingu þess orðs. Það er því ekki gerlegt í dag að aðgreina hið félagslega og hið náttúrulega á sama hátt og áður. Raunar má segja að aðgreining af þessu tagi sé hvorki skynsamleg né raunhæf í dag þegar rætt er um heilbrigði.

Félagsleg heilbrigði

Til mótvægis við eldri skilning á hugtakinu heilbrigði, sem tengdist fyrst og fremst sjónarmiði líflæknisfræðinnar varðandi líkamann, hafa fræðimenn í dag sett fram hugtakið *félagsleg heilbrigði* sem er ætlað að vekja til vitundar um tengsl mannslíkamans og félagslegs umhverfi hans (Hermann Óskarsson, 2005a). Félagsleg heilbrigði skírskotar þannig til þeirrar einingar sem felst í þeim óaðgreinanleika náttúrulegs og félagslegs umhverfis mannsins sem áður var lýst hér að framan. Þetta hugtak, sem kennt er við heildræna sýn á manninn, er haft í vaxandi mæli að leiðarljósi í nútíma heilbrigðisfræðslu, heilbrigðisþjónustu, heilbrigðiseflingu og rannsóknum á tengslum milli umhverfis mannsins og heilbrigði hans (Hermann Óskarsson, 2005b).

Hugtakið *félagsleg heilbrigði* hefur annars konar skírskotun en heilbrigðishugtak sem tekur einungis mið af mannslíkamanum í skilgreiningu sinni. Félagsleg heilbrigði höfðar til mun víðara samhengis en mannslíkamans eingöngu þar sem félagslegt umhverfi líkamans er hluti heilbrigðissamhengisins. Þetta merkir að ekki er horft til heilbrigði einstaklingsins án tillits til og vitundar um það félagslega umhverfi sem hann lifir og starfar í. Grundvallarmunur þessara ólíku heilbrigðishugtaka og þýðing verður þó fyrst fyrir alvöru ljós ef þau eru t.d. borin saman með tilliti til þess hvernig þau líta á heilbrigði, sjúkdóm, lækningu og hlutverk læknis og sjúklings (Schwarts, 1987).

Til að skýra þetta nánar skulum við staldra við og skoða hugtökin „félagsleg staða“ og „félagsleg staðsetning.“ Bæði þessi hugtök vísa til félagslegs umhverfis einstaklinga og þess hvernig þjóðfélag er upp byggt, þ.e. hvernig samskiptum einstaklinga er háttað í þjóðfélaginu. Í þessu samhengi er oft talað um *félagsgerð* (social structure), en það hugtak vísar einmitt til skipulagsins sem er á samskiptunum. Mikilvægustu einingarnar í hverri félagsgerð eru *stöður*, *hlutverk*, *hópar* og *festi*. Þessir þættir eru undirstaða allra samfélaga og lykilhugtök félagsfræðinnar. Tengslin milli þeirra eru breytileg en ráða gerð samfélagsins.

Staða einstaklings segir til um hver hann er, hvar hann er og hvaða hópum hann tilheyrir. Fólk með „svipaða stöðu“ myndar *þjóðfélagsstétt*. Orðið þjóðfélagsstétt vekur athygli okkar á því sem er sameiginlegt þjóðfélagshópum og að munur er á hve greiðan aðgang þjóðfélagshópar hafa að auði samfélagsins og öðrum gæðum þess. Með orðalaginu „svipuð staða“ er með öðrum orðum yfirleitt átt við stöðu með tilliti til efnahagslegra þátta tengda framfærslunni, þ.e. með tilliti til þess á hverju hún byggist. Orðið „staða“ vísar þannig til *staðsetningar í samfélaginu* eða *félagsgerðinni*.

Hverri stöðu fylgja oft fleiri en eitt *hlutverk*, þ.e. tilætlanir eða væntingar sem umhverfið gerir til hennar og til þess er ætlast að stöðuhafinn mæti þeim. Þær ná til hegðunar, klæðaburðar, tilfinninga, málfars og margs annars. Orðið *hlutverk* er fengið að láni úr leikhúsmáli. Munur á *stöðu* og *hlutverki* er sá að einstaklingur *hefur* stöðu en *leikur* hlutverk (Linton, 1936). *Staða* og *hlutverk* tengjast því mjög náið og eru eiginlega tvær hliðar á sama máli.

Hegðun í hlutverki mætti kalla *túlkun hlutverksins*. Viðbrögð fólks við hegðun fara eftir því hve vel hún samræmist væntingunum. Líklega verður engum eins vel ljós þýðing *hlutverkavæntinga* eins og þeim sem hefur verið ginntur til einhverra athafna á grundvelli falskrar túlkunar hlutverks. Yfirleitt treystum við því að túlkun hlutverks sé ekta og því er tiltölulega auðvelt fyrir óprúttna og aðra að villa á sér heimildir. Þetta má t.d. sjá í skemmtiþáttum

þar sem fólk er platað af einhverjum sem villir á sér heimildir. Samtímis eru oft á tíðum mjög ströng viðurlög við falskri túlkun hlutverks.

Eins og áður sagði fylgja hverri stöðu sem við höfum yfirleitt fleiri en eitt hlutverk, en einmitt þetta getur orsakað spennu, þegar ósamræmanlegar kröfur eru gerðar til sömu stöðunnar. Í þessu sambandi er talað um *hlutverkaspennu*. Ætlast er t.d. til að á vinnustöðum sé gott samband á milli yfir- og undirmanns. Yfirmaðurinn á samtímis að setja reglur og sjá til að þeim sé framfylgt. Í öðrum tilvikum geta tvær stöður sem sami einstaklingur hefur orsakað svokallaða *stöðutogstreitu*. Foreldri sem lendir í togstreitu ef börnin veikjast en nauðsynleg verkefni bíða í vinnunni eða skólanum er dæmi um þetta.

Hvoru tveggja, hlutverkaspenna og stöðutogstreita, getur leitt til sjúklegra einkenna og nauðsynlegrar sérfræðiaðstoðar. Mikilvægt er samt sem áður að hafa í huga að þótt væntingar, sem fylgja stöðum og hlutverkum, valdi stundum spennu eða togstreitu, tryggja þær að samskipti gangi tiltölulega snurðulítið og í samræmi við það sem búist er við. Hlutverkin þjóna mikilvægum tilgangi sem er að beina hegðun fólks í þann farveg sem aðrir vænta. Það gerir félagsgerðina stöðugri og skapar öryggi í samskiptum fólks. *Staða* fólks og *hlutverk* tengjast þannig beinlínis og almennt heilbrigði þess.

Ein mikilvægasta eining félagsgerðarinnar er *hópurinn* og rannsóknir sýna að heilbrigði og sjúkdómar dreifist mismunandi á þjóðfélagshópa í samfélaginu (Nettleton, 1995; Hólmfríður Gunnarsdóttir, 1997). Sumir hópar hafa hærri meðaltals dánartíðni en aðrir hópar og sömu sögu er að segja um sjúkdómstíðnina. Hópar samfélagsins eru margvíslegir og skilgreining þeirra sömuleiðis. Sumir hópar eru skilgreindir með tilliti til atvinnuþátttöku, aðrir út frá kyni eða aldri. Sameiginlegt er öllum samfélagshópum að þeir eru skilgreindir á grundvelli samskipta sinna innbyrðis og við aðra hópa í samfélaginu. Einna ljósust eru þessi samskipti þegar kynin eiga í hlut og ólíkir aldurshópar, en atvinnuþátttakan er ekki síður mikilvæg þar sem hún skilgreinir ekki bara samskipti heldur einnig lífsskilyrði hópa í samfélaginu.

Mikilvægasti hópur félagsgerðarinnar er *þjóðfélagsstéttin*. Þessi hópur sækir skilgreiningu sína til atvinnuþátttökunnar og atvinnuskiptingarinnar í þjóðfélaginu. Algeng merking orðsins stétt í íslensku máli er „hópur manna sem hefur svipaða afstöðu í framleiðslu- og þjóðfélagskerfinu, fæst við svipuð störf, hefur svipaða lífshætti og fjárhagsafkomu: *atvinnurekendastétt, verkalýðsstétt, bændastétt, sjómannastétt*“ o.s.frv. (Árni Böðvarsson, 1988).

Við rannsóknir á stéttarstöðu og heilbrigði er einkum stuðst við tvenns konar tölfræðilegar upplýsingar um heilbrigði. Annars vegar eru svokallaðar dánartölur bornar saman og hins vegar upplýsingar um sjúkdómstíðni. Í

þessu sambandi er byggt á *staðlaðri dánartíðni* (SMR). Með staðlaðri dánartíðni er átt við að meðaltalsdánartíðni t.d. tiltekins aldurshóps hafi verið reiknuð út og því næst meðaltalsdánartíðni sama aldurshóps viðkomandi þjóðfélagsstéttar. Tilgangurinn er að gera tíðnitölur stéttanna sambærilegar.

Hvorki dánartölur né sjúkdómstíðni eru þó óskeikular upplýsingar um heilbrigði því ekki hafa allir einstaklingar sem deyja átt við vanheilsu að stríða, þeir kunna að hafa lent í slysi og látist, og margir sem læknisfræðilega séð eru sjúkir fara ekki til læknis og birtast því ekki í tölfræði sjúkdóma. Engu að síður eru upplýsingar um dánar- og sjúkdómstíðni mikilvægur vitnisburður um heilsu og heilbrigði á hverjum tíma.

Þjóðfélagsstéttir greinast í aðra minni hópa s.s starfsstéttir. Fjölmargar erlendar rannsóknir sýna fram á mismunandi heilbrigði þjóðfélagsstétta (Townsend og Davidson, 1992; Curtis, 2004; Graham, 2001). Hér á landi er ekki hefð fyrir svokölluðum stéttarannsóknum en nokkrar íslenskar rannsóknir sýna fram á mismunandi heilbrigði starfsstétta (Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, 1997; Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, 2005) og barna með tilliti til stéttarlegs bakgrunns foreldra þeirra (Halldórsson o.fl., 1999).

Fræðimenn Vinnueftirlits ríkisins hafa einnig staðið að framkvæmd rannsókna á tilteknum atvinnutengdum sjúkdómum og athugað dánartíðni og lífshætti tiltekinna starfsstétta. Þar á meðal eru bókagerðarmenn, bændur, læknar, lögfræðingar, málarar, múrarar, vélstjórar og sjómenn. Margt fróðlegt hefur komið fram í þessum rannsóknum sem vekur athygli á tengslum heilbrigði og þjóðfélagsstéttar hér á landi (http://www.vinnueftirlit.is/-vinnueftirlit/is/rannsoknir/).

Félagsleg dreifing heilbrigði

Rannsóknir á sjúkdóms- og dánartíðni þjóðfélagshópa sýna að þjóðir búa við mismunandi heilbrigði sem markast af þjóðfélagsgerðinni og lagskiptingu hennar (Townsend og Davidson, 1992; Graham, 2001; Curtis, 2004). Eftir því sem lagskiptingin er meiri og stéttaskiptingin meira áberandi þeim mun meiri er munurinn á heilbrigði þjóðfélagshópa. Aukin lagskipting þjóða er með öðrum orðum ávísun á meiri stéttarskiptingu í heilsufari. Þetta er þó ekki óháð því hvernig þjóðir skipuleggja og haga heilbrigðiskerfum sínum og heilbrigðisþjónustu. Heilbrigði er einnig mismunandi meðal þjóða eftir kyni, aldri, búsetu og menningu.

Ofangreindar rannsóknir eru vísbendingar um að heilbrigði ræðst ekki einungis af líffræðilegri gerð einstaklinga heldur einnig staðsetningu þeirra í

samfélagsbyggingunni. Þær vekja upp spurningar um lýðheilsu og tilhögun skipulegrar heilbrigðisþjónustu okkar Íslendinga og hvernig megi efla heilbrigði og stuðla að bættri heilbrigði almennings. Umfram allt vekja þær til umhugsunar um heilbrigðis- og velferðarmál og aðgerðir í þeim málum. Mikilvægt er fyrir stjórnvöld á hverjum tíma að þekkja vel til heilbrigðisáhrifa lagskiptingarinnar á hverjum stað og félagslegrar dreifingar heilbrigði til að geta brugðist tímanlega við heilbrigðisvanda sem steðjar að eða til að gera ráðstafanir til að draga úr heilbrigðisáhættum sem þegar eru fyrir hendi.

Með orðunum *félagsleg dreifing heilbrigði* (social distribution of health) er átt við að heilsa og heilbrigði dreifist ólíkt í þjóðfélögum með tilliti til *þjóðfélagsstétta*, *kyns* (kynhlutverka), *aldurshópa, búsetu* og *menningar*, svo nokkrar lykilbreytur séu nefndar sem koma hér við sögu. Í þessu samhengi er talað um ójöfnuð í heilsufari (Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, 2005). Þannig sýna rannsóknir að heilbrigði þjóðfélagsstétta sé ólík mælt í dánar- og sjúkdómstíðni (Cockerham, 2001).

Svipaða sögu er að segja um kynin (Cockerham, 2001). Meðaltals sjúkdóms- og dánartíðni kynjanna er ólík til og með þegar heilsufarslegir þættir sem tengjast kynferðinu sérstaklega eru ekki taldir með. Þessi staðreynd vekur til umhugsunar um áhrif félagslegra þátta á heilbrigði. Meðal annars af þessari ástæðu er gerður greinarmunur á líffræðilegu kynferði og félagslegu. Enskir fræðimenn gera þannig greinarmun á „sex“ og „gender“. *Sex* er notað þegar rætt er um líffræðilega kynferðið og orðið *gender* þegar umræðan snýst um félagslegt kynferði. Hér verða orðin *kyn* og *kynhlutverk* notuð til einföldunar, í merkingunni líffræðilegt kyn (e. sex) og félagslega skilgreint kynferði (e. gender).

Aldur og búseta eru einnig mikilvægar félagslegar breytur sem koma við sögu félagslegrar dreifingar heilbrigði. Ólíkir aldurshópar eru áberandi grunneiningar samfélagsbyggingarinnar og sem slíkir undirstaða samfélagsins og félagsgerðar þess. Félagsgerð iðnaðarsamfélaga nútímans einkennir þannig tiltölulega stórir hópar aldraðra samanborið við sjálfsþurftasamfélög fyrri tíma þar sem stórir hópar barna og unglinga voru hlutfallslega mun meira áberandi en aðrir aldurshópar. Þessi samfélög einkenna ólíkir atvinnuvegir og heilbrigði sem rekja má til þeirra.

Menning er lykilhugtak í samhenginu félagsleg dreifing heilbrigði. Hugtakið er notað til að lýsa lífsháttum hópa, en ólíkir lífshættir koma við sögu fjölmenningarsamfélaga nútímans. Lífshættir þjóðfélagsstétta hafa einnig verið rannsóknarefni í tengslum við umræðuna um heilbrigði (Golthorpe, Lockwood o.fl., 1968; Acheson, 2003; Cockerham, 2001). Svipaða sögu er að segja um lífshætti eða menningu ýmissa annarra hópa í

samfélögum s.s. unglinga, aldraðra, þjóðernishópa og hópa skilgreinda með tilliti til búsetu og kyns (Acheson, 2003; Cockerham, 2001).

Hér á eftir verður fjallað nánar um áðurnefndar lykilbreytur félagsgerðarinnar og félagslegrar dreifingar heilbrigði.

Þjóðfélagsstétt

Lífsskilyrði þjóðfélagsstétta eru ólík og í sumum löndum afar ólík og hafa í för með sér heilsufarslegar áhættur. Meðal þessara áhættuþátta er þröngbýli, loftmengun á heimili og vinnustað, skortur á heppilegum leiksvæðum fyrir börn, slysagildrur á heimilum og vinnustöðum, skortur á nægilegri upphitun og nauðsynlegum húsbúnaði og/eða aðbúnaði s.s. öryggisbúnaði, mismunandi félagsmótun og leiðsögn foreldra tengt slysatíðni. Börnum og gamalmennum er sérstaklega hætta búin af lélegum skilyrðum, eins og slæmu húsnæði.

Áhættuþættir í starfi ógna yfirleitt verkafólki meira en öðrum stéttum vegna þess að þar eru skilyrði vinnunnar oft erfiðari en þegar aðrar þjóðfélagsstéttir eiga í hlut. Ofangreindar aðstæður eru m.a. taldar leiða til hærri tíðni þunglyndissjúkdóma og aukinnar hættu á víðtækum sálrænum veikindum meðal lágstétta en hástétta (Rogers og Pilgrim, 2005). Því hefur einnig verið haldið fram að meginvandi lágstétta sé að þær hafi ekki sömu möguleika eða úrræði og hástéttir til að takast á við streitu.

Kyn

Margar rannsóknir sýna fram á tengsl *kynhlutverks* (gender) og *sjúkdóma* (Graham, 2001; Rogers og Pilgrim, 2005). Það er með öðrum orðum ekki bara *kynið* (sex), sem líffræðileg staðreynd, sem tengist mismunandi sjúkdómum heldur hafa *kynhlutverkin* og félagsleg staða kynjanna einnig áhrif á heilsufar (Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, Kristinn Tómasson og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2004; Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, 1998; Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, 2004). Kynhlutverkin eru félagslega skilgreind hlutverk á þann hátt sem áður var lýst hér að ofan.

Í landbúnaðarsamfélögum Evrópu fyrir iðnvæðingu voru lífslíkur karla og kvenna svipaðar (Cockerham, 2001). Sem dæmi má nefna að um 1850 gátu 15 ára drengir í Englandi og Wales vænst þess að lifa 43.2 ár til viðbótar og 15 ára stúlkur 43.9 ár að meðaltali. Frá þessum tíma tók að draga í sundur með drengjum og stúlkum í Englandi og Wales hvað lífslíkur varðar. Svipaða sögu er að segja um lífslíkur í löndum Evrópu sem iðnvæddust. Lífslíkur beggja kynja jukust í þessum löndum með iðnvæðingunni, en það dró í

sundur með þeim varðandi lífslengdina. Í dag lifa konur að öllu jöfnu lengur en karlar.

Í öllum nútíma iðnríkjum er dánartíðni karla hærri en kvenna og þeir lifa skemur en konur. Þessi munur kynjanna er mismunandi eftir löndum (Morgan, Calnan, og Manning, 1991). Sjúkdómstíðni kynjanna er einnig ólík og virðast konur hafa hærri sjúkdómstíðni en karlar. Heilsukannanir sýna undantekningalaust að konur hafa tilhneigingu til að greina frá meiri veikindum en karlar (Morgan, Calnan, og Manning, 1991). Samkvæmt upplýsingum *Miðstöðvar heilbrigðistölfræði* (the National Center for Health Statistics) í Bandaríkjunum (1999) hafa konur hærri tíðni bráðaveikinda s.s. smit- og sníkilsjúkdóma og meltingar og öndunarfærasjúkdóma en karlar. Meiðsl voru eini flokkur bráðavanda þar sem karlar höfðu hærri tíðni en konur.

Hvers vegna deyja karlmenn að meðaltali yngri en konur og hvers vegna þjást konur meira af sjúkdómum en karlar? Eru konur meira á varðbergi gagnvart því sem er heilsuspillandi en karlar? Því hefur verið haldið fram að þetta kunni að vera rétt en þetta sé þó ekki meginástæða hærri meðalaldurs kvenna. Ástæðan er talin samverkandi félagslegar aðstæður, t.d. ólík starfshlutverk kynjanna, og að konur eru t.d. líklegri en karlar til að leita til læknis vegna tilfinningalegra, sálrænna, félagslegra og efnahagslegra vandamála. Þetta kemur fram í sjúkdómstíðni kvenna og gerir hana hærri en karla. Auk þess sækja karlar ef til vill síður til læknis vegna betri stöðu á vinnumarkaði og hlutfallslega meira sjálfstæðis og sjálfsforræðis í daglegu lífi og launa sem eru að jafnaði hærri en kvenna.

Bent hefur verið á að styðjast þurfi við ólíka túlkunarramma samtímis til skýringar á heilbrigðismun kynjanna (Nathanson, 1977). Fyrir utan líffræðilega túlkunarrammann, sem tekur mið af lífræðilegum mun kynjanna, er bent á mismunandi félagslega og sálræna streitu sem kynin eru útsett fyrir, ólíkt atferlismunstur og ólíkan lífsstíl kynjanna og þýðingu staðalmynda kynjanna og kynhlutverka í atvinnulífi, á heimilum og fyrir viðmót heilsugæsluaðila við komu til læknis eða á heilbrigðisstofnun.

Aldur

Aldur er ekki bara líffræðilega skilgreint ástand heldur einnig félagslega skilgreind *staða* og *hlutverk*. Dæmi um þetta eru hugtökin barn, unglingur, táningur, miðaldra einstaklingur, öldungur, ellilífeyrisþegi o.s.frv., sem lýsa ólíkum félagslega skilgreindum æviskeiðum eða félagslega skilgreindri *stöðu* einstaklinga. Öllum þessum ólíku félagslegu *stöðum* fylgja tiltekin félagsleg *hlutverk*, þ.e. væntingar og tilætlanir sem stöðuhafanum er ætlað að mæta.

Geri hann það ekki er að vænta öflugs félagslegs þrýstings, svokallaðs *félagslegs taumhalds* (social control), sem hefur að markmiði að sjá til þess að samræmi sé á milli atferlis stöðuhafans og þeirra væntinga sem samfélagið gerir til félagslega skilgreindrar stöðu hans.

Þrýstingur af þessu tagi getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á heilsu og heilbrigði einstaklinga og getur leitt til sjúkdóma, ekki síst ef persónuleika þeirra og félagsmótun er að einhverju leyti ábótavant eða stangast á við væntingar samfélagsins. Það er þannig ef til vill ekki nein tilviljun að t.d. sumir geðsjúkdómar, og sjúkdómar sem rekja má til streitu, tengjast tilteknum æviskeiðum fólks (Rogers og Pilgrim, 2005). Svipaða sögu er einnig að einhverju leyti að segja um sjálfsvíg, en áberandi er hversu oft þau hendir ungt fólk og fólk sem stendur frammi fyrir ábyrgð fullorðinsáranna og væntingum samfélagsins til hins fullorðna einstaklings.

Búseta

Þegar rætt er um áhrif búsetunnar með tilliti til heilbrigði er vert að hafa í huga staðfélagslega menningu, félagslegt taumhald sveitarfélags þar sem „allir þekkja alla“ og hugsanleg áhrif þessara þátta í tengslum við t.d. sjálfsvíg, þunglyndi, streitu og annan ónefndan heilbrigðisvanda.

Sumar atvinnugreinar eru algengari á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þar er t.d. landbúnaður ekki stundaður í neinum mæli en sjúkdóms- og dánartíðni bænda er frábrugðin mörgum öðrum starfsstéttum í landinu (Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, 1997). Svipaða sögu er að segja um atvinnuskiptingu landshluta og í bæjum og þorpum landsins. Áhrif búsetunnar á heilbrigði hafa þó ekki verið rannsökuð að neinu marki á Íslandi, en erlendar rannsóknir sína þessi tengsl ljóslega (Curtis, 2004).

Breskar rannsóknir sýna ennfremur fram á mismunandi heilsufar íbúa borga og bæja eftir bæjarhlutum, íbúðahverfum og búsetuformi. Þar á þetta rætur að rekja til mjög stéttskiptrar búsetu og stéttaskiptingar sem birtist áberandi í búsetuforminu (Hart, 1988).

Menning

Hugtakið menning er notað til að lýsa lífsháttum hópa. Það er lykilhugtak í samhenginu félagsleg dreifing heilbrigði. Ólíkir lífshættir einkenna fjölmenningar- og markaðssamfélög samtímans. Ólíka menningarhópa einkennir, ólík viðhorf til heilbrigði, mataræði og hreyfingar, svo nokkur dæmi séu nefnd. Viðhorf til heilbrigði tengjast notkun heilbrigðisþjónustu og hafa áhrif á heilsutengt atferli einstaklinga. Viðhorf og gildismat hópa tengist sterklega sjúkdóms- og dánartíðni.

Niðurlag

Allar þessar rannsóknir sem vísað er til hér að framan gefa óyggjandi vísbendingar um að heilbrigði ráðist ekki bara af líffræðilegri gerð einstaklinga heldur einnig staðsetningu þeirra í samfélagsbyggingunni. Þær vekja upp spurningar um lýðheilsu og tilhögun skipulegrar heilbrigðisþjónustu okkar Íslendinga og hvernig megi efla heilbrigði og stuðla að bættri heilbrigði almennings. Umfram allt vekja þær til umhugsunar um heilbrigðis- og velferðarmál og aðgerðir í þeim málum.

Spyrja má einnig hvort við Íslendingar höfum nægilega rannsóknarþekkingu og raunhæf úrræði til að takast á við þann heilbrigðisvanda sem félagsgerð nútíma samfélags felur í sér? Svo virðist sem að í nágrannalöndum okkar sé vel fylgst með þessum málum og að stjórnvöld geri sér far um að huga að heilsu og heilbrigði almennings með því að efla rannsóknir og þróa úrræði til að mæta aðsteðjandi heilbrigðisvanda.

Óhætt er að fullyrða að nútíma stéttskipt fjölmenningarsamfélag á Íslandi er ekki nægilega rannsakað með tilliti til félagslegrar heilbrigði. Í nágrannalöndum okkar, hinum Norðurlöndunum og Bretlandi, er fylgst tiltölulega vel með félagsgerðarbreytingum og dreifingu heilbrigði með það að markmiði að bæta skipulag heilbrigðisþjónustunnar og efla heilbrigði almennings. Fjármuni skortir til rannsókna hér á landi auk þess sem litlar hefðir eru fyrir hendi á þessu sviði.

Íslendingar hafa engu að síður gert ýmsar ráðstafanir sem horfa í rétta átt. Stofnum Lýðheilsustöðvar var skref í þá átt að gera samhent átak í að efla rannsóknir og ráðstafanir til heilsueflingar þjóðarinnar. Ný lög um heilbrigðisþjónustu stefna einnig að sama marki. Gera þarf enn frekara átak í upplýsingaöflun um heilbrigði þjóðarinnar og þar þurfa að koma að málum fleiri aðilar en nú er, auk þess sem nýta þarf betur þær heilsufarsupplýsingar sem þegar eru fyrir hendi í óaðgengilegum gagnabönkum. Raunhæfustu og bestu heilbrigðisúrræðin er þau sem byggja á upplýstri þekkingu á heilbrigði landsmanna.

Heimildir

Acheson, D. (2003). *Independent Inquiry into Inequalities in Health*. London:TSO.

Atkinson, P. (1988). Discourse, Descriptions and Diagnosis: Reproducing Normal Medicine. Í M. Lock og D. Gordon (Ritstj.), *Biomedicine Examined* (bls. 180-192). London: Kleuwer Academic Publishers.

Árni Böðvarsson (Ritstj.). (1988). *Íslensk orðabók*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Barry, A. og Yuill, C. (2002). *Understanding health: A sociological introduction*. London: Sage Publication.

Cockerham, W. C. (2001). *Medical sociology* (8. útgáfa). New Jersey: Prentice Hall.

Curtis, S. (2004). *Health and Inequality. Geographical Perspectives*. London: Sage.

Field, D. (1980). Social Definition of Illness. Í D.Tuckett (Ritstj.), *An Introduction to Medical Sociology* (bls. 334-366). London: Tavistock Publications.

Garfinkel, H. (1967). *Studies in Ethnomethodology*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice-Hall.

Giddens, A. (1989). *Sociology*. Cambridge: Polity Press.

Goldthorpe, J., Lockwood, D., Bechoffer, F. og Platt, J. (1968). *The Affluent Worker: Industrial Attitudes and Behaviour*. Cambridge: Cambridge University Press.

Graham, H. (Ritstj.) (2001). *Understanding Health Inequalities*. Buckingham: Open University Press.

Halldórsson, Matthías, Cavelaars, A. E. J. M., Kunst, A. E. og Mackenbach, J. P. (1999). Socioeconomic differences in health and well-being of children and adolescents in Iceland. *Scandinavian Journal of Public Health*, *1*, 43-47.

Hermann Óskarsson (2005a). Félagsleg heilbrigði og heilbrigðisþjónusta. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls 203-211). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Hermann Óskarsson (2005b). *Heilbrigði og samfélag. Heilsufélagsfræðilegt sjónarhorn*. Reykjavík: Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan.

Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, Kristinn Tómasson og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2004). Vinnuálag og líðan mismunandi starfshópa kvenna í öldrunarþjónustu. *Læknablaðið, 90,* 217-222.

Hólmfríður K. Gunnarsdóttir (1997). *Mortality and Cancer Morbidity among Occupational and Social Groups in Iceland* (doktorsrit). Reykjavík: Háskóli Íslands.

Hólmfríður K. Gunnarsdóttir (1998). Konur vinna og heilsufar. Í *Heilsufar kvenna*. Reykjavík: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Hólmfríður K. Gunnarsdóttir (2004). Þær bjargast helst sem ferðast á fyrsta farrými. Um tengsl félagslegrar stöðu og heilsufars. Í Irma Erlingsdóttir (Ritstj.), *Fléttur II. Kynjafræði – Kortlagningar* (bls. 419-442). Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.

Hólmfríður K. Gunnarsdóttir (2005). Ójöfnuður í heilsufari á Íslandi. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, *2*(81), 18-24.

Linton, R. (1936). *The Study of Man*. New York: Appleton-Century-Crofts.
Morgan, M., Calnan, M. og Manning, N. (1991). *Sociological Approaches to Health and Medicine*. London: Routledge and Kegan Paul.
Nathanson, C. A. (1977). Sex, illness, and medical care: a review of data, theory, and metod. Í G. Albrecht og P. Higgins (Ritstj.), *Health, Illness, and Medicine* (bls. 16-40). Boston: Houghton Mifflin.
National Center for Health Statistics. (1999). *Health, Unated States, 1999*. Wasington, D.C.: U.S. Government Printing Office.
Nettleton, S. (1995). *The Sociology of Health & Illness*. Cambridge: Polity Press.
Robertson, I. (1990). *Maður og jörð. Félagsfræði III*. Reykjavík: Iðunn.
Rogers, A. og Pilgrim, D. (2005). *A Sociology of Mental Health and Illness*. New York: Open University Press.
Schwartz, H. D. (Ritstj.). (1987). *Dominant Issues in Medical Sociology*. New York: McGraw-Hill.
Townsend, P. og Davidson, N. (Ritstj.). (1992). *Inequalities in Health. The Black Report and the Health Divide* (2. útgáfa). London: Penguin Books.
Vinnueftirlit ríkisins:
http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/is/rannsoknir/.

Spurningalistakannanir og smættun félagslegra fyrirbæra

Jón Gunnar Bernburg
Þórólfur Þórlindsson

Val á rannsóknaraðferð er mikilvægur þáttur í því að framkvæma góða rannsókn. Mikilvægt er að rannsóknaraðferðin sé sem best fallin til þess að prófa sannleiksgildi tilgátna, svara tilteknum rannsóknarspurningum og varpa þannig ljósi á þær kenningar sem til umfjöllunar eru hverju sinni. Ef vel á að vera eiga þær kenningar sem verið er að prófa að ráða miklu um val rannsóknaraðferða. Það er hins vegar ekki alltaf auðvelt að velja rannsóknaraðferð í fullkomnu samræmi við kenningu. Tengsl kenningar og rannsóknaraðferðar eru engan veginn einföld, enda eru margir þættir utan hins kenningalega ramma sem geta haft áhrif á val rannsóknaraðferðar. Í einhverjum tilvikum er besta aðferðin einfaldlega of tímafrek eða kostnaðarsöm til þess að vera raunhæfur kostur. Þá takmarkar það oft val rannsakenda að þá skortir yfirsýn eða þekkingu á ólíkum rannsóknaraðferðum. Rannsakendur sérhæfa sig oft í því að vinna með eina eða tvær aðferðir og þeim hættir til að beita þeirri aðferð sem þeir hafa best tök á, burtséð frá því hvort hún hentar best til þess að prófa þær tilgátur sem til umfjöllunnar eru hverju sinni. Ennfremur geta þættir eins og tíska og hugmyndafræðileg viðhorf takmarkað eða jafnvel ráðið vali á rannsóknaraðferð. Þegar haft er í huga hve margir þættir aðrir en þeir sem beinlínis snúa að kenningum og rannsóknarspurningum hafa áhrif á val á rannsóknaraðferð er ekki að undra að verulegt ósamræmi geti orðið á milli kenninga og rannsóknaraðferða. Þegar verst lætur hentar rannsóknaraðferðin engan veginn til þess að prófa eða þróa þær tilgátur og kenningar sem til umfjöllunar eru.

Þrátt fyrir þá miklu fjölbreytni sem gætir í vali félagsfræðinga á rannsóknaraðferðum vekur það athygli hversu vinsælar spurningalistakannanir hafa verið á undanförnum áratugum. Þetta þarf að vísu ekki að koma á óvart þegar haft er í huga hversu hagkvæmar þær eru. Með því að leita beint til fólksins í samfélaginu geta rannsakendur aflað fjölbreyttra gagna um viðhorf fólks, reynslu og hegðun. Jafnframt gera spurningalistakannanir

rannsóknarfólki kleift að tengja viðhorf fólks og samskipti við hegðun þess (með fylgniútreikningum). Og þökk sé ályktunartölfræði geta rannsakendur tekið tiltölulega lítið sýnishorn úr samfélaginu (t.d. 1000 manna slembiúrtak) og notað til þess að prófa tilgátur um mannlega hegðun og reynslu sem heimfæra má á milljónasamfélög með undraverðri nákvæmni.

En þótt flestu félagsvísindafólki sé vel kunnugt um styrkleika spurningalistakannanna vilja augljósar takmarkanir þeirra stundum gleymast. Ein mikilvæg takmörkun hefðbundinna spurningalistakannanna í félagsfræðirannsóknum er sú að þær eru yfirleitt ekki sniðnar til þess að rannsaka áhrifamátt samfélagslegra (makró) þátta, það er þátta sem liggja utan við einstaklingsbundnar aðstæður. Ástæðan er sú að grundvallareining samanburðarins (unit of analysis) í spurningalistakönnun er yfirleitt einstaklingurinn, það er reynsla hans og viðhorf. Þetta vandamál verður til þess að skapast getur afdrifaríkt mótsögn milli kenninga í félagsfræði sem ganga út frá því að munur á samfélögum liggi fyrst og fremst í mismunandi samfélagsgerð en ekki í einstaklingum og spurningalistakannanna sem beina fyrst og fremst sjónum okkur að nánasta umhverfi og persónulegum aðstæðum einstaklinga.

Í þessum stutta kafla verður þetta málefni útlistað með viðeigandi hugtökum og með skírskotun til rannsóknarniðurstaðna. Ætlunin er að vekja rannsakendur til umhugsunar það hvernig röng notkun spurningalistakannanna getur skapað hættu á því að rannsakendur horfi framhjá mikilvægi félagsgerðar og menningu samfélagsins og einblíni þess í stað á einstaklingsbundna þætti. Loks verður fjallað um það hvernig hægt er að nota spurningalistakannanir þannig að þær henti betur til þess að prófa kenningar um makróferli.

Spurningalistakannanir og smættun

Vandinn sem um ræðir kallast *smættun* (reductionism). Smættun er alþekkt vandamál í vísindum og reyndar má finna skýringu á þessu hugtaki í flestum betri inngangsritum í aðferðafræði félagsvísinda (t.d. Neuman, 2003, sjá ítarlegri umfjöllun í O'Brien, 1992). Í því tilviki sem hér um ræðir vísar smættun til þess þegar rannsakandi styðst við samanburð míkróeininga (t.d. samanburð á einstaklingum) í þeim tilgangi að ályktа um makróferli, það er ferli sem eiga sér stað á stigi stærri félagslegra heilda, eða hópa (aggregate level of analysis). Í reynd segir samanburður míkróeininga okkur þó oft lítið sem ekkert um makróferli (Lieberson, 1985).

Tökum dæmi af rannsókn Messners og Sampsons (1985) til þess að útskýra þetta betur, en rannsókn þeirra var beinlínis ætlað að útlista þetta málefni. Messner og Sampson benda á að karlmenn eru líklegri til þess að fremja ofbeldisbrot en konur, sérstaklega morð. Þetta sýna fjölmargar rannsóknir sem borið hafa saman ofbeldisbrot karla og kvenna (einstaklinga). Nú mætti freistast til þess að líta svo á að þetta (míkró) samband milli kynferðis og ofbeldisbrota segi okkur eitthvað um tíðni ofbeldisbrota í þjóðfélaginu. Þannig virðist rökrétt að gera ráð fyrir því að ofbeldisbrotum hljóti að fækka eftir því sem karlar eru minni hluti af heildarmannfjölda. Ef karlar fremja fleiri ofbeldisbrot en konur hlýtur slíkum brotum að fækka eftir því sem karlmönnum fækkar hlutfallslega. Svo er reyndar alls ekki. Messner og Sampson báru saman morðtíðni í bandarískum borgum og komust að athyglisverðri niðurstöðu: Eftir því sem karlar eru minni hluti af heildarmannfjölda borga, þeim mun hærri er morðtíðnin. Ekki er unnt að skýra þessa niðurstöðu af samanburði borga með vísan í kynbundin einkenni (míkró), heldur hlýtur hún að skýrast af því hvaða áhrif kynjahlutfall hefur á félagsgerð borgarsamfélagsins (makró). Messner og Sampson skýrðu niðurstöður sínar þannig að minnkandi hlutfall karla yki á hlutfallslegan fjölda einstæðra mæðra, sem aftur drægi úr félagslegu taumhaldi á ungmennum í borgarsamfélaginu.

Draga má þann lærdóm af rannsókn Messners og Sampsons að míkrósamanburður (t.d. samanburður á brotum karla og kvenna) segir okkur oft ekkert um áhrif makró þátta. Yfirleitt er þörf á makrósamanburði (samanburði á félagslegum heildum, t.d. borgum) ef markmiðið er að læra eitthvað um tilvist og áhrif makróþátta. Þá þarf rannsakandinn að afla gagna um einkenni á félagslegum heildum en ekki einkenni á einstaklingum. Það er nefnilega einmitt þannig, eins og Durkheim ([1895] 1982) benti á fyrir löngu síðan, að félagslegar staðreyndir (einkenni á félagslegum heildum, t.d. morðtíðni) er oft aðeins unnt að skýra með vísan í aðrar félagslegar staðreyndir (einkenni á félagslegum heildum, t.d. samsetningu mannfjöldans í borgarsamfélaginu).

En hvernig skapa spurningalistakannanir hættu á smættun? Í hefðbundinni spurningalistakönnun er samanburðareiningin (unit of analysis) yfirleitt einstaklingurinn, það er viðhorf hans og persónuleg reynsla. Hefðbundnar spurningalistakannanir gefa þannig aðeins möguleika á míkrósamanburði, sem beinir fyrst og fremst sjónum okkar að því hvernig persónulegar aðstæður og nánasta umhverfi fólks mótar hegðun, hugsun og lífsgæði þess. Þetta er auðvitað helsti styrkur spurningalistakannanna. En eins og rannsókn Messners og Sampsons sýnir er alls óvíst að míkrósamanburður

af þessu tagi segir okkur eitthvað um makróferli, reyndar er líklegt að svoleiðis samanburður segi okkur nákvæmlega ekkert um makróferli (Lieberson, 1985). Til þess að læra eitthvað um makróferli þarf að framkvæma makrósamanburð, það er samanburð á félagslegum heildum (t.d. borgum, þjóðríkjum). Af þessum sökum er ljóst að þegar rannsakendur einblína einvörðungu á míkrósamanburð sem fengin er úr spurningalistakönnun er óumflýjanlegt að þeir horfi framhjá því hvaða áhrif félagsgerðin hefur á líf fólks.

Þetta vandamál má útlista á einkar skýran hátt með niðurstöðum úr nýlegri rannsókn okkar á afbrotahegðun unglinga (Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 2006). Rannsóknin var byggð á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir um 90 prósent allra nemenda sem sátu 9. og 10. bekk grunnskóla á Íslandi árið 1997. Auk ýmissa spurninga um félagslegan bakgrunn voru unglingarnir spurðir um afbrotahegðun þeirra síðastliðna 12 mánuði fyrir könnunina. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að skoða félagslega áhættuþætti unglingaafbrota. Hluti niðurstaðna er birtur í töflu 1. Í fyrri dálknum í töflunni má sjá fylgni nokkurra félagslegra þátta við afbrotahegðun (fylgni á einstaklingsstigi). Athygli vekur að fram kemur veik fylgni á milli afbrotahegðunar og þeirra félagslegu þátta sem teknir eru fyrir í töflunni. Þannig er fylgni á milli búferlaflutninga og afbrotahegðunar afar veik; unglingar sem hafa flutt hafa í nýtt hverfi eða sveitarfélag á undanförnum 12 mánuðum sýna aðeins ívið meiri afbrotahegðun en þeir sem ekki hafa flutt ($r = 0{,}08$). Að sama skapi er veik fylgni á milli afbrotahegðunar og þess að búa ekki hjá báðum foreldrum (-0,12) og þess að eiga atvinnulausa foreldra ($r = 0{,}11$). Þessar niðurstöður, sem byggja á míkrósamanburði (þ.e. samanburði á afbrotahegðun einstaklinga), benda til þess að þessir þættir hafi að jafnaði fremur veik tengsl við afbrotahegðun unglinga.

Tafla 1. Pearson-fylgni ($p < 0{,}05$) nokkurra mælinga við afbrotahegðun unglinga

	Fylgni á einstaklingsstigi (N = 6748)	Fylgni á stigi skólahverfisins (N = 68)
Búferlaflutningar	0,08	0,46
Fjölskyldustöðugleiki	-0,12	-0,48
Atvinnuleysi foreldra	0,11	0,41

Heimild: Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (2006).

Nú væri freistandi að ályktа sem svo að téðir félagslegir þættir hafi jafnframt veik tengsl við *umfang* unglingaafbrota. En sú ályktun væri að sjálfsögðu ekkert annað en ólögmæt smættun. Eins og áður er sagt er engin trygging fyrir því að niðurstöður úr míkrósamanburði segi okkur eitthvað um makróferli. Þar sem við vorum meðvitaðir um þetta málefni ákváðum við að „stækka" grundvallareiningu samanburðarins með því að leggja saman svör unglinga eftir skólahverfum. Með öðrum orðum, í stað þess að bera einvörðungu saman einstaklinga ákváðum við að framkvæma jafnframt samanburð á umfangi afbrota milli skólahverfa. Þar sem spurningalista-könnunin náði til um 90 prósent allra unglinga á fyrrgreindum skólastigum reyndist auðvelt að reikna út meðalafbrotahegðun unglinga í hverju skóla-hverfi. Að sama skapi mátti nota svör þátttakenda til þess að finna hlutfallslegan fjölda unglinga í hverju skólahverfi sem hefur flutt í nýtt hverfi eða sveitarfélag, hlutfallslegan fjölda unglinga sem ekki býr hjá báðum foreldrum og hlutfallslegan fjölda unglinga í skólahverfinu sem eiga atvinnulausa foreldra.

Þegar fylgni hinna þriggja þátta (sem nú eru einkenni á skólahverfum en ekki einstaklingum) við umfang afbrotahegðunar í skólahverfunum var reiknuð komu athyglisverðar niðurstöður í ljós (sjá seinni dálk í töflu 1). Allir þættirnir þrír höfðu nú umtalsverða fylgni við umfang afbrota. Þannig kom í ljós að í skólahverfum þar sem búferlaflutningar voru algengir var umfang afbrota umtalsvert meira en í skólahverfum þar sem búferlaflutningar voru fátíðari ($r = 0{,}46$). Að sama skapi var umfang afbrota meira í skólahverfum þar sem hlutfallslega færri unglingar bjuggu hjá báðum foreldrum (-0,48) og þar sem atvinnuleysi meðal foreldra var algengara ($r = 0{,}41$). Þessar niður-stöður, sem nú byggja á makrósamanburði (þ.e. samanburði á umfangi afbrota milli skólahverfa), benda til þess að þessir þættir skipti reyndar miklu máli fyrir afbrotahegðun unglinga.[1]

Hvernig má útskýra þessara ólíku niðurstöður? Af hverju er fylgnin milli hinna þriggja félagslegu þátta og afbrota svona miklu sterkari á makróstiginu? Ástæðan er líklega sú að félagsgerð skólahverfa hefur útbreidd áhrif á lífshætti unglinga sem í hverfunum búa. Þessi útbreiddu áhrif sem félagsgerð hverfisins hefur er ekki hægt að smætta í einstaklingsbundnar heimilis-

[1] Athygli er vakin á því að hér er um einfjöldun að ræða. Fylgnistuðlar í dálki 1 og dálki 2 eru ekki fullkomlega samanburðarhæfir enda hafa mælingarnar augljóslega ólíkan breytileika eftir því hvort samanburðareiningin er einstaklingur eða skólahverfi. Tæknilega fullnægjandi samanburð er að finna í grein okkar (Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 2006) en þar notum við línulega stigveldisgreiningu (hierarchical linear regression) til þess að skoða þetta.

aðstæður unglinga. Tökum búferlaflutninga sem dæmi. Í hverfum þar sem búferlaflutningar eru tíðir myndast ákveðið upplausnarástand: nágrannar þekkjast síður og foreldrar þekkja síður aðra foreldra í hverfinu. Svona ástand er talið draga úr eftirliti og aðhaldi með unglingum í hverfinu (Sampson og Groves, 1989). Samkvæmt þessari (makró) kenningu skiptir það í raun litlu máli hvort unglingurinn hafi sjálfur flutt milli skólahverfa (sem útskýrir hið veika míkrósamband) heldur hitt að hann eða hún tilheyri skólahverfi þar sem búferlaflutningar eru fátíðir eða algengir (sem útskýrir hið sterka makrósamband). Síðarnefndu áhrifin sjást ekki í samanburði einstaklinga heldur aðeins í samanburði skólahverfa. Ef við hefðum haldið okkur við míkrósamanburðinn hefðum við aldrei séð hve mikil áhrif búferlaflutningar í raun og veru hafa á afbrotahegðun. Við hefðum þannig horft framhjá þessum makró-áhrifaþætti afbrotahegðunar.

Að afla gagna um einstaklinga og hópa

Af umræðu okkar er ljóst að til þess að skoða áhrif makróþátta þarf rannsakandinn að afla samanburðargagna um einkenni á félagslegum heildum, eða hópum. Á hinn bóginn er oft erfitt að finna gögn sem henta í þessum tilgangi. Fyrirliggjandi gögn sem safnað er af opinberum aðilum (t.d. Hagstofu Íslands, Ríkislögreglustjóra) og samtökum innihalda þó venjulega mælingar á heildum (t.d. samsetning mannfjöldans, atvinnuleysistíðni, morðtíðni). Vandinn við gögn af þessu tagi er aftur á móti sá að þau eru oft takmörkuð þegar kemur að því að skoða nánar þau félagslegu ferli sem kenningar okkar fjalla svo mikið um. Þannig eru yfirleitt aldrei neinar mælingar í opinberum gögnum á „mýkri“ fyrirbærum sem félagsfræðingar hafa oft sérstakan áhuga á að skoða (sjá umræðu í Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1998). Í svona gögn vantar til að mynda yfirleitt mælingar á gildismati, normum, félagslegum tengslum, samskiptum og öðrum þáttum hins daglega lífs. Jafnframt gefa opinber gögn nær aldrei færi á að tengja mælingar á félagslegum fyrirbærum beint við hegðun einstaklinga (Robinson, 1950).

Ein lausn við þessum vanda er að nota upplýsingar úr spurningalista-könnunum til þess að smíða mælingar á ýmsum hinna „mýkri“ eiginleikum félagslegra heilda. Ofangreind rannsókn okkar á afbrotum íslenskra unglinga er einmitt dæmi um þessa aðferð (Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 2006). Í þeirri rannsókn gátum við lagt saman svör unglinga eftir skólahverfum og þannig smíðað mælingar á ýmsum þáttum í félagsgerð

hverfanna. Upplýsingar af þessu tagi má jafnvel oft tengja við opinberar upplýsingar. Sampson og Groves (1989) notuðu gögn úr viðamikilli spurningalistakönnun í Bretlandi (N = 10.905) til þess að smíða margvíslegar mælingar á félagsgerð yfir 200 breskra nærsamfélaga (communities). Þeir gátu síðan skoðað hvort þessar mælingar hefðu fylgni við opinberar tölur um afbrotatíðni nærsamfélaga. Sampson og Groves komust til dæmis að því að í nærsamfélögum þar sem tengslanet milli íbúa eru gisin er afbrotatíðnin hærri. Vandinn við þessa aðferð er aftur á móti sá að gríðarlegan fjölda þátttakenda þarf til þess að smíða áreiðanlegar mælingar á hópastiginu.

Önnur nýlunda í félagsvísindarannsóknum er að samgreina spurningalistagögn og hópagögn með svokallaðri fjölstigagreiningu (multi-level analysis; Bryk og Raudenbush, 1992). Svona greining krefst þess að rannsakandinn afli mælinga bæði á einstaklingsstiginu (reynsla/viðhorf/-hegðun) og á einkennum þeirrar heildar/hóps sem hver einstaklingur tilheyrir. Yfirleitt er notast við spurningalistakönnun fyrir mælingar á einstaklingsstiginu en mælingar á hópastiginu geta aftur á móti komið úr ýmsum áttum, oft eru þetta opinber/skráð gögn. Mikilvægur styrkleiki þessarar nálgunnar er að unnt er að skoða svokölluð samhengisáhrif (contextual effects) sem vísa til þess þegar einstaklingshegðun er undir áhrifum tiltekins félagslegs eiginleika hópsins, burtséð frá því hvort einstaklingurinn hefur umræddan eiginleika sjálfur.

Gott dæmi um þessa aðferð er rannsókn Moores og Vannemans (2003) á tengslum kristinnar bókstafstrúar og íhaldssamra viðhorfa til kynhlutverka í Bandaríkjunum. Í rannsókn þeirra var notast við spurningalistakönnun á slembiúrtaki yfir 6.000 hvítra Bandaríkjamanna, þar sem þátttakendur voru spurðir um bæði trúarskoðanir og viðhorf til kynhlutverka (einstaklingsgögn). Jafnframt fengu rannsakendur aðgang að upplýsingum um hlutfallslegan fjölda kristinna bókstafstrúarmanna í hverju fylki Bandaríkjanna (hópagögn). Niðurstöður rannsóknarinnar voru einkar athyglisverðar. Hefðbundinn míkrósamanburður leiddi ljós, eins og við var að búast, að bókstafstrúaðir hafa íhaldssamari viðhorf til kynhlutverka. En félagslegt samhengi fylkisins reyndist líka hafa áhrif á viðhorfin. Einstaklingar sem bjuggu í ríkjum þar sem hlutfallslegur fjöldi bókstafstrúarmanna er mikill höfðu íhaldssamari viðhorf en aðrir, þótt stjórnað væri fyrir þeirra eigin trúarhugmyndum. Með öðrum orðum hafði hlutfallsleg samsetning trúarhópa í ríkinu umtalsverð áhrif á viðhorf einstaklingsins, burtséð frá hans eigin trúarhugmyndum.

Samhengisáhrif þessa tiltekna makróþáttar hefðu aldrei komið fram í hefðbundinni spurningalistakönnun.[2]

Lokaorð

Eitt af meginmarkmiðum félagsfræðinnar hefur alltaf verið að skoða og skilja hvernig makró-þjóðfélagslegir þættir móta líf fólks (Durkheim, [1895] 1982; Lieberson, 1985; Mills, 1959; Weber, 1930). Þetta er þó aðeins hægt sé þess gætt að gögnin séu á sama greiningarstigi og kenningin. Því miður gerist það allt of oft að makrókenningar eru prófaðar með aðferðum sem takmarkast við einstaklingsstigið. Þetta á ekki síst við um spurningalistakannannir. Eins og komið hefur fram eru hefðbundnar spurningalistakannanir oft ekki vel til þess fallnar að skoða áhrif makróþátta á lífshætti og lífsgæði fólks. Hættan sem felst í vinsældum þessarar aðferðar er sú að rannsakendur horfi kerfisbundið framhjá mikilvægi makróþátta í greiningu á félagslegum fyrirbærum. Ekki er nóg að hyggja aðeins að hefðbundnum grundvallaratriðum svo sem réttmæti og áreiðanleika mælitækja heldur er einnig nauðsynlegt að huga vel að því hvort mælitækin séu á sama greiningarstigi (level of analysis) og þær kenningar sem verið er að prófa. Sé það ekki gert getur skapast rof á milli kenningar og rannsóknaraðferðar. Eins og við höfum bent á hér að framan geta slík vinnubrögð leitt til villandi eða beinlínis rangra niðurstaðna. Ógagnrýnin notkun spurningalista getur hæglega ýtt undir þá tilhneigingu að skýra félagsleg fyrirbæri fyrst og fremst með vísan í atferli, reynslu og hugsanir einstaklinga. Þetta er mikilvægt málefni í ljósi þess að eitt af meginþemum félagsfræðinnar er einmitt að sporna við þeirri tilhneigingu að útskýra samfélagsleg fyrirbæri með skírskotun til þess sem einstaklingar segja og gera. Eins og við höfum bent á má þó oft leysa vandann með að búa til hópgögn úr spurningalistagögnum eða með því samgreina spurningalistagögn og hópagögn með hjálp fjölstigagreiningu. Eins er hægt að tengja gögn sem safnað er með spurningalistum við annarskonar gögn, svo sem opinber gögn. Notkun tveggja eða fleiri rannsóknaraðferða í einni og sömu rannsókninni er reyndar alltaf æskileg og leiðir oft til bætts rannsóknarstarfs.

---

[2] Hliðstæð dæmi þar sem samhengisáhrif eru skoðuð með fjölstigagreiningu er að finna í nýlegum rannsóknum okkar (Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 2005; Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Welch, 2006; Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, 2004).

Heimildir

Bryk, A. S. og Raudenbush, S. W. (1992). *Hierarchical linear models: Application and data analysis methods.* Newbury Park, CA: Sage Publication.

Durkheim, E. (1982 [1895]). *The rules of sociological method.* London: Macmillan.

Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (2006). Það þarf þorp...: Félagsgerð skólahverfa og frávikshegðun unglinga. *Uppeldi og menntun*,*15,* 65-84.

Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (2005). Violent values, conduct norms, and youth aggression: A multi-level study in Iceland. *The Sociological Quarterly, 46,* 455-476.

Lieberson, S. (1985). *Making it count: The improvement of social research and theory.* Berkely, Los Angeles, London: University of California Press.

Liska, A. E. 1990. The significance of aggregate dependent variables and contextual independent variables for linking macro and micro theories. *Social Psychology Quarterly, 53,* 292-301.

Messner, S. F. og Sampson, R. J. (1991). The sex ratio, family disruption, and rates of violent crime: The paradox of demographic structure. *Social Forces*, *69,* 693-713.

Mills, C. W. (1959). *The sociological imagination.* New York: Oxford University Press.

Moore, L. M. og Vanneman, R. (2003). Context matters: Effects of the proportion of fundamentalists on gender attitudes. *Social Forces, 82*, 115-39.

Neuman, W. L. (2003). *Social research methods: Qualitative and quantitative approaches (fifth edition).* Boston: Pearson Education, Inc.

O'Brien, R. M. (1992). Levels of analysis. Í E. Bogatta og M. Bogatta (Ritstj.), *Encyclopedia of sociology,* Vol. 3 (bls. 1591-1596). New York: Macmillan.

Robinson, W. (1950). Ecological correlations and the behavior of individuals. *American Sociological Review, 15*, 351-57.

Sampson, R. J. og Groves, W. B. (1989). Community structure and crime: Testing social-disorganization theory. *American Journal of Sociology, 94*, 774-802.

Weber, M. (1930). *The protestand ethic and the spirit of capitalism.* New York: Routledge.

Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Welch, M. R. (2005). Familial and religious influences on adolescent alcohol use: A multi-level study of students and school communities. *Social Forces, 84*, 375-390.

Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg (2004). Durkheim's theory of social order and deviance: A multi-level test. *European Sociological Review, 20*, 271-285.

Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason (1998). Modeling Durkheim on the micro level: A study of youth suicidality. *American Sociological Review, 63*, 94-110.

„Frelsi landanna“
Nýja guðfræðin og þjóðfrelsisbarátta Íslendinga í upphafi 20. aldar

Pétur Pétursson

Sagan sýnir að stjórnmál og trúmál skarast oft, og það sýnir nútíminn okkur ekki síður eins og dæmin sanna. Þessi tengsl eru aldrei á eina bókina lærð því þau eru háð félagslegum og sögulegum aðstæðum á hverjum tíma. Það er t.d. ekkert sögulegt lögmál að frjálslyndi í guðfræði fari saman við róttækni í stjórnmálum. Höfundur þessarar ritgerðar hefur áður sýnt fram á að þeir, sem mest var umhugað um aukið þjóðfrelsi Íslendingum til handa á sjötta, sjöunda og áttunda áratug 19. aldar, veittu íhaldsamri guðfræðistefnu brautargengi bæði leynt og ljóst (Pétur Pétursson, 1990). Hins vegar má greina bæði fyrr og síðar áhrif frjálslyndrar guðfræði á baráttuhugmyndir leiðandi manna í sjálfstæðisbaráttunni.

Hér verður fjallað um það hvernig frjálslynd guðfræði, sértaklega sú sem rakin er til biblíurannsókna við þýska háskóla eftir miðja 19. öld, tengdist hugmyndum um þjóðfrelsi Íslendinga. Frjálslynda guðfræðistefnan sem hér um ræðir – og oft var kölluð nýja guðfræðin á Íslandi - á rætur sínar að rekja annars vegar til framfara í sögulegum rannsóknum á ritum biblíunnar meðal mótmælenda við þýska háskóla um og eftir miðja 19. öld og hins vegar til viðleitni guðfræðinga til trúverðugs samtals við samtímann á öld sem setti traust sitt í ríkara mæli en áður á tækni og vísindi. Hún var tilraun til að laga kristindóminn að nýrri hugsun og þjóðfélagsaðstæðum og vinna gegn þverrandi áhrifum kristni og kirkju sem menn töldu óhjákvæmilegar afleiðingar aukinnar efnahagslegrar velmegunar og nútímalegra lífsviðhorfa. Stundum er erlenda hugtakið „sekúlarisering“ notað yfir þetta ferli, en hér getum við notað íslenska orðið afhelgun.

Þessi guðfræðistefna óx fram úr eldra frjálslyndi í trúarefnum sem rekja má til upplýsingastefnunnar á 18. öld. Þá komu fram hugmyndir sem urðu eins konar fyrirrennarar þess guðfræðilega frjálslyndis sem fór eins og eldur í sinu um kirkjulega guðfræði á Íslandi um og eftir aldamótin 1900. Hér verða

tengsl þessarar guðfræði við íslensku þjóðkirkjuna og sjálfstæðisbaráttu Íslendinga könnuð.

Frjálslynda guðfræðin

Sem sérstök guðfræðistefna er frjálslynda guðfræðin einkum kennd við Albrecht Ritschl (1822-1889) sem var prófessor við háskólana í Bonn og Göttingen í Þýskalandi. Hann vildi standa vörð um akademíska guðfræði sem átti í vök að verjast gagnvart ofuráherslu á náttúruvísindi þess tíma. Í þessu sambandi ber að geta megin ritverks hans: *The Christian Doctrine of Justification and Reconciliation* sem kom út í þremur bindum á árunum 1870-1874. Seinasta bindið, þar sem hann dregur saman meginatriði guðfræði sinnar, var þýtt á enskt mál árið 1900. Um 1890 var guðfræði hans ríkjandi stefna við guðfræðideildir allra helstu háskóla Þýskalands og lærisveinar hans komu fram sem talsmenn þeirrar stefnu sem kennd var við hann. Í Norður-Ameríku varð hún ríkjandi upp úr aldamótunum 1900 en þar er erfiðara að greina hana sem sérstaka guðfræðistefnu vegna fjölbreyttrar flóru trúarstefna og kirkjudeilda sem þreifst þá þegar sérstaklega í Bandaríkjunum. Þetta gildir að vissu leyti einnig um England þar sem frjálslyndar guðfræðihugmyndir blómstruðu innan ríkiskirkjunnar (Ensku biskupakirkjunnar), annarra kirkjudeilda og óháðra safnaða. Á Bretlandi og í Norður-Ameríku birtist frjálslynd guðfræði í sinni róttækustu mynd í Unitarismanum sem þróaðist upp í það að verða sérstök kirkjudeild. Fólk úr þeirri kirkjudeild tileinkaði sér nútímalegan hugsunarhátt og vildi laga kristindóminn algerlega að kröfum vísindalegrar hugsunar og leit fyrst og fremst á kristindóminn sem siðfræðikerfi. Unitarar hafa jafnan lagt mikla áherslu á fræðilega hugsun og mennta- og menningarstarfsemi en síður á hefðbundna boðun til afturhvarfs í trúarefnum. Þessi stefna hafnaði guðdómi Krists og ýmsum öðrum atriðum í kenningum hinnar almennu postullegu kristnu hefðar sem sameiginlegar eru bæði rómversk kaþólskri kristni og mótmælendakirkjum.

Áhrif frjálslyndu guðfræðinnar sem sérstakrar stefnu minnkuðu verulega í Þýskalandi á tímum fyrri heimstyrjaldarinnar, en greina má sterk áhrif hennar í ríkjandi guðfræði í Norður-Ameríku fram til um 1930. Hér á landi varð hún aftur á móti mun lífseigari og hélt sinni sterku stöðu í guðfræðideild Háskóla Íslands og meðal leiðandi manna kirkjunnar allt fram á sjöunda áratug síðustu aldar. Þessi staðreynd á sér fremur pólitískar forsendur en þá skýringu að íslenskir guðfræðingar hafi ekki fylgst með því sem var að gerast meðal guðfræðinga annarra þjóða. Þess ber að geta að söguleg biblíugagnrýni

og ýmsar aðrar áherslur sem nýguðfræðin bryddaði upp á lifðu áfram í nýjum stefnum og straumum sem tóku sér annað heiti eða voru kennd við aðra fræðimenn en Albrecht Ritschl.

Yfirleitt einkennist frjálslyndi í guðfræði, sem rakið er aftur til 18. aldar af jákvæðri afstöðu til menningarinnar og bjartsýni á mátt mannsins og hæfileika hans til að framkvæma hið góða og bæta sjálfan sig og heiminn. Í því felst að boðskapurinn um frelsi mannsins og lausn undan þjáningum miðast við þennan heim og að dulúð, kraftaverk og opinberanir af öðrum heimi falla oft í skugga trúar á framfarir í félagslegum og andlegum efnum. Skoðanafrelsi og sjálfræði hins upplýsta einstaklingsins er viðurkennt á kostnað kennivalds, játningarita og kirkjulegra yfirvalda (Prenter, 1952).

Guðfræði Albrechts Ritschl

Meginatriði frjálslyndu guðfræðinnar sem sérstakrar stefnu eins og hún birtist í ritum Albrechts Ritschls hafa verið dregin saman í níu atriði (Livingstone 1971):

1) Háspekinni (metaphysics) er vísað úr guðfræðinni.
2) Af því leiðir að vangaveltum um eðli guðs er hafnað.
3) Kirkjulegum trúarkenningum er hafnað sem óleyfilegri blöndun guðfræði og háspeki
4) Tortryggni í garð dulhyggju og háspekilegrar útfærslu heittrúar (pietism).
5) Kristin trú er siðræn og hagnýt.
6) Aðgreining hins hagnýta og kenningarlega.
7) Áhersla er á sögulega opinberun en ekki náttúrulega opinberun.
8) Meginviðfangsefni trúfræðinnar er ríki Guðs.
9) Meginaðferð guðfræðinnar er athugun á trúarvitundinni.

Ritschl tamdi sér viðhorf sagnfræðinnar og hóf siðfræði Kants aftur til vegs og virðingar og kenningar hans um hina praktísku skynsemi í trúarefnum. Þó var það ekki þannig að hann teldi hlutlausar sagnfræðirannsóknir vera leiðina að sannleikanum um Krist því að hann taldi jafn mikilvægt að kanna viðbrögð og túlkun eins og ævisögu Jesú. Í slíkum túlkunum birtist siðferðilegt gildismat sem að hans mati var kjarni guðstrúar.

Manneskjan er bæði náttúruleg vera, skepna, og andleg vera og kristin trú yfirvinnur þessar andstæður með því að fullkomna hina andlegu vídd mannsins. Fyrir trúarreynsluna losnar manneskjan undan þrúgandi

takmörkunum hins náttúrulega lífs og íþyngjandi félagslegum aðstæðum og öðlast frelsi og verður þar með fær til þess að axla siðferðilega ábyrgð sína (Livingston, 1971). Guðstrúin er leið mannsins undan þjáningu og tilgangsleysi og eina leiðin sem tryggir sigur hins andlega yfir hinu veraldlega og fullkomnast í guðsríkinu. Guðsríkið er þó ekki það sama og kirkjan. Það byggir á andlegum hugsjónum og sprettur fram vegna kærleika guðs og það verður að veruleika í kærleiksríku samfélagi manna sem hefur losnað undan náttúrulegum takmörkunum (Radler, 1988).

Ritschl leit ekki svo á að manneðlið væri spillt og hann viðurkennir ekki kenningar kirkjunnar um erfðasynd og eilífa útskúfun vantrúaðra í kvalastað. Hann tengir syndina ekki sekt manna gagnvart guði heldur er hún frávik frá vilja guðs, hinu góða hlutskipti sem hann ætlar öllum börnum sínum. Syndin stafar af ófullkomleika manna og vanþekkingu og þess vegna hefnir guð sín ekki á syndugum börnum sínum heldur vandar um við þau og leiðbeinir þeim (Hägglund, 1971). Það var því ekki takmark Guðs í sjálfu sér að Jesús Kristur dæi á krossinum og engin forsenda er fyrir kenningunni um að hann leysi þannig mennina í eitt skipti fyrir öll frá syndum. Kristur þurfti ekki að deyja til að breyta afstöðu guðs til manna. Til að eignast samfélag við guð þarf maðurinn sjálfur að breytast, öðlast nýtt hugarfar. Það hugarfar átti Kristur fullkomið og hann er því hin eina sanna fyrirmynd í þessum efnum. Trúin á hann opnar manninum hið nýja guðssamband. Fórnarkenningu lútherska rétttrúnaðarins og kaþólsku kirkjunnar er því hafnað og dauði Jesú Krists sýnir fyrst og fremst hversu trúr hann var hinni guðlegu köllun sinni. Dauði hins syndlausa Jesú Krists staðfestir kærleika guðs gagnvart ófullkomleika og rangindum heimsins. Sátt milli guðs og manns byggir á því að guð er kærleikur fyrst og síðast og vill eingöngu hið góða og hann vill að allir menn verði börnin hans. Kærleikurinn vill aðeins það sem er gott og rétt fyrir aðra og fyrir samfélagið í heild. Guð kristinna manna er samkvæmt þessari guðfræði ekki refsandi og reiður dómari sem útskúfar. Þessi guð agar þann sem hann elskar og það hefur þann tilgang að leiðbeina mönnum og þroska þá (Hägglund, 1971).

Nýja guðfræðin á Íslandi um aldamótin 1900

Þegar við skoðum áhrifin frá þeirri frjálslyndu guðfræðistefnu sem rakin er til Albrechts Ritschl ber fyrst og fremst að nefna séra Jón Helgason (1866-1942) prestaskólakennara sem tók að kynna hana í tímaritinu *Verði ljós* sem hann ritstýrði sjálfur. Hann hafði komist í kynni við stefnu þessa á námsferðalagi

sínu í Þýskalandi 1894 en kom fyrst fram opinberlega sem frjálslyndur guðfræðingur með greinum sem hann tók að birta í tímariti sínu árið 1899.

Á þessum árum voru þeir Jón Helgason og Haraldur Níelsson (1868-1928) nánir vinir og samherjar og höfðu svarist í fóstbræðralag með félögum sínum frá námsárunum í Kaupmannahöfn þeim Friðriki Friðrikssyni (1868-1961) síðar leiðtoga KFUM og Sigurði Sívertsen (1868-1938) um að helga líf sitt eflingu kirkju og kristindóms á Íslandi. Haraldur hafði þá tekið að sér það verkefni að þýða Gamla testamentið úr hebreska frummálinu á íslensku og til að undirbúa sig undir það verkefni hafði hann farið í námsför til háskólanna í Halle í Þýskalandi og Cambridge á Englandi. Þar kynntist hann nýjungum í biblíurannsóknum og þeim umræðum um kirkju- og trúmál sem fylgdu í kjölfar þeirra. Studdi hann vin sinn og félaga dyggilega og kom til liðs við hann í ritstjórn *Verði ljós* í ársbyrjun 1898.

Guðfræðileg viðhorf þeirra félaga færðust æ meir í átt til sjónarmiða Albrechts Ritschl og félaga hans varðandi trúarjátningarnar og þeir tóku báðir undir þá skoðun að kirkjan hljóti að taka fullt tillit til myndugleika hins upplýsta einstaklings í trúarefnum og viðurkenna frelsi kristins einstaklings gagnvart játningunum. Þær geti ekki verið bindandi í trúarefnum enda séu þær mótaðar af sögulegum forsendum þeirra tíma sem þær komu fram á og geti ekki bundið boðun og starf kirkjunnar á hinum nýju tímum. Þegar Háskóli Ísland var stofnaður árið 1911 urðu þeir Jón og Haraldur prófessorar við guðfræðideildina og þá kom Sigurður Sívertsen einnig að skólanum sem prófessor og var hann einnig dyggur fylgismaður frjálslyndu guðfræðinnar.

Á örfáum árum tileinkuðu leiðtogar íslensku kirkjunnar og lærðustu guðfræðingarnir á Íslandi sér þessa þýsku guðfræðistefnu. Mikið munaði um þá Þórhall Bjarnarson síðasta forstöðumann Prestaskólans sem varð biskup árið 1909 og séra Magnús Helgason fyrsta skólastjóra Kennaraskólans sem stofnaður var árið 1908. Guðfræðileg viðhorf þeirra virðast á þessum fyrstu árum 19. aldarinnar hafa þróast í sömu átt og skoðanir þeirra Jóns og Haralds.

Segja má að frjálslynda stefnan hafi náð undirtökunum í íslensku kirkjulífi á um það bil áratug og það var einmitt á þeim árum sem sjálfstæðisbarátta Íslendinga tók nýjan kipp og þjóðernishyggjan hefur sennilega aldrei verið jafn heit og ríkjandi og á þessum árum. Þá var tekist á um heimastjórn og nýtt frumvarp til laga um samband Danmerkur og Íslands. Afstaðan til Danmerkur var alls staðar mál málanna og frelsi og framfarir á hinum ýmsu sviðum voru tengd því að losna undan áhrifum frá Danmörku og frá Dönum almennt. Segja má að á þessum árum hafi jafnvel örlað á hatri í garð Dana og

þess sem danskt var. Danska heimatrúboðið varð skotspónn íslenskra menntamanna og fordæmt sem argasta afturhald í félagsmálum jafnt sem trúmálum.

Frjálslynd, umburðarlynd og þjóðleg kirkja

Meiri hluti íslenskra mennta- og stjórnmálamanna um aldamótin 1900 virtist fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju þannig að íslenska kirkjan mætti verða frjáls þjóðkirkja. Stefna meirihluta þeirra sem hugsuðu um þessi mál yfirleitt var sú að losa íslensku kirkjuna undan yfirstjórn dönsku stjórnarinnar og embættismanna hennar og tryggja um leið lýðræðislegar prestskosningar. Margir litu svo á að deyfð og doði þjakaði íslensku kirkjuna og að það mætti kenna lamandi áhrifum embættismennskunnar því hún væri ekki vakandi fyrir þörfum fólksins og félagsanda og framfarahug þjóðarinnar. Þessi gagnrýni kom ekki síst frá íslensku prestunum sem störfuðu meðal Íslendinga vestan hafs og tóku þeir Jón Helgason og Haraldur Níelsson undir þessa gagnrýni. Þórhallur Bjarnarson var fylgjandi frjálsri kirkju á þessum forsendum, en eftir að hann hann tók við biskupembættinu í ársbyrjun 1909 hafði hann snúið við blaðinu og talaði fyrir þjóðkirkjufyrirkomulagi og stjórnarskrárbundnum tengslum ríkis og kirkju. Forsendurnar voru þær að yfirstjórn kirkjunnar væri ekki lengur í Danmörku og Ísland sem sjálfstætt þjóðríki væri í augsýn. Hann snerist á sveif með yngri mönnunum sem höfðu skipað sér undir merki frjálslyndu guðfræðinnar sem á þessum árum var einnig nefnd nýguðfræði. Þjóðkirkjuguðfræði sína skilgreindi hann með skírskotun í sögu og menningararf þjóðarinnar og félagslegt hlutverk prestanna.

Strax í upphafi ferils síns sem biskup vann Þórhallur markvisst að því að efla þjóðkirkjuna sem frjálslynda, umburðarlynda og þjóðlega stofnun sem væri það sjálfstæð gagnvart ríkisvaldinu að hún gæti tekið frumkvæði að eflingu innra starfs hennar á breiðum félagslegum og kirkjulegum grundvelli. Honum fannst KFUM, sem var í raun útibú frá KFUM í Danmörku, of þrögnsýnt og takmarkað til að geta gegnt trúarlegu uppeldishlutverki í þessum anda og lagði því meir upp úr því að hvetja og styðja við ungmenna-félagshreyfinguna sem var í örum vexti í biskupstíð hans, enda voru börn hans, tengdabörn og nánir vinir framarlega í þeirri hreyfingu (Pétur Pétursson, 2000).

Þórhallur neitaði að fara til Kaupmannahafnar til að þiggja biskupsvígslu af Sjálandsbiskupi eins og fyrirrennarar hans höfðu gert. Í stað þess var hann

vígður af forvera sínum í embætti, Hallgrími Sveinssyni, sem var þá sjúkur. Þórhallur vildi vígjast í Skálholti af þjóðlegum og sögulegum ástæðum, og ætlaði ekki að láta skort á sæmandi kirkju og húsnæði hindra það, en Hallgrímur var það veikur að ekki var hægt að leggja á hann slíkt ferðalag. Þórhallur var mjög fylgjandi því að stofnuð væru embætti vígslubiskupa sem í raun höfðu ekkert annað hlutverk en að vígja biskup Íslands ef til þess kæmi að forveri hans í embætti gæti ekki framkvæmt vígslu hans. Árið 1911 samþykkti alþingi lög um vígslubiskupa, einn fyrir hvert hinna fornu stipta, Skálholt og Hóla. Fyrstu prestastefnu sína hélt Þórhallur á Þingvöllum og var hún nýjung í íslensku kirkjulífi því hún var eins konar kirkjuþing þar sem leikir og lærðir komu saman til að ræða leiðir til að efla starf kirkjunnar og styrkja það. Á þessum tíma voru prestastefnur heldur litlausar samkomur örfárra embættismanna sem komu saman til að afgreiða nokkur formsatriði og skipta niður smáum upphæðum til uppgjafapresta og prestsekkna. En prestastefnan á Þingvöllum sumarið1909 var eins konar kirkjuþing og þar kom fram mikill áhugi á að efla trúarlíf og kirkjustarf í landinu og þar hélt Jón Helgason erindi um nauðsyn þess að létta oki trúarjátninga af samvisku kirkjufólks. Kirkjan skyldi kenna sig við Krist en ekki fornar játningar sem voru börn síns tíma. Endurskoðuð handbók kirkjunnar var gefin út árið 1910 og þar var tekið tillit til sjónarmiða frjálslyndu guðfræðinnar.

Í hirðisbréfi sínu ræðir Þórhallur biskup um þróunarlögmál guðsríkis, sögu þjóðarinnar og íslensku kirkjunnar og segir:

> Félagskapurinn sem hann [Kristur] stofnaði og grundvallaði á orði sínu og sakramentum, hin kristilega kirkja með sínum ákveðnu starfsmönnum, prestunum, hefir um allar aldir verið og verður öflugasta verkfærið til að draga sálirnar inn í guðsríkið og guðsbarnasambandið, og því er sá félagskapur þrátt fyrir allan sinn mikla ófullkomleika fyrr og síðar, svo dýrmætur og heilagur. Nú erum vér merkisberar þessa félagskapar. Og megum vér láta hann spillast svo sem nú eru horfur á? Vor er sökin mest og stærst, verði hann eigi áfram lífæð þjóðarinnar. Og vér erum jafnframt arftakar hinnar fornhelgu íslensku kristni, arftakar merkisbera hennar og sögustaða. Og íhugunarefni er það, hvort þjóð vor og kristni þessa lands hefir ekki unnið sér stórtjón með ræktarleysi sínu við sögu vora og landsvenju. (Þórhallur Bjarnarson, 1909, bls. 19)

Þegar þjóðkirkjan klofnaði ekki

Jón Helgason prófessor var skipaður af stjórnvöldum sem arftaki Þórhalls biskups árið 1917 og í fyrstu fylgdi hann sömu stefnu og hann. Hann amaðist

ekki við nýju stefnunum sem fengið höfðu fylgi meðal almennings og sérstaklega meðal menntamanna þ.e.a.s. spíritisma og guðspeki. En eftir fyrra stríð og eftir að Ísland varð sjálfstætt ríki varð nokkur breyting á kirkjustefnu Jóns. Þjóðkirkjufyrirkomulagið sætti nú ekki sömu gagnrýni stjórnmálamanna og menntamanna sem áður höfðu viljað aðskilnað ríkis og kirkju. Þjóðkirkjustefna Þórhalls Bjarnarsonar hafði fundið hljómgrunn í ungmennafélagshreyfingunni og þeim stjórnmálaflokki sem upp úr henni spratt, þ.e. Framsóknarflokknum, sem tók það inn í stefnuskrá sína að styðja frjálslynda, þjóðlega og umburðarlynda þjóðkirkju. Fáum fannst fýsilegur kostur að kljúfa þjóðkirkuna í söfnuði sem stæðu í stöðugum guðfræðideilum sín á milli eins og reyndin var með kirkjufélag Íslendinga í Vesturheimi. Flestum fannst eðlilegt að fólk með ólíkar trúarskoðanir ætti samleið í þjóðkirkju og að á milli hennar og hins nýja þjóðríkis ríkti gagnkvæmur stuðningur.

Jóni biskupi Helgasyni fannst við þessar aðstæður sjálfsagt að íslenska kirkjan sem sjálfstæð þjóðkirkja gæti nú tekið upp náið samstarf við dönsku systurkirkjuna og starfað með henni í skandinaviskum og fjölþjóðlegum samtökum kirkna sem urðu til eftir stríðið. Hann taldi litlar horfur á því að íslenska þjóðkirkjan gæti sent fulltrúa á þá fundi og í þær stjórnir sem um væri að ræða og taldi þjóðráð að danska kirkjan gæti komið sjónarmiðum íslensku kirkjunnar á framfæri. Þetta fannst mörgum þjóðlegum og frjálslyndum prestum varhugavert og þeir flykktu sér um Harald Níelsson sem enn var á varðbergi gagnvart dönskum trúaráhrifum og leit jafnan til engilsaxneska heimsins eftir fyrirmyndum. Árið 1922 urðu algjör vinslit milli Jóns og Haralds út af spíritismanum.

Það var séra Kjartan Helgason (1865-1931) prestur í Hruna sem var krafturinn í þeirri sókn gegn kirkjustefnu Jóns Helgasonar sem gerð var eftir 1922. Hann átti frumkvæðið að því að frjálslyndir og þjóðlegir prestar fylktu liði á prestastefnu undir forystu Haralds Níelssonar. Hann var bróðir þeirra séra Magnúsar Helgasonar (1857-1940) skólastjóra Kennaraskólans, vinar og samherja Þórhalls Bjarnarsonar, og Guðmundar Helgasonar (1853-1922) prests í Reykholti, föður Ásmundar Guðmundssonar (1888-1969) síðar biskups. Guðmundur var mikill áhugamaður um landbúnaðarmál eins og Þórhallur Bjarnason, sem var fyrsti forseti Búnaðarfélags Íslands, og tók Guðmundur við því embætti eftir að Þórhallur varð biskup en þeir voru nánir vinir og samherjar. Þessi vina- og fjölskyldutengsl endurspegla þá pólitísku þræði sem voru milli ungmennafélagshreyfingarinnar í Reykavík, Kennaraskólans, hinnar nýju þjóðkirkju sem varð til árið 1909 og Framsóknarflokksins sem stofnaður var sjö árum seinna, þ.e. 1916, sama ár og Þórhallur Bjarnarson lést.

Eftir að Jón biskup neitaði frjálslyndum guðfræðikandidat um vígslu á þeim forsendum að hann væri að fara til þjónustu í unitarasöfnuði í Ameríku urðu átakalínurnar enn skýrari á Íslandi og innan hins frjálslynda arms kom árið 1927 fram hópur ungra guðfræðinga – Straumamenn – sem gagnrýndu biskup harðlega um leið og þeir skipuðu sér um Harald Níelsson. Haraldur var gæddur persónutöfrum og foringjahæfileikum og áhrif hans voru mikil í kirkjunni og hann naut vaxandi virðingar og aðdáunar meðal landsmanna.

Þjóðkirkjan, þjóðríkið og guðsríkið

Eftirmaður Jóns Helgasonar á biskupsstóli var kosinn af prestum landsins árið 1938 og fyrir valinu varð 48 ára gamall prófastur á Vestfjörðum Sigurgeir Sigurðsson (1890-1953) sem aðhylltist frjálslyndu guðfræðistefnuna. Hann var nemandi og mikill aðdáandi Haralds Níelssonar. Valið stóð milli hans og séra Bjarna Jónssonar vígslubiskups og dómkirkjuprests sem átti að baki nær þriggja áratuga farsælt starf í höfuðborginni. En hann var af gamla skólanum í guðfræðinni og það vann gegn honum sem leiðtoga íslensku þjóðkirkjunnar á þessum tíma.

Nýi biskupinn innleiddi þann sið að hafa íslenska fánann í kór kirknanna og hann bauð prestum sínum að enda guðsþjónusturnar á sálminum *Faðir andanna, frelsi landanna* eftir Matthías Jochumsson, sem varð eins konar huggunarsálmur í kirkjunni á stríðsárunum. Sigurgeir biskup fjallaði um preststarfið og þjóðfélagslegt hlutverk kirkjunnar í hirðisbréfi sínu sem út kom 1940:

> Vér höfum, elskulegu bræður, tekizt á hendur hið ábyrgðarmesta og vandsamasta, og jafnframt helgasta hlutverk með þjóð vorri. Vér eigum að ganga inn í helgidóma þjóðarinnar og kenna henni hin eilífu sannindi, veginn til guðs. Vér eigum að vera leiðtogar hennar í öllu því, sem fyrir kemur á vegferð lífsins. Presturinn á að lifa með þjóðinni í gleði og sorg, standa við hlið einstaklingsins á áhrifastundum í lífinu – sem vinur og bróðir – og sterkur, göfugur ráðgjafi. (Sigurgeir Sigurðsson, 1940, bls. 39)

Þann 17. júní 1944 lýsti Alþingi Íslendinga samankomið á Þingvöllum yfir fullu sjálfstæði lýðveldisins Íslands. Við hátíðahöldin sem haldin voru af því tilefni hélt nýi biskupinn ræðu þar sem hann fjallaði um hið nýfengna þjóðfrelsi og þá ábyrgð sem í því fælist.

> Lýðveldishugsjóninni er ekki náð fyrr en þjóðin er frjáls hið innra jafnt sem hið ytra. Fyrr en hún er göfug og andlega sterk þjóð. Fyrr en hún hefur skrýðzt skrúða þess frelsis, sem skapar henni farsæld og innri frið. Vér vitum og skynjum, að leiðin til hins fullkomna, sanna frelsis er erfið og löng, framtíðin er ávallt hjúpuð móðu og mistri óvissunnar. En í gegn um þá þoku sjáum vér ljós, ljós kristindómsins – ljós Guðs. Hjá honum er uppspretta lífsins. Uppspretta alls þess, sem er fegurst og bezt í þjóðlífi voru. Þess vegna á Guð um fram allt að vera leiðtogi þjóðarinnar um alla tíð.
>
> Hið sanna frelsi öðlast þjóðin aðeins á Guðs vegum…
>
> Vér fögnum því öll að fá að lifa þessi augnablik. Barnið, æskumaðurinn, sem hér eru, munu á efri árum blessa þennan dag. Guð hefir falið oss mikið hlutverk að taka í dag á móti stærstu og dýrmætustu gjöfinni, sem unnt er að gefa þjóðunum. Minnstu þess, þegar allar kirkjuklukkur landsins hringja frelsið inn í dag, að þú varst kallaður til þessa veglega hlutverks. Mundu eftir ábyrgðinni, sem því er samfara. (Sigurgeir Sigurðsson, 1945, bls. 158-159)

Í þessari ræðu biskups Íslands á Þingvöllum 17. júní 1944 birtist aðgreining frjálslyndu guðfræðinnar á kirkjunni og guðsríki ljóslega. Frjáls og fullvalda þjóð er birtingarform guðsríkisins, náskylt fyrri hugmyndum manna eins og Matthíasar Jochumssonar, Þórhalls Bjarnarsonar og Haralds Níelssonar um forsjón guðs og frelsi þjóðarinnar. Frjálsynd, umburðarlynd og þjóðleg kirkja hafði lagt fram sinn skerf í sjálfstæðisbaráttunni og þjóðkirkjufyrirkomulagið þess vegna öðlast pólitíska trúverðugleika sem nægði því það sem eftir lifði af 20. öldinn.

Talsmenn lútherska rétttrúnaðarins voru í algjörri varnarstöðu gagnvart frjálslyndu guðfræðinni fram á fjórða áratuginn enda virtist hún ekki eiga framtíðina fyrir sér. En lútherskum rétttrúnaði óx ásmeginn eftir miðjan fjórða áratuginn enda var gullöld frjálslyndu guðfræðinnar þá liðin undir lok, ekki síst í upprunalandi hennar Þýskalandi. Leiðandi guðfræðingar á hinu stríðshrjáða meginlandi voru í óða önn að endurskoða bjartsýna aldamótatrú trú á hið góða í manninum og möguleika hans til að skapa fyrirmyndarsamfélag á forsendum framfara í vísindum. Áherslubreytingar höfðu einnig orðið í biblíuvísindum og voru fræðimenn ekki lengur eins trúaðir á það að hægt væri með gagnrýnum sögurannsóknum að finna hinn eina sanna sögulega Jesú Krist. Játningarit kirkjunnar voru aftur hafin til vegs og virðingar og það kom í ljós að samstarf kirkna í ólíkum löndum og einnig samstarf og samtal ólíkra kirkjudeilda byggðist á því að þær gerðu sér grein fyrir játningagrundvelli sínum og skoðuðu hann í ljósi sögulegra og pólitískra aðstæðna á hverjum tíma.

Frjálslynda guðfræðin hafði hins vegar enn yfirburðastöðu á Íslandi fram á sjötta áratuginn enda voru átakalínurnar í íslenskri guðfræðiumræðu

svipaðar og í upphafi aldarinnar. Heimsstríðin tvö höfðu fært þjóðina nær lokatakmarki sjálfstæðisbaráttunnar og efnahagslega var ekki unnt að greina að stríðin hefðu skaðað þjóðina í frelsisbaráttu sinni.

Niðurstöður

Frjálslynda guðfræðin var hugmyndagrunnur hinnar nýju þjóðkirkju Íslendinga sem varð til í biskupstíð Þórhalls Bjarnarsonar. Frjálslynda guðfræðin hamlaði frekari afheglun meðal íslenskra menntamanna í upphafi 20.aldar – afhelgun sem helst má rekja til áhrifa frá danska rithöfundinum og bókmenntagagnrýnandanum Georgi Brandesi. Þessi nýja guðfræði kom á nýju samtali guðfræðinga og menntamanna og aflaði guðfræðinni viðurkenningar sem akademískrar fræðigreinar sem viðurkenndi nútímalega hugsun, samviskufrelsi einstaklingsins og fræðimennsku byggða á sagnfræði og reynsluvísindum. Heimsmynd og hugsunarháttur frjálslyndu guðfræðinnar féll auk þess vel að hugmyndum leiðandi manna um nauðsyn þess að íslensk þjóð losaði sig við það helsi sem aldagömul efnhagsleg og stjórnmálaleg tengsl við Danmörku voru að þeirra mati og leggði út á djúpið í fullu trausti á mátt sinn og megin. Hugsjónir leiðtoga sjálfstæðisbaráttunnar sem sáu gullöld Íslendinga í hillingum og litu til sögunnar sem frelsunarsögu er í fyllingu tímans mundi raungera réttmætar þjóðfrelsiskröfur féllu vel að söguhyggju frjálslyndu guðfræðinnar eins og hún birtist í guðfræði Albrects Ritschl. Leiðtogar sjálfstæðisbaráttunnar, ekki síst þeir sem mótaðir voru af rómantískri þjóðernishyggju, gerðu ráð fyrir guðlegri forsjá sem var hugmyndafræðilega náskyld boðun frjálslyndu guðfræðinganna um ríki guðs.

Heimildir

Hägglund, B. (1971). *Teologins historia. En dogmhistorisk översikt*. Lund: Glerups förlag.

Lýðveldishátíðin 1944 (1945). Þjóðhátíðarnefnd samdi að tilhlutan alþingis og ríkisstjórnarinnar. Reykjavík: Leiftur.

Livingston, J. C. (1971). *Modern Christian Thought. From the Enlightenment to Vatican II*. New York: Collier-Macmillan Limited.

Prenter, R. (1952). „Liberal teologi.“ *Nordisk teologisk uppslagsbok*. Lund. Glerups förlag.

Pétur Pétursson (1990). *Church and Social Change; A Study of the Secuarization Process in Iceland 1830-1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Pétur Pétursson (2000). Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni. Í Þórunn Valdimarsdóttir og Pétur Pétursson (Ritstj.), *Kristni á Íslandi IV* (bls. 199-421). Reykjavík: Alþingi.

Radler, A. (1988). *Kristendomens idéhistoria. Från medeltiden till vår tid.* Lund: Studentlitteratur.

Sigurgeir Sigurðsson (1940). *Hirðisbréf til presta og prófasta á Íslandi.* Reykjavík: Gutenberg.

Skydsgaard, K. S. (1952). „Guds rike". *Nordisk teologisk uppslagsbok*. Lund: Glerups förlag.

Valdimar J. Eylands (1977). *Íslenzk kristni í Vesturheimi.* Reykjavík. Íslenska þjóðkirkjan.

Þórhallur Bjarnarson (1909). „Ávarp biskups til presta." *Nýtt kirkjublað*, *2*, 17-20.

Skipulagt íþróttastarf meðal ungs fólks: Áhrifaþættir og afleiðingar

Rúnar Vilhjálmsson

Skipuleg íþróttastarfsemi á Vesturlöndum hefur breiðst ört út síðustu áratugi með mikilli fjölgun þátttakenda, starfsmanna og neytenda. Starfsemin tengist náið helstu stofnunum samfélagsins, s.s. fjölskyldunni, skólunum, fjölmiðlunum og valdastofnunum (Leonard, 1993). Skipulega íþróttastarfsemi má skilgreina sem reglubundna og keppnismiðaða líkamlega hreyfingu sem hefur leiðtoga, þjálfara, eða leiðbeinanda (Duke, Huhman og Heitzler, 2003). Slík starfsemi fer fram í íþróttakennslu skólanna, í öðru íþróttastarfi á vegum skóla og sveitarfélaga, og á vegum íþróttafélaga.

Í þessum kafla verður fyrst fjallað um félagslega og persónubundna þætti sem hafa áhrif á þátttöku einstaklinga í skipulagðri íþróttastarfsemi utan skóla og þar næst um áhrif starfseminnar á lífsvenjur, líðan og heilsu þáttttakenda. Kaflanum lýkur með umfjöllun um mögulegar leiðir til að auka og jafna þátttöku einstaklinga í íþróttastarfi og líkamsþjálfun og stuðla að samfelldri þátttöku og virkni frá bernsku til follorðinsára.

Félagslegir þættir tengdir þátttöku í íþróttastarfi

Verulegur munur er milli samfélagshópa á þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi utan skóla. Raunar er meiri félagslegur ójöfnuður í þátttöku barna og unglinga í skipulögðu íþróttastarfi utan skóla, en í þátttöku þeirra í annarri líkamlegri hreyfingu (Duke o.fl., 2003). Rannsóknir meðal fullorðinna sýna einnig að þátttökumunur eftir félagslegri stöðu er mestur þegar skipulagt íþróttastarf er annars vegar (CFLRI, 2005).

Þátttaka unglinga í skipulögðu íþróttastarfi minnkar með aldrinum (Baranowski o.fl., 1997). Meðal barna eru stúlkur víða orðnar jafn fjölmennar og drengir í íþróttastarfinu, en á unglingsárunum skrá stúlkurnar sig síður til þátttöku og heltast frekar úr lestinni (Duke o.fl., 2003; Vilhjalmsson og Kristjansdottir, 2005). Þá taka börn og unglingar síður þátt í skipulögðu

íþróttastarfi ef foreldrar þeirra hafa lægri menntun og tekjur (Duke o.fl., 2003). Meðal fullorðinna er þátttakan mun minni í eldri aldurshópunum (CFLRI, 2005). Þátttökumunurinn milli kynjanna er áfram til staðar á fullorðinsaldri. Þá virðist sem fráskildir og ekkjufólk taki síður þátt í skipulögðu íþróttastarfi en aðrir hjúskaparhópar. Sumar rannsóknir benda til að íbúar smærri sveitarfélaga taki síður þátt í slíku starfi en íbúar stærri sveitarfélaga (CRLFI, 2005). Loks benda niðurstöður rannsókna til að einstaklingar með takmarkaða menntun og lágar tekjur taki síður þátt í skipulögðu íþróttastarfi en þeir sem eru meira menntaðir og betur stæðir (CRLFI, 2005).

Margar ástæður geta verið fyrir þessum þátttökumun milli hópa. Hefðbundnar staðalímyndir kynjanna kunna að einhverju leyti að fæla stúlkur frá keppnisíþróttum sem tengst hafa „karllegum" eiginleikum eins og hörku, ágengni, kappsemi og líkamlegum styrk (Coakley, 1998; Eder og Parker, 1987; Washington og Karen, 2001). Mikill meirihluti stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, þjálfara og leiðbeinenda í skipulögðu íþróttastarfi eru karlar (Bryson, 1987; Vilhjalmsson og Kristjansdottir, 2003; Washington og Karen, 2001), og íþróttaprógrömmin leggja gjarnan áherslu á hóp- og keppnisíþróttir sem hafa löngum verið vinsælar meðal pilta og karla (Delaney og Lee, 1995). Það er því ekki að undra að piltar dragist frekar að keppnisíþróttunum en stúlkur (Vilhjalmsson og Kristjansdottir, 2005). Í erlendum rannsóknum kemur einnig fram að foreldrar stúlkna nefna frekar óörugg hverfi eða óöruggar samgöngur sem ástæður fyrir því að stúlkurnar taka ekki þátt í íþróttastarfi (Duke o.fl., 2003). Þá sýna erlendar rannsóknir að einstaklingar með takmarkaða menntun og lágar tekjur hafa stundum lakari aðstöðu til útivistar og íþrótta, og glíma oftar við ófullnægjandi samgöngur og hlutfallslega háan kostnað af þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi. Enn fremur benda rannsóknir til að foreldrar sem hafa lágar tekjur verji minni tíma með börnum sínum í íþróttum og veiti þeim síður stuðning við íþróttaiðkun (Duke o.fl., 2003). Aðrir þættir tengdir fjölskylduaðstæðum og lífsstíl kunna einnig að draga úr íþróttaþátttöku ungmenna í lægri lögum samfélagsins. Rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar og Þórólfs Þórlindssonar (1998) leiddi í ljós að unglingar í verkalýðsstétt tóku minni þátt í íþróttum en unglingar í öðrum stéttum, sem mátti skýra með meiri sjónvarpsnotkun og vinnu með námi meðal unglinga í verkalýðsstéttinni, og minni íþróttaþátttöku foreldra þeirra.

Þó svo að skipulagt íþróttastarf eigi að forminu til að vera opið öllum sem búa á ákveðnu svæði eða tilheyra ákveðnum markhóp, getur skipulagning starfseminnar valdið misjafnri þátttöku. Félagsfræðingurinn Robert Merton

(1957) greindi í þessu sambandi milli yfirlýstrar virkni (manifest function) stofnana sem tengist opinberum tilgangi og almennum væntingum til starfseminnar og leyndrar virkni (latent function) sem tengist hinum óvæntu afleiðingum mannlegra athafna. Samkæmt greiningu Rúnars Vilhjálmssonar og Guðrúnar Kristjánsdóttur (2003) getur ójöfnuður í þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi komið fram með þrennum hætti. Í fyrsta lagi getur verið um að ræða *ójafna skráningu* (differential enrollment), til dæmis vegna þess að þær íþróttagreinar sem eru í boði höfða misjafnlega til einstaklinga og hópa, eða vegna þess að hópum stendur til boða misjöfn aðstaða til æfinga- eða leikja, misjafnlega heppilegir æfingatímar, eða misgóðir þjálfarar, sem laða suma að en fæla aðra frá. Í öðru lagi getur verið um *ójafnt brottfall* að ræða (differential withdrawal) meðal þeirra sem upphaflega skráðust til þátttöku, svo sem vegna neikvæðrar reynslu af einhverjum þeim þáttum íþróttastarfseminnar sem áður eru nefndir. Í þriðja lagi getur verið um að ræða *ójafna iðkun* (differential involvement) meðal þeirra sem þegar eru skráðir til þátttöku vegna ójafnra tækifæra til æfinga, leikja og keppni. Rúnar og Guðrún athuguðu þátt íþróttafélaga í þeim muni sem sjá má á líkamlegri hreyfingu milli pilta og stúlkna á unglingsaldri. Niðurstöður þeirra voru þær að minni líkamleg hreyfing stúlkna en pilta skýrðist að mestu af því að stúlkur voru síður skráðar í íþróttafélög, auk þess sem nokkru skipti að brottfall stúlkna úr íþróttafélögum var hærra en pilta. Frekari rannsókna er þörf til að varpa ljósi á hvernig skipulagt íþróttastarf mótar tegund og umfang íþróttaiðkunar meðal einstaklinga og hópa.

Persónubundnir þættir tengdir íþróttaiðkun og líkamlegri hreyfingu

Þátttaka einstaklinga í íþróttum og líkamsþjálfun, sem og ýmsum öðrum athöfnum, byggir á áhugahvetjandi þáttum. Ólíklegt er að einstaklingar haldi áfram íþróttaiðkun eða líkamlegri hreyfingu án umtalsverðrar áhugahvatar (motivation). Sálfræðingarninr Deci og Ryan (1985, 1991; Ryan og Deci, 2000) greina meðal annars milli innri og ytri hvatningar til athafna (internal and external motivation). Innri hvatning til íþróttaiðkunar á sér stað þegar einstaklingar taka þátt vegna þeirrar ánægju sem þeir hafa af sjálfri iðkuninni. Ytri hvatning vísar til þess að einstaklingar stundi íþróttir vegna ávinnings sem liggur utan iðkunarinnar sjálfrar, svo sem til að öðlast athygli eða viðurkenningu, vegna fjárhagslegrar umbunar, eða til að grennast. Iðkunin verður þar með leið að öðrum markmiðum, en hefur ekki tilgang í sjálfu sér.

Þetta felur jafnframt í sér að þegar hið ytra umhverfi iðkandans breytist kann iðkunin að minnka eða leggjast niður. Til að viðhalda íþróttaiðkun og líkamsrækt yfir lengri tíma hafa fræðimenn því lagt megin áherslu á þau ferli sem styrkja innri hvatningu einstaklingsins til að hreyfa sig.

Samkvæmt hugmyndum Deci og Ryan og fleiri sálfræðinga um áhugahvötina er innri hvatning til athafnar líklegust þegar athöfnin mætir þörfum fyrir sjálfræði (autonomy), getu (competence) og nánd (relatedness). Sjálfræði vísar til þess að einstaklingurinn telji sig hafa frumkvæði og stjórn á athöfninni. Geta vísar til þess að einstaklingurinn telji sig hafa nauðsynlega kunnáttu og hæfni til að ná árangri. Nánd vísar til þess að einstaklingurinn telji sig geta öðlast og viðhaldið jákvæðum tengslum við aðra gegnum athöfnina. Samkvæmt þessari greiningu er hægt að stuðla að líkamlegri hreyfingu einstaklinga til langframa gegnum íþróttastarfið með því að efla sjálfræði, getu og nánd iðkenda og ýta þannig undir innri hvatningu til hreyfingar. Lítum first á sjálfræðið. Hér er vandi íþróttastarfs meðal ungs fólks sá, að þjálfarar, foreldrar og stjórnendur stýra að að lang mestu leyti íþróttastarfseminni. Því finnst ungum þátttakendum oft að þeir hafi lítið sjálfræði, sem á endanum getur bitnað á þátttöku þeirra. Rannsóknarniðurstöður Coakley og White (1992) benda til að unglingar velti fyrir sér sjálfræði sínu í íþróttastarfinu þegar þeir taka ákvarðinir um að halda áfram eða hætta. Þá má nefna að Pelletier og félagar gerðu framskyggna rannsókn meðal keppnismanna í sundi sem leiddi í ljós að þeir sundmenn sem töldu þjálfara sinn styðja sjálfræði sitt í lífinu og íþróttinni sýndu meiri innri hvatningu til sundiðkunar, og voru ólíklegri en aðrir til að hætta sundiðkun á 22 mánaða tímabili (Pelletier, Fortier, Vallerand og Briere, 2001).

Mat á eigin getu skiptir einnig máli fyrir áhuga á iðkun íþrótta samkvæmt kenningum um áhugahvötina (Bandura, 1986; Nicholls, 1984). Rannsókn Gould og félaga á sundmönnum á unglingsaldri leiddi í ljós að þeir sem hættu sundiðkun gáfu oft upp þá ástæðu að þeir væru „ekki nógu góðir" (Gould, Feltz, Horn og Weiss, 1982). Í rannsókn Wang of Biddle (2001) meðal unglinga voru skýr tengsl milli mats á eigin getu og hreyfingar. Þá má nefna að unglingar í rannsókn Coakley og White (1992) töldu að þeir yrðu að sýna fram á getu ef þeir ættu að geta haldið áfram í íþróttum.

Kenning Nicholls (1984) um árangursmarkmið (achievement goal theory) greinir nánar í sundur mat einstaklinga á eigin getu. Samkvæmt henni geta einstaklingaar aðhyllst sjálfbundið mat á getu (mastery orientation) þar sem matið miðast við aukið vald eða tök á athöfnum og eigin framfarir við framkvæmd athafna, eða félagsbundið mat á getu (social comparison orientation) þar sem eigin geta er metin í samanburði við aðra. Þeir sem

temja sér sjálfbundið mat geta verið ánægðir með eigin getu meðan þeir leggja sig fram og ná góðum eða auknum árangri miðað við sjálfa sig. Hins vegar er hætta á að einstaklingar sem temja sér félagsbundið mat telji getu sína lakari með aldrinum vegna þess að þeir bera sig saman við aðra í umhverfi keppnisíþrótta þar sem stöðugt er krafist meiri árangurs af iðkendum. Aukinn félagsþroski gerir einstaklingnum að sönnu fært að bera sig saman við aðra og að sjá sjálfan sig útfrá sjónarhóli annarra. Aukinn þroski getur því haft þær afleiðingar að einstaklingar sjái getu sína miðað við aðra í raunhæfara en um leið neikvæðara ljósi með aldrinum. Þar ed skipulagt íþróttastarf byggir gjarnan á getubundnu stigveldi þar sem getuminni íþróttamenn missa af æfinga- og keppnistækifærum, þá er ekki að undra að einstaklingar sem hafa félagsbundið mat á getu sinni telji getuna litla eða ófullnægjandi, enda viðmiðunin æ brattari eftir því sem líður á íþrótta-iðkunina. Það sem gerir þennan samanburðarvanda enn meiri er sú staðreynd að einstaklingar taka út líkamsþroska með misjöfnum hætti og þeir sem eru seinþroska gætu tekið ótímabæra ákvörðun um að hætta íþróttaiðkun vegna neikvæðs samanburðar við þroskaðri einstaklinga á sama aldri. Mikilvægir mótunaraðilar í lífi ungmenna, einkum þjálfarar, gegna lykilhlutverki við að móta markmið og viðmiðanir í íþróttastarfinu. Þjálfari sem leggur áherslu á félagsbundið mat á getu kann að móta sömu áherslu hjá íþróttamönnunum. Leggi þjálfarinn hins vegar áherslu á sjálfbundið mat kann það að beina sjónum íþróttamannanna að eigin framförum við mat á getu sinni. Slíkt getumat er heppilegt að því leyti að það er undir stjórn íþróttamannsins fremur en félagsbundna matið.

Sú félagslega nánd sem fylgt getur íþróttaiðkuninni er þriðji þátturinn sem stuðlar að innri hvatningu iðkandans samkvæmt kenningum um áhuga-hvötina. Viðhald jákvæðra tengsla við aðra virðist vera mikilvæg ástæða þess að ungmenni hefja íþróttaiðkun og halda áfram í íþróttum (Weiss og Petlichkoff, 1992). Nokkrar rannsóknir benda til að tengslaþátturinn sé mikilvægur fyrir iðkendur á öllum aldri (Brodkin og Weiss, 1990). Í rannsókn Ullrich-French og Smith (2006) meðal 10-14 ára knattspyrnuiðkenda kom í ljós að innri hvatning til fótboltaiðkunar tengdist viðurkenningu frá jafningjum í fótboltanum og gæðum vina- og foreldratengsla með tilliti til fótboltans. Þannig virðist félagsleg nálægð við jafningja, vini og foreldra gegnum íþróttirnar geta aukið innri hvatningu til frekari iðkunar.

Þá er ótalinn einn þáttur í íþróttastarfinu sem miklar umræður hafa verið um á síðari árum, en það er sérhæfing ungra íþróttamanna. Vaxandi áhersla á íþróttaárangur og afreksíþróttir hefur ýtt undir sérhæfingu íþróttamanna á ungum aldri. Í sumum greinum, s.s. fimleikum, hefst þessi sérhæfing þegar

börnin eru á forskólaaldri (Wieting og Civettini, 2006). Þótt í ýmsum tilvikum megi ná fram auknum árangri íþróttamanna með markvissum æfingum og keppni innan einnar keppnisgreinar frá unga aldri er slík sérhæfing umdeild. Komið hafa fram þau sjónarmið og rannsóknaniðurstöður að fjölþætt íþróttareynsla á ungum aldri sé hagstæðari til árangurs í mörgum íþróttagreinum (Baker, 2003). Þá má nefna að erfitt getur reynst fyrir hinn unga íþróttamann að höndla það líkamlega og sálræna álag sem fylgir íþróttaiðkuninni (American Academy of Pediatrics, 2000a; Coakley, 1992; Scanlan og Passer, 1978, 1979). Leiði vegna ósveigjanlegra síendurtekinna æfinga getur á endanum gert unga íþróttamanninn afhuga íþróttum (Baker, 2003). Þá getur sérhæfing á ungum aldri valdið einhæfri hreyfiþjálfun og takmarkað möguleika á vali annarra íþróttagreina síðar (Wiersma, 2000). Hinn ungi íþróttamaður gengur einnig í gegnum örar þroskabreytingar og ekki víst að íþróttagrein sem hann nær góðum árangri í á einum tíma hæfi honum á öðrum tíma. Þeir erfiðleikar sem íþróttamaðurinn kann að upplifa með tímanum í sinni „einu og sönnu íþróttagrein“ geta hrakið hann út úr greininni og út úr íþróttunum (sjá Scanlan og Passer, 1978, 1979; Coakley, 1992). Af þessum ástæðum hafa ýmsir fræðimenn sett fram markmiðið um „fjölbreytta iðkun á ungum aldri“ gegn markmiðinu um „sérhæfingu á ungum aldri“. Rétt er að taka fram að enn er margt óljóst um kosti og galla sérhæfingar á ungum aldri og frekari rannsókna er þörf á þessu sviði, meðal annars með tilliti til ólíkra krafna í einstökum íþróttagreinum. Þó má segja að nýlegar rannsóknaniðurstöður um neikvæðar hliðar sérhæfingar meðal ungra íþróttamanna styðji að ýmsu leyti sjónarmið talsmanna fjölbreyttrar iðkunar á ungum aldri (American Academy of Pediatrics, 2000a).

Ávinningur af þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi

Þrátt fyrir það sem fram hefur komið leiða rannsóknir almennt í ljós jákvæð tengsl milli þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi annars vegar og lifnaðarhátta, líðanar, þreks og heilsu hins vegar. Iðkendurnir reykja síður en aðrir, nota síður ólögleg fíkniefni, neyta hollari fæðu, stunda frekar líkamlega áreynslu og eru í betra líkamlegu formi (Pate, Trost, Levin og Dowda, 2000). Það eru jafnvel vísbendingar um að þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi tengist heilsu og vellíðan sterkari böndum en þátttaka í annarri líkamlegri hreyfingu. Rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar og Þórólfs Þórlindssonar (1992) meðal íslenskra unglinga bar saman íþróttaiðkun með íþróttafélagi, íþróttaiðkun í óformlegum hópum og íþróttaiðkun á einstaklingsgrundvelli. Niðurstöður

þeirra leiddu í ljós að einungis íþróttaiðkun með íþróttafélagi hafði bein öfug tengsl við reykingar, áfengisnotkun, þunglyndi og ýmis konar líkamleg óþægindi.

Þátttaka í skipulegri íþróttastarfsemi kann að stuðla að heilsu og vellíðan með ýmsum hætti. Í skipulögðu íþróttastarfi gefst kostur á að læra og þjálfa íþróttir og hreyfa sig í umhverfi þar sem draga má úr áhættu með eftirliti, vandaðri þjálfun, öryggisreglum, réttum búnaði og góðum tækjakosti (American Academy of Pediatrics, 2001). Íþróttafélög örva hollustuhegðun og letja áhættuhegðun með því að leggja áherslu á líkamlegt form og heilsu sem forsendur góðs árangurs. Skráning í skipulagt íþróttastarf felur í sér þátttöku í samskiptum þar sem tengsl verða til og er viðhaldið (Snyder og Spreitzer, 1983; Vilhjalmsson og Thorlindsson, 1992). Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi beinir hegðun einstaklinga inn á félagslega viðurkenndar brautir og getur dregið úr líkum á frávikshegðun (Pate o.fl., 2000). Gegnum íþróttastarfið læra börn og ungmenni að fylgja formlegum reglum og leysa ágreining eftir óvilhöllum og sanngjörnum leiðum, sem felur um leið í sér gagnlegan undirbúning undir framtíðarhlutverk og samskipti í formlegum stofnunum samfélagsins (Lever, 1978).

Samkvæmt hinni klassísku samheldnikenningu Emile Durkheim ([1897] 1951) byggja formlegir hópar á sameiginlegum hugmyndum, upplifunum og athöfnum. Þátttaka í slíkum hópum fyrirbyggir frávikshegðun, vanvirkni og vanlíðan gegnum félagslegt taumhald (social control) sem setur hegðun einstaklinga skorður, og samhjálp (moral support) þar sem tilfinningum og hugmyndum er deilt og aðstoð veitt þegar vandi steðjar að (bls. 210). Þá er að nefna að íþróttafélög og klúbbar sem setja meðlimum sínum árangursmarkmið eru líklegri til að hvetja til hollustuhegðunar og líta á áhættuhegðun sem ógnun við íþróttamennina og íþróttaliðin. Rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar og Þórólfs Þórlindssonar (1992) benti til að þátttaka í íþróttafélögum tengdist síður neikvæðum lifnaðarháttum og sálrænni og líkamlegri vanlíðan en þátttaka í annarri íþróttaiðkun, og ástæðurnar virtist hægt rekja til meiri iðkunarkrafna (áreynsluiðkunar) og öflugra félagsnets (samheldni) í íþróttafélögunum.

Að stuðla að jafnri og samfelldri íþróttaiðkun og hreyfingu

Margs konar aðgerða er þörf til að auka, viðhalda og jafna íþróttaiðkun og líkamlega hreyfingu í samfélaginu. Leggja þarf aukna áherslu á að laða stúlkur að íþróttastarfinu, huga að leiðum til að fjölga kvenþjálfurum og

kvenstjórnendum og auka framboð íþróttagreina. Bæta þarf aðgengi einstaklinga úr barnmörgum fjölskyldum og lágtekjufölskyldum með niðurgreiðslu eða niðurfellingu þátttökugjalda. Skipulag íþróttastarfsins í heild þarf einnig endurskoðunar við. Grunnskólar ættu að efla íþróttaiðkun með fjölgun skyldutíma með fjölþættum áherslum og auknu vali nemenda á viðfangsefnum. Allir framhaldsskólar ættu einnig að innleiða íþróttakennslu sem fastan hluta af skólastarfinu. Vegna þess hve skólarnir eru aðgengilegir og ná til margra væri rík ástæða til að bjóða upp á íþróttadagskrá utan skólatíma á vegum skólanna. Þá er mikilvægt að skólarnir tengist starfi íþróttafélaganna betur, en dæmi um slíkt samstarf (sem ástæða er til að efla) er rekstur Íþróttaskólans á vegum Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur. Með því móti er möguleiki á að bjóða skólanemendum upp á fjölbreytt og áframhaldandi tækifæri til íþrótta og annarrar líkamlegrar hreyfingar. Íþróttafélögin þurfa einnig að gera sér grein fyrir að hefðbundnar keppnishópíþróttir mæta ekki þörfum allra. Einstaklingar hafa áhuga á íþróttum og líkamlegri hreyfingu af mörgum ástæðum, svo sem til að auka getu á tilteknu sviði, efla líkamlegt form, styrkja tiltekna vöðva, viðhalda tengslum við aðra, eða vegna ánægjunnar af leiknum eða æfingunni (Baranowski o.fl., 1997). Í hverju sveitarfélagi ætti helst að standa til boða fjölbreytt úrval keppnis- og almenningsíþrótta og hreyfingarkosta á einstaklings- eða hópgrundvelli til að gefa sem flestum færi á reglulegri hreyfingu og virkum lífsstíl (American Academy of Pediatrics, 2000b).

Sveitarfélög koma með ýmsu móti við sögu íþrótta og hreyfingar í samfélaginu, svo sem með því að standa að uppbyggingu á íþróttaaðstöðu í grunnskólum og fjölgun íþróttatíma í skólunum, með niðurgreiðslu á þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi og líkamsrækt utan skólanna, með uppbyggingu aðstöðu til hreyfingar á útivistarsvæðum og með samgöngukerfi sem gerir ferðir til og frá íþrótta- og útivistarstöðum auðveldar (Baranowski o.fl., 1997; CFLRI, 2005).

Hvatningarkerfi íþróttanna þarf einnig að endurskoða. Fullorðnir hafa mikil áhrif á allt samhengi íþróttaiðkunar meðal ungs fólks, einkum foreldrar, þjálfarar og stjórnendur íþróttafélaga. Þótt hinir fullorðnu meini vel skapa þeir unga fólkinu ekki endilega aðstæður sem fallnar eru til að viðhalda íþróttaiðkun og hreyfingu frá bernsku til fullorðinsára. Ástæðuna má meðal annars rekja til þess að íþróttastarfið ýtir ekki nægilega undir innri hvatningu til þátttöku. Frá sjónarhóli kenninga um áhugahvötina skiptir máli að uppbygging íþróttastarfsins styðji við sjálfræði, nánd og sjálfbundið mat á getu. Sennilega kreppir skórinn helst þegar kemur að sjálfræði iðkendanna. Miklu getur skipt að leyfa börnum og unglingum að hafa meira að segja um

þær ákvarðanir sem teknar eru í tengslum við æfingar, leiki og keppni, svo sem um val æfinga, eða röð eða þyngdarstig þeirra. Þá ætti að vera unnt að leyfa ungmennum að hafa áhrif á reglurnar og framkvæmd þeirra (til dæmis lengd leikja, stærð valla og innáskiptingar og notkun varamanna í hóp-íþróttum). Þá er einnig ástæða til að gefa gaum að samskiptaþættinum, enda er viðhald tengsla við jafningja og vini mikilvæg ástæða fyrir íþróttaiðkun ungs fólks (Weiss og Petlichkoff, 1989). Börn og unglingar ættu að fá að fylgja félögum og vinum lengur eftir gegnum íþróttirnar en oft er raunin á. Þetta mætti til dæmis gera með því að raða ekki of snemma eða stíft í lið eftir getu, og leyfa þátttakendum að hafa áhrif á val og liðsskiptingu leikmanna. Þá geta tækifæri til samskipta utan vallar aukið enn á nándina og haft hvetjandi áhrif á íþróttaiðkunina. Loks væri ástæða til að stuðla að jákvæðri afstöðu iðkenda til eigin getu í íþróttum. Eins og áður hefur komið fram lækkar oft mat íþróttamanna á getu sinni með aldrinum þegar þeir fara að bera sig saman við aðra í harðnandi samkeppnisumhverfi. Þjálfarar ungra íþrótta-manna ættu að leggja áherslu á að styrkja sjálfbundið mat þeirra á frammistöðu sinni og getu, sem byggir á bættum tökum þeirra á íþróttinni og eigin framförum. Þá benda nýlegar rannsóknaniðurstöður til að sérhæfing íþróttamanna hefjist stundum of snemma og geti haft neikvæðar afleiðingar, meðal annars fyrir áframhaldandi íþróttaiðkun og hreyfingu. Fjölbreytt tækifæri til íþróttaiðkunar á ungum aldri auðvelda þátttakendum að velja og iðka þá grein íþrótta og þá tegund hreyfingar sem best hentar þeim á hverjum tíma. Þar með verður brottfall úr íþróttunum minna og iðkun og hreyfing samfelldari.

Niðurlag

Þegar á heildina er litið virðist sem ýmis ávinningur fylgi þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi. Íþróttaiðkunin fer fram í félagslegu umhverfi sem gefur lífi einstaklinga merkingu og veitir þeim stuðning og aðhald. Þjálfunaráætlanir efla líkamlega færni og þrek iðkenda. Í íþróttastarfinu er mælt með hollustuháttum og gegn áhættuhegðun, meðal annars vegna þeirra árangursmarkmiða í íþróttastarfinu sem í húfi eru. Með þátttöku sinni tengjast iðkendur hver öðrum og mynda félagstengsl. Af öllum þessum ástæðum má halda því fram að útbreiðsla og viðhald íþróttaiðkunar í skipulögðu íþróttastarfi ætti að vera hluti af aðgerðum samfélagsins til eflingar lýðheilsu. Almenn, jöfn og viðvarandi þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi krefst stjórnvaldsaðgerða sem felast meðal annars í eflingu

skólaíþrótta og fjárhagslegu og landfræðilegu aðgengi að íþróttastarfi utan skólanna. Þá benda rannsóknir til að starfsemi íþróttafélaga þurfi að endurskoða með það fyrir augum að auka áherslu á fjölbreytni og jafna tækifæri til æfinga, þjálfunar, leikja og keppni. Loks virðist ástæða til að endurskoða hvatningarkerfi í skipulögðu íþróttastarfi með eflingu innri hvatningar iðkendanna. Slík endurskoðun ætti að beinast að mótunaraðilum, einkum foreldrum og þjálfurum, sem geta haft mikil áhrif á sjálfræði iðkenda, tengsl þeirra við aðra, og mat þeirra á eigin árangri og getu.

Heimildir

American Academy of Pediatrics (2000a). Intensive training and sports specialization in young athletes. *Pediatrics, 106,* 154-157.

American Academy of Pediatrics (2000b). Physical fitness and activity in schools. *Pediatrics, 105,* 1156-1157.

American Academy of Pediatrics (2001). Organized sports for children and preadolescents. *Pediatrics, 107,* 1459-1462.

Baker, J. (2003). Early specialization in youth sport: A requirement for adult expertise? *High Ability Studies, 14,* 85-94.

Bandura, A. (1986). *Social foundations of thought and action: A social cognitive theory.* Englewood Cliffs, NJ: Prentice Hall.

Baranowski, T., Bar-Or, O., Blair, S., Corbin, C., Dowda M. ofl. (1997). Guidelines for school and community programs to promote lifelong physical activity among young people. *Morbidity and Mortality Weekly Report (MMWR), 46 (RR-6),* 1-36.

Brodkin, P. og Weiss, M. R. (1990). Developmental differences in motivation for participating in competitive swimming. *Journal of Sport and Exercise Psychology, 12,* 248-263.

Bryson, L. (1987). Sport and the maintenance of masculine hegemony. *Women's Studies International Forum, 10,* 349-360.

CFLRI (Canadian Fitness and Lifestyle Research Institute) (2005). *2004 physical activity monitor.* Sótt 27. ágúst, 2006 á slóðinni: http://www.cflri.ca/cflri/resources/pub.php

Coakley, J. (1992). Burnout among adolescent athletes: A personal failure or social problem? *Sociology of Sport Journal, 9,* 271-285.

Coakley, J. (1998). *Sport in society: Issues and controversies* (6. útg.). Boston: McGraw-Hill.

Coakley, J. og White, A. (1992). Making decisions: Gender and sport participation among British adolescents. *Sociology of Sport Journal, 9,* 20-35.

Deci, E. L. og Ryan, R. M. (1985). *Intrinsic motivation and self-determination in human behavior*. New York: Plenum.

Deci, E. L. og Ryan, R. M. (1991). A motivational approach to self: Integration in personality. Í R. A. Dientsbier (Ritstj.), *Nebraska Symposium on Motivation: Perspectives on motivation* (38. bindi, bls. 237-288). Lincoln, NE: University of Nebraska.

Delaney, W. og Lee, C. (1995). Self esteem and sex roles among male and female high school students: Their relationship to physical activity. *Australian Psychologist, 30,* 84-87.

Duke, J., Huhman, M. og Heitzler, C. (2003). Physical activity levels among children aged 9-13 years: United States, 2002. *Morbidity and Mortality Weekly Report (MMWR), 52* (33), 785-788.

Durkheim, E. ([1897] 1951). *Suicide*. New York: Free Press.

Eder, D. og Parker, S. (1987). The cultural production and reproduction of gender: The effects of extracurricular activities on peer-group culture. *Sociology of Education, 60,* 200-213.

Gould, D. Feltz, D., Horn, T. og Weiss, M., (1982). Reasons for attrition in competitive youth swimming. *Journal of Sport Behavior, 5,* 155-165.

Leonard, W. M. (1993). *A sociological perspective of sport*. (4. bindi). New York: Macmillan.

Lever, J. (1978). Sex differences in the complexity of children's play and games. *American Sociological Review, 43,* 471-83.

Merton, R. K. (1957). *Social theory and social structure*. Glencoe, IL: Free Press.

Nicholls, J. (1984). Achievement motivation: Conceptions of ability, subjective experience, task choice, and performance. *Psychological Review, 91,* 328-346.

Pate, R. R., Trost, S. G., Levin, S. og Dowda, M. (2000). Sports participation and health-related behaviors among US youth. *Archives of Pediatric and Adolescent Medicine*, *154,* 904-911.

Pelletier, L. G., Fortier, M. S., Vallerand, R. J. og Briere, N. M. (2001). Associations among perceived autonomy support, forms of self-regulation, and persistence: A prospective study. *Motivation and Emotion, 25,* 279-306.

Ryan, R. M. og Deci, E. L. (2000). Self-determination and the facilitation of intrinsic motivation, social development, and well-being. *American Psychologist*, *55,* 68-78.

Scanlan, T. K. og Passer, M. W. (1978). Factors related to competitive stress among male youth sports participants. *Medicine and Science in Sports, 10,* 103-108.

Scanlan, T. K. og Passer, M. W. (1979). Sources of competitive stress in young female athletes. *Journal of Sport Psychology*, *1,* 151-159.

Snyder, E. og Spreitzer, E. (1983). *Social aspects of sport.* Englewood Cliffs, NJ: Prentice-Hall.

Ullrich-French, S. og Smith, A. L. (2006). Perceptions of relationships with parents and peers in youth sport: Independent and combined prediction of motivational outcomes. *Psychology of Sport and Exercise, 7,* 193-214.

Vilhjalmsson, R. og Kristjansdottir, G. (2003). Gender differences in physical activity in older children and adolescents: The central role of organized sport. *Social Science and Medicine, 56,* 363-374.

Vilhjalmsson, R. og Thorlindsson, T. (1992). The integrative and physiological effects of sport participation: A study of adolescents. *The Sociological Quarterly, 33,* 637-647.

Vilhjalmsson, R. og Thorlindsson, T. (1998). Factors related to physical activity: A study of adolescents. *Social Science and Medicine, 47,* 665-675.

Wang, C. K. J. og Biddle, S. J. H. (2001). Young people's motivational profiles in physical activity: A cluster analysis. *Journal of Sport and Exercise Psychology, 23,* 1-22.

Wieting, S. G. og Civettini, N. H. W. (2006). *How sport preserves cultural memory in performance and autobiography: Elite women gymnasts in China, Romania, Russia, and the US*. Erindi flutt á 23. ráðstefnu norrænna félagsfræðinga í Åbo, Finnlandi, 18.-20. ágúst 2006.

Breytt tekjuskipting Íslendinga
Greining á þróun fjölskyldutekna 1996 til 2004

Stefán Ólafsson

Fram hefur komið að undanförnu að tekjur Íslendinga hafa orðið mun ójafnari á síðustu tíu árum en áður var. Þessa þróun má sjá á mynd 1. Ójöfnuðurinn er mældur með svokölluðum Gini ójafnaðarstuðli. Því hærri sem stuðullinn er þeim mun ójafnari er tekjuskiptingin. Árið 1993 var Gini ójafnaðarstuðullinn 0,21 fyrir hjón og sambúðarfólk en hafði hækkað í 0,36 árið 2005, samkvæmt gögnum Ríkisskattstjóra. Stuðullinn fyrir einhleypa var 0,34 og hafði hækkað á sama tíma í 0,40. Tiltölulega lítil hækkun Gini ójafnaðarstuðulsins endurspeglar talsverða aukningu ójafnaðar. Í þessum tölum á myndinni er miðað við ráðstöfunartekjum fjölskyldna, þ.e. allar tekjur ásamt barna- og vaxtabótum, að frádregnum beinum sköttum (tekju- og eignasköttum öllum), en það er venjulega gert þegar ójöfnuður í tekjuskiptingu er mældur.

Meiri ójöfnuður hefur verið meðal einhleypra en hjóna og sambúðarfólks, eins og sjá má á myndinni. Þar gætir m.a. þess að í hópi einhleypra er að stórum hluta ungt skólafólk er býr í foreldrahúsum og sem einungis hefur tekjur af hlutastörfum. Einnig eru þar allmargar aldraðar ekkjur sem oft hafa lágar tekjur. Það er því eðlilega meiri breidd í tekjum einhleypra en samskattaðra. Hraðinn í aukningu ójafnaðarins er hins vegar meiri hjá hjónum og sambúðarfólki og vekur það óneitanlega athygli. Aukningin þar er afar mikil ef miðað er við algenga þróun tekjuskiptingar á Vesturlöndum á síðustu áratugum (Atkinson, Rainwater og Smeeding, 1995; Atkinson, 2002; Förster og d´Ercole, 2005; Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005, kafli 9).



Mynd 1. Ójöfnuður í dreifingu tekna á Íslandi 1993 til 2005: Gini-ójafnaðarstuðlar. Einhleypir og samskattaðir.

Ýmis önnur íslensk gögn sem fram hafa komið á síðustu árum hafa bent til sömu áttar. Dæmi um það er skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, *Tekjuskipting á Íslandi* (Ásgeir Jónsson o.fl., 2001). Hún sýndi að tekjuskiptingin hafði verið að jafnast rólega til 1994 en tók að verða ójafnari, ár frá ári, eftir þann tíma. Gögn frá fjármálaráðuneytinu sem lögð voru fram á Alþingi sýndu sömu langtímaþróun heildartekna fjölskyldna frá 1994, bæði með og án fjármagnstekna. Þá höfðu árleg gögn frá Hagstofu Íslands bent ótvírætt til sömu áttar (Landshagsskýrslur, ýmis ár), auk niðurstaðna rannsókna á íslenska velferðarríkinu (Stefán Ólafsson, 1999; Karl Sigurðsson og Stefán Ólafsson, 2000). Eldri gögn frá Þjóðhagsstofnun höfðu almennt sýnt frekar litlar breytingar á tekjuskiptingunni frá 1980 til 1995 (sjá Tekjur, eignir og dreifing þeirra, 1993 til 2000 og Ásgeir Jónsson o.fl., 2001, bls. 54).

Ofangreind aukning á ójöfnuði tekna á Íslandi er athyglisverð og kallar á frekari greiningu þess sem að baki býr. Í þessari grein verður sérstaklega reynt að varpa ljósi á þróun fjölskyldutekna hjóna- og sambúðarfólks á tímabilinu 1996 til 2004 og sýnt hvernig þeir ólíku þættir tekna sem mynda heildartekjur og ráðstöfunartekjur fjölskyldna hafa þróast á tímabilinu hjá fólki í ólíkum tekjuhópum. Þannig má greina hvaða þættir hafa tengst auknum ójöfnuði og hverjir hafa gengið til meiri jafnaðar. Með þeirri aðferð sem hér er beitt má sjá með nokkuð skýrum hætti hvernig tekjuskiptingin hefur breyst, þ.e. hvaða öfl eru að baki og hvernig þau hafa virkað á ólíkum

stigum tekjuskiptingarinnar. Þetta er mikilvægt að greina svo réttar ályktanir verði dregnar af heildarþróuninni sem sýnd er á mynd 1.

Við skoðum hér fyrst þróun atvinnutekna launafólks, síðan lífeyristekjur frá almannatryggingum og frá lífeyrissjóðum, þá barna- og vaxtabætur og loks heildartekjur fjölskyldna (þ.e. allar tekjur samanlagðar: atvinnutekjur, lífeyristekjur, fjármagnstekjur o.fl.). Að því loknu verður sýnt hvernig skattgreiðslur hafa þróast hjá ólíkum tekjuhópum og að endingu skoðum við þróun ráðstöfunartekna, en þær skipta fjölskyldurnar auðvitað mestu máli og endurspegla niðurstöður flestra þeirra þátta sem orka á afkomu fólks.

Tímabilið 1996 til 2004 er valið vegna þess að samræmd úrvinnsla Hagstofu Íslands úr skattframtölum, sem byggt er á, liggur aðeins fyrir í birtum gögnum fyrir þetta tímabil.[1] Að vissu leyti hefði verið æskilegra að miða við 1994 sem byrjunarár, þar eð þá varð umsnúningurinn í þróun tekjuskiptingarinnar, eins og að ofan greindi, og þá hófst einnig almenn uppsveifla í efnahagslífinu og ný ríkisstjórn tók við völdum á árinu 1995. Hér verður þó miðað við tímabilið frá 1996 til að fá meira samræmi í greiningu gagna um ólíka þætti tekjuskiptingarinnar, enda breytir þetta upphafsár litlu varðandi heildarmynstur niðurstaðna í samanburði við það að byrja 1994. Það hefur verið sannreynt fyrir þá þætti sem bera má saman fyrir allt tímabilið 1994 til 2004.

Greiningin er í öllum tilvikum sett fram á þann hátt að sýnt er hvernig þróun ofangreindra þátta hefur verið hjá tíu jafn stórum tekjuhópum hjóna og sambúðarfólksins í landinu. Það er gert með því að skipta öllum fjölskyldum upp í tekjuhópa, frá tekjulægstu 10% fjölskyldna til tekjuhæstu 10% fjölskyldnanna. Þannig má sjá hvernig þróun einstakra þátta hefur snert lágtekjufólk, meðaltekjufólk og hátekjufólk oft með ólíkum hætti. Með þessari aðferð má með skýrum hætti sjá hvernig ólíkir þættir leggja misjafnlega til jöfnunar- eða ójöfnunaráhrifa á endanlega tekjuskiptinguna, ráðstöfunartekjurnar sem skipta almenning mestu máli, því það er niðurstaðan sem ræður lífskjörum fjölskyldna í landinu.

---

[1] Gögnin eru birt í Landshagsskýrslum Hagstofu Íslands frá 1997 til 2005. Áður og allt til ársins 2000 birti Þjóðhagsstofnun úrvinnslu úr skattframtölum sem sýndi þróun nokkurra ólíkra þátta tekjuskiptingarinna (sjá útgáfur Þjóðhagsstofnunar „Tekjur, eignir og dreifing þeirra“ fyrir árin 1993 til 2001). Í megindráttur eru hér bornar saman niðurstöður Hagstofunnar fyrir þessi tvö ár, 1996 og 2004, og reiknaður vöxtur viðkomandi liða í %, miðað við verðlag hvors árs (þ.e. ekki er leiðrétt fyrir verðbólgu, enda ekki þörf á því fyrir þess konar greiningu þar sem samanburður milli tveggja tímapunkta er gerður eins í öllum tilvikum. Þannig má skoða stærð breytinga einstakra liða með beinum samanburði þáttanna innbyrðis.).

Þróun einstakra tekjuliða 1996 til 2004

Þróun atvinnutekna

Í töflu 1 er sýnt hvernig atvinnutekjur hafa breyst (á verðlagi hvers árs) frá 1996 til 2004. Fyrsta línan í töflunni sýnir að atvinnutekjur fólks sem var í hópi þess tíunda hluta fjölskyldna á Íslandi sem höfðu lægstu tekjurnar voru 516 þúsund krónur á árinu en höfðu vaxið í 718 þúsund krónur árið 2004. Þetta er aukning um 39,2%. Næsta lína sýnir hversu háar atvinnutekjur næstu 10% fjölskyldna voru að jafnaði, eða 896 þús. kr. og höfðu þær hækkað um 50,8% árið 2004. Þannig er farið upp tekjustigann með hverri línu. Meðaltekjufjölskyldur eru í hópum V og VI og hæstu tekjurnar eru í hópi X.

Taflan sýnir með skýrum hætti að atvinnutekjur lægstu 3ja tekjuhópanna jukust minnst, síðan koma hópar IV til IX sem eru með svipaða aukningu atvinnutekna, eða á bilinu 90-96% og loks varð mest aukning á atvinnutekjum þeirra 10% fjölskyldna sem höfðu hæstu heildartekjurnar, en hækkun hjá þeim var 105,9% á tímabilinu. Meðalhækkunin var 92,9%. Meginniðurstaða þessarar töflu er sú, að lægstu 20-30% fjölskyldna hafi dregist afturúr öðrum hópum og að auki hafi efstu 10% siglt framúr öðrum hópum í öflun atvinnutekna. Heildarójöfnuður í skiptingu atvinnutekna hefur því aukist aðeins, eða úr 0,32 á Gini-mælikvarðann í 0,35, eins og sýnt er í neðstu línu töflunnar. Þetta telst þó ekki mjög mikil aukning ójafnaðar, á heildina litið.

Tafla 1. Þróun atvinnutekna. Meðaltekjur í tekjutíundarhópum og vöxtur frá 1996 til 2004.

Tekjuhópar (tíundir - deciles):	Atvinnutekjur 1996 Þús. kr.	Atvinnutekjur 2004 Þús. kr.	Vöxtur í %
I - Lægstu 10%	516	718	39,2
II	896	1.352	50,8
III	1.463	2.719	85,9
IV	1.982	3.772	90,3
V	2.368	4.532	91,4
VI	2.728	5.308	94,6
VII	3.147	6.044	92,1
VIII	3.635	6.988	92,2
IX	4.225	8.266	95,6
X - Hæstu 10%	5.677	11.691	105,9
Meðaltal	2.664	5.139	92,9
Ójöfnuður	Gini 0,32	Gini 0,35	9,4%

Gögn Þjóðhagsstofnunar um ójöfnuð í skiptingu atvinnutekna fyrir alla framteljendur á aldrinum 25-65 ára frá 1988 til 2000 sýndu að dreifing atvinnutekna hafði ekki breyst mikið á tímabilinu 1988 til 2000 og heldur jafnast á seinni hluta tímabilsins. Niðurstöður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (Ásgeir Jónsson o.fl., 2001) sýndi hins vegar aukningu á ójöfnuði atvinnutekna frá 1988 til 2000. Ástæða fyrir mismunandi útkomu Þjóðhagsstofnunar og Hagfræðistofnunar er líklega ólík hugtök atvinnutekna. Þjóðhagsstofnun miða að mestu við atvinnutekjur launþega en Hagfræðistofnun leggur saman atvinnutekjur launþega og launatekjur frá sjálfstæðum atvinnurekstri. Niðurstaða Hagfræðistofnunar er í samræmi við niðurstöðurnar í töflu 1 hér að ofan. Annars vegar getur hér gætt aukinnar samkeppni frá ódýru innfluttu vinnuafli í neðri enda tekjuskiptingarinnar og breyttrar atvinnuþátttöku hlutavinnufólks og hins vegar kann að gæta umframhækkunar stjórnendalauna í efri endanum.

Á heildina litið má því segja að aukinn ójöfnuð í tekjuskiptingu Íslendinga virðist ekki nema að litlu leyti mega rekja til aukins ójafnaðar í atvinnutekjum á vinnumarkaði. Þar hefur launastiginn að mestu leyti haldist svipaður á tímabilinu (sjá einnig um það í tímaritinu Vísbendingu, sumarið 2006).

II.2. Þróun samanlagðra lífeyrisgreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða

Í töflu 2 eru sýndar allar lífeyrisgreiðslur frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum samanlagðar, sem og vöxtur þeirra á tímabilinu. Lífeyrir almannatrygginga jafnar tekjur mikið en ekki lífeyrir frá lífeyrissjóðunum. Í töflunni kemur í ljós hvernig þessir tveir þættir lífeyriskerfisins koma út saman, en ljóst er að hækkun lífeyris úr lífeyrissjóðunum skerðir lífeyri viðkomandi frá almannatryggingum. Þess vegna er gagnlegra að skoða þessar greiðslur saman og sjá hvernig þær dreifast á tekjuhópana.

Jöfnunaráhrif allra lífeyrisgreiðslna eru umtalsverð (einkum vegna almannatryggginganna), enda fara tæp 64% greiðslnanna til fjölskyldna í þremur lægstu tekjuhópunum. Þessi jöfnunaráhrif hafa hins vegar farið minnkandi eins og sjá má á tölunum í dálki 4. Þar kemur fram að minnstur vöxtur lífeyrisgreiðslna hafi verið hjá fólki í tekjuhópum I og III, síðan II og VI. Mesti vöxturinn var hins vegar í hópum VII og VIII sem eru ofan við meðaltekjuhópinn. Áhrif breytinganna á tímabilinu hafa því heldur verið í átt lítillega minnkandi jöfnunaráhrifa af lífeyrisgreiðslum á tekjuskiptinguna.

Tafla 2. Þróun allra lífeyrisgreiðslna samanlagðar: almannatryggingar og lífeyrissjóðir (töflur 2 og 3 samanlagðar). Meðallífeyristekjur í tekjutíundarhópum og vöxtur frá 1996 til 2004.

Tekjuhópar – tíundir (deciles):	Allar lífeyristekjur 1996	Allar lífeyristekjur 2004	Vöxtur í %
I - Lægstu 10%	517	1132	119
II	607	1432	136
III	355	778	119
IV	187	447	140
V	137	358	161
VI	108	257	137
VII	84	245	190
VIII	60	185	208
IX	64	167	162
X - Hæstu 10%	90	229	155
Meðaltal	221	523	137

Þróun barna- og vaxtabóta

Barnabætur og vaxtabætur vegna húsnæðiskostnaðar skipta talsverðu máli fyrir fjölskyldur. Tafla 3 sýnir þróun þeirra greiðslna á tímabilinu.

Þessar bætur eru mun minni upphæðir á ári en aðrir þeir liðir sem hér er fjallað um. Á verðlagi hvers árs er engin breyting á meðalupphæð bótagreiðslnanna sem þýðir að þær hafa lækkað umtalsvert að raungildi. Það endurspeglar m.a. langtímaþróun barnabóta sem hafa farið úr því að vera um 1,2% af vergri landsframleiðslu árið 1990 í rúmlega 0,6% árið 2004 (Guðný B. Eydal og Stefán Ólafsson, 2006). Bæturnar samanlagðar koma með mestum þunga í III. til V. tekjuhóp árið 2004, síðan í I. og II. tekjuhóp.

Frá III. tekjuhópi eru bæturnar mjög lækkandi eftir því sem ofar kemur í tekjustiganum. Að auki hafa upphæðir bótanna breyst á þann hátt að vöxtur var mestur í III. hópi og síðan stiglækkandi upp í efsta hóp. Upphæðir lægstu tveggja tekjuhópanna hafa hins vegar staðið í stað.

Almennt hafa barna- og vaxtabætur talsverð jöfnunaráhrif á tekjudreifinguna, sérstaklega barnabæturnar. En um leið og dreifing bótanna hefur beinst meira til jöfnunar með aukinni tekjutengingu á síðustu árum hefur vægi þeirra þó minnkað með raunlækkun upphæða um leið og aðrar tekjur hafa hækkað. Þessi áhrif má sjá á töflu 6, þar sem sýnt er mikilvægi

bótaflokkanna í hlutfalli við heildartekjur í tekjuhópunum tíu (*Landshagir,* 1997 og 2005).

Tafla 3. Þróun barna- og vaxtabóta. Meðalupphæð í tekjutíundarhópum og vöxtur frá 1996 til 2004.

Tekjuhópar – tíundir (deciles):	Barna-og vaxtabætur 1996	Barna- og vaxtabætur 2004	Vöxtur í %
I – Lægstu 10%	98.100	98.000	-0,1
II	102.600	103.000	0,4
III	116.300	142.000	22,1
IV	112.800	135.000	19,7
V	99.200	115.000	15,9
VI	85.200	91.000	6,8
VII	82.300	76.000	-7,7
VIII	79.100	63.000	-20,4
IX	73.900	50.000	-32,3
X – Hæstu 10%	55.300	24.000	-56,6
Meðaltal	90.500	90.000	-0,6

Í töflu 4 má sjá að barna- og vaxtabætur sem hlutfall af heildartekjum fjölskyldna í lægsta tekjuhópnum fóru úr 9,3% árið 1996 í 5,0% árið 2004, þ.e. lækkun um sem nemur 4,3 %-stigum af heildartekjum. Í öðrum hópi er lækkun úr 6,7% í 3,5%, eða um 3,2%-stig. Þetta er umtalsverð minnkun í þessum hópum lágtekjufólks. Í mið og efri hópunum hafa bæturnar einnig dregist saman en þar vega þessar greiðslur eðlilega minna í heildartekjum fjölskyldna.

Á heildina litið virðist því sem saman hafi farið markvissari lágtekjumiðun barna- og vaxtabóta samhliða almennri rýrnun barnabótanna séstaklega. Erfitt er að meta heildaráhrif þessarar þróunar, en á heildina litið ætti hún frekar að hafa aukið jöfnunaráhrif barna- og vaxtabóta á tekjuskiptinguna. Rýrnun barnabótanna hefur þó vegið nokkuð gegn þessum jöfnunaráhrifum.

Þróun heildartekna fyrir skatta

Þá er komið að því að skoða samandregin áhrif allra helstu tekjuliðanna, eins og þeir mælast í tekjuhugtakinu „heildartekjur". Þar eru lagðar saman atvinnutekjur, allar lífeyristekjur, fjármagnstekjur (vaxtatekjur, arður af hlutabréfum, tekjur af sölu hlutabréfa o.fl.), bætur ýmis konar og hreinar

tekjur af atvinnurekstri. Þegar frá þessu hafa verið dregnar skattgreiðslur standa eftir ráðstöfunartekjur fjölskyldnanna.

Tafla 4. Mikilvægi barna- og vaxtabóta: Hlutdeild af heildartekjum.

	Hlutdeild barna- og vaxtabóta af heildartekjum (%)	
Tekjuhópar – tíundir (deciles):	1996	2004
I - Lægstu 10%	9,3	5,0
II	6,7	3,5
III	6,2	3,8
IV	5,0	3,0
V	3,8	2,3
VI	2,9	1,6
VII	2,5	1,2
VIII	2,1	0,8
IX	1,6	0,6
X - Hæstu 10%	0,8	0,2
Meðaltal	3,0	1,5

Tölurnar í töflu 5 sýna þróun heildartekna frá 1996 til 2004, eins og í öðrum tilvikum hér að framan. Einnig eru reiknaðir Gini-ójafnaðarstuðlar fyrir tekjudreifinguna neðst í töflunni og sýnd breyting ójafnaðarins á tímabilinu. Megin mynstur tekjuþróunarinnar, þegar litið er til heildartekna, er að lágtekjuhóparnir tveir (hópar I og II) hafa fengið minni hækkun tekna á tímabilinu en fjölskyldur í öðrum hópum. Frá hópi III til IX er breytingin svipuð, eða á bilinu 96-98% (á verðlagi hvers árs, þ.e. ekki er leiðrétt fyrir verðlagsbreytingum). Loks er efsti hópurinn með mesta hækkun heildartekna, eða um 117%. Þetta mynstur er í ágætu samræmi við sambærilega niðurstöðu fyrir tímabilið 1995 til 2004, sem og fyrir 1994-2004 (sjá greinar á heimasíðunni www.hi.is/~olafsson).

Meðalfjölskyldutekjur í lægsta tíundarhópnum voru árið 2004 um 1.961.000 eða um 163.000 á mánuði, sem eru rúmlega 80.000 krónur á hvort hjóna/sambúðarfólks. Í efsta tíundarhópnum voru árstekjurnar rúmar 14 milljónir króna, eða um 1,2 milljónir á mánuði (tæpar 600 þúsund á hvort hjóna/sambúðarfólks).

Tafla 5. Þróun heildartekna fjölskyldna 1996 til 2004. Atvinnutekjur, lífeyristekjur, fjármagnstekjur og bætur samanlagðar. Meðaltekjur í tekjutíundarhópum og vöxtur frá 1996 til 2004.

Tekjuhópar – tíundir (deciles):	Heildartekjur 1996	Heildartekjur 2004	Vöxtur %
I - Lægstu 10%	1051	1961	86,6
II	1537	2926	90,4
III	1888	3694	95,7
IV	2244	4428	97,3
V	2583	5104	97,6
VI	2931	5778	97,1
VII	3328	6534	96,3
VIII	3804	7448	95,8
IX	4488	8822	96,6
X - Hæstu 10%	6524	14151	116,9
Meðaltal	3038	6085	100,3
Gini stuðlar	0,277	0,296	6,9%
Munur efsta og neðsta hóps (90/10 bil)	6,2	7,2	16,1%

Aukning ójafnaðar er í töflunni mæld á tvo vegu, með Gini-stuðlum og með bilinu milli efsta og neðsta tíundarhóps (90/10 bil). Í báðum tilvikum er um hóflega aukningu á ójöfnuði fyrir skatta að ræða. Aukningin er 6,9% miðað við Gini ójafnaðarmælingarnar, en 16,1% miðað við bilin milli efstu og neðstu hópanna. Þarna eru saman komin ójafnaðaráhrif og jafnaðaráhrif af öllum þeim tekjuliðum sem sýndir voru hér að framan. Ofangreind aukning ójafnaðar fyrir skatta er því nettó útkoman.

Næst skoðum við áhrif beinna skatta (tekju- og eignaskatta) á tekju skiptinguna á þessu tímabili.

Þróun skattheimtu í ólíkum tekjuhópum

Í töflu 6 eru sýndar niðurstöður skattaálagningarinnar á viðkomandi árum, þ.e. hversu mikið fólk í viðkomandi tekjuhópum greiddi í skatta, í krónum talið. Þetta er það sem á ensku er kallað "effective tax rate" og ræðst hann af samspili álagningar og frádráttarliða (skattleysismarka og annarra frádrátta). Hann mælir hina raunverulegu skattbyrði þegar skattarnir eru reiknaðir sem hlutfall heildartekna fjölskyldna. Einnig er eins og áður sýndur vöxtur þessarra greiðslna í dálki 4.

Tafla 6. Þróun skattheimtu í ólíkum tekjuhópum. Upphæðir beinna skatta (tekju- og eignaskatta fjölskyldna). Meðalupphæð í tekjutíundarhópum og vöxtur frá 1996 til 2004.

Tekjuhópar – tíundir (deciles):	Skattar 1996	Skattar 2004	Vöxtur í %
I - Lægstu 10%	9.900	163.000	1546,5
II	90.300	454.000	402,8
III	231.600	711.000	207,0
IV	372.900	963.000	158,2
V	512.900	1.198.000	133,6
VI	652.600	1.432.000	119,4
VII	813.900	1.698.000	108,6
VIII	1.006.700	2.014.000	100,1
IX	1.289.400	2.505.000	94,3
X - Hæstu 10%	2.232.400	4.159.000	86,3
Meðaltal	721.300	1.530.000	112,1

Hér má sjá í neðstu línunni að skattgreiðslur hafa að meðaltali aukist meira en heildartekjurnar í töflu 5 (112% aukning skatta að meðaltali á móti meðalaukningu heildartekna um 100%, á verðlagi hvers árs). Það bendir nokkurrar aukningar á meðalskattbyrði. Þegar þróunin er hins vegar skoðuð eftir ólíkum tekjuhópum kemur afar misjöfn útkoma. Aukning skattgreiðslna er langmest í lægsta tekjuhópnum, rúm 1.546% og fer aukningin síðan stórlækkandi eftir því sem ofar dregur í tekjustiganum. Í öðrum hópi jókst skattheimtan um 402% (rúmlega fjórfalt) og svo stig af stigi niður í 86% í efsta tekjuhópnum þar sem hún var minnst. Höfundur hefur áður sýnt slíka þróun skattbyrðar sem hlutfalls af heildartekjum og kom þar fram að skattbyrðin jókst hlutfallslega mest í tekjulægstu hópunum og í efsta tíundarhópnum einum lækkaði skattbyrðin (sjá greinina „Stóra skatta-lækkunarbrellan“ á www.hi.is/~olafsson).

Ljóst er af þessum tölum að fólk sem var í lægsta tekjuhópnum árið 1996 greiddi þá mjög litla skatta (um 0,9% af heildartekjum) en árið 2004 var skattbyrði þess komin í um 8,3% heildartekna, eða ígildi einna mánaðartekna. Það er mikil breyting á alla mælikvarða, eins og tölurnar í töflunni hér sýna. Þessi þróun er afleiðing af rýrnun skattleysismarkanna. Stjórnvöld lækkuðu álagningu tekjuskatts (staðgreiðslu) úr 41,93% 1996 í 38,55% árið 2004. Það hefði átt að lækka skattbyrðina ef allt annað hefði verið óbreytt. Skattleysis-mörkin voru hins vegar á tímabilinu ekki látin fylgja launaþróuninni (launa-

vísitölu) og af þeim sökum breyttist skattakerfið þannig fólk byrjaði fyrr að greiða skatt en áður og greiddi þar með skatt af stærri hluta tekna sinna en verið hafði.

Skattstofninn var þannig breikkaður og í því fólst aukna skattbyrðin, sem var mun meiri að vöxtum en sú lækkun skattbyrðar sem varð vegna lækkaðs álagningarhlutfalls. Stjórnvöld lækkuðu þannig skatta með annarri hendi en hækkuðu þá með hinni og hækkunin var mun stærri en lækkunin. Nettó-útkoman var aukin skattbyrði hjá um 90% fjölskyldna í landinu, mest hjá þeim sem höfðu lægri tekjur (Stefán Ólafsson, 2006). Fólk sem var með tekjur undir skattleysismörkum fór stig af stigi að greiða skatta. Aðrir greiddu skatt af stækkandi hluta tekna sinna. Slík framkvæmd er þekkt á ensku undir heitinu "fiscal drag" og eru þekkt áhrif hennar þau, að auka í senn skattbyrði og gera tekjuskiptinguna ójafnari.[2] Tekjuskiptingin verður ójafnari vegna þess að skattbyrði lágtekjuhópanna eykst lang mest, eins og sjá má á töflunni hér að framan. Skattheimtan hefur því augljóslega haft mikil áhrif á tekju-skiptinguna á þessu tímabili, auk þess sem heildarskattheimtan jókst einnig gríðarlega, hvort sem það er mælt í hlutfalli heildarskatttekna af vergri lands-framleiðslu (OECD 2005a), í hlutfalli tekjuskatta af vergri landsframleiðslu, eða í hlutfalli skatta af heildartekjum einstakra þjóðfélagshópa (OECD 2005 b).

Í þessum breytingum á skattheimtukerfinu liggja því afar mikil áhrif á tekjuskiptinguna, til aukins ójafnaðar. Í næsta hluta má sjá vísbendingar um áhrif skattaþróunarinnar einnar á aukningu ójafnaðarins, með samanburði gagna í töflu 7 við gögnin í töflu 5.

Niðurstaða: Þróun ráðstöfunartekna

Það sem vekur strax athygli við þróun ráðstöfunarteknanna (tafla 7), eftir skattheimtu, er að mynstrið á aukningu tekna frá 1996 til 2004 er talsvert frábrugðið því sem var í töflu 5, þ.e. á vexti heildartekna fyrir skattheimtu. Hér er beinn stígandi í aukningu ráðstöfunartekna, frá lægri tekjuhópum til hærri. Í vexti heildartekna gætti minni aukningar í tveimur neðstu hópunum

---

[2] Sjá til dæmis viðvaranir gegn lúmskum áhrifum af rýrnun skattleysismarka í grein Stephen Moore á vefsvæði Cato Institute (http://www.cato.org/dailys/02-22-99.html), sem er áróðursstofnun róttækra hægri manna í Bandaríkjunum. Þar er fjallað um hvernig skattbyrði í Bandaríkjunum jókst „í leyni" vegna "fiscal drags" á tilteknu árabili. Sjá um þetta einnig í grein Hervig Immervol (2000), "Fiscal Drag – An Automatic Stabilizer? á vefsvæðinu http://ideas.repec.org/p/cam/camdae/0025.html. Rýrnun skattleysismarka er þekkt sem eins konar leynivopn ósvífinna fjármálaráðherra sem lauma skattahækkunum aftan að fólki, jafnvel um leið og þeir segjast vera að lækka skatta með lækkun álagningar-prósentu. Þetta er einmitt það sem gerðist ótæpilega á Íslandi á síðustu 10-12 árum.

og meiri aukningar í efsta hópnum. Hér er jafn stígandi í aukningu ráðstöfunartekna alla leið upp tekjustigann. Með öðrum orðum, eftir að áhrifa skattheimtunnar gætir verður meiri gliðnun í mun milli tekjuhópa. Ráðstöfunartekjur fólks í lægsta tíundarhópnum jukust um 66,4% (á verðlagi hvers árs, sem er ígildi nærri 30% aukningar kaupmáttar á föstu verði) á tímabilinu. Tekjurnar í efsta tíundarhópnum jukust hins vegar ríflega tvöfalt örar, eða um 130%.

Með beinum samanburði á mynstrunum á aukningu tekna frá 1996 til 2004 í töflu 5 og töflu 7 má þannig greina áhrif skattheimtunnar á aukningu ójafnaðarins. Önnur leið til að leggja mat á þessi áhrif er sú að bera saman mælingar á umfangi ójafnar fyrir og eftir skatta.

Ef við skoðum fyrst Gini-stuðlana þá sýndu tölurnar í töflu 5 að aukning ójafnaðar í heildartekjum fyrir skatta var 6,9% en hér í töflu 7 má sjá að aukning ójafnaðar eftir skatta var 24,4%, eða ríflega þrisvar sinnum meiri en var fyrir skatta. Þetta er vísbending um að aukning ójafnaðar vegna þróunar skattheimtunnar hafi verið talsvert áhrifameiri en aðrir þættir sem stuðluðu að auknum ójöfnuði, svo sem aukning fjármagnstekna fyrir skatt eða aukinn ójöfnuður atvinnutekna.

Gini-stuðlarnir eru algengustu mælingarnar sem notaðar eru á Vesturlöndum til að meta ójöfnuð í tekjuskiptingu á heildrænan hátt. Það er því ástæða til að byggja mikið á þeim. Hins vegar er einnig algengt að mæla mun milli hæstu og lægstu tíundarhópanna, svokallað 90/10 bil í tekjuskiptingunni. Það er gert í neðstu línu taflnanna. Niðurstöðurnar eru þær, að bilið jókst um 16,1% fyrir skatta (úr 6,2 í 7,2) en um 39,4% eftir skatta.

Með báðum mælingum koma þannig fram stærri áhrif til aukins ójafnaðar eftir skatta, sem gefur þær vísbendingar að stjórnvöld hafi sjálf með skattastefnu sinni ráðið mestu um þá aukningu ójafnaðar sem varð í tekjuskiptingunni á Íslandi á tímabilinu frá 1996 til 2004. Það er afar óvenjulegt vegna þess að víðast á Vesturlöndum þar sem hefur gætt aukins ójafnaðar í tekjuskiptingu hefur það einkum verið fyrir áhrif markaðsaflanna, m.a. með mun meiri hækkun hátekna en annarra tekna og einnig með stöðnun eða jafnvel rýrnun lágra tekna, meðal annars vegna samkeppni við erlent láglaunavinnuafl (Atkinson, 2002; Piketty og Sayez, 2003; Förster og dÉrcole, 2005; Kenworthy og Pontusson, 2005; Pontusson, 2005).

Tafla 7. Niðurstaða: Þróun ráðstöfunartekna fjölskyldna. Meðaltekjur í tekjutíundarhópum og vöxtur frá 1996 til 2004.

	Ráðstöfunartekjur fjölskyldna – Þús.kr.:		
Tekjuhópar – tíundir (deciles):	1996	2004	Vöxtur í %
I - Lægstu 10%	1139	1895	66,4
II	1550	2575	66,1
III	1773	3125	76,3
IV	1984	3600	81,4
V	2169	4021	85,4
VI	2364	4437	87,7
VII	2596	4912	89,2
VIII	2876	5496	91,1
IX	3273	6367	94,5
X - Hæstu 10%	4346	10015	130,4
Meðaltal	2407	4645	93,0
Gini stuðlar	0,205	0,255	24,4%
Munur efsta og neðsta hóps, 90/10 bil	3,8	5,3	39,4%

Það eru því veigamiklar vísbendingar fyrir hendi um að skattastefna stjórnvalda hafi ráðið mestu um þá aukningu ójafnaðar í tekjuskiptingunni sem varð á tímabilinu 1996 til 2004.

Að endingu sýnum við hér þróun tekjuójafnaðar meðal hjóna og sambúðarfólks sem byggir á gögnum frá Ríkisskattstjóra.[3]

Það sem er einkum athyglisvert við mynd 2 er munurinn milli súlnanna á einstökum árum. Þessi munur endurspeglar jöfnunaráhrif skatta og barna- og vaxtabótanna. Ljóst er af myndinni að markvisst dregur úr muninum á tímabilinu, einkum eftir 1995. Það þýðir að dregið hefur úr jöfnunaráhrifum

[3] Nokkur munur er á því hvernig gögnin eru unnin hjá Ríkisskattstjóra og hjá Hagstofunni og hefur það áhrif á hæð Gini-stuðlanna. Almennt eru Gini-stuðlarnir hærri þegar byggt er á gögnum Ríkisskattstjóra en ef byggt er á gögnum Hagstofunnar (og Þjóðhagsstofnunar áður). Ástæðan er einkum sú, að Hagstofan raðar tekjuþegum í tíundarhópa frá lægstu tekjum til hæstu tekna á grundvelli skattstofns, en Ríkisskattstjóri gerir það á grundvelli heildartekna. Þegar raðar er eftir skattstofni þjappast spönnin í tekjuskiptingunni nokkuð saman, sem gerist ekki ef raðað er eftir hæstu tekjum hvers og eins, þ.e. eftir heildartekjum þar sem allt er talið með. Ætla má að aðferð Ríkisskattstjóra gefi raunsannari mynd af tekjudreifingunni.

skatta- og bótakerfisins, eins og raunar kom fram í greiningunni hér að framan. Jöfnunaráhrifin hjá hjónum og sambúðarfólki voru árið 2005 aðeins um þriðjungur af því sem þau höfðu verið árið 1993. Minnkandi jöfnunaráhrif skatta og barna- og vaxtabóta eiga sem sé afar stóran þátt í þeirri aukningu ójafnaðar sem varð á tímabilinu.



Mynd 2. Ójöfnuður í tekjum hjóna og sambúðarfólks, fyrir og eftir skatta. Gini-ójafnaðarstuðlar, 1993 til 2005.

Samantekt

Í þessari grein hefur verið sýnt hvernig tekjuskipting Íslendinga varð ójafnari á síðasta áratug og hvernig þróun einstakra tekjuþátta og skatta tengist þeirri framvindu. Með þessari greiningu er varpað nokkru ljósi á helstu orsakir aukins ójafnaðar í tekjuskiptingu Íslendinga á þessu tímabili. Vísbendingar eru um að skattastefna stjórnvalda hafi ráðið mestu um aukinn ójöfnuð í fjölskyldutekjum hjóna og sambúðarfólks.

Heimildir

Atkinson, A. B., Rainwater, L. og Smeeding, T. (1995). *Income Distribution in OECD Countries: Evidence from the Luxembourg Incomes Study.* París: OECD.

Atkinson, A. B. (2002). *Income Inequality in OCED Countries: Data and Explanations.* CESiFo Working Paper, nr. 881.

Ásgeir Jónsson, Ásta Herdís Hall, Gylfi Zoega, Marta Skúladóttir og Tryggvi Þ. Herbertsson (2001). *Tekjuskipting á Íslandi: Þróun og ákvörðunarvaldar*. Reykjavík, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Förster, M. og d'Ercola, M. M. (2005). *Income Distribution and Poverty in OECD Countries in the Second Half of the 1990s*. París: OECD.

Hagstofa Íslands (1997 og 2005). *Landshagir*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Immervol, H. (2000). *Fiscal Drag – An Automatic Stabilizer?* á vefsvæðinu http://ideas.repec.org/p/cam/camdae/0025.html.

Karl Sigurðsson og Stefán Ólafsson (2000). "Poverty in Iceland". Í B. Gustafsson og P. J. Pedersen (ritstj.), *Poverty and Low Income in the Nordic Countries* (bls 101-130). Aldershot: Ashgate.

Kenworthy, L. og Pontusson, J. (2005). "Rising Income Inequality and the Politics of Redistribution in Affluent Countries. *Perspectives on Politics*, *3*(3), 449-471.

Moore, S. (1999). *Beware Fiscal and Regulatory Drag*, á vefsvæði Cato Institute (http://www.cato.org/dailys/02-22-99.html).

OECD (2005a). *Revenue Statistics*. París: OECD.

OECD (2005b). *Taxing Wages*. París: OECD.

Piketty, T. og E. Saez (2003), "Income Inequality in the United States 1913-1998". *The Quarterly Journal of Economics*, árg. CXVIII, febrúar, nr. 1.

Pontusson, J. (2005), *Inequality and Prosperity: Social Europe versus Liberal America* (Ithaca: Cornell University Press – A Century Foundation Book).

Stefán Ólafsson (1999), *Íslenska leiðin: Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Tryggingastofnun ríkisins.

Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson (2005). *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Stefán Ólafsson (2006). *Stóra skattalækkunarbrellan*, á heimasíðunni www.hi.is/~olafsson.

Þjóðhagsstofnun (ýmis ár). *Tekjur, eignir og dreifing þeirra*. Reykjavík: Þjóðhagsstofnun.

Barnaverndartilkynningar er varða ofbeldi milli foreldra

Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Mál er varða börn sem verða vitni að ofbeldi milli foreldra hafa verið fremur lítið áberandi á Íslandi innan barnaverndarkerfisins. Upplýsingar um fjölda slíkra mála koma t.d. ekki fram í ársskýrslu Barnaverndarstofu (2004). Því er ekki vitað hve margar tilkynningar til barnaverndaryfirvalda fela í sér að börn hafi orðið vitni að ofbeldi milli foreldra eða hvers konar þjónustu eða úrræði þessum fjölskyldum stendur til boða. Hins vegar ber lögreglu, fagfólki sem vinnur með börn og almenningi að tilkynna til barnaverndaryfirvalda, ef ástæða er til að ætla að barn búi við óviðunandi aðstæður (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Í nýlegu skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnaverndarmálum er það skilgreint sem tilfinningalegt ofbeldi þegar börn verða vitni að ofbeldi milli foreldra (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, e.d.). En slíkar skilgreiningar eru mikilvægar þar sem ákvæði í lögum geta falið í sér nokkuð óljósa merkingu sem getur verið túlkuð á mismunandi vegu og er það að verða vitni að ofbeldi milli foreldra dæmi um atburð sem gæti verið túlkaður sem óviðunandi uppeldisaðstæður af einum aðila en ekki af öðrum. T.d. er það að verða vitni að ofbeldi milli foreldra túlkað sem óviðunandi uppeldisaðstæður í tæplega helming fykja í Bandaríkjunum, vegna þess að þau hugtök sem notuð eru í landslögunum geta verið túlkuð á mismunandi vegu (Zink o.fl., 2004).

Staða þekkingar hér á landi

Fyrri rannsóknir hafa sýnt að makaofbeldi er líklegra til að eiga sér stað þar sem eru ung börn á heimilinu, sérstaklega börn undir fimm ára aldri (Fantuzzo, Boruch, Beriama, Atkins og Marcus, 1997). Því er mikilvægt að skoða aldur barna hér á landi sem tilkynnt er um að verði vitni að ofbeldi milli foreldra, tíðni og eðli slíkra tilkynninga og þá þjónustu sem börn og fjölskyldur fá í kjölfar slíkra tilkynninga.

Makaofbeldi er hægt að skilgreina sem líkamlega árás á líkama maka. Makaofbeldi getur einnig falið í sér tilfinningalegt ofbeldis, s.s. hótanir og ógnanir (Jouriles, Norwood, McDonald, Vincent og Mahoney, 1996). Kynferðislegt ofbeldi og efnahagslegt ofbeldi eru einnig dæmi um birtingarmyndir makaofbeldis (Kvennaathvarf, 2006). Það að verða vitni að ofbeldi getur falið í sér að sjá eða heyra atburðinn sjálfan eiga sér stað, eða verða vitni að afleiðingum hans. T.d. gæti barn heyrt annað foreldrið öskra niðrandi orð að hinu foreldrinu og það gæti heyrt grátur í hinu foreldrinu. Það gæti jafnvel heyrt hluti brotna, þó barnið sjái ekki ofbeldið eiga sér stað. Einnig gæti barnið orðið vitni að afleiðingum ofbeldis, t.d. mar eða aðra áverka, blóð, brotið gler eða aðkomu lögreglu (Aron og Olsen, 1997).

Ekki hefur verið rannsakað til hlítar hver tíðni og eðli makaofbeldis er hér á landi eða barna sem verða vitni að slíku. Samkvæmt spurningalistakönnun hafa 20% barna orðið vitni að ofbeldi inni á heimili sínu (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2005). Ekki kom þó fram hvort um foreldra hefði verið að ræða eða aðra aðila eins og t.d. systkini. Tíðni komu kvenna og barna til Kvennaathvarfsins gefur auk þess einungis óljósa mynd af vandanum. Á árinu 2005 leituðu 283 konur til athvarfsins og dvöldu 92 konur í athvarfinu um skeið. Af þessum 92 konum voru 47 með barn/börn og dvöldu 76 börn í athvarfinu á árinu (Kvennaathvarf, 2006).

Íslensk rannsókn unnin árið 1979 úr sjúkrahúsgögnum, sýndi að af 101 einstaklingum sem höfðu hlotið áverka af völdum ofbeldis voru 62 konur sem höfðu hlotið áverka eftir maka. Algengustu áverkarnir voru mör, sár og beinbrot. Algengustu svæðin sem áverkarnir voru á, voru andlit og höfuð (Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir, 1982).

Spurningalistakönnun var unnin árið 1996. Um var að ræða spurningalista sem sendir voru til lagskipts tilviljunarúrtaks sem samanstóð af 3000 manns. Svarhlutfall var hátt eða 74%. Rannsóknin sýndi að tæplega 14% kvenna höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka og 7% höfðu orðið fyrir alvarlegu ofbeldi. Tæplega 4% karla höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka og 1% höfðu orðið fyrir alvarlegu ofbeldi. Marktækt fleiri fráskildar konur höfðu orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka, heldur en aðrar konur. Auk þess kváðust 30% kvennanna vera hræddar um öryggi barna sinna (Dómsmálaráðuneytið, 1997).

Hlutfall kvenna á Íslandi sem hefur orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka virðist vera svipað og í Finnlandi, en lægra heldur en í Svíþjóð og í Bandaríkjunum. Nýleg rannsókn sem gerð var í Svíþjóð sýndi að

28% kvenna höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi af hálfu fyrrverandi maka og 7% af núverandi maka (Eva Lundgren, Gun Heimer, Jenny Westerstrand og Anne-Marie Kalliokoski, 2002). Rannsóknir sem unnar hafa verið í Svíþjóð sýna að u.þ.b. 10% barna hafa orðið vitni að ofbeldi á heimili sínu (Katarina Weinehall, 2005). Nýleg rannsókn sem gerð var í Finnlandi sýndi að 9% kvenna hafði upplifað ofbeldi (tilfinningalegt/líkamlegt/kynferðislegt) af hálfu fyrrum maka og 10% af hálfu núverandi maka. Fjölmargar rannsóknir hafa verði unnar í Bandaríkjunum á þessu sviði og gefa niðurstöður þeirra til kynna að um 25% kvenna verði fyrir ofbeldi af hálfu maka (Zink o.fl., 2004). Auk þess eru konur tífalt líklegri til að verða fyrir ofbeldi af hálfu maka í Bandaríkjunum en karlar, samkvæmt landskönnun á þolendum glæpa (Kernic, Wolf og Holt, 2000). Mismunandi félagsmálastefnur hafa mögulega áhrif á þennan mun. Félagsmálastefnur á Norðurlöndum styðja jöfnuð meðal foreldra í því að annast barn (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005; Maria Eriksson, 2005; Minna Piispa, 2002) og konur og börn fá þannig meiri stuðning af hálfu ríkisins á Norðurlöndunum miðað við Bandaríkin (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005). Hins vegar fellur tíðni ofbeldis í parsamböndum í Svíþjóð ekki vel að þessari skýringu.

Í spurningalistakönnuninni sem gerð var hér á landi fundust engin tengsl milli menntunar kvennanna og þess að vera beittar ofbeldi af hálfu maka. Hins vegar höfðu fleiri karlar með grunnskólamenntun verið beittir ofbeldi af hálfu maka, heldur en karlar með hærra menntunarstig. Bæði konur og karlar í lágum eða háum tekjuhópi voru líklegri til þess að hafa orðið fyirr ofbeldi af hálfu maka, heldur en karlar og konur í miðtekjuhópi (Dómsmálaráðuneytið, 1997). Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsóknar sem gerð var meðal allra fylkja í Bandaríkjunum af Yllo og Strauss árið 1990 en þær voru túlkaðar á athyglisverðan hátt. Í lágtekjustétt er vald talið vera notað til þess að viðhalda hefðbundnum kynhlutverkum. Hins vegar hefur staða kvenna er varðar menntun, atvinnu og stjórnun hækkað hratt í sumum fylkjum Bandaríkjanna á skömmum tíma og hefur því verið haldið fram að karlar upplifi þessa breytingu sem ógnun við stöðu sína sem leiði til aukins ágreinings í samböndum karla og kvenna (Neman og Grauerholz, 2002).

Við ofantalda túlkun er leitað til femískra skýringa sem byggja á hugmyndum um feðraveldi. Í feðraveldi felst að konur eru kúgaðar af körlum og beita karlar valdi ef á þarf að halda til að viðhalda yfirburðarstöðu sinni hvort sem er innan fjölskyldunnar eða samfélagsins (Smith, 1990). Álagskenningin (Strain theory) skýrir ofbeldi gagnvart maka meðal lágtekjufólks á annan hátt. Samkvæmt þeirri kenningu leiða ójöfn tækifæri innan

samfélagsins auk þeirrar streitu sem fylgir fátækt til gremju og skaprauna. Þessi streita getur orðið yfirþyrmandi og brotist út í ofbeldi gagnvart þeim sem standa viðkomandi næst, þ.e. maka og/eða börnum. Samkvæmt félagstengslakenningunni (Social bonding theory) eru þeir sem eru félagslega einangraðir (fremur en eingöngu fátækir) líklegir til að beita sína nánustu ofbeldi. Samkvæmt þessari kenningu eru þeir sem eru í meiri félagslegum tengslum, t.d. íþróttahreyfingum eða öðru tómstundarstarfi, ekki eins líklegir til þess að beita maka sinn ofbeldi heldur en þeir sem ekki eru í slíkum tengslum, þar sem þeir eiga þá á hættu að tapa slíkum tengslum. Hindurnar-kenningin (Deterrence theory) útskýrir hins vegar ofbeldi gagnvart fjölskyldumeðlimum sem hegðun sem borgar sig, þar sem litlar líkur eru á því að gerandinn sé tekinn fastur og jafnvel ef til dóma komi, séu refsingar vægar. Þannig er lögð áhersla á áhrif formlegra félagslegra þátta (dómskerfið) í hindrunarkenningunni en hina óformlegu félagslegu þætti (félög, samtök) í félagstengslakenningunni (Miller-Perrin og Perrin, 1999).

Ýmsar erlendar rannsóknir hafa sýnt að það að verða vitni að ofbeldi milli foreldra getur valdið hugrænum, félagslegum (Fantuzzo og Mohr, 1999; Stiles, 2002)og tilfinningalegum vandkvæðum (Anderson og Cramer-Benjamin, 1999; Berkowitz, 2005; Hannele Forsberg, 2005). Mikilvægt er því að skoða nánar slík tilfelli hér á landi, stöðu barnanna og þá þjónustu sem veitt er í slíkum málum.

Aðferð

Könnuð var tíðni og innihald allra barnaverndartilkynninga sem bárust til þriggja sveitarfélaga á árinu 2004. Sveitarfélögin voru Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður. Um lýsandi rannsókn var að ræða. Gögn barnaverndaryfir-valda voru innihaldsgreind. Öll mál sem fólu í sér barnaverndartilkynningu um ofbeldi milli foreldra á árinu 2004 í þessum þremur sveitarfélögum voru innihaldsgreind og var þeim fylgt út árið 2004.

Innihaldsgreining gagna felur í sér umbreytingu eigindlegra gagna í megindleg gögn. Þegar þessi aðferð er notuð er skráningareyðbulað þróað og skráningarleiðbeiningar sem felur í sér upplýsingar um það hvernig eigi kerfisbundið að kanna og skrá innihald texta, sem tengist rannsóknar-spurningunni (Rubin og Babbie, 2004). Eftir þjálfun aðstoðarmanneskju, las aðstoðarmanneskja rannsakanda yfir öll gögnin og fyllti út skráningar-eyðublað fyrir hverja fjölskyldu. Rannsakandi fór einnig yfir 21% málanna sem valin voru tilviljanakennt með það að markmiði að skoða áreiðanleika

skráningarinnar. Ein breyta reyndist hafa óviðunandi samræmi (***K***> 0,21) og var því ekki tekin með í umfjöllun um niðurstöður. Níu breytur höfðu ágætt samræmi (***K*** = 0,41-0,60). Allar aðrar breytur höfðu gott (***K*** = 0,61-0,80) eða mjög gott (***K*** = 0,81-1,00) samræmi (Altman, 1991). Þess má þó geta að lægsta samræmið meðal þeirra breyta sem höfðu ágætt samræmi var 75%, sem telst nokkuð gott, ekki síst þar sem upplýsingarnar sem voru skráðar voru mjög dreifðar í barnaverndargögnunum.

Heildarfjöldi mála sem voru skráð og uppfylltu skilyrði fyrir rannsókn þessa voru 39, 23 þeirra tilheyrðu Reykjavík, 12 Kópavogi og 4 Hafnarfirði. Flest málanna innifólu líkamlegt ofbeldi milli foreldra (36) en þrjú þeirra fólu eingöngu í sér hótanir um líkamlegt ofbeldi sem flokkast sem tilfinningalegt ofbeldi, en ekki líkamlegt ofbeldi.

Niðurstöður

Eins og þegar hefur komið fram var um 39 barnaverndartilkynningar sem fólu í sér ofbeldi milli foreldra að ræða til Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar á árinu 2004. Af þessum 39 málum, bjuggu börnin hjá báðum líffræðilegum foreldrum í 15 tilfellum. Í 10 tilfellum bjuggu börnin hjá móður og stjúpföður og í 14 tilfellum bjuggu börnin hjá móður eingöngu. Í flestum tilfellum vantaði upplýsingar um menntun foreldra eða í 74% tilfella hjá mæðrum og í 87% tilfella hjá feðrum. Í þeim tilfellum sem menntun foreldra var skráð, hafði fremur hátt hlutfall foreldra lokið hærra menntunarstigi heldur en grunnskólamenntun eða 60% kvenna og 80% karla. Upplýsingar um atvinnu foreldra vantaði í u.þ.b. helming tilfella eða 43% tilfella hjá mæðrum og 56% hjá feðrum. Í þeim tilfellum sem atvinna var skráð, var meiri hluti mæðra, eða 68% í launaðri vinnu og flestir feður einnig eða 88%.

Þessar 39 fjölskyldur áttu samtals 69 börn, 34 stúlkur og 35 drengi. Í flestum fjölskyldunum var eitt barn eða í 19 þeirra. En í tíu fjölskyldum voru tvö börn og í tíu fjölskyldum voru þrjú börn (M=1,77). Aldur barnanna var á bilinu 0-18 ára. Flest þeirra voru á aldrinum 0-5 ára (33), en svipaður fjöldi þeirra var á bilinu 6-12 ára (14) og 13-18 ára (15). En upplýsingar um aldur sjö barna var ekki skráður.

Ofbeldisatvikin

Í flestum tilfellum (28), hafði eitt atvik sem fól í sér ofbeldi milli foreldra verið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda. Í sex málum höfðu tvær tilkynningar borist í málum og í 5 málum höfðu þrjár tilkynningar um ofbeldi milli maka

borist í sama máli. Í flestum tilfellum eða 32 átti atvikið sér stað á heimili barnsins. Önnur tilfelli áttu sér stað á öðru heimili, í bíl eða á almannafæri.

Í flestum tilfellum varð móðirin fyrir ofbeldi af hálfu maka eða í 29 tilfellum. Í sjö tilfellum varð faðir eða stjúpfaðir fyrir ofbeldi af hálfu móður og í þremur tilfellum höfðu báðir foreldrar beitt hitt foreldrið ofbeldi. Eins og sést í töflu 1 tók líkamlega ofbeldið á sig ýmsar birtingarmyndir. Í 9 tilfellum var um tvær eða fleiri birtingarmyndir að ræða.

Tafla 1. Birtingarmyndir líkamlegs ofbeldis milli foreldra

	Þolandi:	
Birtingarmyndir:	Móðir	Faðir
Tilfinningalegt	3	
Lamið	5	
Sparkað í	1	
Lamið með hlut		3
Hent hlut í		1
Stungið með eggvopni		1
Kyrkingartak	1	
Annað	1	
Tvær gerðir	4	1
Þrjár gerðir	1	1
Fjórar gerðir eða fleiri	2	
Á ekki við	10	29
Ekki skráð	11	3
Samtals	39	39

Skráðar voru nánari lýsingar á atvikunum. Ofbeldið gat verið mjög hrottafengið eins og eftirfarandi dæmi sýnir: „Faðirinn dró móður út úr bíl, hendir henni og setur vindil á hægri kinn hennar. Móðir fékk brunasá á kinn og mar á handlegg.“ Í nokkrum tilfellum var um ofbeldi að ræða af hálfu beggja aðila. Eftirfarandi dæmi lýsir einu slíku atviki: „Faðir sló móður og móðir lamdi föður með pott í hausinn. Eftir það tókust þau meira á. Faðir var með sýnilega áverka á enni og aftan á hnakkanum. Ekki vitað um áverka móður. Mikið blóð á heimili.“

Í 10 tilfellum var móðir með áverka eftir ofbeldið. Í einu af þessum tilfellum var móðirin með áverka á þremur líkamshlutum og í fjórum tilfellum var móðirin með áverka á tveimur líkamshlutum. Tvær mæður voru með áverka í andliti, tvær á hálsi og ein á maga. Í fáum tilfellum var um mjög

alvarlegar afleiðingar að ræða. Í einu tilfelli var móðirin með beinbrot eftir ofbeldið og í öðru tilfelli voru bæði móðir og faðir beinbrotin eftir atvikið. Ein móðirin lést af völdum áverka sinna. Í fjórum tilfellum fékk faðir áverka, þar af í tveimur tilfellum á tveimur líkamshlutum og í tveimur tilfellum fékk faðirinn áverka á höfuð. Vopn voru notuð í 9 tilfellum, þar af hnífur í tveimur tilfellum. Dæmi um önnur vopn eða áhöld sem voru notuð eru; skrúfjárn, flaska og herðatré. Afleiðingar ofbeldisins voru sýnilegar á heimilinu í fimm tilfellum, t.d. brotin húsgögn, brotið gler og blóð.

Börn sem urðu vitni að ofbeldi milli foreldra

Í 24 tilfellum var vitað að barn/börn hefðu verið heima þegar ofbeldisatvikið átti sér stað. Í 15 tilfellum var vitað að barn/börn urðu vitni að atvikinu. Í tveimur tilfellum hringdi barn í neyðarlínu af þeim 12 símtölum til neyðarlínu sem áttu sér stað. Í tveimur tilfellum varð barn fyrir beinu ofbeldi á meðan á ofbeldi milli foreldra stóð. Í öðru tilfellinu var um barn á unglingsaldri að ræða en í hinu tilfellinu var um nokkra mánaða barn að ræða, sem dó nokkrum dögum eftir atburðinn.

Aðrar gerðir misbrests í uppeldi

Í 25 tilfellum (64%), höfðu ein eða fleiri tilkynning borist barnaverndar-yfirvöldum um annars konar misbrest í uppeldi heldur en ofbeldi milli foreldra. Eins og sjá má í töflu 2, var vanræksla algengasta gerðin. Í sex tilfellum hafði barnið/börnin orðið fyrir líkamlegu ofbeldi og verið vanrækt, auk þess sem þau bjuggu við ofbeldi milli foreldra. Í einu tilfelli hafði barn/börn verið beitt kynferðislegu ofbeldi og verið vanrækt og í tveimur tilfellum hafði barn orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, auk þess að búa við ofbeldið milli foreldra. Í einu tilfelli var ekki skráð um hvers konar ofbeldi eða vanrækslu var að ræða.

Tafla 2. Aðrar gerðir misbrests í uppeldi

Tegund misbrests í uppeldi	Tíðni
Vanræksla	15
Líkamlegt ofbeldi	-
Kynferðislegt ofbeldi	2
Líkamlegt ofbeldi og vanræksla	6
Kynferðislegt ofbeldi og vanræksla	1
Ekki vitað	1
Samtals	25

Marktæk tengsl voru ekki milli endurtekinna tilkynninga um ofbeldi milli foreldra annars vegar og aðrar gerðir misbrests í uppeldi hins vegar (t=0,510).

Vandkvæði barnanna

Nákvæm greining eða mat fór ekki kerfisbundið fram á börnunum í kjölfarið á barnaverndartilkynningum um ofbeldi milli foreldra. Mikilvægt er að hafa það í huga, þegar vandkvæði sem börnin upplifðu eru skoðuð. Líklegt er að fleiri börn hafi upplifað vandkvæði þó að upplýsingar um það hafi ekki komið fram. Auk þess voru mörg barnanna mjög ung og því koma ekki fram vandkvæði sem koma fram hjá sumum þeirra eldri eins og t.d. vímuefnamisnotkun eða skemmdarverk. Eins og sést á mynd 1, upplifðu börnin sem bjuggu á heimilum þar sem ofbeldi milli foreldra á sér stað, ýmsar gerðir vandkvæða. Vandkvæði tengd skóla voru þó algengust. Þess ber að geta að sama barn getur upplifað fleiri en eitt vandkvæði, en alls voru 22 börn skráð með eitt og upp í átta vandkvæði í gögnunum. Samkvæmt upplýsingum úr gögnum barnaverndarstarfsmannanna upplifðu 14 börn eitt vandkvæði en 8 börn tvö eða fleiri vandkvæði. Marktæk tengsl voru ekki milli endurtekinna tilkynninga um ofbeldi milli foreldra annars vegar og vandkvæða sem börnin upplifðu hins vegar (t = 0,954). Marktæk tengsl fundust heldur ekki milli fjölda vandkvæða hjá börnum annars vegar og tilkynninga um ofbeldi milli foreldra og tilkynninga um annars konar misbrest í uppeldi hins vegar (t = 0,122). Hins vegar má vera að tengsl hafi ekki verið nógu sterk til þess að vera marktæk, þar sem úrtakið var smátt og um fá börn að ræða.

Aðgerðir barnaverndaryfirvalda í kjölfar tilkynninga um ofbeldi milli foreldra

Í einungis þriðjungi tilfella var veitt einhvers konar þjónusta í kjölfar barnaverndartilkynningar um ofbeldi milli foreldra. Í langflestum tilfellum var um eina gerð þjónustu að ræða eða í níu tilfellum. Í sex tilfellum var um tvær til fjórar gerðir þjónustu eða úrræða að ræða eftir að barnaverndartilkynning hafði borist um ofbeldi milli foreldra. Athyglisvert er að ekki virtist vera tekið viðtal við foreldrana af hálfu barnaverndarstarfsmanna í öllum málum, en það virtist hafa verið gert í 30 þeirra. Í einungis einu máli var þess getið að sett hefði verði nálgunarbann og í einungis einu máli var þess getið að móður hefði verið bent á að leita til Kvennaathvarfsins. Í þeim tilfellum sem þjónusta eða úrræðum var beitt, var þeim í langflestum tilfellum beint að foreldrunum. Í einungis þremur málum var úrræðum beitt beint til viðkomandi barns og var þá um að ræða í öllum tilfellum stuðning

sem fólst í vistun barns utan heimilis. Í einu tilfelli fór barnið reglulega til stuðningsfjölskyldu, í öðru tilfelli í tímabundna vistun og í þriðja tilfelli í tímabundið fóstur.

Mynd 1. Vandkvæði barna sem bjuggu við ofbeldi milli foreldra



Umræða

Mikilvægt er að hafa í huga að ein af megin takmörkunum þessarar aðferðar er sú staðreynd að hún afmarkast af þeim upplýsingum sem er að finna í þeim skjölum sem eru innihaldsgreind. Ljóst er að þar sem grunnupplýsingar vantar í mörgum tilfellum um lykilþætti eins og t.d. menntun foreldra, er líklegt að jafnframt vanti nákvæmari upplýsingar í mörgum tilfellum um stöðu barnanna og þ.á.m. þau vandkvæði sem þau upplifa. Þó er ljóst af niðurstöðum þessarar rannsóknar að nokkur hluti barnanna upplifir alvarleg vandkvæði sem eiga ýmsar birtingarmyndir.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna jafnframt að ofbeldið er í sumum tilfellum afar gróft og í flestum tilfellum beinist ofbeldið að mæðrum. Þó er athyglisvert að í þeim tilfellum sem mæður beittu feður ofbeldi voru þær líklegar til að beita hlutum eða vopnum, en líkamlegur styrkleikamunur kynjanna gæti hugsanlega verið skýringarþáttur. Meiðsli voru í flestum tilfellum ekki alvarleg en í nokkrum tilfellum voru þau mjög alvarleg og leiddu til dauða einnar móður og líkur benda til þess að þau hafi leitt til dauða eins barns einnig. Þegar um alvarlegt ofbeldi er að ræða, er líklegt að

börnin upplifi mikla skelfingu. Í tveimur tilfellum hafði barn hringt á neyðarlínu og í tveimur tilfellum hafði barn orðið fyrir ofbeldi á meðan á ofbeldi milli foreldranna stóð. Auk þess hafði verið tilkynnt um annars konar misbrest í uppeldi heldur en ofbeldi milli foreldra í 60% málanna, sem er svipað eða í hærri kanti þess hlutfalls sem fram kom í yfirlitsrannsókn Edleson's (1999).

Það vekur athygli hve takmarkaðar upplýsingar eru skráðar í gögnum barnaverndarstarfsmanna og er nauðsynlegt að framkvæmt sé ítarlegri greining á aðstæðum fjölskyldna í kjölfar atburða sem fela í sér ofbeldi milli foreldra. Jafnframt vekur athygli að einungis skuli vera veitt þjónusta eða úrræði í kjölfar tilkynninga um ofbeldi milli foreldra í þriðjungi mála og að í einungis þremur tilfellum beinist slíkur stuðningur beint að barninu. Mikilvægt er að ráða bót á þessu og þróa sértæk úrræði sem beinast að þolendum heimilisofbeldis og þá sérstaklega að mæðrum annars vegar sem beinum þolendum og börnum hins vegar sem óbeinum þolendum.

Heimildir

Altman, D. G. (1991). *Practical statistics for medical research*. New York: Chapman and Hall.

Anderson, S. A. og Cramer-Benjamin, D. B. (1999). The impact of couple violence on parenting and children: An overview and clinical implications. *The American Journal of Family Therapy, 27* (1), 1-19.

Aron, L. Y. og Olsen, K. K. (1997). Efforts by child welfare agencies to address domestic violence. *Public Welfare, 55* (3), 4-13.

Barnaverndarlög nr. 80/2002. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

Barnaverndarstofa (2004). *Ársskýrsla 2003*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.

Berkowitz, C. D. (2005). Recognizing and responding to domestic violence. *Pediatric Annals, 34* (5), 395-401.

Dómsmálaráðuneytið (1997). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.

Edleson, J. L. (1999). The overlap between child maltreatment and woman battering. *Violence Against Women, 5* (2), 134-154.

Eriksson, M. (2005). A visible or invisible child? Professionals' approaches to children whose father is violent towards their mother. Í Maria Eriksson, Marianne Hester, Suvi Keskinen og Keith Pringle (Ritstj.), *Tackling Men's Violence in Families: Nordic Issues and Dilemmas* (bls. 119-135). Bristol: The Policy Press.

Fantuzzo, J. W. og Mohr, W. K. (1999). Prevalence and effects of child exposure to domestic violence. *The Future of Children, 9* (3), 21-32.

Fantuzzo, J., Boruch, R., Beriama, A., Atkins, M. og Markuc, S. (1997). Domestic violence and children: Prevalence and risk in five major U.S. cities. *Journal of the American Academy of Child og Adolescents Psychiatry, 36* (1), 116-122.

Forsberg, H. (2005). „Talking feels like you wouldn't love dad anymore": Children's emotions, close relations and domestic violence. Í Maria Eriksson, Marianne Hester, Suvi Keskinen og Keith Pringle (Eds.), *Tackling Men's Violence in Families: Nordic Issues and Dilemmas* (bls. 49-65). Bristol: The Policy Press.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir (e.d.). *Skilgreiningar-og flokkunarkerfi í barnavernd*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2005). *Risk Factors for Repeated Child Maltreatment in Iceland*: *An Ecological Approach*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðbjörg Hildur Kolbeins (2005). Tengsl tölvuleikjanotkunar og afbrotahegðunar unglinga. Í Umboðsmaður barna og Háskólaútgáfan (Ritstj.), *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (bls. 115-120). Reykjavík: Umboðsmaður barna og Háskólaútgáfan.

Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir (1982). Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum. *Geðvernd, 17*, 7-31.

Jouriles, E. N., Norwood, D. N., McDonald, R., Vincent, J. P. og Mahnoey, A. (1996). Physical violence and other forms of marital agression: Links with children's behavior problems. *Journal of Family Psychology, 10* (2), 223-234.

Kernic, M. A., Wolf, M. E. og Holt, V. L. (2000). Rates and relative risk of hospital admission among women in violent intimate partner relationships. *American Journal of Public Health, 90* (9), 1416-1420.

Kvennaathvarf (2006). *Samtök um kvennaathvarf ársskýrsla 2005*. Reykjavík: Kennaathvarf.

Lundgren, E., Heimer, G., Westerstrand, J. og Anne-Marie Kalliokoski, A-M. (2002). *Captured Queen: Men's violence against women in „equal" Sweden – a prevalence study*. Umeå: Åströms tryckeri AB.

Markward, M. J. (1997). The impact of domestic violnece on children. *Families in Society: The Journal of Contemporary Human Services, 1*, 67-70.

Miller-Perrin, C. L. og Perrin, R. D. (1999). *Child maltreatment: An introduction*. Thousand Oaks: SAGE publications, inc.

Neman, D. M. og Grauerholz, L. (2002). *Sociology of Families* (2. útgáfa). Thousand Oaks: Pine Forge Press.

Piispa, M. (2002). Complexity of patterns of violence against women in heterosexual partnership. *Violence against Women, 8* (7), 873-900.

Rubin, A. og Babbie, E. (1997). *Research Methods for Social Workers* (3. útgáfa). Pacific Grove: Brooks/Cole Publishing Company.

Smith, M. D. (1990). Patriarchal ideology and wife beating: A test of feminist hypothesis. *Violence and Victims, 5* (4), 257-273.

Stiles, M. M. (2002). Witnessing domestic violence: The effects on children. *American Family Physician, 66* (11), 2052-2066.

Weinehall, K. (2005). „Take my father away from home": Children growing up in the proximity of violence. Í Maria Eriksson, Marianne Hester, Suvi Keskinen og Keith Pringle (Ritstj.), *Tackling Men's Violence in Families: Nordic Issues and Dilemmas* (bls. 136-154). Bristol: The Policy Press.

Wolfe, D. A., Jaffe, P., Wilson, S. K. og Zak, L. (1985). Children of battered women: The relation of child behavior to family violence and maternal stress. *Journal of Consulting and Clinical Psychology, 5*3 (5), 657-665.

Zink, T., Kamine, D., Musk, L., Sill, M., Field, V. og Putnam, F. (2004). What are providers' reporting requirements for children who witness domestic violence? *Clinical Pediatrics, 43* (5), 449-460.

Feður og fjölskyldustefna

Guðný Björk Eydal

Á undanförnum áratugum hafa norrænu velferðarríkin lagt aukna áherslu á að börn njóti umönnunar beggja foreldra. Hugmyndum um hefðbundna verkskiptingu foreldra hefur smám saman verið varpað fyrir róða og áhersla er lögð á að skapa mæðrum tækifæri til atvinnuþátttöku og feðrum tækifæri til að annast um börn sín. Markmið þessa kafla er að greina hvernig íslensk fjölskyldustefna hefur skilgreint hlutverk feðra og hvaða stuðningur hafi staðið þeim til boða.

Markmið og aðferð

Kvennafræði og sjónarhorn femínista hafa haft mikil áhrif á þróun velferðarrannsókna. Femínistar vöktu athygli á því að rannsóknir hefðu fyrst og fremst beinst að réttindum karla, þ.e. réttindum þeirra til almanna-trygginga ef þeir gátu ekki sinnt hlutverki sínu sem fyrirvinnur (Sjá t.d. Sainsbury, 1996). Kvennafræðin beindi kastljósinu að aðstæðum kvenna á vinnumarkaði og í fjölskyldunni. Rannsóknirnar leiddu í ljós mjög kynbundin vinnumarkað og vörpuðu ljósi á valdamun kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Áhersla var lögð á að greina áhrif velferðarstefnu á ólíka hópa svo sem mæður, feður og börn, í stað þess að greina áhrif stefnumótunar á fjölskylduna sem eina heild (Björnberg og Kollind, 1996). Dæmi um slíka áherslu er t.d. að finna hjá Diane Sainsbury (1996) sem mótaði líkan til að greina hversu mikla áherslu velferðarkerfin leggja á hefðbundna fyrirvinnu-skipan (*breadwinner model*) annars vegar og hins vegar einstaklingsskipan (*individual model*). Þar sem fyrirvinnuskipanin er ríkjandi er áherslan lögð á gildi hjónabandsins og hefðbundna verkskiptingu kynjanna, þar er eiginmaður fyrirvinna og nýtur réttinda sem slíkur. Í velferðarkerfum sem leggja höfuð áherslu á einstaklingsskipan njóta einstaklingar réttinda án tillits til kyns eða hjúskaparstöðu. Í þeim er lögð áhersla á að feður og mæður geti bæði sinnt umönnun og atvinnuþátttöku.

Velferðarrannsakendur hafa bent á að, þrátt fyrir ákveðna aukningu á rannsóknum á feðrum og hlutverki þeirra, hafi velferðarrannsóknir að takmörkuðu leyti beint athyglinni að föðurhlutverkinu og umönnunarhlutverki karla (Sjá t.d. Hobson og Morgan, 2002; Knijn, Ostner og Schmitt, 2006). Þá hafa fræðimenn bent á að þegar að athygli fræðanna beinist að feðrum þá sé sjónum oftast beint að því sem betur megi fara í hegðun þeirra. Björnberg ofl. (1996) bentu á að þegar rannsóknir beinist að þátttöku feðra í fjölskyldulífi sé henni lýst sem ófullnægjandi; áherslan sé lögð á fjarveru feðra og að þeir leggi áherslu á starfsframa frekar en fjölskylduna. Lewis (2002) komst að þeirri niðurstöðu að í Bretlandi hafi athygli velferðarrannsakenda ekki beinst að feðrum fyrr en seint á áttunda áratug síðustu aldar, en þá hafi áherslan verið lögð á fjarveru þeirra og þá feður sem ekki gátu séð fyrir fjölskyldum sínum. Kullberg (2003) komst að þeirri niðurstöðu að rannsakendur hafi í raun gert mjög ólíkar kröfur til kynjanna. Hann bendir á að í umræðu um hvernig auka megi atvinnuþátttöku kvenna hafi athyglinni fyrst og fremst verið beint að samfélagslegum hindrunum, en ekki hafi verið spurt hvort áhugi þeirra á atvinnuþátttöku hafi áhrif. Í umræðu um hlutverk karla í fjölskyldunni hafi áherslan fyrst og fremst verið lögð á áhugaleysi þeirra sjálfra, en sjónum síður beint að samfélagslegum hindrunum.

Markmið þessa kafla er að greina hvernig íslensk fjölskyldustefna hefur skilgreint hlutverk feðra og hvaða stuðningur hafi staðið þeim til boða. Hér er lögð áhersla á að greina þróun réttindanna. Hér verður að hluta til stuðst við niðurstöður greiningar sem unnin var á íslenskri fjölskyldustefnu eins og hún birtist í frumvörpum, sem lögð voru fram á Alþingi til ársins 1984, sem beindust að fjölskyldum með börn (Guðný Björk Eydal, 2005). Greining á stefnunni á tímabilinu eftir 1984 er hluti af stefnugreiningu sem unnin er í tengslum við rannsókn á áhrifum hinna nýju fæðingarorlofslaga á atvinnuþátttöku og umönnun. Rannsóknin er styrkt af Rannsóknasjóði Rannís, Rannsóknasjóði HÍ og Aðstoðarmannasjóði HÍ.

Feður og fyrirvinnuhlutverkið

Á þriðja áratug síðustu aldar settu öll Norðurlönd löggjöf um hjónaband og málefni barna sem var mjög framsækin og vakti athygli fyrir jafnréttisáherslur (Bradley, 1996). Þannig kvað íslensk hjúskaparlöggjöf, sem sett var á þriðja áratug síðustu aldar, á um að hjónabandið væri samningur tveggja jafnrétthárra einstaklinga. Löggjöf um samband barna og foreldra byggðist

einnig á því að báðir foreldrar hefðu skyldur til að annast um og sjá fyrir börnum sínum (Ármann Snævarr, 1983).

Árið 1946 var einnig sett hér á landi mjög framsækin almannatryggingalöggjöf sem veitti barnafjölskyldum margvísleg réttindi (Stefán Ólafsson, 1999). Það er því athyglisvert að bera saman forsendur hennar við áðurnefndar jafnréttisáherslur sifjalaganna. Skýrt er tekið fram í greinargerð með frumvarpinu að „...yfirleitt sé byggt á því í frv. að eiginmaður sé aðalfyrirvinna heimilisins og að tryggja þurfi fyrir því ef hann fellur frá þar eð tiltölulega sjaldgæft er að kona vinni utan heimilis“ (*Alþingistíðindi 1945*, A:310). Þrátt fyrir að lögin veittu ekkjum og öðrum einstæðum mæðrum ákveðin réttindi þá nutu einstæðir feður ekki sömu réttinda. Heimilt var þó að greiða ekklum 50% barnalífeyris í allt að eitt ár (sama heimild). Umræður á þingi sýna að þingmenn voru á þessum tíma meðvitaðir um mismunandi réttindi mæðra og feðra (Guðný Björk Eydal, 2005). En þrátt fyrir slíka umræðu gerði löggjöfinn, ef frá er talin sifjalöggjöfin, ráð fyrir nokkuð hefðubundinni verkskiptingu samkvæmt fyrirvinnulíkaninu.

Aukin áhersla á rétt barna til umönnunar beggja foreldra

Norðurlöndin héldu samstarfi sínu áfram á sviði sifjaréttar og og leiddu smám saman öll í lög umgengnisrétt/skyldur foreldra sem ekki fóru með forræði barna sinna eftir skilnað (Ármann Snævarr 1983). Hérlendis var réttur til umgengni eftir skilnað lögleiddur 1972. Réttur barns til umgengni við foreldra, án tillits til hjúskaparstöðu, var ekki lögleiddur fyrr en 1981, þegar barnalög voru sett (Davíð Þór Björgvinsson, 1995).

Þróunin hérlendis varðandi rétt feðra til bóta almannatrygginga tók einnig breytingum á áttunda áratugnum. Eins og sjá má í töflu eitt, þá öðluðust feður smám saman sama rétt (til bóta almannatrygginga og meðlags) og einstæðar mæður.

Þróunin hérlendis var um flest svipuð því sem gerðist á öðrum Norðurlöndum. Norðurlönd fikruðu sig smám saman frá fyrirvinnuskipan yfir í einstaklingsskipan, með áherslu á þátttöku bæði mæðra og feðra í umönnun barna sinna og einstaklingsbundin velferðarréttindi (Sainsbury, 1996).

Tafla 1. Hvenær einstæðar mæður og feður öðlast rétt til barnalífeyris eftir andlát maka, mæðra/feðralauna og meðlags

Tegund réttinda:	Ár sem einstæðar mæður öðlast réttindi	Ár sem einstæðir feður öðlast sömu réttindi
Barnalífeyrir vegna andláts for.	1946	1970
Mæðra/feðralaun	1946	1972
Meðlag	1946	1973

Heimild: Guðný Björk Eydal, 2005.

Áhersla á að tryggja báðum foreldrum tækifæri til umönnunar

Þrátt fyrir að sifjalöggjöfin kvæði ekki á um hvort foreldra ætti að fara með forsjá eftir skilnað, þá var forsjá í flestum tilfellum í höndum móður. Á tímabilinu 1961-1968 fóru feður t.d. með forsjá í 6.4% tilvika hérlendis (Ármann Snævarr, 1982). Frá og með 1970 var lögð aukin áhersla á að tryggja rétt barna til umönnunar beggja foreldra (Guðrún Erlendsdóttir, 2000). Öll Norðurlönd lögleiddu sameiginlega forsjá; Svíar fyrstir árið 1976, Norðmenn 1981, Finnar 1983, og Danir 1985 (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna Sigurðardóttir, 2000). Ísland rak lestina og lögleiddi sameiginlega forsjá árið 1992. Í ljós kom að stór hluti íslenska foreldra sem slitu samvistir kusu að hafa sameiginlegt forræði og rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og Nönnu Sigurðardóttur (2000) leiddi í ljós að reynsla meirihluta foreldra af sameiginlegri forsjá var jákvæð. Ísland var síðast Norðurlanda til að lögleiða sameiginleg forsjá sem meginreglu við skilnað og sambúðarslit vorið 2006 (Lög um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar nr. 69/2006).

Norðurlönd hafa farið nokkuð ólíkar leiðir ef foreldrar eru ekki sammála um sameiginlega forsjá við skilnað. Í Finnlandi (frá 1983), Noregi (frá 1981) og Svíþjóð (frá 1988) geta dómstólar dæmt foreldra til sameiginlegrar forsjár þó þau séu ekki sammála um hana þegar gengið er frá skilnaði (Lodrup, Agell og Singer, 2003). Með slíkum ákvæðum leitast löggjafinn við að tryggja hagsmuni barnsins þ.e. koma í veg fyrir að foreldri geti, með því að leita ekki samkomulags, komið í veg fyrir að hitt foreldrið fari einnig með forsjá barns (Björnberg og Dahlgren, 2003). Ofangreind lönd hafa einnig þróað umfangsmikla fjölskyldu- og félagsráðgjöf til að tryggja framgang sameigin-

legrar forsjár (Saldeen, 1997). Í Danmörku og á Íslandi hefur forsendan fyrir sameiginlegri forsjá verið að foreldrar séu sammála um hana (Davíð Þór Björgvinsson, 1997; Nielsen, 1997). Þetta atriði var rætt nokkuð á Alþingi vorið 2006 þegar frumvarp til laga nr. 69/2006 var til umræðu en breytingartillaga þessa efnis var ekki samþykkt. Eins og meðfylgjandi tafla tvö sýnir þá er það langoftast móðir sem fer með forsjá í þeim tilvikum þar sem foreldrar velja ekki sameiginlega forsjá (tímabil 1991-2004). Því má ætla að möguleiki til að dæma foreldra til sameiginlegrar forsjár styrki fyrst og fremst möguleika feðra til að koma með virkari hætti að uppeldi barna sinna.

Tafla 2. Forsjá barna eftir skilnað og sambúðarslit 1991-2004

Ár	Börn alls	Móðir	Faðir	Sameiginleg	Aðrir
1991					
Skilnaður	606	88%	11%	-	1%
Sambúðarslit	569	96%	4%	-	-
1995					
Skilnaður	513	62%	4%	34%	-
Sambúðarslit	667	51%	1%	47%	1%
2000					
Skilnaður	636	49%	4%	47%	-
Sambúðarslit	633	40%	1%	58%	1%
2004					
Skilnaður	623	35%	4%	61%	-
Sambúðarslit	578	23%	1%	76%	-

Heimild: Landshagir, 2005. Tölur fyrir 2004 eru bráðabirgðatölur.

Í töflu tvö, sést glögglega hversu mikið sameiginleg forsjá hefur aukist en árið 2004 nutu 61 % barna foreldra sem slitu hjónabandi sameiginlegrar forsjár foreldra sinna og 75% barna foreldra sem slitu sambúð. Taflan sýnir einnig að þegar að eitt foreldri fer með forsjá er það í meirihluta tilvika móðir. Borið saman við önnur Norðurlönd er hlutfall eins foreldris fjölskyldna hæst hér á landi (27%). En ef hlutfall einstæðra feðra er skoðað kemur í ljós að það er lægst hérlendis (8%) en hæst í Svíþjóð (21%) (*Social Security in the Nordic Countries 2003,* 2005). Hér er mikilvægt að hafa í huga að samanburðarhæfa tölfræði skortir til að hægt sé að gefa skýra mynd af búsetu barna og dvalartíma hjá foreldrum sem fara sameiginlega með forsjá (Bergman og Hobson, 2002; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna Sigurðardóttir, 2005).

Eins og áður var rætt, þá öðluðust einstæðir feður sömu réttindi og einstæðar mæður til almannatrygginga og meðlags á áttunda áratug síðustu aldar. Í kjölfar umræðu um jafnrétti karla og kvenna á áttunda og níunda áratug síðustu aldar, breyttu Norðurlönd löggjöfinni á þann veg að mögulegt var fyrir feður að nota ákveðin hluta fæðingarorlofsins. Ísland hefur eitt Norðurlandanna veitt feðrum jafnan sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs og mæðrum. Þrátt fyrir nokkurn mun á umfangi réttindanna þá er ljóst að öll löndin hvetja feður til þátttöku í fæðingarorlofi og það hefur verið lögð áhersla á það í samstarfi landanna á sviði jafnréttismála. Þátttaka íslensku feðrana er hlutfallslega mest (sem hlutfall af heildarfjölda orlofsdaga sem teknir eru af feðrum) og ljóst að hin íslenska leið nær markmiðinu um þátttöku feðra í umönnun barna sinna á fyrstu æviárum hvað best (*Social Security in the Nordic Countries 2003*, 2005).

Á sama tíma og Ísland er í fararbroddi hvað varðar áherslu á jafnrétti feðra og mæðra varðandi fæðingarorlof og leggur vaxandi áherslu á þátt beggja foreldra í umönnun barna þá fær einungis það foreldri sem börn eiga lögheimili hjá eftir skilnað/sambúðarslit stuðning vegna umönnunar og framfærslu barna. Slíkar reglur eru víða í endurskoðun, sem dæmi má nefna að við ákvörðun meðlagsgreiðslu í Svíþjóð er tekið tillit til dvalartíma barns hjá meðlagsgreiðanda (Björnberg og Dahlgren, 2003). Árið 2003 tóku einnig í gildi lög í Noregi sem höfðu það að yfirlýstu markmiði að hvetja feður til að vera sem mest með börnum sínum og áhersla er lögð á að tillit sé tekið til tekna og aðstæðna beggja foreldra, áður en meðlagsgreiðslur eru ákvarðaðar (Skevik, 2003). Í íslensku Barnalögum (nr. 76/2003, 57. gr) segir að það eigi að ákveða meðlag með „hliðsjón af þörfum barns og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra". Í leiðbeiningum Dóms- og kirkjumálaráðuneytis segir að við ákvörðun um aukið meðlag geti „það haft áhrif ef umgengni er umfram lágmarksumgengni, en aðeins ef forsjá er sameiginleg" (Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, e.d.). Engu að síður á foreldri sem á lögheimili með barninu alltaf rétt á að lágmarki einföldu meðlagi (kr. 17.249). Lögheimilisforeldrið nýtur einnig allra annara bóta sem skapast vegna barnsins, s.s. barnabóta, mæðra- eða feðralauna og húsaleigubóta (sem eru hærri fyrir barnafjölskyldur).

Í töflu þrjú er sýnt einfalt dæmi um hversu mikill tekjumunur getur orðið milli lögheimilisforeldis og þess foreldris sem ekki býr á lögheimili barnsins. Til einföldunar er hér reiknað með að foreldrarnir eigi 3 börn 2, 5 og 6 ára og hafi sömu mánaðartekjur kr. 281.000. Þá er gert ráð fyrir að þau leigi bæði íbúð á 120.000 kr. á mánuði.

Tafla 3. Dæmi um ráðstöfunartekjur tveggja foreldra

Tegund greiðslu	Foreldri sem barnið á lögheimili hjá	Foreldri sem barnið á ekki lögheimili hjá
Meðlag	51.747	-51.747
Mæðra/feðralaun	13.062	0
Barnabætur	51.541	0
Húsaleigubætur	15.713	0
Laun	281.000	281.000
Tekjuskattur	-74.632	-70.027
Ráðstöfunartekjur	**338.431**	**159.181**

(Heimildir: Tryggingastofnun Ríkisins, e.d; Ríkisskattstjóri, e.d; Félagsmálaráðuneyti, e.d)

Þetta dæmi sýnir glögglega hversu mikilvægt er að beita heildarsýn þegar aflahæfi og aðstæður foreldra eru skoðaðar. Það er ekki fyrirliggjandi nýleg tölfræði yfir dvalartíma barna hjá foreldrum en ef ofangreindir foreldrar hefðu sameiginlega forsjá og börnin byggju jafnt hjá þeim báðum er ljóst að verulega myndi halla á það foreldri sem börnin eiga ekki lögheimili hjá. Mikilvægt er að kanna hvort stuðningi velferðarkerfisins hafi í of ríkum mæli verið beint að einu foreldri, þrátt fyrir að barnalög kveði á um skyldur beggja foreldra til að annast um og framfæra börn sín.

Niðurstaða

Greining á þróun réttinda og samanburður við Norðurlönda sýndi að íslenska fjölskyldustefnan hefur smám saman færst frá fyrirvinnuskipan í átt að einstaklingsskipan. Í upphafi síðustu aldar skilgreindi löggjöfin feður sem fyrirvinnur en smám saman hefur aukin áhersla verið lögð á rétt barna til umönnunar beggja foreldra og umtalsverðar breytingar hafa orðið á sifja- og félagsmálalöggjöf til að tryggja hagsmuni barna. Félagsmálalöggjöfin hefur smám saman veitt feðrum sömu réttindi og mæðrum, nýjasta dæmið um það eru lög sem veita foreldrum jafnan sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Feður og mæður hafa samkvæmt sifjalögum sömu skyldur og réttindi. Áhersla sifjalaga á rétt barna til umönnunar beggja foreldra hefur einkum aukið möguleika feðra á að taka virkan þátt í umönnun barna sinna, þar sem áður var algengast var að mæður færu einar með forsjá. Eftir lögleiðingu sameiginlegrar forsjár sem meginreglu við skilnað eða sambúðarslit virðist sem kjöraðstæður hafi verið skapaðar fyrir báða foreldra til að annast um börn sín. Heildstæð greining réttinda foreldra eftir skilnað leiðir þó í ljós að

það foreldri sem börnin eiga lögheimili hjá hjá nýtur eitt þess stuðnings sem velferðarkerfið veitir foreldrum og börnum. Mikilvægt er að skoða hvort markmiðum sifjalaga um rétt barna til umönnunar beggja foreldra verði náð ef fjölskyldustefnan beinist í annari löggjöf að því að styðja einungis eitt foreldri í senn.

Heimildir

Alþingistíðindi 1945: Sextugasta og fjórða löggjafarþing (1950). Reykjavík: Alþingi.

Ármann Snævarr (1982). *Fyrirlestrar í sifjarétti II*. Reykjavík: Bóksala Stúdenta.

Ármann Snævarr (1983). *Þættir úr barnarétti I*. Reykjavík: Bóksala Stúdenta.

Barnalög nr. 76/2003.

Bergman, H. og Hobson, B. (2002). Compulsory fatherhood: the coding of fatherhood in the Swedish welfare state. Í B. Hobson (Ritstj.), *Making Men into Fathers. Men, Masculinities and the Social Politics of Fatherhood* (bls. 92-124). Cambridge: Cambridge University Press.

Björnberg, U. og Kollind, A-K. (Ritstj.). (1996). *Men´s Family Relations*. Göteborg: Department of Sociology. Stockholm: Almqvist and Wiksell.

Björnberg, U. og Dahlgren, L. (2003). Policy- The Case of Sweden. *Report for the project Welfare Policy and Employment in the Context of Family Change*. Sótt 2. ágúst 2006 af http://www.york.ac.uk/inst/spru/research/summs/welempfc.htm

Bradley, D. (1996). *Family Law and Political Culture (Scandinavian Laws in Comparative Perspective)*. London: Sweet & Maxwell.

Davíð Þór Björgvinsson (1995). *Barnaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.

Davíð Þór Björgvinsson (1997). Iceland General Principles and Recent Developments in Icelandic Family Law. Í A. Bainham (Ritstj.), *The International Survey of Family Law 1995* (bls. 215-236). Holland: The International Society of Family Law.

Dóms- og kirkjumálamálaráðuneyti (e.d.). *Barnaréttur- Meðlag*. Sótt 2. ágúst 2006 af http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/barnamal/upplysingar//nr/805#G6.

Félagsmálaráðuneyti (e.d.). *Reikniforrit fyrir húsaleigubætur*. Sótt 2. ágúst af http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/husnaedismal/husaleigubaetur/reikniforrit/nr/964.

Guðný Björk Eydal (2005). *Family Policy in Iceland 1944-1984*. Gautaborg: Scoiologiska Institutionen.

Guðrún Erlendsdóttir (2000). Sifjaréttur tuttugustu aldar. *Úlfljótur, 53*, 11-15.

Hobson, B. og Morgan, D. (2002). Introduction. Í B. Hobson (Ritstj.), *Making Men into Fathers. Men Masculinities and the Social Politics of Fatherhood* (bls. 1-24). Cambridge: Cambridge University Press.

Knijn, T., Ostner, I. og Schmitt, C. (2006). Men and (Their) Families: Comparative Perspectives on Men´s Roles and Attitudes Towards Family Formation. Í J. Bradshaw og A. Hatland (Ritstj.), *Social Policy, Employment and Family Change in Comparative Perspective* (bls. 179-198). Cheltenham: Edward Elgar.

Kullberg, C. (2003). Men´s Lack of Family Orientation: Some Reflections on Scandinavian Research on Families. Í S. Evrø og T. Johansson (Ritstj.), *Among Men. Moulding Masqulinities* (bls. 226-246). Aldershot: Ashgate.

Landshagir 2005 (2005). Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Lewis, J. (2002). The problem of fathers: Policy and behavior in Britain. Í B. Hobson (Ritstj.), *Making Men into Fathers. Men Masculinities and the Social Politics of Fatherhood* (bls. 125-149). Cambridge: Cambridge University Press.

Lodrup, P., Agell, A. og Singer, A. (2003). *Nordisk Borneret I. Farskap, morskap og underhall till barn. Et sammenlignende studie af dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk ret med droftelser af harmoniseringsmuligheder og reformbehov.* Kaupmannahöfn: Nordic Council of Ministers.

Lög um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar nr. 69/2006.

Nielsen, L. (1997). Denmark. The family principle and the individual principle- and recent legislative news. Í A. Bainham (Ritstj.), *The International Survey of Family Law 1995* (bls. 127-140). Holland: The International Society of Family Law.

Ríkisskattstjóri (e.d.). *Reiknivélar–yfirlit.* Sótt 2. ágúst af http://www.rsk.is/birta_sidu.asp?vefslod=reiknivelar/reiknivelar_yfirlit.asp&val=14.0.

Sainsbury, D. (1996). *Gender Equality and Welfare States.* Cambrigde: Cambridge University Press.

Saldeen, A. (1997). Sweden. Rights of the unborn child and questions of custody, access and residence. Í A. Bainham (Ritstj.), *International Survey of Family Law 1995* (bls. 477-485). Holland: The International Society of Family Law.

Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir (2000). *Áfram foreldrar. Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra.* Háskólaútgáfan: Reykjavík.

Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir (2005). Réttur barna og velferð við skilnað foreldra- Um lýðræðishugsun og hagsmuni. *Tímarit lögfræðinga*, *55*, 183-196.

Skevik, A. (2003). The New Family´s Vulnerable Vanguard: Child Maintenance Reform in Norway. *Social Policy & Society*, *3*(1),11-19.

Stefán Ólafsson (1999*). Íslenska leiðin*. Reykjavík: Tryggingastofnun Ríkisins.

Social Security in the Nordic Countries 2003. Scope, expenditure and financing. (2005). Kaupmannahöfn: Nordic Social-Statistical Committee.

Tryggingastofnun Ríkisins (e.d.). *Upphæðir helstu bótaflokka almannatrygginga.* Sótt 2. ágúst 2006 af http://www.tr.is/.

Fjölskyldubreytingar, lífsgildi og viðhorf ungs fólks

Sigrún Júlíusdóttir

Hér á eftir er sagt frá nýrri rannsókn á reynslu og viðhorfum ungs fólks til fjölskyldumála. Rannsóknin er að hluta unnin í samvinnu við Guðlaugu Magnúsdóttur, meistaranámsnema í félagsráðgjöf. Aðrir samstarfsaðilar eru *Center for Research on Family Relationships* við háskólann í Edinborg, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vegna úrtaksgerðar og skráningar gagna og *Rannsóknasetur í barna-og fjölskylduvernd* m.a við gagnasöfnun. Í kaflanum hér á eftir er sagt frá forsendum rannsóknarinnar, aðferð og heimtum ásamt nokkrum völdum atriðum úr niðurstöðum. Þau eru (1) fjölskyldugerð, búsetuhættir og sjálfstæði, (2) viðhorf ungmenna til fjölskyldumyndunar, (3) breytingar í sambúðarháttum foreldra og (4) sýn þeirra á faglega aðstoð í skólum.

Breytt staða hjónabands og fjölskyldu

Um aldabil, en þó ekki svo lengi ef litið er í skuggsjá sögunnar, viðgekkst hjónaband karls og konu innan niðurnjörvaðs laga- og samfélagsramma þar sem ekki var mikið rými fyrir valfrelsi. Svo hafa aldirnar liðast fram í tímans straumi. Breytt lífsskilyrði hafa skapað ný gildi, samskiptamynstur og lífshætti. Parsambönd hafa þróast í lýðræðislegt tilfinningasamband tveggja einstaklinga, óháð aldri, kyni, stund eða stað. Alstýring löggjafans eða sérfræðinga í félags-og heilbrigðiskerfi víkur fyrir viðurkenningu á rétti neytandans og gildi samráðs í þjónustu og meðferðarvinnu (Lára Björnsdóttir, 2006). Fólk getur valið og gert það sem því sýnist. Innan fjölskyldu takast á þörfin fyrir sjálfstæði og frelsi og þörfin fyrir umhyggju og öryggi. Menn virðast frekar taka mið af núinu en af fortíð eða framtíð (Bauman, 2000; 2004). Um leið og togstreita tengd starfsframa, menntun og nýjungagirni eða þörf fyrir nýbreytni magnast stöðugt og vinnan flæðir markalaust yfir allan sólarhringinn og allan heiminn þá virðist fólk sjaldan

hafa verið eins upptekið af einkalífi, hamingju, kynlífi, friði og vellíðan (Beck-Gernsheim, 2002; Gallup, 2006). Hjónaband og fjölskylda eru þannig ekki lengur hagsmunasambönd í fyrri tíma merkingu þótt þau kunni að lúta lögmálum ákveðinna gagnkvæmra skuldbindinga eða ávinnings. Heilbrigði parbands ræðst af samstillingu ásamt gagnkvæmri virðingu fyrir persónuleika og þörfum hins aðilans (Lundblad, 2005). Skilgreiningar á nútíma fjölskyldu gera yfirleitt ráð fyrir breytileika bæði í formgerð og tengslum en áhersla er á kærleika og siðferðislega hollustu. Hugsunin er sú að fjölskyldutengsl geti skapað börnum og fullorðnum vermireit tilfinningaþroska, öryggi og skjól, hvert sem form tengslanna er (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Í velferðarsamfélögum ríkir þannig valfrelsi að einstaklingurinn er í vaxandi mæli fær um að sinna flestum þörfum sínum og ætti því í raun að eiga auðveldara með að vera einn (Caille, 2005). Hins vegar sýna lýðfræði-rannsóknir að einn stöðugasti áhrifaþátturinn um vellíðan og almennt heilbrigði tengist fjölskylduhögum. Þeir sem eru í sambúð, eiga sterkt fjölskyldunet og traust fjölskyldutengsl búa við betra heilsufar, lifa lengur og eru síður líklegir til að fá skæða sjúkdóma en þeir sem eru sjálfstæðir einfarar eða einbúar. Sambúðarerfiðleikar, tilfinningaátök og skilnaðir auka hins vegar líkur á andlegum og líkamlegum heilsubresti, jafnt fullorðinna sem barna (Owen, 1997; Kiecolt-Glaser og Newton, 2001; Robles og Kiecolt-Glaser, 2003; Währborg, 2002; Willén og Thuen, 2002). Tengslin og gæði samskipta frekar en formgerðin ráða nú meiru um vellíðan fólks og velferð. Meðal meginmarkmiða sænsku lýðheilsustofnunarinnar til að bæta heilbrigði þjóðarinnar *er traust og góð uppeldisskilyrði fyrir börn og ungmenni* (www.social.-regeringen.se) en slík skilyrði mótast ekki síst af ytri stuðningi samfélagsins, fjölskylduaðstæðum og kynslóðatengslum (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Tölfræðiupplýsingar og meðferðarreynsla sýna að fólk virðist almennt sækjast eftir að vera í parsambandi - hvort sem það er til góðs eða ills. Vísbendingar eru þó um hik, vafa eða fyrirvara og á síðustu áratugum má sjá skýrar breytingar í því að fólk festir ráð sitt mun seinna en áður, eignast börn seinna, eignast færri börn og flosnar fyrr upp úr parsamböndum og stofnar oftar til nýrra en áður var (Hagstofan, 2006). Umskipti „persóna og leikenda" í fjölskyldumynd hvers einstaklings eru ör. Þessar snörpu breytingar á fjölskylduháttum, lífstíl og viðhorfum hafa orðið tilefni til rannsókna og fræðilegrar umræðu í samtímanum víða um heim (Bourdieu, 1996; McKiie, Cunningham-Burley og McKendrick, 2005; Hårtveit, 2005; Knoll, 2005). Á Íslandi er mönnum tíðrætt um gildi fjölskyldulífs en það hefur ekki að sama skapi verið rannsakað. Því var efnt til rannsóknarinnar um ungt fólk, lífsgildi

og viðhorf þess til fjölskyldumálefna og reynt að fanga þessi viðhorf í nokkrum þeirra atriða sem hefur verið drepið á.

Í skólastarfi og öðru uppeldismótandi umhverfi gegnir fagfólk ásamt kennurum lykilhlutverkum sem geta skipt sköpum um velferð barna og framtíðarhag. Meðal annars þess vegna var einnig spurt um viðhorf til fagfólks í skólum.

Aðferð

Undirbúningur rannsóknar-rýnihópar

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst með samstarfi við CRFR (Center for Research on Family Relationships) við háskólann í Edinborg 2004/2005, m.a um fræðilegt bakland, spurningalista og áætlun um samanburð frá menningarlegu sjónarhorni. Í öðru lagi var framkvæmd rýnihópavinna sumar 2005. Fengnir voru þátttakendur á aldrinum 20-22 ára sem jafnframt höfðu reynslu af skilnaði foreldra til að taka þátt í hópumræðum.

Markmið rýnihópavinnunnar var að fá fram persónuleg viðhorf og sýn hópsins á viðfangsefni rannsóknarinnar (Smithson, 2000; Wibeck, 2000). Umræðunni var beint að því sem (a) þeim sjálfum fyndist vera kjarni málsins, (b) brynni á þeim að koma á framfæri, almennt og persónulega, og (c) var mikilvægt fyrir rannsakendur að fá vitneskju um. Beitt var frásagnaraðferð (narrativism) þar sem hvatt er til persónulegrar tjáningar og áhersla lögð á að hlusta, heyra og skilja það sem hinir segja, m.a. með spyrjandi umorðun og endurgjöf.

Meginþemun voru fjögur. Þema 1 var *fjölskyldan á tímum breytinga*. Fram komu ríkjandi hefðbundin viðhorf m.a. um að „hamingjunnar er að leita í fjölskyldulífi hvers og eins“. Meðal fróðlegra atriða voru viðhorf um mikilvægi þess að eignast börn og ábyrgð sem því fylgi; það sé hagkvæmt og nauðsynlegt, m.a. með (eigin) efri ár í huga; ungt fólk fresti makavali og barneignum en það lýsi ábyrgð og virðingu fyrir fjölskyldunni; konur axli mikla ábyrgð í fjölskyldumálefnum; tímaskortur sé helsti óvinur nútíma fjölskyldna; börn eigi rétt á tveim foreldrum og það verði að virða.

Þema 2 snerti *val milli eigin menntunar/starfsframa og barneigna/fjölskylduskuldbindinga*. Fram komu andstæð viðhorf, annars vegar áhersla á gildi þess að lifa frjálsu og skuldbindingarlausu lífi fram undir þrítugt, „ekkert liggur á“, en njóta menntunar og skemmtana. Hins vegar komu fram sjónarmið um að þessi röð skipti ekki máli, börn séu alltaf velkomin, „málin bjargast“. Önnur

þemu snertu (3) *viðhorf til sambúðarslita/skilnaðar* og (4) stjúptengsl[1] en um þau er ekki fjallað hér.

Aðferð

Markmið

Rannsóknin nær til ungmenna á landsvísu. Þátttakendur svöruðu umfangsmiklum spurningalista um atriði sem ekki hafa verið könnuð áður með þessum hætti á Íslandi. Nýmæli rannsóknarinnar felast einkum í upplýsingum um kynslóðasamskipti (ungmenni-foreldrar-afar/ömmur) og viðhorf til lífsgilda og fjölskyldumyndunar. Markmið rannsóknar er að fá heildarmynd af aðstæðum og viðhorfum ungs fólks í þessum efnum. Rannsóknarspurningin er tvíþætt: (1) *Hverjir eru lífshættir og lífsgildi ungmenna um tvítugt á Íslandi.* (2) *Hvað aðgreinir aðstæður og viðhorf skilnaðarungmenna frá þeim sem ekki hafa reynt skilnað foreldra*? Þekking um þessi atriði þjónar þeim tilgangi að (a) veita innsýn í líf ungs fólks, (b) efla skilning á nútíma mótunarferlum og áhrifum upplausnar í fjölskyldu, (c) fá mynd af þörf fyrir aðstoð. Auk þess að vera vegvísir um hvar frekari rannsókna er þörf á þessu sviði gætu niðurstöður gefið vísbendingar sem að gagni geta komið við stefnumótun í fjölskyldumálefnum.

Þýði

Þýðið var nemendur skráðir á þriðja ár í framhaldsskóla, að jafnaði fæddir 1987, úr öllum mennta- og fjölbrautarskólum landsins, alls 29 skólum. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni er heildarfjöldinn 4204 í árgangi 1987. Miðað við haustið 2004 má búast við að 26% árgangsins sé á vinnumarkaði en 74% í framhaldskóla og í þeim hluta séu 63% í skólum á höfuðborgarsvæðinu og 37% á landsbyggðinni. Úr þýðinu var tekið klasaúrtak og níu skólar valdir með einfaldri tilviljunaraðferð í úrtakið. Klasaúrtakið endurspeglar eðli skólanna, nemendafjölda og staðsetningu á landsvísu. Heildarfjöldi í úrtakinu var 1187 en 845 svöruðu sem færir 71,2% svarshlutfall.

---

[1] Afrakstur rýnihópa hefur verið kynntur á fagráðstefnu um fjölskyldumeðferð (Nordic Family Therapy Confrence) haustið 2005 og í fræðilegri grein (Kristín Guðmundsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Framkvæmd, gagnasöfnun og heimtur

Spurningalisti var unninn veturinn 2005-06 og varð samtals 81 spurning. Fyrri hlutinn er 50 spurningar sem snerta sjö efnisflokka, (1) *fjölskyldugerð og búsetu*, (2) *hlutverk og samskipti í nærfjölskyldu*, (3) *kynslóðatengsl*, frændgarð og fjartengsl (4) *líðan og félagsleg samskipti*, en í þeim hluta voru notaðar tvær staðlaðar spurningar sem mælitæki fyrir samanburð milli hópanna, (5) *fjölskyldumyndun*, (6) *lífsgildi og framtíðarsýn* og (7) v*iðhorf og þörf fyrir faglega aðstoð í skólum,* auk 9 spurninga um *lýðfræðilegar* upplýsingar. Í seinni hluti listans er 22 spurningum beint til þeirra sem höfðu reynslu af skilnaði foreldra. Spurningarnar snerta efnisatriðin (1) *aðstæður og samskipti* kringum *skilnaðarákvörðunina* (2) *líðan og stuðning* á skilnaðartímabilinu (3) *umgengnishætti og breytingar á högum* í kjölfar skilnaðar, og (4) *nýmyndun fjölskyldu*.

Drög að spurningalistanum voru prófuð í framangreindum rýnihópum og í nokkrum hópum háskóla- og framhaldskólanema í febrúar 2006. Rannsóknin var kynnt með bréfi og símtölum við (framhalds)skóla-stjórnendur í mars. Þessi vortími reyndist ekki sá heppilegasti, m.a. vegna páskaleyfis, prófa og sveitarstjórnakosninga. Eigi að síður náðist samþykki um samstarf í síðustu kennsluvikunum í öllum skólunum. Stjórnendur rannsóknarinnar fóru sjálfir í skólana og sáu um fyrirlögn í kennslustundum, í hádegishléi eða milli áfanga, en nutu dyggrar aðstoðar kennara, félagsráðgjafa og námsráðgjafa. Ríkulega veittur tískudrykkurinn Egils-Kristall hafði jákvæð áhrif á þátttöku ungmennanna.

Nokkur atriði úr niðurstöðum

Aðeins hluti af rannsóknargögnunum liggur nú fyrir í birtingarhæfu formi og því er hér aðeins sagt frá broti úr niðurstöðum. Greint er frá (1) fjölskyldugerð, búsetuhögum og sjálfstæði, (2) viðhorfum ungmenna og framtíðarsýn í því efni ásamt (3) sambúðarháttum foreldra eftir skilnað og (4) viðhorfum og reynslu af faglegri aðstoð.

Fjölskyldugerð, búsetuhættir og sjálfstæði

Langflest ungmenni í skóla um tvítugsaldur búa hjá foreldrum, ýmist hjá báðum, með stjúpforeldri eða hjá einstæðu foreldri, eins og fram kemur í töflu 1. Í samanburði við tölur úr (barna)fjölskyldurannsókn frá 1995 virðist hlutfall stjúp- og einforeldrisfjölskyldna hafa hækkað (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 1995). Þó nokkur hluti hefur þegar stofnað fjölskyldu og býr með kærasta/ustu á heimili foreldra en aðeins lítill hluti býr sjálfstætt. Þegar skoðuð er skipting eftir kyni er áhugavert að ungar konur eru líklegri til að

búa hjá foreldrum og sömuleiðis að þær búa þar með kærasta sínum frekar en piltar. Í töflu 2 sést að hlutfall ungra pilta sem búa heima hjá einstæðu foreldri er hins vegar hærra.

Tafla 1. Hvernig býrð þú? (n=848)

	Fjöldi	Hlutfall	Gilt hlutfall
Hjá báðum foreldrum	493	58,1	58,2
Hjá öðru foreldri	87	10,3	10,3
Hjá foreldri og stjúpforeldri	72	8,5	8,5
Er í sambandi og býr í foreldrahúsum	66	7,8	7,8
Er í sambandi og býr á eigin vegum	66	7,8	7,8
Býr ein/n eða með vinum/kunningjum	44	5,2	5,2
Hjá fósturforeldrum/ömmu og afa/ öðrum ættingjum	19	2,2	2,2
Svarar ekki	1	0,1	-
Alls	848	100%	100%

Tafla 2. Búsetufyrirkomulag eftir kyni (n=802)*

	Karl	Kona	Alls	Fjöldi
Hjá báðum foreldrum	40,4	59,6	100%	468
Hjá öðru foreldri	60,0	40,0	100%	80
Hjá foreldri og stjúpforeldri	35,3	64,7	100%	68
Er í sambandi og býr í foreldrahúsum	30,6	69,4	100%	62
Er í sambandi og býr á eigin vegum	19,0	81,0	100%	63
Býr ein/n eða með vinum/kunningjum	33,3	66,7	100%	42
Hjá fósturforeldrum/ömmu og afa/öðrum ættingjum	42,1	57,9	100%	19

*Kí-kvaðrat= 28,557, df=6, $p<0,05$

Þegar spurt er, eins og sýnt er í töflu 3, um með hverjum ungmenni telji æskilegt að búa segja flestir æskilegt að búa hjá foreldrum/ættingjum en það er þó mun minni hluti en sem í raun býr hjá foreldrum. Hinsvegar telur mun hærra hlutfall æskilegt að búa sjálfstætt, einn eða með vinum, en raunin var í eigin tilviki. Hér er líka munur á kynjunum í því að hærra hlutfall stúlkna en pilta telur æskilegt að búa í foreldrahúsum og/eða í sambúð, en þeir telja hins vegar sjálfstæða búsetu æskilegasta eins og sést í töflu 4. Langflest ungmennanna vildu búa í eigin húsnæði, um 40% í húsnæði á leigumarkaði eða sérstaklega ætlað ungu fólki.

Tafla 3. Með hverjum telur þú æskilegt að ungt fólk búi um og eftir tvítugt eftir kyni (n=699)*

	Karl	Kona	Alls	Fjöldi
Hjá foreldrum eða öðrum ættingjum	38,2	61,8	100%	275
Gift/ur eða í sambandi	37,2	62,8	100%	247
Býr ein/n, með vinum eða kunningjum	52,5	47,5	100%	177

*Kí-kvaðrat= 11,978, df=2, p<0,05

Tafla 4. Í hvernig húsnæði myndirðu vilja búa um og eftir tvítugt eftir kyni (n=768)

	Karl	Kona	Alls	Fjöldi
Í eigin húsnæði	39,1	60,9	100%	453
Leiguhúsnæði á almennum markaði	41,1	58,9	100%	141
Húsnæði á stúdentagörðum/ætlað ungu fólki	42,0	58,0	100%	157
Annað	29,4	70,6	100%	17

Kí-kvaðrat= 1,298, df=3, p=,797, ekki reyndist marktækur munur

Fram kom að þrátt fyrir að svo stór hópur búi í foreldrahúsum stundar meiri hluti (75%) framhaldskólanema einhverja vinnu með námi en fjórðungur fæst eingöngu við námið. Með þessa stöðu í huga er athyglisvert að skoða hversu háð eða sjálfstæð ungmennin eru þegar kemur að því að bera sjálf ýmsan kostnað af framfæri sínu. Í töflu 5 kemur fram að langflestir búa hjá foreldrum sér að kostnaðarlausu, þ.e. greiða ekkert eða lítið fyrir húsnæði. Aðeins 10% greiða talsvert fyrir húsnæði en 17% eru flutt að heiman. Nokkur hluti (41%) tekur lítillega þátt í fæðiskostnaði og jafnstór hluti alls ekki, en tiltölulega fáir (18%) greiða talsvert. Hins vegar greiða þau sjálf talsvert (71%) vegna fatakaupa og skemmtana en í mun minna mæli fyrir tómstundir og samgöngur.

Tafla 5. Greiðir þú sjálf/ur fyrir...? (n=848)

	Nei %	Já, lítillega %	Já talsvert %	Alls	Fjöldi
Fæði	41,2	41,1	17,8	100%	838
Húsnæði	85,2	4,2	10,5	100%	827
Fatnað	5,1	24,1	70,8	100%	843
Skemmtanir	2,7	13,1	84,2	100%	709
Tómstundir	18,3	22,2	59,5	100%	838
Samgöngur	21,2	30,2	48,6	100%	840
Annað	62,9	4,7	32,4	100%	170

Viðhorf til fjölskyldumyndunar

Spurt var um fyrirætlanir um að mynda fjölskyldu í framtíðinni og þá hvenær. Í töflu 6 sést að langflestir svara játandi og um 5% hafa þegar myndað fjölskyldu. Þó segist tæpur fjórðungur ekki hafa fastmótaðar skoðanir um hvenær. Meðal þeirra sem gefa upp skoðun í þessu efni er algengast að hugsa sér fjölskyldumyndun um 25 ára aldur, mun færri um þrítugt og örlítill hluti um eða eftir 35 ára. Hvað snertir barnsfæðingar eru þó næstum helmingi fleiri sem ekki hafa fastmótaðar hugmyndir, en þeir sem gefa upp skoðun segjast ætla að eiga tvö eða fleiri börn, eins og sjá má í töflu 7. Ástæðurnar fyrir því að eignast börn eru í yfirgnæfandi mæli taldar vera að það hafi tilfinningalegt gildi (96%) og að það gefi lífinu tilgang (84%) en síður ástæður eins og að eignast afkomendur, eiga vísa umhyggju á efri árum o.s.fr.v.

Tafla 6. Ætlar þú sjálf/ur að mynda fjölskyldu í framtíðinni (n=848)

	Fjöldi	Hlutfall	Gilt hlutfall
Já, um 20 ára aldur	20	2,4	2,6
Já, um 25 ára aldur	347	40,9	44,8
Já, um 30 ára aldur	156	18,4	20,2
Já, um 35 ára aldur	12	1,4	1,6
Já, öðru hverju megin við fertugt	4	0,5	0,5
Já en hef ekki fastmótaðar hugmyndir	192	22,6	24,8
Ég hef þegar myndað fjölskyldu	40	4,7	5,2
Nei	3	0,4	0,4
Óviss	41	4,8	-
Svarar ekki	33	3,9	-
Alls	848	100%	100%

Tafla 7. Ætlar þú sjálf/ur að eignast börn í framtíðinni (n=848)

	Fjöldi	Hlutfall	Gilt hlutfall
Já, 1 barn	15	1,8	2,0
Já, 2 börn	192	22,6	25,3
Já, fleiri en 2 börn	177	20,9	23,3
Já en hef ekki fastmótaðar hugmyndir	333	39,3	43,9
Á nú þegar barn/börn	29	3,4	3,8
Nei	13	1,5	1,7
Óviss	58	6,8	-
Svarar ekki	31	3,7	-
Alls	848	100%	100%

Breytingar á sambúðarháttum foreldra

Samkvæmt gögnunum hafa 24% ungmennanna sem þátt tóku í rannsókninni reynslu af skilnaði foreldra. Hér er ekki fjallað um þann hluta sem snertir skilnaðarreynsluna sjálfa en í töflu 8 kemur fram að þriðjungur feðra og 26% mæðra hóf nýja sambúð strax eða innan árs frá skilnaðinum. Áður en fjögur ár liðu frá skilnaði hafði 37% feðra og 34% mæðra hafið nýja sambúð. Um fjórðungur foreldranna (bæði mæður og feður) hafði farið í tvær eða fleiri sambúðir eftir skilnaðinn. Um 60% mæðra og 50% feðra hófu sambúð með aðila sem átti barn/börn fyrir þannig að stjúpsystkin komu til sögunnar. Einnig hafði allnokkur hluti eignast hálfsystkini, 45% feðra og 38% mæðra eignuðust börn með nýjum maka. Algengara er að börn búi hjá mæðrum eftir skilnað og þá reynir væntanlega meira á þegar hálf- og stjúpsystkini koma til sögunnar.

Í ljósi þessara fjölskyldubreytinga, sem áttu sér stað á ólíkum aldurskeiðum í lífi ungmennanna, er ekki langsótt að ætla að á þau hafi reynt og þau upplifað þörf fyrir aðstoð.

Tafla 8. Hófu foreldrar þínir nýja sambúð eftir skilnaðinn?

	Móðir		Faðir	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	41	28,7	31	22,6
Já, innan árs eftir skilnaðinn	37	25,9	43	31,4
Já, 1-4 árum eftir skilnaðinn	49	34,3	50	36,5
Já, síðar en 4 árum eftir skilnaðinn	16	11,2	13	9,5
Alls	143	100%	137	100%

Kí-kvaðrat= 1,675, df=3, p=,643. Ekki marktækni.

Þörf fyrir faglega aðstoð

Aðspurð um í hvaða af sex nefndum tilvikum ungmennin (heildarhópurinn) teldu sig hafa haft þörf fyrir aðstoð má sjá í töflu 9 að 65% nefndu þar tilfinningalega vanlíðan en þriðjungur hafði fengið aðstoð og svipaður fjöldi sagðist vilja hafa fengið aðstoð af þeirri ástæðu. Námserfiðleikar eru nefndir af rúmlega helmingi hópsins og einnig þar hefur um þriðjungur fengið aðstoð en um fjórðungur segjast vilja hafa fengið hana. Rúmur helmingur nefnir dauðsfall í fjölskyldu og þar hafa hlutfallslega fleiri fengið aðstoð. Af heildarhópnum merkja 18% við tilvikið skilnaður foreldra en af þeim segist rúmur helmingur hafa fengið en tæpur helmingur vilja hafa fengið aðstoð. Af töflunni má einnig sjá að að allt að 30% ungmenna vildu hafa fengið einhverskonar aðstoð sem þau ekki fengu.

Tafla 9. Í hvaða tilvikum hefur þú fengið/vildir hafa fengið aðstoð?

	Fékk aðstoð %	Hefði viljað fá aðst	Hef ekki upplifað %	Alls	Fjöldi
Dauðsfall í fjölskyldunni	33,1	21,0	45,9	100%	708
Skilnaður foreldra	6,5	11,2	82,2	100%	721
Ástarsorg*	18,5	18,5	63,2	100%	702
Tilfinningaleg vanlíðan	34,6	30,1	35,3	100%	717
Félagslegir erfiðleikar*	22,2	28,6	49,2	100%	716
Námserfiðleikar*	29,1	25,4	45,5	100%	736
Annað	39,3	9,8	50,8	100%	61

* Marktækur munur er á svörum kynjanna (p>0,05)

Í niðurstöðunum kom fram að tæpur helmingur ungmenna hefur leitað persónulegrar aðstoðar hjá fagaðila, eða 47,2%. Í töflu 10 sést að hlutfallslega fæstir höfðu notið aðstoðar félagsráðgjafa eða prests (11%), en mun algengari var aðstoð hjúkrunarfræðings eða sálfræðings (40%) og langalgengust var aðstoð námsráðgjafa (77%). Er þetta líklega í samræmi við aðgengi að þessari þjónustu í skólum. Þá var spurt um álit ungmenna á hvers konar þjónusta ætti að vera til staðar í grunn- og framhaldsskólum. Af töflu 11 má sjá að í grunnskólum telja langflestir (85-93%) að félagsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, námsráðgjafar og sérkennarar ættu að vera til staðar. Einnig er áhersla á jafningjafræðslu og skipulegt stuðningsnet (83%). Heldur færri (74%) telja að sálfræðingar ættu að vera þar. Hvað snertir framhaldsskóla kemur fram nokkuð önnur mynd og fróðleg, eins og sést á töflu 12. Hér er heldur minni áhersla á hjúkrunarfræðinga (74%), en hins vegar er heldur meiri áhersla á félagsráðgjafa (87%) og svipuð áhersla á sálfræðinga (75%).

Tafla 10. Hjá hvaða aðilum hefur þú leitað þér aðstoðar?

	Já %	Nei %	Alls	Fjöldi
Félagsráðgjafa	22,0	78,0	100%	377
Hjúkrunarfræðingi	40,3	59,7	100%	377
Námsráðgjafa	76,7	23,3	100%	377
Presti	11,4	88,6	100%	377
Sálfræðingi	44,3	55,7	100%	377
SÁÁ, áfengis- og vímuefnaráðgjafa	5,8	94,2	100%	377
Hjálparsíma Rauða krossins	1,1	98,9	100%	377
Umboðsmanni barna	0,8	99,2	100%	377
Öðrum	5,6	94,4	100%	377

Tafla 11. Hversu sammála eða ósammála að eftirfarandi fagaðilar ættu að vera í grunnskólum?

	Í grunnskólum			
Fagaðilar/aðstoð	Sammála %	Hvorki né %	Ósammála %	Fjöldi
Félagsráðgjafar*	85,3	0,7	2,5	790
Hjúkrunarfræðingar*	92,7	0,6	1,1	790
Námsráðgjafar*	92,5	4,5	1,1	791
Sálfræðingar*	73,9	4,8	6,7	790
Sérkennarar*	93,4	13,1	1,4	791
Regluleg jafningjafræðsla*	83,9	15,7	2,0	790
Skipulagt félaga- og stuðningsnet*	81,5	1,1	1,6	791
Aðrir/annað	66,7	0,0	14,6	48

* Marktækur munur er á svörum kynjanna ($p<0,05$)

Tafla 12. Hversu sammála eða ósammála að eftirfarandi fagaðilar ætti að vera í framhaldsskólum?

	Í framhaldsskólum			
Fagaðilar/aðstoð	Sammála %	Hvorki né %	Ósammála %	Fjöldi
Félagsráðgjafar*	86,5	11,4	2,0	787
Hjúkrunarfræðingar*	73,7	19,2	7,1	787
Námsráðgjafar*	95,8	3,2	1,0	788
Sálfræðingar*	75,4	19,3	5,3	789
Sérkennarar*	83,0	13,7	3,3	786
Regluleg jafningjafræðsla*	74,0	21,4	4,6	785
Skipulagt félaga- og stuðningsnet*	72,4	22,2	5,3	787
Aðrir/annað	51,3	30,8	17,9	39

* Marktækur munur er á svörum karla og kvenna ($p<0,05$)

Samantekt og umræða

Búsetuhagir endurspegla oft sjálfstæði eða fjölskyldubindingu. Hér reyndist meiri hluti beggja kynja búa í foreldrahúsum en þau telja jafnframt æskilegt og myndu sjálf vilja búa á eigin vegum, gjarnan í húsnæði sérstaklega ætlað ungu fólki. Þrátt fyrir að meiri hluti framhaldsskólafólks vinni með námi njóta þau stuðnings við grunnframfærslu í miklum mæli hjá foreldrum en virðast nota eigið aflafé til að kosta fatakaup og skemmtanir. Af þessu má sjá að skólafólk um tvítugt hefur mikinn hag af því að búa hjá foreldrum og eigi

því t.d. ekki frjálst val um raunverulegt sjálfstæði. Þeirri spurningu er þó ósvarað hvort hér er um kalt hagsmunaval að ræða eða „bönd sem binda".

Hugmyndir um fjölskyldumyndun sem hér koma fram gefa nokkuð aðra mynd en þá sem fram kom í rýnihópum. Í þeim var sterkur samhljómur um að „um eða eftir þrítugt" væri æskilegur tími fyrir fjölskyldumyndun. Í rannsókninni sjálfri er bæði meiri óvissa í þessu efni og aldursviðmiðið lægra, 25 ára. Hugsanleg skýring er að rannsóknarhópurinn er yngri og því hugmyndirnar e.t.v. ekki eins fastmótaðar. Hins vegar er samhljómur í hugmyndunum um barneignir, en þær voru afdráttarlaust jákvæðar og almennt talað um að minnsta kosti 2 börn. Hér má aftur sjá vísbendingar um að hagsmunir og tilfinningagildi fari ekki saman.

Svör við spurningum sem snerta þörf fyrir aðstoð í persónulegum málum sýna að algengt er að ungmenni hafi haft slíka þörf og oft ekki fengið þá aðstoð sem þau vildu. Nokkuð skýrar óskir komu fram um aðstoð fagfólks, bæði í grunn- og framhaldskólum, m.a. meiri áhersla á að þjónusta félagsráðgjafa sé til staðar í framhaldskólum. Búast má við að önnur atriði úr gögnum rannsóknarinnar, sem ekki hefur enn verið unnið úr, ekki síst þeim hluta sem snýr að ungmennum sem hafa reynt skilnað foreldra, geti gefið frekari vísbendingar um stöðu þessara mála, bæði um búsetuhagi, fjölskylduvensl og þörf fyrir faglega aðstoð.

Heimildir

Bauman, Z. (2000). *Liquid Modernity*. Cambridge: Polity Press.

Bauman, Z. (2004). *Liquid Lov*e. UK: Polity Press

Bourdieu, P. (1996). On the family as a realised category. *Theory, culture and society*, *13*(3), 19 – 26.

Beck-Gersheim, E. (2002). *Reinventing the family. In search of new lifestyles*. UK: Polity Press.

Caille, P. (2005). Er paret overflödig i det postmoderne samfunnet ? Í H. Hårtveit (Ritst.), *Perspektiver på Parforhold* (bls. 123-139). Oslo: Universitetsforlaget.

Hagstofan (2006). *Landshagir 2005*. Reykjavík: Hagstofan.

Hårtveit, H. (2005). Å arbejde med rammer. Í Håkon Hårtveit (Ritstj.), *Perspektiver på Parforhold,* (bls. 141-155). Oslo: Universitetsforlaget.

Kiecolt-Glaser, J. K. & Newton, T. L. (2001). Marriage and health: His and hers. *Psychological Bulletin, 127*, 472- 503.

Knoll, T. (2005). Nya familjer. Í Thomas Knoll og Ann-Karin Witt (Ritstj.), *Ensam tillsammans: Senmodernitet, gemenskap, individualisering,* (bls. 133-197). Lund: Studentlitteratur

Kristín Guðmundsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir (2006). Rýnihópar og rannsóknir í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa*, *1*(1), 73-80.

Lára Björnsdóttir (2006). Notendur eiga sjálfir að ráða þjónustunni. *Mbl,* 13. ágúst.

Lundblad, A. M (2005). *Kärlek och hälsa. Par-behandling i ett folkhälsoperspekiv.* Gautaborg: Nordiska högskolan för folkhälsovetenskap. Doktorsritgerð. Bls. 12-50 og 70-103.

McKiie, L., Cunningham-Burley S. og McKendrick, J. H. (2005). Í L. McKiie og S. Cunningham-Burley (Ritstj.), *Families in Society. Boundaries and relationships* (bls. 3-19). Great Britain: CRFR/Policy Press.

Owen, M. T (1997). Marital Conflict and the Development of Infant - Parent Attachment Relationship. *Journal of Family Psychology*, *11*, 152-164.

Robles, T. F. & Kiecolt-Glaser, J. K. (2003). The physiology of marriage. Pathways to health. *Physiology and behavior, 79*, 409-416.

Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, (2000). *Áfram foreldrar; Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigrún Júlíusdóttir (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf: Náin tengsl og uppeldisskilyrði barna.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Smithson, J. (2000). Using and analysing focus groups: limitations and possibilities. *International Journal Social Research Methodology, 3*(2), 103-119.

Wibeck, V. (2000). *Focusgrupper.* Lund: Studentlitteratur.

Willén H. & Thuen, F. (2002). Familj i förändring: Skilsmässa i ett folkhälsoperspektiv. *Nordisk Psykologi, 54*, 271-285.

Währborg, P. (2002). *Stress och den nya ohälsan.* Stokkholm: Natur &Kultur.

www.social.regeringen.se. Sótt 24. júlí 2006

Þakkir:

Eftirtöldum aðilum eru færðar bestu þakkir. Kennurum og öðru fagfólki í skólunum sem lentu í úrtakinu fyrir að gera kleift að framkvæma rannsóknina, en þeir voru: Fjölbrautarskóli Vesturlands, Verkmenntaskólinn Akureyri, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Iðnskólinn í Hafnarfirði, Fjölbrautarskóli Suðurnesja, Verzlunarskóli Íslands, Menntaskólinn við Sund, Borgarholtsskóli og Kvennaskólinn; nemendunum sem tóku þátt og svöruðu spurningalistunum; Chien Tai Shill, MSW, og Andreu Ósk Jónsdóttur, BA sem lásu handrit og aðstoðuðu við töfluvinnslu; styrktaraðilum, sem voru:

Rannís, Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóður Háskóla Íslands og Ölgerð Egils Skallagrímssonar.

Viðhorf til aldraðra

Sigurveig H. Sigurðardóttir

Mikil umræða hefur verið hér á landi að undanförnu um aðstæður eldra fólks. Hefur hún borið keim af forsjárhyggju og af því að aldraðir séu einslitur hópur sem nauðsynlegt sé að taka ákvarðanir fyrir. Allir vilja öldruðum vel, en viðhorf eru ólík og tillögur til úrbóta í málaflokknum eru oft byggðar á tilfinningu frekar en staðreyndum. Í umræðunni hefur mest borið á skoðunum annarra á hvað sé eldri borgurum fyrir bestu.

Viðhorf til hópa mótast af umræðu sem fram fer um stöðu þeirra og aðstæður í samfélaginu. Í bernsku mótast skoðanir okkar á eldra fólki og viðhorfin sem við höfum um aldraða af því umhverfi sem við lifum í. Sjálfsmynd einstaklingsins er einnig mótuð af umhverfinu sem hefur þannig áhrif á líðan hans og virkni.

Samfélagið skipar fólki í aldurshópa og setur um þá ákveðnar reglur og gefur þeim réttindi. Þó svo að fólk sé flokkað í hópa sem skilgreindir eru út frá aldri eru einstaklingarnir í hópunum ólíkir. Í umræðunni um eldri borgara og þjónustu við þá vill það oft gleymast að hópurinn er mjög ólíkur innbyrðis og því eldra sem fólk verður því ólíkari verða einstaklingarnir innan hópsins. Aldur í árum segir ekkert um þarfir og óskir einstaklinga. Samkvæmt lögum eru þeir skilgreindir aldraðir sem eru 67 ár og eldri (Lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999). Það gefur auga leið að mikill munur getur verið á áhugasviði, viðhorfi og áherslum einstaklinga sem eru 67 ára og 97 ára, þó svo að báðir teljist þeir til hóps aldraðra.

Í öldrunarfræðum er talað um þrenns konar aldur fólks, líkamlegan, andlegan og félagslegan aldur. Best er þegar þessir þrír öldrunarferlar fylgjast sem mest að því misræmi á milli þeirra getur leitt til erfiðleika fyrir einstaklinginn og vanda fyrir það kerfi sem veitir honum þjónustu. Líffræðilegi aldurinn segir til um hvernig einstaklingurinn er á sig kominn líkamlega, en sálræni aldurinn gefur til kynna hvernig sjálfsmynd fólks er og hvaða tilfinningu það hefur fyrir eigin aldri. Félagslegur aldur vísar til þeirrar tilfinningar sem einstaklingurinn upplifir í tengslum við samfélagið sem hann

býr í og er hann því gjarnan jafn gamall og samfélagið vill gera hann (Birren, 1964; Hoyer og Roodin, 2003; Berk, 2004).

Hér verður gerð grein fyrir því hvernig aldraðir meta viðhorfið til þeirra í samfélaginu. Umfjöllunin byggir á niðurstöðum rannsóknar sem gerð var árið 2005. Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um viðhorf og aðstæður aldraðra sem búa í heimahúsum og skapa þekkingu á þeim þáttum sem hafa áhrif á vellíðan á efri árum. Gildi félagslegra tengsla, samskipta við fjölskyldu og vini var skoðað og hvernig sú þjónusta sem í boði er frá hinu opinbera nýtist þjónustuþegum. Markmiðið var einnig að kanna hvernig öldruðum finnst vera komið fram við sig í samfélaginu, bæði viðhorf almennings og stjórnvalda og verður gerð grein fyrir niðurstöðum þess hér.

Viðhorf og fordómar

Þegar árið 1979 vakti Kalish athygli á því viðhorfi að aðrir teldu sig vita betur en eldri borgarar sjálfir hvað þeim er fyrir bestu. Hann nefndi þetta viðhorf „Nýja aldursfordóma“ (New ageism) og hélt því fram að margir þeir sem veita öldruðum þjónustu og rannsaka aðstæður þeirra leggi eigið mat á þann raunveruleika sem þeir telja að aldraðir búi við og ákveði hvaða þjónustu eldra fólk eigi að fá. Sérstaklega eru vandamál og erfiðleikar aldraðra skilgreindir og tekur umræðan oft mið af því (Andersson, 2003).

Tornstam (2006) telur að þetta viðhorf sem Kalish lýsti eigi rætur sínar hugsanlega að rekja til dulbúinnar fyrirlitningar á veikleika. Í samanburði hans á niðurstöðum rannsókna sem gerðar voru í Svíþjóð árið 1984 og árið 2002 kemur fram að viðhorf almennings til aldraðra hefur lítið breyst og er jafn mótsagnarkennt í dag og það hefur verið hingað til. Stór hluti þátttakenda í báðum könnununum vildu að 65 ára og eldri hefðu meira rými og aukin áhrif í samfélaginu. En jafnframt töldu þeir að enginn sem náð hafði 65 ára aldri ætti að sitja á þingi. Þessi mótsögn verður skiljanlegri þegar þessi afstaða og framkoma tengd aldursfordómum gagnvart eldra fólki eru samtvinnuð. Í nýrri flokkun (typology) um viðhorf til aldraðra kallar Tornstam eina af þessum formgerðum „Að vorkenna jákvætt“ (Pitying Positive). Með henni er reynt að sameina þær tilfinningar sem felast í fyrirlitningu á veikleika og þörfinni á að bera virðingu fyrir eldra fólki.

Hugtakið „ageism“ eða aldursfordómar var fyrst kynnt af bandarískа öldrunarfræðingnum Robert Butler á sjöunda áratugnum. Það vísar til staðlaðrar ímyndar og fordóma gegn fólki vegna þess að það er gamalt, alveg eins og kynþáttafordómar og kynjamisrétti verða til vegna húðlitar eða

kynferðis. Margir líta á aldraða sem illa á sig komna andlega og líkamlega og að þeir séu einungis byrði á samfélaginu en skili því engu. Þessi neikvæða ímynd er nokkuð sem fólk hefur mótað á unga aldri eða er tilkomið vegna áhrifa frá fjölmiðlum sem hamra á æskudýrkun. Neikvæð viðhorf eða fordómar eru oft á tíðum byggðir á þekkingarleysi (Andersson, 2003; Estes, Biggs og Phillipson, 2003).

Talið er að eldri konur verði oftar fyrir fordómum en eldri karlmenn. Viðhorf samfélagsins, að allir eigi að vera ungir, frískir og fallegir hefur meiri áhrif á konur og gerir það að verkum að þeim finnst þær oft vera gagnslausar og einskis nýtar þegar aldurinn færist yfir (Arber og Ginn, 1991; Cook, Maltby og Warren, 2004). Konur hafa meiri áhyggjur af útliti sínu en karlar og hafa meiri þörf fyrir að fara í fegrunaraðgerðir. Þær svara þannig kröfum samfélagsins um að unglegt útlit sé æskilegt. Rannsóknir sýna að karlar eru á heildina litið ánægðari með útlit sitt en konur og breytist það lítið með hækkandi aldri. En þessi munur minnkar með aldrinum á þann veg að konur í elstu aldurshópunum eru ekki óánægðari með útlit sitt en karlar. Munurinn á kynjunum er því hverfandi í elstu aldurshópunum (Öberg og Tornstam, 1999).

Aldursfordóma má greina víða í samfélaginu. Þá má t.d. sjá á vinnumarkaði, þar sem eldri borgarar fá ekki sömu tækifæri og yngri starfsmenn vegna aldurs síns. Fólk hættir launuðu starfi á ákveðnum aldri þó svo að það hafi getu og vilja til að sinna starfi sínu lengur. Eldri starfsmenn verða einnig fyrir því að þeim er ekki treyst á sama hátt og þeim sem yngri eru. Þeir eru taldir lélegri vinnukraftur, hægari í hugsun og hreyfingu. Það hefur þó sýnt sig að í mörgu störfum halda eldri starfsmenn vel í við þá yngri og bæta þverrandi snerpu upp með þekkingu sinni og reynslu (Hoyer og Roodin, 2003). Neikvætt viðhorf gagnvart eldri starfsmönnum hefur víða verið gagnrýnt. Margar þjóðir hafa farið þá leið að setja lög þess efnis að ekki megi mismuna fólki og segja því upp vinnu fyrir aldurs sakir. Nýtt dæmi um setningu laga til að tryggja eldra fólki jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna á vinnnumarkaði eru lög um aldursfordóma sem taka gildi í Bretlandi í október 2006. Þar er m.a. kveðið á um að ekki megi neita að ráða fólk vegna aldurs eða neita því um þjálfun og stöðuhækkun. Ekki má segja fólki upp störfum vegna aldurs áður en lögboðnum eftirlaunaaldri er náð, nema réttmætrar ástæður liggi fyrir. Þessi lög eru talin hafa áhrif á stöðu og viðhorf til starfsmanna 50 ára og eldri en einnig til þeirra sem eru yngri en 25 ára (Employment Equality (Age) Regulations, 2006). Þessi lög eru sett fyrir tilstuðlan Evrópusambandsins, sem hefur beitt sér fyrir að sambandsríkin

setji lög til að tryggja jafnrétti borgaranna á hvaða aldri sem þeir eru (The Employment Equality Directive, 2000).

Viðhorf og samfélag

Þau viðhorf hafa verið ríkjandi að þjónusta við aldraða sé of kostnaðarsöm fyrir samfélagið og að það hafi ekki efni á að veita eldri borgurum viðeigandi þjónustu. Þetta viðhorf getur skapað vanlíðan og óöryggi og getur leitt til þess að aldraðir líti á sig sem vandamálahóp sem sé samfélaginu til byrði. Það hefur þó verið sýnt fram á að fjárhagsleg staða eldri borgara hér á landi er yfirleitt nokkuð góð og meirihluti aldraðra eru ekki þeir ölmusuþegar sem þessi viðhorf gefa til kynna. Í rannsókn sem gerð var af Gallup fyrir Heilbrigðisráðuneytið árið 1999 kom fram að 75 % fólks á aldrinum 65-80 ára sögðust sjaldan eða aldrei hafa fjárhagsáhyggjur (Heilbrigðis- og tryggingamálaráðneytið, 1999). Það sýnir að hópurinn telur sig komast nokkuð vel af með það fjármagn sem hann hefur til ráðstöfunar. Það hafa jafnvel verið leiddar líkur að því að aldraðir framtíðarinnar munu með skattgreiðslum geta sjálfir sem hópur staðið straum af framfærslu sinni og þeirri þjónustu sem þeir nýta mest, ef tekið er mið af fjárhagslegri stöðu þeirra og framlagi til samfélagsins (Ásmundur Stefánsson, 2004).

Þrátt fyrir að aldraðir séu almennt við betri heilsu en jafnaldrar þeirra voru fyrir tuttugu árum er það staðreynd að margir eiga við heilsuleysi að stríða á efri árum og þarfnast þjónustu og aðhlynningar fagfólks. Búast má við að stærra hlutfall heilbrigðisstarfsmanna muni sinna öldrunarþjónustu í framtíðinni. Hingað til hefur starf með öldruðum ekki verið hátt skrifað, það hefur þótt illa launað og óspennandi (Askham, 2005; Sigurveig H. Sigurðardóttir, 2006). Margir nemendur sem stunda nám í heilbrigðisgreinum hafa myndað sér neikvæða skoðun á starfi í þágu aldraðra áður en þeir hefja námið. Rannsóknir hafa sýnt að aukin menntun á sviði öldrunarfræða og fræðsla um aðstæður aldraðra hafa breytt viðhorfi nemenda og orðið til þess að fleiri sækjast nú eftir að starfa með þessum aldurshópi. Það að gefa nemendum kost á að kynnast þjónustu við aldraðra minnkaði einnig fordómana. Það er því mikilvægt að efla menntun heilbrigðisstarfsmanna í öldrunarfræðum og kynna nemendum í heilbrigðisgreinum þennan málaflokk eins snemma í náminu og kostur er. Einnig er mikilvægt að gefa sem flestum kost á verknámi á sviði öldrunarþjónustu (Askham, 2005; Lovell, 2006).

Rannsóknir hafa verið gerðar á umfjöllun fjölmiðla erlendis um málefni aldraða. Það vekur athygli að yfirleitt er lítið fjallað um aldraða í fjölmiðlum

og sú litla umfjöllun sem fram fer snýst að mestu um að aldraðir séu heilsulausir, hafi minnkandi færni og séu byrði á samfélaginu. Einnig er fjölmiðlum tamt að segja frá eldra fólki sem nær ákveðnum áfanga *þrátt* fyrir aldur sinn og það að fólk nái óvenjuháum aldri er einnig fréttaefni. Flestar rannsóknir sýna að umfjöllun fjölmiðla er einhæf og gefur frekar neikvæða mynd af öldruðum. Fjölmiðlar hafa verið gagnrýndir fyrir að mismuna eldra fólki með því að gera það ósýnilegt eða fjalla um það á þann hátt að það þyki frábrugðið öðrum þjóðfélagsþegnum (Andersson, 2003).

Fordómafullt viðhorf getur beinst bæði gegn eldra fólki og síðasta tímabili ævinnar, ellinni. Aldraðir geta sjálfir haft fordóma gagnvart því að eldast. Það getur m.a. verið tilkomið vegna þess viðhorfs sem þeir telja að aðrir hafi til þeirra og getur það veikt sjálfsmynd þeirra.

Framkvæmd rannsóknar

Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um viðhorf og aðstæður aldraðra sem búa í heimahúsum og kanna hvernig öldruðum finnst vera komið fram við sig í samfélaginu, bæði viðhorf almennings og stjórnvalda. Í rannsókninni voru notaðir rýnihópar (focus groups). Þetta er eigindleg rannsóknaraðferð þar sem tekin eru viðtöl við hópa fólks (rýnihópa). Í hópunum fá viðmælendur tækifæri til að tjá skoðanir sínar og viðhorf til þeirra þátta sem verið er að rannsaka. Með umræðum í hópunum fæst álit þátttakenda og ástæður fyrir skoðunum þeirra. Hefur þessi aðferð gefist vel í rannsóknum þar sem leitast er við að skýra viðhorf ákveðinna hópa. Ekki er hægt að alhæfa um viðhorf aldraðra út frá þessum niðurstöðum, en þær gefa ákveðnar vísbendingar (Morgan, 1996; Billinger, 2005).

Þátttakendur í rýnihópunum voru alls 46, 26 konur og 20 karlar á aldrinum 66-90 ára. Hóparnir sem rætt var við voru sjö, fjórir hópar kvenna og þrír hópar karla og voru fjórir til níu þátttakendur í hverjum hópi. Til að ná til þátttakenda var leitað til forstöðumanna í félagsstarfi aldraðra og kirkjusöfnuðum sem kynntu rannsóknina fyrir öldruðum gestum á samkomum. Rannsakandi fór einnig sjálfur og sagði frá verkefninu. Í nokkrum tilvikum komu þátttakendur með vinum sínum í viðtalið svo segja má að aðferðir við val á þátttakendum hafi verið fjölbreyttar, allt frá því að auglýst var eftir viðmælendum og fólk hvatt til þátttöku til snjóboltaúrtaksins, þar sem einn bendir á annan (Billinger, 2005; Wibeck, 2000). Lögð var áhersla á að fá fólk í rýnihópana sem var tilbúið til að tjá sig um aðstæður aldraðra. Þátttakendur voru flestir við góða heilsu og bjuggu allir í almennu

íbúðarhúsnæði, eigin íbúðum eða í leiguíbúðum. Við greiningu gagna var þess gætt að hlusta eftir samræðum og skoðanaskiptum í hópunum og þeim þáttum sem komu fram í viðtölunum gerð skil. Viðtölin fóru fram frá október 2004 - mars 2005.

Niðurstöður rannsóknar

Umræðan í rýnihópunum benti til þess að viðhorfið til aldraðra væri neikvætt og að fordómar gegn eldra fólki væru til staðar. Þátttakendur töldu að mikil æskudýrkun væri í samfélaginu sem gerði það að verkum að gömlu fólki fyndist það verða minna virði en aðrir þjóðfélagsþegnar. Það hefði neikvæð áhrif á sjálfsvirðingu þess.

Þetta viðhorf var m.a. talið ríkjandi á vinnumarkaðnum þar sem öldruðum væri gert að hætta við ákveðinn aldur án þess að tillit væri tekið til vilja þeirra, getu og framlags. Viðmælendur voru flestir hlynntir því að aldraðir fengju að vinna lengur en til 70 ár aldurs, ef þeir hefði heilsu til. Það þótti ósanngjarnt að miða starfslok við ákveðinn aldur og æskilegt að þeir sem vildu fengju að vinna til 80 ára aldurs. Sveigjanleg starfslok og léttari verkefni síðustu starfsárin voru æskilegir valkostir. Það að hvetja stórfyrirtæki til að ráða fólk á ólíkum aldri og umbuna þeim fyrir það var talið geta minnkað kynslóðabilið og geta komið í veg fyrir neikvætt viðhorf og fordóma gagnvart öldruðum. Greinilegt var að fólk var ánægðara ef það gat sjálft haft áhrif á hvenær launuðu starfi lauk. Sú ráðstöfun gerði það að verkum að fólki fannst það halda sjálfstæði sínu og virðingu.

Framkoma starfsmanna og stjórnenda þjónustu við eldri notendur þótti oft óásættanleg og kvartað var undan því að ekki væri tekið tillit til þarfa og óska aldraðra. Voru nefnd dæmi þess að litið væri niður *á þessa gamlingja* og að það hefði gleymst að þjónustuþegarnir *væru fólk sem hefur unnið í ábyrgðarstöðum, og heldur fullum vitsmunum með alla sína reynslu*. Þótti viðmælendum oft vanta á að eldra fólki væri sýnd nægileg virðing og tillitssemi.

Hvetja þarf yngra fólk til að bera meiri virðingu fyrir eldra fólki. Það getur einnig minnkað kynslóðabilið ef samband kynslóða á milli er ræktað með fleiri samverustundum. Að mati þátttakenda þurfa aldraðir að leggja sitt af mörkum og hafa frumkvæði af þeim samskiptum en ekki ætlast til þess af yngra fólkinu að það hafi alltaf hugsun á því.

Það að aldraðir þyrftu að fá afslátt af ýmsum varningi og þjónustu og *strætóspjöld í öðrum lit en aðrir* þótti heldur niðurlægjandi og ýta undir neikvætt viðhorf til þessa aldurshóps. Þess í stað væri æskilegra að aldraðir hefðu

nægilegar ráðstöfunartekjur og gætu greitt fyrir sig fullt verð eins og aðrir fullorðnir í samfélaginu. Hugtakið ellilífeyrir var nokkuð rætt og þótti það niðurlægjandi og töldu margir að framtíðarkynslóðir myndu ekki láta bjóða sér margt af því sem gömlu fólki er boðið í dag.

Nokkrar umræður voru um ört vaxandi hóp aldraða í samfélaginu og hvor hægt væri að veita þeim öllum viðunandi þjónustu í framtíðinni. Var það fólki áhyggjuefni að ekki væru til næg úrræði fyrir fólk sem þarfnaðist aðstoðar. Rætt var um að þar sem hópurinn er alltaf að stækka þyrfti hann að láta meira að sér kveða í samfélaginu, taka meiri þátt og hafa áhrif á hvernig búið er að öldruðum. Þannig gæti hann haft meiri áhrif á hvaða þjónustuúrræði stæðu til boða og einnig haft áhrif á viðhorfsmótun fólks til aldraðra. Það var mat viðmælenda að fólk áttaði sig ekki á fordómum í garð aldraðra fyrr en það yrði sjálft gamalt.

Niðurlag

Aldur er afstætt hugtak. Allur aldur, hvort sem um er að ræða ungan aldur eða háan aldur tekur mið af viðhorfi umhverfisins og þeim reglum sem gilda í samfélaginu. Þannig er 18 ára talinn of gamall til að læra að verða balletdansari og 50 ára talinn of ungur til að fara á eftirlaun og fá greitt úr opinberum eftirlaunasjóðum (Overall, 2006). Það samfélag sem einstaklingurinn býr í hefur áhrif á upplifun hans á eigin aldri.

Viðhorf og viðmót samferðamanna til eldri borgara hefur mikil áhrif á hvernig þeim líður og hvers virði þeim finnst þeir vera. Leiða má líkur að því að félagslegi aldurinn, þ.e. viðhorf og reglur umhverfisins hafi breyst hægar í okkar samfélagi en líkamlegur og andlegur aldur fólks. Heilsa, geta og færni þeirra sem eru aldraðir hefur farið batnandi á undanförnum árum og er búist við að svo verði áfram (Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2003). Samfélagið skilgreinir þá sem eru 67 ára sem aldraða, þó svo að þeim finnist þeir sjálfir alls ekki gamlir, hvorki andlega né líkamlega. Þarna hefur því orðið misvægi á skilgreiningum samfélagsins og raunverulegum aðstæðum og upplifun eldra fólks.

Hér á landi hætta aldraðir vinnu við 70 ára aldur hvort sem þeir hafa vilja eða getu til að halda áfram störfum. Þetta getur haft áhrif bæði á sjálfsmynd aldraðra og viðhorf samfélagsins til þeirra. Að vera 70 ára fyrir áratug er annað en að vera 70 ára í dag. Sá sem varð sjötugur fyrir áratug var orðinn gamall en nú er stór hluti þeirra sem ná þeim aldri við góða heilsu og finnst hann ekki vera gamall þrátt fyrir að æviárin séu mörg.

Spyrja má hvaða áhrif sérlög hafa á viðhorf til aldraðra. Fyrstu lögin um málefni aldraðra sem tóku gildi árið 1983 voru sett í þeim tilgangi að tryggja öldruðum þjónustu (Lög um málefni aldraðra nr. 91/1982). Á sínum tíma var setning laganna mikið framfaraskref sem hafði áhrif á skipulag þeirrar þjónustu sem í boði var fyrir aldraða (Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1985). Það kann að orka tvímælis í dag að setja alla sem eru 67 ára og eldri undir einn hatt án þess að tekið sé tillit til aðstæðna þeirra og heilsu. Það er ekkert sem gefur til kynna að við þau aldursmörk verði það miklar breytingar á aðstæðum og færni einstaklingsins að það réttlæti sérstaka flokkun. Eldra fólk í dag er einnig við betri heilsu en það var þegar fyrstu lögin voru sett. Mörgum kann einnig að finnast það niðurlægjandi að vera með þessum hætti dreginn í dilk og tilheyra hópi með sérþarfir (Ástríður Stefánsdóttir og Vilhjálmur Árnason, 2004). Það er því ástæða til að endurskoða lögin um málefni aldraðra með breyttar aðstæður í huga.

Til að skapa jákvæðara viðhorf til aldraðra í samfélaginu þarf að upplýsa fólk betur um aðstæður þeirra, skoðanir og vilja. Í þeirra hópi eru fjölmargir einstaklingar með mikla reynslu úr lífinu sem eru betur til þess fallnir en nokkur annar að kynna málaflokkinn. Félög eldri borgara hafa þegar lyft grettistaki við að skapa jákvæðari ímynd af eldri borgurum. Til að vinna gegn fordómum gegn öldruðum er mikilvægt að gera ungu fólki grein fyrir því hvernig slík viðhorf mótast og kenna því að bera virðingu fyrir eldra fólki. Þarna geta fjölmiðlar t.d. sýnt fordæmi með því að efla jákvæða umræðu og kynningu á málefnum aldraðra. Fjölskyldufræðsla í skólum um öll æviskeið skapar skilning á að hvert aldursskeið hefur sína veikleika og styrkleika. Því til viðbótar er mikilvægt að börn og unglingar fái tækifæri til að kynnast eldra fólki, læra af reynslu þeirra og fræðast um liðna tíð. Æskilegt er að kynslóðirnar umgangist hvor aðra sem mest því minni hætta er á að fólk hafi fordóma gagnvart þeim sem það hefur kynnst af eigin raun.

Heimildir

Andersson, L. (2002). Ålderism. Í Andersson, L. (Ritstj.), *Socialgerontologi* (bls. 104-127). Lund: Studentlitteratur.

Arber, S. og Ginn, J. (1991). *Gender and Later Life. A Sociological Analysis of Resources and Constraints*. London: Sage Publications.

Askham, J. (2005). The role of professional education in promoting the dignity of older people. *Quality in Aging - Policy practice and recearch, 6*(2), 10-16.

Ásmundur Stefánsson (2004). *Aldraðir yfirstétt framtíðarinnar*. Erindi flutt á morgunverðarfundi Tryggingarstofnunar ríkisins, 28. september 2004. Sótt 10. september 2005 af http://www.tr.is/

Ástríður Stefánsdóttir og Vilhjálmur Árnason (2004). *Sjálfræði og aldraðir í ljósi íslenskra aðstæðna*. Reykjavík: Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan.

Berk, L. E. (2004). *Development Through the Lifespan* (3. útgáfa). Boston: Allyn & Bacon.

Billinger, K. (2005). Fokusgrupper - en datainsamlingsmetod. Í Larsson, S., Lilja. J. og Mannheimer, K. (Ritstj.), *Forskningsmetoder i socialt arbete*. Lund: Studentlitteratur.

Birren, J. E. (1964). The psychology and aging. New Jersey: Prentice-Hall.

Cook, J., Maltby, T. og Warren, L. (2004). A participatory approach to older women´s quality of life. Í Walker, A. og Hennessy, C. H. (Ritstj.), *Growing Older. Quality of life in old age* (bls.149-166). New York: Open University Press.

Employment Equality (Age) Regulations (2006). Sótt 11. júlí 2006 af heimasíðu Department of Trade & Industry, Bretlandi. http://www.dti.gov.uk/employment/discrimination/age-discrimination/index.html.

Estes, C. L., Biggs, S. og Phillipson, C. (2003). *Social Theory, Social Policy and Ageing. A critical introduction*. Berkshire: Open University Press.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. (1999*). Viðhorfskönnun meðal aldraðra og skoðun á fleiri þáttum er lúta að kjörum aldraðra og lífsmáta þeirra. Unnið af Gallup fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið í tilefni árs aldraðra, mars 1999*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 10. ágúst 2005 af http://heilbrigdisraduneyti.is/interpro/htr/htr.nsf/pages/ritasafn-malefni-aldradra

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (2003). *Skýrsla stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015*. Reykjavík: Höfundur.

Hoyer, W. J. og Roodin, P. A. (2003). *Adult Development and Aging* (5. útgáfa). New York: McGraw-Hill.

Lovell, M. (2006). Caring for the elderly: Changing perceptions and attitudes. *Journal of Vascular Nursing*, 22-26.

Lög um málefni aldraðra nr. 91/1982.

Lög um málefni aldraðra nr.125/1999.

Morgan, D. L. (1996). Focus Groups. *Annual Review of Sociology, 22,* 129-152.

Overall, C. (2006). Old Age and Ageism, Impairment and Ableism: Exploring the Conceptual and Material Connections. *NWSA Journal, 18*(1), 126-137.

Sigurveig H. Sigurðardóttir. (1985). Äldreomsorgen i Island. *Nordisk Socialt Arbeid, 3*(5), 44-49. Oslo: Universitetsforlaget, Nordiske Sosionom-forbunds Samarbeidskomité.

Sigurveig H. Sigurðardóttir (2006). Aldraðir og félagsráðgjöf – fræðin og framtíðin. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (Ritstj), *Heilbrigði og heildarsýn. Um félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu.* Reykjavík: Háskólaútgáfan (Í prentun).

The Employment Equality Directive 2000/78/EC. Sótt 11. 7. 2006 af http://ec.europa.eu/employment_social/news/2001/jul/dir200078_en.html

Tornstam, L. (2006). The Complexity of Ageism. A Proposed Typology. *International Journal of Aging and later Life, 1,* 43-68.

Wibeck, V. (2000). *Fokusgrupper. Om fokuserade gruppintervjuer som undersöknings-metod.* Lund: Studentlitteratur.

Öberg, P. og Tornstam, L. (1999). Body images among men and women of different ages. *Ageing and Society, 19*, 629-644.

Af hverju vinnur fólk sjálfboðaliðastörf?

Steinunn Hrafnsdóttir

Á Íslandi er rík hefð fyrir sjálfboðaliðastörfum og félagsaðild er mikil. Í rannsókn Steinunnar Hrafnsdóttur (2005, 2006a, 2006b) sögðust 40.3% þátttakenda hafa unnið sjálfboðaliðastörf á síðastliðnu ári. Í Evrópsku lífsgildakönnuninni árið 1999 sögðust 37% þátttakenda hafa unnið sjálfboðaliðastörf. Í sömu könnun kom fram að félagsaðild á Íslandi var 2.21% árið 1999 og hafði hún aukist frá árinu 1990 þegar hún var 1.85%. Rannsóknir benda til að stórt hlutfall almennings á Norðurlöndum taki þátt í sjálfboðastarfi (Halman, 2001; Gaskin og Smith, 1995; Wollebæk og Selle, 2000). En af hvaða ástæðum skyldu Íslendingar taka þátt í sjálfboðaliðastörfum og eru þær ástæður svipaðar og í öðrum löndum?

Rannsóknir á ástæðum þess að fólk stundar sjálfboðaliðastörf hafa færst í vöxt á síðastliðnum árum, þó ekki hafi verið gerðar margar slíkar á Norðurlöndum. Þær rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar hafa ekki síst verið notaðar til að gera starfsemi frjálsra félagasamtaka skilvirkari og bæta hana ef þurfa þykir. Þannig er unnt með rannsóknum að komast að því hvað höfðar til þeirra sem vinna sjálfboðastörf, hvernig umbuna má sjálfboðaliðum og hvernig megi hvetja fólk til sjálfboðastarfa. Einnig geta slíkar rannsóknir aðstoðað frjáls félagasamtök við að halda í sjálfboðaliða og laða þá að samtökunum (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997).

Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á ástæðum þess að fólk vinnur sjálfboðaliðstörf benda til þess að það sé sambland ýmissa ástæðna sem liggja þar að baki. Það fer til dæmis eftir eðli sjálfboðastarfa, aðstæðum fólks og fyrir hverskonar félagasamtök fólk vinnur. Margir þeirra sem eru sjálfboðaliðar telja sig geta komið góðu til leiðar, vilja breyta og bæta samfélagið um leið og þeir öðlast reynslu og þroska, aðrir líta á þetta sem siðferðilega skyldu. Sumir hafa sigrast á erfiðleikum og vilja miðla af reynslu sinni. Aðrir eru áhugamenn um tiltekin málefni og vilja koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Hefðir, menning og tíðarandi skipta einnig máli varðandi þær ástæður sem eru gefnar upp fyrir því að vinna sjálfboðastörf (Sjá t.d. Davis Smith, 1996; Habermann, 2001).

Áður fyrr var ekki viðurkennt að oft eru flóknar og misjafnar ástæður fyrir því að fólk vinnur sjálfboðastörf og sú trú ríkti að fólk ynni slík störf eingöngu af hugsjón eða fórnfýsi (altruism). Í dag er mun meiri umræða í sjálfboðafræðunum varðandi það að margar ástæður liggi að baki sjálfboðastörfum og fólk vinni einnig slík störf af í einstaklingsmiðuðum og hagnýtum tilgangi (Davis Smith, 1996).

Í erindinu verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum rannsóknar sem meðal annars fjallar um ástæður þess að fólk vinnur sjálfboðastörf og hvaða ávinning það hefur af því. Einnig verður skýrt frá því hvers vegna fólk vinnur ekki sjálfboðaliðastörf. Niðurstöður verða greindar eftir kyni, aldri og menntun og bornar saman við rannsóknir frá Íslandi og öðrum löndum.

Tilgangur og rannsóknaraðferð

Rannsóknin er hluti af stærra rannsóknaverkefni þar sem markmiðið er að auka fræðilega og hagnýta þekkingu á eðli, skipulagi, framlagi, hlutverki og umfangi sjálfboðaliðastarfa á Íslandi. Rannsóknin er styrkt af Vísindasjóði Rannsóknaráðs Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands.

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna þátttöku og viðhorf fólks til sjálfboðaliðastarfa. Rannsóknin var gerð í byrjun árs 2005. 1500 manna úrtak á aldrinum 18-80 ára af öllu landinu var valið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Erlendir spurningalistar frá Englandi og Kanada voru þýddir og aðlagaðir íslenskum aðstæðum, til að samanburður fengist á milli landa. Gagna var aflað með símakönnun. 825 svöruðu og var svarhlutfall 58 prósent sem telst viðunandi miðað við umfang spurningalistans og aðferð við öflun gagna. IMG Gallup sá um framkvæmd könnunarinnar og gerði tölulega frumskýrslu úr gögnunum.

Í rannsókninni er lögð áhersla á að afla sem ítarlegastra gagna um þátttöku og viðhorf fólks til sjálfboðastarfa. Sjálfboðastörf voru skilgreind sem öll þau störf sem unnin eru í þágu annarra en eigin fjölskyldu og eru unnin á vegum frjálsra félagasamtaka og stofnana án þess að greitt sé fyrir þau. Spurt var hvort fólk hefði unnið sjálfboðastörf á síðastliðnum 12 mánuðum, hversu margar klukkustundir á ári sjálfboðastörfum var sinnt, fyrir hvers konar samtök og stofnanir var unnið og hvers konar sjálfboðastarf var unnið. Einnig var spurt um hvernig fólk kynntist sjálfboðasamtökunum, ástæður þess að það tók þátt í þeim, hvort það hefði hlotið þjálfun á vegum samtakanna, hvort eftirlit, stuðningur og ráðleggingar hefðu

verið fullnægjandi af hendi samtakanna og hvaða persónulegan ávinning þau teldu mikilvægastan fyrir sig með þátttöku í sjálfboðastörfum. Þá var spurt um hvers vegna fólk ynni ekki sjálfboðastörf og hvort fólk myndi vinna sjálfboðastörf ef það væri beðið um það. Að lokum voru nokkrar spurningar um viðhorf fólks til sjálfboðastarfa svo sem hvort sjálfboðaliðar hefðu annað fram að færa en launaðir sérfræðingar, hvort allir hefðu þær siðferðilegu skyldur að vinna sjálfboðastarf einhvern tíman í lífinu og hvort sjálfboðastarf væri ógn við launað starf og notað til að skera niður fjárframlög til hins opinbera. Greiningabreytur voru kyn, aldur, búseta, menntun, fjölskyldutekjur, fjölskyldumynstur og starf.

Rannsóknir á ástæðum þess að fólk vinnur sjálfboðaliðastörf

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á ástæðum þess að fólk vinnur sjálfboðastörf. Algengt hefur verið að skoða ástæður þess að fólk vinni sjálfboðastörf með mælitæki sem þróað var af Clary, Snider og Ridge 1992 og kallast *The Volunteer Function Inventory*. Þetta mælitæki hefur verið notað á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997; Habermann, 2001; Lorentzen og Rogstad, 1994). Niðurstöður rannsókna þar sem þessu mælitæki hefur verið beitt eru svipaðar á öllum Norðurlöndunum. Það sem kallast persónulegt verðmæta-mat/gildismat er helsta ástæða þess að þátttakendur sögðust stunda sjálfboðastörf. Þessi ástæða flokkast undir óeigingjarnar ástæður (altruism), það að vilja láta gott af sér leiða án þess að hugsa um að fá eitthvað í staðinn. En aðrar ástæður sem hafa verið flokkaðar sem eigingjarnar eða hagnýtar ástæður, vógu einnig mjög þungt. Þar má helst nefna að öðlast skilning á ákveðinni starfsemi eða sjálfum sér með því að taka þátt í sjálfboðastarfi. En einnig það að hafa ánægju af því að hjálpa öðrum og finnast þeir þá gegna mikilvægu hlutverki. Þátttakendur sögðu í minna mæli að þeir ynnu sjálfboðastörf til þess að fá félagsskap, til að hafa áhrif og völd og til að bæta atvinnumöguleika sína eða starfsframa (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997; Habermann, Henriksen, Ibsen og Koch-Nielsen, 2006). Unnt er að nota ýmsar aðrar aðferðir við að mæla ástæður þess að fólk vinnur sjálfboðastörf og bent hefur verið á verið geti að þáttakendur hafi tilhneigingu til að leggja of mikla áherslu á óeigingjarnar ástæður (altruism) vegna þess að það sé viðurkenndara í samfélaginu heldur en að láta stjórnast af einstaklingmiðuðum þörfum (Habermann ofl., 2006) Þó ber að geta þess að sambærilegar rannsóknir þar sem önnur mælitæki hafa verið notuð benda

einnig til þess að óeigingjarnar ástæður (altruism) vegi þyngst þegar fólk er spurt af hverju það stundi sjálfboðastörf en aðrar ástæður vega einnig þungt. Þar má til dæmis nefna þörf fyrir félagsskap, löngun til að læra eitthvað nýtt, fá mikilvægt hlutverk í samfélaginu, bæta stöðu sína á vinnumarkaði og fleira. Í samantekt Habermann (2001) kemur fram að þrjú atriði einkenni niðurstöður rannsókna á ástæðum þess að fólk vinni sjálfboðaliðastörf.

1) Fólk vinnur sjálfboðaliðastörf af mörgum ástæðum (motiv mix). Það getur verið af hugsjón, fórnfýsi (altruism), vegna eigin þarfa, vegna áhuga á málefninu eða byggt á eigin lífsaðstæðum eða annarra nákominna og fleira.

2) Ástæðurnar hafa mismikið vægi í huga fólks (motiv hierarki). Það getur tengst ýmsum bakgrunnsbreytum svo sem aldri, kyni, menntun og starfi innan samtakanna. En niðurstöður sýna að þegar fólk raðar upp ástæðum eftir mikilvægi þá eru það ástæður eins og það að vilja láta gott af sér leiða, öðlast betri sjálfsmynd og öðlast skilning á aðstæðum annarra og á sjálfum sér sem skora hærra en félagslegar væntingar, að fá betri atvinnumöguleika og hafa áhrif.

3) Samhengi (motiv kontekst) skiptir einnig máli. Ástæðurnar hafa mismikið vægi eftir því um hvers konar sjálfboðasamtök er að ræða, hver eru markmið samtakanna og hver tíðarandinn er í þjóðfélaginu. Það er algengara að þeir sem vinna sjálfboðastörf fyrir mannúðar- og trúarsamtök leggi meiri áherslu á óeigingjarnar ástæður en þeir sem vinna fyrir íþrótta- og æskulýðshreyfingar svo dæmi sé tekið.

Meginniðurstöður rannsókna benda til að sjálfboðaliðar séu sundurleitur hópur og að margir sjálfboðaliðar vilja á sama tíma hjálpa öðrum en líka fá eitthvað fyrir sinn snúð. Einnig kemur fram að bakgrunnsbreytur skipta máli varðandi ástæður þess að fólk vinnur sjálfboðastörf. Eðli málsins samkvæmt er líklegra að ungt fólk stundi sjálfboðastörf til að auka tækifæri sín á vinnumarkaði og til að læra eitthvað nýtt en að eldra fólk taki frekar þátt í sjálfboðastörfum til að fá félagsskap. Einnig kemur fram að breytingar á daglegu lífi eða lífsaðstæðum geta haft áhrif á það hvort fólk byrjar að stunda sjálfboðastörf. Til dæmis, gætu eftirlaunaþegar, fráskildir, eða þeir sem eignast hafa fatlað barn ákveðið að taka þátt í sjálfboðastarfi til að aðstoða aðra í svipuðum lífsaðstæðum en um leið að öðlast meiri styrk sjálfir og fá félagsskap (Nylund, 2000; Lasby, 2004; Canadian Statistics, 2006; Davis Smith 1996; Habermann ofl., 2006).

Þannig geta ástæður þess að fólk tekur þátt í sjálfboðastarfi verið afar mismunandi. En hvað segja niðurstöður frá Íslandi?

Niðurstöður

Ástæður þess að fólk vinnur sjálfboðastörf

Í rannsókninni var spurt af hvaða ástæðum viðkomandi fór að taka þátt í sjálfboðasamtökum. Nefna mátti fleiri en einn svarmöguleika og eru hlutfallstölur því reiknaðar út frá fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

Á mynd 1. kemur fram að 38.2 prósent sögðust stunda sjálfboðastörf vegna persónulegra ástæðna sem væru tengdar eigin þörfum eða fólks sem það þekkti. Tæp 23 prósent sögðust hafa farið að stunda sjálfboðastörf vegna þess að þá langaði til að hjálpa fólki og tæp 17 prósent vegna áhuga á málefninu, 13 prósent vegna þarfar sem var í samfélaginu og vegna trúar á málstaðinn. Fæstir nefna að ástæðan sé til að læra nýja hluti eða þjálfun fyrir starf.



Mynd 1. Ástæður þess að fólk stundar sjálfboðastarf

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til aldurs þá kemur í ljós að nokkur munur er á ástæðum eftir aldri. Í aldurshópnum 55-64 ára kváðust flestir taka þátt í sjálfboðastörfum vegna löngunar til að hjálpa öðrum, en aðrir aldurshópar nefndu oftast persónulegar ástæður fyrir þátttöku sinni. Einnig kom fram að fólk eldra en 35 ára nefndi oftar en yngri aldurshóparnir að áhugi á málefninu hefði hvatt það til þátttöku í sjálfboðastörfum.. Ekki fannst munur á milli kvenna og karla um ástæður fyrir því að vinna

sjálfboðastörf. Nokkur munur kom fram á ástæðum eftir fjölskyldumynstri. Algengast var að pör með tvö börn eða fleiri segðust stunda sjálfboðastörf vegna persónulegra ástæðna (52,5%), einnig nefndu einhleypir með barn/börn þessa ástæðu (40%) ásamt því að vilja hjálpa öðrum (40%) í meira mæli en aðrir hópar. Niðurstöðurnar varðandi fjölskyldumynstur og ástæður fyrir þátttöku í sjálfboðastarfi ættu ekki að koma á óvart því foreldrar með börn á skólaaldri vilja oft styrkja tómstundastarf sem börnum þeirra stendur til boða. Þessar niðurstöður eru svipaðar niðurstöðum danskrar rannsóknar þar sem kom fram að tvær helstu ástæðurnar eru vegna persónulegra ástæðna eða aðstæðna fjölskyldumeðlima og vegna þess að fólk var beðið um að stunda sjálfboðastörf. Einnig kom fram að aldur hafði áhrif. Algengara var að yngri aldurshópar byrjuðu að stunda sjálfboðastörf vegna persónulegra ástæðna, heldur en eldri aldurshópar (Habermann ofl., 2006). Í kanadískri rannsókn voru þátttakendur spurðir hvers vegna þeir stunduðu sjálfboðastörf, þrjár helstu ástæðurnar voru að leggja sitt af mörkum til samfélagsins, að nota hæfni og reynslu og vegna persónulegra ástæðna. Fæstir nefndu trúarlegar ástæður eða til að bæta atvinnutækifæri (Statistics Canada, 2006).

Persónulegur ávinningur af sjálfboðastarfi

Þátttakendur voru spurðir hvaða ávinningur af sjálfboðastarfi væri mikilvægastur fyrir þá persónulega. Á mynd 2 má sjá að flestir nefna að þeir njóti þess að vinna sjálfboðastarf eða tæp 40 prósent, því næst er ánægjan af því að sjá útkomuna eða tæp 31 prósent. Tæp 20 prósent nefna að hitta fólk og eignast vini og 15 prósent að hjálpa öðrum/gera gagn. Annar ávinningur hefur minna vægi.

Munur á milli kynja var ekki mikill, en þegar litið er til aldurs kemur nokkur munur fram. Algengast var að fólk á aldrinum 18-24 ára (51,5%) nefndi að það nyti þess að vinna sjálfboðastörf en einungis 20 prósent 65-80 ára nefndu það. Í þeim aldurshópi var félagsskapurinn oftast nefndur eða í 50 prósent tilvika sem helsti ávinningurinn. Einnig skipti fjölskyldumynstur máli. Algengara var að einhleypir án barna, einhleypir með börn og barnlaus pör/hjón nefndu félagsskapinn sem ávinning heldur en pör/hjón með börn. Einnig var algengara að þeir sem voru með grunnskólapróf nefndu að ávinningurinn væri að hjálpa öðrum/gera gagn (29%) en þeir sem voru með háskólapróf en einungis 9,5% nefndu þann ávinning.



Mynd 2. Ávinningur þess að stunda sjálfboðastörf

Ástæður fyrir því að vinna ekki sjálfboðastörf

Í rannsókninni var einnig spurt um af hverju fólk ynni ekki sjálfboðaliðastörf. Á mynd 3. kemur fram að tvær veigamestu ástæðurnar eru að fólk hefur ekki tíma aflögu (38,5%) og að það hefur ekki verið beðið um það (28,1%) Aðrar ástæður hafa minna vægi.



Mynd 3. Ástæður þess að vinna ekki sjálfboðaliðastörf

Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna þar sem kemur fram að þetta eru veigamestu ástæðurnar fyrir því að fólk vinnur ekki sjálfboðaliðastörf (Sjá til dæmis, Habermann ofl., 2006; Lasby, 2004). Þegar bakgrunnsbreytur eru skoðaðar er ekki munur á kynjunum, en nokkur munur er eftir aldri á ástæðum fyrir því að vinna ekki sjálfboðastörf. Aldurshópurinn frá 18-34 ára nefnir oftar að hann hafi ekki tíma til þess heldur en eldri aldurshóparnir þ.e. frá 44.-80. ára. Athyglisvert var að aldurshóparnir frá 35-55 ára nefndu oftar en aldurshóparnir frá 18-34 ára að þeir hefðu ekki verið beðnir um að vinna sjálfboðaliðastörf. Þetta er í ósamræmi við aðrar erlendar rannsóknir þar sem algengara er að yngri aldurshópar séu ekki beðnir um að vinna sjálfboðaliðstörf (Habermann ofl., 2006; Lasby, 2004). Einnig kom í ljós að þeir sem höfðu háskólamenntun nefndu oftar en aðrir að þeir hefðu ekki tíma aflögu (48,8%) og þeir sem voru með 550 þúsund í tekjur eða hærra nefndu þá ástæðu einnig oftar eða í 50% tilvika. Fjölskyldumynstur hafði einnig áhrif. Þeir sem voru einhleypir með barn/börn nefndu oftast tímaleysi sem ástæðu þess að vinna ekki sjálfboðaliðstörf eða í 63,8% tilvika. Þessum niðurstöðum svipar til erlendra rannsókna, þó hafa verði í huga að rannsóknaspurningar voru ekki alveg eins orðaðar (Habermann o.fl. 2006; Lasby, 2004).

Umræða og lokaorð

Þessar fyrstu niðurstöður veita mikilvægar upplýsingar um ástæður og ávinning þess að vinna sjálfboðastörf á Íslandi. Ennfremur sem þær gefa til kynna af hverju fólk vinnur ekki sjálfboðastörf. Niðurstöðum þessarar rannsóknar svipar mjög til niðurstaðna annarra erlendra rannsókna, þó að einhver munur sé á mikilvægi bakgrunnsbreyta eftir löndum. Sjálfboðaliðar vilja láta gott af sér leiða en líka að fá eitthvað í staðinn. Algengast var að fólk byrjaði að stunda sjálfboðaliðastörf vegna persónulegra ástæðna tengt eigin þörfum eða fjölskyldunnar og til að hjálpa öðrum. Ávinningur fyrir sjálfboðaliðana persónulega er að þeir njóta þess að vinna sjálfboðaliðastörf, ánægja við að sjá útkomuna, félagsskapur og að hjálpa öðrum. Ástæður þess að fólk vann ekki sjálfboðaliðastörf voru einnig mjög samhljóða niðurstöðum erlendra rannsókna, aðallega var um tímaskort að ræða og fólk hafði ekki verið beðið um það. Bakgrunnsbreytur skiptu máli varðandi ástæður, ávinning og af hverju fólk vann ekki sjálfboðastörf. Aðallega var það aldur og fjölskyldusamsetning sem hafði þar áhrif.

Ef skoðuð er samantekt Habermanns (2001) sem lýst var hér að framan á niðurstöðum rannsókna á ástæðum fyrir því að fólk vinnur sjálfboðastörf, þá falla niðurstöður þessarar rannsóknar mjög vel að því. Ástæður þess að fólk vinnur sjálfboðastörf eru blandaðar (motiv mix). Á sama tíma getur bæði verið um að ræða það sem hefur verið kallað óeigingjarnar þarfir og hagnýtar einstaklingsbundnar þarfir. Sem dæmi má taka að sjálfboðaliðar gætu bæði viljað hjálpa öðrum en á sama tíma að þroska sjálfan sig. Einnig hafa ástæðurnar mismikið vægi í huga fólks (motiv hierarki) og fer það eftir ýmsum bakgrunnsbreytum svo sem aldri, menntun og fjölskyldusamsetningu. Samhengið (motiv kontext) var ekki athugað í þessari rannsókn þ.e. hvort það færi eftir því fyrir hvers konar félög fólk starfaði hverjar ástæðurnar og ávinningurinn væri. En við nánari úrvinnslu gagna mun þessi þáttur einnig verða skoðaður.

Fyrir frjáls félagasamtök sem reiða sig á sjálfboðaliða eru þessar niðurstöður mikilvægar. Til að fá fleiri sjálfboðaliða til starfa þurfa samtökin að gera sér grein fyrir hvaða ástæður liggja að baki því að fólk vinnur sjálfboðastörf og og hvaða ávinning það hefur persónulega. Það er einnig þarft að vita hvers vegna fólk vinnur ekki sjálfboðaliðastörf. Niðurstöðurnar sýna að sjálfboðaliðar eru ekki einsleitur hópur og hafa mismunandi væntingar og þarfir. Taka verður mið af því við skipulagningu sjálfboða-starfa, hvernig á að laða fólk að samtökunum, finna því verkefni við hæfi, hvetja það og umbuna því.

Heimildir

Davies Smith, J. (1996). Volunteering in Europe. *Social Work in Europe, 3*(1), 19-24.

Gaskin, K. og Davies Smith, J. (1995). *A New civic Europe*. UK: Volunteer Centre.

Habermann, U., Skov Henriksen, L., Ibsen, B. og Koch-Nielsen, I. (2006). Í A. L. Matthies (Ritstj.*)*, *Nordic civic society organisations and the future of welfare services. A model for Europe?* (bls. 156-179). TemaNord: 517. Copenhagen: Nordic Council of Ministers.

Habermann, U. (2001). *En postmodern helgen? Om motiver til frivillighed*. Lunds dissertations in social work. Lund: Socialhögskolan Lunds Universitet.

Halman, L. (2001) *The European values study: A sourcebook based on the 1999/2000 European values study surveys*. Tilburg: University Press.

Lasby, D. (2004). *The Volunteer spirit in Canada: Motivations and barriers*. Canada: Canadian Centre for Philanthropy.

Lorentzen, H. og Rogstad, J. (1994). *Hvorfor frivillig? Begrunnelser for frivillig socialt arbeid*. Rapport 94:11. Oslo: Institutt for samfunnsforskning.

Nylund, M. (2000). *Varieties of mutual support and voluntary action.* A study of Finnish self-help groups and volunteers. Helsinki: The Finnish Federation for Social Welfare and Health.

Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir (1997). *Hvers vegna sjálfboðastörf? Um sjálfboðastarf, félagsmálastefnu og félagsráðgjöf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Statistics Canada (2006). *Caring Canadians, involved Canadians: Highlights from the 2004 Canada survey of giving, volunteering and participating.* Ontario: Statistics Canada. Sótt 16. maí 2006 af http://www.givingandvolunteering.ca/pdf/CSGVP_Highlights_2004_en.pdf

Steinunn Hrafnsdóttir (2006a). The Icelandic voluntary sector: Development of research Í A.L. Matthies (Ritstj.), *Nordic civic society organisations and the future of welfare services. A model for Europe?* (bls. 194-211). TemaNord: 517. Copenhagen: Nordic Council of Ministers.

Steinunn Hrafnsdóttir (2006b). Sjálfboðaliðastörf á Íslandi. Þróun og rannsóknir. *Tímarit félagsráðgjafa, 1*, 43-54.

Steinunn Hrafnsdóttir (2005). Sjálfboðaliðastarf á Íslandi. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls. 221-229). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Félagsvísindastofnun Íslands.

Þróun efnismála á íslenskum sjónvarpsmarkaði

Elfa Ýr Gylfadóttir

Eftirsóknarvert efni (e. premium content) skiptir sköpum fyrir rekstur sjónvarpsstöðva. Það má jafnvel kveða svo fast að orði að án eftirsóknarverðs erlends efnis eigi íslensk fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki ekki mikla möguleika á samkeppnismarkaði. Undanfarin misseri hefur færst í vöxt að íslenskar sjónvarpsstöðvar geri einkaréttarsamninga um eftirsóknarvert efni. Slíkir samningar hafa það síðan í för með sér að aðrar sjónvarpsstöðvar í samkeppni, eða nýjar sem vilja komast inn á markaðinn, hafa ekki aðgang að eftirsóknarverðu efni. Slíkt eykur líkur á að þær verði undir í samkeppninni og hverfi út af markaðnum. Afleiðingin verður einhæfara framboð fjölmiðlaefnis og minni samkeppni. Það eftirsóknarverða efni sem ekki er búið að gera einkaréttasamninga um hefur síðan hækkað margfalt í verði og greiða íslenskar sjónvarpsstöðvar svipað verð fyrir klukkustund af bandarísku sjónvarpsefni og þær dönsku sem er á sautján sinnum stærri markaði. Þessi þróun hefur einnig áhrif á íslenska áhorfendur sem greiða nú þrefalt meira en Norðurlandabúar og Bretar fyrir mánaðaráskrift af efni. Almennt er álitið að aukin samkeppni sé hagkvæm fyrir neytendur. Hér á landi má ætla að hörð samkeppni á markaði hafi hins vegar leitt til þess að neytendur greiði hærra verð fyrir minna efni vegna þess að fyrirtæki á markaði geri kostnaðarsama magnsamninga á efni og yfirbjóði hvert annað til að ná í eftirsóknarvert erlent efni.

Í skýrslu menntamálaráðherra er bent á að í alþjóðlegum samanburði hafi íslenskt sjónvarp í gegnum árin þráfaldlega vermt svo gott sem botnsætið hvað varðar hlutdeild innlends efnis af dagskrá. Eftir því sem sjónvarpsstöðvum hafi fjölgað og útsendar klukkustundir orðið fleiri hefur hlutfall erlends efnis aukist í íslensku sjónvarpi og er nú ríflega 70% af útsendu efni (Skýrsla nefndar, 2005).

Því er ljóst að erlent efni er mun þýðingarmeira í dagskrá íslenskra sjónvarpsstöðva en í flestum nágrannalöndunum. Hér er ætlunin að fjalla um vægi erlends efnis og þá sérstaklega bandarísks efnis í íslenskri sjónvarps-

dagskrá. Fjallað verður um nýlega alþjóðlega þróun á markaði með eftirsótt sjónvarpsefni. Þá er hugtakið dagskrárflæði útskýrt og sýnt fram á vægi eftirsótts erlends efnis í dagskrárflæði íslenskra sjónvarpsstöðva. Einnig verður fjallað um samkeppnisréttarleg álitaefni sem nú eru uppi í Evrópu um einkaréttarsamningu á eftirsóttu efni. Að lokum verður vikið að nokkrum möguleikum til að auka samkeppni á sjónvarpsmarkaði með því að takmarka einkaréttarsamninga á eftirsóttu efni.

Erlent efni í íslenskum fjölmiðlum

Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla er bent á vægi erlends sjónvarpsefnis hér á landi í samanburði við nágrannalöndin (Skýrsla nefndar 2005). Ein megin ástæðan er sögð vera sú að framleiðsla slíks efnis hafi verið ofviða íslenskum sjónvarpsstöðvum. Þess vegna hafi íslensk dagskrárgerð mestmegnis einskorðast við fréttir og fréttatengda dagskrárliði og framleiðslu efnis sem ekki sé frekt á mannafla og fjármuni. Engu að síður hafi framboð innlends efnis í sjónvarpi margfaldast með fjölgun stöðva og samkeppni þeirra á milli um áhorfendur og auglýsendur aukist. Í skýrslu nefndarinnar er ennfremur fjallað um háan framleiðslukostnað leikins sjónvarpsefnis (Skýrsla nefndar, 2005). Þar er tekið það dæmi að framleiðsla á klukkustundar löngum leiknum sjónvarpsþætti í Evrópu kostar að meðaltali um 60 – 90 milljónir í framleiðslu. Kostnaðurinn við framleiðslu á leiknu sjónvarpsefni er þó yfirleitt margfaldur í Bandaríkjunum miðað við Evrópu, m.a. vegna hárra launa leikara.

Takmarkað fjármagn íslenskra sjónvarpsstöðva hefur leitt til þess sjónvarpsstöðvar kaupa mikið af erlendu (aðallega bandarísku) leiknu efni og íþróttaefni til að höfða til áhorfenda og auglýsenda. Kostnaðurinn við að bjóða áhugaverða innlenda dagskrá þar sem fléttað er saman, fréttum, íþróttum, menningarefni, gaman- og dramaþáttum og kvikmyndum væri íslenskum fyrirtækjum ofviða. Stórir fjölmiðlar í Evrópu hafa hinsvegar fjárhagslega burði til að bjóða þess konar dagskrá. Engar opinberar tölur hafa verið birtar um hversu miklu Ríkisútvarpið (RÚV) ver í íslenska dagskrárgerð. Það hefur hinsvegar komið fram að stofnunin verji um 80% af því ráðstöfunarfé sem hún hefur til efniskaupa í framleiðslu og kaup á íslensku efni. Þrátt fyrir þetta háa hlutfall hefur RÚV ekki burði til að bjóða innlent efni í sama mæli og ríkisfjölmiðlar nágrannalandanna. Breska ríkisútvarpið, BBC getur varið ríflega 300 milljónum punda eða rúmlega 40 milljörðum króna árlega í þróun á nýju dagskrárefni. Þá eru ótaldar þær þáttaraðir og

annað efni sem þegar eru í framleiðslu (Steamers, 2005). Af þessu má ráða að erlent sjónvarpsefni hlýtur alltaf að verða afar mikilvægt íslenskum fjölmiðlum til að þeir geti boðið áhugavert efni sem höfðar til áhorfenda og auglýsenda.

Vægi bandarísks efnis í íslensku sjónvarpi

Almennt má segja að eftirsóttasta leikna efnið komi frá Bandaríkjunum. Í fjölmiðlakönnun Gallup frá því í maí á þessu ári kemur í ljós að allir tíu vinsælustu leiknu sjónvarpsþættirnir eru bandarískir. Þegar skoðaðir eru tíu vinsælustu dagskrárliðirnir í heild er Formúla 1 eini erlendi dagskrárliðurinn sem ratar inn á listann og er ekki bandarískur. Þess ber þó að geta að samkvæmt könnuninni nýtur íslenskt efni mestrar hylli áhorfenda.

Margir kynnu að spyrja hvers vegna íslenskar sjónvarpsstöðvar leggi ekki meiri áherslu á leikið efni frá öðrum Evrópulöndum, enda mikið af vönduðu efni framleitt t.d. í Bretlandi og á Norðurlöndunum. Það eru nokkrar ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi er vert að skoða bandarískt sjónvarpsefni og kvikmyndir í sögulegu samhengi. Það er athyglisvert að í Marshall áætluninni í Evrópu (1948-1951) voru sett skilyrði um að Evrópulönd sem þáðu aðstoð leyfðu jafnframt innflutning á bandarískum kvikmyndum (Guback, 1969). Þessi skilyrði áttu að hvetja til innflutnings á bandarískum vörum í Evrópu og til að hafa áhrif á gildi og hugmyndafræði á tímum þegar margar Evrópuþjóðir voru pólitískt tengdar Sovétríkjunum. Bandarísk menning, hugmyndafræði og gildi voru því stór þáttur í Marshall áætluninni, en hún fólst m.a. í markaðssetningu á bandarískum vörumerkjum og auglýsingum (De Grazia, 2005). Íslendingar voru auk þess með bandarískt herlið í landinu og hófust sjónvarpútsendingar frá bandarísku sjóhersstöðinni í Keflavík árið 1955. Árið 1960 var styrkur útsendingarinnar aukinn og gátu þá 2/3 hlutar þjóðarinnar náð útsendingunum (Þorbjörn Broddason o.fl., 1986). Bandarískt sjónvarp og kvikmyndir höfðu því öðlast bæði vinsældir og valdið miklum deilum hér á landi áður en Ríkissjónvarpið hóf göngu sína árið 1966.

Í öðru lagi má nefna að kaupendur sjónvarpefnis í Evrópu, s.s. í Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu og Spáni telja að evrópskir áhorfendur kjósi helst innlent leikið efni eða bandarískt efni. Leiða má líkur að því að það sama eigi við um íslenska kaupendur að sjónvarpsefni. Ástæðan er hið sérstaka yfirbragð sem er á bandarísku efni, auk þess sem það er talið búa yfir ákveðnum léttleika, leikarar eru þekktir og efnið er talið hafa almennt aðdráttarafl fyrir áhorfendur (Steemers, 2005).

Í þriðja lagi þá styrkir staða bandarísks kvikmyndaiðnaðar á alþjóðlegum markaði ennfremur bandarískt sjónvarpsefni þar sem þekktir kvikmyndaleikarar eru iðulega fengnir sem gestaleikarar í vinsælum sjónvarpsþáttum.

Í fjórða lagi er mikilvægt að hafa í huga að sjónvarpsþætti og kvikmyndir þarf að auglýsa og kynna fyrir áhorfendum. Þegar horft er til markaðssetningar á bandarísku sjónvarpsefni og kvikmyndum annars vegar og kvikmynda og sjónvarpsþátta sem framleiddir eru í Evrópu hinsvegar, hefur bandarískt efni vinninginn. Gríðarlegir fjármunir eru settir í markaðssetningu á bandarískum kvikmyndum og eru Evrópulöndin langstærstu kaupendurnir að bandarískum kvikmyndum í heiminum í dag (Scott, 2002). Sjónvarpsstöðvar sem kaupa sýningarrétt að efninu njóta góðs af markaðsstarfinu þar sem kvikmyndirnar eru yfirleitt orðnar þekktar meðal áhorfenda þegar þær eru sýndar í sjónvarpi.

Á hverju ári eru frumsýndir fjölmargir gaman- og dramaþættir í bandarísku sjónvarpi. Aðeins hluti þessara þáttaraða fær náð fyrir augum áhorfenda og auglýsenda. Þeir þættir sem ná vinsældum verða gullkálfar þeirra framleiðenda og sjónvarpsstöðva sem sýna þá. Oft er því hafin framleiðsla á systurþáttum vinsælla þátta líkt og gert hefur verið með þáttinn *CSI* með systurþættina *CSI:Miami* og *CSI:New York* og *Law & Order* með systurþættina *Law & Order:SVU* og *Law & Order:CI*. Þegar ákveðið er að hætta framleiðslu vinsælla þátta er algengt að nýir þættir taki við þar sem ein persóna gömlu þáttana heldur áfram í nýrri þáttaröð. Dæmi um slíkt er þátturinn *Frasier* sem tók við af *Staupasteini* (e. *Cheers)* og *Joey* sem tók við af *Vinum* (e. *Friends).* Með þessum hætti reyna framleiðendur og sjónvarpsstöðvar að ná hámarksáhorfi og þar með að auka tekjur sínar af vinsælum þáttaröðum.

Erfitt er fyrir evrópska framleiðendur að keppa við þá bandarísku. Þar sem leikið efni er afar dýrt í framleiðslu eiga evrópskir framleiðendur erfitt með að framleiða sama fjölda þátta í þáttaröðum og gert er í Bandaríkjunum. Þetta þýðir að í Evrópu eru þáttaraðirnar oft styttri og ekki er hægt að tryggja framhald þeirra þrátt fyrir vinsældir. Meira að segir breskir framleiðendur sem framleiða fyrir fjölmennan innanlandsmarkað hafa verið gagnrýndir fyrir að framleiða ekki nægilega marga þætti fyrir þáttaraðir sínar þrátt fyrir góðan aðgang að mörkuðum, sérstaklega í Vestur-Evrópu. (Steemers, 2005). Dæmi um þáttaraðir sem hafa hlotið mikilla vinsælda og sem framleiddir hafa verið á fámennum markaði eru t.d. dönsku þættirnir *Rejseholdet* (32 þættir 2000-2003), *Nikolaj og Julie* (22 þættir 2002-2003) og *Forsvar* (29 þættir 2003-2004) (From, 2005). Í Evrópu er því meira um styttri þáttaraðir og svokallaðar

míní-seríur þar sem framvinda sögunnar birtist í nokkrum þáttum. Nýlegt dæmi er íslenska þáttaröðum *Allir litir hafsins eru kaldir* (3 þættir 2005).

Erfitt er fyrir sjónvarpsstöðvarnar að auglýsa og kynna fyrir áhorfendum mikið af nýju efni. Vinsælar þáttaraðir með þekktum leikurum sem koma á skjáinn ár eftir ár þarf ekki að kynna sérstaklega fyrir áhorfendum. Slíkt sjónvarpsefni er í flestum tilfellum bandarískt.

Samningar og verð á sjónvarpsefni

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um samruna Dagsbrúnar hf. og Senu ehf. nr. 22/2006 er bent á að eftirsóknarvert efni er talið sérstaklega mikilvægt til að tryggja stöðu fjölmiðla og eru sjónvarpsrásir, sem hafa yfir að ráða eftirsóknarverðu efni, almennt taldar vera í sterkari stöðu á markaði en rásir sem ekki búa yfir efninu (Ákvörðun nr. 22/2006). Eins og bent er á í úrskurðinum hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fjallað um sérstaka efniskaupamarkaði í ákvörðunum sínum. Þannig er sérstakur markaður fyrir íþróttaefni, annar fyrir sýningarrétt fyrir kvikmyndir, auk þess sem sérstakur markaður er fyrir efni sem framleitt er fyrir sjónvarp sérstaklega. Undir síðastnefnda flokkinn falla einkum framhaldsþættir fyrir sjónvarp og aðrar þáttaraðir. Hver markaður hefur síðan nokkurn fjölda undirmarkaða, t.d. eru kvikmyndir framleiddar í Hollywood sérstakur undirmarkaður eftirsóknarverðra kvikmynda.

Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla er umfjöllun um efnisréttindi. Þar kemur fram að réttindi til miðlunar sjónvarpsefnis eru bundin við tiltekin svæði og eru að jafnaði seld á frjálsum markaði. Rétturinn að sjónvarpsefninu gildir fyrir ákveðinn fjölda sýninga í ákveðinn tíma og á ákveðnum miðli. Samningar eru yfirleitt þannig að sjónvarpsstöðvar eiga ekki rétt á öllu efni frá ákveðnu fyrirtæki heldur getur hvaða sjónvarpsstöð sem er keypt frá hvaða fyrirtæki sem er. Sjónvarpsefni er því alla jafna selt hæstbjóðanda. Oft eru gerðir magnkaupasamningar. Þeir geta verið þannig að kaupandi greiðir ákveðna upphæð og fær fyrir það ákveðinn fjölda klukkustunda af efni. Í slíkum samningum getur kaupandinn fengið efni sem ekki er hafinn framleiðsla á en verður framleitt síðar. Þannig getur efni sem á eftir að framleiða reynst vinsælt sjónvarpsefni sem sjónvarpsstöðin hefur þá keypt á góðum kjörum. Annars konar magnsamningar eru einnig á markaðnum, svokallaðir „output" – samningar. Þá skuldbindur kaupandinn sig til að kaupa allt efni sem kemur frá ákveðnum framleiðanda, óháð gæðum efnis.

Allir samningar sem tryggja kaupendum einkarétt á ákveðnu efni eru ávallt dýrari en á frjálsum markaði (Skýrsla nefndar 2005).

Í ársskýrslu Dagsbrúnar fyrir árið 2005 segir orðrétt: „Stöð 2 hefur fyrst íslenskra sjónvarpsstöðva gert samning við bandarísku afþreyingarfyrirtækin Fox og Time Warner um magnkaup á sjónvarpsefni. Samningarnir tryggja áskrifendum Stöðvar 2 aukið úrval af sjónvarpsefni, hvor sem það er í formi þátta eða kvikmynda." Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins kemur fram að Warner Bros television og 20 Century Fox television í Bandaríkjunum séu tveir stærstu framleiðendurnir að sjónvarpsþáttum á þessu ári. Þessir samningar tryggja félaginu því tæplega 50% af þeim sjónvarpsþáttum sem framleiddir eru í Bandaríkjunum af stóru framleiðendunum (Ákvörðun nr. 22. 2006 bls. 71). Í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á útvarpslögum, sem lagt var fram á Alþingi vorið 2006 (Þskj. 1207 -791. mál), kemur fram að fyrrgreindir magnsamningar feli það í sér að 365 – miðlar fái aðgang að öllum þáttaröðum nema þeim sem RÚV og Skjár Einn hafa þegar keypt og eru enn að sýna. Því er um að ræða svokallaða „output" – samninga. Jafnframt kemur fram að RÚV hafi gert magnsamning við Disney sem felur það í sér að RÚV fær forgang að ákveðnu efni en skuldbindur sig þó ekki til að kaupa allt efni sem frá Disney kemur líkt og samningar 365 við Fox og Warner fela í sér. Þá er vert að benda á að RÚV er í samstarfi við Nordvision og European Broadcast Union (EBU), en EBU gerði nýlega samning um heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu 2010 sem tryggir m.a. RÚV réttinn að keppninni. Þeir samningar gera bæði 365 miðlum og Skjánum erfitt að bjóða í vinsælt norrænt og evrópskt efni.

Þar sem kaup á sjónvarpsþáttum hafa yfirleitt verið á frjálsum markaði hefur verð á sjónvarpsþáttum hækkað verulega. Fyrir u.þ.b. tveimur árum síðan kostaði klukkustundar þáttur á bilinu 800 – 1.500 bandaríkjadali í innkaupum. Verðið fór upp í 5.000 – 5.500 dali árið 2005 (Skýrsla menntamálaráðherra, 2005, bls. 159) en er nú um 4.000 dalir fyrir klukkustundar þátt. Til samanburðar má geta þess að verðið hér er svipað og danskar sjónvarpsstöðvar greiða fyrir sambærilegt efni en þar er markaðurinn sautján sinnum stærri en sá íslenski. Þessi þróun hefur leitt til þess að RÚV sem aðeins ver um 20% af ráðstöfunarfé sínu fyrir dagskrárefni í erlent efni hefur ekki getað boðið á móti einkamiðlunum í nýjar eftirsóttar sjónvarpsþáttaraðir. Vinsælar þáttaraðir eins og *Aðþrengdar eiginkonur* og *Lífsháski* eru sýndar á RÚV vegna þess magnkaupasamnings sem stofnunin gerði við Disney áður en farið var að framleiða þáttaraðirnar í Bandaríkjunum.

Staðan á íslenskum efniskaupamarkaði hlýtur einnig að hafa áhrif á verðlagningu til íslenskra sjónvarpsáhorfenda. Eins og bent er á í skýrslu

nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla (2005) greiða íslenskir áhorfendur mun hærra verð fyrir minna sjónvarpsefni en íbúar nágrannaríkja okkar. Áskrift að á annað hundrað sjónvarpsrása þar sem sýndar eru kvikmyndir, íþróttir, skemmtiefni, barnaefni ofl. kostar nú 42,50 pund hjá Sky í Bretlandi. Dýrasti pakkinn hjá Canal Digital Noregi, þar sem boðið er upp á nokkra tugi innlendra og erlendra stöðva með fjölbreyttu úrvali, kostar 413 norskar krónur. 365 miðlar, sem er eina fyrirtækið hér á landi sem býður sambærilega þjónustu, en þó mun minna efni, getur boðið úrval erlendra endurvarpsstöðva (Stóri pakkinn), Sýn og Stöð 2 á 11.760 krónur, eða 10.365 krónur fyrir M12 áskrifendur. Ef enski boltinn frá Skjánum bætist við þá kostar hann 1.990 krónur á mánuði og er heildarkostnaðurinn þá kominn í 13.750 krónur á mánuði fyrir sambærilegt efni og Sky og Canal Digital bjóða. Spyrja má hvort hátt verð á efni og einkaréttarsamningar hafi þessi áhrif á verðlagningu sjónvarpsefnis til áhorfenda hér á landi.

Kvikmyndir í sjónvarpi eru seldar í svokölluðum réttindagluggum og í hverjum glugga fyrir sig er viðskiptamódel. Síðasti glugginn er sjónvarpsglugginn sem skiptist annars vegar í áskriftarsjónvarp og hins vegar í opnar stöðvar. Munurinn á áskriftarsjónvarpi og á opnum sjónvarpsstöðvum er sá að opnar sjónvarpsstöðvar hafa ekki aðgang að sama efni og áskriftarstöðvarnar. Kaupi áskriftasjónvarpsstöðvar ákveðið efni fá opnu stöðvarnar ekki aðgang að efninu fyrr en síðar. Dagsbrún, móðurfélag 365 hefur nú forgang að kvikmyndum frá helstu kvikmyndaframleiðendum í Bandaríkjunum. Með örfáum undantekningum eru allar nýjar kvikmyndir í sjónvarpi því fyrst sýndar hjá 365.

Ýmist íþróttaefni telst til eftirsóknarverðs efnis. Hér á landi nýtur enski boltinn, meistaradeild Evrópu og Formúla 1 mestra vinsælda. Í dag er Skjárinn með réttinn að enska boltanum þar til í júlí 2007. 365 hefur nýlega framlengt samning um að sýna leiki frá meistaradeild Evrópu í knattspyrnu. Þá er RÚV með réttinn að Formúlu 1. Að auki má nefna að rétturinn að einstökum íþróttaviðburðum eins og heimsmeistara- og Evrópumeistarakeppnin í knattspyrnu eru afar eftirsóttir. 365 voru með sýningarrétt á HM 2006 og hefur RÚV tryggt sér réttinn á efninu 2010 í gegnum EBU. Rétturinn að fyrrgreindu efni er það mikilvægur fyrir sjónvarpsstöðvarnar að kaupverðið hefur hækkað gríðarlega í hvert sinn sem nýr samningur er gerður. Á Íslandi hefur rétturinn fyrir ensku knattspyrnuna færst á milli sjónvarpsstöðvanna og hefur hann verið sýndur á RÚV, Stöð 2, Sýn og Skjánum. Það verð sem greitt er fyrir réttinn að ensku knattspyrnunni og meistaradeildinni hefur ekki verið gefið upp hér á landi en ef litið er til Bretlands þá hefur verðið rúmlega fimmfaldast, en rétturinn að ensku

úrvalsdeildinni kostaði 434 milljónir punda árið 1992 en árið 2000 var kaupverðið komið upp í 2,6 milljarða punda (Gerardin, 2005). Hér á landi hefur verðið einnig aukist verulega fyrir slíkt efni líkt og í nágrannalöndunum. Gerardin segir orsökina vera: „the combination of scarcity and exclusivity has translated into a spiraling of the costs involved in buying premium content." (Gerardin, 2005, bls. 5).

Dagskrárflæði

Árið 1973 sat velski menningarrýnirinn og fræðimaðurinn Raymond Williams á hótelherbergi í Miami í Bandaríkjunum og horfði á sjónvarpið. Í bók sinni *Television: Technology and Cultural Form* lýsir Williams reynslu sinni af bandarískri sjónvarpsdagskrá:

> I began watching a film and at first had some difficulty in adjusting to a much greater frequence of commercial 'breaks'. Yet this was a minor problem compared to what eventually happened. Two other films, which were due to be shown on the same channel on other nights began to be inserted as trailers. (Williams, 1974, bls 92.)

Hugtakið sem Williams notar til að lýsa reynslu sinni er orðið dagskrárflæði (e. television flow). Mikið er vitnað til þessa hugtaks Williams þegar dagskráruppbyggingu sjónvarpsstöðva er lýst og hvaða aðferðir þær nota til að halda áhorfendum við skjáinn. Fræðimaðurinn William Uricchio (2004) hefur lýst hugtakinu dagskrárflæði sem eins konar dagskráráætlun, tengingu milli ólíks sjónvarpsefnis með það að markmiði að trufla ekki flæðið. Stór þáttur í dagskráráætluninni er að koma í veg fyrir að áhorfendur skipti um stöð þrátt fyrir aukið framboð sjónvarpsstöðva og dagskrárliða. Það er því megin markmið framleiðenda, auglýsenda og þáttagerðarfólks að tryggja flæðið, en það er gert með því að tengja dagskrárliði saman og fá fólk til að horfa á auglýsingarnar. Áhorfendur þekkja þetta gjarnan úr bandarískum þáttum þar sem byggð er upp spenna í þættinum og gefnar vísbendingar um framhaldið áður en auglýsingahlé brýtur upp söguframvinduna. Uricchio bendir á að dagskrárflæðið geti verið með mismunandi hætti. Ljósvakamiðlar hafa löngum búið til svokallaðar samlokur í dagskrám sínum. Samloka þýðir að vinsælt sjónvarpsefni er á dagskrá fyrir og á eftir dagskrárlið sem er nýr eða hefur lítið áhorf til að auka líkurnar á því að horft sé á efnið. Svokallaðar samlokur eru mikið notaðar í ríkisfjölmiðlum í Evrópu til að auka áhorf á sértækt almannaþjónustuefni sem ella hefði lítið áhorf. Í einkamiðlum, eins

og stóru bandarísku sjónvarpsstöðvunum, eru samlokur gjarnan notaðar til að kynna nýja sjónvarpsþætti sem vonir eru bundnir við.

Uricchio bendir á að ljósvakamiðlar skapi einnig dagskrárflæði með því að setja saman dagskrá með keimlíkum þáttum eða þáttum sem höfða til ákveðinna markhópa. Slíkt dagskrárflæði má sjá í fjölda endurvarpsstöðva, s.s. *Animal Planet*, *History Channel* eða *Cartoon Network* (Uricchio, 2004). Einnig má sjá slíkt flæði á Stöð 2 sem hefur raðað dagskrárliðum sínum þannig að tilteknum dagskrárliðum er ætlað að höfða til kvenna á „stelpustöð" á miðvikudagskvöldum. Að lokum má benda á að dagskráráætlun vikunnar á hverri stöð fyrir sig skapar heildstætt dagskrárflæði vikunnar. Dagskráráætlunin byggir á endurtekningum þannig að á mánudagskvöldum geta áhorfendur RÚV gengið að heimildarþætti vísum. Að sama skapi eru ávallt sýndar kvikmyndir fyrir börn eftir fréttir og *Kastljós* á föstudögum. Sjónvarpsstöðvarnar Skjár Einn, RÚV og Stöð 2 eiga það jafnframt sameiginlegt að byggja dagskrár sínar upp með ýmis konar sjónvarpsþáttum á virkum dögum og Stöð 2 og RÚV sýna kvikmyndir um helgar.

Forsendan fyrir því að geta skapað heildstætt dagskrárflæði sem höfðar til íslenskra áhorfenda er aðgangur að eftirsóknarverðu efni. Þá skiptir innlend dagskrárgerð miklu máli en eins og vikið hefur verið að skipa erlendar sjónvarpsþáttaraðir, kvikmyndir og íþróttaefni þó ávallt stóran sess í slíkri dagskrá til að tryggja áhorf og auglýsingatekjur íslenskra sjónvarpsstöðva. Takmarkaður aðgangur RÚV og Skjás Eins að nýlegum kvikmyndum sýnir sig helst í dagskrárflæði helgardagskráinnar þar sem RÚV sýnir að jafnaði eldri myndir en sýndar eru á Stöð 2. Þá byggir Skjár Einn dagskrá sína að mestu upp á innlendum og erlendum þáttum, en hefur boðið upp á kvikmyndir á sunnudagskvöldum, s.s. gamlar James Bond myndir.

Samkeppnisréttarleg álitaefni

Gerardin (2005) hefur bent á að á undanförnum árum hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og samkeppnisyfirvöld í mörgum aðildalöndum Evrópusambandsins tekið til athugunar viðskipti með sjónvarpsefni. Athugun þeirra helgast af nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi hefur forgangsefni, s.s. kvikmyndir frá Hollywood, bandarískir sjónvarpsþættir og vinsælar íþróttir, úrslitaþýðingu fyrir fjölmiðlafyrirtæki þar sem þetta efni laðar að áhorfendur og auglýsendur. Áskriftastöðvar kaupa því einkarétt á vinsælu efni sem er þá ekki aðgengilegt í sjónvarpsdagskrám annarra stöðva.

Sjónvarpsstöðvar sem hafa ekki aðgang að slíku efni hverfa út af markaðnum og nýjar sjónvarpsstöðvar komast ekki inn á markaðinn. Gerardin bendir á að viðskipti með kaup og sölu á vinsælu efni geti haft afar hamlandi áhrif á samkeppni. Þetta á sérstaklega við þegar um er að ræða mikið magn af efni sem fjölmiðlafyrirtækin hafa einkarétt á í langan tíma. Við slíkar aðstæður er erfitt fyrir ný fjölmiðlafyrirtæki að komast inn á markaðinn vegna skorts á efni. Ennfremur bendir Gerardin á að eftirsóknarvert efni er fágætt þar sem aðeins fáir íþróttaviðburðir, kvikmyndir og þáttaraðir hljóta slíkar vinsældir að það geti flokkast sem eftirsóknarvert efni. Þá getur það lágmarksgjald (e. minimum guarantee) sem efniskaupendur þurfa að greiða fyrir eftirsóknarvert efni verið það hátt að nýir aðilar á markaði sem eru að byggja sig upp og hafa enn fáa áskrifendur/áhorfendur geta ekki staðið undir gjaldinu. Gerardin fjallar jafnframt um svokallaða „output" – samninga og segir:

> ...in many instances, dominant Pay-TV operators have pursued a policy of concluding a series of exlusive output deals (i.e. agreements whereby they buy the entire production of the content producers for a number of years) with premium content producers in such a way as to confiscate all or a large fraction of the available premium content. (Gerardin, 2005, bls. 6)

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur fjallað um slíkan einkarétt í ákvörðunum sínum og hafa þær verið af ýmsum toga. Þar má nefna að takmarka lengd slíkra samninga, að skipta réttinum að tilteknu efni upp í nokkra samninga þannig að fleiri en einn fái tiltekinn efnisrétt og að leyfa kvikmyndaframleiðendum og knattspyrnufélögum að segja upp samningum án þess að þurfa að greiða fyrir það bætur (Gerardin 2005).

Eins og fjallað er um hér að framan hafa íslenskar sjónvarpsstöðvar gert ýmis konar magnsamninga um sjónvarpsefni sem fela í sér einkaréttindi að tilteknu efni. Eins og Gerardin bendir á eru svokallaðir „output" – samningar sérstaklega varhugaverðir þar sem stór hluti af eftirsóknarverðu efni er þá aðeins aðgengilegur einu fyrirtæki. Slíkir samningar heimila því ekki öðrum fyrirtækjum á markaði að gera tilboð í tiltekið efni á frjálsum markaði og gerir nýjum aðilum nær ómögulegt að komast inn á markaðinn. Fjöldi slíkra samninga á markaði og tímalengd þeirra getur því haft veruleg áhrif á fjölmiðlamarkaðinn. Gerardin nefnir nokkra möguleika sem samkeppnisyfirvöld geta notað til að takmarka slíka samninga með það að markmiði að auka samkeppni og gera nýjum aðilum auðveldara að komast inn á markaðinn (Gerardin, 2005):

1. Að banna samninga þar sem efnisrétthafi fær einkarétt að öllu efni tiltekins framleiðanda.

2. Að takmarka einkaréttarsamninga. Þannig væri sérhverri sjónvarpsstöð óheimilt að gera marga slíka samninga.
3. Að takmarka tímalengd einkaréttarsamninga. Þannig væri hægt að takmarka gildistíma slíkra samninga í t.d. eitt ár.
4. Að leyfa einkaréttarsamninga en skylda rétthafa efnis til að gerast heildsalar á innanlandsmarkaði. Þeim yrði gert skylt að selja samkeppnisaðilum tiltekið magn af efni. Gerardin varar þó við þessari leið þar sem hún felur í sér að ráðandi aðili á markaði hafi lítinn hvata til að selja samkeppnisaðilum.

Gerardin bendir ennfremur á að önnur og þriðja leið gætu farið ágætlega saman, þar sem takmarkanir yrðu gerðar á fjölda þess konar einkaréttasamninga og tímalengd þeirra. Slíkt myndi stuðla að meiri samkeppni á markaði og auðvelda nýjum aðilum að hefja starfsemi.

Lokaorð

Eftirsóknarvert erlent efni verður ávallt stór þáttur í dagskrárflæði íslenskra sjónvarpsstöðva. Án eftirsóknarverðs erlends efnis geta sjónvarpsstöðvarnar ekki boðið áhorfendum heildstæða dagskrá með öllu því efni sem þeir vilja. Ástæðan er takmarkað bolmagn stöðvanna til að framleiða t.d. leikið íslenskt efni. Sjónvarpsstöðvarnar hafa því yfirboðið hver aðra til að fá erlent efni sem þær telja að sé áhorfendum að skapi. Slík yfirboð hafa leitt til þess að erlent efni kostar margfalt meira í innkaupum miðað við stærð markaða í nágrannalöndunum. Fyrirtæki á markaði hafa auk þess gert einkaréttasamninga á sjónvarpsefni til að tryggja sér efni og til að halda samkeppnisaðilum frá tilteknu efni. Ef þær sjónvarpsstöðvar sem nú eru á markaðnum fer að skorta eftirsóknarvert efni verða þær undir í samkeppninni og geta horfið út af markaði. Slík þróun er afar óhagstæð íslenskum áhorfendum sem nú geta valið um margar sjónvarpsdagskrár á degi hverjum þó að þeir þurfi að greiða þrefallt hærra verð en áhorfendur í nágrannalöndunum greiða fyrir sambærilegt efni. Til að sporna við þessari þróun er ráðlegt að takmarka þann fjölda einkaréttarsamninga sem fyrirtæki hafa gert og tímalengd þeirra. Það myndi án efa auka framboð efnis sem hægt er að kaupa á frjálsum markaði og auðvelda nýjum aðilum að komast inn á markaðinn. Við núverandi aðstæður gæti framboð sjónvarpsstöðva orðið fátæklegra fái þær ekki nóg af efni auk þess sem nýjum aðilum er torveldað að komast inn á markaðinn.

Heimildir

Ákvörðun samkeppniseftirlits um samruna Dagsbrúnar hf. og Senu ehf. nr. 22/2006.

De Grazia, V. (2005). *Irresistible Empire: America's Advance through Twentieth Century Europe*. Cambridge, MA: Harvard University Press.

Gerardin, D. (2005*). Competition law problems raised by the entry of incumbent telecommunications operators in the media content delivery market*. Ritgerð kynnt í University of Zurich, 7. september 2005.

From, U. (2005). Domestically Produced TV-drama and Cultural Commons. Í G. F. Lowe & P. Jauert (Ritstj.), *Cultural Dilemmas in Public Service Broadcasting* (bls. 164-169.). Göteborg: Nordicom.

Guback, T. H. (1969). *The International Film Industry: Western Europe and America since 1945*. Bloomington: Indiana University Press.

Scott, A. J. (29. nóvember 2002). *Hollywood in the Era of Globalization. Opportunities and Predicaments*. Sótt 15. ágúst 2006 á: http://www.yaleglobal.yale.edu/article.print?id=479

Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla (2005). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Steamers, J. (2005). Balancing Culture and Commerce on the Global Stage. BBC Worldwide. Í G. F. Lowe & P. Jauert (Ritstj.), *Cultural Dilemmas in Public Service Broadcasting* (bls. 234-240). Göteborg: Nordicom.

Uricchio, W. (2004). Television's Next Generation: Technology/Interface Culture/Flow. Í L. Spigel & J. Olsson (Ritstj.), *Television after TV. Essays on a Medium in Transition* (bls. 166-174). Durham: Duke University Press.

Williams, R. (1974). *Television: Technology and Cultural Form*. London: Fontana/Collins.

Þingskjal 1207 – 791. mál. Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005 – 2006)

Þorbjörn Broddason, Elías Héðinsson, Ingibjörg Jónsdóttir og Ólafur Jónsson (1986). *Favorite country as a measure of television-mediated world view*. Ritgerð kynnt á International Television Studies Conference, 10.-12. júlí 1986.

Af kaupmönnum og hjartans börnum

Guðbjörg Hildur Kolbeins

Robert McChesney (2000) staðhæfir að fjölmiðlar þjóni ekki lýðræðinu heldur fyrst og fremst hagsmunum eigenda sinna - að hlutverk fjölmiðla sé að skila hagnaði og arði til eigenda sinna sem yfirleitt séu stórfyrirtæki eða milljarðamæringar. Hann er þeirrar skoðunar að eignarhaldið hafi áhrif á fréttir fjölmiðla þar sem gildum eigenda fjölmiðla og auglýsenda sé laumað inn í þær. Í þessu samhengi bendir hann á þá miklu áherslu sem fjölmiðlar hafi lagt á viðskiptafréttir á undanförnum árum.

Hugmyndir McChesney um fjölmiðla falla vel inn í áróðurslíkan um fjölmiðla sem Noam Chomsky og Edward S. Herman settu fram í bók sinni *Manufacturing Consent: The Political Economy of the Mass Media* árið 1988. Þeir leggja áherslu á að fjölmiðlar séu eins og hver önnur fyrirtæki sem starfi í markaðshagkerfi. Þeir eigi að skila hagnaði fyrir eigendur sína sem séu vellauðugir. Fjölmiðlar séu að mestu leyti fjármagnaðir af auglýsendum sem einnig hafi gróðann einan að leiðarljósi og vilji að auglýsingar sínar birtist í fjölmiðlum sem styðji málstað þeirra. Fréttir séu síaðar í gegnum eigendur og auglýsendur og þannig hafi eignarhald fjölmiðla og auglýsingar áhrif á hvernig fréttir séu matreiddar. Enn fremur að hlutur eigenda og auglýsenda hafi aukist á undanförnum árum vegna þeirrar samþjöppunar sem orðin er á fjölmiðlamarkaðnum og að í þessu umhverfi hafi sjálfstæði ritstjórna borið skarðan hlut frá borði (Herman, 1996).

Ljóst er að nú á dögum eru hagsmunir eigenda fjölmiðla, hvort sem það eru einstaklingar eða fyrirtæki, samtvinnaðir hagsmunum auglýsenda. Í sumum tilfellum, eins og t.d. hér á landi og í New Brunswick í Kanada, eru eigendur fjölmiðla einnig veigamiklir auglýsendur. Rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum sýnir að samband er á milli sölu auglýsinga og setu fulltrúa frá 100 stærstu auglýsendum þar í landi í stjórnum fjölmiðla. Fjölmiðlar sem eru með fáa eða enga fulltrúa frá stærstu fyrirtækjunum á auglýsingamarkaði eru með litlar auglýsingatekjur. Í stjórn The New York Times Co. sat t.d. fólk sem einnig sat í stjórnum IBM, American Express og Johnson & Johnson. Fjöldi fulltrúa úr viðskiptalífinu í stjórn útgáfufélags The New York Times

jókst í samræmi við eignir fjölmiðlafyrirtækisins og heildarauglýsingatekjur í Bandaríkjunum (An og Jin, 2004).

Í New Brunswick í Kanada á Irving-fjölskyldan öll dagblöð í fylkinu sem gefin eru út á ensku. Fyrirtæki hennar, Irving Group, er umsvifamikið í austurhluta Kanada og dótturfélög þess eru um 300, m.a. á sviði olíuvinnslu, timburs, pappírs og veitingahúsa. Irving Group auglýsir einnig mikið í eigin miðlum. Erin Steuter, prófessor í félagsfræði við Mount Allison University, heldur því fram að Irving-fjölskyldan sé *de facto* ritstjóri blaða sinna. Hún nefnir sem dæmi að J.K. Irving hafi hringt í ritstjóra The Telegraph-Journal, blaðs í eigu Irvinganna, á hverjum degi til að kvarta yfir því sem honum mislíkaði. Á árunum 1994 til 1996 fóru starfsmenn olíuvinnslustöðvar Irving Group í verkfall og rannsókn Steuter sýnir að dagblöð í eigu Irvinganna höfðu tilhneigingu til að nota annað orðalag um verkfallið en önnur dagblöð. Dagblöðin í New Brunswick gerðu meira af því að nota orðalag sem studdi fremur Irving olíufélagið en þá sem voru í verkfalli (Steuter, 2001).

Í Bandaríkjunum eru fjölmörg dæmi þess að auglýsendur reyni að hafa bein áhrif á innihald fjölmiðla með einum eða öðrum hætti. Frægasta dæmið um slíka afskiptasemi auglýsanda af ritstjórnarefni kom upp fyrir tíu árum er Chrysler-fyrirtækið sendi rúmlega 50 tímaritum bréf þar sem farið var fram á að fyrirtækið yrði látið vita ef viðkomandi tímarit myndi fjalla um stjórnmál, kynlíf eða þjóðfélagsmál eða annað efni sem gæti valdið hneykslun eða verið ögrandi. Tímaritin áttu að senda Chrysler útdrátt úr öllum greinum sem birtust í sömu tölublöðum og auglýsingar frá fyrirtækinu. Ári áður hafði annar bifreiðaframleiðandi, Ford, ekki auglýst í The New Yorker í hálft ár vegna greinar sem birst hafði í blaðinu við hlið auglýsingar frá fyrirtækinu (Baker, 1997). Rúmlega helmingur 118 bandarískra fréttastjóra sagði að auglýsendur hefðu reynt að fá þá til að sleppa neikvæðum fréttum og flytja fremur jákvæðar fréttir (Just og Levine, 2001).

Flestir fjölmiðlar eru háðir fjármagni frá auglýsendum og auglýsendur notfæra sér þá staðreynd með því að beita áhrifum sínum eins og kostur er. Sú staða getur komið upp að eigendur fjölmiðla séu jafnframt stórir auglýsendur. Er þá vald þeirra orðið tvöfalt þar sem þeir geta bæði beitt eigendavaldi og auglýsingavaldi.

Morgunblaðið var stofnað árið 1913 af Vilhjálmi Finsen og Ólafi Björnssyni. Sex árum eftir stofnun þess föluðust nokkrir kaupmenn í Reykjavík eftir að fá að kaupa blaðið. Vöflur voru á Vilhjálmi en hann seldi hlut sinn þegar honum var tilkynnt að seldi hann ekki kaupmönnunum blaðið myndu þeir setja á laggirnar sitt eigið blað. Vilhjálmur sá fram á að Morgunblaðið myndi aldrei bera sig án auglýsingatekna kaupmannanna því þeir myndu að

sjálfsögðu fremur auglýsa í eigin dagblaði. Vilhjálmur Finsen (1953) segir í ævisögu sinni: „Og þannig komst hjartans barn mitt í hendurnar á kaupmönnunum í Reykjavík.“. Fylgir sögunni að honum hafi liðið eins og halaklipptum hundi eftir söluna. Kaupmennirnir stofnuðu útgáfufélagið Árvakur um rekstur Morgunblaðsins og gefur það blaðið enn út.

Áttatíu og þremur árum eftir að Vilhjálmur missti Morgunblaðið úr höndum sínum töpuðu aðrir útgefendur, feðgarnir Sveinn Eyjólfsson og Eyjólfur Sveinsson, Fréttablaðinu einnig í hendurnar á kaupmönnum í Reykjavík.

Fréttablaðið leit dagsins ljós þann 23. apríl 2001, fyrsta ókeypis dagblaðið hér á landi sem dreift var í hús. Reksturinn gekk brösulega framan af og seldu feðgarnir síðdegisblaðið DV, sem þeir gáfu einnig út, til að losa um fjármagn (Morgunblaðið, 11. desember, 2001). Það dugði ekki til að halda Fréttablaðinu á floti því í lok júnímánaðar 2002 komu nýir fjárfestar að blaðinu undir nafni Fréttar ehf. Eignarhaldinu var haldið leyndu því að sögn Gunnars Smára Egilssonar, þáverandi ritstjóra blaðsins, var mikilvægara að blaðið sjálft fengi að vera í fyrirrúmi fremur en þeir sem ættu það (Morgunblaðið, 13. júlí, 2002). Er Óli Tynes fréttamaður spurði hver ætti Fréttablaðið (Morgunblaðið, 19. október, 2002), svaraði Ragnar Tómasson lögfræðingur að dæma ætti blaðið af eigin verðleikum og ekki skipti máli hverra manna það væri (Morgunblaðið, 23. október, 2002).

Hulunni var svipt af eigendum Fréttablaðsins vorið 2003 er tilkynnt var hverjir væru eigendur þess og voru kaupmenn í Reykjavík þeirra á meðal, feðgarnir Jóhannes Jónsson í Bónusi og Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs (Morgunblaðið, 3. maí, 2003). Í nóvember sama ár keypti Jón Ásgeir fjölmiðlafyrirtækið Norðurljós af Jóni Ólafssyni athafnamanni og sagði Jón Ásgeir þá ekkert leyndarmál hverjir hefðu eignast fyrirtækið (Morgunblaðið, 20. nóvember, 2003). Hálfum mánuði fyrr hafði útgáfufélag Fréttablaðsins keypt þrotabú DV (Morgunblaðið, 7. nóvember, 2003).

Með kaupum forstjóra Baugs á Fréttablaðinu, DV og miðlum Norðurljósa var eitt stærsta fyrirtæki landsins á sviði smásölu orðið ráðandi afl á fjölmiðlamarkaði, ekki eingöngu sem auglýsandi heldur einnig sem eigandi. Hafði Baugur nú einstakt tækifæri til að auglýsa eigin verslanir og fyrirtæki í eigin miðlum og skilja aðra fjölmiðla eftir úti í kuldanum.

Nokkur dæmi eru um það hér á landi að eigendur og auglýsendur hafi reynt að hafa áhrif á fréttaflutning. Á haustmánuðum 1996 sagði Elín Hirst, fyrrverandi fréttastjóri Stöðvar 2, að sér hefði verið sagt upp störfum þar sem Jóni Ólafssyni, stjórnarformanni Norðurljósa og eiganda fyrirtækisins, líkaði ekki fréttamat hennar. Hann teldi að Stöð 2 hefði tapað tugum milljóna

í auglýsingatekjum vegna tveggja frétta sem fréttastofa stöðvarinnar hefði flutt. Jafnframt hefði hann farið fram á að samningur Stöðvar 2 um enska boltann ætti að vera fyrsta frétt eitt kvöldið en hún neitað þeirri beiðni (Morgunblaðið, 19. október, 1996).

Er nafn Styrmis Gunnarssonar, ritstjóra Morgunblaðsins, tengdist umfjöllun um hið svokallaða Baugsmál, sagði forstjóri Baugs að viðskipti fyrirtækisins við Morgunblaðið yrðu endurskoðuð (RÚV, 25. september, 2005). Finnur Árnason, forstjóri Haga sem rekur flestar verslanir Baugs, sagði að óskað yrði eftir fundi með Morgunblaðsmönnum og þeir beðnir um að útskýra fréttaflutning sinn, „Morgunblaðið sé í herferð gegn Baugi" (RÚV, 27. desember, 2005).

Að lokum má nefna að áhrif eigenda og auglýsenda urðu hvað greinilegust í janúar 2006 er fullorðinn maður vestur á fjörðum svipti sig lífi vegna forsíðufréttar í DV sem bendlaði hann við sakamál. Samtök auglýsenda hvöttu félagsmenn sína til að sniðganga DV þar til það tæki upp siðareglur Blaðamannafélags Íslands (RÚV, 14. janúar, 2006).

Ritstjórum DV varð ekki vært á stólum sínum og sögðu upp þrátt fyrir yfirlýsingar þess efnis í fjölmiðlum að þeir ætluðu að gegna störfum sínum áfram. Forstjóri Baugs, Jón Ásgeir Jóhannesson, sagði að ritstjórn fjölmiðla væri ekki á sinni könnu, „hann komi að rekstri fjölmiðla út frá arðsemisforsendum". Hann viðurkenndi hins vegar að ritstjórar DV hefðu farið „út af brautinni" (RÚV, 17. janúar, 2006).

Fjórum dögum áður hafði stjórn Dagsbrúnar, móðurfyrirtækis 365 miðla sem gefur DV út, fundað um málefni blaðsins og að þeim fundi loknum var haft eftir Gunnari Smára Egilssyni, fyrrverandi forstjóra Dagsbrúnar, að stjórnin hefði ekki þrýst á ritstjórana að segja upp störfum því henni væri óheimilt að skipta sér af innihaldi fjölmiðla í eigu félagsins og að hlutverk hennar fælist eingöngu í almennri stefnumótun fjölmiðlanna (RÚV, 13. janúar, 2006).

Yfirlýsingar Jóns Ásgeirs og Gunnars Smára eru athyglisverðar því hinn 29. september 2005 sá einn eigenda DV, Jóhannes Jónsson, ástæðu til að gagnrýna fréttaflutning blaðsins. Hann lýsti yfir „sárum vonbrigðum" með ákveðna frétt blaðsins og taldi hana „langt utan við það sem réttlætanlegt er" (Fréttablaðið, 29. september, 2005, bls. 27). Jóhannes tók þar með ritstjórana á teppið á opinberum vettvangi.

Eins og áður hefur komið fram er það eitt af hlutverkum fjölmiðla að skila gróða til eigenda sinna. Það er því eðlilegt að eigendur þeirra hafi áhrif á ritstjórnarstefnuna og geti sagt þeim ritstjórum að taka pokann sinn sem ekki framfylgja þeirri stefnu. Sá ritstjóri sem ekki fylgir þeim línum í fréttamati

sem eigandinn hefur lagt skaðar hagsmuni eigandans. Í tilfelli DV var mikið hagsmunamál fyrir stjórnendur Dagsbrúnar og eigendur fyrirtækisins að skipta um menn í brúnni þar sem auglýsendur höfðu yfirgefið skútuna og hún hefði siglt í strand ef ekki hefði verið brugðist við.

Markmið rannsóknar

Frá þeim tíma er eigendur Baugs eignuðust hlut í Fréttablaðinu hafa þeir ítrekað verið ásakaðir um að beita blaðinu, og öðrum fjölmiðlum innan samsteypu sinnar, í sína þágu. Hallur Hallsson blaðamaður fullyrðir í grein í Morgunblaðinu 13. mars 2003 að Fréttablaðið þjóni nafnlausum herrum en á þeim tíma var eignarhaldið á blaðinu ekki orðið opinbert. Páll Vilhjálmsson blaðamaður hafði frá janúar 2004 til ágúst 2006 ritað a.m.k. 15 greinar í Morgunblaðið um Baug (skv. leit í gagnagrunni Morgunblaðsins). Margar þessara greina fjalla um tengsl Baugs við fjölmiðla Dagsbrúnar. Páll segir í Morgunblaðsgrein frá 18. ágúst 2006: „...Baugsverslunin niðurgreiðir ókeypis útgáfu Fréttablaðsins." Hann hafði áður haldið því fram í Þjóðmálum (2005) að verslanir innan Baugs, sérstaklega Bónus, Hagkaup og Debenhams, renni stoðum undir Fréttablaðið með því að kaupa auglýsingar í blaðinu.

Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, kallaði Fréttablaðið og DV Baugstíðindi í pistli á vef sínum hinn 21. desember 2003 og Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, sagði í samtali við RÚV „horfa á það með hryllingi hvernig Baugur misnoti miðla sína" (RÚV, 29. september, 2005).

Megintilgangur þeirrar rannsóknar sem hér er kynnt var að kanna hvort að tengsl væru á milli eignarhalds á dagblöðum og auglýsinga sem í þeim birtust. Með hliðsjón af ofangreindri umræðu var sjónum sérstaklega beint að Fréttablaðinu og auglýsingum verslana innan samsteypu Baugs.

Aðferðafræði

Til að rannsaka hvort tengsl væru á milli eignarhalds á dagblöðum og auglýsinga í þeim var ákveðið að telja allar auglýsingar í íslenskum dagblöðum sem væru hálf síða að stærð eða stærri og birtust í mars og september 2002, og mars 2006. Gustafsson og Rennemark (1994) segja að flestir sérfræðingar séu sammála um að neytendur taki betur eftir stærri auglýsingum en minni.

Verð á auglýsingum fer eftir stærð og staðsetningu þeirra og eru heilsíðuauglýsingar því yfirleitt dýrastar, sérstaklega auglýsingar sem birtast á þriðju blaðsíðunni. Kostar slík auglýsing hátt í hálfa milljón í Fréttablaðinu, skv. verðskrá í febrúar 2006, og á sjötta hundrað þúsund í Morgunblaðinu.

Rannsóknir á auglýsingum hafa í nær eina öld sýnt að lesendur veita fyrstu blaðsíðum dagblaða mesta athygli og hafa þær því mest auglýsingagildi (Símon Jóh. Ágústsson, 1947, Wells o.fl., 2003). Finn (1988) ráðleggur auglýsendum að auglýsa á hægri síðu framarlega í dagblöðum og hafa þær eins stórar og mögulegt er. Ólafur Stephensen (1987) dregur hins vegar mátt síðu þrjú í efa og bendir á að margir lesi blöðin aftan frá. Talið er að 85% allra auglýsinga fari fram hjá fólki og að af þeim 15% sem einhverja athygli fái, hafi ef til vill 5% einhver áhrif (Karp, 1971).

Þar sem nýir eigendur komu að Fréttablaðinu sumarið 2002 var talið rétt að kóða einn mánuð fyrir eigendaskiptin, mars, og annan stuttu eftir breytinguna, september. Tekið skal fram að auglýsingapláss er iðulega pantað marga mánuði og jafnvel ár fram í tímann þannig að ekki er sjálfgefið að áhrif eigendaskipta hafi verið að fullu komin fram. Til samanburðar og til að fá yfirsýn yfir núverandi stöðu á auglýsingamarkaði var mars 2006 einnig kóðaður.

Alls voru kóðuð 259 tölublöð af Blaðinu, DV, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Á það skal minnt að á því herrans ári 2002 kom Morgunblaðið ekki út á mánudögum og DV var síðdegisblað. Í mars 2002 kom Fréttablaðið ekki út um helgar en í september kom blaðið einnig út á laugardögum. Blaðið hóf ekki göngu sína fyrr en í maí 2005. Í mars 2006 komu Morgunblaðið og Fréttablaðið út alla daga mánaðarins en Blaðið og DV gáfu ekki út sunnudagsútgáfu. DV hætti að koma út daglega í lok apríl 2006 og var blaðinu breytt í helgarblað. Einnig hafði það áhrif á fjölda tölublaða í mars 2002 að 28. mars var skírdagur.

Tekið skal enn fremur fram að eingöngu voru kóðaðar auglýsingar sem birtust í aðalblöðum blaðanna. Fréttablaðið og Morgunblaðið gefa nær daglega út svokallaða kálfa eins og t.d. Allt sem fylgir Fréttablaðinu daglega og var þeim öllum sleppt þar sem auglýsingasíðurnar í aðalblöðunum skipta mestu máli. Lesendur blaðanna taka kálfana iðulega út úr blöðunum, rúlla þeim upp og henda þeim, eins og einn lesandi orðaði það. Er það því undir hælinn lagt hvort fylgiblöðin eru lesin eður ei.

Niðurstöður

Fátt ber efnahagsástandinu hverju sinni jafn skýrt vitni eins og auglýsingar. Þegar harðnar í ári fækkar auglýsingum og sú fækkun bitnar þá illilega á fjölmiðlum sem eiga allt sitt undir auglýsingasölu. Þegar vel árar fjölgar auglýsingum og fjölmiðlar blómstra. Samdráttur var á auglýsingamarkaði 2002 og lækkaði m.a. verð á auglýsingum. Uppsveiflan hófst aftur ári síðar. (Morgunblaðið, 30. mars, 2003).

Í mars 2002 birtust samtals 588 stórar auglýsingar í dagblöðunum. Eins og fram kemur í töflu eitt voru þær flestar í Morgunblaðinu eða 293, 154 í Fréttablaðinu og 141 í DV. Í september 2002 fækkaði auglýsingunum í 566 og varð fækkunin hjá Morgunblaðinu eins og sjá má. Fréttablaðið bætti heldur við sig og munar aðeins 18 auglýsingum á blöðunum þó hvert tölublað af Fréttablaðinu hafi ávallt verið 24 síður en Morgunblaðið 52 til 68 síður.

Tafla 1. Fjöldi stórra auglýsinga í dagblöðunum

	mars '02	sept. '02	mars '06
Blaðið			533
DV	141	152	235
Fréttablaðið	154	198	682
Morgunblaðið	293	216	380
Samtals	**588**	**566**	**1830**

Fjöldi auglýsinga í íslenskum dagblöðum þrefaldaðist á fjórum árum. Í marsmánuði 2006 birtust 1830 auglýsingar í aðalblöðunum þrátt fyrir mikinn fjölda fylgiblaða. Um 75% aukning varð á auglýsingum í Morgunblaðinu miðað við september 2002 og um helmingsaukning hjá DV, Blaðið kom nýtt inn á markaðinn en auglýsingamagnið í Fréttablaðinu jókst um 245%. Það skal tekið fram að skv. heimildum er Morgunblaðið með kvóta á auglýsingamagni.

Mikil aukning í bílaauglýsingum á milli ára skýrir að einhverju leyti þann mun sem er á fjölda auglýsinga 2002 og 2006. Í mars og september 2002 voru bifreiðaumboðin iðulega með eina til fimm auglýsingar yfir mánuðinn en fjórum árum síðar birta þau sum hver á annan tug auglýsinga. Þrátt fyrir

þetta fær DV ekki einn brauðmola frá bifreiðaumboðunum, jafnvel frá umboðum sem keyptu a.m.k. eina auglýsingu í blaðinu 2002.

Einnig fjölgaði auglýsingum frá bönkunum. Íslandsbanki réðist í auglýsingaherferð til að kynna nýtt nafn á bankanum, Glitnir, en Landsbankinn og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis auglýstu jafnvel meira en Glitnir. Var auglýsingum Landsbankans iðulega beint að fermingarbörnum. Aukning varð líka á auglýsingum fyrir tölvur og raftæki.

Sú sérstaka staða kom upp miðvikudaginn 29. mars 2006 að flugfélagið Icelandair Group (áður Flugleiðir) keypti nær allar auglýsingar í Morgunblaðinu og gerði þar með ókleift að bera saman auglýsingar fyrirtækisins á milli dagblaða.

Innan verslanaveldis Baugs á Íslandi eru m.a. Bónus, Hagkaup, Útilíf, 10-11, Húsasmiðjan, Blómaval, Lyfja og Debenhams. Einnig eiga Stoðir, fasteignafélag Baugs, verslanamiðstöðina Kringluna. Baugur átti þann 11. apríl 2006 einnig 36,26% hlut í fjarskipta-, fjölmiðla- og afþreyingarsamsteypunni Dagsbrún.

Norvik er hitt stórfyrirtækið á íslenskum matvöru- og smásölumarkaði. Forstjóri Norvikur er Jón Helgi Guðmundsson en undir það tilheyra matvöruverslanirnar Krónan, Nóatún, 11-11, Intersport, Húsgagnahöllin, BYKO og Elko.

Í marsmánuði 2002 auglýsti Bónus mest í DV - var með fimm auglýsingar í blaðinu, þrjár í Morgunblaðinu og aðeins eina í Fréttablaðinu. Eftir að eigendaskipti urðu á Fréttablaðinu um sumarið hurfu Bónusauglýsingarnar úr DV, voru fjórar í Morgunblaðinu og þrjár í Fréttablaðinu. Eins og sjá má í töflu tvö birtust 24 auglýsingar frá Bónusverslunum í Fréttablaðinu í mars 2006. Þessar 24 auglýsingar birtust á 26 og hálfri síðu. Eina Bónusauglýsingin sem birtist í Morgunblaðinu var þakklæti til þjóðarinnar fyrir að hafa valið verslunina vinsælasta fyrirtæki landsins. Þrjár Bónusauglýsingar birtust í Blaðinu.

Athygli vekur að 38 auglýsingar frá Hagkaupum birtust í Fréttablaðinu í mars 2006 - á 41 blaðsíðu. Ein auglýsing birtist í DV en ekki ein einasta í Morgunblaðinu eða Blaðinu. Greinileg fjölgun varð á auglýsingum Hagkaupa í Fréttablaðinu haustið 2002 þar sem þeim fjölgaði úr sjö í 15 á sama tíma og þeim fækkaði í Morgunblaðinu úr sex í fjórar og voru þrjár og fjórar í DV.

Debenhams, Útilíf og Blómaval birtu öll fleiri auglýsingar í Fréttablaðinu en Morgunblaðinu í mars 2006. Húsasmiðjan var eina fyrirtæki Baugs sem birti svipaðan fjölda auglýsinga í Blaðinu og Fréttablaðinu. Eina auglýsingin frá Lyfju birtist í Morgunblaðinu.

Tafla 2. Auglýsingar fyrirtækja Baugs í dagblöðum

	Blaðið	DV	Fréttablaðið	Morgunblaðið
Bónus	3	0	24	1
10-11	1	0	1	0
Hagkaup	0	1	38	0
Debenhams	0	0	5	2
Útilíf	0	0	3	1
Húsasmiðjan	4	0	5	0
Blómaval	0	0	4	1
Lyfja	0	0	0	1
Kringlan	0	0	7	0
Samtals	**8**	**1**	**87**	**6**

Merkilegt hlýtur einnig að teljast að sjö auglýsingar birtust í Fréttablaðinu frá Kringlunni og sex frá Smáralind en ekki birtist ein einasta stór auglýsing frá þessum tveimur stærstu verslanamiðstöðvum landsins í nokkru öðru dagblaði.

Í mars 2002 birtust sex auglýsingar frá Smáralind í Morgunblaðinu, fimm í DV og tvær í Fréttablaðinu. Í þeim sama mánuði birtust fjórar auglýsingar frá Kringlunni í Morgunblaðinu, fimm í Fréttablaðinu og ein í DV.

Samtals birtust 87 auglýsingar frá fyrirtækjum í eigu Baugs í Fréttablaðinu, átta í Blaðinu, sex í Morgunblaðinu og ein í DV - eins og sjá má í töflu tvö. Óneitanlega vekur slík slagsíða í birtingum á auglýsingum upp þá tilgátu að Fréttablaðið bjóði systurfyrirtækjum sínum verulegan afslátt af auglýsingaverði sem önnur dagblöð geta ekki keppt við.

Sé litið á auglýsingar frá fjölmiðlum og annarri starfsemi Dagsbrúnar, má sjá í töflu þrjú að alls birtust 79 auglýsingar frá þessum fyrirtækjum í Fréttablaðinu í mars 2006, 47 í DV, en aðeins þrjár í Blaðinu og sjö í Morgunblaðinu. OgVodafone birti t.d. 12 stórar auglýsingar í Fréttablaðinu en aðeins eina til tvær í öðrum dagblöðum. Afþreyingarfyrirtækið Sena, sem Dagsbrún keypti í febrúar 2006 af Degi Group, var með níu stórar auglýsingar í Fréttablaðinu en aðeins eina í Morgunblaðinu og eina í Blaðinu.

Samtals eru auglýsingar fyrirtækja Baugs nær fjórðungur af öllum stórum auglýsingum í aðalblaði Fréttablaðsins eða 24,3% og voru um fimmtungur, 20,4%, af auglýsingum DV.

Norvik sniðgekk DV eins og sjá má í töflu fjögur en birti m.a. 11 auglýsingar frá Krónunni og Nóatúni í Fréttablaðinu og tvær auglýsingar frá 11-11 í Blaðinu. Augljóst er að Nóatún hefur fastan langtímaauglýsinga-

samning við Morgunblaðið þar sem verslunin á þriðju blaðsíðuna á föstudögum, ef svo mætti að orði komast.

Tafla 3. Auglýsingar fyrirtækja Dagsbrúnar í dagblöðum

	Blaðið	DV	Fréttablaðið	Morgunblaðið
Allt	0	2	2	0
BT-net	0	0	6	0
Bylgjan	0	1	3	0
D3	0	10	0	0
Digital Ísland	0	1	5	0
Fréttablaðið	0	0	11	0
Hér og nú	0	13	0	0
NFS	0	0	1	0
OgVodafone	1	2	12	2
Securitas	1	0	3	3
Sena	1	0	9	1
Sirkus	0	10	3	0
Sko	0	0	2	1
Smárabíó	0	2	1	0
Stöð 2	0	3	11	0
Sýn	0	2	5	0
Veggfóður	0	0	2	0
Veggfóður - tímarit	0	0	3	0
X-ið	0	1	0	0
Samtals	**3**	**47**	**79**	**7**

Tafla 4. Auglýsingar fyrirtækja Norvikur í dagblöðum

	Blaðið	DV	Fréttablaðið	Morgunblaðið
Krónan	3	0	11	0
11-11	2	0	0	0
Nóatún	0	0	11	8
Intersport	0	0	1	3
Húsgagnahöllin	1	0	3	0
Byko	0	0	3	2
Samtals	**6**	0	**29**	**13**

Til samanburðar má nefna að Nettó var með 10 stórar auglýsingar í Fréttablaðinu í mars 2006, sex í Morgunblaðinu, fimm í Blaðinu og tvær í

DV. Fjórum árum áður var verslunin með eingöngu þrjár auglýsingar í Morgunblaðinu. Fjarðarkaup birti eina stóra auglýsingu í Fréttablaðinu og eina í Blaðinu.

Dæmi eru um að fyrirtæki hafi ekki auglýst í Fréttablaðinu í mars 2006. Má í þessu sambandi nefna Apple sem birti 10 auglýsingar - allar í Blaðinu, og Harðviðarval og Rekkjuna sem eingöngu auglýstu í Blaðinu. Raftækjaverzlun Íslands auglýsti í Morgunblaðinu og Blaðinu.

Að lokum má geta þess að verslanir Dags Group auglýstu aðeins í dagblöðum Dagsbrúnar. BT-verslanirnar auglýstu 12 sinnum í Fréttablaðinu og einu sinni í DV, Sony Center auglýsti þrisvar í Fréttablaðinu, Skífan var með sex stórar auglýsingar í Fréttablaðinu og Hljóðfærahúsið auglýsti sex sinnum í Fréttablaðinu og sjö sinnum í DV. Algengt var einnig að sjá auglýsingar sem samtvinnuðu starfsemi BT-verslananna og afþreyingarsviðs Dagsbrúnar eins og t.d. D3.

Umræða

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda eindregið til að Fréttablaðið fái drjúgan hluta af auglýsingatekjum sínum frá öðrum fyrirtækjum í eigu Baugs - að peningarnir fari úr einum vasa í annan. Fjórðungur stórra auglýsinga í Fréttablaðinu var frá verslunum í eigu Baugs eða fyrirtækjum innan Dagsbrúnar. Baugur slær tvær flugur í einu höggi, þ.e.a.s. auglýsir verslanir sínar í útbreiddu dagblaði með trúlega litlum tilkostnaði og sér Fréttablaðinu fyrir fjármagni til að halda því gangandi. Hér verður ekki fullyrt neitt um þá fjárhæð sem fyrirtæki í eigu Baugs borga fyrir auglýsingar í Fréttablaðinu en líklegt þykir að þau borgi verulega lægra verð en hjá öðrum dagblöðum. Fréttablaðinu er tryggt fjármagn svo lengi sem það tilheyrir samsteypu Baugs en hins vegar kunna ókostir þessa eignarhalds að vera þeir að blaðið fái mun minna fyrir hverja auglýsingu fyrirtækja Baugs en ef það tengdist ekki Baugi.

Sérstaka athygli vekur sá mikli fjöldi auglýsinga sem birtist í Fréttablaðinu frá Bónusverslunum og Hagkaupum. Krónan, Nettó og Nóatún auglýsa að jafnaði 10 til 11 sinnum í mánuði í Fréttablaðinu en samkeppnisaðilinn, Bónus, sá ástæðu til að vera með 24 stórar auglýsingar í blaðinu. Sigurður Arnar Sigurðsson, forstjóri Kaupáss sem rekur matvöruverslanir Norvikur, telur reyndar óeðlilegt að fyrirtækið auglýsi í fjölmiðlum sem eru í eigu helsta samkeppnisaðila Kaupáss á markaði (RÚV, 15. desember, 2005).

Belch og Belch (2001) halda því fram að enginn viti í raun hversu oft auglýsing þarf að birtast til að hafa áhrif. Þeir segja að almennt sé talið að

auglýsing þurfi að birtast a.m.k. þrisvar sinnum til að hafa tilætluð áhrif. Birtist auglýsing 10 sinnum eða oftar á ákveðnu tímabili sé það of oft og ekki hagkvæmt. Á hinn bóginn staðhæfir Jones (1999) að ein auglýsing geti haft tilætluð áhrif. Hann mælir eindregið með að auglýsingaherferð sé stöðug og að jafnaði sé birt ein auglýsing í viku.

Taka þarf með í reikninginn að Bónus er lágvöruverslun sem hefur sterka stöðu á markaði og er velþekkt vörumerki. Þessir þættir ættu að leiða til þess að fyrirtækið þyrfti minna að auglýsa. Hins vegar er það í virkri samkeppni og selur vörur sem fólk þarf stöðugt að endurnýja sem aftur eykur þörfina fyrir tíðari auglýsingar (Belch og Belch, 2001). Ætla mætti því að nóg væri fyrir Bónus að auglýsa einu sinni til tvisvar í viku með reglulegu millibili án þess að það kæmi niður á sölunni.

Eftirtektarvert er einnig að Hagkaup birti 38 stórar auglýsingar í Fréttablaðinu og eina í DV en enga í öðrum dagblöðum. Fjöldi auglýsinga Hagkaupa í Fréttablaðinu tvöfaldaðist við eigendaskiptin sumarið 2002, fór úr sjö í 15 - sem bendir vissulega til að stjórnendur fyrirtækisins hafi verið hvattir til að nýta Fréttablaðið sem auglýsingamiðil. Nú er vert að hafa í huga að í fjölmiðlakönnun Gallup í október 2002 reyndist meðallestur á hvert tölublað Morgunblaðsins 57,3% en meðallestur Fréttablaðsins var 51,8%. Það var því fátt sem réttlætti að birta svo mikið magn auglýsinga í blaði sem var á þeim tíma aðeins 24 blaðsíður nema ef vera skyldi verð auglýsinganna. Í maí 2006 reyndist meðallestur á hvert tölublað Fréttablaðsins 68,3%, á Morgunblaðinu 54,3%, á Blaðinu 32,9% og á DV 14,7% (skv. Gallup). Lestur almennings á DV var þá aðeins helmingur þess sem hann var fjórum árum áður.

Þann 26. mars 2006 birtu eigendur Baugs, Jóhannes Jónsson og börn hans, Jón Ásgeir Jóhannesson og Kristín Jóhannesdóttir, heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu (bls. 7) þar sem þau þakka vinum og samstarfsmönnum stuðning við sig meðan á málaferlum gegn þeim stóð. Auglýsingin birtist eingöngu í Fréttablaðinu. Má draga þá ályktun að þau líti á Fréttablaðið sem sinn miðil. Ef til vill hefði mörgum þótt eðilegra að auglýsingin hefði birst í öllum fjórum dagblöðunum.

Kjarni málsins er að hér á landi eru greinileg tengsl á milli eignarhalds og auglýsinga. Rannsókn þessi kallar á frekari rannsóknir á þessu sviði, t.d. nákvæmari mælingu á auglýsingamagninu og einnig væri athyglisvert að vita hvað fyrirtæki eru að borga fyrir auglýsingar sínar. Mikilvægt er að kanna annars vegar hver séu bein og óbein afskipti eigenda af fjölmiðlum sínum og hins vegar hvaða áhrif eigendur hafi á fjölmiðlana í gegnum auglýsingar fyrirtækja sinna. Mætti enn fremur rannsaka hvort að eigendavaldið hafi áhrif

á þá hugmyndafræði sem ríkir á íslenskum ritstjórnum og þar með á fréttamatið. Erin Steuter (2001) nefnir t.d. í grein sinni að eigendur geti haft áhrif á fréttir fjölmiðla sinna með þöggun. Ástæða er til að ætla að hér á landi sé þöggun beitt í einhverjum mæli, að fjölmiðlar fjalli hreinlega ekki um málefni, eða geri lítið úr málum, sem snerta hagsmuni eigenda.

Heimildir

An, S. og Jin, H. S. (2004). Interlocking of newspaper companies with financial institutions and leading advertisers. *Journalism and Mass Communication Quarterly*, *81*(3), 578-600.

Baker, R. (1997). The squeeze. *Columbia Journalism Review*, *36*(3), 30-36.

Belch, G. E. og Belch, M. A. (2001). *Advertising and promotion: An integrated marketing communications perspective*. Boston: McGraw-Hill Irwin.

Finn, A. (1988). Print ad recognition readership scores: An information processing perspective. *Journal of Marketing Research*, *25*(2), 168-177.

Gustafsson, C. og Rennemark, R. (1994). *Reklam som säljer*. Malmö: Liber-Hermods.

Herman, E. S. (1996). The propaganda model revisited. *Monthly Review*, *48*(3), 115-128.

Jones, J. P. (1999). What does effective frequency mean today? Í J. P. Jones (Ritstj.), *The advertising business: Operations, creativity, media planning, integrated communications* (bls. 285-298). Thousand Oaks, Kaliforníu: Sage.

Just, M. og Levine, R. (2001). News for sale. *Columbia Journalism Review*, *40*(4), 2-3.

Karp, R. E. (1971). Creative advertising strategies: The two-sided approach. *Business and Society*, *12*(1), 18-25.

McChesney, R. W. (2000). Journalism, democracy...and class struggle. *Monthly Review*, *52*(6), 1-15.

Páll Vilhjálmsson (2005). Dagskrárvald Baugs: Saga misnotkunar. *Þjóðmál*, *1*(2), 48-54.

Ólafur Stephensen (1987). *Nýtt og betra: Skemmtun, skrum eða svartigaldur: Auglýsingabók Ólafs Stephensen*. Reykjavík: Svart á hvítu.

Símon Jóh. Ágústsson (1947). *Auglýsingabókin*. Reykjavík: Helgafell.

Steuter, E. (2001). The Irvings cover themselves: Media representations of the Irving oil refinery strike. *Canadian Journal of Communication*, *24*(4), 1-18.

Vilhjálmur Finsen (1953). *Alltaf á heimleið*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar hf.

Wells, W., Burnett, J. og Moriarty, S. (2003). *Advertising principles and practice.* New Jersey: Prentice Hall.

Afbrotafræði íslenskra glæpasagna

Helgi Gunnlaugsson

Á síðari árum hafa fréttir af afbrotum og afleiðingum þeirra verið áberandi frétta- og afþreyingarefni í samfélaginu. Dagblöð birta ósjaldan fréttir af afbrotum með stríðsfyrirsögnum og iðulega fara ljósvakamiðlar á vettvang brota og sýna með dramatískum hætti hvar athæfið átti sér stað. Í kjölfarið er brotunum gjarnan fylgt eftir næstu daga og vikur með leit lögreglu að sökudólgi og gegnum réttarkerfið sjálft þar til dómur er loks kveðinn upp. Fjöldi bóka er skrifaður um glæpi og sakamál eru vinsælt efni í bíó- og sjónvarpsmyndum.

Óhætt er að segja að afbrot eru vinsæl söluvara á fjölmiðla- og bókamarkaði. Á síðustu árum hafa fjölmiðlarnir á Íslandi færst meira á einkamarkaðinn, sér í lagi sjónvarp og útvarp, og hefur hlutdeild afbrota í fréttum og almennri umfjöllun vaxið að sama skapi (Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Jafnframt hefur tónninn í umfjölluninni orðið hvassari með auknum nafn- og myndbirtingum og nægir að nefna áherslu DV á síðustu misserum því til staðfestingar.

Neikvæðar og jákvæðar fréttir

Umhugsunarvert er að neikvæðar fréttir vekja yfirleitt meiri athygli en jákvæðar – og á það ekki síst við um málaflokk afbrota. Ef tíðni ofbeldisbrota eykst er líklegt að það endi með áberandi uppslætti en ef hið gagnstæða á sér stað eru litlar líkur á athygli fjölmiðla. Slagsíða af þessu tagi ýtir undir þá tilfinningu að afbrot séu sífellt að aukast og samfélagið hættulegra en áður. Um leið er alið á ótta og óöryggi borgaranna, sem telja sig jafnvel hvergi óhulta í harðnandi heimi. Sú afstaða að grípa verði til harðari aðgerða og þyngri dóma til að stemma stigu við meintu ástandi verður nánast sjálfgefin í vitund borgaranna – annað sé ekki verjandi í þessu ótrygga umhverfi sem vaxandi afbrot valda (sjá td. *Morgunblaðið*, 17. mars, 2006). Mælingar á viðhorfum borgaranna til afbrota á Íslandi sýna tengsl af

þessu tagi mjög vel. Þegar áhyggjur af afbrotum eru hvað mestar telja jafnframt flestir að refsingar við afbrotum séu of vægar (Helgi Gunnlaugsson, 2003).

Hvað veldur slagsíðu fjölmiðla í garð afbrota? Auðvelt er að skella skuldinni einvörðungu á fjölmiðlana sjálfa. Eigendur og starfsmenn fjölmiðla matreiði úr svo til engu hrollvekjandi fréttir af afbrotum og alla þessa sjónvarpsþætti og bækur um sakamál. Við venjulegir borgarar þurfum því að horfa upp á öll þessi ósköp eiginlega gegn vilja okkar. En þó fjölmiðlar séu áhrifamiklir er þetta of einhliða skýringasamhengi. Vægi okkar lesenda og áhorfenda er meira en það, við erum ekki viljalaus verkfæri fjölmiðla. Við borgararnir erum virkir í því að sjá, lesa og heyra það sem við viljum og val okkar og óskir hafa mikil áhrif á þá stefnu sem fjölmiðlar af ólíku tagi taka. Áhugi á umfjöllun um glæpi er talsverður í samfélaginu, augu og eyru virðast sperrast um leið og heyrist af nýju sakamáli. Um leið og kveikt er á fréttum laugardags- og sunnudagsmorgna er sú spurning áleitin hvort einhver hafi verið drepinn eða verið nauðgað í borgarsollanum um nóttina. Í framhaldi vaknar áhugi á frekari fréttum af gangi mála, helst strax í næsta fréttatíma eða í hverju nýju tölublaði dagblaða sem birtist næstu daga eða jafnvel vikur.

Áhugi fjölmiðla á afbrotum er því ekki sjálfsprottinn. Málefni afbrota eru mörgum hugleikin og fjölmiðlar færa sér áhugann í nyt. Áherslur og framsetning fjölmiðla á afbrotum hefur síðan talsverð áhrif á skynjun borgaranna á vanda afbrota í samfélaginu (sjá t.d. Roberts og Hough, 2002).

Hvers vegna erum við upptekin af afbrotum? Ímynd afbrota felur í sér dramatík og spennu þar sem hinu góða og illa lýstur saman og auðvelt að finna til með fórnarlambinu og fordæma gerandann. Tilfinningavíddin er djúp og afgerandi, afbrot virka oft klippt og skorin þar sem mörkin milli hins heiðvirða grandalausa borgara (okkar) og glæpamannsins, skúrksins (þeirra), eru skýr. Daglega lífið okkar hversdagslega verður allt í einu dularfullt og ógnandi með hættumerkjum á hverju strái. Með glæpasögunni er ímynd glæpa færð inn í hversdagslífið og skil hins ímyndaða og raunverulega í lífi okkar eiga það til að þurrkast út. Flétta af þessu tagi skapar vitaskuld kjörið söguefni fyrir hæfa sögumenn og handritshöfunda.

Íslenskar glæpasögur

Við Íslendingar höfum sýnt að við erum alveg jafn spenntir fyrir afbrotum í umhverfi okkar einsog aðrar þjóðir. Miðað við hvað Íslendingar eru mikil bókaþjóð hlýtur að vekja athygli hversu seint Íslendingar byrjuðu að skrifa

spennandi glæpasögur og hve takmörkuð hefð hefur skapast á þessu sviði. Breytt samfélagsmynd og aukin umfjöllun um glæpi í samfélaginu hefur þó á síðustu árum plægt jarðveginn fyrir sókn bókmennta um glæpi. Inn á ritvöllinn hafa komið höfundar sem skrifa raunsæjar glæpasögur út frá íslenskum veruleika. Á engan er hallað þó fullyrt sé að Arnaldur Indriðason hafi verið fremstur í flokki glæpasagna og tekið þjóðina með trompi.

Í erindinu eru tekin fyrir ákveðin minni eða týpur sem koma fram með ýmsum hætti í bókum Arnaldar, sér í lagi í *Sonum duftsins* (1997), *Dauðarósum* (1998), *Mýrinni* (2000) og *Grafarþögn* (2001). Athyglisvert er að sjá hvernig alþjóðlegri vídd glæpasögunnar er blandað saman við íslenskar aðstæður á mörgu leyti trúverðugan hátt. Skoðað verður hvaða mynd er dregin upp af m.a. afbrotamönnum, dópsölum, eiturlyfjaneytendum og leynilögreglunni. Leitast verður við að meta hversu vel þessar persónur falla að tilteknum kenningum og rannsóknum afbrotafræðinnar.

Eðli brotamannsins

Áberandi minni í bókunum er lýsingin á því hvers konar manngerð brotamaðurinn er. Stundum er þar um algera mannleysu að ræða, sannkallaðan þrjót. Gott dæmi er nauðgarinn Holberg í *Mýrinni*. Þar er um fyrirlitlegan karakter að ræða og lesandinn er viss um að hann sé ófreskja með horn og hala sem sjáist af löngu færi. Fullkomlega gáttaður á því að Holberg hafi yfirleitt getað gengið frjáls um göturnar. Hann ber einnig sjálfa erfðasyndina í sjálfum sér sem kemur ekki á óvart. Sjúkdómur sem leiðir til dauða þá sem tengjast honum blóðböndum, hvílíkt afstyrmi sem þar er á ferðinni. Holberg er eiginlega nokkurs konar náttröll aftan úr forneskju; samúðin er engin, algert illmenni sem á sér engar málsbætur. Aðstæður viðkomandi eða tildrög verknaðirins varpa stundum ljósi á glæpina – en alls ekki hér.

Munurinn á brotamanninum og hinum heiðvirða er oft óljósari og grárri í veruleikanum en svarthvíta myndin sem dregin er upp af brotamanninum. Í raunveruleikanum stöndum við oft frammi fyrir manneskju sem framið hefur fólskuverk en þarf ekki endilega að vera ill í eðli sínu. Athæfið lýsir ekki alltaf viðkomandi í heild sinni, iðulega finnast jákvæðari hliðar. Til viðbótar sýna rannsóknir að í mörgum tilfellum er það tilviljunum háð hvort gerandi ofbeldisverks lendi í stöðu fórnarlambs eða geranda (Wolfgang og Ferracuti, 1967). Lífsstíll og aðstæður gerenda og þolenda eru oft áþekkar og áhættuþættirnir verða því sömuleiðis svipaðir (Loeber, Kalb og Huizinga,

2001). Í veruleikanum finnast örugglega illmenni en aðstæður og málsbætur eiga það til að flækja myndina.

Ekki má gleyma að fórnarlömb afbrota eru mörg og finnast ekki aðeins meðal þolenda afbrota og aðstandenda þeirra. Gerandinn sjálfur verður stundum nokkurs konar fórnarlamb eigin verknaðar. Svo ekki sé minnst á aðstandendur brotamannsins, sem standa saklausir og varnarlausir gagnvart brotum ástvinar eða einhvers nákomins. Sumir segja kanski að þessi sýn afsaki eða réttlæti óhæfuverk, sé hálfgert dekur við brotamenn. Má vera, en þessi mynd varpar samt raunsæju ljósi á veruleika margra afbrota og sýnir margræðni veruleikans. Þjáningin er víðtæk og sár og læsir sig ekki aðeins um þolendur brota heldur ekki síður um gerendur og aðstandendur þeirra. Afbrotamaðurinn þarf ekki alltaf að vera ófreskja þó athæfið sem hann framdi geti verið skelfilegt.

Minni af þessu tagi er óneitanlega áhugavert söguefni sem kemur víða við sögu í bókmenntum og í verkum Arnaldar ef grannt er skoðað. Í *Sonum duftsins* má sjá tilbrigði við þetta stef. Grunnskólakennarinn, barnaníðingurinn í sögunni, er ofurseldur óprúttnum peningaöflum sem gera lyfjatilraunir á tossadrengjum með alvarlegum afleiðingum fyrir þá. En vegna vitneskju peningaaflanna um kynferðisbrot kennarans á drengjum á árum áður hafa þau sannkallað hreðjatak á þessum ólánsama kennara og fá hann til að byrla strákunum þetta lyfjaeitur með aðstoð tveggja hjúkrunarkvenna. Við öðlumst örlítinn vott af samúð með kennaranum, en ekki mikla því hann er að ýmsu leyti skýr ímynd perrans. Óhrjálegur persónuleiki sem við viljum helst ekki þurfa að hafa mikil samskipti við, enda lýst sem einfara. Kennarinn í bókinni er persóna með brest, dulda kynhneigð gagnvart börnum, öðru vísi en aðrir borgarar, og í raun stórvarasamur.

Svipaða mynd af brotamönnum má víða sjá í glæpasögum og einnig í bókum Arnaldar. Dregin er upp mynd af brotamanni sem hefur einhvern leyndan brest sem brýst fram í brotum hans, jafnvel bakvið fallega ímynd starfs, fjölskyldu eða heimilis, leynist í raun skapofsamaður eða perri, sem fáir vita af, nema þá fórnarlömbin og leynilöggan snjalla í lokin, þegar brotamaðurinn er loks afhjúpaður. Skýrt dæmi um persónu í þessum anda í öðrum verkum Arnaldar er heimilisfaðirinn í *Grafarþögn* sem bak við grímu venjulegs fjölskylduföður heldur fjölskyldunni í heljargreipum kúgunar og ofbeldis.

Mynd af brotamanni af þessu tagi sem dregin er upp í þessum sagnaheimi hljómar sannfærandi. Varla fer nokkur venjuleg, heilbrigð manneskja til orðs og æðis að fremja morð, nauðgun eða önnur ódæðisverk? Athæfin hljóta að vera endurspeglun á einhverjum bresti. En ef þeir sem fremja brot eru svona

innréttaðir í eðli sínu er um leið dregið úr ábyrgð þeirra á eigin verkum. Brotamaðurinn er rakið illmenni með enga samvisku sem ræðst á fórnarlömb sín af algerri grimmd og án eftirsjár. Eða brotin eru bein afleiðing af einhverjum duldum bresti sem brýst fram í verkum brotamannsins og hann hefur litla sem enga stjórn á. Hörð viðurlög eru því ólíkleg til að halda aftur af brotum manneskju af þessu tagi enda á hún ekkert val gagnvart brotum sínum. Svar samfélagsins er því einfaldlega að loka brotamanninn inni til lífstíðar eða hreinlega taka af lífi – aðrar leiðir virðast ekki færar – eða hvað? Ekki myndi fimm ára vist í fangelsi koma í veg fyrir ný afbrot að lokinni afplánun? Ekki færum við að senda Holberg í meðferð eða hvað? Þung viðurlög fæla ekki mann eins og Holberg frá fólskuverkum sínum. Orsakir glæpa eru meðfæddar og vandkvæðum bundið að halda aftur af brotamönnum af þessu tagi með hefðbundnum refsiviðurlögum. Svarið er óhjákvæmileg útilokun þessara illu brotamanna eða hreinlega aftaka.

Að sumu leyti líkist Holberg þeirri mynd brotamanna sem dregin var upp af líffræðilega sinnuðum afbrotafræðingum í lok 19. aldar. Afbrot eru arfgengt fyrirbæri og sumir brotamenn eru „fæddir afbrotamenn“. Í ákveðnum tilfellum er í raun ekkert hægt að gera í málum þeirra nema taka úr umferð eða einfaldlega af lífi (sjá td Garofalo, 1914). Genetískar rannsóknir nútímans á td ofbeldishneigð eiga sér einhverja samsvörun í nálgun af þessu tagi (Reid, 2006). Mörkin milli brotamanna og annarra eru þó oft grárri en þetta í veruleikanum, munurinn getur jafnvel stundum verið óþægilega lítill. Í sagnaheiminum og sums staðar enn í vísindaheiminum er munurinn þó alveg skýr. Heiðvirðir borgarar eru allt annarar tegundar en brotamenn.

Eðli dópsalans

Eiturlyfjasalinn er ekki fjarri myndinni af brotamanninum sem lýst er hér að framan og birtist í sumum bókanna. Herbert dópsali í *Dauðarósum* er samviskulaus fantur. Útlendur í háttum enda fíkniefnin útlend og ógna æsku landsins og þar með framtíð þjóðarinnar. Herbert er alþjóðlegur glæpon, slettir mikið amerísku, *motherfukker man*, og kúltúrlaus í lífsháttum. Býr í stóru einbýlishúsi í Breiðholti þar sem allt er haft ófullklárað og ekki einsog heimili eru flest. Herbert stjórnar fíkniefnamarkaðnum á Íslandi með harðri hendi og heilalaus heljarmenni sér við hlið. Honum er algerlega sama hverjum hann selur efnin og hvaða áhrif þau hafa á viðkomandi.

Áhugavert tema fléttast inn í myndina af dópsalanum einsog gerist í tengslum við sum önnur afbrot. Einhver fínpússaður og virtur toppmaður í

samfélaginu er álitinn vera bakvið dópmarkaðinn, fjármagnar kaupin og setti þetta allt á stað. Herbert er nokkurs konar framkvæmdaaðili eða leppur toppmannsins, orðinn samt dálítið sjálfstæður og ráðríkur. Við náum samt ekki að sanna neitt á þessa fjármagnsaðila þó löggan viti allt um þá. Þeir sleppa því frá réttvísinni í lok bókarinnar enda vitum við að aldrei vantar efnin á dópmarkaðinum.

Eðli eiturlyfjaneytandans

Fórnarlömb fíkniefna hafa sömuleiðis yfir sér blæ staðalmynda. Nefna má Birtu í *Dauðarósum* og Evu Lind dóttur Erlendar rannsóknarlögreglu. Ungum saklausum konum, dætrum og fjallkonum Íslands, er lýst sem algerlega viljalausum verkfærum efnanna og dópsalanna. Þær eiga sér ekki viðreisnarvon, fíkniefnadjöfullinn sjálfur í allri sinni ógnarmynd, og dæmdar til að deyja eða svo gott sem. Eva Lind er t.d. höfð í dauðadái vegna eiturlyfjaneyslu í gegnum alla *Grafarþögn*.

Persónur af þessu tagi finnast óneitanlega í veruleikanum rétt einsog í sakamálasögum. Neytendur fíkniefna í samfélaginu eru þó af ýmsu tagi. Þeir breytast fæstir í viljalaus verkfæri um leið og efnin eru prófuð, ekki einu sinni við fyrstu notkun sterkra efna einsog heróíns eða krakks, sem stundum er þó lýst með þessum hætti. Á sama hátt og allir verða ekki alkóhólistar um leið og fyrsti sopinn er tekinn. En óneitanlega er þessi ímynd spennandi efni í skáldsögu. Og fellur ákaflega vel við þá mynd sem oft er dregin upp af því hve svæsinn fíkniefnavandinn er.

Svipað á við um fíkniefnasalana sem vafalítið eru af ýmsum tegundum í veruleikanum (sjá Coomber, 2006). Þeir starfa ýmist einir eða í nánu samstarfi við aðra. Oft einstaklingar sem jafnframt eru í neyslu og nota andvirði sölunnar til áframhaldandi neyslu eða framfærslu. Eða hlutverkin snúast við og salinn verður kaupandi að efnum neytandans. Ætið starfað í skúmaskotum samfélagsins enda athæfið refsivert. Kaupendur efnanna kæra ekki glæpinn enda sér fíkniefnasalinn um að útvega þá vöru sem sóst er eftir. Ef kaupin misfarast er ekki hægt að leita til neytendasamtaka, innheimtustofnana eða lögreglu til að rétta hlut sinn. Eðli málsins samkvæmt bjóða undirheimarnir ekki upp á aðrar lausnir en hótanir um ofbeldi og beitingu þess ef allt annað þrýtur. Þó kæmi það okkur vafalítið á óvart hversu líkir margir fíkniefnasalar og fíkniefnaneytendur eru venjulegum borgurum – við myndum varla þekkja marga þeirra úti á götu. En í persónusköpun

bókmenntanna er ólíkt skemmtilegra að hafa karakterana litríka – og á það ekki síst við um veröld glæpa.

Eðli leynilöggunnar

Alþjóðlega minnið eða staðalmyndin er leynilöggan klára, Sherlock Holmes eða James Bond, sem leysir ráðgátuna með kænsku sinni eða snerpu. Brotamanninum er komið í hendur réttvísinnar í lokin, þar sem hann fær sín maklegu málagjöld. Sakamál leysast yfirleitt í glæpasögunum, sem ekki gerist alltaf í veruleikanum, enda klént að enda bók eða bíómynd með enga lausn. Við værum illa svikin ef glæpamaðurinn valsaði um laus í lok bókarinnar eða bíómyndarinnar.

Verk Arnaldar fylgja þessari formúlu nokkurn veginn nema að Erlendur rannsóknarlögregla er ekki alveg jafnklár og Bond og félagar. Hann er miklu líkari okkur venjulegu borgurunum, með sín prívatvandamál og búksorgir. Skandinavískt raunsæi svífur yfir vötnunum, Erlendur er ekki ósvipaður Beck hinum sænska sem leysir málið á sinn hæga en markvissa hátt. Hinn seki fær sín maklegu málagjöld í lokin þó ekki takist alltaf að rekja brotin til efri heima samfélagsins, þar sem þau eru stundum talin eiga heima. Gott dæmi er t.d. Kalmann í *Dauðarósum* sem ekki tekst að klófesta í lokin – nafnið sjálft vekur líka ákveðin hughrif um hvers konar manneskju er að ræða. Kalmann er umsvifamikill kaupsýslumaður sem hófst til vegs og virðingar gegnum glæpastarfsemi og beitir vafasömum aðferðum til að fá sitt fram í viðskiptum.

Við fáum örlítið hliðarspor við hina gegnheilu löggu sem fylgir reglum réttvísinnar í glímu sinni við afbrotin. Nýja tegund löggu sem orðið hefur vart í hinni bandarísku glæpasögu á síðari árum. Glæpamaðurinn er þvílíkur þrjótur og illmenni, en kerfið svo veikt og slappt, með allar sínar réttarreglur og málaflækjur, að stundum er nauðsynlegt að taka málin í eigin hendur. Helst maður gegn manni og beita jafnvel fantabrögðum til að koma a.m.k. einhverjum hefndum fram.

Erlendur fellur ekki inn í hefð af þessu tagi. Þó á hann það til að þjarma að eiturlyfjaþrjótum eða handbendum þeirra, enda dóttir hans í heljargreipum þeirra, og maður finnur fögnuð brjótast út í salnum, meðal lesenda. Ekkert hefði hvort sem er verið hægt að sanna á kauða eða tekið allt of langan tíma og því fer vel á því að sýna þrjótnum strax hvar Davíð keypti ölið. Ef kerfið uppgötvar atferli Erlendar yrði hann án efa strax rekinn eða fengi a.m.k. áminningu og maður finnur fyrirlitningu þjóðarsálarinnar.

Rambo lögguímyndin passar samt ekki við Erlend. Hann er líkari venjulegum borgara og vinnur sín mál með meiri hægð og íhygli, ekki ósvipaður Morse hinum gráhærða breska séntilmanni. Augnablik þegar Erlendi er nóg boðið stekkur hann þó inn í þessa hetjuímynd sem vart hefur orðið í hinni bandarísku spennusögu. Lesendur verða um leið sáttir við sinn mann, hann lætur ekki bjóða sér allt. Það eru töggur í Erlendi þrátt fyrir allt, sem hann á til að sýna í samskiptum sínum við skúrkana þegar mikið liggur við. Erlendur er þó leynilögreglumaður sem alla jafna fylgir settum reglum embættis síns til hins ítrasta.

Lokaorð

Bókmenntaverk verða að fylgja lögmálum sögunnar og á það við um verk Arnaldar Indriðasonar eins og önnur skáldverk. Boðið er upp á sterka og skýra karaktera sem felldir eru inn í ákveðna sögulega framvindu. Staðalmyndir virðast óhjákvæmilegur fylgifiskur lykilskáldsagna og glæpabókmennta. Áhugavert er þó hve Arnaldi tekst á sannfærandi hátt að búa til lifandi persónur og aðstæður í íslensku þjóðlífi sem hafa yfir sér sterkan blæ raunsæis og trúverðugleika. Lífið sjálft er þó margbreytilegt og lygilegra en nokkur skáldsaga. Sagnabrunnur veruleikans er nánast óendanlegur og býður örugglega upp á nýjar og æsilegar sögur í framtíðinni. Lesendur bíða spenntir.

Heimildir

Arnaldur Indriðason (1997). *Synir Duftsins*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
Arnaldur Indriðason (1998). *Dauðarósir*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
Arnaldur Indriðason (2000). *Grafarþögn*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
Arnaldur Indriðason (2001). *Mýrin*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
Coomber, R. (2006). *Pusher Myths: Re-Situating the Drug Dealer*. London: Free Association Books.
Garofalo, R. (1914). *Criminology*. Boston: Little, Brown.
Gunnlaugsson, H. og Galliher, J. F. (2000). *Wayward Icelanders: Punishment, Boundary Maintenance, and the Creation of Crime*. Madison: University of Wisconsin Press.
Helgi Gunnlaugsson (2003). Viðhorf Íslendinga til afbrota. Viðhorf Íslendinga til afbrota 1989-2002. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls. 105-116). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Loeber, R., Kalb, L. og Huizinga, D. (2001). *Juvenile Delinquency and Serious Injury Victimization*. Washington DC: Office of Juvenile Justice and Delinquency Prevention.

Morgunblaðið (2006). Öryggi höfuðborgarbúa (leiðari). 17. mars, 2006, bls. 34.

Reid, S. T. (2006). *Crime and Criminology. 11th Edition.* New York: McGraw Hill.

Roberts, J. V. og Hough, M. (2002). *Changing Attitudes to Punishment: Public Opinion, Crime and Justice*. London: Willan Publishing.

Wolfgang, M. E. og Ferracuti, F. (1967). *The Subculture of Violence*. London: Tavistock.

Wash me

Þorbjörn Broddason

Heitið, sem ég hef valið þessum pistli, mátti lesa á rykugri hurð fólksbifreiðar, sem stóð á bílastæði Háskóla Íslands við Odda einn góðan veðurdag í júlí 2006. Tilefni þessarar stuttu og gagnorðu fyrirmæla, WASH ME, var augljóst: Einhverjum vegfaranda rann til rifja útgangurinn á farartækinu og vildi hvetja eiganda þess til að gera bragarbót. Í þessu tilviki lá beint við að beita ritmáli fremur en annarri boðskiptatækni og sjálfur ritflöturinn var sannarlega nærtækur. Naumast kom annað til greina en latínuletur, enda hefur því verið beitt við skriftir á Íslandi, nánast án samkeppni, síðastliðið árþúsund. Sömuleiðis var nánast óhjákvæmilegt, bæði vegna tilefnisins og eiginleika ritflatarins, að velja upphafsstafi (hástafi, majuscule) fremur en lágstafi, jafnvel þótt hinn nafnlausi vandlætari hafi án efa tileinkað sér leikni í ritun lágstafa (minuscule), sem Alkúín af Jórvík innleiddi um 800 e. Kr. (Fischer, 2003). Það, sem olli mér heilabrotum við lestur fyrirmælanna, var ekkert af ofantöldum umhugsunarefnum, heldur þessi spurning: *Af hverju greip höfundurinn til ensku til að koma boðskap sínum á framfæri í stað þjóðtungunnar?* Að slepptri þeirri fremur langsóttu skýringu að hér hafi verið útlendingur á ferð, sem hafi ekki kunnað íslensku, verður að kafa dýpra eftir lausninni. Það, sem hér fer á eftir, má kalla tilraun til óbeins svars við þessari spurningu.

Pólski málfræðingurinn Anna Wierzbicka vitnar með eftirfarandi hætti til orða annars málfræðings, Thiru Kandiah: „Samfélag er skapað með atbeina boðskipta[1], í samtali, sem aðilar hafa komið sér saman um, bæði hvað varðar eðli og ásýnd. Í krafti þessa samkomulags birtist samfélag fólksins í reynd." (Wierzbicka, 2006, bls. 15). Þessi tilvitnun leiðir hugann að hinni snjöllu skilgreiningu James Careys á boðskiptum: Boðskipti fela í sér táknahvörf þar sem veruleikinn er skapaður, honum viðhaldið, hann lagfærður og honum umbylt (Carey, 1992); hún leiðir einnig hugann að þeirri ábendingu Careys að

[1] Hér er íslenska nýyrðið boðskipti notað fyrir alþjóðlega hugtakið communication en það skal fúslega játað að merking þess skarast svo mjög við orðið samskipti, sem fyrir var í málinu, að stundum virðist það nánast óþarft.

líta megi boðskipti annars vegar hversdagslegum augum sem flutning boða af einhverju tagi milli aðila og hins vegar frá hátíðlegu sjónarmiði sem helgiathöfn, eins konar messugjörð. Samkvæmt þessum síðara skilningi felur blaðalestur, svo dæmi sé tekið, ekki í sér upplýsingaöflun, heldur miklu fremur eins konar tilbeiðslukennda staðfestingu tiltekinnar heimssýnar (Carey, 1992). Wierzbicka bendir á að innflytjendur til hinna helstu enskumælandi landa (Anglólandanna eins og hún kallar þau, en hin helstu þeirra eru Bretland, Bandaríkin, Kanada og Ástralía) séu knúðir til að koma sér upp skilningi á framandi samtalsháttum ásamt þeim menningarlegu gildum og forsendum, sem þeir endurspegla (2006). Hún heldur þessu fram í ljósi ákveðinnar sýnar á eðli tungumála, sem hún sjálf aðhyllist og rekur til Wilhelms von Humboldt: „Tungumálið er forðageymsla hverrar þjóðarsögu“ (2006, bls. 9). Wierzbicka hafnar sem fráleitum hugmyndum um að enska sem alþjóðamál geti tekið á sig birtingarmynd menningarlega hlutlausrar „kjarnaensku“ sem sé aðskilin frá hinni sögulega mótuðu og menningarháðu Anglóensku (2006). Þessar hugrenningar og ályktanir, sem hér hefur verið stiklað á, eiga ótvírætt erindi við þá, sem hugleiða þann merkingarflutning, sem á sér stað, þegar menningarafurð er þýdd af einu tungumáli yfir á annað.

Merkingaryfirfærsla í ólíkum miðlum

Farsæl dagblaðaútgáfa veltur öðru fremur á því að þekkja lesendur sína og þarfir þeirra. Engum heilvita blaðaútgefanda dettur í hug að bjóða lesendum sínum lesefni á öðru tungumáli en því, sem talað er og skrifað af hópnum, sem blaðið er ætlað.

Sömu sögu var að segja þegar útvarp kom til sögunnar á fyrstu áratugum síðustu aldar og skákaði dagblöðum að nokkru leyti. Allt talað mál í útvarpi var og er flutt á þeirri tungu, sem áheyrendum viðkomandi stöðvar er tamast.

Ef til stóð að prenta erlent efni dagblaði eða flytja það í útvarpi var það fyrst þýtt á þjóðtungu viðkomandi fjölmiðils. Slík aðgerð getur falið í sér ýmsar hættur þar sem þýðing hefur óhjákvæmilega í för með sér endursögn og jafnvel endursköpun upprunalega textans. En efnið, sem kemur fyrir augu lesenda eða eyru hlustendanna að lokinni þýðingu, berst þeim á móðurmáli þeirra eingöngu.

Um og eftir miðja 20. öld kom nýr dægurmiðill, sjónvarpið, til skjalanna, sem sat fyrr en varði yfir hlut dægurmiðlanna tveggja, sem fyrir voru. Einn mælikvarði á mikilvægi fjölmiðils er tíminn, sem fólk er reiðubúið að verja í notkun hans. Þegar leið að aldarlokum horfði almenningur iðnríkjanna að

meðaltali á sjónvarp í tvær til fjórar klukkustundir á dag (IP Goup, 1999; Carlsson og Harrie, 2002). Þetta leiddi af sér nýstárlegt ástand í fjölda landa, nánar tiltekið í þeim löndum hins iðnvædda heims þar sem enska var ekki ríkjandi móðurmál. Ekki þarf að tíunda sögulegar og menningarlegar ástæður þess að mjög hátt hlutfall sjónvarpsefnis evrópskra sjónvarpsstöðva á uppruna sinn í enskumælandi löndum – ekki síst Bandaríkjunum (de Bens og de Smaele, 2001; Þorbjörn Broddason og Ragnar Karlsson, 2004; Carlsson og Harrie, 2002). Leikið bandarískt efni ruddi öllum menningarlegum vörnum úr vegi (de Bens og de Smaele, 2001). Rétt eins og erlent efni, sem birtist í blöðum eða er flutt í útvarpi, þarfnast erlent sjónvarpsefni þýðingar áður en það er borið á borð fyrir almenning í nýju viðtökulandi. En þar er eigi að síður munur á, jafnmikilvægur og hann er augljós: Við þýðum einungis hin töluðu orð, en ekki er á nokkurn hátt hróflað við myndræna þættinum, allt frá svipbrigðum til landslags.

Tvær aðferðir koma einkanlega til greina við þýðingu leikins sjónvarpsefnis. Önnur er *talsetning* (kallað dubbing á ensku), en þá er upprunatungumálið fjarlægt af upptökunni og í staðinn lesa leikarar þýddan texta á viðtökutungumálinu inn á myndina. Þýðandi leikins sjónvarpsefnis glímir við tvöfaldan vanda borið saman við þýðanda útvarpsefnis eða texta til birtingar í blaði eða á bók: Hann þarf að sjálfsögðu að vera trúr upprunatextanum, en hann verður jafnframt að gæta þess eftir föngum að orðin, sem hann velur, falli sem best að varahreyfingum hinna erlendu leikara. Getur þá svo farið að hinar sjónrænu kröfur bitni á yfirfærslu merkingar. Hinn aðferðin er *textun* (subtitling á ensku), en þá er ekki hróflað við hljóðinu, sem fylgir myndinni heldur er textinn birtur í þýðingu – oftast nokkuð samþjappaðri – sem lesmál neðst á sjónvarpsskjánum. Fyrrtalda aðferðin felur í sér umskipti, en hin síðartalda felur í sér viðbót (O'Connell, 1998). Í báðum tilvikum hefur upprunalega verkinu verið raskað allverulega. Ekki er nóg með að textunin feli í sér myndræn spjöll á verkinu, heldur felur samþjöppun textans í sér rýrnun, sem nemur fast að þriðjungi. Rannsóknir benda þó til þess að rýrnunin komi ekki niður á upplýsingagildinu (Koolstra o.fl., 2002; Gauti Kristmannsson, 1996; Lomheim, 1999). Þetta kann að stafa af því að hluti hins talaða máls er einatt innihaldslítið uppfyllingarefni, eins konar hljóðrænar umbúðir, sem geta gert sitt gagn fyrir hlustanda hins talaða máls, en yrðu til þess eins að rugla áhorfandann (lesandann) í ríminu ef þeim væri haldið til haga í textanum, sem birtist á skjánum (Wikipedia). Þegar talsetningu er beitt þarf ekki að glíma við samþjöppunarvandann. Töluverður ágreiningur ríkir um kosti og galla hvorrar aðferðar og einkanlega er mörgum mjög uppsigað við meinta annmarka talsetningar, svo mjög að sú aðferð er

jafnvel talin forkastanleg með öllu. En hinir eru einnig til, sem hafa hina mestu vanþóknun á textun sjónvarpsefnis (Kilborn, 1993). Að mati gagnrýnenda talsetningar felst höfuðvandi hennar í ófullkomnu samræmi varahreyfinga hinna upprunalegu leikara við textann, sem viðtakendurnir heyra. Textun er umfram allt talið það til gildis að með þeirri aðferð fái raddir leikaranna, sem sjást á skjánum, að njóta sín (Koolstra o.fl., 2002). Hvort tveggja skiptir vissulega máli, en í raun snýst þetta um miklu fleira. Við tölum ekki aðeins með vörunum heldur er allt andlitið undirlagt og raunar líkaminn eins og hann leggur sig. Líkamstjáningin, sem fylgir hinum töluðu orðum, er menningarbundin ekki síður en orðin sjálf (Gauti Kristmannsson, 1996). Leonard Shlain gengur svo langt að halda því fram að í mörgum tilvikum afli auga hlustandans drýgri upplýsinga en eyrað um það, sem viðmælanda liggur á hjarta (Shlain, 1998). En vandamál þýðandans liggja enn víðar og dýpra. Sýrlenskur rithöfundur, sem átti starfsævi sína í Bandaríkjunum, Abraham Rihbany, komst eitt sinn vel að orði um þær menningarlegu gildrur, sem liggja í leyni, þegar leitast er við að yfirfæra merkingu frá einu tungumáli til annars: „Fyrir Engilsaxann veldur það óþægindum að Austurlandabúinn segir fjöldamargt án þess að meina það. Og fyrir Austurlandabúann er dapurlegt að finna hversu margt Engilsaxinn meinar án þess að segja það“ (Wierzbicka, 2006, bls. 26).

„Talsetningarþjóðir“ og „textunarþjóðir“

Auðvelt er að benda á dæmigerðar „talsetningarþjóðir“ annars vegar og „textunarþjóðir“ hins vegar. Meginreglan er að fjölmennar og efnahagslega sterkar þjóðir fylli fyrrtalda hópinn, þar á meðal eru Frakkar, Þjóðverjar Íttalir og Spánverjar, en í síðartalda hópnum finnum við Norðurlandaþjóðirnar, þjóðir fyrrum Júgóslavíu, Hollendinga, flæmskumælta Belga, Grikki, Portúgala, Ísraela og fleiri fámennar þjóðir (Kilborn, 1993; Koolstra o.fl., 2002; Wikipedia). Austurríkismenn eru vissulega fámenn þjóð og hið sama gildir um vallónska hluta Belga, en þessar þjóðir njóta góðs af talsetningarhefð Þjóðverja annars vegar og Frakka hins vegar. Á hinn bóginn er mjög umhugsunarvert að til eru smá málsvæði þar sem talsetning sjónvarpsefnis hefur orðið ofan á. Þar má nefna Walesbúa, sem sjálfir lýsa sér stundum sem „þjóð án ríkis“ (Kilborn, 1993, bls. 644). Ef haft er í huga að talsetning er meira en tífalt kostnaðarsamari en textun má ljóst vera að stjórnendur sjónvarpsmála í Wales hljóta að líta á sjónvarpið sem eitt höfuðvígi hins talaða máls og þjóðlegrar sjálfsvitundar þar með. Þegar við

heyrum tungu okkar talaða í sterkasta fjölmiðlinum fáum við sterkari staðfestingu á mikilvægi hennar og gildi í sífellt einsleitari heimi heldur en ef við lesum hana einungis í formi skjátexta á meðan framandi tunga dynur á eyrum okkar (Kilborn, 1993).

Árangur talsetningar veltur á samstarfi töluverðs fjölda fólks, þar á meðal textaskrifara, málfræðinga, tæknimanna og leikara. Ferillinn er langur og flókinn og að sama skapi kostnaðarsamur (O'Connell, 1998). Ekki að ófyrirsynju er það lykilfólk, sem færir hráa þýðingu samtalsins í endanlegan búning hins talsetta verks, kallað „Synchronautoren" í Þýskalandi (Gauti Kristmannsson, 1996). Ekki verður um það villst, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að talsetning sjónvarpsmyndar felur í sér nýsköpun. Á fjórða áratug síðustu aldar voru við völd í nokkrum Evrópuríkjum leiðtogar, sem sannarlega kunnu að meta þau nýsköpunartækifæri, sem buðust í tengslum við talsetningu kvikmynda, og nýttu þau óspart til öflugrar ritskoðunar. Þannig var komið í veg fyrir að þýskur, ítalskur og spænskur almenningur kæmist í kynni við hugmyndir, sem voru stjórnendum þessara landa lítt að skapi. Vissulega er einnig unnt að beita ritskoðun með textun en hún getur af augljósum ástæðum aldrei orðið nálægt því jafnöflug og ritskoðun með atbeina talsetningar (Wikipedia; Koolstra o.fl., 2002).

Þegar grafist er fyrir um afstöðu almennra sjónvarpsnotenda til þess hvor aðferðin sé þeim fremur að skapi, textun eða talsetning kemur í ljós að vald vanans er sterkt á þessu sviði líkt og öðrum. Meginniðurstaðan er einfaldlega sú að þeir, sem eru vanir talsetningu, kjósa hana fremur og þeir, sem eru vanir textun, vilja hana frekar. Talsetningarþjóðir telja sína aðferð fullkomlega eðlilega, en hjá textunarþjóðum er litið á talsetningu sem menningarlegan barbarisma (Hasebrink og Herzog, 2004). Vart er blöðum um það að fletta að íslenskum sjónvarpsnotanda mundi lítt hugnast ef dáð kvikmyndastjarna eða sjónvarpspersóna hæfi upp raust sína á ástkæra ylhýra (Gauti Kristmannsson, 1996). Og ekki mundi brúnin á landanum léttast ef hann gæti þar að auki rakið róminn til kunnuglegs íslensks leikarabarka. Textun er hluti hversdagsins hjá norrænum þjóðum okkar daga og ekki er fjarri lagi að ætla að hjá einhverjum hópum séu skjátextar helsta og jafnvel eina reynsla þeirra af lesmáli (Lomheim, 1999; Hiirikoski, 1996). Bent hefur verið á að einhver hluti sjónvarpsnotenda búi ekki yfir þeirri lestrarleikni eða sjónskerpu, sem textun sjónvarpsefnis krefjist (Kilborn, 1993). Þetta er vissulega réttmæt ábending, en hinu má ekki gleyma að læsi er ekki stöðugt ástand heldur síbreytilegt, bæði meðal einstaklinga og þjóða. Börnum, sem horfa mikið á textað sjónvarpsefni, fer fram í lestrarskilningi og enginn vafi getur leikið á því að textun á viðtökutungumáli efli skilning á tungumálinu,

sem þýtt er úr. Fjórðungur hollenskra grunnskólabarna telur sig læra meiri ensku af útvarpi og sjónvarpi en í skólanum (Koolstra o.fl., 2002). Í ljósi þessarar niðurstöðu þarf ekki að koma á óvart að textun njóti vaxandi hylli meðal ungra áhorfenda, bæði hjá textunar- og talsetningarþjóðum (Koolstra o.fl., 2002). Eithen O'Connell ályktar á þessa leið:

> Lengi framan af sögu kvikmynda og sjónvarps var litið á textun sem neyðarlausn borið saman við talsetningu, en nú virðist þetta vera að breytast. Auknar vinsældir textunar skýrast vissulega í einhverjum mæli af því að hún er tiltölulega ódýr, en miklu skiptir einnig hinn vaxandi áhugi margra Evrópuþjóða á menningu og tungu nágranna sinna...Í stuttu máli þá er textun, þrátt fyrir alla sína annmarka, ódýr, fljótleg og útlendingavinsamleg tjáning pólitískrar rétthugsunar (O'Connell, 1998).

Þótt erfitt geti reynst að meta tímann, sem sjónvarpsáhorfendur í textunarlöndum eyða í textalestur, eða magn lesins efnis, sem innbyrða, fer ekki á milli mála að það er umtalsvert. Í danskri rannsókn fékkst sú niðurstaða að sjónvarpsáhorfendur eyddu til jafnaðar 138 mínútum í viku hverri við lestur texta á sjónvarpsskjánum. Á sama tíma eyddu þeir 112 mínútum í allan annan lestur (Gauti Kristmannsson, 1996). Á grundvelli lítils úrtaks þýddra texta, sem höfundur þessa pistils aflaði sér frá þýðingardeild Ríkisútvarpsins, virðist óhætt að ályktа að sjónvarpsáhorfandi, sem hefur horft á textaða kvikmynd í fullri lengd hafi verið útsettur fyrir lesmál, sem jafngildir 15 vélrituðum blaðsíðum. Efvið byggjum áfram á þessari ályktun getum við komist að þeirri niðurstöðu að venjulegur sjónvarpsáhorfandi í textunarlandi lesi ígildi svo sem tíu skáldsagna á skjánum á ári hverju. Á þessum tíma hefur hann um leið lagt eyrun við erlendu talmáli (oftar en ekki ensku). Jafnoki hans í sjónvarpsnotkun í talsetningarlandi hefur lesið minna sem þessu nemur, en hefur í staðinn hlustað á móðurmál sitt í nokkur hundruð klukkustundir.

Lokaorð: Þriðji flokkurinn

Hér að ofan hefur verið rætt um tvær tegundir sjónvarpsþjóðfélaga, talsetningarþjóðfélagið og textunarþjóðfélagið. Ef við höfum í huga að mjög mikið af vinsælasta afþreyingarefni sjónvarpsstöðva víða um heim á uppruna sinn í enskumælandi löndum kann að virðast réttmætt að gefa þriðju tegundinni gaum, þeim flokki þjóða, sem hvorki þarf á textun né talsetningu að halda til að gera sér að góðu enskan texta. Hér er að sjálfsögðu átt við þær

þjóðir, sem eiga ensku að móðurmáli. Skal nú leitast við að greina áhrifin af ríkjandi sjónvarpsstefnu á hverja þessara þriggja þjóðfélagstegunda. Einkenni þeirra má draga saman með eftirfarandi hætti:

Fyrsti flokkur: Enskt tal fyrir enskumælandi áhorfendur. *Sjónvarpið myndar brjóstvörn þjóðlegrar og menningarlegrar sjálfsvitundar.*
Annar flokkur: Enskt tal með lestexta á móðurmáli áhorfenda. *Sjónvarpið eflir læsi og enskukunnáttu og eykur víðsýni áhorfenda.*
Þriðji flokkur: Raddir á móðurmálinu koma í stað enskra radda. *Sjónvarpið er undirrót menningarlegs ruglanda.*

Til *fyrsta flokksins* teljast enskumælandi þjóðir svo sem Bandaríkin, Bretland, Kanada, Ástralía, Nýja Sjáland. Sjónvarpsefni í þessum löndum á uppruna sinn í yfirgnæfandi mæli í eigin menningarranni; framleiðslutungumálið er enska, útsendingartungumálið er sömuleiðis enska og loks er enska móðurmál viðtakendanna. Við þessar kringumstæður er engum þýðingarvandamálum til að dreifa. Sjónvarpið sér ungum og öldnum áhorfendum fyrir stöðugri endurnýjun og staðfestingu á eigin munnlegu menningu. Spurningin um kosti og galla textunar annars vegar og talsetningar hins vegar er út í bláinn hér. *Við þessar kringumstæður er sjónvarpið kröftugur málsvari menningarlegrar og (eftir atvikum) þjóðlegrar sjálfsvitundar. Sjónvarpsáhorfendur fara hins vegar á mis við þá miklu fjölbreytni, sem sjónvarpsstöðvar smærri menningarsvæða bjóða sínum áhorfendum.*

Í *öðrum flokknum* finnum við smáþjóðir, sem ekki teljast til enska málsvæðisins eða annarra stórra málsvæða. Þarna á meðal eru Norðurlandaþjóðir, þjóðir fyrrum Júgóslavíu, Holland, Portúgal, Ísrael og fleiri. Sjónvarpsstöðvar þessara landa eru fjárhagslega veikburða og eru af þeim sökum háðar innfluttu efni. Örþjóðin Íslendingar er öfgakennt dæmi í þessum hópi. Innlent efni hefur lengst af verið um það bil þriðjungur af dagskrá Ríkisútvarpsins og enn lægra hlutfall af dagskrá flestra einkarekinna stöðva. Hlutfall efnis af breskum og bandarískum uppruna hefur oft slagað upp í hlutfall innlends efnis hjá Ríkissjónvarpinu og stundum verið hærra. Breskt og bandarískt efni hjá Stöð 2 hefur ævinlega verið meira en helmingur dagskrárinnar og þar með miklu hærra, jafnvel margfalt hærra, en hlutfall innlends efnis (Ragnar Karlsson, 2003). Hlutfall efnis af engilsaxneskum toga segir samt alls ekki alla söguna um vægi þess vegna þess að hið erlenda afþreyingarefni laðar jafnan að sér hátt hlutfall áhorfenda. Sömu efnahagslegu ástæður og valda þessum mikla innflutningi sjónvarpsefnis og koma í

veg fyrir að meira sé framleitt af innlendu efni valda því að nær allt erlent efni, sem sýnt er í íslenskum sjónvarpsstöðvum, er textað en ekki talsett. Eins og fyrr var getið þá er talsetning talin tífalt dýrari en textun. Niðurstaðan er sú að sjónvarpsáhorfendum, sem teljast til þessara þjóða, er boðið til mikillar og endalausrar veislu sjónvarpsefnis af engilsaxneskum uppruna. Efnið er borið fram í upprunalegri gerð að því leyti til að ekki hefur verið átt við hljóðið. Hins vegar er þetta efni „bætt" með lesefni á þjóðtungu viðtakendanna, þar sem samtöl eru þýdd en þó stytt. Á þessum áhorfendum dynur flóð erlends efnis dag hvern þar sem hvorki hefur verið átt við mynd né hljóð, ef undan eru skilin þau spjöll, sem textunin neðst á skjánum valda á myndræna þættinum. Þannig njóta þeir upprunalegrar gerðar efnisins, heyra það, sem leikararnir segja, en ekki eitthvað allt annað og gefst þannig tækifæri, ef þeim sýnist svo, til að tileinka sér hið erlenda tungumál smám saman. Ætla má að textarnir á skjánum séu yngstu sjónvarpsáhorfendunum sterkur hvati til að verða læsir svo þeir geti tileinkað sér efnið á skjánum. Einnig má ætla að þeir verði fljótari en ella að ná valdi á hinu erlenda tungumáli. Langlíklegast er að textun sjónvarpsefnisýti jafnhliða undir bæði læsi og enskukunnáttu. En textun hefur einnig hliðar, sem kunna að þykja varhugaverðar, og þar er nærtækast að nefna að þeir áhorfendur, sem sitja fyrir framan sjónvarpstækið sitt og horfa á textað erlent efni, hafa farið algerlega á mis við hið talaða móðurmál sitt á meðan. Og tengsl þeirra við eigin menningu styrkjast naumast við að horfa á erlent efni á erlendu tungumáli. *Sjónvarp hjá þessum þjóðum eflir læsi og kunnáttu í erlendu tungumáli og breikkar hinn menningarlega sjóndeildarhring áhorfenda sinna. Á sama tíma getur það grafið undan menningu þegnanna og jafnvel spillt þróun talmáls.*

Þriðji flokkurinn telur fjölmennar evrópskar meginlandsþjóðir svo sem Þjóðverja, Frakka, Spánverja og Ítali, en einnig fljóta með Austurríkismenn og Vallónar í Belgíu. Þessar þjóðir hafa fjárhagslegt bolmagn til að skapa eigið sjónvarpsefni, en flytja einnig inn efni í talsverðum mæli. Mikill hluti þess er af engilsaxneskum uppruna. Sjónvarpsstöðvar í þessum löndum koma til móts við áhorfendur sína með talsetningu efnisins. Þeir geta því notið hins erlenda efnis án þess að þurfa að hlusta á framandi tungur og án þess að þurfa að rýna í texta á neðri jaðri skjásins. Þetta er hins vegar dýrkeypt að margra mati þar sem leikararnir eru sviptir röddum sínum og fá í staðinn nýjar á nýju tungumáli, sem engin leið er að fella að varahreyfingum þeirra. Þannig sitja áhorfendur uppi með menningarlegan óskapnað; samsetningu hljóðs og myndar, sem ekki gengur upp, jafnvel þótt augljóslega megi vel venjast henni eins og sést á því að þessar umræddu stórþjóðir Evrópu hafa látið sér þessa aðferð vel lynda fram til þessa. Það kann þó að

vera að breytast svo sem getið var hér að framan. *Íbúar þessara umræddu landa heyra eigið talmál í ríkara mæli en textunarþjóðirnar, en þeir eru jafnframt fórnarlömb menningarlegs ruglanda og þeir fara á mis við þá lestrarþjálfun, sem textunarþjóðirnar gangast undir nauðugar viljugar.*

Viðfangsefnið hér að ofan hefur verið sjónvarpsmenning á sjónvarpsöld þegar þjóðbundnar sjónvarpsrásir voru ríkjandi. Einhverjum kann að þykja sem á vanti að gera grein fyrir stöðunni á tíma heimsvæðingar sjónvarpsins, margmiðlunar og netvæðingar. Fúslega skal fallist á að tímarnir breytist hratt og að fjölmiðlaheimur þeirra kynslóða, sem nú eru að hefja fjölmiðlanotkun, er lítt þekkjanlegur í samanburði við þann heim, sem blasti við börnum fyrir tiltölulega fáum árum. En því skal eigi að síður haldið fram að við lifum enn á sjónvarpsöld og að sjónvarpsrásir heimalandsins vegi þyngra en nokkur annar einstakur fjölmiðill í daglegu lífi ungmenna.

Í upphafi þessa pistils var þeirri spurningu varpað fram hvers vegna vegfarandinn, sem krotaði með fingri á rykuga bílhurð einn góðan veðurdag sumarið 2006, greip til ensku en ekki íslensku til að koma boðskap sínum á framfæri. Ef til vill vildi hann sanna fyrir sjálfum sér og öðrum að hann hefði ekki einasta náð valdi á lestri skjátexta, heldur væri hann einnig búinn að tileinka sér talmál sjónvarpsins. Ef til vill leit hann svo á að meira mark yrði tekið á fyrirmælunum ef þau væru skrifuð á heimsmálinu frekar en tungu örþjóðarinnar. Ef til vill fólst í þessu táknræn höfnun móðurmálsins: Losum okkur við þessa íslensku tungu jafnléttilega og við skolum þetta íslenska ryk af bílnum!

Heimildir

Carey, J. W. (1992/1989). *Communication as Culture. Essays on Media and Society*. New York: Routledge.

Carlsson, U. og Harrie E. (Ritstj.) (2002). *Media Trends 2001 in Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden*. Gautaborg: Nordicom, Göteborg University.

De Bens, E. og de Smaele, H. (2001). The Inflow of American Television Fiction on European Broadcasting Channels Revisited. *European Journal of Communication, 16*(1), 51-76 (endurprentað í McQuail, D., P. Golding og E. de Bens (Ritstj.) (2005), *Communication. Theory and Research* (bls. 36-52). London: Sage Publications).

Fischer, R. (2003). *A History of Reading*. London: Reaktion Books.

Gauti Kristmannsson (1996). Untertitelung: eine stillose Störung?. Í A. F. Kelletat, A. R. Marin og Gauti Kristmannsson (Ritstj.), *Übersetzerische Kompetenz,* (bls. 231-242). Frankfurt am Main: Peter Lang.

Hasebrink, U. og Herzog, A. (2004). Mediennutzung im internationalen Vergleich. Í C. Matzen og A. Herzog (Ritstj.), *Internationales Handbuch Medien* (27. útg.) (bls. 136-158). Baden-Baden: Nomos Verlagsgesellschaft.

Hiirikoski, J. (1996). Comparing the Structure of Finnish OVS Clauses in Finnish Subtitles and Film Dialogue. Í *LSP and Theory of Translation,* (bls. 87-100). Vaasa: University of Vaasa.

IP Group (1999). *Television 99 European Key Facts* (6. útg.). Kronberg: CLT-UFA.

Kilborn, R. (1993). 'Speak my language'. Current attitudes to television subtitling and dubbing. *Media Culture and Society, 15*(4), 641-660.

Koolstra, C. M., Allerd L. P. og Spinhof, H. (2002). The Pros and Cons of Dubbing and Subtitling. *European Journal of Communication, 17*(3), 325-354.

Lomheim, S. (1999). The Writing on the Screen. Subritling: A Case Study from Norwegian Broadcasting (NRK), Oslo. Í G. Anderman and M. Rogers (Ritstj.), *Word, Text, Translation. Liber Amiorum for Peter Newmark* (bls.190-207). Clevedon: Multilingual Matters Ltd..

O'Connell, E. (1998). Choices and Constraints in Screen Translation. Í L. Bowker, M. Cronin, D. Kenny og J. Pearson (Ritstj.), *Unity in Diversity? Current Trends in Translation Studies* (bls. 65-71). Manchester: St. Jerome Publishing.

Ragnar Karlsson (Ritstj.) (2003). *Fjölmiðlun og menning*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Shlain, L. (1998). *The Alphabet versus the Goddess*. New York: Viking Penguin.

Wierzbicka, A. (2006). *English. Meaning and Culture*. Oxford: Oxford University Press.

Wikipedia: *Subtitle* (http://en.wikipedia.org/wiki/Subtitle (sótt 27. júlí 2006)).

Þorbjörn Broddason (1996). *Television in Time: Research Images and Empirical Findings*. Lund: Lund University Press.

Þorbjörn Broddason (1999). A Wasted Miracle? Literacy and the New Media. Í C. L. Christensen (Ritstj.), *Børn, unge og medier* (bls. 175-191). Göteborg: Nordicom.

Þorbjörn Broddason (2006). Youth and the New Media in the New Millennium. *The Nordicom Review* (væntanleg).

Þorbjörn Broddason og Ragnar Karlsson (2004). Medien in Island. Í C. Matzen and A. Herzog (Ritstj.), *Internationales Handbuch Medien 2004/2005* (bls. 351-372). Baden Baden: Nomos Verlagsgesellschaft.

Valdeflandi samskipti fagfólks og seinfærra foreldra
Hvað hjálpar – hvað hindrar

Hanna Björg Sigurjónsdóttir

Efni þessarar greinar byggir á niðurstöðum doktorsrannsóknar minnar um seinfæra foreldra og fjölskyldustuðning (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2005). Í rannsókninni var lögð áhersla á að afla gagna sem veittu sem besta heildarmynd af félagslegum aðstæðum seinfærra foreldra og barna þeirra og því beindist rannsóknin bæði að fjölskyldunum sjálfum og starfsfólkinu sem veitti þeim stuðning. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvað einkennir árangursríkan stuðning við seinfæra foreldra og að öðlast skilning á hvað það er sem ýmist valdeflir/styrkir foreldrana í foreldrahlutverkinu eða hindrar valdeflingu þeirra. Til að ná þessu markmiði sameinaði ég m.a. félagslegan skilning á fötlun (Barnes, Mercer og Shakespeare, 1999; Rannveig Traustadóttir, 2003, 2004; Thomas, 1999, 2004; Tøssebro, 2002, 2004) og femínisk sjónarhorn (Hartsock, 1985; Sprague og Hayes, 2000). Samkvæmt þessum sjónarhornum er fötlun afleiðing hindarana sem verða til vegna félagslegs fyrirkomulags og misgengis á milli færni einstaklingsins og kröfum umhverfis. Þessi skilningur er í skarpri andstöðu við hefðbundinn læknisfræðilegan skilning á fötlun sem staðsetur „vandamálið“ hjá einstaklingnum sjálfum og tekur lítið sem ekkert tillit til áhrifa umhverfis eða aðstæðna (Atkinson, 1997; Rannveig Traustadóttir, 2004; Sonnander, 2005; Tideman, 2005).

Seinfærir foreldrar mæta mörgum félagslegum hindrunum og neikvæðum viðhorfum sem fatlaðir einstaklingar (Booth og Booth, 1994; McConnell, 2001). Þessar hindranir felast í samfélagslegum hugmyndum um hvernig seinfært fólk sé og eiga rætur í læknisfræðilegum skilningi á fötlun (Atkinson, 1997; Shakespeare, 1996; Sonnander, 2005; Tideman, 2005). Í okkar menningu er rík tilhneiging til að skilja fötlun út frá læknisfræðilegu sjónarhorni þar sem lögð er áhersla á að skilgreina „gallann“ og hvað sé að einstaklingnum. Hefðbundin þjónustuúrræði endurspegla þennan skilning á

fötlun (Wolfensberger, 1985, 1998). Sú hætta er fyrir hendi að þessi skilningur verði til þess að styrkja vald „sérfræðinganna" og sé notaður til að réttlæta hvers konar meðhöndlun fatlaðs fólks (Atkinson, 1997). Vald ráðandi orðræðu um hvernig fatlað fólk er getur haft þau áhrif á sjálfskilning þess að það fari að trúa því að það sé einskins virði, ófært og verðskuldi nánast ekkert (Bogdan og Taylor, 1984; Shakespeare, 1996; Wolfensberger, 1998). Þegar það gerist verður sjálfsálitið lítið og sjálfsmyndin brotakennd en gott sjálfstraust og jákvæð sjálfsmynd er forsenda þess að fólki farnist vel í foreldrahlutverkinu (Andron og Tymchuk, 1987; Llewellyn, 1997, McGaw, 1997). Hafi fólk ekki jákvæða sjálfsmynd er mjög erfitt fyrir það að taka virkan þátt í að móta eigið líf. Með nýjum félagslegum skilningi á fötlun, þróuðum af bæði fötluðu baráttufólki og fræðimönnum, hefur áherslan færst frá göllum til valdeflingar fatlaðra og afnámi hindrana (Barnes, Mercer og Shakespeare, 1999; Tossebro og Kittelsaa, 2004). Í þessari grein fjalla ég um hvernig ólíkur skilningur fagfólks á fötlun getur ýmist stuðlað að eða hindrað valdeflingu seinfærra foreldra.

Rannsóknin

Rannsóknin hófst formlega í árslok 2000 og lauk haustið 2004. Þátttakendur í rannsókninni voru átta fjölskyldur seinfærra foreldra og flestir þeir aðilar sem veittu viðkomandi fjölskyldum stuðning, alls 76 manns. Þær rannsóknaraðferðir sem voru notaðar í þessari rannsókn falla undir hefð eigindlegra aðferða (Taylor og Bogdan, 1998) og felast í að afla heildstæðrar þekkingar á lífi og aðstæðum fólks og hvaða skilning fólk leggur í líf sitt og athafnir. Til að skilja hvað það væri í tengslum við formlegan fjölskyldustuðning sem stuðlaði að valdeflingu eða valdskerðingu foreldranna og hafði þannig áhrif á líðan þeirra og frammistöðu í foreldrahlutverkinu notaði ég frásögur (*narratives*). Foreldrarnir töluðu um upplifun sína af foreldrahlutverkinu og fjölskyldustuðningi og reynsla þeirra og upplifun var leiðarljós greiningar minnar á hverju stigi. Sem fræðilega undirstöðu nýtti ég mér skilgreiningu femínistanna Sprague og Hayes á valdeflingu sem ferli til að ná sjálfsákvörðunarrétti í gegnum félagsleg samskipti (Sprague og Hayes, 2000). Með því að líta svo á að sjálfið sé félagslega mótað og að tilfinning fólks fyrir því hvert það er og hvað það getur orðið þróist í gegnum samskipti og félagsleg tengsl í daglegu lífi, skilgreina þær sjálfsákvörðun bæði sem tjáningu eigin sjálfs og leið til að þróa það (Spragur og Hayes, 2000). Í þessum skilningi er valdefling mögulegt einkenni á félagslegum samskiptum sem stuðla að

jákvæðri þróun sjálfsins. Þessi skilningur gerði mér kleift að leggja áherslu á mikilvægi samskipta milli stuðningsaðila og foreldra. Sú leið sem ég valdi til að þrengja skilning minn á valdeflingu svo unnt væri að nota hana sem fræðilega undirstöðu í rannsókn minni grundvallaðist á a) ríkjandi menningarbundnum staðalmyndum um fólk með þroskahömlun, b) félagsstöðu seinfærra foreldra og staðsetningu þeirra í félagsgerðinni, og c) þeim aðstæðum sem einkenndu daglegt líf forelddranna.

Valdefling þjónustunotenda

Valdefling fatlaðra er af mörgum talin snúast um að hvaða marki þeir hafi áhrif á þjónustuveitendur og hversu mikið þeir hafi að segja um hvernig þjónusta er skipulögð, stýrð og innt af hendi (Adams, 2003; Riger, 1993; West og Parent, 1992). Bandaríski samfélagssálfræðingurinn *(community psychologist)* Julian Rappaport hefur verið leiðandi í skrifum um valdeflingu frá því snemma á níunda áratug síðustu aldar. Hann hefur fært rök fyrir því að valdefling sé valkostur við vandamálamiðaðri nálgun sem lengi hefur einkennt þjónustustofnanir. Rappaport segir valið snúast um að líta á notendur þjónustu sem háða öðrum, í þörf fyrir hjálp, félagsmótun og þjálfun eða sem samfélagsþegna sem ættu sinn rétt (Rappaport, 1981, bls.11; sjá einnig í Dempsey og Foreman, 1997). Í þjónustu við fatlað fólk hefur valdefling verið tengd hágæða þjónustu sem leggur áherslu á styrkleika hvers einstaklings, vellíðan, sjálfstæði, val og persónulegar framfarir (Dunst, Trivette og Deal, 1988; Dempsey og Foreman, 1997; Hudson, Dearey og Glendinning, 2004). Valdeflandi íhlutun miðar að því að auka velferð, draga úr erfiðleikum, skapa tækifæri og breyta valdatengslum þannig að fagfólk verði samstarfsmenn þjónustunotenda í stað valdamikilla sérfræðinga (Gutiérrez, 1990; Perkin og Zimmerman, 1995). Þó að leiðirnar til að byggja upp valdeflandi þjónustu séu margar og oft á tíðum ólíkar er sameiginlegt markmið þeirra að sveigja frá hefðbundinni sérfræðingamiðaðri nálgun sem byggir á læknisfræðilegum skilningi á fötlun með tilheyrandi áherslu á galla einstaklingsins (Morrell, 2003; Russo, 1999). Þessi hugmynd um fyrirmyndarþjónustu byggir á því að þeir sem þurfa á þjónustunni að halda séu álitnir sérfræðingar í sínum þörfum. Áhersla er lögð á yfirfærslu valds frá þjónustuveitendum til þjónustuþega og að samskipti þeirra séu á jafnræðisgrundvelli sem byggi á gagnkvæmri virðingu (Hagner og Marrone, 1995; Honey, 1999; Kosciulek, 1999; West og Parent, 1992).

Valdskerðing þjónustunotenda

Það er samstaða um það í fræðunum að ákveðið form þjónustu og þjónustuaðilar geti hindrað valdeflingu fatlaðs fólks. Þeir þættir sem fræðimenn eru sammála um að feli í sér valdskerðingu fatlaðs fólks eru:

a) *stofnanamiðuð þjónusta,* sem felur í sér að fatlað fólk á ekki raunverulegt val um búsetu, búsetuform og/eða þjónustu
b) *varkárni fagfólks,* sem orsakast af því að það sér skerðinguna sem megineinkenni fatlaðs fólks og alhæfir út frá vangetu þess. Slíkt veldur því að starfsfólkið verður hrætt við að gera kröfur til fatlaðra einstaklinga eða taka áhættu í ákvarðanatöku
c) *fagmennska*, en algengt er að fagfólk skilgreini þarfir og aðstæður fatlaðs fólks, og orð fagmanna vega þyngra stöðu þeirra vegna en orð fatlaðra um eigin þarfir
d) *samvinnuþýði*, en mikil áhersla er lögð á þakkláta og samvinnuþýða þjónustunotendur og slík hegðun er verðlaunuð
e) *tengsl fagfólks*, sem oft vinnur saman í teymum og samsamar sig hvert öðru getur valdið því að það á erfitt með að ganga gegn vilja hvers annars. Samvinnna og mikilvægi góðra samskipta fagfólks verður þannig mikilvægari en að tala fyrir eða mæta þörfum þjónustu-þegans. (Hagner og Marrone, 1995)

Hvað hjálpar – hvað hindrar?

Það hvers eðlis samskipti foreldra og stuðningsaðila voru virtist hafa mest að segja um líðan og frammistöðu foreldrana í foreldrahlutverkinu. Skilningur á fötlun stjórnaði því hvernig fagfólk skynjaði foreldrana og þau vandamál sem þeir stóðu frammi fyrir og endurspeglaðist í framkomu þess og samskiptum við foreldrana. Í mörgum tilvikum endurspegluðu samskiptin félagslega stöðu foreldranna, staðalmyndir af fötluðu fólki og yfirþyrmandi valdaójafnræði en ekki alltaf. Ég mun byrja á að fjalla um samskipti sem hindruðu valdeflingu foreldranna áður en ég greini frá valdeflandi samskiptum.

Staðalmyndir og ráðandi orðræða

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að ráðandi orðræða og staðalmyndir um fatlaða, sem eiga rætur í læknisfræðilegum skilningi á fötlun, endurspeglist í starfi stofnana og viðhorfum margra starfsmanna með tilheyrandi valdskerðandi áhrifum fyrir foreldrana. Þetta birtist m.a. í því að fæstar fjölskyldnanna áttu val um hvernig þjónustu þær fengu eða höfðu eitthvað að segja um skipulagningu og framkvæmd stuðningsins. Þarfir flestra þeirra voru skilgreindar af fagfólki með áherslu á skerðingu foreldranna. Þessar niðurstöður koma ekki á óvart því:

> Það verður stöðugt greinilegra hvernig rekja má valdaleysi og skort á sjálf-ákvörðunum sem fatlað fólk finnur oft fyrir til viðhorfa og starfa stuðningsaðila, þjónustuveitenda, félagslegra stofnanna og samfélagsins almennt frekar en til andlegra eða líkamlegra skerðinga fólksins. (Parent, 1993, bls.21)

Fötlun líkt og kyngervi og foreldrahlutverk er félagslega skapað og menningarlega mótað fyrirbæri. Fyrirbæri sem fær mismunandi merkingu eftir menningu, tíma og aðstæðum. Til að skilja samfélagið sem við búum í og stöðu okkar sjálfra innan þess notum við samfélagslegar hugmyndir um það hvernig hlutirnir eru og hvernig þeir eiga að vera. Þessar hugmyndir eru félagsleg afurð skapaðar í og af samfélaginu. Ríkjandi hugmyndafræði hefur ómeðvitað áhrif á okkur öll og er grundvöllur persónulegra hugmynda okkar sem einstaklinga. Þar sem hugmyndafræðin hjálpar okkur til að skilja samfélagið eins og það er styrkir hún kyrrstöðu og öll félagsleg valdatengsl virðast þar af leiðandi sjálfsögð (Lorde, 1992). Við lærum um samfélagslega stöðu okkar sjálfra og annarra frá blautu barnsbeini í gegnum fjölskyldu okkar, skóla og menningu og ölumst upp í því að þetta sé hin rétta og sjálfsagða skipan.

Fræðimennirnir Jean Baker Miller (1978) og Wolf Wolfensberger (1985, 1998) hafa lýst undirokun vanmetinna hópa á þann hátt sem virðist falla vel að ríkjandi staðalmyndum um fatlað fólk. Samkvæmt þeim metum við meðvitað eða ómeðvitað allt sem við skynjum sem annað hvort jákvætt eða neikvætt. Vanmetnu fólki er gjarnan lýst sem frumkvæðislausu, ófæru um ákvarðanatöku og hjálparlausu og sú trú er ríkjandi að það geti hvorki tekið ákvarðanir, framkvæmt né hugsað. Þessar lýsingar eiga frekar við um börn en fullorðna og samræmast því vel staðalmyndum um fatlað fólk. Ráðandi hópar samfélagsins hafa tilhneigingu til að skilgreina fólk úr vanmetnum hópum sem minna virði en sig sjálfa. Þegar það gerist fær sá hinn sami

annarskonar meðhöndlun. Vanmetnir einstaklingar eru því stimplaðir og vangeta þeirra skýrð í ljósi andlegra eða líkamlegra „galla“. Þar sem það eru ráðandi hópar samfélagsins sem skilgreina hvaða hlutverk eru viðeigandi fyrir þá sem tilheyra vanmetnum hópum eru þeim ætluð þau hlutverk sem ráðandi hópar vilja ekki sinna. Hlutverk þau sem mestrar virðingar njóta í samfélaginu eru hins vegar tengd ráðandi hópi og gengið er út frá því sem vísu að fólk sem tilheyri vanmetnum hópum ráði ekki við þau. Vitsmunir og færni eru mikils metin en greindarskerðing lítils. Í vestrænum heimi eru líkamlega-, andlega- og skynfatlaðir einstaklingar vanmetnir. Aðgangur þeirra að velmetnum hlutverkum er takmarkaður og þeim er þrýst inn í samfélagsleg vanmetin hlutverk (Miller, 1978; Wolfensberger, 1985, 1998).

Vinnulag stofnana og valdatengsl foreldra og fagfólks

Staðalmyndir og ráðandi orðræða hafa áhrif á lagasetningar, þjónustukerfi og framkomu við fólk. Lagalegar hindranir fyrir valdeflingu fatlaðra foreldra felast ekki síst í því að lögin gera ekki ráð fyrir því að fatlað fólk eignist börn og því er hvergi í íslenskum lögum fjallað um þörf þeirra fyrir stuðning. Þá er fyrirkomulag innan þjónustustofnanna, þ.e. viðmiðin fyrir því hverjir fái þjónustu, hindrun fyrir valdeflingu þar sem áherslan er frá upphafi á að bera kennsl á „galla“ einstaklingsins fremur en styrkleika (Aspis, 1999; Callahan og Lumb, 1995; Dodd og Gutiérrez, 1990; Lincoln, Travers, Ackerson og Wilkinson, 2002; Russo, 1999). Þetta verður til þess að fagfólk lendir í hlutverki hliðvarða sem hafa vald til að ákvarða hverjir eiga rétt á stuðningi og hverjir ekki. Þetta fyrirkomulag stuðlar að afar ójöfnum valdatengslum og vinnur gegn því að þjónustuveitendur og þjónustunotendur geti unnið sem samstarfsaðilar.

Viðhorf og framkoma fagfólks er hluti af stærra samhengi og svo virðist sem formleg greining hafi stundum haft meira að segja um það hvers konar stuðning foreldrarnir fengu en raunverulegar þarfir þeirra. Sú útbreidda trú að fólk með þroskahömlun sé ósjálfstætt, barnalegt og öðrum háð samræmist illa hugmyndum um foreldrahlutverkið og getur haft áhrif á viðbrögð fagfólks sem ekki hefur þekkingu eða skilning á fötlun foreldranna. Ágætt dæmi um þetta er að þrátt fyrir að foreldrar úr sex fjölskyldum hafi leitað sjálfir eftir stuðningi til félagsþjónustu á meðgöngu var málum flestra þeirra vísað til barnaverndar án þess að reynt hefði á hæfni þeirra áður. Þetta dæmi sýnir glögglega hvað er álitið viðeigandi fyrir seinfæra foreldra. Staðalmyndir og ráðandi orðræða hafði áhrif á það hvernig fagfólkið skynjaði foreldrana og þau vandamál sem þeir stóðu frammi fyrir og varð þannig að „sannleika“ sem lögmætti starf þeirra sem höfðu vald til að ákvarða hvað yrði um

fjölskyldurnar. Þegar fagfólk sá foreldrana í gegnum „linsu gallalíkansins“ höfðu foreldrarnir lítið sem ekkert að segja um skipulag og framkvæmd þess stuðnings sem þau fengu. Þess í stað þurftu þeir að samþykkja áhyggjur fagfólksins, taka ábyrgð á allri mögulegri áhættu og sætta sig við þær kröfur sem voru gerðar til þeirra.

Í stað sjálfsákvörðunar eða þess að eiga val þurftu foreldrarnir að laga sig að þeim þjónustuúrræðum sem í boði voru, t.d. að flytja á fjölskylduheimili, eða eiga á hættu að missa forsjá barna sinna. Öll nálgun var vandamálamiðuð og túlkanir fagfólks á vandanum voru teknar gildari en foreldranna. Ákvörðunartakan byggðist á því að fagfólkið vissi betur og að það væri á þeirra valdi að skilgreina aðstæður og þarfir fjölskyldnanna. Þessi nálgun undirstrikar valdaleysi foreldranna, gerir lítið úr sjálfsákvörðunarrétti þeirra og getur leitt til rangrar túlkunar á þörfum þeirra auk þess sem hún gerir þeim erfitt fyrir með að skilgreina sig jákvætt og treysta stuðningsaðilum sínum.

Valdeflandi samskipti

Gæði samskipta við fagfólk hafði mikil áhrif á líðan og frammistöðu foreldranna. Þó svo að staðalmyndir og ríkjandi orðræða hafi í mörgum tilvikum einkennt samskipti foreldra og fagfólks þá var það alls ekki alltaf. Sérhver aðili bar með sér einstaklingsbundinn skilning, sjónarhorn og reynslu sem byggðist á persónulegum gildum. Í þeim tilvikum sem fagaðilar höfðu þekkingu og skilning á fötluninni og reynslu af því að vinna með með seinfærum foreldrum voru foreldrarnir sáttastir við stuðninginn. Foreldrunum fannst fagfólkið skilja þarfir sínar og leið eins og þeim stæði ekki á sama um sig. Þessir foreldrar höfðu mest um eigið líf og aðstæður að segja og svigrúm og tækifæri til sjálfræðis. Þetta fagfólk átti það sammerkt að vinna náið með foreldrunum frá byrjun, það hvatti þá til að taka ákvarðanir og hafa stjórn á eigin lífi auk þess sem það gætti þess að veita fjölskyldunum ekki of mikla þjónustu. Stuðningurinn einkenndist af samvinnu, sveigjanleika og hagnýtri hjálp sem var veitt í þeim anda að foreldrarnir væru sérfræðingar í eigin þörfum og væri hægt að treysta til að segja til um hversu mikinn stuðning þeir þurftu og í hvaða formi. Stuðningurinn var skipulagður þannig að hann truflaði fjölskyldulífið eins lítið og mögulegt var og þegar foreldrarnir þurftu tímabundið á meiri stuðning að halda t.d. við að koma reglu á svefntíma barnsins og gefa því fyrstu föstu fæðuna fengu þau það. Foreldrarnir kunnu vel að meta þetta þar sem þörf þeirra fyrir stuðning var mismikil á milli tímabila. Allt var gert til að reyna að tryggja að þessar fjölskyldur héldu sjálfstæði sínu og sjálfsvirðingu. Þessir foreldrar gátu leitað til félags-

ráðgjafans síns eftir hjálp við að kenna nýjum stuðningsaðilum að styðja sig og eins við að segja upp stuðningsaðilum sem þeim líkaði illa við.

Jákvæð viðhorf fagfólks og góð samskipti við foreldrana virkaði sem vörn gegn kerfisbundnum ójöfnuði og þjónaði því að styrkja sjálfsákvörðunarrétt foreldranna og jákvæðar tilfinningar þeirra um sig sjálf. Þessi samskipti voru valdeflandi því þau stuðluðu að því að efla sjálf, sjálfsmynd, sjálfstraust, sjálfsvirðingu, félagslega stöðu og vald foreldranna yfir aðstæðum sínum og lífi.

Lokaorð

Seinfærir foreldrar mæta mörgum félagslegum hindrunum og neikvæðum viðhorfum og þeir eiga mikið undir því komið hvaða augum þeir eru litnir af fagfólki. Reynsla foreldranna varpar skýru ljósi á það hversu mikilvægu hlutverki fagaðilar gegna í lífi þeirra en það hversu góðan stuðning hver fjölskylda fékk virtist velta alfarið á þeim fagmanni sem fékk mál þeirra til meðferðar. Þegar læknisfræðilegur skilningur á fötlun litaði skynjun fagfólks á foreldrunum og þeim erfiðleikum sem þeir stóðu frammi fyrir endurspeglaðist það í samskiptum þeirra. Þetta varð til þess að hindra valdeflingu foreldranna og vinna gegn sjálfsákvörðunarrétti þeirra. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að fagfólk hafi þekkingu og skilning á aðstæðum seinfærra foreldra svo það sé færara um að vinna gegn skaðlegum áhrifum neikvæðra staðalmynda og séu sér betur meðvituð um hættuna á því að staðalmyndir geti haft áhrif á þjónustu við fatlaða. Seinfærir foreldrar tilheyra tiltölulega nýjum hópi notenda félagslegrar þjónustu og það er skiljanlegt að það taki einhvern tíma að þróa góða og valdeflandi þjónustu fyrir þennan hóp. Sumt fagfólk er þegar að vinna vel með fjölskyldunum og það er mikilvægt að læra af þeim það sem vel er gert.

Heimildir

Adams, R. (2003). *Social work and empowerment.* Hampshire: McMillan.

Andron, L. og Tymchuk, A. (1987). Parents who are mentally retarded. Í A. Craft (Ritstj.), *Mental handicap and sexuality: Issues and perspectives* (bls. 238-262). Tunbridge Wells: D. J. Costello.

Aspis, S. (1999). What they don't tell disabled people with learning difficulties. Í M. Corker og S. French (Ritstj.), *Disability discourse* (bls.173 – 182). Buckingham: Open University Press.

Atkinson, D. (1997). *An auto/biographical approach to learning disability research*. Aldershot: Ashgate.

Barnes, C., Mercer, G. og Shakespeare, T. (1999). *Exploring disability*. Cambridge: Polity Press.

Bogdan, R. og Taylor, S. (1984). The judged, not the judges. Í *Introduction to qualitative research methods: The search for meanings* (bls. 157-169). New York: John Wiley & sons.

Booth, T. og Booth, W. (1994). *Parenting under pressure: Mothers and fathers with learning difficulties*. Buckingham: Open University Press.

Callahan, M. og Lumb, C. (1995). My cheque and my children: The long road to empowerment in child welfare. *Child welfare. New York, 74*(3), 795-805. http://proquest

Dempsey, I. og Foreman, P. (1997). Toward a clarification of empowerment as an outcome of disability service provision. *International Journal of Disability Development and Education, 44*(4), 287-303.

Dodd, P. og Gutiérrez, L. (1990). Preparing students for the future: A power perspective on community practice. *Administration in social work, 14*(2), 63-78.

Dunst, C., Trivetti, C. og Deal, A. (1988). *Enabling and empowering families: Principles and guidelines for practice*. Cambridge, MA: Brookline.

Gutiérrez, L. (1990). Working with women of color: An empowerment perspective. *Social Work, 35*(2), 149-153.

Hagner, D. og Marrone J. (1995). Empowerment issues to individuals with disabilities. *Journal of Disability Policy Studies, 6*(2). Sótt 20. júlí 2006 af: : http://www.empowermentzone.com/empower.txt

Hanna Björg Sigurjónsdóttir (2005). *Family support services and parents with learning difficulties*. Óbirt doktorsritgerð. University of Sheffield, Englandi.

Hartsock, N. (1985). *Money, sex, and power: Toward a feminist historical materialism*. Boston: NortEastern University Press.

Honey, A. (1999). Empowerment versus power: Consumer participation in mental health services. *Occupational Therapy International, 61*(4), 257-276.

Hudson, B., Dearery, M. og Glendinning, C. (2004). *New vision for adult social care: Scoping service users views*.York: Social Policy Research Unit. University of York.

Kosciulek, J. (1999). The consumer-directed theory of empowerment. *Rehabilitation Counseling Bulletin, 42*(3), 196-213.

Lincoln, N., Travers, C., Ackers, P. og Wilkinson, A. (2002). The meaning of empowerment: The interdisciplinary etymology of a new management concept. *International Journal of Management Reviews, 4*(3), 271-290.

Llewellyn, G. (1997). *Support and services for parents with intellectual disability: What? When? How?* By Whom? Report prepared for the Family Support and Service Project, School of occupational therapy, Faculty of health sciences, University of Sidney.

Lorde, A. (1984). *Sister outsider: Essays and speeches by Audrey Lorde*. Trumansburg. Crossing Press.

McConnell, D. (2001). *Parents with intellectual disability and justice in the child protection process. Óbirt doktorsritgerð*. University of Sidney: School of occupation and leisure sciences; Faculty of health sciences.

McGaw, S. (1997). Practical support for parents with learning disabilities. Í J. O'Hara og A. Sperlinger (Ritstj.), *Adults with learning disabilities: A practical approach for health professionals* (bls. 123-138). Chichester: John Wiley and Sons.

Miller, J. B. (1978). *Towards a new psychology of women*. Hamondsworth: Penguin Books.

Morrell, C. (2003). Empowerment and long-living women. *Journal of Aging Studies, 17*(1), 69-85.

Parent, W. (1993). Quality of life and consumer choice. Í P. Wehman (Ritstj.), *The ADA mandate for social change* (bls. 19 –33). Baltimore: Brookes.

Perkins, D. og Zimmerman, M. (1995). Empowerment theory, research and application. *American Journal of Community Psychology, 23*(5), 569-579.

Rannveig Traustadóttir (Ritstj.) (2003). Fötlunarfræði: Sjónarhorn áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði. Í *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 17-51). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rannveig Traustadóttir (2004). Fötlunarfræði: Upphaf, þróun og fræðileg sjónarhorn Í Úlfar Hauksson (Ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum V.: Félagsvísindadeild* (bls. 519-530). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rappaport, J. (1981). In praise of paradox: A social policy of empowerment over prevention. *American Journal of Community Psychology, 9,* 1-25.

Riger, S. (1993). What's wrong with empowerment? *American Journal of Community Psychology, 21*, 279-292.

Russo, R. J. (1999). Applying a strengths-based practice approach in working with people with developmental disabilities and their families. *Families in society: New York. Jan/feb.* http://Proquest.

Shakespeare, T. (1996). Disability, identity and difference. Í C. Barnes and G. Mercer (Ritstj.), *Exploring the devide* (bls. 94-113). Leeds: The disability press.

Sonnander, K. (2005). Biological and social aspects of intellectual disability. Í A. Gustavsson, J. Sogvin, R. Traustadóttir og J. Tøssebro (Ritstj.), *Resistance, reflection and change: Nordic disability research* (bls. 193-203). Lund: Studentlitteratur.

Sprague, J. og Hayes, J. (2000). Self-determination and empowerment: A feminist standpoint analysis of talk about disability. *American Journal of Community Psychology, 28*(5), 671-695.

Taylor, S. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource* (3rd edition). New York: John Wiley & sons.

Thomas, C. (1999). Female forms: *Experiencing and understanding disability*. Buckingham: Open University Press.

Thomas, C. (2004). The UK social model of disability: Rescuing a social relational understanding of disability. *Scandinavian Journal of Disability Research, 6*(1), 22-36.

Tideman, M. (2005). A relational perspective on disability: An illustration from the school system. Í A. Gustavsson, J. Sandvin, R. Traustadóttir og J. Tøssebro (Ritstj.), *Resistance, reflection and change: Nordic disability research* (bls. 219-232). Lund: Studentlitteratur.

Tøssebro, J. (2002). *A brief introduction to "the Nordic relational approach to disability"*. A working paper for the 6th NNDR annual conference, Reykjavik, August 22-24.

Tøssebro, J. (2004). Understanding disability: Introduction to the special issue of SJDR. *Scandinavian Journal of Disability Research, 6*(1), 3-7.

Tøssebro, J. og Kittelsaa, A. (2004). Studying the living conditions of disabled people: Approaches and problems. Í J. Tøssebro og A. Kittelsaa (Ritstj.), *Exploring the living conditions of disabled people* (bls. 17-43). Lund: Studentlitteratur.

West, M. og Parent, W.S. (1992). Consumer choice and empowerment in supported employment services: Issues and strategies. *Journal of the Association for Persons with Severe Handicap, 17*, 47 – 52.

Wolfensberger, W. (1985). Social role valorization: A new insight, and a new term, for normalization. *Australian Association for the Mentally Retarded Journal, 9*(1), 4–10.

Wolfensberger, W. (1998). *A brief introduction to social role valorization: A high-order concept for addressing the plight of societally devalued people, and for structuring human services* (3. útg.) Syracuse, NY: Training institute for human service planning, leadership and change gentry, Syracuse University.

Öll í sama liði

Kristín Björnsdóttir

Þessi grein fjallar um þátttöku fólks með þroskahömlun í íþróttum og heilsurækt. Fyrst er sjónum beint að fjölmiðlaumfjöllun um íþróttir fatlaðra og birtingaformi og orðræðu fötlunar í því samhengi. Sjónvarpsefni um Ólympíumót fatlaðra 2004 var skoðað ásamt efni frá Fjölmiðlavaktinni. Einnig er sagt frá niðurstöðum eigindlegrar rannsóknar sem byggir á opnum viðtölum við fimm konur og tvo karla á aldrinum 20 – 30 ára. Þau eru öll virkir þátttakendur í íþróttastarfi. Tvö þeirra eru afreksmenn í íþróttum á meðan hin stunda íþróttir sér til skemmtunar og heilsubótar. Einnig voru tekin viðtöl við tvo þjálfara og fylgst með íþróttaæfingum, íþróttamótum og líkamsræktartímum. Reynsla íþróttafólksins og þátttaka skarast við þá fjölmiðlaumfjöllun sem þau fá og er greinilegt misræmi þar á milli. Þátttöku, ástundun og árangri þeirra eru gerð lítil skil og umfjöllun oft léttvæg.

Rannsóknin er liður í doktorsverkefni mínu við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Verkefnið miðar að því að skoða samspil menningar og félagslegrar þátttöku í lífi og reynslu ungs fólks með þroskahömlun. Rannsóknin hlaut styrk úr Íþróttasjóði árið 2004.

Íþróttir fatlaðra í fjölmiðlum

Fjölmiðlar eiga stóran þátt í skapa ímyndir karla og kvenna, fatlaðra og ófatlaðra. Takmörkuð og nánast ósýnileg umfjöllun fjölmiðla um fatlað fólk ýtir undir þá hugmynd að þeir séu ekki virkir þátttakendur í samfélaginu (Nelson, 2003). Birtingaform fötlunar og orðræða um hana í fjölmiðlum eru oft á tíðum staðalmyndir sem sýna harmleik, vangetu og ljótleika. Slíkar staðalmyndir gefa ranga og bjagaða mynd af fötluðu fólki og eru því líklegar til að styrkja neikvæð viðhorf til fatlaðra (Shakespeare, 1999; Day, 2000; Hardin, Hardin, Lynn og Walsdorf, 2001; Nelson, 2003). Staðalmyndir af fötluðu fólki má rekja til hjátrúar, goðsagna og fyrri tíma skoðana á

óupplýstari tímum. Þær eru hluti af ríkjandi menningu sem viðhaldið er með fjölmiðlaumfjöllun (Barnes, 1991).

Ímynd ofurmanneskjunnar eða hetjunnar sem sigrast hefur á fötlun sinni með yfirnáttúrulegum styrk og afrekum er vinsælt umfjöllunarefni í fjölmiðlum (Shapiro, 1994). Um er að ræða fatlað fólk sem hefur til dæmis klifið fjöll, hjólað hringveginn eða sigrað á alþjóðlegum íþróttamótum. Fatlað fólk sem hefur farið yfir mörk og væntingar þeirra sem ófatlaðir eru.

Þar sem íþróttir fatlaðra fá takmarkaða athygli og rými í íslenskum fjölmiðlum er sjaldan um beinar útsendingar að ræða og sýningartími óhefðbundinn og takmarkaður. Til að mynda fær Ólympíumót fatlaðra sem er stærsta og sterkasta íþróttamót fatlaðra sömu umfjöllun í fjölmiðlum og minni íþróttamót ófatlaðra. Íslendingar hafa verið sigursælir á Ólympíumótinu og hafa unnið til 26 gull-, 19 silfur- og 42 bronsverðlauna (Íþróttasamband fatlaðra, 2005).

Ríkissjónvarpið sendi út samantekt frá Ólympíumótinu sem haldið var í Aþenu 2004. Þátturinn var á dagskrá um eftirmiðdaginn áður en barnaefnið hófst og á þeim tíma sem flestir eru enn í vinnu. Samantektin var endurtekin í dagskrárlok og rammaði þannig inn hefðbundna dagskrá sjónvarpsins. Þetta er sýningartími sem gera má ráð fyrir litlu áhorfi. Sýningartíminn undirstrikar stöðu fatlaðra sem jaðarhóps þar sem fötluðum íþróttamönnum er ekki gert jafn hátt undir höfði og ófötluðum.

Ríkissjónvarpið sýndi einnig klukkustundar langan þátt um Ólympíumót fatlaðra í Aþenu[1] og þar sem tekin voru viðtöl við íslensku keppendurna, þjálfara þeirra og foreldra. Einnig voru sýndar svipmyndir frá Ólympíuþorpinu og íþróttaviðburðum. Þátturinn var ólíkur hefðbundnum íþróttaþáttum á þann hátt að hann fjallaði fyrst og fremst um svokölluð *mannleg málefni,* keppendurna sjálfa, aðstæður þeirra og skoðanir annarra á þeim.

Læknisfræðilegt sjónarhorn á fötlun hafa verið mjög ríkjandi í hinum vestræna heimi (Rannveig Traustadóttir, 2003). „Læknisfræðilega líkanið leggur áherslu á að greina líkamleg eða andleg afbrigði eða skerðingu og veita ráðgjöf um meðhöndlun, meðferð, endurhæfingu eða ummönnun“ (Rannveig Traustadóttir, 2003: bls. 25). Litið hefur verið á fatlaða sem sjúklinga með bilaðan líkama og óstarfhæfa huga (Hughes, 2002; Rannveig Traustadóttir, 2003). Læknisfræðileg orðræða var ríkjandi í þættinum og keppendur spurðir í þaula um skerðingu sína, hreyfigetu og orsakir fötlunarinnar.

---

[1] Þáttur sýndur í Ríkissjónvarpinu 21. febrúar 2005.

Í þættinum var talsverðum tíma var eytt í umfjöllun um mikilvægi sjúkraþjálfunar og foreldrar hvattir til þess að teygja á fötluðum börnum sínum. Allir íþróttamenn, fatlaðir og ófatlaðir, gera æfingar hjá sjúkraþjálfurum, fara í nudd og beita ýmsum brögðum til þess að styrkja líkama sína. Þessi umræða um mikilvægi sjúkraþjálfunar í þætti um Ólympíumót fatlaðra á rætur sínar að rekja til þeirra hugmynda að fatlaðir þurfi öðrum fremur endurhæfingu og þjálfun. Ólíklegt er að þessi umræða hefði átt sér stað í íþróttaþætti um ófatlað íþróttafólk, nema í þeim tilvikum þar sem íþróttamenn eru að stíga upp úr meiðslum. Með meidda og þá bilaða líkama færist ófatlað íþróttafólk nær fötluðum í orðræðu sem ætlað er að skapa hetjuímynd.

Tveir af íslensku keppendunum í Aþenu voru spastískir sem felst í því að vöðvar þeirra eru of spenntir og virtist þáttarstjórnandi mjög upptekinn af skerðingu keppendanna. Þegar stjarna íslenska liðsins hafnaði í öðru sæti í sinni grein var vöðvaspennu í spastískri hönd kennt um. Í stað þess að gleðjast yfir silfurverðlaunum og undirstrika framúrskarandi árangur var skerðingu keppandans kennt um að *við* misstum af gullverðlaununum.

Ímyndir af fötluðu fólki sem sjúklingar og miðlungs íþróttamenn voru áberandi í þættinum auk hetjunnar sem náð hefur að sigrast á persónulegum harmleik. Sem dæmi um þetta má nefna viðtal við borðtennisleikara sem lamaðist í mótorhjólaslysi. Hann var spurður hvort það hefði komið honum til hugar fyrir tíu árum þegar hann lá á sjúkrahúsi eftir slysið að hann ætti eftir að keppa fyrir Íslands hönd á Ólympíumóti. Ekki er ætlunin að draga úr þeim árangri sem borðtennisleikarinn hefur náð, en nokkuð öruggt má telja að enginn sem liggur alvarlega slasaður á sjúkrahúsi er að velta því fyrir sér hvort hann eigi eftir að komast á Ólympíumót.

Í þættinum var einnig viðtal við föður spretthlaupara. Faðirinn sagði frá því að sonurinn hafi aldrei gefist upp. Þegar krakkarnir í skólanum stríddu honum á því hvað hann var lélegur í íþróttum þá æfði hann sig þangað til hann var orðinn jafngóður eða betri en þau. Þetta eru einkenni afreksíþróttamanns, ekki séreinkenni fatlaðra íþróttamanna. Þáttarstjórnandinn fléttar þessa lýsingu inn í umfjöllun um það hvernig íþróttafólkið hefur sigrast á fötlun sinni í stað þess að undirstrika það sem fatlaðir og ófatlaðir íþróttamenn eiga sameiginlegt eins og aga, metnað og þrautseigju.

Lítið var sýnt frá íþróttaviðburðunum sjálfum og byggðist þátturinn fyrst og fremst á viðtölum og svipmyndum frá Ólympíuþorpinu (matsalir og vistaverur). Þannig var gert lítið úr þeirri miklu einbeitingu og aga sem þarf til að ná árangri í íþróttum á heimsmælikvarða. Þessi mikla áhersla á skerðinguna er á kostnað afreksins sjálfs. Umfjöllunin í þætti Ríkis-

sjónvarpsins um Ólympíumótið í Aþenu ýtir þannig undir gamlar staðalmyndir og þá hugmynd að fatlað íþróttafólk sé ekki talið alvöru íþróttafólk.

Hitt liðið

Spænska körfuboltaliðið sló í gegn á Ólympíumóti fatlaðra í Sydney árið 2000. Liðið vann gull í flokki fólks með þroskahömlun. Eftir mótið í Sydney kom í ljós að eingöngu tveir af tólf leikmönnum spænska liðsins voru með þroskahömlun og þeir fengu lítið að spila. Meðal annarra leikmanna var spænskur fjölmiðlamaður og fyrrverandi landsliðsmenn í körfubolta ófatlaðra. Í kjölfarið ákvað alþjóðlega ólympíumóts nefndin að banna íþróttamönnum með þroskahömlun að taka þátt í Ólympíumóti fatlaðra í Aþenu árið 2004. Niðurstaðan er athyglisverð í ljósi þess að aðeins tveir leikmannanna spænska liðsins voru með þroskahömlun. Einnig má benda á að þegar leikmenn eða lið brjóta af sér í íþróttum ófatlaðra er refsingin, leik- og keppnisbönn, einskorðuð við þann eða þá sem frömdu brotið. Allir með þroskahömlun voru sömu sök seldir burt séð frá því hverra þjóðar þeir voru eða hver keppnisgrein þeirra væri.

Þetta víðtæka bann leiddi til þess að heima á Íslandi sat margfaldur verðlaunahafi í sundi og missti af tækifæri til að slá met, bæta árangur sinn og synda við hlið bestu sundmanna heims. Einungis lítill hluti íþróttamanna, ófatlaðir og fatlaðir, ná þeim árangri og hlotnast sá heiður að fá að keppa fyrir hönd þjóðar sinnar á Ólympíuleikum og mótum. Oft á tíðum fær fólk aðeins eitt tækifæri á keppnisferlinum til að taka þátt í Ólympíuleikum. Einhverjir kunna að hafa misst af sínu tækifæri til að taka þátt í stærsta íþróttaviðburði í íþróttum fatlaðra.

Í viðtölum mínum við íþróttafólk með þroskahömlun var áberandi hvað íþróttamótin eru mikilvæg í lífi þeirra. Það skiptir þau máli að vera valin í keppnishópinn og ferðirnar oft á tíðum laun erfiðisins. Á þessum mótum fá þau einnig tækifæri til að bera sig saman við annað íþróttafólk og sjá hvort þau hafi bætt sig. Þóra hefur æft sund í 16 ár og keppt á mörgum stórmótum:

> Ég fór til Malmö fyrir nokkrum árum og það var keppt í sex greinum. Ég fékk náttúrulega engin verðlaun fyrir því. Ég bætti mig alveg þvílíkt, ég bætti mig alveg í þrem greinum. Já ég var bara mjög stolt af því að hafa bætt mig og hafa farið út og bara tekið virkan þátt í þessu. Þá var ég líka að æfa sex sinnum í viku. Alveg, það er bara stíft prógram sex sinnum í viku.

Þóra sagðist ætla að halda áfram að æfa og keppa svo lengi sem hún væri að bæta árangur sinn. Hún sagðist hafa kynnst fólki víðsvegar að úr heiminum og á mótum væri mikilvægt að sýna samstöðu. Þóra sagði:

> Mér finnst það bara vera grundvallaratriði að hvetja aðra. Ég meina þeir hvetja mig og ég hvet þá. Standa saman, já. Mér finnst það, af því að við erum nú heil heild og við erum misjafnt fötluð. Annar er þú veist svona einhverfur. Ég er náttúrulega ekki einhverf. Ég er með annan fótinn styttri og hin mjöðmin er ónýt.

Aðrir þátttakendur tóku í sama streng og Þóra og leggja áherslu á samstöðuna og samkenndina sem fylgir því að klæðast sama búningnum og vera saman í liði. Þrátt fyrir þessa samstöðu sem þátttakendur rannsóknarinnar lýsa ríkir ákveðin togstreita á milli Ólympíuhreyfingar fatlaðra og Ólympíuhreyfingar ófatlaðra. Í því samhengi ber fyrst að nefna heiti mótsins. Á ensku kallast Ólympíumót fatlaðra *Paralympics*. *Para* er stytting úr *parallel* og á að gefa til kynna að Ólympíumót fatlaðra sé hliðstætt Ólympíuleikunum. Almenningur tengir hins vegar *para* við *paralysis* eða lömun. Alþjóðlega ólympíusambandið bannaði Ólympímóti fatlaðra að nota forskeytið Olympic í nafni mótsins og vildu þannig aðgreina þessa tvo íþróttaviðburði.

Árið 1991 fór alþjóðlega ólympíusambandið fram á að fána Ólympíumóts fatlaðra yrði breytt. Fáninn var hvítur með fimm dropum og líktist fána Ólympíuleikanna. Á fána Ólympíuleikanna eru fimm hringir sem skarast á hvítum bakgrunni. Fjöldi hringjanna á að tákna sameiningu fimm heimsálfa á Ólympíuleikum.

Mynd 1. Merki Ólympíuleikanna ásamt merkjum Ólympíumóts fatlaðra

Á mynd eitt má sjá merki Ólympíuleikanna ásamt merkjum Ólympímóts fatlaðra. Gamla merki Ólympíumótsins þótti of líkt merki Ólympíuleikanna og óttaðist alþjóðlega ólympíunefndin að það hefði áhrif á markaðssetningu Ólympíuleikanna. Eftir Vetrar-ólympíumót fatlaðra í Lillehammer 1994 var fánanum breytt í þrjá dropa á hvítum bakgrunni undir slagorðinu hugur,

líkami, andi (The Beijing Organizing Committee, 2008). Slagorð Ólympíuleikanna eru hins vegar hraðar, hærra, sterkar og lýsa hreyfingu og krafti ólíkt orðum Ólympíumótsins sem standa fyrir kyrrstöðu.

Togstreituna á milli fatlaðra og ráðandi afla í íþróttahreyfingunni er áhugavert að skoða í samhengi við kenningar franska félagsfræðingsins Pierre Bourdieu. Hann segir íþróttir vera menningarlegt fyrirbæri sem endurspegla mismunun ólíkra hópa í samfélaginu. Íþróttir eru vettvangur samskipta (e. field of interactions) þar sem ákveðnar leikreglur gilda. Til að komast áfram í leiknum þurfa þátttakendur að nýta sér efnahagslegan, menningarlegan, táknrænan og félagslegan auð (e. economic, cultural, symbolic and social capital). Þátttakendur hafa mismunandi aðgang að auðmagni og möguleikar þeirra til að þekkja leikreglur vettvangsins byggjast á félagslegum veruhætti (e. habitus). Hægt er að lýsa veruhætti sem vanabundnum afstöðum (e. dispositions) sem byggjast á reynslu og skynjun þátttakenda á umhverfinu og mótar hugsun þeirra og hegðun (Bourdieu 1978 og 1984; Ohl, 2000; Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005). Þátttakendur hafa mismikil völd á vettvanginum, en ráðandi hópar samfélagsins hafa greiðastan aðgang að auðnum, skilgreina gildi auðmagnsins og þekkja best leikreglurnar (Bourdieu 1978, 1984).

Ráðandi hópar hafa meðal annars notað íþróttir til þess að viðhalda og tryggja stöðu sína og yfirburði í samfélaginu. Með því að skipuleggja mót og iðka íþróttir á lokuðum vettvangi fjarri öðrum samfélagshópum. Sem dæmi má nefna golfíþróttina. Íþróttin hefur löngum verið iðkuð í lokuðum einkaklúbbum og með þátttöku í íþróttinni efla félagar tengslanet sitt og félagslegn auð. Hins vegar tengjast hnefaleikar lágstéttum þar sem verkamenn nýta líkamlegan auð sinn (líkamlegan styrk) og berjast fyrir peningaverðlaunum (Bourdieu, 1978, 1984; Stempel, 2005).

Líta má á afskipti alþjóðlegu ólympíunefndarinnar af merki ólympíumóts fatlaðra sem táknrænt birtingarform viðhorfa þeirra til fatlaðra íþróttamanna. Teknir voru tveir dropar úr merkinu og einungis standa þrír dropar eftir, búið er að skerða, minnka og þá um leið fatla fánann. Dropunum má einnig líkja við bjagaða hringi sem endurspegla ríkjandi hugmyndir um skort og takmarkanir fatlaðra íþróttamanna. Alþjóðlega ólympíunefndin hefur með þessu ýtt Ólympíumóti fatlaðra lengra út á jaðarinn og aðgreinir fatlaða íþróttamenn frá þeim sem fara hraðar, hærra og eru sterkari. Veruháttur (e. habitus) fatlaðra íþróttamanna endurspeglar viðhorf samfélagsins og þar sem þeim leyfist ekki að líta á sig sem afreks íþróttamenn.

Nokkrir af þátttakendum rannsóknarinnar hafa fengið tækifæri til þess að æfa og keppa með ófötluðu íþróttafólki. En meirihluti þeirra æfir fyrst og fremst með íþróttafélögum sem eingöngu eru ætluð fólki með þroska-

hömlun. Kári er afreksmaður í íþróttum fatlaðra og dreymir um að æfa og keppa með ófötluðu íþróttafólki. Hann fær eingöngu að æfa með ófötluðu íþróttafólki einu sinni í viku og keppir á einstaka móti. Litið er á það sem velvild og greiðasemi við hann. Kári fylgist vel með íþróttum í fjölmiðlum og ófatlaðar íþróttahetjur á síðum dagblaðanna eru fyrirmyndir hans og hann dreymir um að fá sömu viðurkenningu fyrir sinn árangur. Hann vill vera í sama liði og þau. En auður hans er takmarkaður og hann verður aldrei annað en aukaaðili í liði ófatlaðra. Hann er valdalaus á vettvanginum og er stöðugt minntur á að hann sé í hinu liðinu.

Sérstaka liðið

Sama ár og Ólympíumótið var haldið í Aþenu gekk forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson í stjórn alþjóðlegra íþróttasamtaka sem kallast Special Olympics og voru stofnuð af Kennedy fjölskyldunni árið 1968. Þetta er eina íþróttahreyfingin sem hefur leyfi alþjóðlegu ólympíunefndarinnar til þess að nota ólympíu heitið. Samtökin halda íþróttaviðburði fyrir fólk með þroskahömlun og eru mótin getuskipt, en almennt tíðkast að íþróttamót séu aldursflokkaskipt. Ólíkt Ólymíumótinu skipta lágmörk og árangur ekki máli á þessum leikum.

Í Bandaríkjunum, heimalandi Special Olympics, hafa samtökin verið gagnrýnd fyrir að stuðla að aðgreiningu fólks með þroskahömlun frá öðru fólki í samfélaginu. Ólíkt öðrum íþróttamótum keppa börn, fullorðnir og aldraðir saman á Special Olympics. Auk þess hefur verið bent á að þar sem langflestir fullorðnir eða aldraðir stunda ekki keppnisíþróttir geta Special Olympics átt þátt í að barngera fólk með þroskahömlun (Storey, 2004).

Ég fylgdist með frjálsíþróttaæfingu hjá félagi sem starfar í anda Special Olympics. Æfingin var haldin í litlu, gömlu íþróttahúsi. Þessi salur er yfirleitt leigður út til einstaklinga og hópa sem spila badminton eða körfubolta í frítíma sínum. Þjálfarinn sagði hópnum að hita upp og hlaupa nokkrar ferðir, en þau voru mjög misjafnlega á sig komin líkamlega. Eftir upphitunina skipti þjálfarinn þeim í tvo hópa. Annar hópurinn æfði kúluvarp og hinn hópurinn æfði langstökk. Þar sem engin langstökksgrifja var í íþróttahúsinu stóðu þátttakendur upp við vegg á loki leikfimiskistu og stukku án atrennu niður á hart parketlagt gólfið. Mikil gleði einkenndi æfinguna enda var keppnisferð framundan. Ég tók að mér aðstoð við kúluvarpsæfinguna hafandi enga reynslu af kastíþróttum. Ég vissi ekki hvað ég var að gera, en hef sjaldan skemmt mér jafn vel. Á æfingunni var mikið klappað og allir hvattir áfram.

Þjálfarinn sagði mér að félagið væri eingöngu með klukkutíma æfingar tvisvar til þrisvar í viku og væri markmiðið fyrst og fremst: „Að hafa gaman. Bara að halda sér í formi í einhverju skemmtilegu".

Ég ræddi við tvær konur og einn karl úr hópnum. Þau eru öll á þrítugsaldri og sögðust aðallega fara á íþróttaæfingar til þess að hitta vini sína. Eftir að þau ljúka framhaldsskóla er litla vinnu að fá og félagsstarf takmarkað. Þau hafa engan sérstakan áhuga á að verða afreksmenn, en eru mjög stolt af þeim verðlaunum sem þau hafa unnið til. Þjálfarinn þeirra sagði:

> Ef þau ná verðlaunasæti þá lifa þau á því í margar vikur. Því það er náttúrulega alveg æðislegt. En það er heldur engin rosaleg sorg þó það náist ekki. Markmiðið er að hafa gaman.

Önnur kvennanna hafði farið á Special Olympics mót erlendis og vonaðist til að geta farið á fleiri mót í framtíðinni. Þau töluðu öll um að þátttaka í íþróttafélaginu gæfi þeim tækifæri til að ferðast bæði innanlands og utan. Tækifæri sem annars gæfust ekki.

Mikið sjálfboðaliðastarf er í kringum Special Olympics samtökin og algengt að ungt fólk þjálfi, dæmi íþróttaleiki eða aðstoði keppendur á einn eða annan hátt. Þannig eru leikarnir ekki eingöngu íþróttamót heldur einnig mikilvægur vettvangur fyrir samskipti fólks af ólíkum uppruna og samskipti milli fatlaðra og ófatlaðra (Fent, 1990). Mikið af nánum samskiptum milli fólks eiga sér stað í frítíma og tómstundum. Takmörkuð þátttaka í tómstundum eða félagsstarfi með öðrum getur haft áhrif á færni fólks til að mynda náin vináttutengsl (Howard og Young, 2002). Fólk með þroskahömlun hefur þörf fyrir vináttu líkt og ófatlað fólk, en rannsóknir benda hins vegar til þess að mikið fatlaðir einstaklingar hafi í gegnum tíðina ekki átt möguleika aðstæðnanna vegna á því að tengjast ófötluðum vináttuböndum (O'Brien og O'Brien, 1993; Taylor, Biklen og Knoll, 1987).

Á umræddri íþróttaæfingu tók ég eftir því að eingöngu hluti af hópnum var í íþróttafötum og fáir í íþróttaskóm. Einn karlinn var í gallabuxum og skyrtu með farsímann í hulstri á beltinu. Annar ungur karlmaður var í víðum hjólabretta gallabuxum og átti erfitt með að hlaupa og hreyfa sig því buxurnar sigu niður. Ein kvennanna var í lausum sandölum sem getur skapað slysahættu á frjálsíþróttaæfingum. Þjálfarinn taldi að rekja mætti þennan vanbúnað til þess að starfsfólk sambýlanna aðstoði þau ekki nægilega við fataval. Að klæðast íþróttafötum er liður í því að stunda líkamsrækt. Íþróttaföt eru hönnuð til þess að gott sé að hreyfa sig. Ákveðin hefð hefur

skapast fyrir því að þeir sem stunda íþróttir eru í sérstökum í íþróttafötum. Kona sem þjálfar ungt fólk með þroskahömlun í líkamsrækt segist leggja mikla áherslu á að hópurinn sé í íþróttafötum og skóm á æfingum. Hún starfar í tengslum við fullorðinsfræðslu fatlaðra, en æfingarnar fara fram í almennri líkamsræktarstöð. Hún segir að íþróttafötin geri þeim auðveldara með að falla inn í hópinn og vel hefur verið tekið á móti þeim á stöðinni.

Gagnrýnendur Special Olympics hafa bent á að betra væri að hvetja einstaklinga með þroskahömlun til þess að taka þátt í almennri líkamsrækt í stað þess að skipuleggja sérúrræði sem getur stuðlað að aðgreiningu þeirra frá samfélaginu (Storey, 2004). Ég heimsótti nokkrar líkamsræktarstöðvar og gönguhópa og þar var mér sagt að sjaldgæft væri að fólk með þroskahömlun tæki þátt í starfi þeirra. Hins vegar eiga konurnar sem tóku þátt í þessari rannsókn það sameiginlegt að vera duglegar að hreyfa sig og ganga eða hjóla til og úr vinnu. Fjórar höfðu farið á líkamsræktarstöðvar í þeim tilgangi að grenna sig. Þóra er afreksíþróttakona og vildi frekar æfa með íþróttafélaginu sínu:

> Já, ég fór í Hreyfingu einu sinni. Mér fannst það ekki gaman. Mér finnst gaman að vera á þrekhjóli og vera á göngubretti. Ég fór bara í einn tíma. Ég fílaði þetta ekki ... Ég fílaði bara ekkert staðinn.

Sigurlaugu fannst gaman að fara í tækin og á hlaupabrettið, en hafði ekki treyst sér í þolfimitíma: „Það er örugglega of erfitt fyrir mig“. Anna sem er tæplega þrítug hafði hins vegar farið á margar líkamsræktarstöðvar, en alltaf gefist upp. Anna sagði:

> Fyrir sex árum byrjaði ég í líkamsrækt. Ég var komin í sjálfheldu með offitu. Ég var búin að prófa óendanleg námskeið. Þetta voru of hröð námskeið og þetta var svona æi mér fannst bara kröfurnar ekki vera ég þú veist. Það er ekkert í boði sko einkaþjálfun það kostar alveg mikla peninga. Ég kann alveg á tækin en ég þarf þetta skipulag. Ég þarf bara þetta aðhald og þennan stuðning eins og hjá fullorðinsfræðslunni.

Kristbjörg hafði aldrei verið í líkamsrækt en hafði haft mikinn áhuga á að komast í sund sér til heilsubótar. Hún treysti sér ekki ein og starfsfólk sambýlisins hafði ekki tök á að fara með henni. Hún spurðist því fyrir hjá íþróttafélagi fyrir fólk með þroskahömlun og komst að því að þar væri hægt að æfa sund. Kristbjörg fékk síðan forstöðukonu sambýlisins til þess að hringja í félagið, skrá hana og nú æfir hún sund tvisvar í viku. Íþróttafélagið opnaði henni því dyr að þeirri heilsurækt sem hún hafði áhuga á.

Fæstir eru afreksmenn í íþróttum hvort sem þeir eru fatlaðir eða ófatlaðir. Af viðtölum mínum má draga þá ályktun að þau íþróttafélög sem starfa í anda Special Olympics séu í raun ólík hefðbundnum íþróttafélögum. Meðlimir félaganna halda áfram að stunda sínar íþróttir fram á fullorðinsár í þeim tilgangi að viðhalda vináttuböndum, ferðast og í einhverjum tilfellum að hreyfa sig. Þrátt fyrir að ekki sé um að ræða afreksíþróttafólk þarf að taka þátttöku þeirra alvarlega. Því miður virðist í einhverjum tilvikum yfirbygging og skipulag þessara íþróttaæfinga vera ábótavant. Lítið menntaðir þjálfarar, léleg aðstaða og ekki borin virðing fyrir ástundun þeirra. Í viðtölum við þátttakendur kemur skýrt og greinilega fram að þátttaka þeirra og ástundun skiptir þau miklu máli. Eflir félagsleg tengsl og er þeim einnig vettvangur til að gera sig gildandi.

Niðurlag

Þátttaka fullorðinna einstaklinga með þroskahömlun í Special Olympics íþróttafélögum og mótum gefur til kynna veika stöðu þeirra í samfélaginu. Þau eiga ekki greiðan aðgang að félagsstarfi og tómstundum ófatlaðra og Special Olympics verður yfirskin til þess að skapa vettvang samskipta. Íþróttirnar hafa ekki jafn mikið vægi og hjá afreksfólkinu, en eru þó menningarlega viðurkennd leið til samskipta og samveru. Auk þess eru þessi íþróttafélög ásamt fullorðinsfræðslu fatlaðra eini möguleiki margra til að stunda heilsurækt, því þau treysta sér ekki, fá ekki stuðning eða hafa ekki efni á að nýta sér almenn líkamsræktartilboð.

Mikill munur er á fötluðu íþróttafólki sem tekur þátt í Ólympíumótum og þeim sem æfa í anda Special Olympics. Annar hópurinn iðkar íþróttir til að ná árangri á meðan hinir nota íþróttir fyrst og fremst sem vettvang samskipta. Í umfjöllun fjölmiðla er oft á tíðum ekki greint á milli Ólympíumóts fatlaðra og Special Olympics og mótunum jafnvel ruglað saman. Svo virðist sem Special Olympics leikar fái sömu umfjöllun og Ólympíumótið þrátt fyrir að um tvo mjög ólíka viðburði sé að ræða. Allt fatlað íþróttafólk er sett undir sama hattinn hvort heldur sem um er að ræða afreksfólk eða miðlungs íþróttamenn. Birtingamynd og orðræða fötlunar í umfjöllun fjölmiðla einkennist af læknisfræðilegu sjónarhorni þar sem áhersla er lögð á skerðingu og bilaða líkama. Fjölmiðlaumfjöllun um íþróttir fatlaðra endurspeglar stöðu þeirra í samfélaginu sem jaðarhóp.

Heimildir

Barnes, C. (1991). Discrimination: *Disabled people and the media*. Sótt á Internetið 29. mars 2005: http://www.leeds.ac.uk/disability-studies/archiveuk/archframe.htm

Berglind Rós Magnúsdóttir (2005). „Ég veit alveg fullt af hlutum en …“ Hin kynjaða greindarorðræða og birtingarmyndir hennar meðal unglinga í bekkjardeild. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (Ritstj.), *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 173-197). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands: Reykjavík.

Bourdieu, P. (1978). Sport and social class. *Social Science Information, 17*(6), 819-840.

Bourdieu, P. (1984). *Distinctioin: A social critique of the judgement of taste*. Cambridge University Press.

Day, L. A. (2000). *Ethics in media communications: Cases and Controversies*. Belmont, CA: Wadsworth/Thomson Learning.

Fent, C. (1990). The gift that gives...and gives...and gives. *English Journal, 79*(6), 70-73.

Hardin, B., Hardin, M., Lynn, S. og Walsdorf, K. (2001). Missing in Action? Images of disability in Sports Illustrated for Kids. *Disability Studies Quarterly, 21*(2), 21-31.

Howard, D. K. og Young, M. E. (2002). Leisure: A pathway to love and intimacy. *Disability Studies Quarterly, 22*(4), *101-120*.

Hughes, B. (2002). Disability and the body. Í C. Barnes, M. Oliver og L. Barton (Ritstj.), *Disability studies today* (bls. 58-76). Cambridge: Polity Press.

Íþróttasamband fatlaðra (2005). Saga Ólympíumóts fatlaðra. Sótt á Internetið 10. ágúst 2006: *http://www.toto.is/if/SagaOl.htm*

Nelson, J. A. (2003). The invisible cultural group: Images of disability. Í P.M. Lester og S. D. Ross (Ritstj.), *Images that injure: Pictorial stereotypes in the media* (bls. 175-184). Westport: Praeger Publishers.

O'Brien, J. og O'Brien, C. L. (1993). Unlikely alliances: Friendships and people with developmental disabilities. Í A.N. Amado (Ritstj.), *Friendships and community connections between people with and without developmental disabilities* (bls. 9-36). Baltimore: Paul H. Brookes.

Ohl, F. (2000). Are social classes still relevant to analyse sports groupings in postmodern society? An analysis referring to P.Bourdieu's theory. *Scandinavian Journal of Medicine &Science in Sports, 10*, 146-155.

Rannveig Traustadóttir (2003). Fötlunarfræði: Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 17-51). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Shakesspeare, T. (1999). Art and lies. Representations of disability on film. Í M. Corker og S. French (Ritstj.), *Disability discource* (bls. 164-172). Buckingham: Open University Press.

Shapiro, J. P. (1994). *No pity: People with disabilities forging a new civil rights movement.* New York: Three River Press.

Stempel, C. (2005). Adult participation sport as cultural capital: A test of Bourdieu's theory of the field of sports. *International review for the sociology of sport, 40*(4), 411-432.

Storey, K. (2004). The case against the Special Olympics. *Journal of Disability Policy Studies, 15*(1), 35-43.

Taylor, S. J., Biklen, D. og Knoll, J. (Ritstj.) (1987). *Community integration for people with severe disabilities.* New York: Teachers College Press.

The Beijing Organizing Committee (2006). *Paralympic games.* Sótt á Internetið 10. ágúst 2006: http://en.beijing2008.com/53/90/article211929053.shtml

Fatlaðir háskólastúdentar

Rannveig Traustadóttir

Stutt er síðan farið var að rannsaka aðstæður fatlaðra háskólastúdenta. Meginástæðan er sú að fram á síðustu áratugi hafa fatlaðir nemendur við háskólastofnanir verið fáir og flestar rannsóknir hafa hingað til verið smáar í sniðum. Flestar hafa beinst að fáum nemendum, hafa afmarkast við eina skerðingu (svo sem hreyfihömlun, heyrnarskerðingu eða sjónskerðingu) og margar hafa einungis náð til eins háskóla. Slíkar smærri rannsóknir má nú finna frá ýmsum löndum svo sem Bretlandi (Borland og James, 1999), Írlandi (Shevlin, Kenney og McNeela, 2004), Ísrael (Roer-Straier, 2002), Finnlandi (Poussu-Olli, 1999) og Noregi (Magnus, 2006). Einnig er að finna nokkrar umfangsmeiri rannsóknir sem beinst hafa að fleiri en einu landi. Meðal þeirra má nefna viðamikið yfirlit um stöðu og aðstæður fatlaða háskólastúndenta í þremur þýskumælandi löndu Evrópu; Austurríki, Sviss og Þýskalandi (Powell, Felkendroff, Hollenweger, 2006). Þá má nefna rannsókn frá Bretlandi sem fjallar um þróun þátttöku fatlaðra stúdenta í háskóum þar í landi og tengir hana stefnumótun, lagasetningum og þjónustu háskólanna við nemendur (Riddell, Tinklin og Wilson, 2005).

Þrátt fyrir að rannsóknir á þessu sviði séu nýjar og margar hverjar fremur smáar þá eru niðurstöður þeirra nokkuð samhljóða. Má segja að tvö meginatriði séu sameiginleg í niðurstöðum þeirra rannsókna sem fyrir liggja. Í fyrsta lagi þá ber öllum saman um að miðað við fjölda fatlaðra þá séu fatlaðir háskólastúdentar hlutfallslega mjög fáir og því ljóst að þeir skila sér ekki gegnum menntakerfið og inn í háskóla að sama skapi og ófatlaðir nemendur. Í öðru lagi sýna rannsóknir að fötluð ungmenni standa frammi fyrir margs konar hindrunum varðandi aðgengi að háskólanámi. Hér á eftir verður fjallað um þessi tvö atriði og þau tengd aðstæðum í Háskóla Íslands og reynslu hreyfihamlaðra nemenda. Greinin byggir á nokkrum eigindlegum rannsóknum sem beinsta hafa að fötluðum nemendum við Háskóla Íslands og hafa verið framkvæmdar af mér og nemendum mínum yfir um 10 ára tímabil. Fyrsta rannsóknin var gerð árið 1996 og síðan þá hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir sem allar eru smáar í sniðum og hafa falist í viðtölum við

fatlaða stúdenta, einkum hreyfihamlaða og heyrnarskerta. Tvær af þessum rannsóknum hafa birst sem BA ritgerðir (Guðlaugur Eyjólfsson, 2005; Erna Hafnes Magnúsdóttir 2006) og ein var jafnframt unnin sem skýrsla fyrir Ráð um málefni fatlaðra í Háskóla Íslands (Kristjana Mjöll Sigurðardóttir, 2005).

Greinin hefst á umfjöllun um hvernig stefna stjórnvalda, einkum menntastefna og stefna í málefnum fatlaðra, tengist möguleikum fatlaðra til þátttöku í háskólanámi og þjónustu háskóla við nemendur sem þurfa sérúrræði í námi. Sjónum verður meðal annars beint að Háskóla Íslands og reynslu hreyfihamlaðara stúdenta af námi við Háskólann. Reynt verður að varpa ljósi á þá þróun sem hefur átt sér stað það 10 ára tímabil sem rannsóknirnar ná til og sjónum einkum beint að aðgengi að upplýsingum, manngerðu umhverfi og félagslegu samneyti.

Menntastefna og fatlaðir háskólastúdentar

Nemendum í háskólanámi hefur fjölgað mjög hratt undanfarin ár en, eins og að framan greinir, þá sýna rannsóknir að það sama á ekki við ef litið er til fatlaðra háskólanema. Hlutfall fatlaðra einstaklinga sem stundar háskólanám er mun lægra en ætla mætti af fjölda fatlaðs fólks innan samfélagsins (Riddell, Tinklin og Wilson, 2005). Það er því ljóst að fatlaðir nemendur skila sér ekki upp í gegnum menntakerfið og inn í háskóla að sama skapi og ófatlaðir nemendur. Rannsóknir benda til að meginástæðan fyrir þessu sé sú að aðgengi að menntakerfinu hefur ekki verið það sama fyrir fatlaða og ófatlaða nemendur.

Í samanburðarrannsókn sem náði til þriggja þýskumælandi Evrópulanda benda Powell, Felkendroff og Hollenweger (2006) á að lágt hlutfall fatlaðra háskólanemenda megi rekja til menntastefnu þessara landa en í þeim löndum sem rannsóknin tók til hafa flestir fatlaðir nemendur verið aðgreindir frá ófötlunum nemendum og fengið kennslu í sérskólum eða sérdeildum. Höfundar halda því fram að menntun fötluðu nemendanna hafi verið mun lakari en gerist í hinu almenna skólakerfi og því hafi þeir ekki fengið þann undirbúning sem nauðsynlegur er til háskólanáms. Að auki kom fram í rannsókn þeirra að menntaskólar hafi flestir lengi vel verið lokaðir fyrir fötluðum nemendum og því ekki unnt fyrir þá að öðlast tilskilinn undirbúning til háskólanáms (Powell, Felkendroff og Hollenweger, 2006). Í rannsókninni er bent á að Þýskaland og Sviss séu meðal þeirra landa þar sem hlutfall fatlaðra nemenda í sérúrræðum sé hvað hæst og telja höfundar það eina meginskýringu þess hversu fáir háskólanemar eru í viðkomandi löndum.

Í Austurríki fór fötluðum háskólanemendum ekki að fjölga verulega fyrr en fyrsta kynslóð fatlaðra nemenda sem gekk í almennan skóla komst á háskóla-aldur.

Aðrar rannsóknir sýna sömu niðurstöður um tengsl menntastefnu og fjölda fatlaðra háskólastúdenta. Þá kemur fram í rannsókn sem Riddell, Tinklin og Wilson (2005) gerðu á Bretlandseyjum að auk menntastefnu hafði almenn stefna í málefnum fatlaðra mikið að segja um möguleika fatlaðs fólks til aðgengis að æðri menntastofnunum. Rannsókn þeirra sýndi að fötluðum nemendum í háskólum fór ekki að fjölga að marki fyrr en sett hafði verið sérstök löggjöf til að tryggja jafnrétti þeirra til náms og fjármagn til að bæta aðgengi þeirra að háskólum. Rannsóknir benda því til að bein tengsl séu milli fjölda háskólastúdenta og ríkjandi stefnumótunar í málefnum fatlaðs fólks, ekki síst ríkjandi menntastefnu.

Nemendur Háskóla Íslands og sérúrræði í námi

Við Háskóla Íslands er hlutfall nemenda sem þarf sérúrræði í námi rúmlega um 4% af heildarfjölda nemenda og er það svipað hlutfall og kemur fram í erlendum rannsóknum. Hér er þó ekki öll sagan sögð því lang stærsti hluti þessa hóps eru nemendur með dyslexíu sem samkvæmt íslenskum lögum er ekki skilgreind sem fötlun. Næst stærsti hópurinn sem þarfnast sérúrræða í námi við Háskóla Íslands er fólk með sálræn vankvæði og þriðji stærsti hópurinn eru langveikir einstaklingar. Hreyfihamlaðir nemendur, sjónskertir og heyrnarskertir eru hins vegar mjög fáir. Undanfarin ár hefur fjöldi nemenda úr hverjum þessara hópa fyrir sig yfirleitt verið um 0.1% af heildarfjölda nemenda og samtals er hlutfall þeirra því innan við hálft prósent af nemendum HÍ (Guðlaugur Eyjólfsson, 2005).

Nemendum með dyslexíu, sálræn vandkvæði og langveikum nemendum við Háskóla Íslands hefur fjölgað umtalsvert á síðustu árum. En þessir nemendur eru úr hópi þeirra sem hafa verið hluti af hinu almenna skólakerfi. Að auki eru þessir nemendur ekki háðir aðgengi að manngerðu umhverfi Háskóla Íslands. Gera má því skóna að þetta skýri að fjölgun þeirra hefur haldið í við almenna aukningu nemenda innan HÍ. Það vekur hins vegar athygli að fjöldi fatlaðra nemenda (hreyfihamlaðra, sjónskertra og heyrnar-skertra) hefur ekki vaxið að sama skapi heldur hefur fjöldi þessa hóps nokkurn veginn staðið í stað undanfarin ár þótt einhverjar sveiflur hafi orðið í fjölda þeirra frá ári til árs. Ein skýring gæti verið sú að aðgengi að

byggingum HÍ er erfið fyrir hreyfihamlaða nemendur og eins eru fatlaðir nemendur líklegri til að hafa verið í sérúrræðum í námi á lægri skólastigum.

Stefnumótun, aðgengi og þjónusta við fatlaða nemendur

Háskólar víða um heim eru í auknu mæli að móta sér stefnu í málefnum fatlaðra nemenda (Borland og James, 1999; Fuller, Bradley og Mealey, 2004; Riddell, Tinklin og Wilson, 2005). Í sumum löndum hefur réttur til háskólanáms verið hluti af almennum réttindum fatlaðs fólks en nokkur lönd hafa sett sérstaka löggjöf sem bannar að fólki sé mismunað á grundvelli fötlunar. Fyrst landa til að setja heildstæða löggjöf sem bannaði slíka mismunun voru Bandaríkin. Lögin, The Americans with Disabilities Act (ADA), sem sett voru árið 1990 lögðu lagalegan grunn að jafnrétti og aðgengi fatlaðs fólks en lögin banna mismunun á grundvelli fötlunar á öllum sviðum, meðal annars á sviði menntunar og þar eru háskólar meðtaldir (Riddell, Tinklin og Wilson, 2005). Þessi löggjöf hefur orðið fyrirmynd annarra landa og í kjölfarið hafa bæði Ástralía og Bretland sett sér slíka löggjöf gegn mismunun fatlaðs fólks.

Í alþjóðlegu yfirliti yfir aðgengi fatlaðra að háskólanámi og hvaða þjónustu fötluðum háskólanemendum stendur til boða segja Riddell, Tinklin og Wilson (2005) að í þeim þremur löndum sem hafa sett sér löggjöf gegn mismunun sé aðgengið og þjónustan best og fjöldi fatlaðra háskólanemenda mestur. Í kjölfar slíkrar löggjafar hafi háskólar markað sér stefnu í málefnum fatlaðara og byggt upp þjónustu við þá. Í yfirliti þeirra kemur einnig fram að staðan í Evrópulöndum er misjöfn. Flest lönd álfunnar hafa sett sér einhvers konar lög sem tryggja réttindi fatlaðra. Hins vegar eru slík lög víða afmörkuð og ekkert Evrópuland hefur jafn heildstæða löggjöf og Bandaríkin. Riddell, Tinklin og Wilson (2005) telja að þróunin sé greinilega í þá átt að stuðla að aukinni þátttöku fatlaðra nemenda í háskólum og bæta þjónustu við þá.

Háskóli Íslands er einn af þeim skólum sem sett hafa sér stefnu í málefnum fatlaðra. Árið 2002 var samþykkt *Stefna Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra* (Háskóli Íslands, 2002a) og *Reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands* (Háskóli Íslands, 2002b), sem leystu af hólmi eldri reglur. Í framhaldi af hinum nýju reglum var stofnað Ráð um málefni fatlaðra sem starfar innan háskólans og vinnur meðal annars að aukinni þjónustu við fatlaða nemendur og bættu aðgengi. Þá samþykkti Háskólinn *Stefnu gegn mismunun* árið 2005 (Háskóli Íslands, 2005a) en þar er kveðið á um að bannað sé að mismuna fólki innan HÍ á grundvelli ýmissa þátta, meðal annars fötlunar.

Þrátt fyrir þá þróun sem lýst er hér að framan þá sýna rannsóknir að enn skortir víðast hvar mikið á að fatlaðir nemendur fái þá þjónustu sem er nauðsynleg (Holloway, 2001; Hurst 1999; Riddell, 1998; Riddell, Tinklin og Wilson, 2005). Meðal þess sem á skortir er aðgengi að upplýsingum, en í rannsóknum benda fatlaðir einstaklingar á að nauðsynlegt sé að upplýsingar um þjónustu séu aðgengilegar, að auðvelt sé að nálgast þær og að þessar upplýsingar séu gagnlegar. Þá er aðgengi að háskólasvæðum og byggingum oft vandamál en margir háskólar eru í gömlum byggingum sem oft reynist erfitt, kostnaðarsamt og tímafrekt að breyta. Nýjar byggingar geta einnig reynst óaðgengilegar og fatlaðir nemendur eru sjaldnast hafðir með í ráðum þegar byggingar eru hannaðar eða þjónusta skipulögð (Tinklin og Hall, 1999). Einnig hefur komið fram að á skortir að þjónusta, stuðningur og ráðgjöf til fatlaðra nemenda sé nægilega góð (Riddell, Tinklin og Wilson, 2005). Loks má nefna að ýmislegt sem snýr að kennslu og námi fatlaðra nemenda má víðast betur fara, meðal annars aðgengi að og aðstaða í skólastofum, skortur á námsefni á aðgengilegu formi og annað slíkt (Riddell, Tinklin og Wilson, 2005).

Rannsóknir sýna einnig að samskipti milli nemenda og starfsmanna skipti miklu máli fyrir líðan fatlaðra nemenda í skólanum. Til dæmis benda Tinklin og Hall (1999) á að nemendum sem áttu í góðum samskiptum við starfsfólk og kennara gekk betur í námi en þeim sem áttu ekki í góðum samskiptum. Þar sem samskipti gengu best var starfsfólk meðvitað um stefnu skólans, hlutverk sitt og þær vinnureglur sem giltu en það var mikilvægt til að forða misskilningi því oft mátti lítið út af bregða til að fatlaðir einstaklingar gætu ekki stundað nám.

Reynsla hreyfihamlaðra stúdenta við Háskóla Íslands

Hér á eftir eru dregnar fram nokkrar niðurstöður varðandi reynslu fatlaðra nemenda við Háskóla Íslands undanfarið 10 ár. Einungis er fjallað um reynslu hreyfihamlaðra nemenda og sjónum einkum beint að aðgegni þeirra að upplýsingum, manngerðu umhverfi og félagslegu samneyti. Niðurstöður sem varða önnur atriði verða að bíða betri tíma.

Aðgengi að upplýsingum

Áður en fatlaðir nemendur hefja háskólanám þarf í flestum tilvikum að huga að aðgengi og skipulegga fyrirfram sérúrræði og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að nemandinn geti stundað námið. Hreyfihamlaðir nemendur

geta ekki gefið sér fyrirfram að þeir eigi sjálfkrafa aðgang heldur þurfa þeir að kanna hvaða aðstaða er fyrir hendi í viðkomandi skóla og meta möguleika sína á að geta stundað þar nám. Erlendar rannsóknir sýna að það er afar mikilvægt fyrir fatlaða nemendur að upplýsingar um þjónustu og úrræði séu aðgengilegar og ljóst sé hvert þeir geti leitað til að fá þá þjónustu sem þeir þarfnast (Riddell, Tinklin og Wilson, 2005; Wilson, 2004).

Þetta sama hefur komið í ljós í rannsóknum á reynslu hreyfihamlaðra nemenda af námi við Háskóla Íslands. Þátttakendur lögðu allir áherslu á mikilvægi þess að hafa aðgengi að upplýsingum um þau úrræði sem í boði væru og hvaða rétt þau hefðu til þjónustu og stuðnings. Hreyfihamlaðir nemendur sem stunduðu nám á fyrri hluta þess tíma sem rannsóknir okkar ná til kvörtuðu undan því að erfitt hafi verið að fá aðgang að upplýsingum um sérúrræði og þjónustu.

Í viðtölum við hreyfihamlaða nemendur sem hófu nám eftir árið 2000 kveður hins vegar við annan tón. Flestir sem hefja nám eftir þann tíma telja að upplýsingar um aðstæður og þjónustu hafi verið nokkuð góðar og að ljóst sé hvaða þjónusta sér í boði og hvert skuli leitað eftir henni. Þetta má meðal annars rekja til þess að á vef Háskóla Íslands er að finna upplýsingar fyrir nemendur sem þurfa sérúrræði í námi og sérstakt átak hefur verið gert til að gera vefinn aðgengilegan öllum. Jafnframt hefur HÍ gefið út kynningarefni sem ætlað er þessum hópi, meðal annars bæklinginn *Háskóli fyrir alla: Aðgengi og úrræði við Háskóla Íslands* (Háskóli Íslands, 2005b). Þá hefur starfsemi Námsráðgjafar HÍ hefur verið efld en Námsráðgjöf annast þjónustu við nemendur sem þarfnast sérúrræða. Þessi vinna Háskólans virðist hafa skilað sér og í viðtölum við hreyfihamlaða nemendur ber nú lítið á kvörtunum um skort á upplýsingum.

Aðgengi að manngerðu umhverfi

Rannsóknir síðustu ára sýna að aðengi að manngerðu umhverfi háskóla hefur almennt batnað (Borland og James, 1999; Chard og Couch, 1998; Riddell, Tinklin og Wilson, 2005; Tinklin og Hall, 1999). Sömu rannsóknir sýna jafnframt að þrátt fyrir framþróun vantar víða mikið upp á að aðgengi fyrir hreyfihamlaða nemendur sé viðunandi. Þetta sama kom í ljóst í rannsókn okkar á reynslu hreyfihamlaðra nemenda við Háksóla Íslands. Þrátt fyrir að aðgengi hafi batnað þá var þetta það atriði sem allir hreyfihamlaðir nemendur kvörtuðu yfir. Meðal þess sem kvartað var yfir voru bílastæði, skábrautir, lyftur, hurðir og aðgengi að mikilvægum stöðum svo sem salernum og kaffistofum. Mun ég nú gera stuttlega grein fyrir nokkrum þessara atriða eins og þau blöstu við hreyfihömluðum nemendum.

Bílastæði fyrir fatlaða eru ekki nægilega mörg, sérstaklega fyrir utan byggingar sem eru aðgengilegar fyrir hreyfihamlaða svo sem Odda, en þar er erfitt að koma fyrir fleirum en einum bíl á sérmerktu stæði. Dæmi voru um að hreyfihamlaðir nemendur hefðu orðið frá að hverfa og ekki komist í tíma vegna þess að ekki var laust bílastæði. Meðal annars kæmi fyrir að ófatlaðir legðu í stæði ætluð fötluðum. Þá bendu viðmælendur á að þegar snjóaði væru bílastæðin illa skafin og erfitt að komast um þau í hjólastól.

Skábrautir á háskólasvæðinu, bæði innan og utan dyra, standast fæstar viðurkennda staðla því flestar eru of brattar og nokkrar eru hættulegar fyrir fólk í hjólastólum. Nemendur í hjólastólum eiga því erfitt með að nota þessar skábrautir hjálparlaust og sumar eru algerlega ónothæfar þrátt fyrir að fólk fái aðstoð. Ljóst er að þetta gerir hreyfihömluðum nemendum erfitt að komast um háskólasvæðið og byggingar þess.

Lyftur í byggingum HÍ sem flytja fólk á milli hæða eru sumar svo þröngar að þær rúma ekki stóra hjólastóla. Nemendur sem nota litla hjólastóla eiga einnig erfitt með að komast inn í lyfturnar ásamt aðstoðarmanni vegna þrengsla. Lyftur sem eru innanhúss og eiga að flytja fólk í hjólastólum milli „palla" í húsum, svo sem lyftur í anddyri Aðalbyggingar eru oftar en ekki bilaðar eða virka ekki af einhverjum ástæðum og koma því ekki að tilætluðum notum fyrir hreyfihamalað nemendur.

Hurðir. Þungar hurðir valda hreyfihömluðum nemendum oft miklum erfiðleikum. Innan Háskólans hefur verið gert átak í að setja rafmagnsopnun á hurðir þannig að þær opnist sjálfkrafa þegar fólk nálgast þær eða að unnt er að ýta á sjálfvirkan opnara. Þetta hefur verið til mikilla bóta fyrir hreyfihamlaða nemendur. Aðaldyr Aðalbyggingar voru sérstaklega nefndar sem ákaflega erfið og hættuleg viðureignar.

Kennslustofur. Aðstaða fyrir fólk í hjólastólum er víða ófullnægjandi í kennslustofum HÍ. Sumar kennslustofur hafa fasta stóla og borð og rými fyrir hjólastóla þar er lítið og yfirleitt einungis aftast í kennslustofum þar sem nemandinn er fjarri kennaranum, töflunni og tjaldinu þar sem fyrirlestragærur eru sýndar. Hreyfihamlaðir nemendur kvörtuðu yfir því að þessi staðsetning gerði þeim erfitt fyrir að sjá á töfluna og heyra í kennaranum. Í þessum stofum eru yfirleitt engin borð sem hreyfihamlaðir geta setið við.

Kaffistofur. Aðgengi að matsölu og kaffistofum skiptir hreyfihamlaða ekki síður máli en aðra. Hreyfihamlaðir nemendur sem stunda nám í Aðalbyggingunni bentu á að þeir komist ekki í kaffistofu hússins og verði að biðja aðra að kaupa hressingu fyrir sig eða vera án hennar. Kaffistofan í Odda er heldur ekki aðgengileg nema með því að nota eina af hinum bröttu skábrautum sem flestir hjólastólanotendur ráða ekki við upp á eigin spýtur.

Salerni. Það gefur auga leið að erfitt er að stunda nám í byggingum þar sem ekki er unnt að komast á salerni. Undanfarin ár hefur verið gert átak í að fjölga salernum fyrir fatlaða en elstu nemendurnir í rannsókninni kvörtuðu yfir því að í sumum byggingum hefði ekki verið neitt salerni sem þau gátu notað. Það á þó enn við að sums staðar þarf að fara upp erfiðar skábrautir til að komast á salerni.

Námsráðgjöf og nemendakrá eru lykilstaðir fyrir nemendur HÍ, þetta á ekki síst við um námsráðgjöfina sem sinnir þjónustu við nemendur sem þarfnast sérúrræða í námi. Námsráðgjöf var um tíma staðsett í kjallara Aðalbyggingarinnar sem er óaðgengilegur fyrir hreyfihamlaða. Það sama á við um nemendaskrá sem var óaðgengileg hreyfihömluðum um tíma og því gátu þeir ekki skráð sig í námskeið án aðstoðar. Báðar þessar þjónustustofnanir HÍ eru nú komnar í aðgengilegt húsnæði.

Það er ljóst að margt hefur verið gert innan HÍ til að lagfæra aðgengi að háskólasvæðinu og byggingum þess. En það gengur seint með úrbætur á ýmsum byggingum. Þetta stafar meðal annars af því að Aðalbyggingin er gömul og friðuð bygging sem ekki er unnt að breyta nema með samþykki utanaðkomandi aðila. Þá eru breytingar á gömlu húsnæði afar kostnaðarsamar og HÍ hefur haft úr takmörkuðu fé að spila til að fjármagna slíkar breytingar.

Félagslegt aðgengi

Í viðtölum við hreyfihamlaða nemendur kom í ljós að aðgengi að hinu félagslega umhverfi HÍ var ekki síður mikilvægt en aðgengi að byggingum. Í upphafi rannsókna okkar og fram undir 2000 bar á því að hreyfihamlaðir nemendur kvörtuðu yfir félagslegri einangrun. Mörgum þeirra fannst þau vera utanvið hópinn og kvörtuðu undan því að samnemendur þeirra hefðu ekki samskipti við þau. Þeim fannst eins og aðrir nemendur og starfsmenn vissu ekki hvernig ætti að koma fram við þau. Þrátt fyrir að aðgengi að byggingum væri þeim erfitt þá þótti þeim þungbærara að takast á við að vera félagslega einangruð og einmana í skólanum. Sumt af því fólk sem tók þátt í rannsókninni á fyrstu árum hennar hafði hætt í námi við HÍ og nefndi félagslega einangrun sem eina af ástæðum þess.

Seinni ár hefur ekki borið á því að þátttakendur í rannsókninni kvarti yfir félagslegri einangrun. Þvert á móti telja flestir hreyfihamlaðir nemendur sig vera tiltölulega vel setta félagslega og eiga góð samskipti við aðra nemendur, kennara og starfsfólk HÍ. Hér hefur því orðið jákvæð þróun í daglegu lífi og samskiptum innan HÍ og margir þátttakendur í rannsókninni nefna sérstaklega að þeim þætti andrúmsloftið innan HÍ vinsamlegt í sinn garð.

Þátttakendur nefndu sérstaklega jákvætt viðmót námsráðgjafar og góð samskipti við starfsmenn hennar.

Félagslífið er mikilvægur þáttur í lífi margra stúdenta og félög nemenda skipuleggja ýmsar uppákomur, ferðir og aðra atburði. Hreyfihamlaðir nemendur kvörtuðu yfir því að ekki væri hugsað fyrir þeirra þörfum og þeim væri oft ómögulegt að komast á dansleiki í óaðgengilegum húsum eða í svokallaðar vísindaferðir í óaðgengilegum rútum. Félagið Fortúna var stofnað árið 2004 en það er félag sem lætur sig hagsmuni fatlaðra stúdenta við HÍ varða. Fulltrúi nemenda í Ráði um málefni fatlaðra hefur komið úr röðum Fortúnu eftir að félagið var stofnað. Fortúna hefur meðal annars staðið fyrir vísindaferðum fyrir sína félagsmenn og þrátt fyrir ánægju með það framtak hafa hreyfihamlaðir nemendur bent á að þeim finnist mikilvægt að geta tekið þátt í félagslífi með ófötluðum nemendum.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið fjallað um nokkur atriði er varða fatlaða háskólastúdenta. Gerð var stuttlega grein fyrir alþjóðlegum rannsóknum á þessum hópi nemenda og sagt frá nokkrum niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið meðal fatlaðra nemenda í Háskóla Íslands á tíu ára tímabili (1996-2006). Ljóst er að stefna stjórnvalda í menntamálum og í málefnum fatlaðs fólks ræður mestu um möguleika fatlaðra til þátttöku í háskólanámi. Þá hefur stefna háskólastofnana og þjónusta þeirra við fatlaða nemendur afgerandi áhrif. Ef litið er til þess tíu ára tímabils sem rannsóknir á fötluðum nemenum í Háskóla Íslands ná yfir má greinilega sjá að þróunin hefur verið í þá átt að auðvelda aðgengi og bæta þjónustu við þennan hóp nemenda. Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun er ljóst að enn eru hindranir í vegi falaðra stúdenta, einkum hvað varðar aðgengi að manngerðu umhverfi Háskólans.

Heimildir

Erna Hafnes Magnúsdóttir (2006). *Reynsla fatlaðra nemenda af námi í Háskóli Íslands*. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild. Óbirt BA ritgerð.

Borland, J. og James, S. (1999). The learning experience of students with disabilities in higher education: A case study of a UK university. *Disability & Society, 14,* 85-101.

Chard, G. og Couch, R. (1998). Access to higher education for disabled students: A building survey at the University of Liverpool. *Disability & Society, 13*, 603-623.

Fuller, M., Bradley, A. og Mealey, M. (2004). Incorporating disabled students within an inclusive higher education environment. *Disability & Society, 19,* 455-468.

Guðlaugur Ejólfsson (2005). *Hreyfihamlaðir og Háskóli Íslands.* Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild. Óbirt BA ritgerð.

Háskóli Íslands (2002a). *Stefna Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra.* Sótt 28. ágúst, 2006 af http://www.raunvisindi.hi.is/id/1005376

Háskóli Íslands (2002b). *Reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands nr. 497.* Sótt 28. ágúst, 2006 af http://www2.hi.is/id/1005397

Háskóli Íslands (2005a). *Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun.* Reykjavík: Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands

Háskóli Íslands (2005b). *Háskólanám fyrir alla: Aðgengi og úrræði við Háskóla Íslands.* Reykjavík: Ráð um málefni fatlaðra í Háskóla Íslands

Holloway, S. (2001). The experience of higher education from the perspective of disabled students. *Disability & Society, 16,* 597-615

Hurst, A. (1999). The Dearing report and students with disabilities and learning difficulties. *Disability & Society, 14,* 65-83.

Kristjana M. Sigurðardóttir (2005). *Háskólanám án heyrnar.* Óbirt skýrsla unnin fyrir Ráð um málefni fatlaðra við Háskóla Íslands.

Magnus, E. (2006). *Disability and higher education: What are the barriers to participation?* Erindi flutt á ráðstefnu Breskra fötlunarfræðinga, Disability Studies Association, í Lancaster 19. september, 2006.

Poussu-Olli, H.S. (1999). To be a disabled university student in Finland. *Disability & Society*, 14, 103-113.

Powell, J. J. W., Felkendorff, K. og Hollenweger, J. (væntanleg 2006). Disability in the German, Swiss, and Austrian higher education systems. Í S. Gabel, S. Danforth, o.fl. (ritstj.), *International handbook of disability studies in education, Volume I.* New York: Peter Lang.

Riddell, S. (1998). Chipping away at the mountain: Disabled students' experience of higher education. *International Studies in Sociology of Education, 8*, 203-222

Riddell, S., Tinklin, T. og Wilson, A. (2005). *Disabled students in higher education: Perspectives on widening access and changing policy.* Routledge: London.

Roer-Strier, D. (2002). University students with learning disabilities advocating for change. *Disability and Rehabilitation, 24*, 914-924.

Shevlin, M., Kenney, M. og McNeela, E. (2004). Participation in higher education for students with disabilities: An Irish perspective. *Disability & Society, 19*, 15-30.

Tinklin, T. og Hall, J. (1999). Getting round obstacles: Disabled students' experiences in higher education in Scotland. *Studies in Higher Education, 24*, 183-195.

Wilson, L. M. (2004). Towards equality: The voices of young disabled people in Disability Rights Commission research. *Support for Learning, 1*(4), 162-168.

Þátttaka í ljósi kennisetninga um heilbrigði og fötlun

Snæfríður Þóra Egilson

Hugtakið þátttaka er mikið notað í skrifum um heilbrigði og fötlun. Hins vegar eru mismunandi skilgreiningar hugtaksins við lýði. Flestar fela í sér hlutdeild eða aðild að tilteknum aðstæðum en oft er óljóst hvað í þessari hlutdeild felst. Þessi grein fjallar um þátttökuhugtakið í ljósi rannsóknar höfundar á þátttöku íslenskra nemenda með hreyfihömlun í skólastarfi (Snæfríður Þóra Egilson, 2005). Niðurstöður rannsóknarinnar verða meðal annars bornar saman við félagsleg sjónarhorn á þátttöku og fötlun og þátttökuhugtak flokkunarkerfis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um færni, fötlun og heilsu (International Classification of Functioning, Disability and Health - ICF) (World Health Organization, 2001). Margt bendir til að kerfið muni ávinna sér sess sem hugmyndafræðilegur grunnur fyrir skilgreiningu og viðmið á heilbrigði og fötlun í heilbrigðis- og samfélagsþjónustu. Jafnframt verður litið til umræðu og gagnrýni fagfólks og fræðimanna á þátttökuhugtak ICF og tekin dæmi um hugmyndafræðilega og siðferðilega þætti er málinu tengjast.

Kynning á rannsókn

Rannsóknin *Þátttaka íslenskra nemenda með hreyfihömlun í skólastarfi* (Snæfríður Þóra Egilson, 2005) var unnin í anda helstu fræðilegra kennisetninga sem hafa áhrif á skilning fólks á heilsu og fötlun. Flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 'International Classification of Functioning, Disability and Health' (ICF) (World Health Organization, 2001) var meðal annars haft til hliðsjónar. Niðurstöður rannsóknarinnar voru einnig skoðaðar í ljósi félagslegra sjónarhorna á fötlun, það er breska félagslega líkansins um fötlun (Barnes, Oliver og Barton, 2002) og norræna tengslalíkansins (Gustavsson, Tøssebro og Traustadóttir, 2005; Tøssebro, 2004). Rannsóknin var unnin samkvæmt eigindlegri hefð en byggði að auki á megindlegum

gögnum. Alls tóku 49 einstaklingar þátt í eigindlega hluta rannsóknarinnar; 14 nemendur með hreyfihömlun (lykilþátttakendur) í 1.-7. bekk grunnskóla, 17 foreldrar og 18 kennarar. Gögnum var safnað á árunum 1999-2003 með opnum viðtölum og þátttökuathugunum í skólum víðs vegar um landið. Gagnagreining byggði að mestu á aðferðum grundaðrar kenningar (Strauss og Corbin, 1998). Í megindlega hluta rannsóknarinnar var þátttaka og frammistaða 32 nemenda með hreyfihömlun metin samkvæmt matstækinu Skóla-Færni-Athugun (SFA) (Coster, Deeney, Haltiwanger og Haley, 1998). Niðurstöður leiddu í ljós mismunandi þátttöku nemenda eftir aðstæðum og höfðu aðstæður veruleg áhrif á möguleika þeirra til virkrar þátttöku. Fjölmargir þættir í skólaumhverfinu höfðu afgerandi áhrif, svo sem almennt aðgengi, menning, viðhorf og væntingar innan skólans. Viðfangsefni skólans gerðu ólíkar kröfur til barnanna og loks skiptu þættir í fari þeirra sjálfra, svo sem viljastyrkur, áhugi, seigla og félagsfærni miklu um þátttöku þeirra og virkni við mismunandi aðstæður. Oftast var um að ræða samspil ólíkra þátta sem ýmist stuðlaði að eða torveldaði þátttöku barnanna í skólanum og var breytilegt hvað vóg þyngst hverju sinni.

Það var athyglisvert hve þátttakendur í rannsókninni lögðu mismunandi skilning í þátttökuhugtakið. Nemendur og foreldrar lögðu almennt áherslu á huglæga upplifun og félagstengsl en kennarar beindu frekar sjónum að því að barnið fylgdi viðfangsefnum og rútínu bekkjarins. Niðurstöður leiddu í ljós þrjú meginskilyrði til að nemendur gætu tekið þátt við mismunandi aðstæður skóla: 1) Að nemendur væru á staðnum, 2) að þau tækju þátt í þeim viðfangsefnum sem einkenna aðstæður á hverjum stað, og 3) að nemendur og aðrir sem gegndu lykilhlutverki, svo sem bekkjarfélagar, starfsfólk skóla og foreldrar, væru ánægð með frammistöðu nemenda og hlutdeild þeirra. Í lok greinarinnar verður vikið frekar að þessum mismunandi skilningi þátttakenda í ljósi ólíkra kennisetninga um fötlun.

Að taka þátt eða ekki

Hugtakið *þátttaka* er upprunnið hjá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks og tengist meðal annars mannréttindum, félagslegri stefnumótun og upplifun fólks af eigin færni (Rioux, 2002; Ueda og Okawa, 2003; Gustavsson, 2004). Það er því mikið notað innan fötlunarfræðinnar. Jafnframt er hugtakið notað í auknum mæli í heilbrigðis- og félagsvísindum, ekki síst í kjölfar útgáfu Flokkunarkerfis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, International Classification of Functioning, Disability and Health - ICF (World Health

Organization, 2001). Verið er að þýða ICF yfir á íslensku á vegum Landlæknisembættisins (Landlæknisembættið, 2006) og ráðgert að innleiða það í heilbrigðisþjónustunni hér á landi.

Eins og áður segir endurspeglar umfjöllun fræðimanna um þátttöku mismunandi sýn, áherslu og skilning á hugtakinu. Þótt það sé mikið notað er það sjaldnast vel skilgreint og því ekki ætíð ljóst við hvað er átt. Sumir virðast leggja megináherslu á dæmigerða framkvæmd daglegra athafna, þ.e. það sem fólk tekur sér alla jafna fyrir hendur (World Health Organization, 2001). Aðrir telja að huglæg upplifun af þátttöku og ánægja fólks með virkni sína og hlutdeild skipti mestu (Ueda og Okawa, 2003). Því er samanburður oft og tíðum erfiður. Brýnt er að kanna vel hvaða skilning höfundar leggja í þátttökuhugtakið hverju sinni, jafnframt því að skoða tengsl þess við önnur mikilvæg hugtök fötlunarfræðinnar.

Félagsleg sjónarhorn á þátttöku og fötlun

Breska félagslega líkanið um fötlun leggur megináherslu á fulla samfélagsþátttöku fatlaðs fólks. Það beinir sjónum að þeim efnislegu, félagslegu og menningarlegu hindrunum sem takmarka tækifæri fólks sem býr við skerðingu til að taka virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra (Barnes, Oliver og Barton, 2002; Barnes og Mercer, 2003). Samkvæmt líkaninu vísar hugtakið fötlun meðal annars til félagslegrar undirokunar, misréttis og skertrar þátttöku. Ekki er að finna formlega skilgreiningu á því hvað felst í virkri þátttöku í skrifum forsvarsmanna líkansins. Þeir horfa fyrst og fremst til ytri þátta, svo sem möguleika fatlaðs fólks til sjálfstæðrar búsetu, menntunar, boðskipta, aðgengis að svæðum og byggingum og almennra mannréttinda. Stöku kenningasmiðir beina þó sjónum að huglægri upplifun fatlaðs fólks af þátttöku, færni og fötlun og ber meira á slíkum skrifum hin síðari ár (Thomas, 1999, 2002), ekki síst í kjölfar gagnrýni sem komið hefur fram á ofuráherslu líkansins á umhverfisþætti.

Í norræna tengslalíkaninu er þátttaka einnig lykilhugtak og meðal forsvarsmanna þess hefur um hríð verið lífleg umræða um samfélagsþátttöku. Umræðan byggir meðal annars á grundvallarhugmyndum um jafnræði en Norðurlöndin hafa lagt meiri áherslu borgaraleg réttindi fyrir alla og velferðarmál en mörg önnur lönd og þar með stuðlað að aukinni þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu (Traustadóttir og Kristiansen, 2004). Norrænir fræðimenn hafa ritað greinar og bækur þar sem þátttaka er í brennidepli og velt er upp ýmsum hliðum sem hugtakinu tengjast (Gustavsson, 2004;

Granlund og Björck-Åkesson, 2005; Larsson, 2004; Nordenfelt, 2003, 2004). Umræðan hefur að miklu leyti verið tengd skólamálum og jafnrétti til náms (Eriksson og Granlund, 2004a, 2004b; Janson, 2004; Tetler, 2005). Af fræðiskrifum má ráða hve mismunandi skilning fólk leggur í hugtakið. Granlund og Björck-Åkesson (2005) ganga lengst í að skoða og skilgreina hvað í virkri þátttöku felst og leggja áherslu á að þátttaka sé aðstæðubundið og breytilegt fyrirbæri. Þau telja að hugsmíðin feli í sér fjóra þætti: 1) áhugahvöt og upplifun af hlutdeild, 2) atferli og virkni, 3) upplýsingar um möguleika og aðgengi að hópum og svæðum (*niches*) og 4) forsendur og tækifæri í umhverfinu. Þessir þættir tengjast í tíma og rúmi og höfundar telja brýnt að líta til fortíðar og framtíðar einstaklings þótt megináhersla sé á þátttöku hans hér og nú.

ICF – Alþjóðlega flokkunarkerfið um færni, fötlun og heilsu

Þátttaka er eitt af lykilhugtökum Alþjóðlega flokkunarkerfisins um færni, fötlun og heilsu (International Classification of Function, Disabilities and Health – ICF) (World Health Organization, 2001), sem beinir sjónum að samspili heilsufars, færni og aðstæðna. ICF er arftaki eldra kerfis International Classification of Impairment, Disability and Handicap – ICIDH (World Health Organization, 1980) sem var mjög umdeilt. Þar var orsök fötlunar rakin beint til einstaklingsins sjálfs án tillits til efnislegra eða félagslegra aðstæðna (Barnes, Mercer og Shakespeare, 1999; Imrie, 2004; Hurst, 2003). Í ICF er stefnt er að því að breyta þeim hugsunarhætti að fötlun hefjist þar sem heilsu lýkur. Sem flokkunarkerfi hefur ICF þann tilgang að flokka og skrá heilsutengda þætti í einstaklings- eða samfélagslegu samhengi. Auk þess er kerfið ætlað sem verkfæri í stefnumótunarvinnu, við skipulag þjónustu, rannsóknir og menntun (Rosenbaum og Stewart, 2004; World Health Organization, 2001). (Sjá mynd 1).

Færni er lykilhugtak ICF líkansins og birtist hún í þremur mismunandi víddum sem líkamsstarfsemi/líkamsbygging, athafnir og þátttaka. Líkamsstarfsemi vísar til líffræðilegrar og sálrænnar starfsemi líkamshluta og líkamskerfa og líkamsbygging til einstakra líkamshluta. Athafnir eru framkvæmdir verka og þátttaka skilgreind sem hlutdeild í fjölbreytilegum lífsaðstæðum (World Health Organization, 2001). Fötlun er tákn fyrir neikvæða útkomu og skilgreind sem afrakstur ófullkominnar samsvörunar en ekki bein afleiðing af röskun á heilsu. Alls eru um 1500 hugtök flokkuð og kóðuð í ICF. Þau eru aðgerðabundin með notkun svokallaðra skýrivísa

(*qualifiers*) og færni eða fötlun skráð með því að bæta skýrivísi við viðeigandi kóð. Eingöngu eru kóðaðir þættir þar sem skortir á dæmigerða getu eða frammistöðu og ekki lagt mat á styrkleika fólks. Nánar er greint frá uppbyggingu og áherslum ICF í grein Snæfríðar Þóru Egilson og Guðrúnar Pálmadóttur (2006).



Mynd 1. Hugmyndafræðileg tengsl grunnhugtaka í ICF (World Health Organization, 2001)

Töluverðar vonir eru bundnar við ICF líkanið og almennt talið að það muni ná útbreiðslu innan heilbrigðiskerfisins. Margir hafa lýst ánægju með hugmyndafræði líkansins þótt bent hafi verið á ýmsa annmarka (Rosenbaum og Stewart, 2004; Hemmingsson og Jonsson, 2005; Hurst, 2003; Wade og Halligan, 2003). Meiri efasemdir eru hins vegar um flokkunarkerfið og aðgerðabindingu þess (Stucki o.fl., 2003; Wade og Halligan, 2003).

Gagnrýni á þátttökuhugtak ICF

Þótt ICF hafi víða verið vel tekið hafa fræðimenn bent á þörf fyrir nánari skilgreiningar meginhugtaka og skýrari tengingu þeirra við flokkunar- og

kóðunarkerfið sem aðgerðabindur þau (Hemmingsson og Jonsson, 2005; Imrie, 2004; Nordenfelt, 2004). Þetta á ekki síst við um þátttökuhugtakið. Þótt hugmyndafræðilega sé greint á milli þátttöku og athafna er þátttaka kóðuð og metin sem aðild að athöfnum, þ.e. hvort og hvernig fólk tekst á við daglegar athafnir. Þar er miðað við þær dæmigerðu athafnir sem fólk sinnir yfirleitt og gengið út frá því að fólk vilji bæði framkvæma þær og gera það á tiltekinn hátt. Athafnir og þátttaka í ICF eru því skilgreind út frá því sem fólk gerir þótt það sé hugsanlega ekki það sem fólk óskar sér eða vill helst. Ekki er heldur gert ráð fyrir að einstaklingur taki þátt nema hann framkvæmi athafnirnar sjálfur. Bent hefur verið á að þátttaka felur í sér sjálfræði og það að hafa stjórn á eigin lífi þótt einhver annar vinni verkin. Framkvæmd er því tæpast rétt mælistika á þátttöku því hægt er að taka virkan þátt án þess að framkvæma verkin sjálfur. Með þessari aðgerðabindingu gerir flokkunarkerfið ráð fyrir að erfiðleikar fólks við ýmis viðfangsefni leiði óhjákvæmilega til takmörkunar á þátttöku (Björck-Åkesson og Granlund, 2004; Hemmingsson og Jonsson, 2005; Perenboom og Chorus, 2003).

Sænski heimspekingurinn Nordenfelt (2003, 2004) bendir einnig á að ICF horfi nær einungis til getu fólks og þeirra tækifæra sem umhverfið veitir. Geta og tækifæri kunna að vera nauðsynleg, en eru þó engan veginn nægjanleg þar eð framkvæmd athafna er ætíð háð áhuga og vilja hvers og eins. Eins og Nordenfelt segir „til að einstaklingur nái að framkvæma þarf hann að ætla sér það og hafa viljann til þess“ (Nordenfelt, 2003, bls. 1079). Þannig horfir kerfið fram hjá möguleikum fólks til að hafa áhrif á eigið líf og taka sjálfstæðar ákvarðanir (Hemmingsson og Jonsson, 2005; Wade og Halligan, 2003).

Loks má nefna að ICF metur ekki ánægju fólks með eigin þátttöku, sjálfræði og sjálfstæði (Hemmingsson og Jonsson, 2005; Ueda og Okawa, 2003; Wade og Halligan, 2003). Öll stig flokkunarkerfisins tengjast hinni hlutlægu (*objective*) vídd mannlegs lífs en huglæga (*subjective*) víddin er vart til staðar. Ueda og Okawa (2003) leggja til að bætt verði huglægri vídd í líkanið, sem sé í gagnvirkum tengslum við hlutlægu víddina sem fyrir er. Í sama streng taka Wade og Halligan (2003) sem leggja til útvíkkun á ICF kerfinu sem spanni meðal annars ánægju fólks með hlutverk sín og lífshamingju. Þeir vilja einnig bæta við tímatengdum þáttum, svo sem að litið sé til fortíðar og framtíðar einstaklingsins en ekki eingöngu stöðu hans hér og nú. Aðstæður, þ.e. einstaklingsþættir og umhverfi, eru lítt skilgreindar í ICF. Wang, Badley og Gignac (2006) benda á að aðstæður fatlaðs fólks skipti oft sköpum um þátttöku þess og virkni. Jafnframt sé mikilvægt að huga samtímis að samspili ýmissa þátta þegar þátttaka er annars vegar.

Þátttaka nemenda í ljósi mismunandi kennisetninga

Eins og fram kom í upphafi var rannsóknin um þátttöku nemenda með hreyfihömlun í skólastarfi unnin með ICF í huga og voru niðurstöður bornar saman við meginhugtök líkansins (Snæfríður Þóra Egilson, 2005). Þær benda til þess að aðgerðabinding ICF heimfæri takmarkaða þátttöku nemenda um of á skerðingu þeirra á meðan aðrir þættir ráða oft úrslitum um þátttöku þeirra í skólanum, sér í lagi hið flókna samspil nemanda, umhverfis og viðfangsefna sem áður er lýst. ICF náði heldur ekki að fanga þá huglægu upplifun sem skipti þátttakendur miklu við mat á hlutdeild og virkni. Ýmsir nemendur í rannsókninni töldu sig til dæmis fullgilda þátttakendur í bekkjarstarfi þótt þeir tækjust ekki á við viðfangsefni bekkjarins á hefðbundinn hátt, heldur fengju aðstoð við ýmis verkefni eða sinntu sérverkefnum. Bekkjarfélagar þeirra, foreldrar og kennarar voru oft sömu skoðunar. Í ICF er þátttaka hins vegar skilgreind út frá dæmigerðri framkvæmd viðfangsefna en ánægja fólks með eigin hlutdeild og upplifun þess af sjálfræði og sjálfstæði er ekki metin (World Health Organization, 2001). Einnig virðir ICF hvorki né viðurkenni hin flóknu áhrif umhverfis á þátttöku og þá staðreynd að tilteknir þættir geta samtímis eflt og torveldað þátttöku. Dæmi um það er aðstoð stuðningsfulltrúa í skólum sem getur auðveldað þátttöku nemenda í viðfangsefnum skóla en dregur stundum úr möguleikum þeirra á að taka virkan þátt og nýta styrkleika sína sem skyldi (Snæfríður Þóra Egilson, 2005, 2006). Endurtekning eða tvískráning þátta sem hvort tveggja styrkur og vandi er hins vegar ekki möguleg. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður Hemmingsson og félaga (Hemmingsson, Borell og Gustavsson, 2003; Hemmingsson og Jonsson, 2005) á stuðningi við nemendur með hreyfihömlun. Þess ber að geta að innan ICF eru eingöngu kóðaðir 'neikvæðir þættir' og ekki lagt mat á styrkleika fólks og það sem vel gengur (Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir, 2006). ICF dugar því skammt til að draga fram styrkleika sem mætti nýta til að vega upp á móti skerðingu nemenda og stuðla þar með að aukinni þátttöku þeirra í námi og starfi. Loks er umhugsunarvert að ICF horfir eingöngu á færni og þátttöku við núverandi aðstæður. Upplifun af þátttöku hlýtur ætíð að tengjast reynslu fólks, mati þess á núverandi stöðu mála og á þátttökumöguleikum í framtíðinni. Rannsóknin *Þátttaka íslenskra nemenda með hreyfihömlun í skólastarfi* leiddi í ljós að víða var hugað vel að stöðu nemenda hér og nú en mun minna að undirbúningi framtíðarinnar, svo sem því að skilgreina úrræði og leiðir til að stuðla að þroska og vellíðan og að tryggja þátttöku í námi, leik og starfi næstu árin.

Niðurstöður rannsóknar minnar voru ekki heldur í samræmi við megináherslur breskra fötlunarfræðinga um að fólk sé fyrst og fremst fatlað af umhverfinu (Barnes, Oliver og Barton, 2002). Þótt umhverfið hafi haft mikil áhrif á þátttöku nemenda þá vógu aðrir þættir einnig þungt. Tækifæri til þátttöku voru nauðsynleg en langt í frá nægjanleg, þar eð þættir í fari nemenda höfðu áhrif á hvort og hvernig þau nýttust. Þessir þættir, svo sem aldur, hreyfifærni, áhugahvöt, félagsfærni og seigla, höfðu einnig veruleg áhrif á val og möguleika á aðlögun umhverfis hverju sinni. Þess ber reyndar að geta að forsvarsmenn breska félagslega líkansins hafa lítið fjallað um fötluð börn. Með nokkrum mikilvægum undantekningum (Priestley 2003; Priestley, Corker og Watson, 1999; Robinson og Stalker, 1998) hafa þeir ekki beint sjónum að mikilvægi þátttöku fyrir þroska, lífsgæði og vellíðan barna sem alast upp með skerðingu.

Í niðurstöðum rannsóknar minnar var mun meiri samhljómur við norræna tengslalíkanið sem leggur áherslu á samsvörun einstaklings og umhverfis og að þátttaka og fötlun sé bæði aðstæðubundin og afstæð (Gustavsson, 2004; Gustavsson, Tøssebro og Traustadóttir, 2005; Traustadóttir og Kristiansen, 2004; Tøssebro, 2004). Þess ber þó að geta að norræna tengslalíkanið er fyrst og fremst hugmyndafræðilegt og þar er fjallað um þátttöku á mjög mismunandi vegu. Við skoðun og samanburð á hugmyndafræði ICF-líkansins og norræna tengslalíkansins kemur í ljós töluverð samsvörun. Aðgerðabinding ICF er hins vegar fjarri grunnhugmyndum flestra norrænna fræðimanna um fötlun.

Lokaorð

Af framansögðu er ljóst að þátttaka er flókið og margþætt fyrirbæri og að ICF líkan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar nær vart að endurspegla þátttöku í raun. Til dæmis gerir flokkunarkerfið einungis ráð fyrir að gögnum sé safnað á hlutlægan hátt, svo sem með áhorfi og matslistum. Það útilokar að hægt sé að líta á þátttöku sem huglægt fyrirbæri, háð vilja og áhugahvöt hvers og eins. Huglægar upplýsingar eins og eigindlegar viðtals- og þátttökurannsóknir byggja á eru því dæmdar úr leik. Hætt er við að raddir og skoðanir barna og ungmenna nái ekki að heyrast nægilega vel við slíkar aðstæður. Eigi flokkunar- og kóðunarkerfi ICF að ná tilgangi sínum er nauðsynlegt að útvíkka það til að spanna ofangreind atriði, eins og ýmsir fræðimenn hafa reyndar lagt til (Nordenfelt, 2003; Ueda og Okawa, 2003; Wade og Halligan, 2003).

Þá er umhugsunarvert hvort kerfi með heilsu og heilsubrest í brennidepli nái yfirleitt að endurspegla hvernig fólk lifir lífi sínu eins og stefnt er að. Það ber að árétta að takmörkuð þátttaka er ekki bundin við fólk með skerðingu eða veikindi. Fólk á öllum aldri velur og hegðar sér á mismunandi hátt og fyrir vikið er þátttaka þess afar breytileg. Fjölmörg atriði hafa áhrif á þátttöku fólks við mismunandi aðstæður og það hversu mikla ánægju þátttakan veitir þeim (Nordenfelt, 2003, 2004). Frekari rannsókna er þörf á þátttöku fatlaðra barna og ungmenna og brýnt að leita eftir þeirra eigin upplifun og mati á aðstæðum hverju sinni.

Heimildir

Barnes, C. og Mercer, G. (2003). *Disability*. Cambridge: Polity.

Barnes, C., Mercer, G. og Shakespeare, T. (1999). *Exploring disability. A sociological introduction*. Cambridge: Polity Press.

Barnes, C., Oliver, M. og Barton, L. (2002). *Disability studies today*. Cambridge: Polity Press.

Björck-Åkesson, E. og Granlund, M. (2004). Delaktighet. Í A. Gustavsson (Ritstj.), *Delaktighetens språk* (bls. 29-48). Lund: Studentlitteratur.

Coster, W., Deeney, T., Haltiwanger, J. og Haley, S. (1998). *School Function Assessment: User´s manual.* San Antonio, TX: The Psychological Corportation.

Eriksson, L. og Granlund, M. (2004a). Conceptions of participation in students with disabilities and persons in their close environment. *Journal of Developmental and Physical Disabilities, 16,* 229-245.

Eriksson, L. og Granlund, M. (2004b). Perceived participation. A comparison of students with disabilities and students without disabilities. *Scandinavian Journal of Disability Research, 6,* 206-224.

Granlund, M. og Björck-Åkesson, E. (2005). Participation and general competence. Í A. Gustavsson., J. Sandvin., R. Traustadóttir, og J. Tøssebro (Ritstj.), *Resistance, reflection and change. Nordic disability research* (bls. 277-294). Lund: Studentlitteratur.

Gustavsson, A. (2004) (Ritstj.), *Delaktighetens språk*. Lund: Studentlitteratur.

Gustavsson, A., Tøssebro, J. & Traustadóttir, R. (2005). Introduction: Approaches and perspectives in Nordic disability research. Í A. Gustavsson, J. Sandvin, R. Traustadóttir & J. Tøssebro (Ritstj.), *Resistance, reflection and change: Nordic disability research* (bls. 23-44). Lund: Studentlitteratur.

Hemmingsson, H., Borell, L. og Gustavsson, A. (2003). Participation in school: School assistants creating opportunities and obstacles for pupils with disabilities. *OTJR-Occupation, Participation and Health, 23*(3), 88-98.

Hemmingsson, H. og Jonsson, H. (2005). An occupational perspective on the concept of participation in ICF - Some critical remarks. *American Journal of Occupational Therapy, 59,* 569-576.

Hurst, R. (2003). The international disability rights movement and the ICF. *Disability and Rehabilitation, 11-12*, 572-576.

Imrie, R. (2004). Demystifying disability: A review of the International Classification of Functioning, Disability and Health. *Sociology of Health and Illness, 26*, 287-305.

Janson, U. (2005). Delaktighet som social process - om lekande och kamratkultur i förskola. Í A. Gustavsson (Ritstj.), *Delaktighetens språk* (bls. 173-199). Lund: Studentlitteratur.

Larsson, M. (2004). Delaktighet och identitet - delaktig i vad och som vem? Í A. Gustavsson (Ritstj.), *Delaktighetens språk* (bls. 157-172). Lund: Studentlitteratur.

Nordenfelt, L. (2004). Aktivitet, delaktighet och ICF. Í A. Gustavsson (Ritstj.), *Delaktighetens språk* (bls. 49-60). Lund: Studentlitteratur.

Nordenfelt, L. (2003). Action theory, disability and ICF. *Disability and Rehabilitation, 25*, 1075-1079.

Perenboom, R. J. og Chorus, A. M. (2003). Measuring participation according to the International Classification of Functioning, Disability and Health (ICF). *Disability and Rehabilitation, 25*, 577-587.

Priestley, M. (2003). *Disability: A life course approach.* Cambridge: Blackwell Publishing Ltd.

Priestley, M., Corker, M. og Watson, N. (1999). Unfinished business: Disabled children and disability identity. *Disability Studies Quarterly, 19,* 87-98.

Rioux, M. (2002). *Disability, citizenship and rights in a changing world.* Í C. Barnes, M. Oliver og L. Barton (Ritstj.), *Disability studies today* (bls. 210-227). Cambridge: Polity Press.

Robinson, C. og Stalker, K. (Ritstj.) (1998). *Growing up with disability.* London: Jessica Kingsley Publishers.

Rosenbaum, P. og Stewart, D. (2004). The World Health Organization International Classification of Functioning, Disability, and Health: A model to guide clinical thinking, practice and research in the field of cerebral palsy. *Seminars in Pediatric Neurology, 11*(1), 5-10.

Snæfríður Þóra Egilson (2005). *School participation: Icelandic students with physical impairments.* Doktorsritgerð frá Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavik: Háskólaútgáfan.

Snæfríður Þóra Egilson (2006). Tilhögun aðstoðar við nemendur með hreyfihömlun: Ýmis álitamál. *Glæður: Tímarit um uppeldis og skólamál, 16*, 12-19.

Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir (2006). Alþjóðleg líkön og flokkunarkerfi um heilbrigði og fötlun: Áherslur og notagildi. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlunarfræði: Hugmyndir og aðferðir*. Í prentun.

Stucki, G., Ewert, T. og Cieza, A. (2003). Value and application of the ICF in rehabilitation medicine. *Disability and Rehabilitation, 27,* 628-634.

Tetler, S. (2005). *Tensions and dilemmas in the field of inclusive education.* Í A. Gustavsson., J. Sandvin., R. Traustadóttir og J. Tøssebro (Ritstj.), *Resistance, reflection and change. Nordic disability research* (bls. 265-276). Lund: Studentlitteratur.

Thomas, C. (1999). *Female forms: Experiencing and understanding disability*. Buckingham: Open University Press.

Thomas, C. (2002). Disability theory: Key ideas, issues and thinkers. Í C. Barnes, M. Oliver og L. Barton (Ritstj.), *Disability studies today* (bls. 38-57). Cambridge: Polity Press.

Traustadóttir, R. og Kristiansen, K. (2004). Introducing gender and disability. Í K. Kristiansen og R. Traustadóttir (Ritstj.), *Gender and disability research in the Nordic countries* (bls. 31-48). Lund: Studentlitteratur.

Tøssebro, J. (2004). Introduction to the special issue: Understanding disability. *Scandinavian Journal of Disability Research, 6*, 3-7.

Ueda, S. og Okawa, Y. (2003). The subjective dimension of functioning and disability: what is it and what is it for? *Disability and Rehabilitation, 25*, 596-601.

Wade, D. T. og Halligan P. (2003). New wine in old bottles: The WHO ICF as an explanatory model of human behaviour. *Clinical Rehabilitation, 17,* 349-354.

Wang, P. P., Badley, E. M. og Gignac, M. M. (2006). Exploring the role of contextual factors in disability models. *Disability and Rehabilitation, 28*, 135-140.

World Health Organization. (1980). *International Classification of Impairments, Disabilities, and Handicaps*. Geneva: World Health Organization.

World Health Organization. (2001). *International Classification of Functioning, Disability and Health*. Geneva: World Health Organization.

Að skapa fag úr fræðigrein
Um hlutverk háskólakennara í námskrárgerð

Guðrún Geirsdóttir

Um þessar mundir vinn ég að rannsókn á námskrárgerð við Háskóla Íslands og hef áður gert grein fyrir nokkrum þáttum hennar (Guðrún Geirsdóttir, 2003, 2004a, 2004b). Í rannsókninni nota ég hugtakið námskrá yfir skipulag námsgreina (þ.e. hvernig ákvarðanir eru teknar um nám og kennslu), kennsluhætti (hvernig staðið er að kennslu og miðlun þekkingar) og mat (þ.e. hvernig kannað er hvort og að hvaða marki nemendur hafi náð tökum á námsgreininni eða þekkingunni .

Markmið rannsóknarinnar er m.a. að skilja betur það flókna ferli námskrárákvarðana sem liggur að baki námi og kennslu í Háskólanum í þeirri von að slíkur skilningur leiði til gagnrýnni umræðu um náms- og kennsluhætti. Í rannsókninni byggi ég á félagsmenningar- og formgerðarlegum kenningum þar sem ég m.a. reyni að átta mig á því hvernig háskólakennarar standa að því að skipuleggja nám og kennslu í þeim tilgangi að innvígja nemendur smátt og smátt inn í fræðigreinina sem þeir leggja stund á (Becher & Trowler, 2001; Valimaa, 1998). Í rannsókninni er litið á háskólakennara sem virka gerendur í námskrárgerðinni þ.e. að hugmyndir þeirra og ákvarðanir hafi veruleg áhrif á það hvernig nemendur tileinka sér og verða hluti af fræðigreinasamfélagi (Becher & Trowler, 2001; Valimaa, 1998).

Við öflun og greiningu gagna nýti ég mér m.a. rannsóknir og hugmyndir breska fræðimannsins Basil Bernstein (1971; 1990; 2000) til að átta mig á og skilja sérstöðu námskrárákvarðana á háskólastigi. Gagna hef ég einkum aflað með viðtölum við háskólakennara innan þriggja ólíkra háskólagreina enda er hér talið að viðhorf háskólakennara og hugmyndir þeirra um þekkingu og námskrá svo og starfshætti þeirra mótist mjög af fræðigreininni (Stark & Lattuca, 1997). Val á háskólagreinum byggir á hugmyndum Becher og fleiri (Becher & Trowler, 2001) um ólíka formgerð þekkingarsviða. Þær greinar sem ég hef beint sjónum mínum að eru iðnaðar- og verkfræði (hörð, hagnýt

grein), mannfræði (mjúk, hagnýt grein) og eðlisfræði (hörð, hrein grein). Hér er sjónum eingöngu beint að eðlisfræðinni en áður hef ég fjallað sérstaklega um námskrá hinna háskólagreinanna tveggja (Guðrún Geirsdóttir, 2004b). Greiningin byggir á viðtölum við fjóra kennara greinar svo og greiningu gagna sem snerta kennsluhætti greinar.

Kenning Bernstein

Með kenningum sínum hefur breski fræðimaðurinn Basil Bernstein leitað svara við því hvernig þekkingu og færni er miðlað með formlegum hætti í samfélaginu. Hann telur að skipulagning formlegar menntunar eigi sér stað með ummyndun þekkingar á milli þriggja sviða og fer sú ummyndum fram eftir ákveðnum innri reglum sem Bernstein kallar hið uppeldislega tæki eða tól (e. *pedagogic device*) en það tæki skapar hina uppeldislegu orðræðu (e. *pedagogic discourse*). Hin þrjú svið eru eftirfarandi:



Mynd 1. Þrjú svið formlegrar menntunar (Basil Bernstein, 2000)

Á sviði *þekkingarsköpunar* (distributive field, creation) verður þekking til og á sú þekkingarsköpun sér oft stað í háskólum. Eins og aðrir háskólakennarar, leggja kennarar í eðlisfræðiskor með rannsóknum sínum sitt af mörkum til þekkingarsköpunar. Um þekkingarsköpunina gilda ákveðnar reglur, s.s. um réttmætar rannsóknarferðir en þær reglur eru víðar. Því geta háskóla-kennarar innan eðlisfræðinnar verið að fást við hin ólíkustu viðfangsefni með

ólíkum aðferðum sem öll teljast þó innan sama fræðasviðs. Kennarar í eðlisfræði eru meðvitaðir um mikilvægi fræðasviðsins og trúnaður við fræðin stendur jafnvel utan og ofan við það sem fer fram innan veggja skólans eins og kemur fram í umræðum um stefnumótun í skorinni:

> Við erum alveg eins að horfa á fagið eins og skorina þannig að við nálgumst þetta og menn segja: Það skiptir engu máli hvað verður um þessa skor, hún er bara strúktúr en það er fagið. Þetta er hins vegar sá staður sem þetta fag á heima í og það er fagið sem skiptir máli. Það er þessi hugsun sem menn eru að reyna að halda þessu í.

Háskólagreinin eðlisfræði lýtur hins vegar öðrum lögmálum en fræðigreinin eðlisfræði. Til að gera nemendum kleift að tileinka sér fræðigreinina þarf að ummynda hana í fag sem hefur ákveðin markmið, er skipulagt í fyrifram ákveðnar og viðráðanlegar námseiningar þar sem nemendur þurfa að tileinka sér ákveðna þekkingu og færni sem hægt er að leggja mat á. Þessi ummyndun fræðigreinarinnar í háskólagrein á sér stað á svokölluðu *umbreytingasviði* (reconceptualizing field, transmission) (Bernstein, 1990; Bernstein, 2000). Umbreytingasviðið mótast af gagnvirkni tveggja sviða, annars vegar hins *opinbera sviðs* (official recontextualising field) og svo þess *uppeldislega* (the pedagogic recontextualising field) og togast þessi tvö svið um yfirráð. Á Íslandi hefur hið opinbera fram til þessa lítt skipt sér af kennsluháttum háskólanna þó segja megi að umræða og kröfur um nemendaígildi, samræmi (t.d. vegna Bolognaáætlunar) svo og viðmið fyrir háskólagráður sé merki um aukinn styrk hins opinbera sviðs. Uppeldislega sviðinu tilheyra hins vegar þeir sem hafa vald til að móta og hafa áhrif á hina *uppeldislegu orðræðu* (pedagogic discourse) og eru það t.d. kennslufræðingar, námsbókaútgefendur og í okkar tilviki, þar sem áhrifa hins opinbera gætir lítt, háskólakennarar viðkomandi greina. Innan háskólans fellur það í hlut skora og háskólakennara að taka ákvarðanir um nám og kennsluhætti, móta hina uppeldislegu orðræðu. Í mótun orðræðunnar er m.a. leitað fanga í innan fræðigreinar og í kenningum um nám og kennslu. Í henni eru t.d. mótaðar hugmyndir um fyrirkomulag kennslu, ímynd nemenda og hlutverk kennara (Bernstein, 1990; 2000).

Hin uppeldislega orðræða samanstendur annars vegar af *mótandi orðræðu* (e. regulative discourse) og hins vegar af *fræðandi orðræðu* (e. instructional discourse). Hin fræðandi orðræða tekur til þess hvers konar leikni og færni skiptir máli að nemendur háskólagreinar tileinki sér og hvernig tengsl eru á milli þeirra færniþátta, á meðan hin mótandi orðræða, sem jafnframt er hin ríkjandi, felur í sér siði, venjur og hefðir sem ríkja um greinina og kennslu

hennar (Bernstein, 2000; Neumann, Parry, & Becher, 2002). Segja má að í hinni uppeldislegu orðræðu kristallist þau markmið og gildi sem það að tilheyra fræðigrein ber með sér. Þannig eru tengsl orðræðunnar við það sem nefnt hefur verið hin dulda námskrá sterk (Margolis, 2001). En með duldri námskrá er vísað til ýmis konar færni en þó einkum viðhorfa og hátta sem nemendur tileinka sér innan skóla en eru þó hvergi skráð sem eiginleg markmið náms.

Þriðja sviðið, hið *kennslusviðið* (pedagogic field, acquisition) sem Bernstein vísar í, er svo er skólastofan sjálf þar kennsla fer fram og kennarar meta hvort nemendur hafi náð settum markmiðum. Bernstein eins og ýmsir aðrir fræðimenn lagt áherslu á áhrif námsmats á hvað og hvernig nemendur tileinka sér fræðigreinina (2000).

Hin uppeldislega orðræða eðlisfræðinnar

Í rannsókn minni skoða ég hvernig ákvarðanir um námskrá eru teknar og hvað hefur áhrif á þær ákvarðanir. Með hliðsjón af kenningum Bernstein mætti kannski orða það sem svo að ég hafi áhuga á að skilja hvernig háskólakennarar sjá hlutverk sitt í ummyndun þekkingar í háskólagrein og jafnframt að reyna að átta mig á hinni uppeldislegu orðræðu um nám og kennslu innan ólíkra háskólagreina.

Hin uppeldislega orðræða greinar mótast af ótal þáttum sem fléttast saman í eitthvað sem kalla má uppeldislega menningu greinar (Ylijoki, 2000). Það er snúið að lýsa slíkri orðræðu enda er hún margslungin og breytileg og hér er umfjöllunin um uppeldislega orðræðu eðlisfræðinnar takmörkuð við þrjár meginspurningar þ.e. hvers konar námsgrein eðlisfræðin er; hvers konar færni og leikni nemendur þurfa að tileinka sér og hver séu markmið með kennslu greinarinnar?

Hvers konar grein er eðlisfræðin?

Háskólagreinin eðlisfræði byggir á þekkingu sem hefur stigveldislega formgerð (hierarcical) en skipulag slíkra greina endurspeglast gjarnan í stýrðri námskrá sem byggir á samþættingu (integrated code), þ.e. námskeið eru skipulögð utan um ákveðið þema eða færni. Í kennslu greinarinnar er stefnt að æ meiri samþættingu þekkingar og óhlutbundnari (Henkel & Kogan, 1999). Stigveldislegar námsgreinar eins og eðlisfræði, sem þar að auki eru

ekki hagnýtar heldur hreinar, njóta meiri virðingar en aðrar og háskólakennarar innan eðlisfræðinnar telja að svo eigi við hér.

Formgerð fræðigreinarinnar endurspeglast ágætlega í námskrá eðlisfræðinnar sem er skýr og skipulögð og stigveldisleg. Samkvæmt kenningum Bernstein býr greinin við sterka afmörkun (e. *classification)* þ.e. fræðasvið hennar er vel aðgreint frá öðrum (Bernstein, 1971). Námsár í grunnnámi eru vel skilgreind og aðgreind og nemendur ljúka einum áfanga áður en þeir fara á næsta. Stigveldisskiptingin sést t.d. vel í heitum námskeiða sem heita Eðlisfræði I, Eðlisfræði II og Eðlisfræði III. Um 60-80% námskeiða eða inntaks eru skyldunámskeið og en að auki geta nemendur valið sér námskeið eftir áhugasviðum, innan eða utan skorar eða deildar. Kennari í skorinni lýsir námskránni ágætlega á eftirfarandi máta:

> Andstætt því sem ég heyri úr öðrum deildum...þá er allt okkar nám byggt á þrepum. Við kennum Eðlisfræði 1, 2, 3, 4. Við kennum eða lærum Stærðfræði 1, 2, 3, 4 og alltaf lærum við meira og meira og byggir á því sem undir er. Og það er ekki fyrr en þú ert komin með þennan áfanga og komin á þriðja ár í grunnnámi sem þú ferð að skynja samhengi hlutanna.

Vegna skýrrar afmörkunar greinarinnar virðist kennurum ekki vandamikið að skipuleggja námskeiðin en það á þó fyrst og fremst við í grunnnámi. Skipulag námsins byggir á rökrænni hefð eða *röklegri samhengisuppbyggingu* eins og einn viðmælandi kýs að orða það. Námskráin er afar skýrt afmörkuð og almennt samkomlag um skipulag hennar, inntaks námskeiða sem og kennsluhátta og virðist jafn viðurkennt af kennurum sem nemendum:

> Sko, við veljum ekki efnið í námskeiðið, við komum okkur saman um, um það sem er í námskeiðunum. Það er svona meira og minna ákveðin skorarhefð. Ef þú kennir Rafsegulfræði þá er það þetta efni sem þú ferð yfir, ef þú kennir Eðlisfræði 1 þá er það þetta efni sem þú ferð yfir ef þú kennir. Ef þú kennir verklegum hópi þá eru það þessar tilraunir sem þú kennir.

Ákvarðanir um inntak námskeiða eru teknar af skor og eftir slíkum ákvörðunum á að fara. Víki kennarar af brautinni þarf að leiðrétta stöðuna:

> Nú, það hefur auðvitað komið fyrir að kennari kenni Skammtafræði 1 eins og það væri Skammtafræði 2 eða Eðlisfræði 3 eins og það væri Skammtafræði 1 og það hefur valdið almennri óánægju í skorinni og við reynum að ræða og koma reglu á þetta.

Vel afmarkaður námskrárgrunnur eðlisfræðinnar er alþjóðlegur. Þannig ríkir í raun alþjóðlegt, fræðabundið samkomulag um það hvað telst „grunnur“ eðlisfræðinnar. Nemandi úr einum háskóla getur fært sig í annan án þess að námsskipulag hans riðlist að nokkru ráði. Einn viðmælandi lýstir þessu svo:

> Eðlisfræði 1 er mjög svipuð allsstaðar í heiminum, Eðlisfræði 2 mjög svipuð...Ég tek bara eftir að það er mjög svipað meira að segja sömu bækurnar.

Eins og sjá má í tilvitnuninni hér á ofan er hinn alþjóðlegi eðlisfræðigrunnur m.a. settur fram í kennslubókum sem eru endurútgefnar ár eftir ár og hafa mikil áhrif á inntak kennslu svo og skipulag kennslustunda eða yfirferð. Þannig má segja að innan fræðasviðsins hafi námsbókaútgefendur veruleg völd og áhrif á ummyndum greinar á umbreytingasviðinu.

Með því að fylgja bókinni eru kennarar nokkuð öruggir um að falla að þeim alþjóðlegu hefðum sem ríkja um kennslu greinarinnar og nemendur finna jafnframt til öryggis eins og kemur fram í orðum viðmælanda:

> Já...þegar ég kenni t.d. [námskeið í eðlisfræði] ...þá finnst mér best að reyna að fylgja bókinni. Ég held að nemendur líka vilji það og maður er bara óvinsæll ef maður gerir það ekki.

Stöðlun námskrár gerir kennurum greinar kleift að skiptast á að kenna grunnnámskeiðin og geta gengið hver í annars spor. Að baki því fyrirkomulagi liggja bæði til fagleg og skipulagsleg rök. Það leysir vanda sem skapast af fjarveru kennara í rannsóknarmisserum en tryggir jafnframt frjóa kennslu og er staðfesting á að allir kennarar kunni skil á þessum grunni.

Kennsluhættir eru rótgrónir og fylgja ákveðnu kerfi sem kennarar og nemendur telja vera hinar réttu skorður:

> Ég kenni nú mest með fyrirlestrum Og svo eru verkefnatímar, í eiginlega öllum námskeiðunum sem ég kenni. Yfirleitt ...þá eru dæmatímar og ég set fyrir dæmi eða verkefni og þau skila...þetta er bara svona mjög í föstum skorðum í þessu fagi. Heimadæmi einu sinni í viku og svo tímadæmi og dæmatími þar sem farið yfir þetta og hlutirnir ræddir.

Hin sterka römmun eða afmörkun námskrár (e. *framing*) (Bernstein, 1971) sem er að finna í uppeldislegu orðræðunni er eitthvað sem nemendur þekkja vel og vænta af kennurum sínu. Þeir gera ráð fyrir skýru skiplagi inntaks og kennsluhátta og hefðir fyrir námsmati eru sterkar. Hlutverk kennara jafnt sem nemenda eru ljós. Kennarar sem vilja breyta út af vananum og leita nýrra

leiða til kennslu eða vilja taka upp nýjungar í námsmati lýsa andstöðu nemenda sem helstu hindruninni fyrir nýbreytni. Þannig lýsir kennari sem hefur reynt að taka upp umræður í eðlisfræðitíma viðbrögðum nemenda:

> En þessi umræðu kompónent, hann á í raun og veru alveg við í [eðlisfræðinni] líka. En það er samt enn óeðlilegra fyrir þau að fara að spyrja þegar þau halda að þau séu í eðlisfræðinámskeiði þar sem allt sé klippt og skorið.

Nemendur búa þannig að mati kennara yfir sterkum hugmyndum og væntingum um kennsluhefðir og vilja lítið frá þeim víkja. Kennarar þurfa þó ekki endilega að vera sáttir við væntingar nemenda sinna eins og kemur fram hjá þessum viðmælanda þar sem hann lýsir hugmyndum nemenda á 1. námsári til kennsluhátta:

> Bara sem sagt koma í tímann, kennarinn á að skrifa á töfluna helst skýrt, hann á að skrifa vel. Hann á ekki að vera með glærur af því að þá er hætta á því að hann fari of fljótt yfir, taki hana af of fljótt og svona. Og það líka svolítið verkar öðruvísi því þá finnst fólki: Ég get kannski komist í glærurnar eða eitthvað. En hann á að gera þetta svona, hann á að tala frekar hægt og þau eiga að geta skrifað. Þetta er einhver talsverður hluti af hópnum.

Hlutverk nemenda

Innan hinnar uppeldislegu orðræðu er að finna þá mynd sem kennarar (og nemendur) hafa af nemendum og kennurum. Sú mynd ræðst m.a. af hugmyndum um hvers konar færni nemendur eigi að búa yfir að námi loknu. Hvað þarf sá sem telst vera eðlisfræðingur að búa yfir, kunna og geta? Eins og áður er getið þá fellur slík leikni bæði undir hina fræðandi orðræðu og þá mótandi þar sem sú fyrrnefnda tekur einkum til færni og leikni sem nemendur eiga að tileikna sér en sú síðarnefnda er mun tengdari viðhorfum og venjum og hinni duldu námskrá. Þessar hugmyndir um nemendur og kennara taka breytingum eins og einn viðmælandi bendir á:

> Þetta er auðvitað dálítið háð því hvaða líkan maður er með af nemandanum og ...það er ekki síst erfitt þegar að maður er búinn að vera svona lengi eins og ég því að nemendurnir eru allt öðru vísi fólk heldur en það var í kringum ´70 - ´80.

Í viðtölunum benda kennarar á ýmis konar leikni og færni sem er mikilvægt að eðlisfræðinemar tileinki sér. Þannig þurfa þeir að geta *beitt stærðfræði og rökfræði*, verið *nákvæmir í mælingum*, *skilið tölulegt og röklegt samhengi*,

unnið með tölur, verið *vel að sér í líkanasmíð* og *farið rétt með gögn*. Þá þurfa eðlisfræðinemar að búa yfir almennri grundvallarþekkingu á faginu og hafa yfirsýn yfir eðlisfræðina. Allt þetta eru færniþættir sem falla undir hina kennslufræðilegu orðræðu – færni sem má nokkuð auðveldlega meta og mæla. Það skiptir litlu máli hvaða einstök námskeið nemendur hafa tekið ef þeir búa yfir ákveðinni þekkingu og leikni að grunnnámi loknu eins og einn viðmælenda bendir á:

> Og...hvaða námskeið þau hafa nákvæmlega tekið finnst mér aukaatriði ...að vísu veit ég að það borgar sig...að þau þurfa að taka þennan grunn en hvað þau hafa nákvæmlega tekið þar fyrir utan finnst mér algjört aukaatriði. Á meðan þau hafa verið upptekin við að leysa uppbyggileg vandamál þá hafa þau verið að þjálfa sig og það er það sem er aðalatriðið. Því að háskólanám snýst um það að þjálfa fólk í að leysa vandamál...á skipulagðan hátt, eftir einhverjum hugsanakerfum og það er aðalatriðið.

Önnur markmið eru almennari og hafa ekki endilega fræðilega tilvísun heldur vísa almennt til getu og greindar, þannig þurfa nemendur að vera *kvikk í höfðinu*, *geta skilið kjarnann frá hisminu*, *geta dregið sjálfan sig í efa* og lært að meta hvenær það sem þeir er að *gera er algjörlega út úr kortinu*. Að loknu BS námi þarf nemandinn líka að hafa áttað sig á hvað *hann vill og hvers vegna í framhaldinu – viti hvert hann vill fara*. Nemendur þurfa líka að geta yfirfært aðferðirnar sem þeir hafa lært yfir á ný viðfangsefni, geta unnið saman og *talað um eðlisfræði á mannamáli*. Að auki undirstrika viðmælendur að þar sé um að ræða einhvers konar meðfædda hæfileika sem í raun greini góða nemendur frá öðrum – hæfileiks sem einn viðmælanda kýs að kalla *brjóstvit*.

Innan hinnar mótandi orðræðu eðlisfræðinnar er að finna það viðhorf að námið sé erfitt og ekki á allra færi. Til að ná tökum á faginu og verða góður eðlisfræðingur þurfa nemendur að leggja hart að sér og það eru ekki allir sem hafa þann dug í sér:

> Þetta er ekki auðvelt nám og krakkarnir segja að það þurfi að hafa mikið fyrir einingunum. Það er sjálfsagt rétt og segja að þau séu að vinna miklu lengri vinnutíma en heldur en nemendur í öðrum deildum. Það má vel vera að sé rétt. Ég held að það þurfi meiri, að það þurfi að leggja á sig meiri vinnu til að komast hreinlega áfram hérna.

Þetta viðhorf og þær kröfur sem í kjölfarið eru gerðar eru til nemenda endurspeglast t.d. í því að einkunnarkvarðinn er nýttur sparlega og þegar að nemendur sækja í annað nám þarf að senda með þeim upplýsingar um þessa tilhögum þar sem gerð er grein fyrir stöðu nemenda:

> Að vísu eru þessar svo lágar að þegar ég skrifa meðmælabréf segi ég mönnun...að einkunnirnar taki svip af...taki bara mið af þeim hefðum og venjum sem hér hafa ríkt og eiginlega þýðir ekkert að taka neitt mark á einkunnum yfirleitt og sko einkunnum per se...sem einhverri tölu.

En þeir nemendur sem spjara sig eru líka færir í flestan sjó og hafa staðið sig afar vel í framhaldsnámi og rannsóknarnámi erlendis sem sýnir kennurum skorarinnar að stefnan er rétt og markmiðum greinarinnar er náð:

> Við erum með svolítið erfitt nám og við erum með...gerum dálítið miklar kröfur og það þýðir það að fólk, að sumir heltast úr lestinni, komast ekki með. En á móti kemur að fólk sem héðan kemur hefur vegnað vel.

Markmið með kennslu greinar

Hina uppeldislegu orðræðu má m.a. skoða út frá hugmyndum kennara og nemenda um hver séu markmiðin með kennslu greinarinnar. Undir hvað er verið að undirbúa nemendur? Hvaða viðfangsefni eða vandamál samfélagsins eiga útskrifaðir nemendur að geta tekist á við og leyst? Einn viðmælanda lýsir því hvernig að kennarar í greininni veltu fyrir sér við upphaf kennslu hennar um 1970 til hvaða verka verið væri að mennta nemendur:

> Við hugsuðum sem svo, ja, við erum að mennta fólk til þrenns konar framhalds svo að segja. Í fyrsta lagi verður það einhver hluti af nemendahópnum sem fer í framhaldsnám, í öðru lagi er fólk að fara í kennslu. Við héldum að við værum að mennta eða töldum að við værum að mennta fólk fyrir það...Og í þriðja lagi værum við að mennta kannski fólk fyrir iðnað eða eitthvað slíkt en það var samt ... frekar óljóst...En svona var myndin, þetta voru aðallega svona þrjú hólf.

Á þeim áratugum sem greinin hefur verið kennd átta kennarar sig á að hugmyndir þeirra um hólfin þrjú eru e.t.v. ekki raunhæf og að þarfir atvinnulífs og samfélags hafa reynst aðrar en talið var í árdögum greinarinnar:

> Svo líður tíminn, tíu ár eða tuttugu ár og þá kemur í ljós að það fara miklu færri í kennslustörf en við héldum og það fara líklega fleiri í framhaldsnám heldur en við héldum hugsa ég. En síðan bara stækkar markaðurinn.

Eins og sjá má bregðast forspár kennara um markað fyrir útskrifaða nemendur og áhugavert að það er þriðji hópurinn, hið óljósa hólf, sem einkum hefur vaxið og dafnað. Nemendur úr eðlisfræði eru eftirsótt vinnuafl

í tengslum við tölvur, fjármálafyrirtæki, stóriðju og iðnað. Þrátt fyrir aukna eftirspurn eftir nemendum á þessum sviðum hefur námskrá eðlisfræðinnar eða skipulagi námsins lítið verið hagrætt eða breytt og í viðtölum kemur ekki fram um að slíkt standi til. Áhugavert að velta því fyrir sér hvernig megi skýra áhugaleysi um þarfir markaðarins. Ein leið er að horfa á styrk hinnar mótandi orðræðu innan greinar sem þá mætti lýsa sem fortíðabundinni (e. *retrospective*) (Moore, 2000) þar sem byggt er á trú á því að góð eðlisfræðiþekking hafi yfirfærslugildi inn á hvaða svið sem er. Kennararnir sem rætt var við voru sammála um það að nám nemenda í greininni væri gott veganesti út í hin ýmsu störf samfélagsins:

> [Telur upp ýmsa eiginleika sem]...þarf til þess að vera góður eðlisfræðingur Og...það er, þetta er, þetta virðist vera mjög verðmæt reynsla. Við eigum auðvelt með, sýnist mér, að sko ganga þá jafnvel inn í sko hvaða verkefni sem er þar sem reynir á þetta.

Hins vegar má velta því fyrir sér hvort að með því að huga að beinum þörfum atvinnulífs þurfi greinin að hallast á svið hagnýtingar sem þá gæti haft áhrif á virðingu hennar sem hreinnar tærrar þekkingargreinar (Bernstein, 1990). Eðlisfræðin er bæði kennileg og verkleg og ekki laust við að hinn kennilegi vinkill njóti eða hafi notið meiri virðingar en sá verklegi ef marka má orð þessa viðmælanda:

> Það sem lengi háði eðlisfræðiskor og kannski í ríkari mæli hérna áður fyrr, var að... þetta var eitthvað svona „elítu", þetta tók bara við dúxunum og...enginn var maður með mönnum nema hann gæti staðið upp á töflu með krít og hefði helst bara sem sagt kenningavinkil. Þetta var liðið sem átti að mennta til hinna ýmsu starfa sem eðlisfræðin býður upp á.

Viðmælandinn hér að ofan telur reyndar að þessi áhersla sé ögn að breytast með nýjum áherslum í atvinnulífi og nýjum viðhorfum innan námskrár eðlisfræðinnar sem gerir nemendum kleift að vinna að skapandi þróun, t.d. innan hátæknifyrirtækja. Hins vegar gengur hægar að breyta hinni uppeldislegu orðræðu þar sem kennilegir námsþættir og þá kennilegir nemendur njóta meiri virðingar en aðrir þó þeir henti hugsanlega síður í hin ólíku verkefni eðlisfræðinnar í samfélaginu:

> Já og það kemur í ljós að bókdúxarnir eru ekkert endilega bestir í allri eðlisfræði, og alls ekkert endilega í þeim hlutum sem við viljum leggja áherslu á. Þá er náttúrulega, má ekki snúa því við og segja við tökum bara tossana en hinir verða áfram í kennilegri eðlisfræði en svona vill þetta oft verða.

Þannig takast á innan greinarinnar ólík þekkingarfræðileg sjónarmið um markmið og leiðir þar sem ekki er endilega sátt um mikilvægi og hlut kenninga og verklegrar færni í námskrá nemenda. Námskrárgerðin tekur einnig af því félagslega umhverfi sem hún á sért stað í og viðmældendur telja rannsóknaráherslu Háskólans hafa bæði áhrif á skipulag námsins svo og hugmyndir kennara um æskilega nemendur:

> Já, það held ég. Það er náttúrulega sko...eitt sem að hefur gerst í Háskólanum á þessu sviðum og kannski, ég veit ekki hversu víða, það er mikil áhersla á rannsóknir. Þannig að það verður ósjálfrátt talsverð áhersla á það að við séum að mennta vísindamenn eða menn til vísindastarfa, rannsóknarstarfa. Og það þýðir þá að það er náttúrulega ómeðvitað...að við sækjumst eftir slíkum nemendum.

Hvernig tekst að skapa heildstæða námskrá sem menntar eðlisfræðinga til hinna ýmsu starfa í samfélaginu en leggur um leið áherslu á að mennta vísindamenn er verkefni sem kennarar greinarinnar munu glíma við áfram.

Samantekt

Megintilgangur þessarar greinar var að skilja og greina kennsluhætti innan háskólagreinarinnar eðlisfræði út frá hugmyndum Bernstein um miðlun þekkingar. Slík greining er áhugaverð vegna þess sérstæða valds sem háskólakennarar, umfram kennara á öðrum skólastigum, hafa til að taka þátt í ummyndun fræðigreinar í háskólagrein. Rannsóknir sýna að háskólakennarar eru sjaldan meðvitaðir um vald sitt og hlutverk í að skapa námskrá háskólagreina og þar með taka mikilvægar ákvarðanir sem snerta bæði kunnáttu og leikni nemenda í greininni svo og fagleg viðhorf þeirra og vinnulag. Aukinn skilningur á uppeldislegri orðræðu háskólagreinar ætti, ef vel tekst til, að vekja háskólamenn til frekari umhugsunar um tengsl þekkingarsköpunar og miðlunar, þ.e. rannsókna og kennslu og samspils fræði- og háskólagreinar. Þá ætti slík umræða að vera háskólamönnum kærkomin á tímum mikilla umbreytinga á háskólastigi (Barnett, 2000; Barnett & Coate, 2005) þar sem tekist er á um forsendur og framtíð háskólamenntunar almennt svo og hlutverk háskóla í samfélaginu.

Heimildir

Barnett, R. (2000). *Realizing the University in an Age of Supercomplexity*. Buckingham: SRHE og Open University Press.

Barnett, R. & Coate, K. (2005). *Engaging the Curriculum in Higher Education*. Maidenhead, Berkshire: SRHE & Open University Press.

Becher, T. & Trowler, P. (2001). *Academic Tribes and Territories : Intellectual Enquiry and the Culture of Disciplines* (2. útgáfa). Buckingham: SRHE and Open University Press.

Bernstein, B. (1971). On the Classification and Framing of Educational Knowledge. Í M. D. F. Young (Ritstj.), *Knowledge and Control* (bls. 47-69). London: Collier-Macmillian Publishers.

Bernstein, B. (1990). *The structuring of pedagogic discourse*. London: Routledge.

Bernstein, B. (2000). *Pedagogy, Symbolic Control and Identity* (2. útgáfa). New York and Oxford: Rowman and Littlefield.

Guðrún Geirsdóttir (2003). Námskrárgerð í Háskóla Íslands. *Rannsóknir í Félagsvísindum nr. IV*, 309-321.

Guðrún Geirsdóttir (2004a). Hinum megin Suðurgötunnar: Um nám og kennslu ólíkra háskólagreina. *Rannsóknir í félagsvísindum, V*, 459-471.

Guðrún Geirsdóttir (2004b). Hvað mótar hugmyndir háskólakennara um skipulag náms og kennslu? *Tímarit um menntarannsóknir, 1*, 163-173.

Henkel, M. & Kogan, M. (1999). Changes in Curriculum and Institutional Structures. Response to Outside influences in Higher Education Institutions. Í C. Gellert (Ritstj.), *Innovation and Adaption in Higher Education* (bls. 66-91). London: Jessica Kingsley Publishers.

Margolis, E. (Ed.). (2001). *The Hidden Curriculum in Higher Education*. New York, London: Routledge.

Moore, A. (2000). *Teaching and Learning. Pedagogy, Curriculum and Culture*. London: RouthledgeFalmer.

Neumann, R., Parry, S. & Becher, T. (2002). Teaching and Learning in their Disciplinary Contexts: a conceptual analysis. *Studies in Higher Education, 27*(4), 405-417.

Stark, J. S. & Lattuca, L. R. (1997). *Shaping the College Curriculum. Academic Plans in Action*. Massachusetts: Allyn & Bacon.

Valimaa, J. (1998). Culture and identity in higher education research. *Higher Education, 36*, 119-138.

Ylijoki, O.-H. (2000). Disciplinary cultures and the moral order of studying case-study of four Finnish university departments. *Higher Education, 39*, 339-362.

„ ...eins og þver geit í girðingu“

Viðhorf kennara til breytinga á kennsluháttum

Hafdís Ingvarsdóttir

Íslenski framhaldskólinn hefur á síðustu áratugum þróast frá því að vera tiltölulega einsleitur bóknámsskóli í skólastig með breiðan nemendahóp sem hefur ólík markmið og mismunandi þarfir. Af þessu leiðir að kennarar þurfa að vinna með mun fjölbreyttari nemendahóp en fyrr. Síðasta áratug hafa stjórnvöld sett ýmis lög og reglugerðir sem ætlað er að hafa veruleg áhrif á kennarastarfið svo sem nýjar Aðalnámskrá, skólanámskrár, sjálfmat skóla og notkun upplýsingatækni svo fáein dæmi séu tekin. Fyrir stjórnvöldum vakir að gera skólastarfið faglegra og kennsluna markvissari; bæta námsárangur.

Ekki er vitað um áhrif þessara tilskipana á starfið í kennslustofunni. Mjög fáar rannsóknir eru til á kennsluaðferðum og kennsluháttum í framhaldsskólum hér á landi (Hafdís Ingvarsdóttir, 2003; 2004; Eyrún María Rúnarsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2003). Við mat á skólum bæði sjálfsmat og ytra mat, hafa kennsluhættir lítt eða ekki verið skoðaðir. Þetta eru þó þeir þættir sem talið er að ráðið geti úrslitum um hvort aukin skilvirkni sem lagt er upp með náist (Lang, Olson, Hansen og Bunder, 1999; Hargreaves og Evans, 1997). Fjölmargar erlendar rannsóknir benda sterklega til að það sé hið innra starf skólans og þá einkum viðhorf kennarans og kennsluhættir hans sem á endanum ráði mestu um hversu vel tekst til um bættan árangur (sjá t.d. Fullan 2001; Day, 1999).

Viðhorf íslenskra framhaldsskólakennara til breytinga á kennsluháttum eru lítt þekkt og ekki vitað hvort þeir telja yfirleitt mikilvægt að breyta kennsluháttum. Markmið þessarar rannsóknarinnar er að varpa skýrara ljósi á hvað það er sem styður best breytingar á kennsluháttum í skólum, skilja betur hvaða þættir í starfsumhverfi íslenskra framhaldsskólakennara hvetja til breytinga, hvaða þættir letja og hvað kennarar sjálfir telja að hafi áhrif á að

þeir taki upp nýja kennsluhætti. Aukin þekking á því sviði er nauðsynleg til að bæta skólastarfið.

Starfskenningar, ígrundun og námssamfélag

Undanfarna áratugi hefur mikið verið fjallað um breytingar á skólastarfi en það er vítt svið og getur tekið til bæði til innri og ytri þátta (Fullan, 2001; Sarason, 1990). Í þessari rannsókn er viðfangsefnið þrengt og beinist að viðhorfi kennara til breytinga á kennsluháttum. Gerður er hér mikilvægur greinarmunur á *kennsluaðferðum* og *kennsluháttum*. Kennsluaðferðir vísa til einstakra verkefna, skriflegra og munnlegra af ýmsu tagi, til dæmis talæfinga, ritunaræfinga, spurningartækni og svo framvegis. *Kennsluhættir* vísa til skipulags kennslu hversu miðstýrð eða einstaklingsbundin kennslan er, hvort gengið er út frá hópnum eða einstaka nemendum. Í þessari rannsókn er fyrst og fremst verið að huga að viðhorfum kennara til breytinga á *kennsluháttum* eða það sem Hargreaves (1994) nefnir grundvallabreytingar „root changes".

Í kenningum um breytingastarf er rætt um hina þöglu þekkingu kennarans. Sérhver kennari búi yfir þekkingu um nám og kennslu sem ekki sé yrt, ekki deilt með öðrum og hún þróist því síður (sjá t.d. Day, 1999). Kennari býr yfir hagnýtri þekkingu á því sem fram fer í kennslustofunni: „Ef við lítum á kennarann sem fullorðinn nemanda felur það í sér að kennarar sækja sér þekkingu sem þeir geta lagað að þekkingarkerfi sem þeir hafa þegar aflað sér" (Butt, Raymond, McCue og Yamagishi, 1994, bls. 54).

Þetta þekkingarkerfi eru persónulegar kenningar kennara um starf sitt. Ég hef áður (Hafdís Ingvarsdóttir, 2004b, 2003) gert grein fyrir hugtakinu *starfskenning fagkennarans* en hún er persónubundin kenning um nám og kennslu. Rætur hennar liggja í siðferðilegum gildum, fræðilegum en ekki síður tilfinningalegum tengslum við kennslugreinina. Starfskenning fagkennarans er dýnamisk, þróast í daglegu lífi, námi og starfi. Þar sem kennarinn leitast ómeðvitað við að laga nýjungar að ríkjandi starfskenningum sínum þarf hann að ígrunda þær og ræða á opinskáan og gagnrýnan hátt ef á þeim eiga að verða grundvallarbreytingar (Hafdís Ingvarsdóttir, 2003, 2004).

Hugtakið *ígrundun* hefur verið fyrirferðamikið í umræðu um breytingastarf og túlkað á margvíslegan hátt. Í þessari rannsókn er hugtakið ígrundun notað *um kerfisbundna hugsun/ígrundun*, greiningu á því sem fram fer í kennslustofunni. Kveikjan að ígrunduninni eru atburðir eða tilvik úr kennslunni. Markmiðið með ígrundun er að efla sjálfsvitund kennarans um orsakir og afleiðingar þess sem hann aðhefst í starfi með nemendum til að reyna að

koma auga á nýjar leiðir. Sem dæmi um slíka kerfisbundna ígrundun má nefna skrif Korthagen (2005) sem hefur haldið fram mikilvægi kerfisbundinnar ígrundunar í kennaramenntun og kennarastarfi og sett fram líkan í því skyni (sama rit, bls. 86). Ígrundunin er sett fram í hringrás fimm þrepa og gengið er út frá tilteknu atviki eða atvikum í kennslu

Leiða má sterkum líkum að því að kerfisbundin ígrundun gerist best í samstarfi og með því að skapa í skólunum það sem kalla má námssamfélag, þ.e. kennarar læra saman með það að markmiði að þróa starf sitt. James og Connolly (2002, bls. 2) tala í þessu skyni um mikilvægi þess „að skapa innri skilyrði [í skólum] sem hvetja til stöðugra breytinga og framfara“. Þar sem slík innri skilyrði eru fyrir hendi er skólamenningin í senn leitandi og skapandi, kennurum er veitt næði og tími til að ræða og ígrunda saman, tími til að rækta á milli sín traust svo þeir finni til nægjanlegs öryggis til að taka áhættu, opna sig og skólastofu sína (Grimmett og Dockendorf, 1999). Nú verður vikið nánar að slíku samstarfi.

Bandamenn

Þótt samstarf kennara sé nokkuð fyrirferðamikið í fræðilegum skrifum um kennarastarfið og hlutverk þess í þróun kennara (sjá t.d. Hargreaves og Evans, 1997; Little, 1990) er það illa skilgreint bæði í fræðilegri umræðu og meðal kennara sjálfra. Sem dæmi má nefna að kennarar vísa oft til skipunar greina í stjórnunareiningar, deildir eða svið sem samstarfs. Slíkt samstarf miðar fyrst og fremst að tæknilegu samstarfi þ.e. samstarf um kennsluefni, yfirferð og námsmat (Hafdís Ingvarsdóttir, 2003). Við slíkar aðstæður ríkir það sem Lortie (1975) kallar „shared technical culture.“ Þannig má líta á deildarfundi sem stjórnunarlega hagkvæmni en tryggir hvorki frjótt samstarf né gagnrýna og styðjandi umræðu um nám og kennslu. Slíkir fundarseta skapar ekki sjálfkrafa *námssamfélag*. Stjórnunareiningar sem slíkar rjúfa ekki hina margumræddu einangrun kennara (sjá t.d. Lortie, 1975; Alhstrand, 1994).

Little (1990) telur óljóst hvað átt er við með samstarfi og því sé jafnvel blandað saman við *samheldni* kennara sem oft felist fyrst og fremst í að ýta undir einstaklingshyggju (culture of individualism) og samstöðu um að viðhalda óbreyttu ástandi. Little (sama rit) ræðir einnig nokkrar tegundir samtarfs sem rannsóknir hafa sýnt að tíðkist meðal kennara meðal annars að ræða saman um einstaka nemendur eða einstök atvik, gefa ráð þegar leitað er eftir og skiptast á verkefnum. Ekkert af þessu felur í sér skipulegt samstarf,

ígrundun eða hefur að markmiði að skerpa og dýpka sýn kennarans á kennarastarfið.

Inntak samstarfs sem leiða á til þróunar kennsluhátta þarf að skilgreina vel. Í kjölfar slíkrar skilgreiningar þarf að vinna markvisst að því að efla samstarf kennara en um leið gæta þess að hefta ekki sjálfstæði kennarans og frumkvæði. Kennarastarfið er þess eðlis að það krefst bæði sjálfstæðis og frumkvæðis í vinnubrögðum og framgöngu. Þetta á ekki síst við um íslenska framhaldsskólakennara sem lengi vel höfðu enga námskrá og hafa enn frjálsar hendur með val á námsefni, kennsluaðferðum og námsmati. Kennsla felur í sér ábyrgð og *sjálfræði* (autonomy) og hugtakið „the autonomous teacher" hefur verið nokkuð lengi í umræðunni (sjá t.d. Little, 1990).

Þetta sjálfræði sem er eitt megineinkenni kennarastarfsins er hins vegar tvíbent. Það veitir ákveðna starfsánægju og margir kennarar telja þetta sjálfræði einn helsta kost starfsins en um leið getur það leitt af sér einangrun og jafnvel einmanaleika (Ahlstrand, 1994). Það er því mikilvægt að skilgreina hvers konar samstarf það er sem leiðir til þróunar og framfara án þess að frumkvæði og sjálfræði kennarans sé skert.

Í fyrri rannsókn minni með framhaldsskólakennurum (Hafdís Ingvarsdóttir, 2003) varð kennurum mjög tíðrætt um áhuga sinn og þörf fyrir að vinna betur með öðrum kennurum. Greining á þeim gögnum leiddi mig að hugtakinu *bandamaður* sem tákn fyrir þetta sérstaka samband sem skilur að samkennara eða félaga frá þessum samstarfsmanni sem ég nefni *bandamann.*

Bandamenn eru samkennarar sem *ákveða að vinna saman* markvisst vegna þess að þeir hafa sjálfsprottna löngun og áhuga á að vinna náið saman í þeim tilgangi að þróa kennsluna. Þeirra sjálfræði felst í að þeir vilja breyta og bæta kennslu og finnst fýsilegt að gera það í samvinnu við aðra. Þeir ganga inn í samstarfið á eigin forsendum. Það er því hvergi verið að skerða sjálfræði þeirra og ábyrgð. Samvinna bandamanna getur verið á mismunandi stigum, hún þróast og getur falið í sér allt að fimm þrepum. Samvinnan er misnáin eftir því á hvaða þrepi menn kjósa að halda sig. Fyrsta þrepið er að byggja upp gagnkvæma virðingu og trúnað milli samkennara sem ræða starf sitt á opinskáan og hreinskilinn hátt, veita hverjir öðrum virka hlustun, opna sig og skólastofu sína. Annað stigið er að leita markvisst eftir að fá innblástur frá hver öðrum en þeir eru þeir líka reiðubúnir að takast á og horfast í augu við að starfskenningar þeirra fari ekki alltaf saman. Þriðja stigið er að ígrunda saman það sem vel gengur og þau vandmál sem upp koma starfi og skilgreina hvað og hvernig þeir vilja bæta og breyta og hverju þeir vilja halda. Fjórða stigið er markviss efling sjálfsmyndar og sjálfstraust hvers annars með frekari skipulagðri ígrundun og samræðum og greiningu á kennslu hvers annars

(m.a. eftir heimsóknir). Fimmta stigið sem leiðir af hinum ef menn kjósa svo er að þeir ákveða að vinna enn nánar saman að því að rannsaka kerfisbundið ákveðna þætti í starfi sínu, „action research“ (MacNiff, 2006).

Sumt af því sem bandamenn gera á sér samnefnara í því sem sagt hefur verið almennt um samstarf meðal annars hér að framan. En skilgreiningin sýnir að samstarf bandamanna er í grundvallaratriðum frábrugðið þeirri merkingu sem almennt er lögð í samvinnu kennara:

- samvinnan er sjálfsprottin, kennarar hafa sjálfir kosið að starfa saman á þennan hátt; sjálfræði þeirra er því ekki ógnað á neinn hátt,
- samvinna bandamanna er markviss og skipulögð,
- gengið er út frá forsendum og starfskenningum hvers um sig á hverjum tíma og gert er ráð fyrir að fólk geti tekst á,
- ígrundun og gagnrýnin samræða er þungamiðja samstarfsins,
- markmiðið er að þróa kennsluna.

Fjölmörgum aðferðum er hægt að beita við samstarfið sem ekki er rými til að fara ítarlega út í en nefna má lesendum til glöggvunar leiðir eins og skriflega og munnlega ígrundun, halda ferilmöppu (portfolio), ræða myndbandsupptökur af kennslunni, heimsækja bandamann og ræða í kjölfarið það sem fram fór. Skoðum nú hvernig líkan að þróun kennsluhátta samkæmt ofansögðu gæti litið út.



Mynd 1. Líkan að þróun kennsluhátta

Efst í líkaninu er forsendan, skólamenningin, viðhorf til samstarfs. Þaðan vísar örin til vinstri til mikilvægis þess að ná fram starfskenningum fag-kennarans við ígrundun. Örin til hægri vísar til samstarfs bandamanna. Einnig er gagnvirkni milli ígrundunar um starfskenningar og samstarfs bandamanna. Eins og örvarnar sýna getur samstarfið leitt til starfs-rannsóknar, kerfisbundinnar athugunar á eigin kennslu þar sem gengið er út frá starfskenningu og náinni samvinnu tveggja kennara eða fleiri. Líkaninu er ætlað að endurspegla hvernig koma má á námssamfélagi sem leiðir til þróunar *kennsluhátta*. Víkjum nú að rannsókninni og verða viðhorf og aðstæður viðmælanda míns greind með hliðsjón af líkaninu.

Rannsóknin

Rannsóknin sem her er til umfjöllunar er hluti af stærri rannsókn sem hefur að markmiði að kanna viðhorf framhaldsskólakennara til breytinga á kennsluháttum. Hverju hafa þeir breytt og hverju vilja þeir breyta? Gagnasöfnun er þríþætt: Djúpviðtöl við kennara sem byggjast á starfssögum og sjálfsmyndarkissum (self-charcacterization sketches) og vettvangathugun.

Starfssaga lýtur sömu lögmálum og lífssaga (Goodson, 1992) en víkur frá henni að því leyti að í lífssögunni er allt lífið til skoðunar og ígrundunar en í starfssögunni hverfist ígrundunin einungis um þá lífsþætti sem beinast að starfinu. Hafa ber þó í huga að aðrir lífsþættir kunna óbeint að hafa haft áhrif á starfssöguna. Sjálfsmyndarskissur eru skrifleg lýsing þar sem kennarar lýsa sér og kennslu sinni séð með augum hliðholls félaga (Diamond, 1992; Hafdís Ingvarsdóttir, 2004). Þessi grein er byggð á frásögn Önnu en starfssaga hennar dregur einkar skýrt fram meginþætti sem rannsóknin beinist að: markmið, viðhorf til kennslu (kennsluaðferða og kennsluhátta) og viðhorf til breytingastarfs.

Anna er dæmi um áhugasaman, metnaðarfullan kennara sem hefur ánægju af starfinu. Hún búin að kenna í um 20 ár mestmegnis þriðja tungumál. Anna hefur BA próf frá Háskóla Íslands en hafði áður dvalist í þrjú ár við nám og störf í viðkomandi landi. Faglega var hún því vel undirbúin undir kennarastarfið. Sama verður ekki sagt um kennslufræðina. Hún byrjaði að loknu BA prófi að kenna úti á landi án þess að hafa stundað nám í kennslufræði og kenndi „allt mögulegt“ eins og gjarnan tíðkaðist. Seinna tók hún kennslufræðina „einhvern veginn á hlaupum ...á sumarnámskeiðum“. Viðhorf og hugmyndir Önnu eru þeim mun forvitnilegri þar sem hún starfar í skóla þar sem skilyrði verða að teljast hagstæð fyrir breytingar á

kennsluháttum og má þar nefna, stærð skóla (miðlungsstærð), ekki tíð kennaraskipti, skólastjórnun er talin mjög góð, nánd á milli kennara innbyrðis og kennara og skólastjórnenda ásamt hefð fyrir ýmiss konar samvinnu.

Markmiðið að opna dyr en ...

Markmið Önnu eru skýr en henni finnst hún ekki alltaf vera að vinna samkvæmt þeim og oft ekki ná þeim. Önnur markmið, annars eðlis vilja oft verða fyrirferðameiri þegar á hólminn er komið. Anna vill stefna að því að við lok námsins hafi nemendur öðlast heildarskilning og séu færir um að taka texta og lesa þá sér til gagns, geta leitað upplýsinga. „Þau eru svo föst í þessari beinu þýðingu í staðinn fyrir að skanna texta og ná merkingunni“ . Hún talar um að það sé eins og þau séu með innbyggt þýðingarforrit. Hún segist gera sér grein fyrir að hún geri nemendur sína ekki að sérfræðingum í tungumálinu á svo skömmum tíma (fjórar annir), það sé heldur ekki markmiðið, en hún vilji „opna dyr út í Evrópu að þessum heimi“ sem tungumálið er lykill að: „að vera búin að undirbúa jarðveginn“ fara og læra eitthvað í landi þar sem tungumálið er talað. Hún vill að nemendur hafi gaman af því að læra tungumálið og sjái gagnsemi þess að kunna það.

Anna segir að þótt þetta séu hin raunverulegu markmið standi hún sig oft að því að læsa sig fasta í annars konar markmið sem miðast að því að ljúka einhverju efni.

> Ég þarf að taka svolítið í hnakkadrambið á mér af því að einhverra hluta vegna var ég búin að setja þetta í kennsluáætlunina, festa það og þá ætla ég að komast áfram og maður er kannski að hafa áhyggjur af því að þau skipti um skóla og þá séu þau á svipuðu róli og aðrir skólar. Maður er svolítið með það í huga. En ég held samt að það skipti ekki máli. ... Maður ætti og maður vill kannski frekar dýpka og æfa þau meira í því sem maður er að vinna með.

Anna er hér að gefa í skyn það sem margir aðrir kennarar hafa tekið undir að þeir læsi sig svolítið fasta í áfangalýsingar sem samdar voru í lok 9. áratugarins í kjölfar laga um framhaldsskólann (Námskrá handa framhaldsskólum, námsbrautir og áfangalýsingar, 1990) í þeim tilgangi að samræma námsyfirferð og gera nemendum auðveldar að flytja sig á milli skóla. Þegar þetta er ritað (2006) liggja fyrir drög að nýrri námskrá þar sem kveður mjög við annan tón og horfið er frá atriðaupptalningu en hverjum áfanga eru sett skýr og ítarleg námsmarkmið.

Glíman við nemendur

Önnu finnst gaman að kenna og sjálfskissa hennar lýsir lifandi kennara sem er í góðu sambandi við nemendur. Hún vildi samt á margan hátt kenna öðruvísi en hún kennir en það er hægara um að tala en í að komast.

> ...kennslan hefur breyst. Mér finnst það hafa breyst sértaklega í okkar skóla og sjálfsagt í þessum skólum sem taka inn alla. ... Það sem mér finnst erfiðast núna er að vera að glíma við krakka sem eiga í sjálfu sér ekkert erindi inn í þetta nám. ... Það velja svo margir þetta tungumál sem halda að það sé eitthvað auðvelt og ætla bara að komast léttilega í gegnum. Svo reka þau sig á að þetta er ekki létt mál. ...Svo er það sem ég held að sé almennt í skólakerfinu að nemendur vinna ekki heima.

Anna hefur breytt og lagað kennsluna að þessum aðstæðum. Hún lætur nemendur vinna verkefni í tímum sem hún hefði annars látið þau gera heima „bara til þess að komast yfir" því lítið er á heimavinnu að treysta. Lenging kennslustunda þýðir að það hægt er að brjóta kennsluna öðruvísi upp og hún kemst yfir að láta nemendur vinna meira í tímanum.

Hún telur að nemendur hafi töluverð áhrif á hvernig hún kennir. Hóparnir séu misjafnir og kennarinn verði að laga kennsluna að nemenda-hópnum og þeirri staðreynd að ekki þýði að gera ráð fyrir mikilli heimavinnu.

Anna segist velta því fyrir sér hvort yfirferð námsefnis mætti ekki stundum vera fjölbreytilegri til að efla áhuga nemenda. Hún er að reyna margt nýtt með misjöfnum árangri og kveðst vera meðvituð um að fara þurfi ýmsar leiðir til að ná fram hinum raunverulegu markmiðum.

Anna þekkir umræðuna um að auka sjálfstæði nemenda í námi en segir að nemendur séu almennt ekki tilbúnir í slíkt. Hún hefur þó verið að reyna að láta nemendur á fjórða misseri bera meiri ábyrgð og sýna meira sjálfstæði. Í sumum hópum hefur það gengið vel og tekur dæmi um ferlisverkefni (project) sem hún reyndi nýlega og nemendur þurftu að skipuleggja frá grunni og líka meta hvernig gekk „og það kom ágætlega út". Það er ekki laust við smá undrun en líka svolítið stolt í rödd Önnu.

Að fá frið

Anna telur að kennsluaðferðir hennar hafi breyst talvert á þessum tveimur áratugum. Hún hafi ekkert kunnað að kenna þegar hún byrjaði „var voða græn og var að prófa mig áfram og gerði margar vitleysur“ en fór samt ekki að kenna á alveg sama hátt og henni var kennt. „ég var aldrei í þessu gamla sem ég fór í gegnum, lestur stíll og málfræði“. Hún segir að kennslubækurnar sem þá var farið að nota hafi einfaldlega boðið upp á annars konar kennsluaðferðir. Anna hefur aukið notkun markmálsins í kennslustundun bæði vegna þess að það er alltaf lögð áhersla á það á öllum námskeiðum „og svo hefur maður séð að það er auðvitað það sem maður á að gera“. Þarna hefur hún tvinnað saman nám í endurmenntun og reynslunám og fellt það að starfskenningu sinni. Enn í dag er hún að prófa eitthvað nýtt á hverri önn. Með auknu öryggi og sjálfstrausti er hún farin að leyfa sér að spila meira eftir hverjum hóp í stað þess að fylgja fyrirfram settri línu. Engu að síður segist hún vera mjög bundin af hefðinni og vildi sjá kennsluna meira lifandi. Aðspurð um ýmsar nýjungar í tungumálakennslu svo sem námsaðferðir og ferilmöppur segist hún kannast við flestar þeirra en ýmist ekki nota þær, nota þær ómarkvisst, stundum í einstaka hópum. Henni finnst mikilvægt að hver kennari hafi sjálfstæði til að haga kennslunni án of mikilla tilskipana og afskipta utanfrá.

Eins og áður er sagt benda rannsóknir til að breytingar á kennsluháttum byggist fyrst og fremst á vilja kennarans og með því að hugsun hans, það er starfskenningar, breytist (Hargreaves, 1994; Hafdís Ingvarsdóttir, 2004) að hann geti lagað nýjar hugmyndir að þekkingarkerfi sínu. Við sjáum af ofansögðu að Anna telur að *kennsluaðferðir* hennar hafi verið að þróast í rás tímans en undanfarið hafi hugsun hennar og viðhorf til kennslu verið að breytast talsvert og hún er farin að ræða um annars konar breytingar sem túlka má sem breytingar á *kennsluháttum* samanber skilgreiningu hér að framan.

Samstarf

Hugtakið breyting er eitt af þessum óljósu hugtökum sem notuð eru. Hvað merkir breyting? Anna telur að mörg námskeið hafi gefið henni mikla innspýtingu og að hún sé alltaf að breyta einhverju en þrátt fyrir það hefur

kennslan kannski ekki breyst í grundvallaratriðum. Yfirferð námsefnis er samkvæmt greiningu hennar mjög hefðbundin textayfirferð, málfræði, framburður, tal og ritun.

> Mér finnst maður vera svolítið bundin hérna [af hefðinni] finnst maður vera svolítið í þessari köntuðu kennslu. ...Svo þegar maður kemur sér úr hjólförunum þá er þetta náttúrlega miklu skemmtilegra eins og við erum búin að vera að gera í fjögur hundruð. ...Mér finnst það einhvern veginn, svolítið að koma sér upp úr þessum hjólförum, (hikar). Ef maður gæti það!

Hér er Anna farin að ræða um breytingar á kennsluháttum „að fara upp úr hjólförunum". Þessar nýju hugmyndir virðist hafa mótast í samstarfi við samkennara og ekki síður kennara sem kenna aðrar greinar. Í skólanum hafa kennarar verið að reyna nýtt samstarfsform. Allir tungumálakennararnir hittast hálfsmánaðarlega og ræða kennsluna. Þeir ákveða fyrirfram hvað er tekið fyrir og setja svo hugmyndir í sameiginlega möppu. Hér sést vísir að samstarfi bandamanna. Kennararnir eru líka að byrja að heimsækja hvern annan í kennslu. Önnu finnst það mjög hvetjandi „að sjá hvernig aðrir kenna og sýna öðrum hvernig maður kennir". Hún telur að það þyrfti að vera mun markvissara: „Mér finnst þetta ætti bara að vera hluti af skólastarfinu þannig að ég gæti bara beðið einhvern kennara að líta inn til mín og skoða eitthvað með mér". Einnig hefur hún ásamt samkennara prófað aðeins að láta bekki heimsækja hvor annan og hópana kenna hvor öðrum til dæmis að syngja eitthvað á markmálinu. Mestu áhrifin telur Anna samt hafa falist í að kenna alls ólíka grein en hún er nýbyrjuð að kenna lífsleikni. Þar uppgötvaði hún kosti samkennslunnar (sem m.a. kveiktu hugmyndir um kennara/nemenda-heimsóknir) og þar hefur hún kynnst kennsluháttum svo sem ferlisverkefnum (project) sem fyrir henni voru ný og hún hefur í framhaldinu nýtt sér í tungumálakennslunni. Þessi kennsluhættir hafa vísað henni veginn að því að „gera kennsluna meira lifandi... rífa sig upp úr hjólförunum".

Girðingar hugans

„Ef maður gæti það" segir Anna þegar hún talar um löngun sína til að söðla um í kennsluháttum. Athyglisvert er að allar hennar vangaveltur um breytingar tengjast samvinnu og samskiptum á einhvern hátt, við nemendur og við aðra kennara. Hún vill breyta hlutverki kennara og hlutverkum nemenda, hún vill breyta kennsluháttum. Hún sér fyrir sér í framtíðinni að hún vilji ekki vera bundin í þessu hefðbundna skólastofuumhverfi, einn

kennari með sína nemendur. Anna vill sjá meiri samkennslu, tvo kennara með stærri hóp og geta sinnt hverjum einstaklingi betur. „Og ég vil sjá tungumálakennsluna meira sem svona þú ert að kenna eitthvað lifandi fag, ekki sem eitthvað bóklegt fag. Vera ekki svona bundin einhverri bók“. Það er í samvinnu við aðra kennara og við að kynnast grein sem ekki hefur fyrst og fremst þekkingarmarkmið að leiðarljósi, nýrri grein sem ekki er bundin af hefðinni sem hefur haft mest áhrif á hugsun Önnu og gefið henni hugmyndir að róttækum breytingum. Það eru ekki skipanir að ofan heldur hugmyndir sem hún er sjálf að þróa „fær frið til að þróa“ eins og hún orðar það.

Anna segist eiginlega ekki vita á hverju strandi að stíga skrefið til fulls, og taka upp breytta kennsluhætti. Skólastjórnendur séu mjög hlynntir breytingastarfi og styðji kennara. „Það er samt fullt af girðingum (hikar) töflugerð og stofustærð“ bætir hún við. Anna hikar enn, lengur í þetta sinn, en segir svo eins og upp renni fyrir henni ljós „það kannski ekkert sem stoppar það“. Ekkert nema breyta hugsun sem er fastmótuð af langri hefð.

Með sjálfskissunni sinni skrifaði Anna „maður er oft eins og þver geit í girðingu og þá vantar einhvern til að sparka í mann”. En það er eitt af því sem bandamenn gera fyrir hvern annan, hvetja styðja og ögra.

Ef við beinum sjónum að líkaninu virðist ríkja í skólanum skólamenning sem hvetur til samvinnu. Þar eru dæmi um nokkuð nána samvinnu, a.m.k. fyrsta þrep bandalags. Anna telur sig eiga bandamann, milli þeirra ríki virðing og traust og þau ræða mikið um kennsluna. En Anna og bandmaður hennar ígrunda ekki markvisst og ekki á grundvelli starfskenninga sinna og þar fer ekki fram kerfisbundin athugun á eigin kennslu.

Greiningin undirstrikar það sem rannsóknir hafa gefið vísbendingar um að til að breyta kennsluháttum þurfi að rjúfa girðingar sem reistar eru úr hugsun, girðingar sem rofna með því að kennarar ígrundi kennsluna markvisst saman og skoði eigin kennslu kerfisbundið, skapi námssamfélag tveggja kennara eða fleiri. Með slíkum vinnubrögðum átta þeir sig hugsanlega á, eins og Anna, að stundum er það fyrst og fremst hugsun kennarans sem hindrar róttækar breytingar á kennsluháttum.

Heimildir

Ahlstrand, E. (1994). Professional isolation and imposed collaboration in teachers' work. Í I. Carlgren, G. Handal og S. Vaage, (Ritstj.), *Teachers' minds and actions. Research on teachers' thinking and practiec* (bls. 260-271). London: Falmer Press.

Butt, R., Raymond, D., McCue, G. og Yamagishi, L. (1994). Collaborative autobiography and the teacher's voice. Í I. F. Goodson (Ritstj.), *Studying teachers' lives* (bls. 51-98). London: Routledge.

Day, C. (1999). *Developing Teachers: The challenge of lifelong learning*. London: Falmer Press.

Diamond. C. T. P. (1992). Autoethnographic approaches to teachers' voice and vision. *Curriculum Inquiry, 22*(1), 67-81.

Eyrún María Rúnarsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir (2003). „Ertu frjáls?" Uppeldissýn og bekkjarumræður kennara. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls. 245-255). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Fullan, M. (2001). *The new meaning of educational change*. New York: Teacher College Press.

Fullan, M. (1993). *Change forces: Probing the depths of educational reform*. London: Falmer Press.

Goodson, I. F. (Ritstj.) (1992). *Studying teachers' lives*. London: Routledge.

Grimmett, P. og Dockendorf, M. (1999). Exploring the labyrinth of researching teaching. Í J. Loughran (Ritstj.), *Researching teaching. Methodologies and practices for understanding pedagogy*. London: Falmer Press.

Hafdís Ingvarsdóttir (2004a). „Ef það er eitthvað sem þeim þykir áhugavert." Enskukennsla við upphaf 21. aldar. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum V*. (bls. 471-482). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Hafdís Ingvarsdóttir (2004b). Mótun starfskenninga íslenskra framhaldsskólakennara. *Tímarit um menntarannsóknir*. Félag um menntarannsóknir, *1*(1), 39-48.

Hafdís Ingvarsdóttir (2003). „Ísland hefur enga hefð fyrir að kenna raunreinar. " Frá sjónarhóli raungreinakennarans. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum IV* (bls. 321-332). Reykavík: Félagsvísindadeild, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Hargreaves, A. og Evans, R. (Ritstj.) (1997). *Beyond Educational Reform*. Buckingham: Open University Press.

Hargreaves, A. (1994). *Changing teachers, changing times - Teachers' work and culture in the postmodern age*. New York: Teachers' College Press.

James, C. og Connolly, U. (2002). *Effective change in scools*. London: Routledge-Falmer.

Lang, M., Olson, J., Hansen, H. og Bunder, W. (Ritstj.) (1999). *Changing schools, changing practices: perspectives on educational reform and teacher professionalism*. Leuven: Garant.

Little, W. J. (1990). The persistance of privacy: Autonomy and initiative in teachers' professional relations. *Teachers College*, Columbia University, *91*(4), Summer, 509- 535.

Lortie, D. (1975). *Schoolteacher: A sociological study*, Chicago: University of Chicago Press.

McNiff, J. og Whitehead, J. (2006). *All you need to know about action research.* London: Sage Publications.

Námskrá handa framhaldsskólum, námsbrautir og áfangalýsingar. Þriðja útgáfa (1990). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, skólaskrifstofa.

Woods, P. (1986) *Inside schools.* London: Routledge og Kegan Paul.

Woods, P., Jeffrey, B., Troman, G. og Boyle, M. (1997). *Restructuring Schools, reconstructing teachers.* Buckingham: Open University Press.

Research into policy implementation Theoretical spaces[1]

Jakobína Ingunn Ólafsdóttir

This article builds on work in progress and is a part of a doctoral research into policy implementation. The purpose of the research is to create an insight into how individuals make sense of policy signals, themselves, their experiences, their organisation and organisational phenomena in relation to the implementation of policy put forward by the educational authorities in Reykjavik. In sharing this part of my work I hope to convey to doctoral students and new researchers some ideas of how to build a foundation for structuring the conceptual framework in an organisational research.

Doctoral work consists of many phases and parts. In general the research student's first step is to choose a topic and consider a wider aim of the research. In interpretative research the first phase is of dialectical nature where research topic, aim, purpose and research questions consult each other. These elements of the research act as a blueprint for further progress of the work. When the purpose and the aim of the work are clear and concise the focus in the diverse elements of the work sharpens. Initially there is an emphasis on the research proposal where all parts of the research need to be given some attention. This includes general description of the research topic and background, research questions and the purpose for undertaking the research, theoretical field, methodology, research design and outlining the research. The challenge at this stage of the research is to create a coherence that will guide in the continuation of the work. All of the parts of the research proposal need further deliberation as the work progresses. **In this article the theoretical outline of my research will be discussed in light of how the research questions direct the research into theoretical spaces.**

Research into policy implementation in school systems has been evolving for the last decades. It has been criticised that the research in the field of

[1] Verkefnið er styrkt af Rannsóknarnámssjóði Íslands

policy implementation is reductionistic (Spillane, Reiser and Reimer, 2002; Coburn, 2001; Czarniawska-Jorges, 1992). It fails to take into account organisational culture (Czarniawska-Jorges, 1992), individual and collective sense making (Spillane et.al., 2002; Coburn, 2001) and most research in the area focus on policy or implementation at one level, i.e. macro, meso or micro level of implementation and policy making. The novelty of this research is that it will be conducted at macro, meso and micro level and focus on individual and collective sense making as well as organisational culture.

The research

Every year school authorities in Reykjavik issue a document titled *The Operational plan for Primary and lower secondary Education in Reykjavik*. The operational plan accounts for, among other things, the authority's vision and policy. The document states that the main purpose of the Office of Primary and Lower-Secondary Education is to maintain a professional leadership, for primary and lower-secondary education *(grunnskólamenntun)* headed by the municipality, and uphold school development to establish a basis for policy (Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, 2003). The Educational (political) Authorities for primary and lower-secondary schools in Reykjavik have in cooperation with the Office of Primary and Lower-Secondary Education developed a strategic plan/policy for implementing personalised education for the following ten years.

The following research questions are put forward at the outset of the study:

1. What is the ideology and vision underlying the creation of the policy, put forward by the municipal authorities in Reykjavik, regarding personalised education?
2. How do head-teacher and teachers make sense of this policy in relation to their personal and professional beliefs?How do head-teachers and teachers, interpret this policy with regard to their organisational context?

The second question is of philosophical nature and explores head-teachers and teachers' ideas about teaching practices in relation to the content of the espoused policy but the third question is of more practical nature and seeks to shed light on how teachers and head-teachers belief that

aspects of their working environment influences their ability to follow the policy in their teaching practices.

In asking the questions stated above a direction is taken into separate theoretical spaces. The research questions open up investigation into the following theoretical areas:

- Organisational structures and processes
- Organisational culture and social phenomena
- Individual's epistemological beliefs and personal experience

The content of the policy as described in the following section sets the background for the investigation

The policy

The Operational plan for Primary and Lower-secondary Education in Reykjavik 2005 (Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, 2005) includes the following as elements of their policy:

- The primary and lower-secondary schools apply **open and flexible practices**, where pupils **work independently as well as in cooperation with others**, with the aid of information- and communication technology
- Different individuals, gifted as well as those pupils who need more time for learning, **are met with challenging assignments according to their abilities** and **with reference to multi-intelligence and multicultural society**
- Pupils are **responsible** participants in their education and work according to a **plan that is made jointly by pupils, teachers and parents**. Objectives and the path towards the objectives are set in these plans
- **Pupil's cooperation, thematic work, mixing dissimilar individuals in groups, independent assignments, creativity and initiative are stressed** as well as giving the pupils opportunity for distance education.
- Pupils are to learn to **choose critically** from material on the Internet, in books and in articles. They are to learn to **evaluate material and to make use of it**.
- Pupil's achievements are to be **assessed with varied methods, cooperatively and continuously**.

- Each pupil is assigned to a main teacher **but teachers and other staff work in close cooperation (teams) and carry mutual responsibility for a defined group of pupils within a level as well as from multiple levels** [Author's emphasis].

Generally the aims stated above entail a shift from teacher-centred approaches to learner-centred approaches in the classroom. When examining the objectives, introduced in the policy, questions surface as to what they entail for individuals and school organisations in the area.

Weick (1995) maintains that individuals have latitude to act outside the mechanisms of the formal system of organisations. Individuals can and do act upon their understanding of events or phenomena. It follows that the actual implementation of the policy in practice becomes uncertain. This uncertainty relates to the processes that are set in motion once the policy and its content have been presented. Questions arise as to what factors affect how the policy is received. The questions I am asking at the moment are those I deem as likely to result in answers that will shed a light on these connections.

Planning for the future is an activity intended to increase the likelihood of it to be in our favour. Furthering our understanding of phenomena affecting change processes necessary for implementation of plans could be a factor in increasing the likelihood of outcomes that support our aims.

The usefulness of this research for teachers, officials, politicians and academics is subject to what people perceive as desirable and useful. As I evaluate the contemporary requirements of schooling there is a demand for knowledge, explanations and deeper understanding of how the theory ingrained in the policy translates into practice. The purpose of this research is not to investigate how theory translates into practice but is intended to serve as a link in explaining the processes at work when translating theory into practice.

Theories

The approach to the research is holistic in the sense that phenomena are investigated across organisational boundaries at levels of the individual, the organisation and aspects of the organisational environment. Cornelius (2005) discusses cross level investigations and categorises the levels as micro (individual), meso (organisation) and macro (organisational environment)

and quotes Gagnon and Cornelius (2000) in conceptualising this approach as meta-systemic approach.

Looking into the meaning individuals, at different levels of the school system, give to the policy content and how they perceive the implications of implementing it rests at the heart of this investigation. Doing a literature review based on the aim stated above requires some thinking about as how to outline the literature review. At this point it is useful to single out some concepts to assist the search of the literature.

Focus

The investigation is done against a background of proposed implementation of personalised education in lower-secondary schools in Reykjavik. In order to undertake such research there needs to be an underlying principle in the search and review of the literature. In order to build a principle for literature review the following is postulated:

- Processes set in motion by the introduction of the policy are instigated at individual, organisational and environmental levels
- Individuals make sense of the policy individually and collectively
- Sense making results in personal and social constructs

These postulates have guided a review of literature containing theories and empirical research on following phenomena:

- Implementation
- Organisational phenomena
- Organisational learning and professional communities

It is intended to look at these phenomena from following viewpoints:

- Individual- cultural
- Individual and collective sense making
- Personal construct theory and social construction
- Phenomenology

Sorting out the literature in the areas of implementation, organisation theory, organisational learning and professional community is a work in progress. These areas of the literature deal with different aspects of my investigation. Investigating schools in light of organisation theory adds dimension to the research of learning environments (Johnson and Owens, 2005; Johnson and Fauske, 2005). In the following sections some areas of the literature relevant to the present research are discussed.

Policy content

When the policy content is examined it reveals that authorities are giving practitioners multiple signals about how the authorities envision exemplary practices in school. Each signal handles specified characteristics of a school. In essence the content of the policy deals with structure, processes and agency in primary and lower-secondary schools in Reykjavik. I have listed how each of these characteristics can be looked at on a continuum (see figure 1).



Figure 1. The characteristics of the authorities policy seen as opposite poles on a continuum

The content of the authorities' policy for personalised education in primary and lower-secondary schools in Reykjavik can be understood as an expression of willingness to move education in schools in Reykjavik along continua toward a more constructivist education. Constructivist education, as

put forward by Dewey (1938), entails that new knowledge is incorporated into preexisting knowledge and experience.

Pupils participate actively in the classroom in constructing the knowledge. Constructivist education allows teachers to structure their practices in various ways (Knight, 2002).

Each school has something in common and something unique in relation to each other (Finnan and Levin, 2000) in how it goes about its practices. The complexity of schooling sets the ground for policymaking and confronts the policymakers with uncertainty. Each primary and secondary school in Reykjavik can be described differently with regard to the characteristics listed above. Implementation of personalised education as proposed by the authorities has therefore different implications for individuals with regard to the characteristics of their organisation. If school characteristics are currently positioned to the far left on the continuum, presented above, implementing the policy entails a paradigm shift for those involved.

Making sense of the policy and its implications

As has been stated the research sets out to investigate how individuals make sense of the policy signals, themselves, their experiences, their organisation and organisational phenomena in relation to the implementation of the policy presented by the authorities.

Schools' reluctance to change (Giles, 1995) and difficulties in implementing innovative practices (Tyack and Cuban, 1995; Cohen and Spillane, 1992; Sarason, 1990) are noted in the literature. Policy implementation research has concentrated on factors that hinder a successful implementation. How policy is designed and proposed, the nature of organisational and social phenomena, individual interests, capacity or lack of redundancy are recognised as hindering a successful policy implementation (Coburn, 2005; Coburn, 2001; Spillane et.al., 2002; Van den Berg, Vandenberghe and Sleegers, 1999; Tyack and Cuban, 1995; Weatherley and Lipsky, 1977). Spillane et.al. (2002) point out that these explanations build on the principles of principal-agent and rational choice theories. Researchers point out that these approaches leave gaps in the knowledge on implementation in organisations.

Sense making

It is argued that research into policy change/implementation has failed to take notice of the complexities of human sense making (Spillane et.al., 2002; Coburn, 2001). The sense making process is not simply to understand or interpret emerging phenomena but has deeper and more tacit aspects and is shaped by a prior foundation of knowledge, beliefs and values. Sense making deals with the initiating state of uncertainty. It occurs at a state when it is not yet obvious that things cannot be taken for granted (Weick, 1995). It can therefore be misleading to view products of sense making as intentional or deliberately self-serving (Spillane et.al., 2002).

Weick (1995) points out, that to facilitate problematic situations to be converted into problems in organisations, practitioners must make sense of an uncertain situation that has not been given a meaning. Elements become understood as "the things" of the situation. Some rationale is imposed on it, which becomes a guide to directions and actions taken as a consequence. Senge (1990) claims that problems do not have natural or explicit boundaries. Individuals define and categorise problems. Problems are the creation of those who define them.

In designing a policy for the primary and lower-secondary school system the authorities are creating an interruption. Something is now on the horizon that was not there before and needs to be made sense of. It can be said that the schools are now confronted with making sense of this interruption but in reality the individuals in the organisations, in the schools as well as within the authorities, need to make sense of it, collectively and individually. Daft and Weick (1984) maintain that the process of organisational interpretation is more than takes place only by individuals. Memories and cognitive maps are embedded in organisations (Argyris and Schön, 1974; Argyris and Schön, 1996; Daft and Weick, 1984). Those are maintained although individuals leave the organisation and new individuals arrive. Sense is made of new phenomena both individually and socially. The process of sense making is dialectic in nature. It is about creating as well as receiving (Weick, 1995). As the research progresses it becomes clear that the analysis of phenomena under investigation need to fall into a system of thought. One could say simply that people make sense of phenomena and so what? The "so what" becomes the next challenge.

Personal construct theory

Individuals understand, interpret, make sense of and construe reality. Resent studies in education (Pope, 2005) and organisation (Cornelius, 2005; Brophy, Fransella and Reed, 2005; Fransella, 2005) build on Kelly's (1963) theory of personal constructs. Bannister (2005) points out the following aspect of Personal Construct theory:

> A central contention of construct theory is that constructs are not verbal labels. A construct is the actual discrimination a person makes within the elements of his experience (p. 26).

Personal construct theory grasps an aspect of the complexity of the dynamic interaction between the individual and his environment. Theories of personal construct (Fransella, 2005) and sense making (Spillane et.al., 2002; Coburn, 2001) are powerful tools for exploring the forces at work in the creation of individual and collective understandings.

Organisational culture

Much is yet not well understood about the functioning of organisations, schools as well as other organisations. The complexities of organisations have tended to put limitations to approaches in organisation studies (Czarniawska-Jorges, 1992). Researchers have singled out concrete problems and ignored contexts resulting in simplified imageries in understandings. Forethought needs to be applied in reducing and delimiting the research problem as well as in reading into and making sense of findings.

Organisations can be observed with respect to the various properties attributed to them (Morgan, 1997; Mintzberg, 1998). Wikstrom and Normand (1994) emphasise that it is important to assess how an organisation is characterised with regard to the purpose of the observation. Alveson (2002) points out that the concept of organisational culture can be used as a variable or as a metaphor for the organisation. He claims that viewing organisational culture as a metaphor for the organisation represents a theoretically informed approach with rich interpretative potential. Alveson concludes that a variety of factors that influence the direction and well being of the organisation are aspects of the organisational culture.

The traditional way to observe schools is, according to Van den Berg, Vandenberghe and Sleedgers (1999), mechanical and rational. Van den Berg et. al. claim that schools need to be observed in a more dynamic and creative way. It is postulated in this research that aspects of school culture such as

knowledge, beliefs, values and routines influence collective and individual sense making in respective schools.

Sarason (1990) argues that the process of implementation of new ideas, of how to shape practises in schools, entails an understanding of the setting in which these ideas are to be embedded. Organisational culture is a part of the organisational context. Organisations have been studied from cultural perspectives in the last decades and research with cultural approach has been growing since 1990. The importance of the culture in organisation studies is recognised (Angelides and Ainscow, 2000; Czarniawska-Jorges, 1995; Schein, 1985) although there are different interpretations of the concept in the literature.

Phenomenology

The research builds on an interpretative method and data is analysed within a phenomenological framework (Moran, 2000). Interpretive inquiry opens possibilities to look at the subject from the participant's points of view. The participants in the research will in this manner guide the way towards a further understanding of organisational phenomena.

According to Moran (2000, p. 4) phenomenology is "a radical way of doing philosophy, a practice rather than system". A phenomenon is investigated in all possible aspects as it appears in the experience of an individual or individuals as they make sense of it. The phenomenological practice supports the aim to describe the meaning shared by individuals of concepts and phenomena.

One of the more important aspects of this investigation is participants' experiences and the meaning they give to them. The processes that are expressed through participants' account of their experiences and worldviews create ground for interpretation, explanations and reflections.

Conclusions

The initial aim of the research is to answer the three following research questions:

1. What is the ideology and vision underlying the creation of the policy, put forward by the municipal authorities in Reykjavik, regarding personalised education?

2. How do head-teacher and teachers make sense of this policy in relation to their personal and professional beliefs?How do head-teachers and teachers, interpret this policy with regard to their organisational context?

It is noted that the investigation is aimed at processes that are set in motion by the introduction of the policy of personalised education in primary and lower secondary schools in Reykjavik. The aims, philosophy and design of the research direct the attention towards how individuals make sense of phenomena in organisational context.

Aspects of theories of sense making and personal construct are in line with what needs to be done to bring to light and comprehend the dynamics of individual and collective understandings. These understandings relate to the content of the policy introduced by the authorities and the implication of enacting it in organisational context.

Individual and organisational phenomena are investigated through a cultural perspective. I have deliberately not attempted to define the concept of culture in this article so far. The aim is to look at culture through a knowledge metaphor. It implies that culture has tacit as well as explicit dimensions to it. It acts as a filter, through which new knowledge and ideas have to get through in order to be made sense of, accepted, normalised and incorporated into the organisation.

As stated at the beginning of this article it builds on a work in progress. The theoretical framework of the dissertation is incomplete and work on it will be ongoing throughout the journey towards the finished dissertation.

The purpose of this article is to shed light on one way of how to design a literature review in a manner that helps outlining the research and clarify its rationale. It serves to sharpen the focus in the literature search and ongoing work.

Reference

Alveson, M. (2002). *Understanding organizational culture.* London: Sage Publications.

Angelides, P. and Ainscow, M. (2000). Making sense of the role of culture in school improvement. *School effectiveness and school improvement, 11*(2), 145-63.

Argyris, C. og Schön, D. (1974). *Theory in practice: increasing professional effectiveness.* San Francisco: Jossey-Bass Publishers.

Argyris, C. og Schön, D. (1996). *On organizational learning II. theory method, and practice.* Reading, MA: Addison-Wesley Publishing Company.

Bannister, D (2005). The logic of passion. In F. Fransella (ED), *The essential practitioner's handbook of: personal construct psychology* (pp. 15-28). West Sussex: John Wiley and Sons.

Broby, S. Fransella, F. and Reed, N. (2005). The power of good theory. In F. Fransella (ED), *The essential practitioner's handbook of: personal construct psychology* (pp. 29-38). West Sussex: John Wiley and Sons.

Coburn, C. E. (2001). Collective sensemaking about reading: How teachers mediate reading policy in their professional communities. *Educational evaluation and policy analysis*, *12*(2), 145-170.

Coburn, C. (2005). Shaping teacher sensemaking: school leader and the enactment of reading policy. *Educational Policy 19*(3), 476-509.

Cohen, D. K. and Spillane J. P. (1998). Policy and practice: relationship between governance and instruction. *Review of research in education, 18,* 3-49.

Cornelius, N. (2005). Charting organizational change. In F. Fransella (ED), *The essential practitioner's handbook of: personal construct psychology* (pp. 213-221). West Sussex: John Wiley and Sons.

Czarniawska-Jorges, B. (1992). *Exploring complex organizations: a cultural perspective.* Newbury Park, Ca.: Sage Publications.

Daft, R. L. and Weick, K. E. (1984). Toward a model of organizations as interpretation systems. *Academy of management review, 9*(2), 284-295.

Dewey, J. (1938). *Experience and education.* New York: Touchstone.

Finnan, C. and Levin, H. M. (2000). Changing school cultures. In H Altrchter and J Elliott (Eds), *Images of educational Change* (pp. 87-98). Buckingham: Open University Press.

Fransella, F. (2005). From theory to research to change. In F. Fransella (ED), *The essential practitioner's handbook of: personal construct psychology* (pp. 95-106). West Sussex: John Wiley and Sons.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2003). *Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík* (drög). *The operational plan for primary and lower secondary education in Reykjavik.* Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2005). *Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík* (drög). *The operational plan for primary and lower secondary education in Reykjavik.* Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Gagnon, S. and Cornelius, N. (2000). Re-examining the workplace inequality: the capabilities approach. *Human resource management journal*, *10,* 68-87.

Giles, C. (1995). School-based planning: are UK schools grasping the strategic initiative? *The International journal of educational management, 9*(4), 4-7.

Johnson, B. L. Jr. and Owens, M (2005). Building new bridges: linking organization theory with other educational literatures. *Journal of educational administration*, *43*(1), 42-59.

Johnson, B. L. Jr. and Fauske, J. R (2005). Introduction: organization theory, education leadership and educational research. *Journal of educational administration*, *43*(1), 5-8.

Kelly, G. A. (1963). *A theory of personality: the psychology of personal constructs*. New York: W. W. Norton and Company.

Knight, J. (2002). Crossing boundaries: what constructivist can teach intensive –explicit instructors and vice versa. *Focus on exceptional children, 35*(4), 1-16.

Mintzberg, H. Ahlstrand, B. and Lampel, J. (1998). *Strategy safari.* London: Prentice Hall.

Moran, D. (2000). *Introduction to phenomenology.* London: Routledge.

Morgan, G. (1997). *Images of Organization.* Thousand Oaks, CA: Sage Publications.

Pope, M. (2005). (2005). Construing teaching and teacher education worldwide. In F. Fransella (ED), *The essential practitioner's handbook of: personal construct psychology* (pp. 195-202). West Sussex: John Wiley and Sons.

Sarason, S. B. (1990) *The predictable failure of educational reform.* San Francisco CA: Jossey-Bass.

Schein, E. (1985). *Organizational culture and leadership: a dynamic view*. San Francisco: Jossey-Bass.

Senge, P. M. (1990). *The fifth discipline: the art & practice of the learning organization.* Sidney: Random House.

Spillane, J. P. Reiser, B.J. and Reimer, T. Policy implementation and cognition: reframing and refocusing implementation research. *Review of educational research. 72*(3), 387-431.

Tyack, D. and Cuban, L. (1995). *Tinkering toward utopia: a century of public school reform.* Cambridge: Harvard University Press.

Van den Berg, R. Vandenberghe, R. and Sleedgers, P. (1999). Management of innovations from a cultural-individual perspective. *School effectiveness and school improvement, 10*(3), 321-351.

Weick, K. E. (1995). *Sensemaking in organizations.* Thousand Oaks, CA: SAGE Publications.

Weatherley, R. and Lipsky, M. (1977) Street level bureaucrats and institutional innovation implementing special education reform. *Harvard educational review, 47*(2), 171-197.

Wikström, S. Normann, R. Anell, B. Ekvall, G. Forslin, J. et.al. (1994). *Knowledge and value: a new perspective on corporate transformation.* London: Routledge.

„Það er þetta svolítið með að opna gluggana“
Áhrif sjálfsmats í skólum á kennara

Sigurborg Matthíasdóttir
Sigurlína Davíðsdóttir

Íslenskum grunn- og framhaldsskólum var gert skylt með lögum að gera sjálfsmat á eigin starfi (*Lög um grunnskóla* nr. 66/1995; *Lög um framhaldsskóla* nr. 80/1996). Skólastjórnendur töldu sig misjafnlega vel í stakk búnir til að standa undir þessari lagaskyldu, eins og fram kom í óformlegum viðtölum og umræðum eftir fyrirlestra á ráðstefnu um mat á skólastarfi, haldinni í Menntaskólanum við Hamrahlíð 22. mars 2003. Þeir skólastjórnendur sem rætt var við, töldu að þekking á matsaðferðum væri einfaldlega ekki fyrir hendi í nægilega ríkum mæli í skólakerfinu. Menntamálaráðuneytið gaf út bækling með leiðbeiningum um sjálfsmat og viðmið fyrir það, og háskólar sem sjá um kennaramenntun buðu einnig upp á slíkar leiðbeiningar. Í Háskóla Íslands var farið að bjóða upp á meistaranám í mati og skólaþróun árið 1996.

Sjálfsmat sem leið að því að meta skólastarf hefur verið farin víðar, og hefur gefist misjafnlega. Þannig er alls ekki ljóst að sjálfsmat þjóni allsstaðar þeim tilgangi að bæta skólastarfið. Til dæmis fundu Geert og Verhoeven (2003) að skólar virðast eiga mjög erfitt með að nota gögn sem þeir safna til að gera þróunaráætlanir út frá þeim og enn erfiðara með að koma þróunar-áætlunum sínum í framkvæmd. Skólar virðast því þurfa mjög á aðstoð að halda ef sjálfsmatsvinna þeirra á að koma þeim verulega til góða. Þetta er í samræmi við það sem Swaffield og MacBeath (2005) setja fram um hlutverk gagnrýnins vinar (e: critical friend), sem geti aðstoðað skólana við sitt hlutverk, en því aðeins að það sé gert í réttu samhengi og með réttum aðferðum. Sjálfsmat getur leitt í ljós vankantana í skólastarfinu og veitt skólastarfsfólki tæki og tól til að breyta því sem aflaga hefur farið. Þegar í ljós kemur, eins og stundum gerist, að skólinn virðist ekki geta þjónustað bæði kynin jafn vel eða börn úr mismunandi þrepum þjóðfélagsins (Kyriakides, 2004), er veruleg þörf á að skólastarfsfólk líti í eigin barm og reyni að finna leiðir til úrbóta. Þá er einnig mikilvægt að hlusta á raddir þeirra sem nota

þjónustu skólans, barnanna sjálfra, til leiðbeiningar um starfið, en stundum kemur þar fram ýmislegt sem gengur gegn viðteknum hugmyndum (Howieson og Semple, 2000; Smith, McKay og Chakrabarti, 2004). Meuret og Morlaix (2003) stinga upp á að reynt sé að blanda saman hinum ýmsu nálgunum, t.d. bæði tæknilegum (þar sem byggt er á spurningakönnunum og heildaryfirliti) og þátttakendamiðuðum (þar sem byggt er á viðtölum og vettvangskönnunum), til að fá fram sem flesta þætti sem sjálfsmat þarf að taka á. Þetta er í samræmi við niðurstöður Pang (2000), þar sem fram kemur að eftir að skoðaðar hafa verið vísbendingar um framfarir í skólastarfi, virðist ljóst að sjálfsmat skili betri árangri en ytra mat á skólastarfinu. Þetta er þó háð því að sjálfsmat sé gert þannig að sem bestur árangur fáist af því (Geert og Verthoeven, 2003; Swaffield og MacBeath, 2005). Undanfarin ár hafa menntayfirvöld gert æ meira af því að beina matskerfi í skólum inn á þá braut að skólar meti sjálfir eigið starf, eins og endurspeglast í lagasetningunni hérlendis (Lög um grunnskóla nr. 66/1995; Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996). Samkvæmt því sem hér hefur komið fram, virðist sjálfsmat þó ekki vera nein allsherjarlausn, heldur virðist árangur af því vera háður því, hvernig að því er staðið og ekki allar aðferðir jafn gagnlegar. Nálgunin sem notuð er, skiptir verulegu máli.

Hér á eftir verður rætt um tvær nálganir að sjálfsmati skóla, sem taka fyrst og fremst mið af þátttakendum í matsferlinu, þ.e. valdeflingarnálgun (e: empowerment) og rökræðulýðræði (e: deliberative democratic). Í báðum þessum nálgunum er áherslunni beint að þeim sem framkvæma sjálfsmatið til þess að efla þá sem mest í því að vinna gott starf sem er til hagsbóta fyrir alla stofnunina.

Valdeflingarnálgun

Brunner og Guzman (1989) og McGee og Starnes (1988) urðu fyrstir til að stinga upp á valdeflingarnálgun við mat, en hún varð vel þekkt eftir að Fetterman (1994) ræddi hana í ávarpi sínu sem forseti bandarísku matsfræðingasamtakanna í Dallas í Texas árið 1993. Fetterman (2001) skipti valdeflingarlíkanu í þrjú stig: a) að koma sér niður á framtíðarsýn, eða tilgang sem sameinar þá sem vinna að honum; b) að ákvarða, hvernig staðan er, bæði hvað varðar styrkleika og veikleika; og c) að gera áætlanir um framtíðina með því að þátttakendur setji sér markmið og þeim sé síðan hjálpað til að ákvarða eigin vinnu að þessum markmiðum. Í öllum þessum stigum er innifalin sú valdefling sem ráðgjafinn getur veitt starfsfólki skólanna til að

ákveða sjálft hvert það vill að matið stefni, hvað eigi að meta og til hvers. Matsmaðurinn er þá eins konar þjálfari fyrir starfsfólkið meðan það er að vinna sjálft að eigin mati.

Rökræðulýðræði

House og Howe (2000) telja að uppfylla þurfi þrenns konar skilyrði til að matsverkefni geti talist uppfylla viðmið um *rökræðulýðræði*: (a) að allir helstu hagsmunaaðilar eigi aðild að matinu; (b) að samræður hafi átt sér stað á matsferlinu; og (c) að rökrætt sé um niðurstöðurnar. Showers og fleiri (Joyce og Showers, 1987; Showers, 1985) hafa komist að því að með því að nota aðferðir sem þessar, er mun líklegra að niðurstöðurnar verði notaðar. Niðurstöður þeirra sýna að fólk man mun betur eftir því sem það vinnur að en því sem það heyrir eða sér, og það hefur meiri áhuga eftir því sem það er virkara í ferlinu. Þetta eru veigamikil rök fyrir því að nota slíka nálgun við sjálfsmat skóla, þar sem slíkt mat getur verið áhrifaríkt tæki til að bæta skólastarfið, sé það notað þannig að almennur áhugi verði fyrir því að notfæra sér niðurstöðurnar. Niðurstöður rannsóknar Sigurlínu Davíðsdóttur og Penelope Lisi (2004) benda til þess að lýðræðisleg þátttaka í matinu auki ánægju kennara með stjórnendur sína og starf sitt.

Áhrif sjálfsmats á viðhorf kennara í framhaldsskólum

Hér á eftir verður rætt um rannsókn Sigurborgar Matthíasdóttur (2006) á viðhorfum kennara í framahaldsskólum til sjálfsmats. Rannsóknin er unnin með blandaðri aðferðafræði og niðurstöður hennar byggja á spurninga-könnun sem lögð var fyrir úrtak rúmlega 200 framhaldsskólakennara í fimm framhaldsskólum og viðtölum við 7 starfandi framhaldsskólakennara. Úrvinnslan var byggð á greiningu viðtalanna með aðferð grundaðrar kenningar og tölfræðiaðferðunum þáttagreiningu, dreifigreiningu og aðhvarfsgreiningu. Áhrif af sjálfsmati voru einnig skoðuð út frá kenningum Kirkhart um matsáhrif og Mark og Henry um áhrifaferla sem verða vegna matsferlisins og verða á einstaklinga, milli einstaklinga og milli hópa.

Viðhorf framhaldsskólakennara til sjálfsmats

Niðurstaða rannsóknarinnar er að viðhorf framhaldsskólakennara til sjálfsmats séu almennt jákvæð. Stærstur hluti kennara eða 70% telur að sjálfsmat sé farsæl leið til þess að bæta starfshætti skóla. Tveir þriðju hlutar telja að tíma sem varið er til sjálfsmats sé vel varið. Meginniðurstaðan er því að stærsti hluti kennara er jákvæður gagnvart sjálfsmati. Viðtöl við kennara gefa einnig þá mynd af kennurum að þeir séu jákvæðir gagnvart sjálfsmati og sjái marga kosti við þá áherslu sem verið hefur á sjálfsmat undanfarin ár. Margir kennarar líta á það sem tækifæri til þess að skoða, ræða um og íhuga hvað þeir eru að gera í kennslunni. Þeir telja að sjálfsmat hafi gefið faglegum umræðum og samstarfi kennara aukið vægi í daglegum störfum þeirra. Þeim finnst einnig að sjálfsmat gefi aukin tækifæri til þess að rjúfa faglega einangrun. Margir líta á ferlið sjálft sem jafnmikilvægt og niðurstöður sem fást úr könnunum eða úttektum. Þeir telja einnig að niðurstöður úr viðhorfskönnunum meðal nemenda hafi margþætt áhrif. Sum varði kennsluna beint en önnur óbeint til dæmis geti athugasemdir frá nemendum orðið til þess að aðbúnaður batni. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsóknar Sigurlínu Davíðsdóttur og Pennelope Lisi (2004) í tveimur framhaldsskólum sem tekið hafa upp nálgun lýðræðislegs umræðumats (rökræðulýðræði).

Um 10% kennara eru neikvæð gagnvart því hvort finna megi áhrif af sjálfsmati á skólastarf og 10 – 20% kennara eru neikvæð í garð ýmissa þátta er varða sjálfsmat og áhrif þess á skólastarfið. Þetta virðist því vera um það bil sá hluti kennara sem í dag tekur neikvæða afstöðu til starfa að sjálfsmati og áhrifa þess á kennara.

Þriðji hluti kennara er svo mismunandi stór hópur sem er ekki alltaf tilbúinn til þess að taka afstöðu til þess hvort og hvernig sjálfsmat hafi áhrif. Þessi hópur er um þriðjungur þegar spurt er um jákvæð áhrif almennt en helmingur þegar spurt er út í jákvæð áhrif síðustu tvö ár. Nokkuð stór hluti kennara virðist því vera tvístígandi þegar kemur að áhrifum sjálfsmats á skólastarf. Það að kennarar séu beggja blands með ýmsa þætti sjálfsmats og að hluti þeirra taki ekki afstöðu til þess hvaða áhrif sú vinna hafi haft á þá eða skólastarfið er ef til vill að hluta skýrð með ákveðinni vantrú á breytingar sem hellast yfir þá án þess að þeir fái svo mikið að hafa áhrif á þær. Í rannsóknum og skrifum um breytingastjórnun (Börkur Hansen og Smári S. Sigurðsson, 1998; Fitzpatrick o.fl., 2004; Fullan, 2001; Fullan og Hargreaves, 1996; Senge o.fl., 2000) er lögð áhersla á að lykilstarfsfólk sé virkjað frá

upphafi ef von á að verða til þess að breytingarnar verði varanlegar. Í nefnd um mótun menntastefnu sem skilaði skýrslu árið 1994 var einn framhaldsskólakennari og einn stjórnandi í framhaldsskóla af 18 nefndarmönnum. Það setur ef til vill tóninn um hversu mikila hlutdeild kennarar á framhaldsskólastigi telji sig eiga í þeim hugmyndum sem nefndin setti fram og varð grunnur að nýjum lögum um framhaldsskóla og getur verið ein skýring á því af hverju erfitt hefur verið að vinna mörgum þeirra brautargengi meðal kennara. Það kemur gjarnan fram í viðtölum og svörum við opnum spurningum að kennarar eru svolítið á varðbergi af því þeim finnst áhugi yfirvalda á sjálfsmati ef til vill sápukúla sem muni springa eins og margar aðrar sápukúlur sem hafa komið að ofan. Þetta kemur heim og saman við niðurstöður Fullan og Hargreaves (1996) um ástæður þess hversu erfitt sé að koma á varanlegum breytingum í skólastarfi. Það er ekki nóg að koma stöðugt af stað breytingum heldur þurfi að virkja lykilstarfsmenn og gefa þeim hlutdeild í verkefnunum og er þar mikið sóknarfæri til þess að auka áhrif sjálfsmats í skólastarfi. Þrátt fyrir að margir kennarar tali um að starf að sjálfsmati sé tímafrekt og að tíminn sé aldrei nægur er samt stærsti hluti þeirra sem tekur afstöðu í rannsókninni, eða 86%, á því að sjálfsmat sé farsæl leið til þess að bæta starf skóla.

Helstu áhrif sem kennarar finna af sjálfsmati

Í rannsókninni kemur fram að sjálfsmat skóla hefur jákvæð áhrif á sjálfstraust kennara, virkar sem jákvæð staðfesting á starfsaðferðum og hvatning til þess að halda áfram á sömu braut. Vinna að sjálfsmati virðist eiga stóran þátt í því að auka endurgjöf sem styrkir sjálfstraust einstakra kennara og kennara skólans sem heildar. Niðurstöður sjálfsmatsstarfsins virka hvetjandi, styrkjandi og gefa kennurum jákvæða endurgjöf eða staðfestingu á því sem þeir eru að gera sem fagfólk. Þeir þættir sem þarna skipta mestu máli eru að mati kennaranna sú endurgjöf sem þeir fá á starfið í kennslustofunni. Meirihluta starfsdagsins verja kennarar einir með nemendum sínum og kennslustarfinu hefur alltaf fylgt ákveðin einangrun. Margir fræðimenn telja að þetta sé eitt af því sem stendur kennurum fyrir þrifum þegar kemur að aukinni fagmennsku (Fullan, 2001; Fullan og Hargreaves, 1996; Schmoker, 1999). Í viðtölunum kemur fram að margir kennarar eru sammála þessu og finnst erfitt að hafa oft engar aðrar upplýsingar en eigin tilfinningu fyrir því hvernig tekst til í kennslu fyrr en nemendur fá einkunn í lokin.

Þátttaka í vinnu- eða stýrihópi um sjálfsmat

Niðurstöðurnar benda einnig til þess að þátttaka í vinnu- eða stýrihópi hafi áhrif á það hversu mikil áhrif kennurum finnst verða af sjálfsmatsvinnunni. Þeir kennarar sem taka þátt í vinnu- eða stýrihópi um sjálfsmat eru marktækt jákvæðari gagnvart því hvort áhrif finnist af sjálfsmati en þeir sem ekki hafa tekið þátt í slíku starfi. Þeir kennarar eru einnig marktækt jákvæðari í viðhorfum til sjálfsmats. Þetta er í samræmi við rannsóknir undanfarinna áratuga. Almennt hefur þeirri skoðun vaxið fiskur um hrygg að nauðsynlegt sé að virkja lykilstarfsfólk í vinnu að mati (Fetterman, 2001; Fitzpatrick o.fl., 2004; Patton, 1997). Þátttakendamiðað leiðsagnarmat auki líkurnar á að matið nýtist. Í mati á skólastarfi sé nauðsynlegt að kennarar eigi að taka þátt í að móta og vinna að matinu. Í þeim skólum sem tóku þátt í þessari rannsókn eru starfandi hópar sem stýra sjálfsmatsstarfinu og þar er meirihlutinn gjarnan kennarar. Í rannsókninni kemur fram að þriðjungur kennara hefur verið í vinnu- eða stýrihópi um sjálfsmat og að þeir eru upplýstari um orðræðu mats á skólastarfi og sjálfsmats almennt en þeir sem ekki höfðu starfað í slíkum hópum. Einnig kom fram að miðlun þeirra á aðferðum og upplýsingum til kennara utan hópsins var bæði formleg og óformleg og að í stýrihópana velst gjarnan fólk sem hefur tiltrú annarra kennara. Þeim er treyst til þess að fara með þetta mál sem oft er viðkvæmt og þegar samsetning stýrihópanna breytist flyst þekking út fyrir stýrihópinn og í hóp almennra kennara. Þeir kennarar sem höfðu starfað í vinnu- eða stýrihópi flytja því jákvæð viðhorf til sjálfsmats út í hóp almennra kennara.

Fagleg umræða og sjálfsmat

Þeir kennarar sem töldu að umræða um sjálfsmat hefði haft áhrif á faglegar umræður, samstarf og kennslu telja sig finna marktækt meiri áhrif af sjálfsmati. Þeir hafa einnig jákvæðari viðhorf til sjálfsmats en aðrir kennarar. Mest jákvæð áhrif af sjálfsmatsumræðu sögðu kennarar að hefðu orðið á hversu oft þeir höfðu rætt við samkennara um kennsluaðferðir, markmið kennslu og markmið skólastarfs á síðustu sex mánuðum. Þetta eru kjarnaþættir í störfum kennara og þá um leið mikilvægir öllu skólastarfi. Kennarar telja því að umræður um sjálfsmat hafi áhrif á grundvallarþætti í faglegri umræðu þeirra. Þetta er í samræmi við niðurstöður Sigurlínu Davíðsdóttur og Penelope Lisi (2004). Í þeirri rannsókn kemur fram að kennarar virtust hafa aukið faglega umræðu í kjölfar sjálfsmatsvinnu með lýðræðislegri

umræðunálgun (rökræðulýðræði). Sjálfsmatsstarf hefur því greinilega jákvæð áhrif á faglegar umræður meðal kennara. Margir sem rannsaka breytingar á kennsluháttum (Börkur Hansen og Smári S. Sigurðsson, 1998; Fullan, 2001; Fullan og Hargreaves, 1996; Senge o.fl., 2000) telja að fagleg umræða meðal kennara sé mikilvæg fyrir breytingastarf. Það að umræða um sjálfsmat hafi veruleg áhrif í þá átt að auka faglegar umræður kennara á milli um kennsluhætti og markmið er því mikilvæg niðurstaða sem þarf að nýta til bættra starfshátta.

Óbein áhrif mats í áhrifaferlum

Kirkhart (2000) og fleiri telja að áhrif mats séu enn fjölþættari en rannsóknir á áhrifum þess hafi gefið til kynna hingað til. Settar hafa verið fram kenningar um matsáhrif (e. evaluation influence) og eru þá áhrif af mati sett á þrjá ása, uppsprettu (e. source), fyrirætlun (e. intention) og tíma. Ásunum er skipt þannig að uppspretta áhrifanna getur verið frá matsferli eða niðurstöðum, fyrirætlun getur verið fyrirfram ætluð áhrif og ófyrirséð áhrif og tíma er skipt í strax/samtímis, í lok matsferlis og langtíma áhrif. Henry og Mark (2003; Mark og Henry, 2004) telja að mat sé inngrip í ferli og það að mat sé framkvæmt breyti því sem metið er um leið og það er metið. Þeir setja fram líkan yfir áhrif mats, hvernig áhrifin ýta undir breytingar og hvar og hvernig áhrifanna gætir. Samkvæmt þeirra líkani hefur mat áhrif á þremur meginstigum mannlegra samskipta og eru skoðuð út frá einstaklingnum, samskiptum milli einstaklinga og áhrifum á hópa. Hvernig áhrifin koma fram á þessum mismunandi stigum er síðan skoðað nánar og reynt að tengja það inn í mögulega áhrifaferla. Niðurstaða rannsóknarinnar er að finna megi dæmi um flest öll stig matsáhrifa samkvæmt líkani af Kirkharts og áhrifaferla samkvæmt líkani Marks og Henrys. Greina má áhrif á þremur ásum Kirkhart (2000), uppsprettu, fyrirætlan og tíma. Við sjáum hvernig uppspretta áhrifanna er mismunandi. Stundum verða áhrifin vegna umræðna sem tengjast fyrirhugaðri viðhorfskönnun meðal nemenda en einnig þegar niðurstöður liggja fyrir. Áhrifin verða strax eða stuttu seinna þegar kennarinn fer að hugleiða umræðurnar eða jafnvel nokkrum árum seinna þegar hann finnur niðurstöður gamalla kannana í töskunni sinni. Áhrif sjálfsmatsins verða ekki heldur alltaf þau sem ætluð voru heldur geta verið ófyrirséð. Gott dæmi í þessari rannsókn er hvernig áhrif af starfendarannóknum höfðu áhrif á það að tekin var upp kennsluaðferð sem felst í því að nemendur safna verkefnum í möppur (e. portfolio). Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar með

líkan Mark og Henry (2004) í huga er niðurstaðan að áhrif af sjálfsmati í framhaldsskólum megi greina á flestum ef ekki öllum greiningarstigum þeirra, bæði lárétt og lóðrétt. Það finnast áhrif á einstaklinga, milli einstaklinga, á hópa, almenn áhrif, vitsmuna- og tilfinningaleg áhrif, áhrif á innri hvata og á áhrif á hegðun. Sumir þættirnir eru augljósir eins og hvernig kennari nýtir viðhorfskönnun sem leiðbeinandi eða hvernig umræður um fagleg mál geta kveikt hugmyndir. Aðrir liggja dýpra eins og fortölur milli einstaklinga eða breytingar á óskráðum reglum hópsins. Það eru ekki bara einhverjir einstakir þættir í útfærslu sjálfsmats sem hafa áhrif í skólum heldur einnig umræðan um sjálfsmat og þá einnig sú faglega umræða um grundvallaratriði sem sprettur upp úr henni. Þessar niðurstöður eru ekki síður áríðandi fyrir þá sök að almennt er talið að breytingar, hvort sem þær verða í skólakerfinu eða annars staðar, verði ekki varanlegar nema að þær hafi áhrif á hugsunarhátt og atferli kennara (Börkur Hansen og Smári S. Sigurðsson, 1998; Fullan, 2001; Garvin, 1993; Henry og Mark, 2003; Mark og Henry, 2004; Senge o.fl., 2000). Breytingar verði í skrefum og þær verði að ná því að breyta viðhorfum einstaklinga til þess að hafa varanleg áhrif. Ef hugsunarháttur einstaklings breytist geti hann haft áhrif á hugsunarhátt annarra einstaklinga og þannig nái breytingar útbreiðslu.

Breytt orðræða um sjálfsmat

Í rannsókninni kemur fram að umtalsverð breyting hefur orðið á þeirri orðræðu sem birtist í skólastefnu samtaka framhaldsskólakennara undanfarinn áratug. Þegar lögin um framhaldsskóla voru sett árið 1996 var hugtakið sjálfsmat kennara og skóla ekki komið í almenna notkun eða orðið viðurkennt í orðræðu framhaldsskólakennara. Síðan þá hefur orðið mikil breyting þar á og nú er sjálfsmat viðurkennt af þorra kennara sem hluti af fagmennsku þeirra. Greinilegt að kennarar höfðu áhyggjur af því að aðkoma þeirra að stefnumörkun og eignarhald á vinnu við sjálfsmat yrði ekki nægilegt. Þeir lögðu því frá upphafi áherslu á að þeir kæmu að þessari vinnu og væru kjarnastarfsfólk þegar sjálfsmat skóla væri annars vegar. Frá því umræðan hófst hefur sjálfsmat skóla farið frá því að vera nefnt stuttlega í undirkafla um gæðamál í það að verða sér kafli skólastefnu framhaldsskólakennara. Orðafjöldinn sem notaður er hefur farið frá nánast engu upp í tæp tvö hundruð orð þegar mest er. Í nýjustu skólastefnunni hefur orðunum heldur fækkað, þau eru nú 40. Það bendi til þess að ekki sé talin eins mikil nauðsyn að eyða mörgum orðum í jafn sjálfsagðan hlut og sjálfsmat.

Sjálfsmat er orðið hluti af orðræðunni um faglega vinnu kennara og faglegt skólastarf. Nú eru kennarar orðnir öruggari með sig og telja aðkomu sína að sjálfsmati sjálfgefna. Á sama tíma hefur menntamálaráðuneytið viðurkennt aðkomu kennara í verki með því að hlutast til um að umbun fyrir sjálfsmat sé hluti af kjarasamningum þeirra. Með því er í raun verið að viðurkenna að kennarar séu lykilstarfsmenn þegar sjálfsmat skóla er annarsvegar. Sjálfsmat skóla og faglegt starf kennara er því á góðri leið með að verða viðurkenndur hluti hvort af öðru. Hluti kennara er þó ekki alveg tilbúinn til þess að viðurkenna að sjálfsmatsorðræðan í dag sé nýtt fyrirbæri og ef þeir tileinki sér ekki þessar nýju aðferðir séu þeir ekki faglegir. Þeir lenda því í ákveðinni andstöðu við þessa viðurkenndu orðræðu. Ef þeir taka ekki upp nýju orðræðuna lenda þeir um leið í andstöðu við ríkjandi orðræðu um að þeir eigi að taka þátt í sjálfsmati því annars séu þeir ekki faglegir. Í umræðum um sjálfsmat og mat á skólastarfi þarf því að leggja áherslu á þá staðreynd að þessi vinnubrögð séu ekki ný heldur sé áherslan að breytast.

Sjálfsmat eflir fagvitund

Það að kennarar eru almennt jákvæðir gagnvart sjálfsmati í skólastarfi og eru margir farnir að líta á þetta sem sjálfsagðan hluta af fagmennsku sinni boðar gott fyrir skólaþróun í framhaldsskólum. Það lék í raun enginn vafi á því að kennarar hefðu skoðun og reynslu en kom ef til vill á óvart hversu mikið grasrótarstarf tengt sjálfsmati er í gangi meðal kennara. Þessi jákvæðu viðhorf og starf geta gert útslagið með hvernig starf að sjálfsmati þróast á næstu árum og hversu vel það nýtist skólunum. Rannsóknir segja okkur að jákvætt viðhorf lykilstarfsmanna skólanna, kennara, sé nauðsynlegt til þess að sjálfsmat verði árangursríkt og leiði til skólaþróunar. Stjórnendur skóla og yfirvöld menntamála eiga að ýta undir og nýta þennan meðbyr. Á þeim tíu árum sem liðin eru frá því að sjálfsmat var sett í lög um framhaldsskóla hafa kennarar safnað reynslu sem nýta má til þess að skipuleggja næstu skref. Þeir vita hvar skórinn kreppir, hvað gefst vel og hvað ekki eins vel. Þeir benda á að vel unnið sjálfsmat sé tímafrekt og kalli á aukna samvinnu kennara. Margir þeirra telja grundvallaratriði þess að sjálfsmat bæti skólastarf að þeir fái tíma og aðstæður til þess að vinna að sjálfsmati í samvinnu við aðra kennara. Þetta starf þurfi að skipuleggja innan stundaskrár þeirra. Sjálfsmat eigi ekki að vera aukastarf sem unnið sé eftir vinnu heldur hluti af því að vinna faglega að námi og kennslu. Í nýjum kjarasamningi kennara sem undirritaður var síðastliðið vor var stigið mikilvægt skref í því að tengja sjálfsmatsvinnu í

skólum og launaumbun til kennara. Þetta fjármagn þarf að nýta til þess að auka svigrúm kennara til starfa að sjálfsmati. Ef gert er ráð fyrir tíma í stundaskrá er möguleiki að virkja fleiri kennara og skapa meiri og faglegri umræður. Sjálfsmat þarf einnig að skipuleggja betur og verða markvissara svo það nýtist betur til þess að efla fagmennsku kennara. Niður staða rannsóknarinnar er að kennarar vilja fá fjölbreytta og faglega ráðgjöf, þeir vilja læra meira um hvernig gott sjálfsmat fer fram. Það þarf að rækta og hlúa að því frumkvæði sem kennarar hafa tekið og skapa þeim viðeigandi aðstæður.

Heimildir

Brunnar, I. og Guzman, A. (1989). Participatory evaluation: A tool to assess projects and empower people. Í R. F. Conner og M. Hendricks (Ritstj.), *International innovations in evaluation methodology. New Directions for Evaluation* (bls. 9-17). San Francisco: Jossey-Bass.

Börkur Hansen og Smári S. Sigurðsson (1998). *Skólastarf og gæðastjórnun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Fetterman, D. M. (1994). Empowerment evaluation. *Evaluation Practice, 15*, 1-15.

Fetterman, D. M. (2001). *Foundations of empowerment evaluation.* Thousand Oaks: Sage.

Fitzpatrick, J. L., Sanders, J. R. og Worthen, B. R. (2004). *Program evaluation: Alternative approaches and practical guidelines* (3 útg.). Boston: Pearson.

Fullan, M. (2001). *The new meaning of educational change* (3 útg.). London: Routledge Farmer.

Fullan, M. og Hargreaves, A. (1996). *What´s worth fighting for in your school*. New York: Teachers College Press.

Garvin, D. A. (1993). Building a learning organization. *Harward Business Review* (júlí - ágúst), 78-91.

Geert, D. og Verhoeven, Jef C. (2003). School self-evaluation – conditions and caveats: The case of secondary schools. *Educational Management & Administration, 31*(4), 403-420.

Henry, G. T. (2000). Benefits and limitations of deliberation. Í K.E. Ryan og L. DeStefano (Ritstj.), *Evaluation as a democratic process: Promoting inclusion, dialogue, and deliberation. New Directions for Evaluation* (bls. 91-96). San Francisco: Jossey-Bass.

Henry, G. T. og Mark, M. M. (2003). Beyond use: Understanding evaluation´s influence on attitudes and actions. *The American Journal of Evaluation, 24*(3), 293-314.

House, E. R. og Howe, K. R. (2000). Deliberative democratic evaluation. Í K. E. Ryan og L. DeStefano (Ritstj.), *Evaluation as a democratic process: Promoting inclusion, dialogue, and deliberation. New Directions for Evaluation* (bls. 3-12). San Francisco: Jossey-Bass.

Howieson, C. og Semple, S. (2000). The evaluation of guidance: Listening to pupils' views. *British Journal of Guidance & Counselling, 28*(3), 373-388.

Joyce, B. og Showers, B. (1987). Low-cost arragements for peer-coaching. *Journal of Staff Development, 8*(1), 22-24.

Kirkhart, K. E. (2000). Reconceptualizing evaluation use: An intergrated theory of influence. Í V. J. Caracelli og H. Preskill (Ritstj.), *The expanding Scope of evaluation use.* New Directions for Evaluation, No. 88. San Francisco: Jossey Bass.

Kyriakides, L. (2004). Differential school effectiveness in relation to sex and social class: Some implications for policy evaluation. *Educational Research and Evaluation, 10*(2), 141-161.

Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Mark, M. M. og Henry, G. T. (2004). The mechanism and outcomes of evaluation influence. *Evaluation, 10*(1), 35-57.

Meuret, D. og Morlaiz, S. (2003). Conditions of success of a chool's self-evaluation: Some lessons of an European experience. *School Effictiveness and School Improvement, 14*(1), 53-71.

Pang, N. S. K. (2000). Performance indicators and quality assurance. *Education Journal, 28*(2), 137-155.

Patton, M. Q. (1997). *Utilization focused evaluation: the new century text* (3. útg.). Thousand Oaks: Sage Publications.

Schmoker, M. (1999). *Results: Key to continuous school improvement* (2. útg.). Alexandria VA: Association for Supervision and Curriculum Developement.

Senge, P., Cambron-McCabe, N., Lucas, T., Smith, B. Dutton, J. og Kleiner, A. (2000). *Schools that learn: A fifth discipline fieldbook for educators, parents and everyone who cares about education.* London: Nicholas Brealey Publishing.

Sigurborg Matthíasdóttir (2006). *Sjálfsmat eftir fagmennsku: Áhrif sjálfsmats á viðhorf kennara í framhaldsskólum.* Óbirt MA-ritgerð við Háskóla Íslands.

Sigurlína Davíðsdóttir og Lisi, P. (2004). Áhrif lýðræðislegs verklags á sjálfsmat í skólum. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum V, Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2004* (bls. 427-443). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Showers, B. (1985). Teachers coaching teachers. *Educational Leadership*, *42*(7), 43-48.

Smith, M., McKay, E. og Chakrabarti, M. (2004). What works for us: Boys' views of their experiences in a former List D school. *British Journal of Special Education, 31*(2), 89-93.

Swaffield, S. og MacBeath, J. (2005). School self-evaluation and the role of a critical friend. *Cambridge Journal of Education, 35*(2), 239-252.

Aðstæður íslenskra skólanema af erlendum uppruna

Þóroddur Bjarnason

Hlutfall erlendra ríkisborgara breyttist lítið á Íslandi á síðari hluta 20. aldar. Árið 1950 voru 2.696 erlendir ríkisborgarar skráðir á landinu eða 1,9% af heildarmannfjölda þess árs (Hagstofa Íslands, 2006a). Árið 1996 voru erlendir ríkisborgarar enn 1,9% heildarmannfjöldans eða 5.148. Á næstu tíu árum fjölgaði erlendum ríkisborgurum hins vegar ört og voru þeir orðnir 13.778 árið 2005 eða 4,6% mannfjöldans. Það ár voru 91,8% landsmanna fædd á Íslandi en 8,2% voru fæddir í 145 öðrum löndum (Hagstofa Íslands, 2006b).

Viðbrögð Íslendinga við auknum búferlaflutningum fólks af erlendum uppruna hingað til lands hafa verið fremur jákvæð. Í lífsgildakönnun Félagsvísindastofnunar árið 1999 kom fram talsvert umburðarlyndi gagnvart því að útlendingar í atvinnuleit setjist hér að – að því gefnu að hér sé nóg atvinna og að þeir taki upp íslenska siði við komuna hingað til lands (Friðrik H. Jónsson, 2003). Samkvæmt könnun IMG Gallup fyrir Rauða Kross Íslands árið 2005 telja aðeins 5% fólks á aldrinum 15–75 að lífgæði sín hafi versnað við fjölgun innflytjenda til á Íslandi en 19% telja lífskjör sín hafa batnað vegna innflytjenda (Ásdís G. Ragnarsdóttir, Jón K. Árnason og Matthías Þorvaldsson, 2005). Aðeins 6% sögðust myndu vera ósátt við það að innflytjendur byggju í næsta húsi eða íbúð. Hins vegar virtist ekki sama hvaðan slíkir nágrannar kæmu. Þannig sögðust 22% myndu verða ósátt við múslima sem nágranna og var marktækur munur eftir aldri. Meðal fólks á aldrinum 16-24 ára voru 17% andsnúnir slíkum nágrönnum en 31% þeirra sem voru á aldrinum 55-75 ára.

Viðhorf til nýbúa virðast þó í fljótu bragði hafa harðnað meðal íslenskra ungmenna á undanförnum árum (Inga D. Sigfúsdóttir o.fl., 2005). Árið 1997 töldu 24% nemenda í 9. og 10. bekk að of margir nýbúar væru búsettir á Íslandi en árið 2003 var þetta hlutfall komið í 41%. Neikvæð viðhorf unglinga til nýbúa tengjast yfirleitt lakari stöðu unglinganna sjálfra (Inga D. Sigfúsdóttir o.fl., 2005). Þannig eru viðhorf neikvæðari meðal þeirra sem eiga

lítið menntaðra foreldra, njóta minni stuðnings frá foreldrum, gengur illa í skóla og neyta vímuefna. Einnig eru þeir sem hafa neikvæð viðhorf líklegri til að leggja aðra í einelti.

Auknir fólksflutningar milli landa hafa beint athygli fræðimanna víða um heim að stöðu ungmenna af erlendum uppruna. Þetta viðfangsefni er víðfeðmt og margbrotið og niðurstöður rannsókna á þessu sviði eru að sama skapi margbreytilegar. Í Ísrael reyndust unglingar meðal rússneskra innflytjenda byrja vímuefnaneyslu fyrr, drekka meira áfengi og eiga við meiri áfengisvandamál að stríða en jafnaldrar þeirra sem fæddir voru í landinu (Isralowitz og Slonim-Nevo, 2002). Unglingar af tyrkneskum uppruna í Hollandi reyndust jafnframt líklegri til afbrota en bæði unglingar af hollenskum uppruna og jafnaldrar þeirra í Tyrklandi (Janssen o.fl., 2004). Hins vegar eru færri hegðunarvandamál hjá unglingum af erlendum en innlendum uppruna í Kanada (Ma, 2002) og Ástralíu (Davies og McKelvey, 1998) og unglingar af erlendum uppruna í Massachusetts í Bandaríkjunum drekka minna af áfengi og reykja minna marijúana en aðrir unglingar (Blake o.fl., 2001).

Aðlögun unglinga af erlendum uppruna að nýrri menningu virðist jafnframt hafa misgóð áhrif á líðan þeirra og lífsstíl. Þannig sýna Vazsonyi og Killas (2001) til dæmis fram á að unglingar af annarri kynslóð innflytjenda í Sviss séu líklegri til að brjóta af sér en jafnaldrar þeirra af fyrstu kynslóð innflytjenda eða af svissneskum uppruna. Í rannsókn á meðal líbanskra innflytjenda af fyrstu og annarri kynslóð í Kanada kom í ljós að sterk líbönsk þjóðernisvitund tengdist færri vandamálum í daglegu lífi og minna þunglyndi en sterk kanadísk þjóðernisvitund (Gaudet o.fl., 2005). Í rannsókn á kynlífshegðun stúlkna af rússneskum uppruna í Bandaríkjunum kom fram að aðlögun að bandarísku samfélagi leiddi til aukinnar áhættuhegðunar (Jeltova o.fl., 2005).

Það tungumál sem talað er á heimilinu virðist hafa bein áhrif á aðlögun unglinga af erlendum uppruna. Þannig eiga unglingar í Bandaríkjunum af mexíkóskum uppruna við fleiri hegðunar- og þunglyndisvanda að stríða eftir því sem enska er meira töluð á heimilum þeirra (Gonzales o.fl., 2006). Hins vegar eru bandarískir unglingar sem ekki tala ensku heima hjá sér líklegri til að verða fyrir einelti (Yu o.fl, 2003). Í samanburðarrannsókn á annarri kynslóð tyrkneskra innflytjenda í Svíþjóð og Hollandi (Vedder og Virta, 2005) kom fram athyglisverður munur. Í Svíþjóð tengist færni í upprunamáli og þjóðernisvitund betri aðlögun að skóla og færri hegðunarvandamálum. Ekkert slíkt samband kom hins vegar fram í Hollandi. Höfundar tengja þennan mun ólíkri stefnu í málefnum innflytjenda, þar sem Svíar leggi

áherslu á að styrkja börn í uppruna sínum en Hollendingar á aðlögun að hollensku og hollenskri menningu.

Unglingar af erlendum uppruna standa sig víða betur í námi en jafnaldrar þeirra af innlendum uppruna. Þannig er staða unglinga af víetnömskum uppruna til dæmis betri í finnskum skólum en staða finnskra unglinga (Liebkind o.fl., 2004). Svipaða sögu er t.d. að segja frá Bandaríkjunum (Glick og White, 2004) og Ástralíu (Cardak og McDonald, 2004) þar sem innflytjendur af asískum uppruna eru talsvert líklegri en aðrir til að ljúka háskólanámi. Í Svíþjóð eru unglingar af annarri kynslóð innflytjenda hins vegar bæði fleiri en búast mætti við meðal þeirra sem gengur best í skóla og meðal þeirra sem hrökklast úr námi (Westin, 2003).

Aðstæður unglinga af erlendum uppruna á Íslandi hafa tiltölulega lítið verið rannsakaðar. Þó komust Gyedu-Adomako o.fl. (2000) að því að unglingar sem eiga íslensku ekki að móðurmáli eru líklegri til að hafa notað ávana og fíkniefni, eiga við andlega erfiðleika að stríða og líða illa í skóla. Félagsleg tengsl þeirra eru verri og þeim gengur verr í námi.

Þótt oft sé rætt um unglinga af erlendum uppruna sem sérstakan og skýrt afmarkaðan hóp getur reynst erfitt að skilgreina slíkan uppruna með viðunandi hætti. Upplýsingar um fæðingarland einstaklinga geta reynst ónógar til slíkrar flokkunar. Margir þeirra íbúa landsins sem fæddir eru erlendis eiga samt rætur sínar að öllu leyti að rekja til Íslands og margir þeirra sem hér eru fæddir eiga að sama skapi uppruna sinn að öllu leyti í öðrum löndum. Sama gildir að nokkru leyti um fæðingarland foreldra þótt þeir kunni að vera fæddir á tímum þegar hreyfanleiki milli landa var minni og fæðingarstaður því betri mælikvarði á uppruna fólks í víðari skilningi.

Það tungumál sem talað er á heimilinu kann því að vera besti mælikvarðinn á menningarlegan uppruna fólks. Sú mæling er heldur ekki gallalaus, enda kann íslenska að vera töluð á mörgum heimilum þótt annað eða jafnvel bæði foreldri unglinganna séu af erlendu bergi brotið. Fordómar gagnvart fólki af öðrum litarhætti geta ennfremur bitnað á unglingum sem ættleiddir hafa verið til Íslands af foreldrum sem tala íslensku að móðurmáli. Í þessari rannsókn eru erfiðleikar í skóla og áhættuhegðun nemenda af erlendum uppruna skoðuð nánar út frá mismunandi skilgreiningum á bakgrunni unglinganna.

Aðferð og gögn

Alþjóðlega rannsóknin *Heilsa og lífskjör skólanema* (Health Behaviour in School-Aged Children, HBSC) var lögð fyrir á Íslandi í fyrsta sinn árið 2006 (Þóroddur Bjarnason og Stefán H. Jónsson, 2006). Staðlaðir spurningalistar HBSC voru lagðir fyrir alla nemendur í 6., 8. og 10. bekk sem mættir voru í skólann á fyrirlagnardegi í febrúar og mars 2006. Hér er byggt á svörum þeirra 3,949 nemenda sem þátt tóku í rannsókninni, en það eru 82,6% skráðra nemenda í 10. bekk skólaárið 2005–2006.

Tvær gerðir spurningalista voru lagðar fyrir nemendur í 10. bekk. Í báðum útgáfum voru nemendur spurðir um tungumál sem talað væri á heimilinu og um fæðingarland föður og móður (Þóroddur Bjarnason og Stefán H. Jónsson, 2006). Eins og sjá má á töflu 1 segjast 93,3% nemenda í 10. bekk vorið 2006 vera fæddir á Íslandi en 6,7% segjast vera fæddir erlendis. Þetta er í samræmi við tölur Hagstofu Íslands (2006b) um að 7,4% þeirra sem voru 15 ára 1. desember 2005 hafi verið fæddir erlendis.

Um 9% svarenda sögðu báða foreldra sína vera fædda á Íslandi en 6,3% sögðu a.m.k. annað foreldri sitt fætt á Vesturlöndum (Vestur-Evrópu, Bandaríkin, Kanada, Ástralía og Nýja-Sjáland). Um 1,2% sögðu a.m.k. annað foreldri sitt fætt í löndum Austur-Evrópu en 2,1% að a.m.k. annað foreldrið væri fætt í löndum Mið- og Suður-Ameríku, Asíu eða Afríku. Á 94,9% heimila var einungis töluð íslenska en á 5,1% heimila voru erlend mál töluð að hluta eða öllu leyti.

Þrjár flokkaðar mælingar á erfiðleikum í skóla eru notaðar í þessari rannsókn. Nemendur voru spurðir hvernig þeim liði yfirleitt í skólanum og sögðu 4,6% sér yfirleitt líða frekar illa eða mjög illa. Þá voru þeir spurðir hversu sammála þeir væru þeirri fullyrðingu að flestir bekkjarfélagar þeirra væru vingjarnlegir og kváðust 6,4% vera ósammála eða mjög ósammála þeirri fullyrðingu. Loks voru nemendur spurðir hversu oft þeir hefðu verið lagðir í einelti í skólanum undanfarna mánuði og sögðust 12,4% hafa lent í slíku á því tímabili.

Þrjár flokkaðar mælingar á áhættuhegðun voru einnig notaðar í rannsókninni. Aðspurðir um hversu oft þeir reyktu sígarettur sögðust 11,3% nemenda reykja daglega. Þá sögðust 43% þeirra hafa orðið drukkin einhvern tímann um ævina. Loks voru nemendur spurðir hvort þeir hefðu einhvern tímann haft samfarir um ævina og svöruðu 32,4% því játandi.

Tafla 1. Uppruni nemenda

Fæðingarstaður	
Á Íslandi	93,3%
Erlendis	6,7%
Uppruni foreldra	
Báðir foreldrar fæddir á Íslandi	91,0%
Foreldri fætt á Vesturlöndum[1)]	6,3%
Foreldri fætt í Austur-Evrópu	1,2%
Foreldri fætt annars staðar[2)]	2,1%
Tungumál á heimili	
Íslenska	94,9%
Önnur mál	5,1%
Erfiðleikar í skóla	
Líður illa í skóla	4,6%
Bekkjarfélagar óvingjarnlegir	6,4%
Einelti sl. mánuð	12,4%
Áhættuhegðun	
Reykir daglega	11,3%
Hefur orðið drukkin/n	43,2%
Hefur haft samfarir	32,4%

1) V-Evrópa, Bandaríkin, Kanada, Ástralía og Nýja Sjáland
2) Afríka, Asía, Mið- og S-Ameríka

Niðurstöður

Í töflu 2 má sjá hlutfall nemenda sem eiga í erfiðleikum í skólanum að teknu tilliti til mismunandi skilgreininga á uppruna þeirra. Þar kemur fram að ekki er marktækur munur á hlutfalli þeirra sem líður illa í skólanum, telja bekkjarfélaga sína óvingjarnlega eða hafa orðið fyrir einelti eftir því hvar viðkomandi er fæddur. Ekki er heldur marktækur munur á því hvort nemendur telji bekkjarfélaga sína óvingjarnlega eftir fæðingarlandi foreldra. Hins vegar eru þeir sem eiga tvo foreldra sem fæddir eru á Íslandi marktækt ólíklegri til að líða illa í skólanum eða hafa orðið fyrir einelti. Hér virðist aðeins skipta máli hvort foreldrarnir séu fæddir erlendis en ekki hvar í heiminum foreldrarnir eru fæddir.

Tafla 2. Hlutfall nemenda sem eiga í erfiðleikum í skólanum

	Líður illa í skóla	Bekkjarfélagar óvingjarnlegir	Einelti sl. mánuði
Fæðingarstaður			
Á Íslandi	,046	,063	,121
Erlendis	,043	,074	,150
Uppruni foreldra			
Báðir foreldrar fæddir á Íslandi	,042*	,062	,110***
Foreldri fætt á Vesturlöndum[1)]	,064	,078	,272***
Foreldri fætt í Austur-Evrópu	,068	,114	,295***
Foreldri fætt annars staðar[2)]	,082	,095	,256***
Tungumál á heimili			
Íslenska	,044**	,060***	,113***
Önnur mál	,092**	,150***	,325***

* p. < ,05 ** p. < ,01 *** p. < ,001
1) V-Evrópa, Bandaríkin, Kanada, Ástralía og Nýja Sjáland
2) Afríka, Asía, Mið- og S-Ameríka

Loks kemur fram í töflu 2 að unglingar eru tvöfalt til þrefalt líklegri til að eiga í erfiðleikum í skólanum ef erlent tungumál er talað á heimili þeirra og er sá munur í öllum tilvikum tölfræðilega marktækur.

Tafla 3 sýnir niðurstöður tvíflokka aðhvarfsgreiningar (logistic regression analysis) á sömu þáttum og komu fram í töflu 2. Þar má sjá að unglingar á heimilum þar sem önnur mál en íslenska eru töluð eru 2,2 sinnum líklegri til að líða illa í skóla, 2,8 sinnum líklegri til að telja bekkjarfélaga sína óvingjarnlega og 3,1 sinnum líklegri til að hafa orðið fyrir einelti.

Tafla 3. Líkur (OR) á því að eiga í erfiðleikum í skólanum, besta líkan

	Líður illa í skóla	Bekkjarfélagar óvingjarnlegir	Einelti sl. mánuði
Strákur	---	---	1,27*
Fædd/ur erlendis	---	---	---
Foreldri fætt á Vesturlöndum[1)]	---	---	2,30***
Foreldri fætt í Austur-Evrópu	---	---	---
Foreldri fætt annars staðar[2)]	---	---	---
Íslenska ekki töluð á heimili	2,24**	2,79***	3,10***

* p. < ,05 ** p. < ,01 *** p. < ,001
1) V-Evrópa, Bandaríkin, Kanada, Ástralía og Nýja Sjáland
2) Afríka, Asía, Mið- og S-Ameríka

Í töflu 4 má sjá að áhættuhegðun unglinga er ekki marktækt ólík eftir því hvort þeir eru fæddir á Íslandi eða erlendis. Hins vegar eru unglingar sem eiga tvo foreldra sem fæddir eru á Íslandi marktækt ólíklegri til að reykja daglega, hafa orðið drukknir eða hafa haft samfarir.

Tafla 4. Hlutfall nemenda sem leggja stund á áhættuhegðun

	Reykir daglega	Orðið drukkin/n	Haft samfarir
Fæðingarstaður			
Á Íslandi	,111	,428	,322
Erlendis	,128	,455	,326
Uppruni foreldra			
Báðir foreldrar fæddir á Íslandi	,104***	,424**	,317***
Foreldri fætt á Vesturlöndum[1)]	,215***	,485	,406**
Foreldri fætt í Austur-Evrópu	,178	,523	,409
Foreldri fætt annars staðar[2)]	,275***	,608**	,513***
Tungumál á heimili			
Íslenska	,103***	,427**	,315***
Önnur mál	,297***	,536**	,549***

* p. < ,05 ** p. < ,01 *** p. < ,001
1) V-Evrópa, Bandaríkin, Kanada, Ástralía og Nýja Sjáland
2) Afríka, Asía, Mið- og S-Ameríka

Tafla 5 sýnir niðurstöður tvíflokka aðhvarfsgreiningar á sömu þáttum og komu fram í töflu 4. Þar má sjá að unglingar á heimilum þar sem önnur mál en íslenska eru töluð eru 3,1 sinnum líklegri til að reykja daglega, 1,4 sinnum líklegri til að hafa orðið drukkin og 2,3 sinnum líklegri til að hafa haft samfarir við lok grunnskólans. Til viðbótar eru unglingarnir 1,7-2,0 sinnum líklegri ti að hafa gert slíkt ef foreldrarnir eru fæddir í Afríku, Asíu, Mið- eða Suður-Ameríku. Stelpur sem eiga a.m.k eitt foreldri sem er fætt á Vesturlöndum eru enn fremur 2,4 sinnum líklegri til að reykja daglega og 1,5 sinnum líklegri til að hafa haft samfarir en jafnöldrur þeirra sem eiga tvo foreldra sem fæddir eru á Íslandi.

Tafla 5. Líkur (OR) á því að leggja stund á áhættuhegðun, besta líkan

	Reykir daglega	Orðið drukkin/n	Haft samfarir
Stelpur	---	1,17*	1,39***
Fædd/ur erlendis	---	---	---
Foreldri fætt á Vesturlöndum[1)]	---	---	---
- stelpur	2,43***	---	1,52*
Foreldri fætt í Austur-Evrópu	---	---	---
Foreldri fætt annars staðar[2)]	1,80*	1,97**	1,74*
Íslenska ekki töluð á heimili	3,07***	1,38*	2,33***

* p. < ,05 ** p. < ,01 *** p. < ,001

1) V-Evrópa, Bandaríkin, Kanada, Ástralía og Nýja Sjáland

2) Afríka, Asía, Mið- og S-Ameríka

Umræða

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að unglingar af erlendum uppruna standa að mörgu leyti verr að vígi en jafnaldrar þeirra af íslenskum uppruna. Þeir unglingar sem alast upp á heimilum þar sem töluð eru önnur mál en íslenska virðast standa sérstaklega illa í þessum samanburði.

Staða þeirra í skóla er verri en búast hefði mátt við að teknu tilliti til stöðu mála á öðrum Norðurlöndum (Liebkind o.fl., 2004; Vedder og Virta, 2005; Westin, 2003), Bandaríkjunum (Glick og White, 2004) og Ástralíu (Cardak og McDonald, 2004) þar sem staða unglinga af erlendum uppruna virðist oft betri en þeirra sem eru af innlendum uppruna. Líkt og rússneskir unglingar í Ísrael (Isralowitz og Slonim-Nevo, 2002) eru þeir líklegri til að neyta vímuefna. Þetta er hins vegar andstætt niðurstöðum rannsókna í Kanada (Ma, 2002), Ástralíu (Davies og McKelvey, 1998) og Bandaríkjunum (Blake o.fl., 2001) þar sem vímuefnaneysla unglinga af erlendum uppruna virðist minni en meðal unglinga af innlendum uppruna. Líkt og í Bandaríkjunum er áhættuhegðun þeirra í kynlífi meiri (Jeltova o.fl., 2005).og þeir eru líklegri til að verða fyrir einelti (Yu o.fl., 2003).

Mikilvægt er að frekari rannsóknir hugi nánar að stöðu unglinga af erlendum uppruna. Líðan í skóla og slök félagsleg tengsl við aðra nemendur virðist tengjast tungumálaerfiðleikum og jafnframt virðast þeir sem ekki tala íslensku að móðurmáli vera líklegri til að verða fyrir einelti. Skólamenn ættu að taka þessa þætti til nánari skoðunar og leita leiða til að draga úr slíku misrétti innan grunnskólans.

Aukin áhættuhegðun unglinga af erlendum uppruna kann að eiga sér þrenns konar skýringar. Í fyrsta lagi er hugsanlegt að munur á hegðunarmynstri endurspegli mun á milli Íslands og þeirra landa sem unglingarnir eiga uppruna sinn. Í öðru lagi má vera að aukin áhættuhegðun séu viðbrögð unglinganna við erfiðleikum í íslensku samfélagi og e.t.v. tilraun til að ávinna sér sess í íslensku unglingasamfélagi. Í þriðja lagi getur verið að annars öflugt forvarnarstarf á Íslandi nái ekki til minnihlutahópa af erlendum uppruna. Þar getur tungumálakunnátta foreldranna skipt sköpum þar sem forvarnarstarfið beinist að stórum hluta að foreldrunum og fer að langmestu leyti fram á íslensku. Frekari rannsókna er þörf til að skoða þessa mismunandi skýringarþætti ofan í kjölinn.

Heimildir

Ásdís G. Ragnarsdóttir, Jón K. Árnason og Matthías Þorvaldsson (2005). *Viðhorf til nokkurra minnihlutahópa.* Reykjavík: IMG Gallup.

Blake, S. M., Ledsky, R. Goodenow, C. og O'Donnell, L. (2001). Recency of immigration, substance use, and sexual behavior among Massachusetts adolescents. *American Journal of Public Health, 91*, 794-798.

Cardak, B. A. og McDonald, J. T. (2004). Neighbourhood effects, preference heterogeneity and immigrant educational attainment. *Applied Economics*, *36*, 559-572.

Davies, L. C. og McKelvey, R. S. (1998). Emotional and behavioural problems and competencies among immigrant and non-immigrant adolescents. *Australian and New Zealand Journal of Psychiatry, 32*, 658-665.

Friðrik H. Jónsson (2003). Afstaða Íslendinga til útlendinga. *Rannsóknir í félagsvísindum IV*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Gaudet, S., Clement, R. og Deuzeman, K. (2005). Daily hassles, ethnic identity and psychological adjustment among Lebanese-Canadians. *International Journal of Psychology*, *40*, 157-168.

Glick, J. E og White, M. J. (2004). Post-secondary school participation of immigrant and native youth: the role of familial resources and educational expectations. *Social Science Research*, *33*, 272-299.

Gonzales, N. A., Deardorff, J., Formoso, D., Barr, A. og Barrera, M. (2006). Family mediators of the relation between acculturation and adolescent mental health. *Family Relations*, *55*, 318-330.

Gyedu-Akomako, A. N, Inga D. Sigfúsdóttir og Bryndís B. Ásgeirsdóttir (2000). *Social Condition of Immigrant Youth in Iceland.* Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Hagstofa Íslands (2006a). *Hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda 1950-2005*. http://www.hagstofan.is/?pageid=626&src=/temp /mannfjoldi/rikisfang.asp, sótt 13. ágúst 2006.

Hagstofa Íslands (2006b). *Mannfjöldi eftir fæðingarlandi, kyni og aldri 2005*. http://www.hagstofan.is/?pageid=626&src=/temp/mannfjoldi/rikisfang.asp, sótt 13. ágúst 2006.

Inga D. Sigfúsdóttir, Bryndís B. Ásgeirsdóttir, Álfgeir L. Kristjánsson og Jón Sigfússon (2005). *Félagslegir bakgrunnspættir og viðhorf ungs fólks til innflytjenda á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Isralowitz, R. E. og Slonim-Nevo, V. (2002). Substance use patterns and problem behavior among immigrant and native-born juvenile offenders in Israel. *Addiction Research and Theory*, *10*, 399-414.

Janssen, M. M. M., Verhulst, F. C., Benghi-Arslan, L., Erol, N., Salter, C. J. og Crijnen, A. A. M. (2004). Comparison of self-reported emotional and behavioral problems in Turkish immigrant, Dutch and Turkish adolescents. *Social Psychiatry and Psychiatric Epidemiology*, *39*, 133-140.

Jeltova, I., Fish, M. C. og Revenson, T. A. (2005). Risky sexual behaviors in immigrant adolescent girls from the former Soviet Union: Role of natal and host culture. *Journal of School Psychology*, *43*, 3-22.

Liebkind, K., Jasinskaja-Lahti, I. og Solheim, E. (2004). Cultural identity, perceived discrimination, and parental support as determinants of immigrants' school adjustments: Vietnamese youth in Finland. *Journal of Adolescent Research, 19*, 635-56.

Ma, X. (2002). The first ten years in Canada: A multi-level assessment of behavioural and emotional problems of immigrant children. *Canadian Public Policy*, *28*, 395-418.

Þóroddur Bjarnason og Stefán H. Jónsson (2006). *The effects of open vs. closed response categories on responses to the HBSC questionnaire: The results of a split-half experiment in Iceland*. Ritgerð lögð fram á ársfundi HBSC í Búdapest, 8.-10. júní 2006.

Vazsonyi, A.T. og Killias, M. (2001). Immigration and crime among youth in Switzerland. *Criminal Justice and Behavior, 28*, 329-366.

Vedder, P. og Virta, E. (2005). Language, ethnic identity, and the adaptation of Turkish immigrant youth in the Netherlands and Sweden. *International Journal of Intercultural Relations*, *29*, 317-337.

Westin, C. (2003). Young people of migrant origin in Sweden. *International Migration Review*, *37*, 987-1010.

Yu, S. M., Huang, Z. J., Schwalberg, R. H., Overpeck, M. og Kogan, M. D. (2003). Acculturation and the health and well-being of US immigrant adolescents. *Journal of Adolescent Health*, *33*, 479-488.

Kynjabil í kosningum
Er kosningahegðun karla og kvenna ólík?

Einar Mar Þórðarson

Rannsóknir á kosningahegðun kynjanna hefur verið viðvarandi verkefni hjá stjórnmálafræðingum síðan farið var að gera reglulegar kosningarannsóknir. Fyrstu kosningarannsóknirnar sem gerðar voru á 6. og 7. áratugnum leiddu í ljós að kynbundinn munur á kosninghegðun var ekki verulegur en konur voru þó líklegri til að kjósa hægri flokka en karlar. Á níunda áratugnum sýndu kosningarannsóknir í sumum vestrænum ríkjum að konur fóru í auknu mæli að styðja stjórnmálaflokka sem teljast til vinstri í hinu pólitíska litrófi. Þessar rannsóknir sýndu einnig að viðhorf kvenna til velferðakerfisins og umhverfismála voru önnur en karla. (Norris, 1988).

Ein þekktasta kenning félagsfræðiskólans um kjósendur, flokka og kosningahegðun er kenning Lippset og Rokkan um mótun flokkakerfa Evrópu. Í stuttu máli gengur kenningin út á það að þegar að kosningaréttur varð almennur í Evrópu á fyrstu áratugum 20. aldar hefðu flokkakerfin mótast á klofningsþáttum þess tíma og frosið þar. Samkvæmt kenningunni voru megin klofningsþættirnir átök og spenna milli verkafólks og atvinnurekenda, þéttbýlis og dreifbýlis og ríkis og kirkju. (Thomassen, 2005). Lippset og Rokkan gerðu ekki ráð fyrir að kyn væri einn af megin klofningsþáttum samfélagsins heldur töldu að skýringin á kynbundnum mun á kosningahegðun væri frekar að leita í ólíkum tengslum kynjanna við aðra klofningsþættina eins og trú, stétt og atvinnuþátttöku (Inglehart og Norris, 2000). Niðurstaða þeirra félaga var að þessi skipting væri mjög stöðug og tengsl slíkra félagslegra þátta og flokkanna væri megin skýringin á stöðugleika evrópskra flokkakerfa. Lippset og Rokkan gerðu þó ráð fyrir að ákveðin þróun hefði átt sér stað því þegar að flokkarnir voru fullmótaðir urðu þeir pólitískir gerendur sem vildu lifa af og mótuðu nýja klofingsþættir til að halda í tengsl sín við kjósendur. Þannig hafi flokkarnir mótað kjósendur sína frekar en að kjósendur hafi mótað flokkana (Oskarsson, 2005).

Nú á dögum eru flestir fræðimenn á þeirri skoðun að þegar að Lippset og Rokkan settu fram kenningu sína um mótun flokkakerfa (árið 1967) hafi hún

þegar verið farin að missa gildi sitt enda þeir klofningsþættir sem þau byggðu á farnir að skipta minna máli (Thomassen, 2005). Fyrstu vísbendingar um þessar breytingar komu fram í sveiflukenndara gengi „gömlu" flokkanna milli kosninga og nýjir flokkar náðu oft góðum árangri. Í framhaldi sýndu kosningarannsóknir að flokkshollusta kjósenda fór minnkandi og að þeir skiptu um flokka milli kosninga í meira mæli en áður. Kenningar um flokkshollustu leggja áherslu á tengsl kjósenda við flokka og gera ráð fyrir að þau ráðist af viðhorfum til þriggja þátta stjórnmála: frambjóðenda, stjórnmálastefnu og ekki síst sambands stjórnmálaflokka og ákveðinna þjóðfélagshópa. Allir þessir þættir hafa áhrif á kosningahegðun til skamms tíma en svo fer kjósandinn að samsama sig þeim flokki sem hann kýs og trúa því að viðkomandi flokkur sé besti fulltrúi sinn og síns þjóðfélagshóps. Þegar að ný málefni eða deilur í samfélaginu koma upp styttir kjósandinn sér leið og notar kennimerki (e. cues) frá sínum flokki til að mynda sér skoðun og lækkar þannig upplýsingkostnað sinn verulega. Kenningin gerir þannig ráð fyrir að flokkar geti haft mótandi áhrif á skoðanir kjósenda sinna (Harrop og Miller, 1987). Flokkshollusta hefur því verið mikilvægur þáttur í að viðhalda hinu frosna flokkakerfi sem Lippset og Rokkan fjölluðu um.

Í kjölfarið á minnkandi flokkshollustu og breytingum á kosningahegðun komu fram kenningar um að félagslegt umhverfi kjósandans skipti sífellt minna máli heldur mátu þeir flokkana út frá öðrum forsendum eins og frammistöðu í ríkisstjórn, stefnumálum og ímynd leiðtoga. Þessar kenningar leggja áherslu á að kjósendur hafi einfaldlega breyst. Með betri aðgangi að upplýsingum og ekki síður aukinni getu borgaranna til að vinna úr þeim (meiri menntun) hafi tengsl kjósenda og flokka sem byggðu á hinum gömlu klofningsþáttum rofnað. Kjósendur eru betur í stakk búnir til að meta málefnin sem eru í umræðunni hverju sinni út frá eigin forsendum. Þeir taka afstöðu til flokka og stefnumála þeirra án þess að treysta á tengsl ákveðinna flokka við félagshóp þeirra. Ronald Inglehart (1997) og Russel J. Dalton (2003) eru meðal þeirra fræðimanna sem hafa fjallað um þessar breytingu og kalla hana virkjun vitsmunanna (e. cognative mobilization). Þeir félagar telja að með þessu megi skýra minnkandi flokkshollustu kjósenda og það hafi haft í för með sér umtalsverðar breytingar á flokkakerfum vesturlanda því kjósendur eru ekki eins fyrirsjáanlegir og enginn flokkur getur búist við að ganga að ákveðnu fylgi vísu hvorki hjá konum né körlum. Afleiðingar þessa er að fylgi margra gamalla og rótgróinna flokka hefur minnkað eða þeir jafnvel horfið af sjónarsviðinu og nýjir flokkar náð góðum árangri sbr. gott gengi ýmissa umhverfisflokka (Dalton, 2003).

Konur og vinstrið

Á sama tíma og hefðbundin tengsl flokka og ýmissa þjóðfélagshópa veiktust fór einnig að bera á breytingum á kosningahegðun kvenna og mýtan um að konur væru hægrisinnaðri en karlar átti undir högg að sækja. Kosningarannsóknir sýndu að konur hefðu færst frá því kjósa hægri flokka í meira mæli en karlar yfir í að kjósa vinstri flokka í meira mæli en þeir. Hugtakið kynjabil (e. gender gap) hefur verið notað þegar fjallað er um mun á ólíkum gildum kynjanna og ólíkri kosningahegðun. Margar skýringar hafa verið settar fram hvers vegna þetta kynjabil er til staðar og leggja margar áherslu á að gildi og viðhorf kynjanna séu ólík (Knutsen, 2001).

Þessar kenningar, sem gera ráð fyrir að ólík kosninghegðun kynjanna eigi sér rætur í ólíkum gildum og viðhorfum kynjanna, skýra aukna tilhneigingu kvenna til að kjósa til vinstri á líkan hátt og aðrar kenningar sem hafa leitast við að skýra breytta kosningahegðun kjósenda með virkjun vitsmunanna. Þessar breytingar á kjósendum eiga ekki síst við um konur enda hafa pólitískar bjargir þeirra aukist mikið á undaförnum áratugum með meiri menntun og aukinni þátttöku í opinberu lífi. Munur á viðhorfum og kosninghegðun karla og kvenna endurspegla mismunandi gildi kynjanna sem leiðir til ólíkrar sýnar á grundvallar markmið stjórnmála. Rannsóknir hafa sýnt að konur og karlar hafa oft ólíka sýn á hlutverk ríkisins í samfélaginu og að konur séu líklegri til að aðhyllast ýmis póstmateríalísk gildi en karlar (Inglehart og Norris, 2000 og Inglehart, 1997).

Í þessari rannsókn er ætlunin að skoða kosningahegðun karla og kvenna á Íslandi og sett er fram sú tilgáta að hún sé ólík þ.e að kynjabil sé til staðar í íslenskum stjórnmálum og að konur kjósi vinstri flokka í meira mæli en karlar.

Kynjabil á Íslandi

Á Íslandi er ekki eins og löng hefð fyrir kosningarannsóknum og í mörgum öðrum vestrænum ríkjum og var fyrsta rannsóknin gerð hér á landi árið 1983. Kosningar það ár voru að mörgu leyti sérstakar því þá gerðist það í fyrsta skiptið að þeir fjórir flokkar[1] sem höfðu verið ráðandi á sviði íslenskra

[1] Hér er átt við Alþýðuflokkinn, Framsóknarflokkinn, Sjálfstæðisflokkinn og Alþýðubandalagið og forvera þess.

stjórnmála síðan í byrjun fjórða áratugarins fengu minna en 90% atkvæða (að undanteknu árinu 1971 þegar að þeir fengu 89,1%). Þessir fjórir flokkar urðu til sem nokkuð hefðbundnir stéttaflokkar þannig að íslenska flokkakerfið féll ágætlega að kenningu Lippset og Rokkan um mótun flokkakerfa. Koningarnar 1983 marka líklega upphafið að þeim miklu breytingum sem hafa orðið á flokkakerfinu á undanförnum tveimur áratugum. Þær breytingar styðja kenningar um minnkandi flokkshollustu enda hefur flokkshollusta íslenskra kjósenda minnkað talsvert á undaförnum árum. Árið 1983 sögðust um helmingur kjósenda vera stuðningsmenn ákveðins stjórnmálaflokks en 2003 sögðust 40% kjósenda styðja ákveðinn flokk (Einar Mar Þórðarson og Ólafur Þ. Harðason, 2005). Flokkshollusta íslenskra kvenna hefur reyndar alltaf verið tölvert minni en karla (sjá mynd 1) enda hafa þær verið í minni tengslum við hina hefðbundnu stjórnmálaflokka og átt minna undir þeim.



Mynd 1. Flokkshollusta karla og kvenna 1983 – 2003

Árið 1983 buðu fram tveir nýjir flokkar sem náðu ágætum árangri. Þessir flokkar voru Bandalag jafnaðarmanna sem fékk 7,3% atkvæða og fjóra þingmenn kjörna og Samtök um kvennalista sem fékk 5,5% og þrjá menn. Eins og nafnið gefur til kynna þá bauð Kvennalistinn eingöngu fram konur og hlutverk framboðsins var fyrst og fremst til þess að auka hlut kvenna í stjórnmálum sem hafði verið rýr (Auður Styrkársdóttir, 1986). Kvennalistinn átti eftir að verða langlífari í íslenskum stjórnmálum en margir spáðu og alls bauð hann fram, og fékk kjörna þingmenn, í fjórum kosningum (1983, 1987, 1991 og 1995) og varð svo einn fjögurra flokka sem síðar mynduðu

Samfylkinguna. Þrátt fyrir að Kvennalistinn hafi ekki viljað láta kenna sig við hægri eða vinstri er hann flokkaður sem vinstri flokkur í þessari rannsókn vegna þess að kjósendur röðuðu honum ávallt sem vinstri flokk á hægri-vinstri kvarða og langflestir kjósendur flokksins röðuð sjálfum sér til vinstri á sama kvarða (Gunnar Helgi Kristinsson og Ólafur Þ. Harðarson, 1987).

Eins og áður sagði þá var fyrsta kosningarannsóknin gerð á Íslandi árið 1983 og því lítið vitað um hegðun íslenskra kjósenda fyrir þann tíma. Í þeirri rannsókn voru viðmælendur þó spurði hvaða flokka þeir hefðu kosið í kosningunum árin 1978 og 1979. Þrátt fyrir að gera verði ráð fyrir að minni fólks svo langt aftur í tímann sé ekki óskeikult gefa svörin samt ákveðnar vísbendingar og hægt er að skoða kosninghegðun kynjanna fyrir tilkomu Kvennalistans. Eins og sjá má á mynd 1 þá bendir allt til þess að svipað hlutfall kvenna og karla hafi kosið vinstri flokka í kosningunum 1978 og 1979 og sömu sögu er reyndar að segja árið 1983 þrátt fyrir tilkomu Kvennalistans. En munurinn á hlufalli kynjanna sem kýs vinstri flokka eykst mikið í næstu kosningunum, þ.e. árið 1987 en þá fjölgar konum hlutfallslega sem kjósa til vinstri en körlum sem kjósa vinstri flokka fækkar og munurinn er 14%. Stuðningur kvenna við vinstri flokkana minnkar nokkuð í kosningunum 1991 en það á einnig við um karla svo munurinn milli kynjanna helst óbreyttur. Fylgi vinstri flokkanna meðal kvenna heldur áfram að minnka í kosningunum 1995 og en hlutfallslega stendur það í stað meðal karla og kynjabilið minnkar talsvert eða í 7%. Fyrir kosningarnar árið 1999 urðu miklar breyting á flokkakerfinu eins og áður sagði þegar að fjórir vinstri flokkar, Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Kvennalistinn og Þjóðvaki mynduðu kosningabandalag og buðu fram undir merkjum Samfylkingar og tveir nýjir flokkar buðu fram Vinstri hreyfingin-grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn. Í þessum kosningum jókst kynjabilið aftur en nú af því að enn fækkaði hlutfallslega körlum sem kusu til vinstri. Í síðustu kosningum varð svo aftur talsverð vinstri sveifla hjá konum þegar að tæplega helmingur kvenna kaus til vinstri en þriðjungur karlar og kynjabilið þá orðið 16%.

Eins og sjá má er kosningahegðun kynjanna ólík og eftir 1983 eru hlutfallslega fleiri konur að kjósa vinstri flokka en karlar. Þetta stafar reyndar ekki síst af því að stuðningur karla við vinstri flokka fór sífellt minnkandi. Einnig er fylgi kvenna við vinstri flokka mjög sveiflukennt en slíkar sveiflur í fylgi falla að kenningum um minni tengsl kjósenda og flokka með minnkandi flokkshollustu.



Mynd 2. Hlufall karla og kvenna sem kýs vinstri flokka[2]

Hvaða flokka kjósa kynin?

Ef kosningahegðun kynjanna er skoðuð eftir einstökum flokkum kemur í ljós að hún er talsvert ólík og nokkuð sveiflukennd. Í töflu eitt má sjá fylgi stjórnmálaflokka meðal karla og kvenna í Alþingiskosningum frá 1983. Þar má einnig sjá mun á fylgi einstakra flokka meðal kynjanna eða svokallað kynjabil (e. gender gap). Neðst í töflunni er svo reiknaður meðaltalskvarði kynjabils allra flokka og er það þá kynjabilið í einstökum kosningum. Eins og sjá má er kynjabilið í einstökum kosningum nokkuð breytilegt allt frá því að vera 3,2% árið 1983 í það vera 6,2% í kosningunum 1991 og 2003.

Ef kynjabilið er skoðað eftir ákveðnum flokkum þá kemur í ljós að árið 1983 þegar að konur og karlar eru kjósa vinstri flokka í svipuðu mæli er nokkur munur á því hvernig kynin dreifast á milli vinstri flokkanna. Hlutfallslega fleiri konur kjósa Kvennalistann en karlar en þeir kjósa aðra vinstri flokka í meira mæli en konur. Í kosningunum árið 1987 eykst þessi meðaltals munur á kosningahegðun kynjanna nokkuð og fer í 5,3%. Enn eru konur að kjósa Kvennalistann í mun meira mæli en karlar en karlar kjósa frekar Sjálfstæðiflokkinn. Í kosningunum árið 1991 liggur kynbundin munur á kosningahegðun fyrst og fremst í því að mun fleiri konur kjósa

[2] Þeir flokkar sem taldir eru til vinstri flokka eru: Alþýðuflokkurinn, Alþýðubandlagið, Bandalag jafnaðamanna, Kvennalistinn, Þjóðvaki, Samfylkingin og Vinstri hreyfingin-grænt framboð.

Kvennalistann en því er öfugt farið þegar að kemur að Sjálfstæðisflokknum. Hjá báðum flokkum er munur á hylli þeirra meðal kynjanna 14%. Árið 1995 missir Kvennalistinn nær helming fylgi síns og þá lækkar meðaltal kynjabilsins í 3,5%.

Tafla 1. Kosningahegðun (%) í Alþingiskosningum 1983 – 2003 eftir kyni[3]

	1983			1987			1991			1995			1999			2003		
	KK	KVK	M	KK	KVK	M	KK	KVK	M	KK	KVK	M	KK	KVK	M	KK	KVK	M
Framsóknar-flokkur	17	14	3	18	16	1	19	17	1	29	26	3	21	18	3	21	17	4
Sjálfstæðis-flokkur	41	42	-1	34	25	9	47	33	14	37	35	2	45	40	6	35	28	7
Borgarflokkur-inn				8	6	2												
Frjálslyndi-flokkurinn													6	3	3	10	6	5
Alþýðuflokkur	13	12	1	17	14	3	15	16	-1	13	9	4						
Alþýðubandalag	17	14	3	13	13	0	14	13	1	13	13	0						
Kvennalistinn	3	11	-8	4	22	-17	3	17	-14	2	11	-9						
Bandalag jafnaðarmanna	9	6	3															
Þjóðvaki										4	7	-3						
Samfylking													18	29	-11	25	38	-14
Vinstri hr.-Grænt framb.													9	10	-1	8	9	-2
Kjósa vinstri flokk	41	43	-2	35	49	-14	32	46	-14	32	39	-6	27	39	-12	32	48	-15
Kynjabil meðaltalskvarði			*3,2*			*5,3*			*6,2*			*3,5*			*5,3*			*6,2*
Samtals	99	100		95	96		97	96		97	99		100	100		98	98	
Fjöldi	482	398		783	668		579	586		705	665		670	610		594	598	

Eins og áður hefur komið fram urðu talsverðar breytingar á flokkakerfinu árið 1999 þegar að fjórir flokkar buðu fram undir merkjum Samfylkingar og tveir nýjir flokkar, Vinstri hreyfingin grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn, buðu fram með ágætis árangri. Eins og sjá má í töflu 1 hefur Samfylkingin fengið það í arf frá Kvennalistanum að vera með mun meira

[3] Kynjabil kosninga er meðaltals munur á í hvaða hlutföllum karlar og konur kjósa flokkana. Samanlagt fylgi flokka meðal kynja er ekki alltaf 100% þar sem að framboð sem ekki fengu kjörin þingmann eða buðu ekki fram á landsvísu eru ekki með í þessari greiningu.

fylgi meðal kvenna en karla og þrátt fyrir að flokkurinn styrki sig meðal beggja kynja í kosningunum 2003 eykst kynjabilið. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er mun jafnari meðal kynjanna þó aðeins fleiri konur kjósi flokkinn.

Þegar að niðurstöður þessara sex kosninga eru skoðaðar má sjá að þrátt fyrir að talsverður munur hefur verið á kosningahegðun kynjanna þá er kynjabilið að sveiflast nokkuð. Síðan í kosningunum 1987 hafa fleiri konur kosið vinstri flokkana en karlar. En þennan mun má ekki síst skýra með minnkandi fylgi vinstri flokka meðal karla. Kynjabilið liggur fyrst og fremst í miklu fylgi kvenna við tvo flokka Kvennalista og síðar Samfylkingu. En karlar hafa verið líklegri til að kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Tilkoma Kvennalistans virðist því hafa haft talsverð áhrif á þá þróun að konur færu að kjósa til vinstri í meira mæli en karlar.

Miklar sveiflur í fylgi flokka meðal beggja kynja er samt það sem stendur upp úr og kjósendur virðast vera mjög hreyfanlegir enda ekki hægt að skýra þessar sveiflur öðruvísi en nokkuð stór hluti kjósenda sé að skipta um flokka á milli kosninga. Þetta á ekki síst við um konur enda má sjá að fylgi Kvennalista meðal þeirra sveiflast um 10% milli kosninga og það á reyndar einnig við um fylgi Samfylkingar. Þessar sveiflur eru ekki eingöngu bundnar við vinstri flokka því þar sem fylgi kvenna við Sjálfstæðisflokkinn er mjög breytilegt milli kosninga. Þessar miklu sveiflur í fylgi flokka styðja kenningar um að kosningahegðun kjósenda hafi breyst og að minni flokkshollsta kjósenda hafi mikil áhrif á fylgi stjórnmálaflokka og ekki síst þróun flokkakerfisins.

Lokaorð

Á þessum tveimur áratugum sem hér hafa verið til umfjöllunar hafa orðið miklar breytingar á flokkakerfinu en upphaf þeirra má rekja til kosninganna 1983. Í öllum kosningum síðan þá hafa verið miklar sveiflur í fylgi flokka hvort sem er meðal karla og kvenna, nýjir flokkar hafa náð góðum árangri og rótgrónir flokkar horfið af sviði stjórnmálanna. Hið frosna flokkakerfi sem einkenndi íslensk stjórnmál í 50 ár hefur riðlast og breytt landslag blasir við á vinstri væng stjórnmálanna.

Með minnkandi flokkshollustu kjósenda gátu gömlu flokkarnir ekki gengið að neinu vísu og fylgi þeirra var mjög sveiflukennt. Með tilkomu Kvennalistans verða ákveðin þáttaskil í íslenskum stjórnmálum og þó að fylgi hans hafi aldrei verið mjög mikið þá afrekaði hann það að fá kjörna þingmenn í fjórum Alþingiskosningum en engir nýjir flokkar hafa náð þeim

árangri á seinni hluta 20. aldar. Arfleifð flokksins lifir að einhverju leyti enda nokkrar forystukonur hans í fremstu línu Samfylkingarinnar. Eins og áður sagði var Kvennalistinn aldrei með mjög mikið fylgi en samt þegar að best lét í kosningunum árið 1987 þá kaus rúmlega fimmtungur kvenna listann og fylgi flokksins meðal kvenna helsta skýring þess að fylgi vinstri flokka var meira meðal kvenna en karla. Flokkshollusta kvenna hefur verið mun minni en karla enda stjórnmál á Íslandi framan af 20. öldinni nánast einokuð af körlum og gömlu flokkarnir því síður höfðað til kvenna. Kvennalistinn hefur því átt greiða leið að eyrum ákveðins hóps kvenna sem fundu viðhorfum sínum ekki stað í gömlu flokkunum. Samfylkingin hefur að einhverju leiti erft þetta mikla fylgi meðal kvenna og það er fyrst og fremst skýringin á því að konur kjósa í meira mæli vinstri flokka en karlar og að kynjabil er til staðar í íslenskum stjórnmálum.

Heimildir

Audur Styrkársdóttir (1986). From social movement to political party. Í Dahlerup, D. (Ritstj.), *The New women's movement* (bls. 140-157). London: Sage Publications.

Dalton, R. J. (2003). *Citizen Politics: Public Oppinion and Political Parties in advanced industrial democracies* (3. útgáfa). New Jersey: Chatham House Publishers, Inc.

Einar Mar Þórðarson og Ólafur Þ. Harðarson (2005). Kjósendur á vergangi – flokkshollusta íslenskra kjósenda. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls. 539-548). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Hákskóla Íslands.

Harrop, M. og Miller, W.L. (1987). *Elections and Voters. A Comparative Introduction*. London: Macmillan Education.

Inglehart, R. (1997). *Modernization and Postmodernization: Cultural, Economic Change in 43 Societies*. New Jersey: Princeton University Press.

Inglehart, R. og Norris, P. (2000). The Developmental Theory of the Gender Gap: Women's and Men's Voting Behavior in Glopal Perspective. *International Political Science Rwview, 4*,441-463.

Knutsen, O. (2001). Social Class, Sector Employment, and Gender as Party Cleavages in the Scandinavian Countries: Acomparative Longitudinal Study, 1975-95. *Scandinavian Political Studies*, *24*, 311-350.

Norris, P. (2004). *Electoral Engineering: Voting Rules and Political Behavior*. New York: Cambridge University Press.

Oskarson, M. (2005). Social Structure and Party Choice. Í J. Thomassen (Ritstj.), *The European Voter. A Comparative Study of Modern Democracies*. Oxford: Oxford University Press og ECPR.

Thomassen, J. (2005). "Introduction". Í J. Thomassen (Ritstj.), *The EuropeanVoter. A Comparative Study of Modern Democracies* (bls. 1-15). Oxford: Oxford University Press og ECPR.

„Þetta svona venst“ Um upplýsingatækni, kynferði og líðan í þjónustuverum[1]

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
Margrét Lilja Guðmundsdóttir
Margrét Einarsdóttir

Vaxandi hópur starfsmanna vinnur undir rafrænni vöktun. Með því er átt við að upplýsingum um frammistöðu starfsmanna í vinnu er safnað reglulega með varðveislu, greiningu og birtingu ýmissa upplýsinga. Upplýsingatæknin hefur þannig að nokkru breytt samskiptum stjórnenda og starfsmanna og gert stjórnendum betur kleift að fylgjast með og halda skrá yfir afköst og hegðunarmynstur/vinnuferla starfsmanna (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2003; Webster, 1996). Á sama tíma og rafræn vöktun hefur að nokkru leyti aukið skilvirkni í rekstri, þá hefur hún vakið upp spurningar um persónuvernd og líðan starfsmanna (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2004). Rafræna vöktun er að finna í mörgum þjónustuverum (call-centers), þar sem nær eingöngu starfa konur. Í rannsókninni *Áhrif upplýsingatækni á vinnuumhverfi og persónuvernd* sem hér er fjallað um, var markmiðið að greina umfang rafræns einstaklingseftirlits hér á landi, birtingarform þess og afleiðingar fyrir vinnuskipulag, réttarstöðu og líðan starfsfólks. Í greininni fjöllum við eingöngu um niðurstöður rannsóknarinnar sem taka til starfsfólks í þjónustuverum, enda leiddi rannsóknin í ljós að þar var eftirlit með starfsfólkinu mest.

Þar sem þjónustuverin eru að mestum hluta kvennavinnustaðir og einhæfustu störfin, sem mest eru vöktuð eru nánast eingöngu kvennastörf,

---

[1] Greinin byggir á niðurstöðum rannsóknar sem ber yfirskriftina *Áhrif upplýsingatækni á vinnuumhverfi og persónuvernd*. Rannsóknin var styrkt af Rannís; Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál. Um var að ræða tveggja ára samstarfsverkefni Vinnueftirlitsins, Landlæknisembættisins og Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Þá áttu Persónuvernd og Rafiðnaðarsambandið aðila í stýrihóp rannsóknarverkefnisins.

gerum við grein fyrir femínískum hugmyndum um tengsl kynferðis og tækni og umfjöllun um stöðu tækninnar í samfélaginu.

Tækni, kynferði og samfélag

Tiltekið kynjaójafnvægi mjá sjá í þróun og notkun upplýsingatækninnar (Trauth, 2002). Konur taka minni þátt í framleiðslu og þróun tækninnar og þær vinna frekar en karlar í störfum sem valda álagi vegna einhæfni sem fylgir tækninni. Karlar vinna hins vegar fremur en konur ýmiss skapandi tæknistörf (Rosser, 2005; Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2000).

Juliet Webster (1996) segir að mikið hafi verið rætt um tengsl upplýsingatækni og stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Meðal annars hafi verið rætt um að tæknin hefði þau áhrif að einhæf störf sem ófaglærðar konur hafa gegnt á síðustu áratugum muni hverfa því þau muni vélvæðast. Að vinnumynstrið muni breytast því ný tækni muni breyta bæði vinnu- og ráðningarfyrirkomulaginu og auka fjarvinnu og sveigjanleika vinnudagsins. Þá hafi verið bent á að störfin muni verða einhæfari og krefjast minni sérþekkingar. Atvinnurekendur muni leitast meira við að ráða til sína ódýrt vinnuafl, einkum konur og útlendinga.

Þótt tæknin hafi breytt ýmsum störfum, þá bendir Scott-Dixon (2005) á að tæknin hafi í raun ekki breytt neinu varðandi kynjaskiptingu vinnunnar. Undir það tekur Grint (2001) sem segir að þvert á móti þá styðju tæknin almennt við og auki jafnvel kynjaskiptingu á vinnustöðum. Þetta hefur komið í ljós innan fiskvinnslunnar hér á landi (Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2000). Grint bendir auk þess á að í hátæknifyrirtækjum segist stjórnendur ekki geta breytt vinnufyrirkomulaginu því tæknin ákvarði verkferla og setji vinnunni mörk. Þetta kemur einnig fram í íslenskri rannsókn (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2001) þar sem sjá má að stjórnendur í hátækni fiskvinnsluhúsum halda því fram að aukið andlegt álag sé eðlilegt og endurspegli „eðli tækninnar".

Mikil bjartsýni hefur þrátt fyrir þetta einkennt orðræðuna um gildi upplýsingatæknnar fyrir vinnuumhverfi og atvinnumarkað og skýr tengsl hafa þótt vera á milli tækni og velgengni. Hawthorne og Klein (1999) benda á að tilteknir „cyberfeministar" (netfemínistar) hafi á síðusta áratug haldið fram að þar sem konur væru betur menningarlega og andlega undirbúnar fyrir vinnumenningu 21. aldarinnar, þá muni þær standa sig betur en karlar á tæknivæddum vinnumarkaði.

Norrænar rannsóknir hafa þó sýnt að tækninni hefur fylgt tiltekin skautun (polarization) á vinnumarkaði (Bradley, 1998; Aronsson, 1990) og gjá á milli „góðra“ starfa og „slæmra“; starfa sem fela í sér tækifæri til starfsþróunar, sjálfræðis og aukins frelsis, og starfa sem einkennast af einhæfni, litlu sjálfræði og streitu. Auk þess sé vaxandi gjá á milli hefðbundinna starfa kvenna og karla. Doyal (1990) er meðal þeirra sem bendir á að upplýsingatæknin hefur aukið félagslegt og andlegt álag í störfum sem að meirihluta eru skipuð konum með lágt menntunarstig. Álagið geti haft í för með sér vanlíðan og útilokun á vinnumarkaði.

Til að skýra þessa þróun þarf að skoða bæði valdasamsetninguna á vinnustöðum og tengsl tækni og kynferðis. Juliet Webster (1996) nefnir þrjár stefnur til sögunnar sem reyna að skýra þessi tengsl. Þetta eru stefnur frjálslyndra femísista (liberal feminists), vistfemínista (eco feminists) og sósíalískra femínista. Þessi þrjú sjónarhorn líta mismunandi augum á tengsl tækni og á kynferðis.

Frjálslyndir femínistar líta á tæknina sem sjálfgefinn „fasta“ og að hefðin skýri ráðandi stöðu karla í „tækniheimum“. Það sé vandamál að konur leggi fæð á tækni og tæknistörf. Þetta er álitið stafa af félagsmótun kvenna og karla. Lausnin felst ekki í því að breyta tækninni eða vinnu við hana heldur í því að kenna konum að umgangast tækni. Þetta sjónarhorn hefur verið ríkjandi á Vesturlöndum síðustu ár.

Í vistfemínismanum er litið á tæknina sem karllæga (masculine) og afleiðingu þess að karlar vilji stjórna konum og náttúrunni. Þetta sést mest í umfjöllun um tækni sem notuð er til hernaðar og sem hefur skemmdir á náttúrunni í för með sér. Þetta sjónarhorn gengur út frá tvíhyggjunni; konur og náttúra, karlmenn og tækni.

Sósíalískir femínistar leggja áherslu á að kynjaskipting vinnunnar sé grundvöllur kapítalismans og feðraveldisins. Það hve „kynjuð“ tæknin er, sé afsprengi ríkjandi þjóðskipulags. Þessi stefna leggur áherslu á margbreytileika kvenna og karla sem grundvallast m.a. á stéttarstöðu þeirra og þjóðerni og hefur jafnframt áhrif á viðhorf þeirra til tækninnar (Webster, 1996).

Þegar fjallað er um tengsl tækni og kynferðis er einnig mikilvægt að fjalla um hugtökin tæknileg nauðhyggja (technological determinism) og félagsleg nauðhyggja (social determinism) (Grint, 2001).

Tæknileg nauðhyggja felur í sér þá sýn að tæknin hafi sjálfstæða tilvist og leiði til þróunar sem ákvarðar félagsleg og efnahagsleg tengsl. Tæknin þróast eftir sömu lögmálum og Darwinisminn þannig að aðeins hæfustu nýjungarnar „lifa af“ í samkeppni og aðeins þeir einstaklingar og stofnanir sem tileinka sér þessar nýjungar vegnar vel. Þetta er sérstaklega áberandi að mati

Grint (2001) þar sem upplýsingatæknin á í hlut, því það að afneita henni þykir jafngilda því að afneita raunveruleikanum og framtíðinni. Þetta útskýrir hvers vegna umfjöllun af siðfræðilegum, kynjafræðilegum eða vinnuvistfræðilegum toga er oft sett til hliðar, þegar rætt er um innleiðingu nýrrar tækni á vinnustöðum.

Félagsleg nauðhyggja felur aftur á móti í sér að tæknin hafi enga hlutlæga merkingu óháð þeirri sem einstaklingar leggi í hana. Að tæknibreytingar eigi sér félagslegar orsakir og að kynjaskipting vinnunnar og vinnufyrirkomulagið almennt sé ákvarðað af menningarlegum og/eða félagslegum þáttum fremur en tæknilegum. Allar félagslegar athafnir eigi sér stað í ljósi upplifana og túlkunar einstaklinga á aðstæðum sínum. Það þýðir að ef við viljum skilja stöðu fólks og viðhorf gagnvart tækninni þá þurfum við að skilja þá merkingu sem fólk leggur í vinnuna og í lífið almennt, en ekki einungis þá merkingu sem það leggur í tæknina sem slíka.

Bæði þessi sjónarmið eru slæm að mati Grint (2001), því það hvaða áhrif tæknin hefur, taki mið af því hvernig hún er hönnuð (designed). Þegar búið er að hanna tæknina þá eru áhrif hennar orðin hlutlæg. Hann andmælir þeirri hugmynd að hægt sé að skipuleggja fjölbreytta og andlega frjóa vinnu við tækni sem hönnuð er til einhæfra nota og stuttra vinnuferla – að hægt sé að skapa annað en innantóma og einhæfa vinnu t.d. við færilínur eða í hátæknilegum þjónustuverum. Tæknin endurspegli vilja þeirra sem skapa hana.[2] Þeir sem stjórni hönnuninni og útfærslu framleiðsluferlanna ákvarði framhaldið.

Nú verður gerð grein fyrir rannsókn á því hvernig sú hlið upplýsingatækninnar sem snýr að rafrænni vöktun birtist starfsfólki í þjónustuverum hér á landi.

Aðferðir

Vinna við rannsóknina – *Áhrif upplýsingatækni á vinnuumhverfi og persónuvernd* hófst árið 2001. Notaðar voru eigindlegar og megindlegar rannsóknaraðferðir. Spurningalisti var lagður fyrir 1369 starfsmenn í sex völdum

---

[2] Þetta kom m.a. fram í leikritinu Eldhús eftir máli eftir Svövu Jakobsdóttur. Hið tæknilega fullkomna eldhús sem eiginmaðurinn hafði skapað ól af sér mjög óhamingjusama eiginkonu og húsmóður, sem fékk ekki fullnægt þörfum sínum sem mannskeskja í eldhúsinu, þar sem hún þurfti algjörlega að lúta tæknilegum lögmálum eldhússins við vinnu sína, í stað þess að vinna eftir þeim vinnuferlum sem hún var vön og fannst þægilegastir. Eina lausnin sem hinn tæknilega sinnaði eiginmaður fann á þessum vanda var að finna sér aðra eiginkonu – húsmóður sem passaði í hið tæknilega eldhús.

þjónustufyrirtækjum sem hafa fjárfest í nýrri upplýsingatækni sem gerir margs konar rafræna vöktun á vinnuframlagi og vinnuhegðun starfsmanna mögulega. Fyrirtækin voru valin með aðstoð VR. Spurningalisti var lagður fyrir á tímabilinu febrúar til apríl 2003. Listinn byggði að mestu á Norræna spurningalistanum um sálfélagslega þætti í vinnunni (Lindström, Elo, Skogstad, Dallner, Gamberale, Hottinen o.fl., 2000). Svarhlutfallið var um 72%, hlutfall kynja svipað.

Gögnum fyrir eigindlegar hluta rannsóknarinnar var safnað jafnt og þétt á rannsóknartímabilinu. Annars vegar var gögnum safnað með viðtölum til að undirbúa spurningalistana og hins vegar til að fá dýpri skilning á þeim niðurstöðum sem fengust úr megindlega hlutanum. Árið 2002 voru þrjú viðtöl tekin við einstaklinga sem starfa hjá fyrirtækjum sem framleiða og/eða setja upp og reka búnað til rafræns eftirlits. Árið 2003 voru síðan tekin níu viðtöl við starfsmenn sem vinna undir rafrænni vöktun í þjónustuverum[3] hjá völdum fyrirtækjum og stofnunum. Af þessum níu einstaklingum voru sex konur og þrír karlar. Þar sem konur eru í meirihluta starfsmanna í þjónustuverunum og karlmenn sem þar starfa vinna almennt sérhæfðari og minna vöktuð störf en konurnar, þá var ákveðið að beina sjónum fremur að konum en körlum í viðtölunum. Þegar upp er staðið hafa því verið tekin 12 viðtöl í tengslum við rannsóknina. Öll viðtölin voru tekin upp á segulband, þau afrituð og síðan greind eftir aðferðum eigindlegra rannsóknaraðferða. Í þessari grein eru eingöngu unnið með viðtöl sem tekin voru við starfsmenn í þjónustuverum.

Niðurstöður: Vinnuumhverfi og líðan starfsfólks þjónustuvera

Niðurstöðurnar sýna að kynjaskipting starfa í fyrirtækjunum sem tóku þátt í rannsókninni er töluverð. Konur eru t.d. 76% þeirra sem vinna í þjónustu- eða móttökuverum. Þá er rafrænt eftirlit algengast í þjónustu- og móttökuverunum og sjaldgæfast á tæknisviði, þar sem fyrst og fremst starfa karlar.

Vinnufyrirkomulagið í þjónustuverunum sem rannsóknin tók til er ekki að öllu leyti eins, en lýsingin hér á eftir er nokkuð almenn. Þegar starfsfólk hefur vinnu þá skráir það sig inn á tölvurnar og svo út aftur þegar það tekur

---

[3] Þjónustuver er notað sem yfirheiti yfir starfsemi fyrirtækja og stofnana þar sem starfsmenn sinna fyrirspurnum viðskiptavina. Starfsmennirnir eru oftast í beinum og stöðugum samskiptum við viðskiptavini, oftast í gegnum síma.

vinnuhlé eða lýkur starfsdeginum. Þannig er hægt að fylgjast með vinnuferli starfsfólksins, sem er eins og fram hefur komið að mestum hluta konur, í gegnum það sem almennt er kallað „inn og útlogg“. Hægt er að sjá hvenær það skráir sig inn á kerfið, hversu mörgum símtölum er svarað, hversu oft starfsfólkið hleypir símtölunum framhjá sér eða hafni símtölum, þótt það hafi ekki verið upptekið í símanum, hvenær það skráir sig út úr kerfinu til þess t.d. að fara í hvíldarpásur, eða til þess að hætta eftir daginn. Þannig er hægt að mæla vinnuafköstin yfir daginn. Starfsfólk sumra þjónustuvera er tengt internetinu og yfirmenn geta fylgst með hvort það fari á aðrar síður en þær sem tengjast vinnunni. Aðgangsstýrikerfi er auk þess í sumum þjónustuverum þar sem starfsfólk slær inn tölur til að fara á milli vinnurýma, auk eftirlitsmyndavéla. Því er hægt að skoða ferðir fólks um vinnustaðinn.

Með tilkomu ýmissa tækninýjunga hafa verkþættir verið einfaldaðir sem gerir störfin jafnframt einhæfari. Náið er fylgst með fjölda símatala – hversu miklu hver starfsmaður nær að afkasta á vinnutíma og í sumum tilfellum eru símtöl við viðskiptavini hljóðrituð. Í slíkum þjónustuverum er ekki óalgengt að upplýsingaskilti (tafla) hangi uppi í vinnurýminu, þar sem hægt er að fylgjast með hve margir viðskiptavinir bíða eftir þjónustu. Áreiti á starfsmenn er þannig stöðugt. Hjá flestu starfsfólki sem við tókum viðtöl við voru símtölin hljóðrituð.

Búið er að finn út að starfsmaður á að geta verið í símasamskiptum 75% af deginum. Þegar viðtöl voru tekin eru uppi hugmyndir um að greiða árangustengdan bónus sem miðast við þessi 75% afköst. Það er, þeir sem eru í samskiptum í meira en 75% af deginum fái meira greitt en aðrir.

Umræðan um magn eða gæði vinnunnar kemur mjög oft fram í viðtölunum. Starfsfólkið hefur verið ósátt við að tæknin meti fyrst og fremst magnið, sem segi ekkert til um gæði upplýsinganna sem veittar eru. Til að koma til móts við þessar kvartanir var innleidd hljóðritun símtala og hlustun, þ.e. yfirmenn hlusta af og til á samtöl starfsfólksins til að sjá hvort svörunin uppfylli kröfur um gæði. Í gegnum þessi tvö eftirlitskerfi er þannig hægt að fylgjast náið með vinnu starfsfólksins. Starfskona á þrítugsaldri lýsir því svona:

> En núna sjá þeir hvern einasta [starfsmann], geta farið inn á númerið og skoðað, sko, alveg bara hvernig ég stóð mig í vinnunni, hvað ég svaraði mörgum [símtölum], var ég að kjafta mikið í vinnunni eða gera eitthvað annað. Þær sjá það þá á logginu hjá okkur hvort við höfnum vissum prósentum [símtala], og seinna meir munu þeir geta farið inn á okkur og hlustað á okkur.

Það vandamál kom fljótlega í ljós að yfirmenn gátu hlustað á meira en símatal starfsmanns og viðskiptavinarins. Ef starfsmaðurinn sagði eitthvað við sessunaut sinn milli samtala þá heyrðist það líka og jafnvel var hægt að hlusta í gegnum síma eins starfsmanns hvað sá næsti var að segja. Það kemur fram í nokkrum viðtalanna að starfsfólkið varð óánægt með að stjórnendur gætu á þennan hátt heyrt persónuleg samtöl starfsmanna þar sem þeim fannst það ekki koma öðrum við um hvað vinkonur spjölluðu í vinnutíma sínum:

> Ef ég er í vinnu í að minnsta kosti sjö klukkutíma [á dag] og örugglega lengur … þá langar [mig], kannski ekkert til að yfirmaðurinn minn heyri það sem ég er að segja þegar ég er ekki í svörnun (Starfskona á þrítugsaldri).

Þarna kemur fram að fyrir starfsmennina er vinnan meira en að afkasta ákveðnu verki á ákveðnum tíma sem fæst greitt fyrir. Vinnan á jafnframt að eiga sína félagslegu hlið, enda tala starfskonurnar um vinnufélagana sem vinkonur sínar. Í viðtölunum kemur fram að starfsfólk er boðað í viðtal á 2ja vikna fresti þar sem greint er frá því hvað kom fram í hlustuninni, hvað hafi verið vel gert að mati yfirmanns og hvað megi betur fara.

Í viðtölunum kemur fram að margir starfsmenn voru óánægðir þegar afkastamælingunum og hlustuninni var komið á. Ein starfskonan orðar þar svona: „*Það varð allt brjálað þegar þetta byrjaði*“. Hún heldur því fram að ekkert samráð hafi verið haft við starfsmennina þegar ákveðið var að koma þessari nýju tækni á. Þessu var bara *„slengt framan í okkur“* og starfsmennirnir hafi ekkert haft með það að segja. Þær fóru fram á fund en þar kom í ljós að yfirmennirnir voru ekkert allt of vissir á því sjálfir hvernig kerfið myndi virka.

Trúnaðarkona á einum vinnustaðnum segir að það hafi verið mikill æsingur í starfsfólki í byrjun og að þá hafi afkastakerfið verið kynnt sem leið til launahækkunar. Jafnvel þótt hlustunin hafi komið í kjölfar gagnrýni á að tæknin meti einungis magn en ekki gæði, þá segir trúnaðarkonan að einmitt hlustunin hafi farið sérstaklega fyrir brjóstið á starfskonunum. Að þær séu alls ekki vissar um að allir verði metnir jafnt, þar sem niðurstaðan byggist á persónulegu mati þess einstaklings sem hlustar. „*Þetta er bara vantraustsyfirlýsing á þær í rauninni*“ segir trúnaðarkonan. Starfskona á þrítugsaldri segir þetta hafa verið sem „*kalda vatnsgusu í andlitið*“ og bara „*vantraust númer eitt, tvö og þrjú*“ og þeim fannst nýja kerfið „*ekki mannlegt*“. Kvenkyns vaktstjóri bendir þó á að tilgangurinn með tækninni eigi ekki að vera sá að yfirmennirnir tali ekki lengur við starfsmennina heldur þvert á móti að yfirmennirnir hafi eitthvað í höndunum til þess að tala um: „*Við erum að reyna að búa til jákvæðar samræður*“.

Í viðtölunum koma fram vangaveltur um markmið þessa aukna eftirlits með vinnunni og afköstum starfsmanna og ekki túlka allir það jafn jákvætt og áðurnefndur vaktstjóri. Þó kemur fram að vaktstjórar og þeir yfirmenn sem næst þeim standa hafa í raun lítið haft um innleiðingu eftirlitsins að segja og skilji jafnvel jafn lítið í því og starfsfólkið sem fylgst er með. Ein starfskonan sem talað var við velti þannig upp spurningu um það hvert hlutverk stjórnenda í dag sé og þá hvort þetta aukna eftirlit sé til komið vegna þess að stjórnendur í fyrirtækjum *„kunni bara ekki að stjórna"* eða *„ráði ekki við að stjórna"*. Hún tók þó fram að þetta ætti ekki við um kvenkyns millistjórnendur sem næst henni standa:

> Þær [eru] alveg í kerfi yfir því að þurfa að gera þetta, það er fólkið þar fyrir ofan, sem aldrei kemur á vinnustaðin, sem vill koma þessu á … til hvers eru yfirmenn orðnir í dag? Mér finnst … þetta eigi að vera óþarfi.

Önnur starfskona telur einnig að næstu yfirmenn átti sig á eðli starfsins, en þennan skilning skorti þegar ofar dregur í valdapýramíta fyrirtækisins. Sömuleiðis að hluti vandans stafi af því að enginn viti í raun hvað verið sé að gera, hvernig kerfið virkar og hvert sé markmiðið með innleiðingu þess. En það kemur einnig fram í viðtölunum að starfsfólkið sé farið að róast, að það sé farið að taka eftirlitið í sátt.

Karlmaður á þrítugsaldri lýsir þessu svo að hann hafi verið með sektarkennd í upphafi, fannst útganspunkturinn með eftirlitinu vera að hann stæði sig ekki nógu vel og fannst að það væri alltaf verið að fylgjast með honum en „*svo bara vandist maður þessu"*. „*Þetta svona venst*" segir jafnframt ein starfskonan.

Annar kalmaður á þrítugsaldri segir að sér finnist „bara mjög þægilegt" að hafa kerfið sem er hjá þeim, en að hann hafi haft njósnatilfinningu í upphafi. Það jákvæða við eftirlitið er að það „leiddi kannski smá samkeppni í suma … og fékk mann til þess að standa sig".

Jafnvel þótt ýmsir hafi vanist kerfinu þá hefur það þó gengið misjafnlega. Ein starfskona færði sig yfir á næturvaktir, þar sem álagið er minna „Það var eiginlega mitt svar við þessu, ég nennti ekki hinu stressinu". Engu að síður kemur fram í viðtalinu að hún er eins og „tifandi strá" eftir vinnuhelgi, m.a. eftir að hafa þurft að eiga við erfiða og jafnvel drukkna viðskiptavini. Önnur starfskona bendir á að vaktstjóri hafi hætt þar sem hún gat þetta ekki; „hlusta, taka í viðtal, setja ofan í við eða hæla". Það kom einnig fram í viðtölunum að eitthvað hefði verið um að fleiri starfsmenn hefðu hætt „þær hættu, bara gátu þetta ekki, það var svo mikill hraði". Vaktstjóri í einu

þjónustuveranna segir að konurnar séu að standa sig mjög vel og að deildin hafi komið mjög vel út í þjónustukönnunum þannig að hún veltir fyrir sér tilganginum með eftirlitinu: „Kannski erum við að búa til streituvald, …, án þess að það sé alveg ljóst hver tilgangurinn sé“.

Konurnar sem talað var við var tíðrætt um að eftir að mælingarnar hófust þá hafi það orðið erfiðara að hjálpa hvor annarri með upplýsingar, því ef ein hjálpar annarri þá þarf hún að vera „loggуð út“ á meðan, og þá kemur það fram í tölvukerfinu eins og þær hafi ekki verið að sinna vinnunni. Um þetta segir ein starfskonan: „*Þetta stressar mig ekkert svo mikið, ef hún er mikið loggуð út þá greini ég vaktstjóra frá ástæðunni og þá er bara orð gegn orði. En margar aðrar verða ofboðslega sárar“* og hún bendir á að þrátt fyrir að það hafi ekki áhrif á launin þá sé það leiðinlegt fyrir samviskusama manneskju, að vera ásökuð um að sinna ekki vinnunni, þegar það eina sem hún hefur gert af sér er að hjálpa einhverjum öðrum sem er í vandræðum.

Umræður

Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna það sama og Scott-Dixon (2005) og Grint (2001) benda á, að upplýsingatæknin hafi ekki dregið úr kynjaskiptingu vinnunnar. Við sjáum þess einnig merki í þjónustuverunum að störfin hafa þróast í þá átt sem Webster (1996) lýsir; þau eru orðin mun einhæfari en áður og krefjast minni sérþekkingar, þar sem sjálfvirknin hefur aukist og sjálfræðið minnkað.

Orðræðan sem fram kemur í viðtölunum er blendin í garð rafrænnar vöktunar. Annars vegar kemur fram stolt yfir hátækninni og hins vegar sú tilfinning að starfsfólki sé ekki treyst. Bent er á hér að framan að rafrænt eftirlit eins og það sem hér um ræðir hafi leitt til þess að stjórnendur þurfi ekki lengur að tala við starfsmenn þar sem þeir geti fylgst með vinnu þeirra með því að rýna í afkastamælingar sem bitast í tölvum. Því er umhugsunarvert það svar eins stjórnandans sem vitnað er til hér að framan, að eftirlitið geri að verkum að stjórnendur og starfsmenn hafi nú loks eitthvað að ræða um.

Í viðtölunum sem eru tekin við framleiðendur/innflytjendur eftirlitskerfanna og við starfsfólk og stjórnendur má auðveldlega finna þá tæknilegu nauðhyggju sem fjallað er um að framan, það viðhorf að tæknin sé órjúfanlegur hluti af nútímanum og að það sé gott að vera í nútímalegu fyrirtæki. Fram kemur að samkeppnin og löngunin til að vera með *„í framtíðinni“* leyfi engar efasemdaraddir um að rétt sé að innleiða þá tækni sem hér á í hlut. Það

megi reyna að sníða af henni helstu agnúa ef einhverjir eru, annars sé málið að sættast við tæknina.

Á grundvelli þessara gagna má halda því fram að tæknin sem slík sé hvorki karllæg né kvenleg, hvorki góð né slæm, en við getum tekið undir það sjónarmið Grints (2001) að hönnun tækninnar og það hvernig henni er beitt getur ekki talist hlutlaust. Það felst ákveðin sýn í því skipulagi sem hefur verið hannað til þess að gera störfin sem hagkvæmust fyrir fyrirtækin og að nær eingöngu konur séu ráðnar til þeirra starfa. Það endurspeglast ákveðin „Taylorísk" sýn gagnvart starfsmönnum í núverandi hönnun sem felst í því að með því að mæla tímann sem starfsmenn eru í samskiptum við viðskiptavini og gera hann sýnilegan. Jafnframt í þeirri hönnun að starfsfólk slíti ekki sjálf símtölin (og geti þannig hvílst í nokkrar sekúntur eftir að viðskiptavinurinn leggur á), heldur að tæknin sjái um að slíta samtalinu og flytja næsta símtal sjálfkrafa í síma til starfsmannsins.

Þrátt fyrir að það séu fyrst og fremst karlmenn sem hafa hannað þessa tækni og konur sem eru „þolendur" eða notendur tækninnar, þá erum við ekki sannfærðar um að það sé hægt að leita í smiðju tvíhyggjukenninga á borð við vistfemínisma (eco-feminism) til að útskýra hvers vegna það er svo. Hvort það sé aðallega vegna tregðulögmáls sem er innbyggt í ríkjandi þjóðskipulag samanber kenningar sósíalískra femínista, vegna kynbundinnar félagsmótunar sem frjálslyndir femínistar fjalla um, eða vegna samspils þessara þátta er mikilvæg spurning sem ekki verður svarað á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Hitt er ljóst að það að í þjónustuverunum starfi nánast eingöngu konur stafar ekki af því að konum henti að vinna einhæf störf undir ströngu eftirliti, meðan körlum henti betur að vinna fjölbreytt störf sem fela í sér sjálfræði. Það sést á þeim gögnum sem greinin hvílir á og öðrum gögnum sem tengjast rannsókninni *Áhrif upplýsingatækni á vinnuumhverfi og persónuvernd* þar sem fram kemur meiri vanlíðan meðal kvenna í þjónustuverum en í öðrum og fjölbreyttari starfsgreinum sem rannsóknin náði til. Því er það mikilvæg spurning sem vaknar í kjölfarið hvort aukinn hlutur ófaglærðra kvenna í hópi öryrkja á Íslandi (Stefán Ólafsson, 2005) sé að einhverju leyti afleiðing „slæmra" starfa sem t.d. Aronson (1990), Doyal (1990) og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2001) benda á að sé einn af fylgifiskum tækninnar.

Heimildir

Aronsson, G. (1990). Psykologiska och sociala aspekter på datorstöd i kontorsarbete. Í Johansson, Pärletun og Engfeldt (Ritstj.), *Kontoret, tekniken och människan* (bls.163 -178). Solna: Studentlitteratur.

Bradley, G. (1998). Leva, lära och arbeta i IT-samhället. *Miljön på jobbet, 3*, 5–11. Solna: Arbetarskyddsstyrelsen.

Doyal, L. (1995). *What Makes Women Sick? Gender and the Political Economy of Health.* London: MacMillan Oress Ltd. The Womens Press.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir (2004). Upplýsingatækni – Eftirlitsþjóðfélag. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 181-191). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Gudmundsdottir (2004). New technology and its impact on well being. *WORK: A Journal of Prevention, Assessment & Rehabilitation*, *22*, 31-39.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir (2003). Rafrænt eftirlit á íslenskum vinnumarkaði. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls.61-70). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2001). *Hér liggur fiskur undir steini. Um áhrif tækni á vinnuskipulag og líðan fólks í fiskvinnslu.* Reykjavík: Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands. http://www.sushi.hi.is/sus.htm

Hawthorne S. and Klein R. (1999). CyberFeminism. Í Hawthorne S. and Klein R. (Ritstj.), *CyberFeminism. Connectivity, Critique and Creativity* (bls. 1-16). Melbourne: Pinifex.

Keith, G. (2001). *The Sociology of Work* (2nd Edition). Malden: Polity Press.

Lindström, K., Elo, A.-L., Skogstad, A., Dallner, M., Gamberale, F., Hottinen, V. o.fl. (2000), *General Nordic Questionnaire for Psycho-social and Social Factors at Work*. Copenhagen: Nordic Council of Ministers.

Rosser, S. V. (2005). Through the Lenses of Feminist Theory. Focus on Women and Information Technology. *Frontiers, 26*(1), 1-24.

Scott-Dixon, K. (2005). From Digital Binary to Analog Continuum. Measuring Gendered IT Labor. Notes toward Multidimensional Methodologies. *Frontiers, 26*(1), 24-44.

Stefán Ólafsson (2005). *Örorka og velferð á Íslandi – og í öðrum vestrænum löndum.* Reykjavík: Rannsóknarstöð þjóðmála – Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Öryrkjabandalagið.

Trauth, E. M. (2002). Odd girl out; an individual differences perspective on women in the IT profession. *Information Technology & People, 15*(2), 98-118.

Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2000). Gender construction at work in Icelandic fish plants. *NORA, Nordic Journal of Women´s Studies*, *1*(8), 5-16.

Webster, J. (1996). *Shaping Women's Work: Gender, Employment and Information Technology*. London: Longman.

Er leiðtogahugtakið kynjað?

Guðný Guðbjörnsdóttir

> Að finna sanna leiðtoga er tilgangur Samtaka kaupsýslukvenna í fremstu röð. Að vera leiðtogi er óháð kynferði, upprunamenningu eða trúarbrögðum- aðeins lönguninni að byggja upp traust og starfa af ábyrgð [1].
>
> ...Það sem skilgreinir á einstakan hátt stöðu konunnar er að þó að í henni búi sjálfstætt frelsi, eins og í öllum manneskjum, þá uppgötvar hún sig og velur að vera það sem hún er, í heimi þar sem mennirnir neyða hana til að axla hlutverk *Hins*... Vandi kvenna liggur í þessum átökum milli grundvallarkröfu hverrar sjálfsveru um að hún sé sjálf merk og aðstæðna sem gera ráð fyrir að hún sé ómerk. (Simone de Beauvoir (1999), *Hitt kynið*, bls.43-44)

Fyrri tilvitnunin endurspeglar það sjónarmið að það sé jafnt á færi kvenna sem karla að vera leiðtogar. En hvernig má þá skýra það hve fáar konur eru leiðtogar og stjórnendur á flestum sviðum mannlífsins? Getur verið að síðarnefnda tilvitnunin sem vissulega er komin til ára sinna, eigi enn við? Í sama riti segir de Beauvoir að konur geti ekki verið jafn heilar og karlar sem manneskjulegir gerendur, ef þær verði að gera lítið úr kynferði sínu og kynþokka á meðan karlar gætu nýtt sér sömu þætti til að efla völd sín, trúverðugleika og áhrif[2].

En hvernig er staðan hér á landi? Þrátt fyrir nýleg dæmi um framgang kvenna bæði í menntakerfinu, samanber kosningu fyrsta kvenrektors Háskóla Íslands og í stjórnmálum, að kvenleiðtogi fari fyrir öðrum stærsta stjórnmálaflokki landsins, þá er langt í jöfn kynjahlutföll. Konur eru nú um 35% alþingismanna, 33% ráðherra, 19% sveitastjóra og 17% ráðuneytisstjóra. Í menntakerfinu eru tvær konur af átta rektorar á háskólastigi eða 20%, þær

---

1 "Identifying true leaders is what Women's business's Hall of Fame is all about. Leadership has no gender, ethnicity or religion-only the desire to build trust and act responsibly" (Donlan,V. *Women's Business Boston*, (2005, October), 3.

2 e. Man is a human being with sexuality; woman is a complete individual, equal to the male, only if she too is a human being with sexuality. To renounce her femininity is to renounce a part of her humanity. (Simone de Beauvoir 1953/1972, bls. 691-2; tilvísun er einnig í Sinclair, 1999).

eru 24% skólameistara og 21% aðstoðarskólameistara í framhaldsskólum. Í grunnskólum eru konur 49% skólastjóra, í samanburði við tæp 70% kennara. (Hagstofan, 2006). Ástandið er einna verst ef litið er til einkafyrirtækja en konur eru rúm 8% forstjóra í 300 stærstu fyrirtækjum landsins og tæp 11% stjórnenda í 206 stærstu fyrirtækjum landsins (*Frjáls verslun*, 2006) enda ályktaði nýafstaðin ráðstefna tengslanets kvenna að Bifröst einróma að sett verði lög um kynjakvóta í stjórnun skráðra fyrirtækja. Sú skoðun virðist þó eiga erfitt uppdráttar á tímum nýfrjálshyggju (Jón G. Hauksson, 2006).

En hvað segja kenningar og rannsóknir um mikilvægi kynferðis og kynþokka fyrir leiðtoga og stjórnendur? Þó að leiðtogahugtakið hafi lengst af verið rannsakað án þess að taka mið af kynferði er viðfangsefnið nú í brennidepli í fræðunum. Í þessari grein er gerð tilraun til að afbyggja orðræðuna um kynferði, vald og forystu. Byggt er á greiningu á ráðandi orðræðu í fræðunum, en einnig verða tekin dæmi úr rannsóknum höfundar á kvenleiðtogum og stjórnendum, til að setja umræðuna í áþreifanlegra samhengi. Í greininni er tekist á við eftirfarandi spurningar:

1. Hvernig hafa fræðin skýrt það hve kvenleiðtogar eru fáir?
2. Hvað einkennir ráðandi hugmyndir og kenningar um leiðtoga?
3. Er leiðtogahugtakið kynjað? Hvernig birtist það í rannsóknum, m.a. á kvenleiðtogum í íslenska menntakerfinu?

Tegundir skýringa um fæð kvenleiðtoga

Orðræðan um skýringar á fæð kvenleiðtoga er hér einfölduð í fjórar tegundir út frá fyrirliggjandi rannsóknum og rannsóknaryfirlitum (Sinclair, 1999; Shakeshaft, 1989; Indvik, 2004; Blackmore, 1999; Coffey, Huffington og Thomson, 1999; Guðný Guðbjörnsdóttir, 1997, 2001; Northouse, 2004) .

1) Ekki séð sem vandi, kynferði leiðtoga skipti ekki máli.

2) Konurnar sjálfar eru sagðar vandamálið: Þær skorti viðeigandi menntun, áhuga, innsýn í stjórnmál, reynslu sem stjórnendur og upplifi togstreitu milli heimilis og atvinnu.

3) Hindranir sem tengjast skipulagsheildum eða samfélaginu er þriðja tegund skýringa: Gerðar séu meiri kröfur til kvenna, að fyrirtækjamenningin sé óvinveitt konum, að sama kyn (karlar) þyki passa betur inn í leiðtogateymið, að karlar í toppstöðum þaggi málið, skortur sé á þjálfunarmöguleikum, fordómar og staðalmyndir um kynin, skortur á hvatningu og stuðningi, útilokun frá óformlegum tengslanetum og skortur á mentorum.

4) Viðurkennt er að viðhorfsbreytingar sé þörf í þjóðfélögum og stokka þurfi upp í menningu og forystu skipulagsheilda með markvissum jafnréttisaðgerðum, samanber t.d. samþættingarstefnu stjórnvalda í Evrópusambandinu (European Commission, 2006; Stratigaki, 2005)

Hér er því haldið fram að ein grundvallarforsenda þess að beina athyglinni frá skýringum 1 og 2 og yfir á skýringar 3 og 4 sé að horfast í augu við mismunun og fordóma á grundvelli kynferðis. Því er spurt um birtingarform þess og um leið um kynjunina á leiðtogahugtakinu sjálfu.

Leiðtogahugtakið: Er það kynjað?

Skilgreiningar á hugtakinu leiðtogi eru margvíslegar, og kenningarleg sjónarhorn mörg. Fram til 1940 beindust helstu rannsóknir á leiðtogum að einstaklingseinkennum (e. *trait theory*), síðar og fram til 1960 að stílskenningum (e. *style theory*), og fram til 1980 að aðstæðubundnum kenningum (e. *contingency theory*). Frá 1980 fluttist áherslan á hvatningar-hlutverk leiðtogans og gagnkvæm samskipti (e. *transaction/transformation*) um markmið og leiðir (Goffee og Jones, 2000). Peter Northouse bendir á tilvist 65 mismunandi flokkunakerfa til að ná utan um hugtakið, sum þeirra leggja áherslu á hópferli, önnur á persónuleika einstaklinga, og enn önnur á hegðunarmynstur. Einnig hafi forysta verið skilgreind út frá valdatengslum, leiðum til að ná settu marki, eða sem færni eða þekking sem einstaklingar búa yfir. Sjálfur skilgreinir hann hugtakið forystu sem „ferli sem einstaklingur notar til að hafa áhrif á hóp fólks til að ná sameiginlegu markmiði“ (2004: 3). Aðrar þekktar skilgreiningar á leiðtoga eru „sá sem hefur fylgjendur“ (Drucker), eða „sá sem hefur áhrif“ (Maxwell) eða „leiðtogi þekkir sjálfan sig, hefur sýn sem er vel komið á framfæri, byggir upp traust meðal félaga, og beitir sér ákveðið í leiðtogahlutverkinu“ (Bennis) (http://teal.org.uk/-leadership/definition.htm)

Þeir sem leggja áherslu á einstaklingseinkenni nefna yfirleitt þætti eins og greind, sjálfsöryggi, ákveðni, traust, heilleika (e. *Integrity/authenticity*) og samskiptafærni. Færnisþættir eru til dæmis tæknileg færni, samskiptafærni og færni til að vinna með hugtök og kenningar, auk þess eru mörg módel um stjórnunarstíla til.

En hvað bendir þá til kynjunar á hugtökunum forysta eða leiðtogi eða tengsla þess við þokka eða kynþokka? Kynjun (e. *gendered*) er menningarlegt hugtak yfir þau einkenni sem við ætlum eða tileinkum fólki eða fyrirbærum út frá menningarlegum væntingum um kvenleika og karlmennsku

(Shakeshaft o.fl., 2000). Þá eru til kenningar þar sem þokki kemur beint við sögu, eins og til dæmis í umbreytingarforystu (e. *transformational leadership*) (Sergiovanni, 2001), samanber hið þekkta hugtak „kjörþokka" (*e. charisma*). Það er komið frá Weber og er skilgreint sem sérstök persónueinkenni sem fáir hafi og séu allt að því yfirnáttúrleg og valdi því að fólk sé viðurkennt sem leiðtogar (Northouse, 2004; Weber, 1968). Þessi persónueinkenni fela í sér að vera ráðandi (e. *dominant*), hafa sterka löngun til að hafa áhrif á aðra, hafa mikið sjálfstraust og sterka tilfinningu fyrir eigin siðferðisgildum (Northouse, 2004).

Þó að karlmennska sé almennt ekki hluti af skilgreiningunni á leiðtogum þá hafa margir bent á að af því að lýsingar á leiðtogum og karlmennskunni fari saman, sé hugtakið kynbundið eða kynjað í hugum fólks. (Young og Skrla, 2003; Blackmore, 1999; Guðný Guðbjörnsdóttir, 1997, 2001; Steinunn Helga Lárusdóttir, 2005; Þorgerður Einarsdóttir, 2005).Camilla Stivers (1993) nefnir lýsingar eins og að vera ákveðnir, kjarkmiklir, frjórir hugsuðir og hafa sýn fram í tíman í þessu samhengi. Greinaheiti eins og „Think manager-think male" (Schein, Mueller, Lituchi o.fl., 1996) endurspegla orðræðuna og og þetta virðist staðreynd þegar á unglingsárum (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2003).

Ástralska fræðikonan Amanda Sinclair (1999) telur leiðtogahugtakið varhugavert kynjað hugtak. Konur séu skynjaðar öðruvísi en karlar í sömu aðstæðum, væntingar félaga eða undirmanna séu aðrar. Ástæðan sé sú djúpstæða hefð, að ætla konum aðra eðliseiginleika en körlum og undirskipa eða setja kvenlegu eiginleikana skör lægra í samfélaginu en ætlaða eiginleika karla. Sinclair (1999) hefur sett fram kenningu um að hugrenningatengslin á milli leiðtogahugtaksins og ráðandi karlmennskuhugmynda sé ein skýringin á því hve seint konur eru að komast til áhrifa sem leiðtogar og stjórnendur og hvernig þeim líður þegar þangað er komið. Hún byggir kenninguna á rannsóknum sínum á karl- og kvenleiðtogum í Ástralíu. Leiðtogarnir áttu að vera kjarkmiklar hetjur, líkamlega sterkir, tilfinningalega harðir, sjálfsöruggir, vinna óhóflega langan vinnutíma, sjaldan veikir, ferðast mikið og þurfa að fórna fjölskyldunni eða samveru við hana fyrir vinnuna. Kvenleiðtogarnir í rannsókn hennar hikuðu frekar við að kalla sig leiðtoga, fundu mikinn þrýsting til að hegða sér eftir karlamenningunni á toppnum, fundu hvernig konur voru ýmist séðar sem kynverur á vinnustað eða þegar þær eldast sem hálfgerðar mæður. Síðast en ekki síst fannst þeim auðvelt að týna sjálfri sér sem manneskju í starfinu (e. *loss of self, body and sexuality*).

Kenning Sinclair (1999) segir að leiðtogar verði að hafa sterka sjálfsmynd og að kynímyndin og kynþokkinn séu mikilvægur þáttur af sjálfsmyndinni. Þá

telur hún völd og kynþokka vera nátengd, það geti karlar nýtt nýtt sér, en síður eða alls ekki konur. Þær verði að afneita bæði kynferði sínu og kynþokka til að forðast vanvirðingu, áreitni eða misnotkun. Því kemst Sinclair að sömu niðurstöðu og de Beauvoir að til þess að konur geti verið heilar manneskjur og sterkir leiðtogar og átt möguleika á að standa jafnfætis körlum, megi þær ekki afneita kvenleika sínum, kynferði og kynþokka. Á meðan það styrkir karlímyndina og sjálfstraustið að vera karlleiðtogi, sé sambandið á milli forystu og kvenímyndarinnar mun flóknara. Að vera séð sem kona veiki oft leiðtogafærni viðkomandi í augum annarra.[3] Þess vegna kjósi konur oft að fela eða gera lítið úr kynferði sínu og kynþokka, til að falla inn í hópinn. Með því að reyna um of að vera „ein af strákunum" tapa þær sérstöðu sinni og trúverðugleika og veikja sig sem leiðtoga.

Þessi kenning rýmar við niðurstöður Goffee og Jones (2000) sem benda á að ef annað kynið er í minnihluta í starfi (færri en 20%) þá myndist gjarnan staðalmyndir (Eagly og Johnson, 1990). Algeng viðbrögð kvenleiðtoga og kvenstjórnenda við staðalmyndum sé að gera sig sem ósýnilegastar, klæðast og jafnvel tala sem líkast körlum. Um leið tapi þær sérstöðu sinni sem leiðtogar. Að þora að vera sérstakur á einhvern hátt sé einmitt einkenni góðra leiðtoga, ásamt því að vera næmir á aðstæður, sýna skilning og samkennd en jafnframt að sýna og viðurkenna afmarkaða mannlega veikleika. Önnur þekkt viðbrögð kvenstjórnenda gegn staðalmyndum séu andmæli eða að gangast upp í ímyndinni, t.d. að vera „nærandi og styðjandi" móðurímynd og viðhalda um leið oft heftandi staðalmynd. Hér virðast því tveir kostir og hvorugur góður, að gangast upp í staðalmyndum af kvenleiðtogum og viðhalda þeim eða að reyna að vera eins og karl og missa þar með trúverðugleikann sem manneskja og leiðtogi!

Ýmsir feministar hafa nýlega tekið saman bók til að íhuga stöðu rannsókna á forystu og leiðtogum í menntamálum og kalla eftir nýjum leiðum í rannsóknum. Þegar rætt sé við konur sé algengt að annaðhvort afneiti þær kvenleika sínum og reyni að vera ein af strákunum, eða þær lýsa sér eða kvenleiðtogum almennt á hefðbundinn „kvenlægan" hátt sem oft er ýktari en sjá má í raun(Skrla og Young, 2003:1).

Ein þeirra Linda Skrla (2003) gerir þar grein fyrir rannsóknum á fræðslustjórum (e. *superintendants*) í Bandaríkjunum og kemst að því að fátt hafi breyst alla síðustu öld. Hefðbundnar staðalmyndir hafi alla tíð verið „normaliseraðar" í rannsóknum á fræðslustjórum og séu enn, og eigi stóran þátt í að hefta framgöngu kvenna í þessi embætti. Gildi tengd karl-

---

[3] Indeed, being "seen" as a woman, diminishes one's leadership. (Sinclair, 1999:178).

fræðslustjórum séu sjálfstæði, ákveðni, festa, mikið þol gegn mótlæti og sársauka, árásargirni, samkeppni, sjálfum sér nógir, yfirvegun, hlutlægni, fjarlægð (remoteness), áhættusækni og skynsemi. Andstæða þessarra gilda sé tengd við kvenfræðslustjóra, þ.e. ósjálfstæði, óvirkni, viðkvæmni, óákveðni, áhersla á tengsl og samskipti, samhyggð, næmi, umhyggja, óhlutlægni, sveigjanleiki, tilfinningaleg afstaða og stuðningur. Þó að þessi gildi hafi tengst við hugmyndir um fræðslustjóra fyrir 50 árum hafi lítið breyst enn og það móti hvernig konur bregðist við í rannsóknum: með *þöggun* um allt sem snertir áhrif kynferðis í starfinu; *afneitun* á því að þær vilji fara í þessi störf; segja að *stjórnunarstíll sinn sé kynbundinn*, konur leggi áherslu á umönnun, nánd og tengsl á meðan karlar noti meira valdbjóðandi aðferðir og skrifræði; og að *afstaða þeirra til valds* sé þannig að þær leggja áherslu á að valdefla aðra fremur en að ráða yfir öðrum. Ferguson hafi haldið því fram 1984 að umræðan um kvenlegan stjórnunarstíl sé misheppnuð tilraun til að gera konum kleift að vera viðurkenndar bæði sem konur og sem leiðtogar, án þess að hrófla við nokkru sem máli skiptir í viðkomandi skipulagsheild, m.a. kynjamisrétti.

Blackmore (2002) kemst að svipaðri niðurstöðu. Þó að það geti hentað konum, að draga fram sérstöðu kvenlegra stjórnunarhátta, þar sem þeir virðist í samræmi við árangursríka stjórnunarhætti, samanber skilgreiningar á færni leiðtoga, þá geti það einnig verið hættulegt og ýtt undir staðalmyndir og nýjar yfirskýringar (e. *grand narratives*). Flestar kenningar taki ekki á því hvað það kosti persónulega að vera leiðtogi, og hvernig megi samhæfa það að vera kona og leiðtogi. Litið sé um of á konur sem heild, og horft fram hjá mun vegna menningar, kynþáttar, aldurs eða stjórnmála. Flestar kenningar ögri því ekki að leiðtogahugtakið sé karlkennt vegna þess að tvískipting kynjanna er óbreytt og hefðbundin, þannig að hið kvenlæga sé ávallt, bæði öðruvísi og undirskipað. Það þurfi að skoða félagstengsl kynja í skipulagsheildum á ítarlegri hátt, ekki aðeins konur sem leiðtoga.

Birtingarform kynjunar: Nokkur dæmi

Í athugun höfundar á kvenstjórnendum í menntakerfinu (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2001) komu fram margvíslegar birtingarmyndirnar á því sem hér hefur verið rætt. Hér eru nokkur dæmi úr áður óbirtum gögnum úr viðtölum mínum við 11 kvenleiðtoga sem jafnframt voru stjórnendur í menntakerfinu árið 2000. Litið er á svörin sem upplifun þeirra á leiðtogahlutverkinu, óháð því hversu raunsannar lýsingarnar eru.

Tilfinning fyrir *hinun* eða að vera öðruvísi, kemur fram sem einn þráður í viðtölunum, ekki síst þegar valdið var annars vegar. Gefum Dóru, leiðtoga í menntakerfinu orðið.

> Mér finnst ég ekkert valdamikil ... mér finnst ég áhrifamiki ... úttektaraðilar sögðu að valdið yrði að vera sýnilegra hérna, mér finnst það óþægilegt og er ekki sammála ... ef ég hefði gaman af að gera fólk undirgefið og þakka mér fyrir ... myndi ég vel geta beitt mínu valdi, en ég vil það ekki...kannski er það eitthvað kvenlegt ... Ég held að kvenstjórnendur breyti fyrirtækjum og stofnunum. Yfir í eitthvað mýkra ... kannski má kalla þetta hræðslu við valdið, en ég segi bara að þetta sé príoritering. Við viljum frekar hafa áhrif en beita valdi.

> Mér finnst ég eiginlega frjálsari sem kona í starfi. Ég get alveg sagt einhverja vitleysu ... slegið einhverju fram ... og er ekkert að hugsa svona um ... að vera svo hátíðlegir...sko sumir karlar eru svo mikið að passa karlastatusinn. Og þeir eru í karlahópum þar sem karlaaðferðirnar gilda og karlaframkoman og eru bara að passa hana ...

Tilfinning fyrir samlögun, að finnast hún ekki vera hún sjálf, kom einnig skýrt fram:

> ... allt of mikið af minni orku fer í að vera stjórnandi og of lítið af henni í að vera kona, eða vera ég yfirhöfuð, ég er ekki sátt við það ... vinnualki ... kem næstum því fram í þeirra jakkafötum ... en það er mikilvægt að hafa sig til ... sýna sjálfum sér sjálfsvirðingu. (Jóna, leiðtogi á háskólastiginu)

Fleira var sláandi í þessum viðtölum. Til dæmis voru hugmyndir þeirra um styrkleika og veikleika kvenstjórnenda mjög í samræmi við staðalmyndina um kvenlæga stjórnunarhætti, en oft sögðust þær sjálfar þó vera öðruvísi, karlalegri, sem er athyglisvert. Þær voru yfirleitt á því að konur þurfi að fara mýkri leið til að ná árangri, en hægt væri að hafa bein í nefinu, án þess að tapa elskulegheitunum. Það sé kalt á toppnum; þær þurfi að vera betri til að teljast jafn góðar; að margir karlar þoli ekki klárheit kvenna; að karlar hafi meiri myndugleika, hlustað væri betur á þá og komið fram við þá af meiri virðingu. Dæmi um hið síðastnefnda er frá Dóru:

> Ég er náttúrulega skömmuð alveg ofboðslega ... þeir senda mér alveg hrikaleg skammarbréf... skammast út í stjórnkerfið, ekki mig persónulega... ég held ég væri ekki skömmuð svona ef ég væri myndugur karlmaður... eins og X (karlfyrirrennari í starfi) hann hafði þennan mikla myndugleika. En á undan mér var líka XX ... !

Í samhengi þessarar greinar er forvitnilegt að skoða afstöða viðmælenda til mikilvægis kynþokka í hlutverki leiðtogans. Svör viðmælenda benda til mikillar varfærni, að komið sé inn á bannhelgt svið:

> Ég sé alls konar möguleika, sem ég hefði getað notað þannig ... ég hef kosið að beita því ekki ... það virðist þó vera í rannsóknum að konur ... eru tilbúnar að beita kyntöfrum til að ná fram ... maður hefur séð það. Voðalega er það eitthvað ... cheap. (Inga, stjórnandi á háskólastigi)

> Ekkert mikið nei... Sko ég trúi því að víða séu alls konar daðurmál í gangi sko en mér finnst alltaf og hefur alltaf fundist að það sé eitthvað sem rýrir manngildi viðkomandi. Þannig að ég hef passað mig ofboðslega vel sjálf að ég er bara alls ekki með í því. (Jóna, leiðtogi á háskólastiginu).

> Kostur að vera kona ... sérstaklega þegar ég hef verið að sækja eitthvað ... auðvitað beitir maður þessu í starfi ... sem maður hefur, hvort sem það er einhver persónuleiki eða whatever. Og maður auðvitað reynir að halda sér til og líta þokkalega út og allt þetta. Guð minn góður jú, það er bara eðlilegt í öllu sem maður tekur sér fyrir hendur... mjög misjafnt hvað konur gera út á þetta...getur nánast verið óviðeigandi og virkað öfugt, og maður reynir auðvitað að gæta sín á því. (Lára, stjórnandi á háskólastigi)

Að lokum má geta þess að langflestir viðmælenda minna nefndu að það að vera leiðtogi taki toll fyrir einkalífið, eins og tíðrætt er um í heimildum (Blackmore, 1999, 2002; Sinclair, 1999). Gefum þeim orðið:

> „Stjórnunarstörfin eru ein skýring á að ég er einhleyp";
> „Ef ég ætti að gera þetta aftur þá hugsa ég að ég myndi eignast fleiri börn… ekki hafa unnið svona ofboðslega ... ég er búin að hugsa þetta mikið…og þetta er það verðmætasta…vona að career konur framtíðarinnar …hugsi um það" ;
> „Það að samræma það að vera kona og stjórnandi kostaði hjónabandið ... já og ég...var mjög hiss ... það var eiginlega það að ég er ólík þessari óöruggu stelpu sem hann giftist fyrir 20 árum síðan ... alltaf ákveðin og vissi alltaf hvað ég vildi";
> „Ég svík alltaf bæði mömmu mína og dóttur... ég myndi ekki treysta mér að vera í þessu starfi ef ég væri með maka …vinnan tekur óeðlilegan stóran toll ... konur vilja mikla ábyrgð en verðleggja hana of lítið".

Vissulega má ætla að karlleiðtogar finni einnig fyrir álagi í einkalífi, en þar sem kenningar taka ekki á því þegja rannsóknir á leiðtogum almennt um þau áhrif. Hin hefðbundna skipting í hið opinbera svið og einkasvið virðist loða áfram við kynin, þrátt fyrir sókn til jafnréttis og þá staðreynd að félagslegt kyn á einnig við karlmenn.

Niðurstaða og umræða

Það er mín niðurstaða að þó að hefðbundnar skilgreiningar og hugmyndir um leiðtogahugtakið geri ekki ráð fyrir að kynferði skipti máli, sé í raun um kynblindu að ræða, hugtakið og hlutverkið séu kynjuð í reynd í kynjuðu þjóðfélagi. Að tvenndarandstæðan karlmaður/kona og menningarlega skilyrtar hugmyndir um eðlislægan mismun kynjanna, sé ein undirrót vandans og ein skýringin á því að konum gengur erfiðlega að komast í forystuhlutverk sem leiðtogar. Rannsóknir benda annarsvegar til að konur telji að kynferði þeirra skipti ekki máli í takt við ráðandi kenningar, eða þær telja konur hafa séreinkenni sem leiðtogar og stjórnendur sem samræmast kvenlægri hegðun, en jafnvel að þær sjálfar séu öðruvísi, karllægari. Margar konur virðast eiga erfitt með að nýta sér kynferði sitt, aldur og kynþokka til að styrkja sig og valdefla á sama hátt og karlar. Þær hafa tilhneigingu til að hafna sérstöðu sinni sem kvenstjórnendur til að forðast fordóma eða til að gangast upp í staðalmyndum, viðhalda þeim og veikja sig um leið sem leiðtoga. Karlmanninum er hampað með jákvæðum eiginleikum, konan er útilokuð sem andstæða skilgreiningarinnar, þrátt fyrir kynhlutlausar skilgreiningar á leiðtoga, eins og sá sem leiðir eða sá sem hefur áhrif. Þar sem tvíhyggju-hugsunin gegnsýrir alla vestræna menningu og yfirskipar annað kynið þá ætti það ekki að koma á óvart að hugtök eins og leiðtogi eða forysta séu kynjuð. Það að kona sé leiðtogi eða í forystu krefst þess að hún sé yfirskipuð, sem er í mótsögn við tvíhyggjuhugsunina, sem ávallt undirskipar konur. Allar skýringarnar á fæð kvenleiðtoga sem nefndar eru hér að framan, hvort sem konan sjálf er sett í brennidepil, skipulagsheildin eða samfélagið, byggjast í raun á þessari fornu tvíhyggju, eða fordómum henni tengdri.

Það yrði efni í aðra grein að útlista fræðilegar nálganir femínista á því hvernig eða hvort hægt sé að komast út úr tvíhyggjuhugsuninni. Franski mismununarfeminisminn sem byggir á afbyggingu og leggur áherslu á mismun og fjölbreytileika, afneitar til dæmis ekki tvenndinni, heldur er tignarröðinni sem yfirskipar ávallt annan lið tvenndarinnar, afneitað. Áhersla er á réttinn að vera öðruvísi án þess að vera undirskipaður. Konur séu ekki ávallt *hinn*, þegar valdakerfi, táknkerfi eða forysta er annars vegar. Í jafnrétti ætti hvort kynið fyrir sig að vera *hinn* fyrir hitt kynið rétt eins og einstaklingar eru *hinn* fyrir hvor öðrum (Irma Erlingsdóttir, 1999). Samkvæmt þessu á ekki að horfa fram hjá því að til eru kven-og karlleiðtogar, en forðast að gera gildi þau sem kennd eru við karlmennsku, að normi fyrir alla leiðtoga.

Eftir heila öld rannsókna á leiðtogum og forystu er þörf fyrir nýjar kenningar og rannsóknaraðferðir til að skýra samhengið á milli kynferðis og

forystu. Mikilvægt er að komast út úr módernískum meginskýringum á þessu sviði sem ýmist horfa fram hjá kynferði eða styrkja kynbundnar staðalmyndir. Skoða þarf margbreytileika kven- og karlleiðtoga og hvernig kynferði, aldur og stofnanabundnir þættir spila saman í mismunandi skipulagsheildum. Kemur ábending Sinclair um að karlar fái aukinn myndugleika með aldri og kynþokka, en aldurinn og kynþokkinn vinni síður með konum, í raun nokkrum á óvart? Þá er mikilvægt að skoða samspil leiðtogahlutverksins og einkalífs hjá báðum kynjum og ráðandi orðræður um stjórnun í mismunandi skipulagsheildum (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2001). Áhugaverð leið til að komast út úr tvenndarhugsuninni gæti verið að skoða fyrirbærið frá mörgum hliðum samtímis án þess að gera neina eina þeirra miðlæga[4] (Law, 2002).

Vangaveltur um rannsóknaraðferðir er eitt en hvað með fjölgun kvenleiðtoga? Bjartasta vonin um breytingar eru þeir einstaklingar sem eru að brjótast út úr þessum fjötrum, með því að sýna aðra leiðtogaímynd og þar með að breyta hefðbundum væntingum til leiðtoga, hverjir þeir eru og hvernig þeir haga sér (Sinclair, 1999; Coffey o.fl., 1999).

Lýðræðislega krafan um breiðari forystu, á uppruna sinn í efnahagsástandinu sem fylgir hnattvæðingunni, kröfunni um aukinn sveigjanleika stofnana, fjölfærni (e. *multi-skilling*), öflug samskipti og fleira sem konur hafa oft mikla reynslu af (Blackmore, 2002). Í þessu andrúmslofti nýfrjálshyggju og árangursstjórnunar er oft meiri trú á öflum markaðarins en ríkisins, þó að sögulega hafi það verið ríkið en ekki markaðurinn sem hefur fært konum jafnrétti. Því er afstaða kvennanna á Bifröst um að styðja löggjöf um kynjakvóta skiljanleg að mati höfundar og líklegri til að styrkja mannréttindi kvenna og samkeppnishæfni fyrirtækja en koddahjal hjóna um hvort þeirra fari í stjórn eigin fyrirtækis (Jón G. Hauksson, 2006). Samþætting jafnréttissjónarmiða (*gender mainstreaming*) er þó æskilegri leið en kynjakvóti til að ná fram þeim breytingum sem nefndar eru hér að framan undir skýringum 3 og 4 (Rees, 2000; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2003). Skipulagsheildir verða að breytast þannig að þær verði lýðræðislegar og nútímalegar og nýti allt hæfileikaríkt fólk. Aðalatriðið er að konur og aðrir minnihlutahópar komist að á eigin forsendum, deila má um bestu leiðirnar (Stratigaki, 2005). Breið forysta með margbreytilega ásýnd er ekki aðeins markaðsatriði og ávísun á betri árangur. Breið forysta er einnig mannréttindamál, sem aldrei má gleyma.

---

4 e. drawing things together without centering them, fractional coherence.

Heimildir

Berglind Rós Magnúsdóttir (2003). Orðræður um kyngervi, völd og virðingu í unglingabekk. Óbirt ritgerð til meistaraprófs: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Blackmore, J. (2002). Troubling Women: The Upsides and Downsides of Leadership and the New managerialism. Í Reynolds, C. (Ritstj.), *Women and school leadership: international perspectives* (bls. 49-69). Albany: State University of New York Press.

Blackmore, J. (1999). *Troubling women: feminism, leadership, and educational change*. Buckingham: Open University Press.

de Beauvoir, S. (1973/1972). *The Second Sex*. London: Jonathan Cape.

de Beauvoir, S. (1999). *Hitt kynið*-Inngangur (þýðing Torfi Túliníus). Í Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (Ritstj.), *Simone De Beauvoir. Heimspekingur, rithöfundur, femínisti* (bls. 25-46). Reykjavík: Rannsóknastofa í Kvennafræðum, Háskólaútgáfan.

Coffey, E., Huffington, C. og Thomson, P. (1999). *The changing culture of leadership: women leaders' voices*. London: Change Partnership Ltd..

Eagly, A. H. og Johnson, B. T. (1990). Gender and Leadership Style: A Meta-Analysis. *Psychological Bulletin, 108,* 223-256.

European Commission (2006). Sótt 10. ágúst 2006 af: http://ec.europa.eu/employment_social/gender_equality/gender_mainstreaming/general_overview_en.html.

Frjáls verslun (2006, 5.tbl). Ítarleg úttekt. 80 Áhrifamestu konurnar, bls. 6-172.

Goffee, R. og Jones, G. (2000). Why should Anyone Be Led by You? *Harvard Business Review*, September-October, 63-70.

Guðný Guðbjörnsdóttir (1997). Kynferði og stjórnun menntamála í kvennafræðilegu ljósi. Í *Íslenskar Kvennarannsóknir* (bls.179-187). Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í Kvennafræðum.

Guðný Guðbjörnsdóttir (2001). Orðræður um árangur, skilvirkni og kyngervi við stjórnun menntastofnana. *Uppeldi og menntun, 10,* 9-43.

Guðný Guðbjörnsdóttir (2003). Betur má ef duga skal: Námskrá framhaldsskólans í kynjafræðilegu ljósi. *Uppeldi og menntun, 12,* 43-64.

Hagstofan (2006). Sótt 15 ágúst á http://www.hagstofa.is/?PageID=79.

Indvik, J. (2004). Women and Leadership. Í Peter G. Northouse (Ritstj.), *Leadership – Theory and Practice*. Thousand Oaks, Ca.: SAGE Publications.

Irma Erlingsdóttir (1999). Hitt kynið í fimmtíu ár. Í Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (Ritstj.), *Simone De Beauvoir. Heimspekingur, rithöfundur, femínist* (bls.47-65). Reykjavík: Rannsóknastofa í Kvennafræðum, Háskólaútgáfan.

Jón G. Hauksson (2006). Þær klöppuðu á Bifröst. *Frjáls verslun*, *5*, 6.
Law, J. (2002). *Aircraft Stories: Decentering the object in Technoscience*. Durham og London: Duke University Press
Northouse, P. G. (2004) *Leadership: Theory and Practice*. 3. útgáfa. Thousand Oaks, CA./London: Sage.
Rees, T. (2001). Mainstreaming Gender Equality in Science in the European Union: the „ETAN Report". *Gender and Education, 13*(3), 243–260.
Schein, V., Mueller, R., Lituchi, T. og Lue, J. (1996). "Think Manager-Think Male: A Global Phenomenon?" *Journal of Organizational Behavior, 17*, 33-41.
Sergiovanni, T. J. (2001). *Leadership*. London: RoutledgeFalmer.
Shakeshaft, C. (1989). *Women in Educational Administration*. Newbury Park, CA: Sage.
Shakeshaft, C., Nowell, I. og Perry, A. (2000). Gender and Supervision. *The Jossey-Bass Reader on Educational Leadership* (bls. 257-266). San Francisco: Jossey-Bass
Sinclair, A. (1999). *Doing Leadership Differently-Gender, power and sexuality in a changing business culture*. Carlton South, Victoria: Melbourne University Press.
Skrla, L. (2003). Normalized Femininity. Reconsidering Research on Women in the Superintendency. Í Young, M. D. og Skrla, L. (Ritstj.), *Reconsidering Feminist Research in Educational Leadership* (bls. 247-263). Albany: State University of New York Press.
Steinunn Helga Lárusdóttir (2005). Leiðtogar og lífsgildi. Í Arna H. Jónsdóttir o.fl. (Ritstj.), *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 221-239). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
Stivers, C. M. (1993). *Gender Images in Public Administration*. Newbury Park: Sage.
Stratigaki, M. (2005). Gender Mainstreaming vs Positive Action. An Ongoing Conflict in EU Gender Equality Policy. *European Journal of Women's Studies, 12,* 2, 165-186.
Weber, M. (1968). *On Charisma and Institution Building*. Selected papers, edited and with and Introduction by S.N. Eisenstadt. Chicago: University of Chicago Press.
Young, M. D. og Skrla, L. (2003). *Reconsidering Feminist Research in Educational Leadership*. Albany: State University of New York Press.
Þorgerður Einarsdóttir (2005). „Ekki fegurðarsamkeppni eða stjörnuleit" . Kynbundnar hugmyndir um stjórnmálaþáttöku, forystu og leiðtogahæfni. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum VI* (bls. 305-321). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
http://teal.org.uk/leadership/definition.htm. Leadership definitions. Sótt 15. ágúst 2006.

Skreppur og Pollýanna:
Um ólíka möguleika og sýn kynjanna innan vinnustaða Reykjavíkurborgar á samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu

Gyða Margrét Pétursdóttir

Árið 1994 var jafnréttisfulltrúi skipaður í fullt starf á vegum Reykjavíkurborgar. Í kjölfarið var farið að vinna í því að móta jafnréttis- og fjölskyldustefnu fyrir starfsfólk borgarinnar. Hjá Reykjavíkurborg starfa í kringum átta þúsund manns. Eitt af markmiðum borgarinnar er að Reykjavíkurborg sé „einn vinnustaður" að því leyti að sömu réttindi og skyldur eigi við alla stafsmenn borgarinnar. Í þessari grein verður fjallað um jafnréttis- og fjölskyldustefnu borgarinnar og möguleika starfsfólks á samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu á ólíkum vinnustöðum borgarinnar. Bandaríski félagsfræðingurinn Joan Acker segir að samræming fjölskyldulífs og atvinnu hafi orðið viðfangsefni vísindanna í kringum 1994 í Bandaríkjunum, Bretlandi og Skandinavíu. Á þeim tíma hafi verið til í löndunum krítískur fjöldi (e. *critical mass*) vel menntaðra kvenna sem höfðu félagslegt auðmagn til að gera viðfangsefnið að viðfangsefni vísindanna. Samræming fjölskyldulífs og atvinnu er þó búið að vera viðfangsefni kvenna mun lengur. Acker bendir á að sá hópur kvenna sem mest hafi verið rannsakaður séu konur sem gegni hefðbundnum karlastörfum, störfum sem almennt njóti félagslegrar virðingar á meðan konur sem ekki hafa aflað sér menntunnar sé mun minna rannsakaður hópur.[1] Niðurstöður fyrri rannsókna benda til þess að gjá sé á milli þeirra úrræða sem í boði eru til samræmingar fjölskyldulífs og atvinnu og nýtingu starfsfólks á þeim (Hochschild, 1997; Still og Strang, 2003). Þetta vekur spurningar um samspil jafnréttis- og fjölskyldustefnu, vinnumenningar og ytri aðstæðna eins og harðnandi samkeppni á vinnumarkaði. Rannsóknir hafa sýnt fram á náin tengsl fjölskylduvænleika á vinnustað og velvilja stjórnanda. Fjölskylduvænleiki er þó talin draga úr möguleikum á frama á

[1] Fyrirlestur Joan Acker á námskeiði doktorsnema í Háskólanum í Þrándheimi (NTNU) þann 26.4.2006. Yfirskrift námskeiðisins var *Flexible work and the work-life balance*.

vinnustað, í rannsókn Jacobs og Gersin (2004) kom fram að fólk taldi að ef vinnustaður er fjölskylduvænn þá séu möguleikar á frama innan vinnustaðarins að sama skapi ekki miklir. Oft er spyrt saman hefðbundnum kvennastörfum og fjölskylduvænleika. Einnig er talið að fjölskylduvænleiki sé í beinum tengslum við efnahagsástand á hverjum stað og tíma. Um leið og framboð af vinnuafli verður mikið þá minnka áherslur á fjölskylduvænleika, sérstaklega meðal þeirra sem minnsta menntun hafa (Jacobs og Gersin, 2004).

Á undanförnum áratugum hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist. Fyrirvinnumódelið er þannig á undanhaldi og þess í stað er talað um tvær fyrirvinnur sem á að lýsa jafnri atvinnuþátttöku beggja kynja og þörf heimilanna fyrir tvær fyrirvinnur til að ná endum saman. Joan Acker (2006) bendir á að konur séu oft hálfdrættingar (e. *junior partners*) í þessu módeli þar sem laun kvenna séu oftast lægri en laun karla, þær verði því aldrei meira en hálfdrættingar í launalegu tilliti og það leiði til þess að meginábyrgð á umönnun barna og viðhaldi heimilis sé í þeirra höndum (sjá einnig Orrange, Firebaugh og Heck, 2003).

Hér á eftir verður greint frá aðferðum sem notaðar voru við gagnasöfnun og greiningu gagnanna, kynntar verða helstu niðurstöður sem sýna fram á ólíka möguleika kynjanna á samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu og að lokum verða niðustöður dregnar saman.

Aðferðir og gögn

Gögnum var safnað á tímabilinu febrúar til nóvember 2005. Vinnustaðirnir sex sem til skoðunar eru spanna ólík svið innan borgarinnar, allir eiga þeir það sammerkt að sinna þjónustu við borgarbúa. Þeir eru ólíkir að stærð, allt frá því að vera sextán manna vinnustaðir upp í það að vera um 50 manna vinnustaðir. Tveir vinnustaðanna eru skilgreindir sem kvennavinnustaðir (a.m.k. 3/4 starfsfólks kvenkyns), tveir eru karlavinnustaðir og tveir eru blandaðir. Á þremur vinnustaðanna eru sérfræðimenntaðir í meirihluta og á þremur eru unnin störf sem ekki krefjast sérfræðimenntunnar, vinnustaðirnir endurspegla því ákveðna breidd. Tekin voru viðtöl við stjórnendur vinnustaðanna, þremur vinnustaðanna er stjórnað af konum, þremur af körlum. Einnig voru tekin viðtöl við almenna starfsmenn vinnustaðanna, níu konur og átta karla, sem öll áttu það sameiginlegt að hafa börn á sínu framfæri á aldrinum þriggja mánaða til 18 ára. Meginreglan var sú að stjórnandi kom

mér í samband við hugsanlega viðmælendur sem féllu að markmiðum rannsóknar.

Viðtölin voru flest yfir klukkutíma að lengd, voru tekin upp stafrænt og afrituð orð fyrir orð. Rannsakandi var einnig við þátttökuathugun á öllum vinnustöðunum, að meðaltali u.þ.b. þrjár klukkustundir á hverjum vinnustað í upphafi rannsóknar. Atburðir af vettvangi voru skráðir nákvæmlega í lok hverrar athugunar. Í heildina voru tekin formleg viðtöl við 23 einstaklinga auk þess sem rannsakandi átti óformleg viðtöl/samskipti við á annað hundrað einstaklinga sem starfa hjá Reykjavíkurborg. Viðmælendum hafa öllum verið gefin gervinöfn.

Við greiningu viðtalanna var stuðst við orðræðugreiningu. Áhrif tungumálsins athuguð og hvaða áhrif hin kynjuðu samfélagslegu valdatengsl hafa á þá þætti sem til skoðunar eru. Orðræðugreiningin fólst m.a. í því að rýna í merkingu ákveðinna orða og skoða með hvaða hætti ákveðin orð eru notuð að því er virðist í ákveðnum tilgangi. Hvernig orðaval þátttakenda endurspeglar ákveðin hugmyndakerfi og sýn þeirra á heiminn.

Niðurstöður

Jafnréttisstefna

Reykjavíkurborg hefur verið leiðandi á sviði jafnréttismála eins og lesa má í *Jafnréttisstefnu* borgarinnar (sem gilti frá 28. janúar 2003 til 16. maí 2006) þar sem öllum stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar var skylt að útbúa jafnréttisáætlanir. Athyglisvert er að engin stofnun eða fyrirtæki var undanskilin vegna smæðar eins og í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Reykjavíkurborg hefur því gengið lengra en landslög kveða á um. Eftirlit með framkvæmd var í höndum eins aðila, jafnréttisfulltrúa Reykjavíkurborgar, sem talið er árangursríkast (Fríða María Ólafsdóttir, 2003). Það er á ábyrgð forstöðumanna fyrirtækja og stofnana á vegum borgarinnar að gera jafnréttisáætlun fyrir sinn vinnustað.

Af þeim sex vinnustöðum sem rannsóknin náði til hafði einungis einn þeirra sett sér jafnréttismarkmið inn í heildarstefnu. Algengustu skýringarnar á skorti á stefnu var sú að starfið sem viðkomandi gengdi væri nýtt eða að viðkomandi væri nýr í starfi. Hjalti Ófeigsson sagði til að mynda að: *„Ég er nú nýkominn hérna“,* Hjalti var engu að síður búin að vera í starfi um nokkurra mánaða skeið og hafði á þeim tíma hagrætt ýmsu í rekstrinum og var alls ekki ókunnungur þeim rekstri sem hann sinnti nú, hafði áður verið stjórnandi á

samskonar vinnustað. Einnig var algengt að verið væri að vinna í því að ráða einhvern til starfans. Valtýr Harðarson sagði að:

> [Jafnréttisstefnan] er búin að vera í smíðum í mörg ár en hefur aldrei klárast... Ég hyggst ráða bót á þessu með hérna nýjum stjórnenda hérna hjá mér sem mun fá það hlutverk að sinna þeirri áætlanagerð, ég meina við höfum staðið okkur illa í því.

Af ofantöldu má ljóst vera að gerð jafnréttisáætlana eru ekki forgangsmál hjá stjórnendum þeirra stofnana sem rannsóknin náði til. Vert er að taka fram að á þeim tíma sem rannsóknin var gerð stóðu yfir miklar skipulagsbreytingar innan borgarkerfisins og einhverjir stjórnendanna gegndu nýjum störfum. Þeir höfðu engu að síður starfað hjá borginni um einhverra ára skeið og gegnt stjórnunarstörfum annars staðar innan borgarkerfisins þannig að málaflokkurinn ætti ekki að vera þeim ókunnugur. Bent hefur verið á að skipulagsbreytingar séu oft til þess fallnar að draga úr árangri jafnréttisstarfs þar sem aðrir málaflokkar njóta forgangs (Cunningham, Lord og Delaney, 1999). Ekki er hægt að alhæfa um stofnanir borgarinnar í heild út frá þessum niðurstöðum en ekki er heldur sérstök ástæða til að ætla að ástandið sé með öðrum hætti innan annarra stofanna þar sem stofnanir voru valdar með það að markmiði að endurspegla ákveðinn margbreytileika. Jafnréttismál eru ekki forgangsmál.

Fjölskyldustefna

Í *Jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar* var fjallað um samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu:

> Hún hvílir einnig á heildrænni sýn á einstakling og samfélag, þar sem viðurkenndar eru þarfir allra, kvenna og karla, fyrir jafnvægi milli einkalífs, fjölskyldu, atvinnulífs.

Samræming fjölskyldulífs og atvinnu getur ekki talist til forgangsmála hjá stjórnendum borgarinnar, á því eru þó mikilvægar undantekningar. Hjördís Skaptadóttir stjórnandi hafði ásamt starfsfólki sínu skilgreint fjölskyldustefnu fyrir vinnustaðinn:

> Já, við höfum haft alveg hérna skýra stefnu einmitt, sérstaklega til þess að svona auðvelda fólki að sameina kröfur einka og vinnulífs og þá höfum við verið með sveigjanlegan vinnutíma... Við höfum svona tímavinnubanka þannig að fólk bara leggur inn og tekur úr honum þannig að það er svona bara, getur þá hagað sínu

> svona og svo safnað kannski upp og farið fyrr ef að eitthvað sérstakt kemur upp á.

Athygli vekur að tímavinnubankinn sem Hjördís minntist á byggir á því að viðkomandi starfsmaður vinni af sér, sé búinn að vinna lengur einhverja daga til að geta verið frá vinnu á öðrum tíma. Rannsóknir hafa sýnt að oft er fjölskylduvænleiki frekar á forsendum fyrirtækis en starfsfólks (Coyle, 2005). Augljóst var af svörum stjórnenda að skilningur á hugtakinu fjölskyldustefna var ekki alltaf sá sami. Sæmundur Jónsson stjórnandi sagði til að mynda að: „En ómeðvitað hugsa ég að þetta sé nú eins og lítil fjölskylda hérna í raun og veru... Við erum það nátengd hérna... Borðum saman... Við soldið fylgjumst með hvort öðru." Valtýr Harðarson hafði heldur ekki sett sérstaka fjölskyldustefnu fyrir sinn vinnustað en af hans svari mátti ráða að samræming fjölskyldulífs og atvinnu ætti einkum við um einstæða foreldra:

> Við sko reynum að vera vakandi náttúrulega yfir þeim hlutum og í ákvörðunum að taka tillit til fjölskylduaðstæðna, sýna fólki sveigjanleika, það er hérna fólk sem að eru einstæðir foreldrar sem að þurfa kannski meiri sveigjanleika heldur en aðrir og við erum ekkert að amast við því... Reyni að svona taka tillit til án þess þó að það komi niður á starfseminni, það má náttúrulega ekki ganga út í einhverjar öfgar.

Valtýr er m.ö.o. að segja að fjölskylduaðstæður viðkomandi hafi áhrif á möguleika á samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu, hún sé ekki aðgengileg öllum.

Þegar borin eru saman svör þeirra sem stjórna vinnustöðum þar sem sérfræðingar starfa og svo hinna má greina mun. Stjórnendur sérfræðinga virtust betur meðvitaðir um hvað fjölskyldustefna felur í sér, þ.e. möguleika á samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu þó svo að því væri ekki alltaf framfylgt. Harpa Gísladóttir sagði:

> Nei, við erum ekki með neina skilgreinda, það er bara þetta Gullna jafnvægi borgarinnar sem stundum er svona aðeins, svona glott út í annað með bara, svona þegar það er mikið að gera og fólk er að vinna lengi og allt svoleiðis.

Harpa var þó meðvituð um að fjölskyldustefnan þyrfti að vera til staðar og stóð til að nýráðinn starfsmannastjóri myndi sinna verkinu, líkt og með jafnréttisáætlunina:

> Þetta þarf að vera náttúrulega bara til staðar þannig að fólk geti sko haldið í það ef það þarf að sækja rétt sinn eða, eða rökstyðja mál sitt á einhvern annan veg.

Af ofantöldu má ljóst vera að skriflegar stefnur eru ekki til staðar. Það segir þó ekki alla söguna, óformleg stefna getur verið við lýði eins og kom fram og möguleikar til samræmingar fjölskyldulífs og atvinnu því einhverjir, vikið verður að því hér á eftir.

Samræming, kyn og eðli starfa

Innan allra þessara ólíku vinnustaða ríkir bæði lóðrétt og lárétt verkaskipting. Karlar eru fleiri í stjórnunarstöðum og oftar en ekki nýtur vinna kvenna minni virðingar en vinna karla. Karlar hafa oft og tíðum mun meiri sveigjanleika í starfi en konur[2] og ættu þar af leiðandi að hafa meiri möguleika en konur á að samræma fjölskyldulíf og atvinnu. Á móti kemur að sú hugsun er mjög rík að það sé hlutverk karla að vinna langan vinnudag og vera sem mest á staðnum-það kom til að mynda sterkt fram í viðtölum mínum við suma karlanna að þeir virðast sækja tilverurétt sinn í vinnuna. Konur aftur á móti bera þessa ábyrgð og eru mun oftar í störfum sem bjóða upp á minni sveigjanleika, störf sem krefjst meiri viðveru. Fjölskylduvænleikinn eða sveigjanleikinn sem í boði er, er oft háður vissum skilyrðum, orðuðum eða óorðuðum. Fyrir þær sem unnu samkvæmt þéttbókaðri dagskrá sem ákveðin er fram í tímann er oft erfitt að samræma. Sif Bjarnadóttir sérfræðingur sagði: „Það er alveg skilningur fyrir því að maður fari í foreldraviðtöl hérna, ef maður skipuleggur það bara sjálfur." Sif taldi sig þannig njóta skilnings og sveigjanleika en bar engu að síður ábyrgð á að geta sinnt skólagöngu barna sinna innan hinnar þéttbókuðu dagskrár sem oft þýddi að hún gat ekki mætt á atburði innan skólans sem skipulagðir voru með stuttum fyrirvara. Þannig eru úrræði til samræmingar fjölskyldulífs og atvinnu ekki miðuð við þá einstaklinga sem að sinna störfum sem krefjast viðveru og njóta lítils sjálfræðis vegna eðli starfsins (sjá einnig Acker, 2006).

Skreppur skýst til að skutla og redda

Vinna þeirra sem ekki hafa aflað sér sérfræðimenntunnar er oft og tíðum mun staðlaðri, krefst stöðugrar viðveru, er ekki bundin við ákveðin verk heldur ákveðna viðveru í ákveðinn tíma. Karlar sem ekki hafa aflað sér menntunnar njóta mun meira sjálfræðis í starfi en konur, þeir njóta almennt meiri hreyfanleika (þó viðveran sé enn skilgreind í ákveðnum tímafjölda), sem aftur gefur meiri tækifæri á samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu. Þannig

[2] Í könnun Tómasar Bjarnasonar hjá IMG Gallup sem unnin var fyrir *Hið gullna jafnvægi* koma fram að það sama má segja um möguleika fólks almennt á íslenskum vinnumarkaði.

er munur á kynjum þegar kemur að raunverulegum/hlutlægum og upplifun/-huglægum sveigjanleika. Karlar nefna oft að geta „skroppið“, „skotist“, „reddað“ og „skutlað“ í vinnutímanum óháð menntun. Hjalti Geirsson, sérfræðimenntaður sagði:

> Mér finnst það ganga mjög vel [að samræma fjölskyldulíf og atvinnu] vegna þess (með áherslu) að í fyrsta lagi er þetta svona sveigjanlegt, að ef að maður þarf að skjótast, ef maður þarf að ná í barn úr leikskóla eða eitthvað slíkt eða stússast fara til læknis og svo framvegis þá er það mjög auðsótt af því að ég stjórna mínum tíma algjörlega sjálfur það er enginn sem segir sko nú átt þú að vera að sinna þessu fyrir hádegi heldur ég bara segi, segi bara við sjálfan mig, „ja, heyrðu nú þarf ég að skjótast með hana til læknis“, ég sinni þessu bara eftir hádegið eða á morgunn eða hinn eða hvenær sem ég get sko þannig að það gengur mjög vel að samræma þetta út af þessu, þessu frjálsræði, þessum sveigjanleika.

Karlar sem ekki gegna sérfræðistörfum voru þó almennt tortryggnari gagnvart sveigjanleika á vinnustað og þar með möguleikum á samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu. Stefán Valtýsson var t.a.m. ekki ýkja hrifinn af stefnu síns stjórnanda, sjálfur gegnir hann starfi ómenntaðs millistjórnanda:

> Þetta er náttúrulega soldið erfitt ef við værum alltaf að hleypa mönnum hjá okkur til tannlæknis, þú veist en svona þessi skrifstofustörf... Konan vinnur styttra, við stílum mikið inn á læknatíma eftir hennar vinnutíma eða jafnvel bara eftir minn líka sko þannig að við erum ekkert, við erum ekki í þessum pakka að vera að reyna að koma okkur til læknis á vinnutímum, það er svona, við erum ekki mjög hrifin af því hvorugt okkar.

Orð Stefáns endurspegla mun á milli sérfræðimenntaðra og þeirra sem ekki hafa aflað sér sérfræðimenntunnar. Sveigjanleikinn var litinn hornauga meðal þeirra sem minni menntun höfðu á meðan þeir sem eru langskóla-gengnir voru almennt jákvæðari. Þar spilar inn í að störf þeirra sem ekki eru sérfræðimenntaðir eru minna metin og töluvert hefur verið um fækkun starfa á þeim sviðum (sjá einnig Jacobs og Gerson, 2004) þannig að margir viðmælenda minna voru uggandi um störf sín. Þá skiptir máli að vera sem mest á staðnum til að sýna fram á eigið mikilvægi í vinnu.

Pollýanna stendur í ströngu

Eins og vikið var að hér að framan bera konur hitann og þungann af umönnun barna og rekstri heimilis, sú staðreynd endurspeglast þegar þær ræða samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu. Þær beita tækjum orðræðunnar við að láta þetta dæmið ganga upp; draga í og úr, finna sér viðmið (Carabine, 2001) og vitna í öfgadæmi (e. *extreme case formulations*, Willig, 2001). Líta má á aðferðir þeirra sem ákveðna tækni til að höndla ástandið; bjargráð (e. *coping strategies*). Sif Bjarnadóttir sérfræðingur dregur í og úr sem hluta af bjargráðum:

> Mér finnst það oft erfitt, já, [að samræma fjölskyldulíf og atvinnu] en það samt gengur, mér finnst, maður náttúrulega nær að samræma það en samt mjög oft með samviskubit yfir það að ég vinni lengi... Mér finnst það ganga, það gengur en mér finnst það, það má rosalega lítið út af bera, þú veist, allt sem að, óvænt sem kemur upp á, veikindi eða, einhverjar auka, aukahlutir sem þarf að sinna í kringum fjölskylduna að það þarf bara skipulagningu til þess að það gangi allt upp.

Guðrún Pála Sigurðardóttir sérfræðingur finnur sér viðmið til að gera eigin aðstæður bærilegri:

> Það er oft mjög skrautlegt [að samræma fjölskyldulíf og atvinnu], þetta gengur alveg upp en ég myndi ekki vilja vera með hérna smábörn, þetta gengur mjög vel upp af því að ég er með stálpuð börn, auðvitað mundi þetta ganga upp, ég meina, maður væri eðlilega meira frá þá vegna veikinda, þau eru oft það lasin þegar þau eru lítil börnin... en þetta sleppur allt... ef ég væri til dæmis einstæð og ekki með foreldra þá væri þetta mjög erfitt.

Helga Bjarnadóttir, samstarfskona Guðrúnar Pálu, byggir síðan eigin viðmið á aðstæðum Guðrúnar Pálu til að gera eigin aðstæður bærilegri:

> Ég veit ekki hvað ég gerði ef ég væri með lítil börn, eða auðvitað mundi maður þá bara skipuleggja sig einhvern veginn allt öðruvísi, þá mundi maður bara gera það, ég meina ég sé það alveg Guðrún Pála er með miklu yngri, yngri krakka heldur en ég.

Helga og Guðrún Pála nota sambærilega orðræðu til að benda á að þetta sé nú ekki svo slæmt, sömu bjargráð, að benda á að hlutirnir gætu verið mun verri, Pollýönnuaðferðin. Athyglisvert er að Helga vitnar í líf Guðrúnar Pálu, hún er viðmiðið, til að sýna fram á hvað þetta sé nú auðvelt hjá henni á meðan Guðrúnu fannst auðvelt hjá sér af því að hún var búin að koma sér

upp öðru „öfga“ viðmiði. Þær eru í raun að samræma í gegnum eða með hjálp orðræðunnar. Rosemary Crompton talar í þessu samhengi um að samræming snúist fyrst og fremst um þetta að láta dæmið ganga upp með hjálp orðræðunnar því að möguleikar einstaklinganna til að hafa áhrif á aðstæður sínar að öðru leyti eru mjög takmarkaðar í samfélagi þar sem vinnan er svo mikils metin.[3]

Í hnotskurn má segja að konur noti tæki orðræðunnar til að höndla eigin aðstæður, þær draga í og úr, setja upp ákveðin öfgaviðmið og komast þannig að því að þetta sé ekki svo slæmt hjá þeim, gæti verið verra; bjargráð. Karlar hafa meira sjálfræði í vinnu og hafa því meiri möguleika til samræmingar. Þeir „skutla“, „skjótast“, „redda“ og „ná í“ en virðast ekki bera þessa heildarábyrgð á umönnun barna. Þeirra hlutverk felst í því að vera fyrirvinnur á meðan konur eru aðeins hálfdrættingar í því tilliti vegna verðmætamats samfélagsins á hefðbundnum störfum kvenna.

Samantekt

Metnaðarfull markmið mega sín lítils ef skortir vilja, þekkingu og skilning meðal þeirra sem ætlað er að framfylgja markmiðunum. Reykjavíkurborg er aðeins eitt afl af mörgum í flóknu samfélagsverki þar sem hagsmunir margra koma að, þeir hagsmunir eru oft og tíðum ekki hagstæðir jafnrétti kynjanna. Markaðshagkerfi það sem við búum við er t.a.m. talið andstætt kynjajafnrétti (Acker, 2006). Á vordögum var samþykkt Mannréttindastefna fyrir borgina sem á að leysa Jafnréttisstefnuna af hólmi (http://www.rvk.is/Portaldata/-1/Resources/skjol/stefnur/Mannrettindastefna.pdf). Mannréttindastefnunni er ætlað að ná til fleiri hópa samfélagsins og vera þá væntanlega betra tæki til að ná fram jöfnuði á meðal starfsmanna og íbúa borgarinnar. Spurning er hversu farsællega tekst að uppfylla markmið þeirrar stefnu, minnst er á að fjármagn þurfi til starfans en engar upphæðir skilgreindar. Af viðtölum við starfsfólk borgarinnar má ljóst vera að fjármagn sé af skornum skammti og víða er verið að hagræða í rekstri og krafa á stjórnendur að skila arði- spurning hvort hægt sé að meta arðsemi jafnréttis í krónum og aurum?

---

[3] Erindið flutti Crompton á námskeiði doktorsnema í Háskólanum í Þrándheimi (NTNU) þann 24.4.2006. Yfirskrift námskeiðisins var *Flexible work and the work-life balance*.

Heimildir

Acker, J. (2006). *Class questions. Feminist answers*. Lanham, Maryland: Rowman & Littlefield Publishers, INC.

Carabine, J. (2001). Unmarried motherhood 1830-1990: A genealogical analysis. Í M. Wetherell, S. Taylor og S. J. Yates (Ritstjórar), *Discourse as data: A guide for analysis* (bls. 267-310). London: The Open University.

Coyle, A. (2005). Changing times: Flexibilization and the re-organization of work in feminized labour markets. *The Sociological Review, 53*, 73-88.

Cunningham, R., Lord, A. og Delaney, L. (1999). ´Next steps´for equality?: The impact of organizational change on opportunities for women in the civil service. *Gender, Work and Organization, 6,* 67-78.

Fríða María Ólafsdóttir (2003). *Jafnréttisáætlanir: Möguleikar – takmarkanir*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Hochschild, A. R. (1997). *The time bind: When work becomes home and home becomes work*. New York: Henry Holt and Company.

Jacobs, J. A. og Gerson, K. (2004). *The time divide. Work, family and gender inequality*. Cambridge: Harvard University Press.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96, 2000.

Orrange, R. M., Firebaugh, F. M. og Heck, R. K. Z. (2003). Managing households. Í P. Moen (Ritstýra), *It´s about time. Couples and careers* (bls. 153-167). Ithaca: Cornell University Press.

Still, M. C. og Strang, D. (2003). Institutionalizing family friendly policies. Í P. Moen (Ritstýra), *It´s about time. Couples and careers* (bls. 288-309). Ithaca: Cornell University Press.

Willig, C. (2001). *Introducing qualitative research in psychology: Adventures in theory and method*. Buckingham: Open University Press.

Kynjakerfið
Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli?

Þorgerður Einarsdóttir

Árið 1869 skrifað John Stuart Mill að yfirráð karla yfir konum væri rótgrónasta yfirráðakerfi sögunnar. Hann bar það saman við þrælahald en baráttan gegn því var í hámarki á þessum tíma. Markmið Mills var að „...koma á fullkomnum jöfnuði milli kynjanna þannig að hvorugt hafi nokkur forréttindi eða völd og hvorugt verði með lögum útilokað frá því sem hitt hefur“ (Mill 1997, bls. 69). Enn erum við að skoða þetta lífsseiga valdakerfi. Í áranna rás hafa fræðingar sett fram hugmyndir og kenningar um tengsl kynjanna. Einn þeirra er breski félagsfræðingurinn Sylvia Walby. Hún talar um kynjakerfi (e. *patriarchy*) og skilgreinir það sem „félagslegt yfirráðakerfi þar sem karlar njóta góðs af kerfisbundinni undirskipun kvenna“. Mikilvægt er að fjalla um kynjakerfið sem *félagslegt og kerfislægt mynstur* vegna þess að því *„fer fjarri að hver einasti karlmaður hafi yfirráð í krafti kyns síns og hver einasta kona sé undirskipuð vegna kyns síns“* (Walby 1997, bls. 20).[1] Hér á eftir verða aðstæður á Íslandi skoðaðar með hliðsjón af hugmyndum Walby. Eldri og nýrri uppsprettur kynjaðs valds verða skoðaðar og settar í sögulegt samhengi. Varpað verður ljósi á íslensk sérkenni og nýlegar íslenskar rannsóknir kynntar.

Kynjakerfið og hreyfiafl þess

Kynjakerfið þrífst ekki í tómarúmi, það er hlutbundið og óhlutbundið í senn og samofið öðrum valdakerfum eins og stéttaskiptingu og kynþáttakúgun. Miklar breytingar hafa orðið á kynjakerfinu sl. 100 ár og snúa þær aðallega að því að meginþungi yfirráðanna hefur færst frá einkasviðinu til opinbera sviðsins. Walby talar í reynd um tvö kerfi, kynjakerfi einkasviðsins og

[1] Hér er “patriarchy” þýtt sem kynjakerfi. Sylvia Walby notar hugtakið “gender regimes” í nýjustu textum sínum en það mætti þýða sem kynjað stjórnarfar. Hugtakið kynjakerfi er hliðstætt orðinu stjórnkerfi og gefur svipuð hugtengsl um völd og yfirráð.

kynjakerfi opinbera sviðsins. Meginuppspretta yfirráðanna á 19. öldinni var á einkasviðinu, aðallega innan heimilisins, en á 20. öldinni er meginuppsprettan á opinbera sviðinu. Það er einnig munur á birtingarformi valdsins. Í kynjakerfi einkasviðsins voru konur *útilokaðar* frá opinberri þátttöku, þær höfðu ekki borgaraleg eða pólitísk réttindi. Í kynjakerfi opinbera sviðsins eru konur ekki útilokaðar frá samfélagsþátttöku, en yfirráðin byggjast á *aðskilnaði* og *undirskipun*. Það birtist m.a. í því að konur og hið kvenlæga er undirskipað körlum og hinu karllæga, t.d. í atvinnulífi og opinberu lífi. Bæði kerfin eru við lýði samtímis en annað er ráðandi, á okkar tímum er það kynjakerfi opinbera sviðsins. Kynjakerfið er borið uppi af sex meginsviðum en þau eru atvinnulíf, fjölskylda/heimili, ríkisvald, ofbeldi, kynverund og menning. Sviðin eru innbyrðis tengd en þó tiltölulega sjálfstæð. Ekki gert ráð fyrir einni uppsprettu valdsins, engin allsherjarskýring er til á undirskipun kvenna og þar með engin allsherjarlausn. Það eru einmitt þróun sviðanna sex og hin margvíslegu tengsl á milli þeirra sem gera hugmyndir Walby áhugaverðar.

Hugmyndin um kynjakerfið og sviðin sex er fræðileg flokkun eða greiningartæki, og fæst af þessu er hægt að finna klippt og skorið í veruleikanum. Gert er ráð fyrir að kynjakerfið hvíli í djúpt liggjandi félagslegum grunngerðum sem borin eru uppi af margvíslegum félagslegum athöfnum og samskiptatengslum. Þau eru mismunandi rótgróin, geta verið lögbundin og formfest eða ósýnileg og óáþreifanleg, og það þarf rannsóknir og greiningu til að afhjúpa þau. Þegar við á annað borð höfum komið auga á þau, eru þau nokkuð augljós (Walby, 1997).

Mismunandi kenningaskólum hefur beitt innan sviðanna sex og hafa þeir mismikið skýringargildi. Walby telur að sviðin geti haft áhrif hvert á annað og hún metur kenningar um þau með hliðsjón af rannsóknum og reynslurökum. Þannig fæst heildrænt sjónarhorn og yfirsýn sem annars væri brotakennd þekking. Þá setur hún hugmyndir sínar í sögulegt samhengi til að meta breytingar á yfirráðakerfinu, en styrkur kenningar Walby er útfærslan á hinum sex sviðum kerfisins ásamt hinni sögulegu vídd.

Atvinnulíf og vinnumarkaður

Af hverju vinna konur og karlar ólík störf, og af hverju eru kvennastörfin lægra metin til launa og virðingar en störf karla? Af hverju eru karlar fleiri en konur í valdamiklum áhrifastörfum og nánast einráðir í viðskiptalífinu? Engar einfaldar kenningar ná utan um öll þau öfl sem einkenna atvinnulífið.

En viðfangsefnið er hægt að brjóta niður í smærri einingar, skoða hverju mismunandi nálganir hafa skilað.

Kenningar í anda nýklassískrar hagfræði voru um tíma ráðandi í vinnumarkaðsfræðum en þær gera ráð fyrir að lögmál markaðarins gildi í stórum dráttum. Kynjaskipting starfa, mismunandi menntun, vinnutími, frami o.þ.h. eru talin stafa af skynsamlegu vali einstaklinganna. Kynbundið misrétti er talið jafnast út þegar menntun, starfsreynsla og persónulegir hæfnisþættir eru orðnir þeir sömu hjá báðum kynjum því allt annað sé andstætt lögmálum markaðarins og hagsmunum atvinnurekenda (Becker, 1957). Ekki er talið á verksviði aðila vinnumarkaðarins og opinberra aðila að hlutast til um þau málefni sem snerta kyn, svo sem fjölskyldulíf, umönnun barna eða annarra skyldmenna. Fræðimenn hafa sýnt fram á hin nánu tengsl milli einkalífsins og atvinnulífsins, hvernig ráðandi vinnumenning er sniðin að einstaklingum sem ekki þurfa að axla fjölskylduábyrgð (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004).

Þá eru kerfislæg fyrirbæri gjarna einstaklingsgerð í hinni almennu orðræðu. Því er oft haldið fram að konur beri sjálfar ábyrgð á misréttinu. „Það er velþekkt staðreynd að konur gera vægari launakröfur en karlar" sagði Gunnar Smári Egilsson í grein árið 2003 og spyr svo hvaða einstaki samfélagshópur hefur mest allra haldið niðri launum kvenna: „Það er alveg sama hvað maður vill trúa mikið á vonda kalla, svarið hlýtur alltaf að verða: Konur. Konur sætta sig ekki aðeins við lægri laun en karlar heldur beinlínis biðja um lægri laun í atvinnuviðtölum" (Gunnar Smári Egilsson, 2003).

Skemmst er frá því að segja að rannsóknir og reynslurök renna ekki stoðum undir þetta og kenningaleg sjónarmið í þessum anda hafa tapað skýringargildi síðustu áratugi. Þetta sjónarhorn er ónæmt á baráttu, svo sem verkföll kvennastétta. Nýrri nálganir leggja áherslu á kerfislæga og stofnanabundna þætti þar sem vandamálið er ekki einstaklingsgert heldur horft á þætti eins og kynjaskiptingu vinnumarkaðarins, launa- og samningsumhverfi, viðmið og gildi, samfélagslegt mat á störfum, velferðarúrræði, lagaramma og hagrænar stærðir (Grimshaw og Rubery, 2002).

Margt bendir til að aðgreiningin í karla- og kvennastörf eigi stóran þátt í launa- og aðstöðumun kynja því kvennastörf eru iðulega minna metin og lægra launuð en karlastörf. Þegar lagalegri útilokun kvenna frá menntun, embættum og atvinnulífi hafði verið rutt úr vegi, sem gerðist hérlendis 1911, tók við aðgreining og undirskipun. Nýleg norræn könnun sýnir að kynjaskipting vinnumarkaðarins og launamunur er meiri hérlendis en á hinum Norðurlöndunum og með því mesta sem gerist í Evrópu (Lilja

Mósesdóttir o.fl., 2006). Þessi kynmerking starfa gerir körlum ekki síður erfitt að velja hefðbundin kvennastörf eins og hjúkrun (Þórður Kristinsson, 2003).

Walby véfengir þau sjónarmið að menningarlegir og hugmyndafræðilegir þættir hafi ráðið úrslitum um atvinnuþátttöku kvenna. Hérlendis einkenndust fyrstu áratugir síðustu aldar af togstreitu um hvort hlutverk kvenna ætti að vera barnauppeldi og heimilisstörf eingöngu eða hvort þær ættu jafnframt að eiga hlutdeild í hinu opinbera lífi (Sigríður Matthíasdóttir, 2004). Þótt húsmæðrastefnan hafi orðið á eftir mikil átök minnkaði atvinnuþátttaka kvenna samt ekki og alla síðustu öld var aldrei minna en þriðjungur kvenna í launavinnu (Konur og karlar, 2004). Atvinnuþátttaka kvenna er vörðuð átökum meira en nýklassísk hagfræði gefur til kynna og kenningar sem eru næmar á átakasjónarmið hafa meira skýringargildi. Það þurfti baráttu og átök til að hnekkja kynbundnum útilokunum og fyrirstaðan var af margvíslegum toga, efnahagslegum, félagslegum og hugmyndafræðilegum.

Heimilislíf - fjölskylda

Því er oft haldið fram að uppsprettan að yfirráðum karla liggi í móðurhlutverki kvenna, barneignum og brjóstagjöf. Ábyrgð kvenna á börnum hefur vissulega gert þær háðar körlum. Þessar skýringar eru hins vegar alhæfandi og sögulausar og smætta félagslega þætti niður í líffræði. Líffræðilegt hlutverk kvenna er mjög lítið í hinu stóra samhengi og umönnunarhlutverk kvenna er fyrst og fremst félagslegt. Það getur oft reynst auðveldara að breyta hinu líffræðilega en hinu félagslega. Sem dæmi um þetta hefur Lynn Segal nefnt pelann, en auðveldara reyndist að hanna pelann en skapa aðstæður sem fá karlmenn til gefa börnum pelamjólk (Segal, 1987).

Það sama gildir um skiptingu heimilisverka, viðhaldi heimilisins og þá áþreifanlegu og óáþreifanlegu vinnu sem á sér stað á heimilinu. Sá tími sem varið er til húsverka hefur farið minnkandi í sögulegu samhengi. En breytingin felst einkum í að útivinnandi konur nútímans verja minni tíma í húsverk en áður tíðkaðist. Heimavinnandi konur gera þó jafn mikið og áður (Cowen, 1983). Samkvæmt viðhorfskönnun Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum o.fl. frá 2003 bera konur meiri ábyrgð á heimilisstörfum en karlar. Þegar einstök verk eru skoðuð birtist gamalkunnugt mynstur með þvotta og þrif sem þau húsverk sem karlar koma síst að (sjá Efnahagsleg völd kvenna, 2004). Þessir þættir skipta máli að því það getur endurspeglar yfirráð og valdatengsl að veita öðrum umhyggju og þjónustu án þess að eiga rétt á því sama sjálfum sér til handa.

Hin félagslegu tengsl hafa ráðið meiru um valdamisræmi innan fjölskyldunnar en líffræði kvenna. Þrátt fyrir sögulegan og goðsögulegan hugmyndaarf um sterkar íslenskur konur höfðu karlar yfirráð í fjölskyldulífi langt fram yfir aldamótin 1900. Árið 1850 var dætrum veittur sami erfðaréttur og sonum. Árið 1900 urðu giftar konur fjárráða og 1923 kom formlegt jafnræði á með hjónum (Erla Hulda Halldórsdóttir & Guðrún Dís Jónatansdóttir, 1998). Í grein sinni „Konur fyrirgefa körlum hór" bendir Már Jónsson á að margar konur þurftu að þola drykkju bænda sinna á 19. öld og að framhjáhald með vinnukonum hafi verið „líkt og viðtekinn siður" (Már Jónsson, 1990, bls. 71).

Breytingar á fjölskyldumynstri sýna að færri giftast nú en áður, skilnuðum fjölgar og fæðingartíðni fer lækkandi (Konur og karlar, 2004). Í sögulegu samhengi má sjá að þessar breytingar haldast í hendur við efnislegar aðstæður utan fjölskyldunnar. Aukin launavinna og velferðarúrræði hafa aukið valfrelsi og efnahagslegt sjálfstæði kvenna. Hjónabandið er ekki lengur framfærslustofnun fyrir konur (Guðmundur Jónsson, 2004). Konur eru þó enn að verulegu leyti ábyrgar fyrir börnum, en samkvæmt hugmyndinni um móðurréttinn standa konur betur að vígi gagnvart börnum en karlar. Það var þó ekki fyrr en árið 1917 að konur urðu jafngildir lögráðamenn ómyndugra barna sinna, áður var forsjáin í höndum föður. Árið 1992 gengu í gildi lög um sameiginlegt forræði hérlendis. Könnun á dómum í forsjárdeilum sýnir að feður fá forræðið í nærri 40% tilvika (Ingólfur V. Gíslason, 2004). Þetta á þó einungis við um dómsmál en fæst mál af þessum toga fara fyrir dómstóla.

Allt þetta sýnir að það fjarar undan kynjakerfi fjölskyldulífsins. Færri karlar njóta persónulegra yfirráða á einkasviðinu, færri konur lúta húsbóndavaldi en fyrr og margar fjölskyldugerðir búa við mikið jafnrétti. Á sama tíma hefur opinbera kynjakerfið styrkt sig í sessi, m.a. í atvinnulífinu, á sviði menningar og ímynda. Með þessu er ekki gert lítið úr heimilisofbeldi eða kynbundnu ofbeldi, heldur einungis að fjölskyldan er ekki sama uppspretta yfirráða og áður var.

Menningarlegir þættir

Hugmyndir um karlmennsku og kvenleika gegnsýra menningu okkar og samfélag en einnig tilveru okkar sem einstaklinga. Þessar hugmyndir, sem eru skapaðar og endurskapaðar í táknrænum og merkingarbærum samskiptum og athöfnum, bera uppi hina ýmsu þætti kynjakerfisins. Styrkur félagsmótunarkenninga, sem lengi voru ráðandi, er að þær vefengdu eðlishyggju

(Chodorow, 1978). Hugmyndir þeirra um kynjamun eru þó sögulausar og ónæmar á breytileika. Þær gera ráð fyrir óvirkri mótun í hlutverk og yfirsést að kven- og karlhlutverkin eru ekki samhverfur heldur hvíla í valdatengslum þar sem hið karllæga er yfirskipað hinu kvenlæga. Nægir þar að nefna hið klassíska dæmi um að það er fínt að vera strákastelpa en ófínt að vera stelpustrákur.

Hér hafa póststrúktúralískar kenningar um óstöðugleika hinnar kynjuðu hugveru reynst gagnlegar. Sömuleiðis hugmyndir um „habitus" og táknrænt vald (Bourdieu, 2001) og kenningar í anda Foucault sem gefa gott rými fyrir valdahugtakið (Foucault, 1978). Kynímyndum er viðhaldið í valdatengslum, þær smjúga inn gegnum tungumálið og orðræðuna, og umhverfi okkar er gegnsýrt af þeim. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson hefur gert áhrifum karlmennskuhugmynda á drengi ítarleg skil (2004), og Berglind Rós Magnúsdóttir hefur skoðað hvernig hugmyndir og orðræður unglinga um völd og virðingu eru mjög kynmerktar strax við lok grunnskólagöngu (2003). Þá hefur Þorgerður Þorvaldsdóttur sýnt fram á kynjað orðfæri í dómnefndarálitum innan Háskóla Íslands (2002).

Hér hefur kynjakerfið greinilega færst frá einkasviðinu og yfir á hið opinbera svið menningar og ímynda. Eldri táknmyndir kvenímynda tengdust gjarna móður- og húsmóðurhlutverkinu, sem kölluðust á við fyrirvinnuna sem táknmynd karlmennskunnar. Þarna hefur losað um og fjölbreyttari ímyndum haldið á lofti í dag. Það er þó áhyggjuefni að kynímyndirnar eru orðnar ýktari og ágengari. Dægurmenning ungs fólks endurspeglar klámvæðingu og valdatengsl með hörkulegum yfirráðum karla (Snoop Dogg, 50 cent) og undirgefni kvenna (Christina Aguilera, Pussycats Dolls). Eina helsta táknmynd kvenímyndarinnar í dag er kynferðislega aðlaðandi og aðgengileg kona. Það á ekki bara við um dægurmenningu unglinga. Undir yfirskriftinni „Kvennabaráttan á krossgötum" fjallaði Morgunblaðið í október 2004 um landsþekktar athafnakonur og kvenstjórnendur á þessum nótum með þeim formerkjum að þær væru að „nota kvenleikann á uppbyggilegan og jákvæðan hátt" (Morgunblaðið, 10/10 2004). Morgunblaðið sýnir athafnakarla í útrás á hinn bóginn sem mynduga, kraftmikla og valdsmannslega einstaklinga: „Íslendingar viðskiptalífsins eru þar með komnir í hóp heimsfrægra manna eins og Bono, Colin Powell og Steve Forbes sem tala fyrir [Børsen Executive Club] á þessu misseri..." sagði Morgunblaðið um fund íslenskra fjárfesta í Kaupmannahöfn vorið 2006 (Morgunblaðið, 10/3 2006).

Kynferði - kynverund

Því hefur verið haldið fram að kynferði kvenna og kynverund sé uppspretta yfirráðakerfisins. Hér takast á mismunandi sjónarmið, frá kenningum Freuds um kynhvötina sem eðlislægt fyrirbæri til kenninga um félagslega sköpun kynverundar þar sem karlveldið er talið byggjast á kynferðislegum yfirráðum karla (MacKinnon, 1993). Kenningar Foucault (1978) um félagslega sköpun og menningarlegt taumhald kynverundar hafa reynst gagnlegar, sérstaklega eftir að hugmyndir hans höfðu verið glæddar kynjavídd. Þær hafa aukið skilning á því hvað hin skyldubundna gagnkynhneigð er mikilvægur burðarás í kynjakerfinu sem bitnar á konum og samkynhneigðu fólki af báðum kynjum.

Sögulega hefur þróunin verið frá mikilli stjórnun á kynferði kvenna yfir í umtalsvert kynfrelsi. Reynt var að takmarka kynlíf kvenna við hjónaband og skírlífi fyrir hjónaband var nánast skilyrði fyrir konur (Már Jónsson, 1997). Í áranna rás hefur losað um hömlur á kynlífi kvenna með bættum getnaðarvörnum, skilnaðarlöggjöf, frjálsari fóstureyðingum. Konur hafa sjálfar barist fyrir auknu kynfrelsi og möguleikar þeirra til að njóta kynlífs tvímælalaust aukist.

Þessi þróun hefur þó verið tvíbent fyrir konur. Í dag eru þær hvattar til kynlífs, innan sem utan hjónabands og þessi frjálsræðisþróun hefur haft kostnað í för með sér. Í klámiðnaðinum, sem talið er að velti um 8-13 milljörðum bandaríkjadollara árlega er gert út á hlutgervingu og kvenfyrirlitningu (Cornell, 2000). Nauðgunarþemu og barnaklám færast í vöxt og í kláminu er ofbeldi sem fólki ofbýður í „venjulegu“ ofbeldisefni. Kynlífs- eða klámvæðing opinbera rýmisins er dæmi um áhrif klámsins. Það er áleitin spurning hverra kynfrelsi klámið standi vörð um. Ef það er fyrst og fremst frelsi karla þurfum við að horfast í augu við að klámið er uppspretta kynjaðs valds.

Ofbeldi

Hægt er að tala um ofbeldi sem kynbundið þegar í því birtist kerfisbundið valdamynstur þar sem karlar eru meirihluti gerenda og konur þolenda. Skilgreining Sameinuðu þjóðanna á ofbeldi er svohljóðandi:

> Ofbeldi sem hefur afleiðingar í líkamlegu, kynferðislegu eða andlegu tjóni eða þjáningu. Það sama á við um hótanir um slíkar gjörðir, þvinganir eða tilviljanakennda skerðingu á frelsi, bæði í einkalífi og opinberu lífi. (Samþykkt af Allsherjarþingi SÞ 1993, sjá www.un.org).

Ofbeldi gegn konum birtist t.d. í nauðgunum, heimilisofbeldi, kynferðislegu ofbeldi og mörgu fleiru. Kynbundið ofbeldi er ekki hægt að einstaklingsgera og afgreiða sem sjúkleika einstakra karla eins og stundum er gert (Bragi Jósepsson, 2006). Það er birtingarform á kerfislægu fyrirbæri og þarf að skilja sem slíkt rétt eins og Emil Durkheim skilgreindi sjálfsmorð sem félagslega staðreynd. Rannsóknir hafa sýnt að kynbundið ofbeldi er birtingarform á félagslegu taumhaldi á konum, og nauðgunum hefur verið lýst sem ýktustu birtingarmyndinni á menningarbundinni karlmennsku (Guðrún Margrét Gunnarsdóttir, 2004). Ekki eru til nákvæmar upplýsingar hérlendis um umfang kynbundins ofbeldis umfram það sem kemur fram í gögnum Stígamóta (www.stigamot.is) Kvennaathvarfsins (www.kvennaathvarf.is) og Neyðarmótttökunnar. Rannsóknir sýna að réttarkerfið hefur innbyggða karllæga slagsíðu (Hulda Elsa Björgvinsdóttir, 2004; Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, 2005). Ofbeldi gegn konum er því uppspretta yfirráða í sjálfu sér og styrkist enn frekar vegna yfirráða karla á öðrum sviðum, svo sem innan dómskerfisins og á hugmyndafræðilega sviðinu með klámvæðingunni.

Ýmislegt bendir til að nauðgunum hafi fjölgað þótt ekki sé alveg ljóst hvað stafar af meiri skráningu og tilkynningum (Morgunblaðið, 15/8 2006). Walby kastar fram þeirri tilgátu að aukinn fjöldi nauðgana geti stafað af ávinningi kvenna á öðrum sviðum (atvinnulífi, stjórnmálum og öðru opinberu lífi), þ.e. að yfirráðakerfið bæti sér upp á sviði kynferðis það sem tapast á öðrum sviðum. Hún leggur þó áherslu á að þetta þurfi meiri rannsókna við. Kvennahreyfingar hafa alla tíð barist gegn kynbundnu ofbeldi með stofnun kvennaathvarfa og stuðningsneta, og með því að krefja ríkið um réttarbætur og félagslegar umbætur fyrir konur. Þetta svið er að færast frá kynjakerfi einkasviðsins yfir í hið opinbera kynjakerfi. Friðhelgi einkalífsins og vald einstakra karla er núorðið vefengt og smám saman eykst skilningur hins opinbera á mikilvægi aðgerða.

Ríkið og opinbert vald

Umræða á þessu sviði hefur beinst að fulltrúarétti kvenna, svo og hvort og hvernig hið opinbera gætir hagsmuna kvenna. Innan frjálslyndis- og frjálshyggjusjónarmiða er áhersla á fulltrúarétt kvenna, þ.e. höfðatölu-

jafnréttið. Hlutur kvenna í hinu opinbera valdi á Íslandi er enn þriðjungur eða minna, sama hver litið er (Konur og karlar, 2004). Flestar kenningar um ríkisvaldið, allt frá hugmyndum Webers til hugmynda Marx, eru gallaðar segir Walby því þær horfa fram hjá þýðingu kynsins. Hún gagnrýnir bæði marxískar kenningar um að ríkið sé tæki í höndum auðvaldsins og kenningar róttækra femínista um að ríkið sé eingöngu tæki í höndum feðraveldisins og telur að það þjóni bæði hagsmunum auðvaldsins og kynjakerfisins. Ríkið sé því ekki einhlítt kerfi, heldur vígvöllur margvíslegra pólitíska átaka og útkoman því breytileg. Ríkisvaldið hefur bætt stöðu kvenna, t.d. með bættri hjónabandslöggjöf og með því að aflétta lagalegri útilokun þeirra frá vinnumarkaðnum og opinberu lífi. Ríkið hefur hins vegar lítið gert til að bæta stöðu kvenna þegar því takmarki er náð. Því ekki hægt að segja að ríkið sé ávallt konum vinsamlegt eða fjandsamlegt, það er misjafnt eftir tímaskeiðum, menningarsvæðum og löndum (Walby ,1997).

Samantekt og lokaorð

Umfjöllunin hér að framan sýnir að ekki er hægt að skilgreina einhverja eina uppsprettu kynjaðs valds, t.d. fjölskylduna, móðurhlutverkið, kynverundina, atvinnulífið eða ríkisvaldið. Öll þessi svið geta verið, og eru í raun, uppspretta yfirráða. Þau eru hins vegar mismunandi sterk á mismunandi stöðum og tímaskeiðum. Að veikja yfirráðin á einu sviði felur ekki óhjákvæmilega í sér að kerfinu sé hnekkt því valdið getur styrkt sig á öðrum sviðum. Kynjakerfið hefur enga innbyggða þróunarstefnu og sviðin sex eiga einmitt að sýna að það er sögulega og menningarlega skilyrt.

Á einkasviðinu og opinbera sviðinu eru mismunandi aðferðir til að tryggja yfirráð. Með þróuninni frá einkasviðinu til opinbera sviðsins færist uppspretta yfirráðanna frá útilokun til aðgreiningar og undirskipunar. Ekki er um að ræða skýr og afdráttarlaus mörk heldur fljótandi og breytileg. Hið opinbera kerfi hefur tekið á sig mismunandi myndir eftir heimshlutum. Pólarnir í þessu tilliti voru til skamms tíma Austur Evrópa þar sem ríkisvaldið sá um að veita konum aðgang að opinberu lífi og Bandaríkin þar sem markaðurinn hefur séð um það. Þar á milli voru svo ríki Vestur Evrópu þar sem velferðarríkin hafa leikið stórt hlutverk fyrir konur og þar eru Norðurlöndin í broddi fylkingar. Allt er þetta útkoma átaka og athafna.

Hvert stefnir kynjakerfið og sviðin sex? Mikill árangur hefur náðst á sumum sviðum, stöðnun á öðrum og á enn öðrum sviðum hefur orðið bakslag, allt eftir löndum og heimshlutum. Staða kvenna versnaði við

stjórnarfarsbreytingarnar í Austur Evrópu, sem sýnir að kynjajafnrétti er ekki bara samfelld framþróun. Þá benda höfundar skýrslunnar *Bejing Betrayed* (2005) á að síðastliðinn áratug hafi runnið saman nokkrir straumar sem ógni mannréttindabaráttu kvenna á alþjóðavísu, en það eru nýfrjálshyggja, stríðsrekstur og hernaðarhyggja, svo og aukin bókstafstrú.

Sé litið til síðustu 100 ára hefur tvímælalaust fjarað undan kynjakerfinu í okkar heimshluta og þeim löndum sem búa við svipað stjórnarfar og við Íslendingar. En á sama tíma hefur kerfið breyst. Kynjakerfi einkasviðsins hefur veikst en kerfið hefur styrkt sig á öðrum sviðum. Í því sambandi er vert að benda á nýjar uppsprettur valds á Íslandi, sem bíða frekari rannsókna. Þar má nefna kvótakerfið, sem hefur reynst mikilvæg valdauppspretta eftir að því var komið á um miðjan níunda áratuginn og ekki síst eftir að kvótinn varð framseljanlegur. Þarna er valdakerfi sem konur standa nánast algjörlega utan við (Hulda Proppé, 2003). Þá hafa nýjar uppsprettur valds orðið til innan fjármálageirans í kjölfar EES samningsins árið 1992 og aukins viðskiptafrelsis síðasta áratug. Þessi völd eru nánast eingöngu í höndum karla. Fáar konur eru í bankaráðum, stjórnum fjárfestingasjóða og -félaga, sem tvímælalaust eru að verða ein mesta uppspretta valds í íslensku samfélagi (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2004). Meðal þeirra sem ráða för á þessu sviði eru nokkir áhrifamiklir feðgar (Björgólfsfeðgar, Bónusfeðgar). Kannski er þetta eitt skýrasta dæmið um feðraveldi í íslensku samfélagi í dag, einmitt það yfirráðakerfi sem John Stuart Mill vildi hnekkja fyrir hálfri annarri öld.

Heimildir

Becker, G. (1957). *The Economics of Discrimination*. Chicago: University Of Chicago Press.

Berglind Rós Magnúsdóttir (2003). *Orðræður um kyngervi, völd og virðingu í unglingabekk*. Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. http://hi.is/~brm/skjol/ma_ritgerd.pdf

Bourdieu, P. (2001). *Masculine Domination*. Cambridge: Polity.

Bragi Jósepsson (2006, 20. ágúst). Hverjir eru hinir eiginlegu nauðgarar? *Morgunblaðið*.

Chodorow, N. (1978). *The Reproduction of Mothering: Psychoanalysis and the Sociology of Gender*. University of California Press.

Cowan, R. S. (1983). *More work for mother. The ironies of household technology from the open hearth to the microwave*. New York: Basic Books.

Cornell, D. (2000). Pornography's Temptation. Í D. Cornell (Ritstj.), *Feminism and Pornography* (bls. 551-568). Oxford University Press.

Efnahagsleg völd kvenna. Skýrsla unnin fyrir forsætisráðuneytið (2002). Reykjavík, Forsætisráðuneytið. http://forsaetisraduneyti.is/media/Efnhasleg_vold_kvenna/EVKskyrsla.pdf.

Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (Ritstj.) (1998). *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna.* Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.

Foucault, M. (1978). "Politics and the study of discourse". *Ideology and consciousness, 3*, 7-26.

Grimshaw, D. og Rubery, J. (2002). *The adjusted gender pay gap: a critical appraisal of standard decomposition techniques.* Manchester: EWERC Manchester School of Management.

Guðmundur Jónsson (2004). Hvers kyns velferðarkerfi? Ísland í spegli hinna kvenvænu velferðarkerfa á Norðurlöndum. Í Irma Erlingsdóttir (Ritstj.), *Kynjafræði – Kortlagningar* (bls. 191-214). Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.

Gunnar Smári Egilsson (2003, 25. júní). Konur þiggja lægri laun. *Fréttablaðið.*

Guðrún Margrét Gunnarsdóttir (2004). *Af hverju nauðga karlar?* Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Gyða Margrét Pétursdóttir (2004). *„Ég er tilbúin að gefa svo mikið" Sjálfræði, karllæg viðmið og mótsagnir í lífi útivinnandi mæðra og orðræðum um ólíkt eðli, getur og hlutverk.* Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Halda áfram að fjárfesta í Danmörku (2006, 10. mars). *Morgunblaðið.*

Hulda Elsa Björgvinsdóttir (2004). Hugtakið önnur kynferðismök. Í Aðalheiður Jóhannsdóttir (Ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum V. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2004* (bls. 153-169). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Hulda Proppé (2003). „Ég sé kvótakerfið fyrir mér sem lopapeysu". Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum IV* (bls. 425-433). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Ingólfur V. Gíslason (2004). Dómar í forsjárdeilum. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum V* (bls. 207-217). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Ingólfur Ásgeir Jóhannessson (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi.* Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.

Konur og karlar 2004. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Lilja Mósesdóttir, Andrea G. Dofradóttir, Þorgerður Einarsdóttir, Kristjana Stella Blöndal, Einar Mar Þórðarson og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir (2006). *Evaluating equal pay in the Nordic countries. Final report of the project „På sporet av likelön - Evaluating Equal Pay - Mælistikur á launajafnrétti.* Reykjavík, Akureyri: Jafnréttisstofa.

Mill, J. S. (1997/1869). *Kúgun kvenna*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Már Jónsson (1987). Konur fyrirgefa körlum hór, *Ný Saga*, bls. 70-78.

MacKinnon, C. (1993). *Only Words*. Cambridge, MA: Harvard University Press.

Kvennabaráttan á krossgötum (2004, 10. október). *Morgunblaðið*.

Fleiri nauðganir í ár en allt árið í fyrra (2006, 15. ágúst). *Morgunblaðið*.

Segal, L. (1987). *Is the future female?* London: Virago.

Sigríður Matthíasdóttir (2004). *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigríður Elín Þórðardóttir (2004). *Athafnafólk: Skiptir kynferði máli?* Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Walby, S. (1997). *Theorizing Patriarchy*. Oxford UK: Blackwell.

Zeitlin, J. (Ritstj.) (2005). *Peking betrayed. Women Worldwide Report that Governments Have Failed to Turn the Platform into Action*. New York: WEDO, Women's Environment and Development Organization.

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir (2005). *Nauðgun frá sjónarhorni kvennaréttar*. Óbirt Kandídatsritgerð. Háskóli Íslands, Lagadeild.

Þorgerður Þorvaldsdóttir (2002). *Kynlegar víddir í dómnefndarálitum? Er kynbundinn munur á umfjöllun um karl- og kvenumsækjendur í dómnefndarálitum Háskóla Íslands?* Reykjavík: Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands. http://www.jafnretti.hi.is/solofile/1004574

Þórður Kristinsson (2003). *Kynlegir kvistir: Karlar í hjúkrun*. Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Flokkun barna

Jónína Einarsdóttir

Flokkun felur í sér að lífverum, efniskenndum hlutum og huglægum fyrirbærum er raðað í flokka með hliðsjón af skilmerkjum. Árátta mannsins að flokka umhverfi sitt hefur vakið athygli fræðimanna sem leggja áherslu á mikilvægi flokkana fyrir aðgerðir, þekkingaröflun og aukinn skilning (Ellen, 1996; Rapport og Overing, 2000). Þá er gjarnan deilt um að hve miklu leiti flokkun sé mannlegur eiginleiki eða menningarbundið fyrirbæri.

Émilie Durkheim og Marcel Mauss (1963 [1903]) telja að það sé ákveðin samsvörun milli samfélagsgerðar og flokkunar. Þeir flokka samfélög eftir því hversu þróuð þau eru og nær skalinn frá frumstæðum og einföldum samfélögum til flóknari og þróaðari samfélaga. Saga vísindalegra flokkanna sé fyrst og fremst saga þess hvernig félagsleg hluttekning (e. *social affectivity*) veikist og íhugul hugsun (e. *reflective thought*) einstaklinga fái aukið svigrúm. Engin afgerandi breyting á þróun gerist á einhverjum ákveðnum tímapunkti heldur er um samfelldar breytingar að ræða. Þó „frumstæð flokkun" hafi sín sérkenni á hún engu að síður það sameiginlegt með vísindalegri flokkun að hafa fræðilegan tilgang og markmið hennar sé ekki að auðvelda aðgerðir heldur að auka skilning.

Roy Ellen (1996) telur þá skoðun að öll flokkun eigi rætur í samfélagsgerðinni almennt vera talin ófullnægjandi í dag. Hún bendir á að þó að flokkun og þá sérstaklega táknræn flokkun einkennist vissulega af menningarbundnum aðstæðum þá sé það vert íhugunar að notkun samsvarandi tákna og sömu andstæðna sé mjög algeng í mismunandi samfélögum. Rapport and Overing (2000) leggja áherslu á flokkun sem vitsmunalegt afrek sem mannverur nýti sér til að skapa sér sjálfsmynd og til að koma röð og reglu á umhverfi sitt. Flokkunarkerfi fela í sér mótsagnir og átök þar sem mismunandi sjónarmið takast á og því eru þau hvorki endanleg né fyrirsjáanleg. Þannig keppa flokkunarkerfi hvert við annað og sýna hvernig önnur kerfi geta verið handahófskennd, hlutdræg og takmörkuð.

Hér verður fjallað um flokkanir á ungabörnum. Fyrst er gerð grein fyrir fjölbreytilegum menningarbundnum flokkunum á ungbörnum, sem þó

einkennast af ákveðinni samsvörun. Þá er sérstaklega fjallað um hugtökin ómennsk börn, ólífvænleg börn og lifandi fædd börn. Umfjöllun byggir að hluta á rannsóknum höfundar á viðbrögðum við barnadauða hjá Papel-fólkinu í Biombo í Gíneu-Bissá og viðbrögðum við fæðingu barns með fæðingarþyngd 1000 grömm eða minni á Íslandi.

Flokkun ungbarna

Það er breytilegt eftir samfélögum hvort og þá hvenær nýburar flokkist sem persónur, fullgildir meðlimir þess samfélags þar sem þeir fæðast eða mannlegar verur. Eins eru þau skilmerki breytileg sem notuð eru við flokkunina og hvaða afleiðingar það geti haft í för með sér að uppfylla þau ekki.

Tilvera mannlegrar sálar er gjarnan forsenda þess að barn teljist vera fullgild mannleg vera eins og hjá Papelfólkinu í Gíneu-Bissau (Jónína Einarsdóttir, 2004b). Barn getur líka náð stöðu sem mannleg vera við einhvern ákveðinn atburð, til dæmis að forfeðrasál komi í barnið, það taki tönn eða sýni ákveðna líkamlega færni (Nicolaisen, 1995). Eins getur barnið áunnið sér mennlegt eðli eða flokkast sem persóna smátt og smátt, til dæmis með aukinni þekkingu (Howell, 1989). Krafa um rétt faðerni er oft skilyrði þegnskapar (Legesse, 1973; Oboler, 1985). Víða eru börn fyrst talin vera fullgildir meðlimir þess samfélags sem þau fæðast í við formlega nafngift (Alford, 1988). Það var til dæmis lengi siður hérlendis að börn sem létust áður en þau voru skírð væru ekki jarðsett í vígðri mold þar sem þau tilheyrðu ekki hinum kristna söfnuði. Vegna þessa voru börn sem voru í bráðri lífshættu skírð svokallaðri skemmri skírn. Foreldrar ungbarna á gjörgæslu-deildum vilja oft enn í dag að þau séu skírð og það þykir sjálfgefið að veita slíka þjónustu (Jónína Einarsdóttir, 2005).

Rannsóknir í mannfræði sýna að foreldrar, oftast mæður, en sjaldnar ættingjar eða aðrir, deyði börn sem fæðast á afvíkjandi hátt eða eru á einhvern hátt afbrigðileg eða talin ólífvænleg (Chagnon, 1968; Granzberg, 1973; Howell, 1979; Jónína Einarsdóttir, 2004; Legesse, 1973; Nicolaisen, 1995; Parkin, 1985; Shostak, 1981). Hugtakið barnamorð er notað yfir þetta fyrirbæri og er gjarnan gerður greinarmunur á beinu barnamorði, þ.e. því þegar barn er deytt af ráðnum hug og óbeinu barnamorði þegar barn deyr vegna þess að ekkert er gert til að viðhalda lífi þess, t.d. neita því um fæðu, læknismeðferð eða með almennri vanrækslu (Harris, 1977; Miller, 1987; Scrimshaw, 1984).

Í ofangreindum tilvikum er algengast að ungbörnin sem um ræðir séu enn ekki talin tilheyra því samfélagi þar sem þau fæðast eða að þau skorti mannlegt eðli eða stöðu persónu við fæðingu. Það er fyrst þegar þau hafa náð tilskilinni stöðu sem dráp þeirra jafngildir morði og verður refsivert (Jónína Einarsdóttir, 2004b). Þess eru líka dæmi að ákveðin ungbörn geti aldrei uppfyllt skilyrði til að teljast fullgildir meðlimir mannlegs samfélags, flokkist sem persóna eða fullgild mannvera. Það á við um ákveðin Papel börn í Biombohéraði í Gíneu-Bissá sem nefnd eru andabörn eða iran á kreól, en þau eru grunuð um að fæðast ómennsk.

Ómennsk börn

Papel trúa á endurholdgun. Ungbörn fæðist því með mannlega sál sem er endurborin í líkama þeirra. Persónulegir eiginleikar barna og jafnvel útlit einkennast að einhverju leyti af þeim sem áður bar sálina. Ungbörn eru því talin hafa hver sín sérkenni og persónuleika. Papel erfa og rekja ættir sínar í móðurlegg og börn tilheyra því ætt móður sinnar strax við fæðingu. Þau taka eftirnafn föður síns en hann tekur upp eftirnafn móðurættar sinnar þegar hann erfir móðurbróður sinn og flytur til heimkynna móðurfólks síns. Að öðru leyti eru nafngiftir óformlegar og sumir kallast jafnvel fleiri en einu nafni eða skipta um nafn á lífsleiðinni.

Staða ungbarna almennt er trygg meðal Papel; þau tilheyra samfélagi mæðra sinna, eru sannanlega mannleg og persónuleg sérkenni þeirra eru viðurkennd. Þetta á þó ekki við um öll börn. Í einstaka tilfellum vaknar upp grunur um að ákveðið barn hafi hugsanlega fæðst án mannlegrar sálar og sé því sannanlega ekki mannleg vera. Það á við um ungbörn sem fæðast á afbrigðilegan hátt eða þroskast ekki eðlilega fyrstu mánuði lífs síns. Slíkt getur gerst þegar andi tekur sér búsetu í líkama barnsins í móðurkviði sem síðan fæðist án mannlegrar sálar. Slík börn eru talin vera hættuleg móðurfólki sínu, og þá sérstakleg móður sinni, og því er mikilvægt að skera úr um hvort þau séu andabörn. Vandamál þessara barna eru fjölbreytileg. Algengast er að þau séu alvarlega fötluð, til dæmis ófær um að ganga eða sitja. Önnur hafa afbrigðileg útlitseinkenni, eru holgóma, óeðlilega smávaxin eða löng, hafa stórt höfuð eða óvenjulegan litarhátt. Þau eru líka oft talin hafa einkennilega hegðun, fara úr rúmi sínu um nætur eða lifa af nánast án fæðu eða að þau drekka stöðugt af brjósti móður sinnar.

Ástæður gruns um að barn sé ómennskt eru svo fjölbreytilegar að útilokað er að segja til um eðli barnsins með einhliða tilvísun til sjáanlegra

einkenna. Það eru tvö próf sem nota má til að ákvarða hvort viðkomandi barn er andabarn (sjá Jónína Einarsdóttir, 2004b: 148-151). Það er í verkahring sérfræðinga að útfæra prófin. Bæði prófin teljast til athafna sem flokkast undir barnamorð í hefðbundnum rannsóknum mannfræðinga. Ef barnið lifir prófið ekki af er það sönnun þess að það er ómennskt. Samkvæmt skilningi Papel eru börnin ekki deydd heldur er þeim anda sem hefur tekið sér búsetu í líkama þeirra leyft að snúa til sinna réttu heimkynna. Áður en ákveðið er að prófa eðli barnsins er þó venjulega leitað lækninga hjá mismunandi aðilum, opinberri heilsugæslu, hjá trúboðssjúkrahúsinu og fjölda lækna innan hins hefðbundna heilbrigðisgeira. Þegar allt bregst er það krafa móðurfólks barnsins af eldri kynslóðinni að taka barnið í próf. Mæður berjast venjulega gegn prófinu og færa rök fyrir því að vandi barnsins sé vegna annnarra ástæðu en að það sé ómennskt. Þær benda t.d. á að barnið fæddist eðlilegt, en andabörn fæðast ómennsk – þau verða það ekki eftir fæðingu. Þegar prófið er gert og barnið ýmist lifir af eða deyr má túlka niðurstöðuna á mismunandi hátt eða að deilt er um hvort það hafi verið rétt framkvæmt. Mæður draga gjarnan í efa flokkun eigin barns sem ómennskt en aftur á móti ekki að það séu til slík börn.

Það er niðurstaða mín að það sé villandi að líta svo á að meðferð á ofangreindum börnum sem grunuð eru um að vera andabörn sé einhliða leið samfélags þeirra, sem ekki hefur önnur læknisfræðileg úrræði, til að losa sig við ólífvænleg börn, eins og gjarnan er gert í umfjöllun félagslíffræðinga og fleiri um hliðstæð fyrirbæri. Sum þeirra barna sem eru grunuð um að vera ómennsk eru frábrugðin venjulegum börnum en eru að öðru leyti fullkomalega heilbrigð. Auk þess er fjöldi fatlaðra barna eða alvarlega veikra barna sem eru aldrei grunuð um að vera ómennsk þar sem þau fæddust eðlileg. Papel telja það siðferðilega rangt og refsivert að deyða mannlega veru og því eru mannleg börn ekki deydd þó þau séu mjög illa fötluð eða ólífvænleg.

Ólífvænleg börn

Í öllum samfélögum fæðast börn sem á einn eða annan hátt eru flokkuð sem ólífvænleg. Stærsti hópur slíkra barna eru fyrirburar. Vegna tæknilegra framfara og þróunar nýrra lyfja hafa lífslíkur fyrirbura, jafnvel með fæðingarþyngd allt að 500 grömmum, aukist verulega. Þessi þróun er þó umdeild. Er það alltaf réttlætanlegt að halda lífi í barni óháð þeim skamma

tíma sem því er kannski hugað líf eða þeirri fötlun sem það á hættu á að lifa við?

Meðal siðfræðinga eru uppi þrjú meginsjónarmið um rétt nýbura til lífsins (Vilhjálmur Árnason, 1997). Í fyrsta lagi, nýburar eru ekki taldir vera persónur með siðferðileg réttindi og því má deyða þá að vild. Foreldrar hafi því rétt til þess að taka ákvarðanir um hvort þeir skuli lifa. Peter Singer (1993), prófessor í siðfræði við Princeton háskóla í Bandaríkjunum, telur t.d. að ungbörn skorti einkenni sem gefi þeim sjálfkrafa rétt til lífsins eins og rökrétta hugsun, sjálfræði og sjálfsmeðvitund. Dráp ungbarna er því ekki sambærilegt við dráp á venjulegri mannveru, eða annarri lífveru með sjálfsmeðvitund. Það sem mestu skiptir er hver sé ósk foreldranna og Singer (1994) hefur stungið uppá að þeir hafi 28 daga til að ákveða hvort þau vilji halda barni sínu.

Annað sjónarmið siðfræðinga er að mannlegt líf skuli alltaf vera varðveitt og allt gert sem í mannlegu valdi standi til að viðhalda því (Vilhjálmur Árnason, 1997). Þetta sjónarmið gengur útfrá siðferðilegum jöfnuði fólks, óháð fötlun eða heilbrigði þess — ef ekki yrði alltaf allt gert til að viðhalda lífi nýbura myndi þeim vera mismunað eftir atgervi þeirra. Þetta sjónarmið endurspeglar m.a. viðhorf kaþólsku kirkjunnar. Þriðja sjónarmið siðfræðinga er að ekki skuli allt gert til að viðhalda lífi nýbura sé auðsýnt að dauðinn sé því betri valkostur en lífið. Vandamálið er að ekki er alltaf ljóst hvenær dauðinn er lífinu betri og skoðanir eru skiptar um hvaða skilmerki skuli styðjast við.

Þrátt fyrir vandkvæði við að meta hvenær telja beri líf barns ekki þess virði að lifa því eru reglulega teknar ákvarðanir um að hætta meðferð barna sem flokkast sem ólífvænleg eða að líf þeirra er ekki talið þess virði að lifa því vegna framtíða fötlunar. Nýleg rannsókn sýndi t.d. að 74% dauðsfalla fyrirbura á gjörgæsludeild í Noregi á 10 ára tímabili létust eftir að ákvörðun hafði verið tekin um að hætta við meðferð þeirra (Brinchmann og Vik, 2005: 78). Verklagsreglur sem fylgt er við ákvarðanatökuna og framkvæmd þeirra eru breytilegar milli landa og jafnvel innan þeirra (Brinchmann, 1999; Brinchmann, Førde, og Nortvedt, 2002; Brinchmann og Vik, 2005; Cuttini o.fl., 2000; Cuttini o.fl., 1999; Munck o. fl., 1997; Vandvik og Førde, 2000; Wyatt, 1999).

Svokölluð gagnreynd siðfræði (e. *evidence-based ethics*) leitast við skapa verklagsreglur sem fela í sér að fyrirburum sé aðeins gefin meðferð þegar hagnaðurinn er talinn vera meiri en kostnaðurinn (Tyson og Stoll, 2003). Ákvörðunartaka og viðmið eru ákveðin með hliðsjón af tölfræðilega áætluðum lífslíkum barnsins og hættu á framtíða fötlun þar sem ákveðin

meðgöngulengd og/eða fæðingarþyngd verða skilmerki. Séu miklar líkur taldar á að barnið muni ekki lifa af eða að það verði mikið fatlað skal það ekki fá meðferð. Ef lífslíkur eru hins vegar ofan skilgreindra marka og líkur á fötlun litlar ber að veita barninu alla mögulega meðferð. Foreldrar skuli ekki hafa rétt til að krefjast meðferðar þegar lífslíkur eru litlar og líkur á fötlum miklar eða að meðferð sé hætt þegar lífslíkur og umfang fötlunar eru taldar ásættanlegar. Foreldrar fá aðeins hlutverk við ákvörðunartöku um meðferð þegar óvissa um útkomuna er mikil. Þessi nálgun myndi leiða til þess að stúlkur fá meðferð við lægri fæðingarþyngd eða styttri meðgöngu en drengir þar sem tölfræðin sýnir að þær hafa betri lífslíkur.

Í Danmörku og Hollandi virðist nokkurs konar aðlagað form af gagnreyndri siðfræði stýra meðferð mikilla nýbura. Samkvæmt Gorm Greisen (2004) fá fyrirburar í Danmörku sem fæðast áður en fullar 26 vikur meðgönguvikur eru liðnar ekki virka gjörgæslumeðferð. Þó kveða dönsk lög um að aðeins sé leyfilegt að hætta meðferð barna eða láta vera að gefa meðferð þegar ljóst er að hún lengir dauðastríð en komi ekki í veg fyrir dauða, en framtíða fötlun og skert lífsgæði eru ekki lögleg ástæða þess að hætta meðferð eða að láta hana vera. Frans J. Walther (2005) lýsir svipaðri aðferðafræði í Hollandi og í Danmörku, en í Hollandi er virkur líknardauði aftur á móti leyfður með lögum. Það er ekki venja að hefja lífgunaraðgerðir á börnum fæddum áður en 26 fullar meðgönguvikur eru liðnar, og ekki heldur á lengra gengnum börnum með bannvæna ættgenga sjúkdóma. Meðferð er hætt ef dauði er talinn óhjákvæmilegur eða að framtíðar lífsgæði eru metin lítil. Þegar deilur eiga sér stað er hagur barnsins, dæmdur útfrá læknisfræðilegu sjónarmiði, hafður í fyrirrúmi en ef niðurstöður eru óvissar ráða foreldrar hvað gera skuli í anda gagnreyndrar siðfræði. Bæði í Danmörku og Hollandi er lögð áhersla á að foreldrar séu vel upplýstir um læknisfræðilegar aðstæður barna sinna og samkvæmt Greiser og Walther eru deilur um meðferð fátíðar.

Ekki eru allir sammála um ágæti þess að gefa fyrirburum meðferð sem byggjast á gagnreyndri siðfræði þar sem það sé siðferðilega rangt að neita barni um meðferð þó meðgangan sé of stutt eða fæðingarþyngd og lítil. Þó stór hluti barna sem eru fædd fyrir fullgengnar 26 vikur deyji þá lifa sum af og jafnvel án mikillar fötlunar (Lorenz o.fl., 2001). Betra sé því að styðjast við einstaklingsbundið mat á hverju barni í stað tölfræðilega útreiknaðara skilmerkja. Auk þess myndi það leiða til þess að ekki verði framfarir á meðferð þar sem öll börn sem ekki uppfylla skilmerkin deyja.

Á Íslandi, eins og víðar í nágrannríkjum, er ekki miðað við ákveðna fæðingarþyngd eða meðgönguviku þegar ákvörðun er tekin um meðferð

(Jónína Einarsdóttir, 2004a). Fagfólk sem vinnur með fyrirbura og foreldrar barna með fæðingarþyngd 1000 grömm eða minni á Íslandi eru flest sammála um að til séu aðstæður sem réttlæta að hætta meðferð ef barn á „ekkert líf" fyrir höndum eða ef mjög alvarleg fötlun er fyrirsjáanleg. Fyrir foreldra eru möguleiki barnsins til mannlegra tjáskipta það sem skiptir mestu máli. Það er síðan í verkahring sérfæðinga að meta með sínum prófum hvort ákveðið barn teljist vera lífvænlegt og verðugt meðferðar. Forsenda þess að fá meðferð er þó ávallt að barn flokkist sem lifandi fætt.

Lifandi fædd börn

Auknar lífslíkur fyrirbura hafa leitt til þess að hugtök sem tengjast fæðingum og lifun barna hafa verið endurskoðuð. Það er ljóst að barn verður fyrst að flokkast sem lifandi fætt til að látast. Samkvæmt skilgreiningu Alþjóða-heilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (WHO) flokkast afurð frjóvgunar (e. *product of conception*) sem lifandi fætt barn óháð meðgöngulengd ef það andar eða sýnir einhver einkenni lífs eins og hjartslátt eða slátt í naflastreng (WHO, 2006). Engu að síður er fæðingarþyngd gjarnan notuð sem viðmið þegar gera á alþjóðlegan samanburð á ungbarnadauða. WHO mælir t.d. með því að tölfræði sem notuð er í alþjóðlegum samanburði skuli miða við börn fædd 1000 grömm eða meira. Einstök lönd geta þó miðað við lægri fæðingarþyngd við útreikning ungbarnadauða innanlands.

Síðan í nóvember 1992 er miðað við fæðingarþyngd 500 g og 22 meðgönguvikur á Íslandi en var áður 1000 g og 28 vikur (Landlæknis-embættið, 1992). Hlutfall fyrirbura á Íslandi með fæðingarþyngd minni en 1000 g jókst á tímabilinu 1991-1995 miðað við tímabilið 1982-1990. Ingibjörg Georgsdóttir og Atli Dagbjartsson (2003) telja að hluta hennar megi rekja til þess að óþroskuð börn sem áður flokkuðust sem fósturlát voru á seinna tímabilinu skráð sem andvana fædd eða sem lifandi við fæðingu en þau dáið skömmu síðar.

Greisen (2004) bendir á að ofangreindar verklagsreglur um meðferð fyrirbura í Danmörku hafi sennilega leitt til þess að börn sem hafi fæðst of snemma til að þeim sé ætluð meðferð séu í auknum mæli flokkuð sem andvana fædd fremur en lifandi. Greisen telur líklegra að ástæðu þessa sé félagsleg fremur en líffræðileg. Það er ekkert nýtt að innan vestrænnar læknisfræði sé horft fram hjá vitnisburði um líf sem skilmerki þess að barn hafi fæðst lifandi. Á áttunda áratug síðustu aldar var það rútína að flokka börn fædd minni en 1000 grömm sem annað hvort andvana fædd eða

fósturlát og því var ekkert gert til að reyna að bjarga lífi þeirra eins og lýsing læknis af sínum fyrsta degi á barnadeild á sjúkrahúsi í New York árið 1969 staðfestir (Solomon, 1995). Skil lífs og dauða eru greinilega ekki alltaf augljós. Greisen (2004) bendir á að finna megi hjartslátt, slátt í naflastreng eða andköf fósturs sem fæðist fyrir 20. viku meðgöngu en engum dettur í hug að það geti lifað. Því sé sennilegast hvergi í heiminum gefin meðferð við öll sýnileg einkenni lífs.

Lokaorð

Flokkun fylgja kostir og gallar. Hún er vissulega mikilvæg til að setja skipulag á hugsun og góð hjálp við leit lögmála. Hún getur þó einnig takmarkað hugann og haldið honum föngnum í staðalmyndum. Flokkun getur bæði undirstrikað fjölbreytileika og falið hann; útilokað það sem fellur utan flokks eða þvingað frávik í flokk.

Flokkunarárátta mannsins nær til ungbarna í öllum samfélögum. Henni er augljóslega beitt til að afla sér þekkingar og leita skilnings, en líka til að vera ráðgefandi um aðgerðir. Þær aðgerðir hafa oft afgerandi áhrif á framtíð ungbarns. Skorti ungbarnið tilverurétt sem meðlimur samfélags þess þar sem það fæðist, eða skilmerki sem gera það að fullgildri mannveru eða persónu getur réttur þess til lífsins verið takmarkaður. Það þýðir þó engan veginn að öll slík börn séu í hættu á að vera deydd. Þar sem fóstureyðingar eru leyfðar er ekki öllum fóstrum eytt. Það er því ákveðinn hópur barna sem er í mestri hættu, þ.e. börn sem hafa líkamleg frávík og/eða fötlun.

Ég hef skoðað sérstaklega flokkun einstakra barna í Biombo, Gíneu-Bissá, sem ómennsk og önnur sem ólífvænleg á Íslandi. Í Biombo er deilt um hvaða börn séu ómennsk með tilvísun til einkenna en flóknari próf sem eru aðeins sérfræðingum skiljanleg og þeim einum fært að framkvæma segja til um niðurstöðuna. Sama á oftast við um staðfestingu þess að barn sé ólífvænlegt á gjörgæsludeildum vestrænna sjúkrahúsa. Sérfræðingar fara með skilgreiningarvaldið hverju sinni. Flokkanirnar eru þó ekki endanlegar og fyrirsjáanlegar. Það er þó oftar en ekki deilt um nákvæmni þeirra fremur en réttmæti.

Heimildir

Alford, R. D. (1988). *Naming and Identity: A Cross-Cultural Study of Personal Naming Practices*. New Haven: HRAF Press.

Brinchmann, B. S. (1999). When the home becomes a prison: living with a severely disabled child. *Nursing Ethics*, *6*, 2, 137-143.

Brinchmann, B. S., Førde, R. og Nortvedt, P. (2002). What matters to the parents? A qualitative study of parents' experiences with life-and-death decisions concerning their premature infants. *Nursing Ethics*, *9*, 4, 388-404.

Brinchmann, B. S. og Vik, T. (2005). Parents' Involvement in Life-and-Death Decisions in Neonatal Intensive Care: Norwegian Attitudes. *Newborn and Infant Nursing Reviews, 5*, 2, 77-81.

Chagnon, N. A. (1968). *Yanomanö: The Fierce People*. New York: Holt, Rinehart and Winston.

Cuttini, M., Nadai, M., Kaminski, M., Hansen, G., Lde Leeuw, R., Lenoir, S. o.fl. (2000). End of life decisions in neonatal intenisve care; physician's self reported practices in seven European countries. *The Lancet*, *355*, 9221, 2112-2118.

Cuttini, M., Rebagliato, M., Bortoli, P., Hansen, G., de Leeuw, S., Lenoir, S. o.fl. (1999). Parental visiting, communication, and participation in ethical decisions: a comparison of neonatal practice in Europe. *Archives of Disease in Childhood Fetal & Neonatal Edition*, *81*, 2, 84-91.

Durkheim, É. og Mauss, M. (1963 [1903]). *Primitive Classification: Principles of Categorization of Plants and Animals in Traditional Societies*. London: Cohen & West.

Ellen, R. (1996). Classification. Í A. Barnard og J. Spencer (Ritstj.), *Encyclopedia of Social and Cultural Anthropology* (bls. 103-106). London: Routledge.

Granzberg, G. (1973). Twin infanticide - a cross-cultural test of a materialistic explanation. *Ethos*, *1*, 4, 405-412.

Greisen, G. (2004). Managing births at the limit of viability: the Danish experience. *Seminars in Fetal and Neonatal Medicine*, *9*, 6, 453-457.

Harris, M. (1977). *Cannibals and Kings: The Origins of Cultures*. New York: Random House.

Howell, N. (1979). *Demography of the Dobe !Kung*. New York: Academic Press.

Howell, S. (1989). From child to human: Chewong concepts of self. Í G. Jahoda og I. M. Lewis (Ritstj.), *Acquiring Culture: Cross Cultural Studies in Child Development* (bls. 147-168). London: Routledge.

Ingibjörg Georgsdóttir og Atli Dagbjartsson (2003). Litlir fyriburar á Íslandi. Lífslíkur og fötlun. *Læknablaðið*, *89*, 299-302.

Jónína Einarsdóttir (2004a). Meðferð mikilla fyrirbura: „Þessar ósvöruðu spurningar eru erfiðastar". Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2004* (bls. 265-273). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Jónína Einarsdóttir (2004b). *Tried of Weeping. Mother Love, Child Death, and Poverty in Guinea-Bissau* (2. útgáfa). Madison, Wisconsin: University of Wisconsin Press.

Jónína Einarsdóttir (2005). *Máttug mannabörn.* Í *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (bls. 263-267). Reykjavík: Umboðsmaður barna og Háskóla-útgáfan.

Landlæknisembættið (1992). *Reglur um skilgreiningar og skráningu fæðinga á Íslandi.* Reykjavík: Landlæknisembættið.

Legesse, A. (1973). *Gada: Three Approaches to the Study of African Society*. New York: Free P.

Lorenz, J. M., Paneth, N., Jetton, J. R., Ouden, L. og Tyson, J. E. (2001). Comparison of Management Strategies for Extreme Prematurity in New Jersey and the Netherlands: Outcomes and Resource Expenditure. *Pediatrics*, *108*, 6, 1269-1274.

Miller, B. D. (1987). Female infanticide and child neglect in rural North India. Í N. Scheper-Hughes (Ritstj.), *Child Survival: Anthropological Perspectives on the Treatment and Maltreatment of Children* (bls. 95-112). Dordrecht: D. Reidel Publishing Company.

Munck, S. S., Skov, L., Sylvest, A., Schmelling, W., Pedersen-Bjergaard, L., Jonassen, S. o.fl. (1997). Attitudes towards treatment of extremely premature infants (in Danish). *Ugeskrift for Læger*, *159*, 50, 7488-7491.

Nicolaisen, I. (1995). Persons and nonpersons: disability among the Punan Bah of Central Borneo. Í B. Ingstad og S. R. Whyte (Ritstj.), *Disability and Culture* (bls. 38-55). Berkeley: University of California Press.

Oboler, R. S. (1985). *Women, Power, and Economic Change. The Nandi of Kenya.* Stanford: Stanford University Press.

Parkin, D. (1985). Entitling evil: Muslim and non-Muslim in coastal Kenya. Í D. Parkin (Ritstj.) *The Anthropology of Evil* (bls. 224-243). Oxford: Basil Blackwell.

Rapport, N. og Overing, J. (2000*). Social and Cultural Anthropology. The Key Concepts*. London: Routledge.

Scrimshaw, S. C. M. (1984). Infanticide in human populations: societal and individual concerns. Í G. Hausfater og S. B. Hrdy (Ritstj.), *Infanticide: Comparative and Evolutionary Perspective* (bls. 439-462). New York: Aldine Publishing Company.

Shostak, M. (1981). *Nisa: The Life and Words of a !Kung Woman*. Middlesex: Penguin Books.

Singer, P. (1993). *Practical Ethics* (2. útgáfa). Cambridge: Cambridge University Press.

Singer, P. (Ritstj.) (1994). *Rethinking Life & Death. The Collapse of our Traditional Ethics*. Oxford: Oxford University Press.

Solomon, S. D. (1995). "Suffer the little children." *Technology Review*, *98*, 3, 42-52.

Tyson, J. E. og Stoll, B. J. (2003). Evidence-based ethics and the care and outcome of extremely premature infants. *Clinics in Perinatology*, *30*, 2, 363-387.

Vandvik, I. H. og Førde, R. (2000). Ethical issues in parental decision-making. An interview study of mothers of children with hypoplastic left heart syndrome. *Acta Paediatrica*, *89*, 9, 1129-1133.

Vilhjálmur Árnason. (1997). *Siðfræði lífs of dauða. Erfiðar ákvarðanir í heilbrigðiskerfinu*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í siðfræði, Háskóli Íslands.

Walther, F. J. (2005). Withholding treatment, withdrawing treatment, and palliative care in the neonatal intensive care unit. *Early Human Development*, *81*, 965-972.

WHO. (2006). *Appendix: Glossary of terms*. Sótt 26. júlí 2006 af slóðinni http://www.who.int/healthinfo/statistics/indunder5mortality/en/

Wyatt, T. S. (1999). Neonatal care: withholding or withdrawal of treatment in the newborn infant. *Best Practice & Research in Clinical Obstetrics & Gynaecology*, *13*, 4, 503-511.

Ævintýrið Afríka:
Minni og ímyndir Afríku í fylgiblöðum Morgunblaðsins

Kristín Loftsdóttir

Í þessari grein fjalla ég um minni og ímyndir fjölmiðla af Afríku á Íslandi en ég hef rætt um þetta viðfangsefni í öðrum útgáfum mínum í tengslum við verkefnið *Ímyndir Afríku á Íslandi*[1] (sjá t.d. Kristín Loftsdóttir, 2006, 2005a, 2005b, 2005c, 2004a, 2004b). Hér afmarka ég greininguna við dagblaðaumfjöllun um Afríku í þremur fylgiblöðum Morgunblaðsins; *Lesbókinni*, *Daglegu lífi* og *Sunnudagsblaðinu,* og umfjöllun þeirra um líkama og menningu fólks í Afríku. Hugtökin menning og líkami hafa verið samofin á margbreytilegan hátt. Í eldri hugmyndum Evrópubúa voru ákveðnar stéttir taldar tilheyra rými menningar en fólk í Afríku var tengt við líkama þess. Notkun Franz Boas á fleirtöluorðinu menning*ar* var mikilvæg í því að gera menningu að hlutlausara orði sem gæti tekið ólík form en áhersla hans markaði ákveðið fráhvarf frá þróunarhyggju 19. aldar sem leit á menningu sem misþróaða í mismunandi samfélögum (Kristín Loftsdóttir, 2004b). Fjölmiðlar eru mikilvægur vettvangur í sköpun samkenndar og hugmynda um aðra og hér mun ég skoða mögulegan þátt þeirra í að viðhalda og endurgera minni sem tengjast líkama og menningu í tengslum við ímyndir Afríku.

Munað eftir Afríku

Frá lokum níunda áratugarins hafa mannfræðingar í auknum mæli snúið sér að rannsóknum á mikilvægi margskonar miðla í mótun ímynda og sjálfsmynda þrátt fyrir að slíkar rannsóknir eigi sér nokkuð langa sögu sem

[1] Verkefnið var styrkt af Rannís, Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands. Helga Björnsdóttir aðstoðaði við söfnun og greiningu gagna sem notuð voru í þessari grein.

jaðarrannsóknir innan fræðasviðsins (Askew, 2002; Ginsburg, Abu-Lughod and Larkin, 2002). Rannsóknir mannfræðinga sem snúa að miðlum eru fjölbreytilegar og breidd nálganna felur í sér notkun ólíkra aðferða svo sem vettvangsathugun, textagreiningu og viðtalsrannsóknir (sjá m.a. umræðu í Murphy og Kraidy, 2003). Hluti af miðlunarrannsóknum snúa að því sem kalla má hnattrænt landslag fjölmiðlunar, eða "mediascapes" eins og Arjun Appadurai (1996) kallar það (sjá umræðu í Ginsburg, 2002), þ.e. flæði ímynda og notkun þeirra í samtengdum heimi samtímans. Eins og Appadurai (1996) hefur bent á er flæði ímynda hraðara en áður og sömu ímyndir birtast í auknum mæli í ólíkum miðlum víðsvegar í heiminum. Eðli dreifinga ímynda hafa jafnframt breyst og þannig þáttur þeirra í mótun sjálfsmynda. Rannsókn Benedict Anderson (1986) á ímynduðum samfélögum lagði áherslu á mátt miðla í sköpun þjóðríkisins vegna þess hversu mjög þeir efla samkennd. Fjölbreytt flóra miðla og hnattvæddar tengingar hafa þó skapað flóknara landslag samkenndar. Mörg dagblöð eru nú fáanleg á netinu sem gerir það til dæmis að verkum að innflytjendur innan þjóðríkjanna geta auðveldlega fylgst með daglegum fréttum frá heimalandi sínu ekki síður en í því landi sem þeir búa. Slíkt vekur upp áhugaverðar spurningar um áhrif fjölmiðla í sköpun staðbundinnar þjóðarsjálfsmyndar. Engu að síður má hafa í huga athugasemd Faye D. Ginsburg, Lila Abu-Lughod og Brian Larkin (2002) að þjóðríkið er fyrir flesta einn mikilvægasti vettvangur samkenndar og sjálfsmyndar. Fjölmiðlar skapa ákveðnar tegundir sjálfsvera með flokkun einstaklinga í hópa innan félagslega skilgreindra rýma, flokkun sem er kynjuð, líkömnuð, og samofin öðrum víddum sjálfsmynda (Helga Björnsdóttir, 2004; Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, 2005). David Morley og Kevin Robins (1995) benda á mikilvægi minnis í sköpun og endursköpun evrópskrar sjálfsmyndar og menningar en þar eru fjölmiðlar augljóslega mikilvægir. Orðræður fjölmiðla skapa þannig viðmið (*normalize*) (Bordo, 1993; einnig Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, 2005), sem staðsetja og viðhalda tengingu hópa við ákveðin félagslega skilgreind rými, þrátt fyrir að auðvitað sé einnig hægt að andæfa og brjóta upp slíkar tengingar í gengum miðla.

Ég hef notað hugtakið félagslegt minni til að reyna að draga fram þversögulegar dýptir ímynda og hvernig ákveðin minni frá nýlendutímanum eru rifjuð upp aftur og aftur (sjá Kristín Loftsdóttir, 2005a). Þróunarkenningar á 19. öld aðskildu samfélög sem talin voru siðmenntuð og nútímaleg frá svokölluðum „frumstæðum," hefðbundnum samfélögum – sem fólk í Afríku var talið tilheyra. Þróunarhyggja nítjándu aldar raðaði þannig samfélögum á gildishlaðinn þróunarskala þar sem sum voru nútímaleg og önnur hefðbundin. Á 19. öld voru brotakenndar hugmyndir

fyrri alda um útlitslega fjölbreytni jafnframt settar í vísindalegan búning og einstaklingar skilgreindir sem hluti af ákveðnum kynþætti. Sú afmörkun var bæði fordómafull og þjóðhverf og var samofin hugmyndum um menningu. Evrópumenn drógu til dæmis þá ályktun að atriði sem talin voru einkennandi fyrir útlit fólks í Afríku tengdust lífsháttum þeirra í álfunni og jafnframt stöðu þeirra sem þrælar í Bandaríkjunum (Curtin, 1964). Hugmyndir um kynþætti snéru þó ekki eingöngu að húðliti fólks. Aðrir hópar samfélagsins voru afmarkaðir sem óæðri á einhvern hátt út frá flókinni og breytilegri skörun. Félagsleg staða Íra, vændiskvenna[2] og kvenna almennt í Evrópu á ólíkum tímum var útskýrð og réttlætt með tilvísun til líffræðilegrar getu og eiginleika þessarra hópa (Pickering, 2001). Kynþáttahyggja hefur haldið áfram að vera mikilvægt tæki flokkunnar í samtímanum. Hún gerir líkamann miðlægan, þá sérstaklega líkama þeirra sem hafa annan húðlit en ljósan. Fræðimenn hafa einnig á síðustu árum vakið athygli á því hvernig notkun hugtaksins menning virðist oft, eins og kynþáttahyggja áður, fela í sér ákveðna nauðhyggju þar sem einstaklingar verða viljalaust verkfæri menningar (Balibar, 1988; Trouillot, 2002). Eins og Laura Ann Stoler (1995) hefur fjallað um virðist hugmyndin um aðskilda kynþætti þannig endurskapa sig stöðugt og taka ólík form á mismunandi tímum.

Fjöldi rannsókna sýnir fram á hvernig þessi ímynd Afríku var dregin upp í ólíkum miðlum á nýlendutímanum og taka má örfá dæmi þar um. Laura E. Franey (2003) fjallar um ímynd álfunnar í ferðasögum á seinni hluta 19. aldar og sýnir hvernig lýsingar á líkamlegu ofbeldi gegn afrísku fólki voru þáttur í að undirstrika mun milli Evrópu og Afríkubúa. Rannsókn Felix Driver (2001) beinir athygli að birtingamyndum landkönnun Afríku í ólíkum miðlum, ásamt því að leggja áherslu á þá athygli sem fréttir frá Afríku fengu í heimsveldunum. Titill bókar Dorothy Hammond og Alta Jablow (1970), *Afríka sem aldrei var*[3] dregur skýrt fram hvernig Afríka birtist í breskum bókmenntum sem ævintýraland þar sem ímyndunaraflið var látið leika lausum hala.

---

2 Á nítjándu öld voru t.d. uppi kenningar um það að vændiskonur væru náttúrlega frábrugðnar „eðlilegum" konum, þær yrðu t.d. karlmannlegri með aldri og mætti líta á þær sem frumstæðara form kvenna (Gilman, 1992:184-186).

3 Mín þýðing á titli bókarinnar.

Lesbókin, Sunnudagsblaðið og Daglegt líf

Í verkefninu voru þrjú fylgiblöð Morgunblaðsins skoðuð, *Lesbókin*, *Sunnudagsblaðið* og *Daglegt líf,* frá árunum 1986 til september 2002. Morgunblaðið er dagblað á íslensku og höfðar þar af leiðandi til þess hóps sem hana getur lesið. Með tilkomu veraldarvefnis er blaðið þó hnattrænt að ákveðnu leiti þar sem aðgengi að því er um allan heim. Í nýlegri auglýsingaherferð Morgunblaðsins er lögð áhersla á mátt þess að fylgja breyttum tíma og túlka samtímann fyrir þjóðinni í gegnum tíðina. Þessi þrjú blöð Morgunblaðsins sem tekin eru til greiningar flytja í flestum tilfellum það sem kalla má fréttaskýringar og birta innsendar greinar en ekki er um eiginlegar fréttir að ræða. Fréttir almennt um Afríku hafa ekki fengið mikið rými í fjölmiðlum og hafa erlendir fræðimenn bent á að fréttir af málefnum álfunnar eru iðulega tengdar hörmungum eða samanstanda af stuttum fréttum af afmörkuðum atburðum (Hawk, 1992). Efni þessarra þriggja fylgiblaða sem hér voru nefnd er sérlega áhugavert af nokkrum ástæðum. Í langflestum tilfellum er um er að ræða íslenskt efni en ekki þýtt. Einnig fela greinar þessara fylgiblaða í sér ítarlegar umfjallanir um ákveðin málefni. Þær birtast í virðulegu víðlesnu dagblaði og eru þannig hluti af opinberu, daglegu rými samtímans.

Greinar fylgiblaðanna þriggja á þessu ákveðna tímabili sem fólu í sér tilvísun til Afríku voru 460 og voru þær flokkaðar eftir ákveðnum efnisatriðum til að fá betri yfirsýn yfir megin þema greinanna í heild (sjá töflu 1). Greinarnar voru flokkaðar í eftirfarandi hópa: ferðasaga, umfjöllun tengd þróunarhjálp, menning og fréttatengt efni, en fréttatengt efni var svo flokkað í þrjá undirflokka (stjórnmál, fátækt og sjúkdóma). Þessir flokkar voru afmarkaðir eftir lauslegan lestur á efni greinanna í heild. Þrjú tveggja ára tímabil voru valin af handahófi (1986-1987, 1993-1994, 2000-2001), og efni þeirra blaða tekið til nákvæmrar greiningar. Í þessari grein er stuðst við Lesbókina í heild sinni í umfjöllun um menningu, en að mestu tekið mið af árunum sex sem voru greind sérstaklega hvað varðar umræðu um líkamann.

Tafla 1. Skipting helstu áhersluatriða varðandi Afríku

Efnisflokkar	Daglegt líf	Lesbók	Sunnudagsblað	Samtals
Fréttir	27	11	77	115
Ferðasögur	80	33	80	193
Menning	29	29	45	103
Þróunarverkefni/aðstoð	7	1	41	49
Samtals	143	74	243	460

Undirstrika má að greining þessara texta tekur eingöngu mið af ímynd þeirra af Afríku og þeir settir í samhengi við aðrar rannsóknir fræðimanna á ímyndum álfunnar. Hér er ekki um að ræða mat á því hvort textarnir séu réttir eða rangir. Eins og James Clifford bendir á (1988) getur orðræðugreining að sumu leyti verið ósanngjörn í garð höfunda textanna því hún hefur í raun ekki áhuga á þeim boðskap sem þeir reyna að koma á framfæri heldur fyrst og fremst tengsl verka þeirra við önnur verk og ímyndir textanna í slíku samhengi.[4]

Menning og Afríka

Greinar sem höfðu menningu sem meginþema voru settar í einn flokk og skoðaðar sérstaklega. Lesbók Morgunblaðsins er áhugaverð með því tilliti að hún er iðulega skilgreind sem blað menningartengdra málefna, svo sem bókmennta, arkitektúrs, myndlistar osfrv. Forvitnilegt er að tiltölulega fáar greinar féllu í þennan flokk eða 103 í heildina og voru þar af 29[5] í *Lesbókinni*. Við nánar skoðun á innhaldi greina í *Lesbókinni* kom í ljós að flestar greinarnar hafa jafnvel ekki beint með Afríku að gera eða afríska listamenn, heldur er álfan meira nefnd í framhjáhlaupi í menningartengdu efni til dæmis íslenskir listarmenn að tala um hversu stórkostlegt hefði verið að fara til Afríku, líf Karen Blixen o.s.frv. Ef talinn er sá fjöldi greina sem fjalla um menningu út frá menningarmálum eins og þau eru oft skilgreind í íslenskri þjóðfélagsumræðu, þ.e. skrif um bókmenntir, tónlist, listir eða einhverskonar listviðburði, þá sjáum við enn minni áherslu á menningatengda umræðu í tengslum við Afríku. Í *Lesbókinni* fann ég eingöngu sex greinar þar sem fjallað

[4] Í því ljósi var ákveðið að nota textanna fyrst og fremst sem gögn þar sem nafn höfundar skiptir ekki megin máli. Því kemur eingöngu fram greiningarnúmer textans og ártal en ekki nafn höfundar.

[5] Þar af voru 6 um menningartend málefni, 5 um forsögu mannsins, 2 um menningu fornegypta, 2 sem má lýsa sem smásögu (ein virðist vera skáldskapur, önnur er reynslusaga sem talar um afmarkaðan atburð), 13 fjalla ekkert um Afríku sem slíka heldur er minnst á álfuna.

var um menningartengd málefni á tímabilinu 1986 - september 2002. Ein greinin var t.d. um Wole Soyinka undir hinum hressilega titli „Kraftaskáld frá Nígeríu“ (grein 218, 1989) og önnur um nýtt bókasafn í Egyptalandi (Alexandríu, grein 247, 2002). Benda má á að allar þessar sex greinar eru frekar nýlegar (birtust eftir 1990) sem boðar vonandi upphaf nýrra áherslna hvað varðar umfjöllun um menningarmál í Afríku í samtímanum. Hér má velta því fyrir sér hvort þetta megi ekki tengja við gleymsku í tengslum við álfuna, þ.e. gleymsku að Afríka í heild eigi sér ríka bókmennta- og listahefð rétt eins og aðrar álfur heimsins. Í einni grein Lesbókarinnar endurspeglast skírt sú sýn að Afríka sem slík eigi sér ekki menningu í sömu merkingu og við notum hugtakið í tengslum við það sem oft er kölluð hámenning. Þar er sagt að „menningin“ hélt innreið sína í Mið- og Suður-Afríku á síðastliðni öld og ógnar nú ekki einungis hinum villtu dýrum, heldur einnig gróðri og því miður einnig hinum innfæddu íbúum (grein 111, 1987). Með þessu er sett saman-sem-merki milli íbúa og dýralífs og jafnframt litið á menningu sem neikvætt afl sem virðist eyðileggja hreinleika og sakleysi Afríku. Annað dæmi um þjóðernishóp í Afríku sem aðskilinn er menningu á einhvern hátt má lesa úr orðunum að í Kenía séu margir þjóðflokkar svo villtir að „þeir kæra sig ekki um mannleg samskipti“ (grein 201, 1989). Önnur grein leggur áherslu á menningu ákveðins þjóðernishóps fólks sem óbreytta með orðunum að „Lifnaðarhættir [fólksins] hafa lítið breyst í mörg hundruð ár, og það hefur ekki tekið upp neina ósiði hvíta mannsins“ (grein 352, 1990).

Telja má að lítil áhersla á bókmenntir og listir samtímans í Afríku sé þáttur í því að gera álfuna meira framandi en ella. Tíðni ferðasagna í tengslum við Afríku afmarka í sjálfu sér heimsálfuna út frá ákveðnu viðfangsefni. *Ferðablað Lesbókarinnar* fylgdi *Lesbókinni* á árunum 1989-1991 og má þar sjá nokkrar greinar tengdar Afríku. Slík umfjöllun leggur gjarnan áherslu á þarfir ferðamanna eins og sjá má í alhæfingum svo sem að Túnisbúar séu „stórkostlegir þjónar“ (grein 113, 1987), og að Kenýabúar séu „þekktir fyrir seina þjónustu“ (grein 201, 1989). Í mörgum greinanna er Afríka sem slík og ólík lönd álfunnar jafnframt kynnt til sögunnar sem „ævintýri,“ þá væntanlega fyrir efnameiri vesturlandabúa og dregin upp mynd af því sem er ólíkt og frábrugðið. Þessi áhersla á Afríku sem framandi ævintýraland verður ýktari og meira áberandi þegar haft er í huga hversu litla umfjöllun menningartengd umræða fær, í þeirri þröngu merkingu sem áður var komið inn á.

Afríka sem líkami

Í rannsókn sinni á ferðasögum 19. aldar bendir Franey (2003) á að sögumenn þurrka iðulega út eigin líkama og leggja áherslu á líkama hinna afrísku viðfanga textans. Með þessu telur Franey er verið sé að undirstrika sjálfstæði evrópskra einstaklinga andspænis afrískum einstaklingum sem verða fulltrúar heilla samfélaga. Nirmal Puwar (2004) talar um að valdastaða ákveðinna hópa felst einmitt í því að líkami þeirra birtist iðulega án tilvísunar til kyns eða litarhátts. Líkami þeirra verður eins og Puwar bendir á, að *venjulegum* líkama sem þarf hvorki litarhátt né kyn til að skylgreina sig út frá. Áherslu á líkama Afríkubúa má sjá í textum þessar fylgiblaða, þá sérstaklega í tilvísunum til litarhátts þeirra. Vísun til litarhátts getur vel átt við og er í ákveðnum tilfellum hluti af umfjöllunarefninu sjálfu og útskýrandi fyrir meginþætti greinanna t.d. hvað varðar umfjöllun um aðskilnaðarstefnu Suður-Afríku. Í öðrum tilfellum er hún eingöngu til að draga athygli að húðlit og líkama fólksins en hefur enga augljósa tengingu fyrir viðfangsefnið sem slíkt, eins og í einni grein þar sem talað er um að í ákveðni borg í Afríku séu flestir „svertingjar“ (grein 209, 1989). Orðalag yfir húðlit er fjölbreytt, „þeldökkir“ (grein. 154, 1993), „svartir“ (grein 90, 2001; grein 2, 1986), „blökkumenn“ (grein. 28, 1986, grein 77, 2000; grein 26, 1986; grein 61, 1993), „svertingi“ (grein 28, 1986; grein 209, 1989), „negrar“ (grein 145, 1993). Áhersla á litarhátt getur falið í sér ákveðna hlutgerfingu, því hún staðsetur einstaklinga sem hluta af ímynduðum hóp byggðum á litarheiti. Hlutgerfing einstaklinga eða hópa sem fulltrúar heimsálfunnar sem slíkrar kemur einnig fram á nokkrum stöðum þá ekki nauðsynlega tengdum litarhætti í orðanotkun eins og „afríkubúinn“ (grein 53, 1987). Þó má benda á að að þær greina sem fólu í sér tilvísun til litarhátts voru ekki mjög margar og fjöldinn allur af greinum fól ekki í sér neina slíka tilvísun.

Nokkrar greinanna vísa á einhvern hátt til þess að fara „inn í Afríku.“ (grein 15, 1986; grein 403, 1996). Ein grein talar um Marakkó sem „dyrnar“ að Afríku (grein 19, 1986) og önnur um „hjarta Afríku“ (grein 152, 1993; einnig grein 423, 1998). Afríka er hér orðin að líkama, sem er hægt að skoða og kanna með því að fara „inn í“. Þessa líkömnun álfunnar má sjá greinilega í inngangstexta greinaflokks um ferð fjölskyldu til álfunnar en þar segir að hún „er enn að brjótast í gegnum myrkviði Afríku.... og er eins og landið vilji ekki sleppa henni úr krumlu sinni“ (grein 404, 1996). Afríku er líka hægt að fá „beint í æð“ eins og álfan sé efni eða einhverskonar lyf (grein 90, 2001). Hér má einnig taka sem dæmi orðasambandið í „svörtustu Afríku“ (grein 15, 1986; grein 16, 1986; grein 145, 1993; grein 146, 1993; grein 209, 1989; einnig

í grein 218, ár 1990, en þar eru svörtustu innan gæsalappa; og grein 395, 1996 þar sem talað er um „svörtu Afríku“), en þar virðist heimsálfan Afríka vera framlenging af dökkum líkama fólksins sem hægt er að fara „inn í.“ Þrátt fyrir að þetta orðasamband sé ekki íslenskt, þá varpar notkun þess engu að síður upp áhugaverðri tengingu milli líkama fólksins og heimsálfunnar.

Eins og fyrr var bent á hafa fræðimenn nú um töluverða hríð lagt áherslu á hvernig ljós eða hvítur litarháttur hefur fengið stöðu viðmiðsins en dökkur hins frábrugðna sem ávallt þarf að nefna eða taka sérstaklega fram. Þetta má tengja við hvernig hinn afríski líkami virðist halda áfram að vera viðfang orðræðu rétt eins og var svo ráðandi á nýlendutímanum, þegar afrískir líkamar voru sífellt til umræðu og líkamar þeirra taldir stjórna einstaklingunum meira heldur en líkamar Evrópubúa.[6] Í einstaka tilfellum kemur þó fyrir að höfundar minnast á eigið ljóst litaraft (t.d. grein frá 1997, nr. 236). Hér er þó ekki um að ræða samsvarandi orðræðu við það þegar minnst er á lit fólks í Afríku, þar sem flestar lýsingar eru settar fram sem eðlilegar staðreyndir (svartur líkami hans) heldur er tilvísun í hvítan litarhátt sett fram sem huglægt mat eða upplifun þess sem horfir. Sögumaðurinn reynir þannig að ímynda sér hvernig hans eigin litarháttur hlýtur að koma þeim sem horfa fyrir sjónir og gerir þeim upp skoðanir á honum, kannski vegna þess að hann upplifir sig í fyrsta sinn sem frávik og finnst að aðrir hljóti einnig að taka eftir hans litarhætti.

Niðurlag

Í greininni hefur verið fjallað um líkama og menningu í tengslum við ímyndir Afríku á Íslandi. Ein birtingamynd líkama fólks í Afríku í gegnum söguna hefur verið í gegnum tilvísanir í dökkan litarhátt sem hluta af flokkun fólks í kynþætti. Í viðhorfskönnun framkvæmdri af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir verkefnið *Ímyndir Afríku á Íslandi* kom fram að tæpur helmingur svarenda taldi hugtakið kynþáttur vera vísindalegt hugtak og gagnlegt til að flokka fólk[7] (Kristín Loftsdóttir, 1994b). Í því ljósi kemur notkun litaheita í ýmsum greinum fylgiblaða Morgunblaðsins því ef til vill ekki á óvart heldur

---

6 Vesturlandabúar birtast einnig sem hið ómerkta sem er talað til. Ein greinin talar um lönd sem „fáir þekkja af eigin reynslu“ (grein 158, 1993). Hér er augljóslega átt við vesturlandabúa. Önnur grein talar um að Suður-Afríka hafi upp á svo margt að bjóða, og má lesa af samhengi að þar er átt við fyrir Vesturlandabúa (grein 154, 1993).

7 Ekki er þó um að ræða að helmingur svarenda hafi fordóma gagnvart fólki af öðrum kynþætti heldur eingöngu að það telur flokkunina þjóna ákveðnum tilgangi.

frekar það að litarheiti voru mun minna notuð en talið var áður en greining gagna hófst. Áhersla á líkama í Afríku birtist einnig í því að vísað er til álfunnar sjálfrar sem líkama í nokkrum greinum. Íslenska fjallkonan hefur, eins og Inga Dóra Björnsdóttir (1984) benti á, staðið sem tákn íslensku þjóðarinnar og í riti Magnúsar Stephensen frá byrjun 19. aldar, *Eptirmæli átjándu aldar eptir Krists hinaðburð, frá Eykonunni Íslandi*, talar hann fyrir munn Eykonunnar Íslands sem er holdgervingur landsins (sjá umræðu í Kristín Loftsdóttir, 2005c). Engu að síður er það forvitnilegt að álfan sem slík birtist sem einn stór og jafnvel hættulegur líkami. Notkun orðasambandsins „svörtustu Afríku" getur í vísað til litarhátts meirihluta fólks en einnig ókunnugleika og dulin leyndarmál.

Sú litla áhersla sem virðist vera á listir og bókmenntir í Afríku samtímans er áhugaverð, sérstaklega með tilliti til þess að rík áhersla hefur verið sögulega í evrópskum miðlum á Afríku sem álfu hefðbundinna lífshátta. Tiltölulega margar ferðasögur birtast um álfuna en ferðasögur almennt nota hugtakið menning á nokkuð annan hátt þ.e. sem samansafn hefða, sögu og samfélagslegra gilda. Menning, eins og umræða Michel-Rolph Trouillot vísar til, hefur fengið hlutverk sem útskýring í sjálfu sér (2002) þá í tengslum við fjölmenningarlegt samfélag samtímans. Notkun orðsins menning í tengslum við fólk sem hefur ekki evrópskan uppruna er þannig oft eins og menning sé eitthvað sem tilheyri einhverjum „öðrum", þ.e. „okkar" sjónarhorn eða lífshættir skilgreind sem hlutlaust viðmið, hið eðlilega, en sjónarhorn og lífshættir annarra birtast sem frávik. Það er áhugavert að velta þessu fyrir sér í tengslum við menningarumræðu *Lesbókarinnar* og hvað það þýði ef menning Evrópubúa birtist í skilningi orðsins sem hámenning – þ.e. listsköpun af margvíslegu tagi – en í tengslum við Afríku sem frásögur af hefðum og lífsháttum fólks.

Heimildir

Anderson, B. (1983). *Imagined Communities: Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*. London, New York: Verso.

Askew, K. (2002). 'Introduction'. Í Kelly Askew og Richard R. Wilk (Ritstj.), *The Anthropology of Media: A Reader* (bls.1-13). Oxford: Blackwell Publishers.

Balibar, E. (1988). Is there a "Neo-Racism"? Í E. Balibar og I. Wallerstein (Ritstj.), *Race, Nation, Class: Ambiguous Identities* (bls. 17-28). London: Verso.

Bordo, S. (1993). *Unbearable Weight: Feminism, Western Culture and the Body. Berkeley:* University of California Press.

Clifford, J. (1988). *The Predicament of Culture: Twentieth-Century Ethnography, Literature, and Art*. Cambridge: Harvard University Press.

Curtin P. D. (1964). *The Image of Africa: British Ideas and Action 1780-1850*. Madison: University of Wisconsin Press.

Franey, L. E. (2003). *Victorian Travel Writing and Imperial Violence: British Writing on Africa, 1855-1902*. New York: Palgrave McMillan.

Ginsburg, F. D., Abu-Lughod, L., og Larkin, B. (2002). 'Introduction'. Í F. D. Ginsburg, L. Abu-Lughod, og B. Larkin (Ritstj.), *Media Worlds: Anthropology on New Terrain* (bls. 1-36). Berkeley: University of California Press.

Ginsburg, F. (2002). Fieldwork at the Movies: Anthropology and Media. Í J. MacClancy (Ritstj.), *Exotic No More: Anthropology on the Front Lines* (bls. 359-376). Chicago: The University of Chicago Press.

Hammond, D. og Jablow, A. (1970). *The Africa That Never Was: Four Centuries of British Writing About Africa.* Illinois: Waveland Press, Inc.

Hawk, B. G. (1992). Introduction: Metaphors of African Coverage. Í B. G. Hawk (Ritstj.), *Africa´s Media Image* (bls. 3 -14). Westport: Praeger Publichers.

Helga Björnsdóttir (2004). *„Við útigangarnir"; sjálfsmyndin í orðræðum heimilislauss fólks*. Óbirt MA ritgerð: Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Kristín Loftsdóttir (2006). Þriðji sonur Nóa: Íslenskar ímyndir Afríku á miðöldum. *Saga, Tímarit Sögufélagsins, XLIV*(1), 123–151.

Kristín Loftsdóttir (2005a). „Hið furðulega við Afríku": Félagslegt minni, nýlendusafnið og Afríka á Íslandi. 2005. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum VI* (bls. 355-365). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Kristín Loftsdóttir (2005b). Menntaðar og villtar þjóðir: Afríka í texta íslenskra námsbóka. *Uppeldi og Menntun*, *14*(1), 71-101.

Kristín Loftsdóttir (2005c). Bláir menn og eykonan Ísland. 2005. *Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar*, *2*, 21-45.

Kristín Loftsdóttir (2004a). Tómið og myrkrið: Afríka í Skírni á 19. öld. *Skírnir* (vor), 119-151.

Kristín Loftsdóttir (2004b). „Ég er ekki með kynþáttafordóma en....." Hugtakið kynþáttur og íslenskt samfélag. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V. Félagsvísindadeild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2004,* (bls. 575-585). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir (2005). Í fréttum er þetta helst: Myndræn og kynjuð orðræða fjölmiðla. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum VI* (bls. 367-375). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Morley, D. og Robins, K. (1995). *Spaces of Identity: Global Media, Eletronic Landscapes and Cultural Boundaries*. London: Routledge.

Murphy, P. og Kraidy, M. M. (2003). *International Communication, Ethnography, and the Challange of Globalization. Communication Theory*, *13*(3), 304-323.

Pickering, M. (2001). *Stereotyping: The Politics of Representation*. New York: Palgrave.

Puwar, N. (2004). *Space Invaders: Race, Gender and Bodies Out of Place*. Oxford: Berg.

Gilman, S. (1986). „Black Bodies: White Bodies: Toward an Icongraphy of Female Sexuality in Late Nineteenth Century Art, Medicine and Literature." Í H. L. Gates, Jr. (Ritstj.), *„Race," Writing and Difference* (bls. 387-88). Chicago: University of Chicago University Press.

Stoler, L. A. (1995*). Race and the Education of Desire: Foucault's History of Sexuality and the Colonial Order of Things*. Durham: Duke University Press.

Trouillot, M. R. (2002). Adieu, Culture: A New Duty Arises. Í R. G. Fox og B. J. King (Ritstj.), *Anthropology Beyond Culture* (bls. 37-60). Oxford: Berg.

Kaupmenn í San Lorenzo

Sveinn Eggertsson

Í San Lorenzo de El Escorial, litlum bæ um fimmtíu kilómetra norðvestur af Madríd á Spáni, gekk ég fram á gamlan mann með fornan innkaupavagn. Hjólið öðru megin á vagninum stóð á sér, vildi ekki fara í rétta stöðu, og gamli maðurinn reyndi að sparka það til um leið og hann formælti kerrunni skörulega. „Er vagninn bilaður?“ spurði ég fremur hálfvitalega. „Get ég hjálpað þér? “ „Þú klemmir þig bara“ svaraði karlinn. „OK“ muldraði ég. „Þú klemmir bara fingurinn“ hélt hann áfram „og við verðum ekkert betur settir.“ Við það kvaddi ég, með nýja og lipra innkaupakerru í eftirdragi, en karlinn hélt áfram að sparka. Innkaup eru sumum ánægja en öðrum kvöð.

Aðstæður könnunar

Heimildum ber ekki saman um íbúafjölda San Lorenzo, sumir nefna tólf þúsund, aðrir sextán. Munurinn á þessum tölum skýrist kannski af því að margir Madrídbúar eiga í þessum fremur svala fjallabæ sumarhús, sem þeir dvelja í yfir heitustu mánuði ársins. Þá eykst einnig straumur ferðamanna, sem koma yfirleitt í dagsferðum frá Madríd, að skoða munkaklaustur eitt mikið og þá merkilegu hluti sem í því er að finna. Í klaustrinu var á árum áður íverustaður fyrir spænsku konungsfjölskylduna, íbúð, sem nú hefur verið breytt í safn. Þar er einnig íburðarmikil grafhvelfing konungsættarinnar.

Ástæða þess að ég fór á þennan stað var sú að börnin mín tvö voru þar í vetrardvöl með móður sinni. Ferðir mínar urðu þrjár: sú fyrsta stóð í tæpan mánuð, frá miðjum desember 2005 fram í miðjan janúar 2006, önnur ferðin var um fjórar vikur í apríl, og sú síðasta í álíka tíma í júní. Það var þannig ekki mannfræðilegur áhugi sem dró mig til San Lorenzo en hann fylgdi mér á staðinn. Þegar ég kom þangað fyrst var rétt rúm vika til jóla og ég þurfti að kaupa gjafir auk þess að kynna mér spænska matvöru og vín. Samskipti mín við verslunarfólk voru því þó nokkur. Mér þóttu þau oft sérstök, ólík því sem ég er vanur úr Reykjavík eða engilsaxneskum borgum. Ég ákvað að

skrifa hjá mér það sem fram færi milli mín og afgreiðslufólks, þjóna og annarra sem veittu mér þjónustu. Gera litla og afmarkaða könnun, sem mér þótti henta stuttri dvöl og gæti jafnframt tengst þeim áhuga mínum að gera rannsókn á siðferði og sjálfsmynd íslenskra neytenda. Það voru fyrst og fremst áhugaverðar spurningar sem ég var að leita að fremur en svör.

Þar sem könnun mín var á persónulegum samskiptum mínum við verslunar og þjónustufólk, skipti framkoma mín að sjálfsögðu máli. Ég hef yfirbragð miðaldra norður-evrópsks karls og tala spænsku með mexíkönskum og chíleönskum orðaforða og áhrifum í framburði. Það gerði heimamönnum stundum erfitt með að staðsetja mig í hnattrænu spektrúmi þjóðernis, en auðveldaði mér öll samskipti við þá. Oft fylgdu börnin mín mér, fimm ára strákur, Danúm, og átta ára stelpa, Sunna. Stundum var móðir þeirra, Adríana, einnig með. Þau töluðu öll spænsku. Ég hafði einungis dvalið á Spáni einu sinni áður, sem táningur og túristi á Mallorca. Þá kom mér þar flest nokkuð spánskt fyrir sjónir, svo stuðst sé við gamalt orðatiltæki, en rúmum þrjátíu árum seinna, eftir þó nokkur kynni af spænskumælandi suður-amerísku fólki, er Spánn mér ekki lengur mjög framandlegur. En þótt ég teldi mig að mörgu leyti vera á heimavelli, voru heimamenn því oft ekki sammála, og það kom meðal annars fram þegar ég gerði innkaup.

Af innkaupum

Adríana kynnti mig fyrir afgreiðslukonunni í bakaríinu, þar sem hún verslaði reglulega, fyrsta morgun minn í San Lorenzo. Það fór vel á með þeim konunum. Næsta morgun, sem var á sunnudegi, fór ég í bakaríið að kaupa brauð, og datt í hug að kaupa eitthvað til að koma krökkunum á óvart. Á neðstu hillunni í sýningarborðinu voru litlar þríhyrndar súkkulaði kökur sem mér leist vel á. Ég bað um fjórar slíkar. Afgreiðslukonan benti mér þá á að *la señora* (Adríana) keypti hvítu kökurnar við hliðina á þeim sem ég bað um. „Er þá ekki tilvalið að prófa eitthvað nýtt?“ spurði ég. Þá kom bakarinn fram í dyrnar bakatil og skaut því að mér að þessar kökur væru eftirréttur en ekki morgunmatur. „Hvað er þá morgunmatur?“ spurði ég. Afgreiðslukonan benti mér á þrjár sortir í efstu hillunni. Mér leist ekki á neina þeirra, en næst morgunverðartegundunum, til hægri, voru súkkulaðihúðaðir kleinuhringir. Ég ákvað að reyna að fá þá keypta. Afgreiðslukonan leyfði mér það, en ég túlkaði svipbrigði hennar sem svo að ég væri ekki að gera fyllilega rétt.

Þessi uppákoma gladdi mig mjög sem mannfræðilegan spekúlant. Ég túlkaði atburðinn þannig að afgreiðslukonan og bakarinn vildu að ég fylgdi

hvoru tveggja afstöðu senjóru Adríönu og san-lorenskri hefð. Hér gilti augljóslega ekki sú regla að kúnninn hefði ávalt rétt fyrir sér. Þvert á móti þurfti að koma í veg fyrir að hann gerði bæði persónulega og menningarlega skyssu.

Þess konar viðmót kom oft fram í samskiptum mínum við verslunarfólk næstu vikurnar. Það vildi hafa vit fyrir mér í innkaupunum. Þannig hugðist unga konan sem seldi mér súkkulaðihúðaða djúpsteikta hveitistauta (*churros*) líklega koma í veg fyrir að ég fengi magapínu þegar ég bað um sex slíka. „Þeir kosta fimmtíu sent stykkið" upplýsti hún mig, þótt það stæði greinilega með stórum stöfum á spjaldi á skenknum. „Það er í lagi. Mig langar að prófa þá" svaraði ég. „Eru þeir allir fyrir þig? Það er ansi mikið!" sagði konan. „Nei, börnin eru líka búin að biðja mig um þá." Konan lét mig þá hafa umbeðna stauta með orðunum: „Það væri allt of mikið fyrir þig einan". Efasemdir ungu konunnar lýstu auðvitað umhyggju og ábyrgðartilfinningu þess sem hefur þekkingu á áhrifum súkkulaði *churros*.

Oft fól afskiptasemin í sér að fá mig til að kaupa ódýrari vöru. Kunnáttusamir kaupmenn og þjónar lögðu metnað sinn í að benda á afar góð en jafnframt ódýr vín. Það að þekkja vín fól í sér að borga ekki óþarflega mikið fyrir það. Kjötkaupmaðurinn á markaðnum ráðlagði mér frá því að kaupa nautalundir, sem hann sagði hentugar gömlu fólki með lélegar tennur, því vel tennt fólk gæti keypt ögn seigara en bragðbetra kjöt helmingi ódýrar.

Þetta voru skynsamleg ráð og álíka skynsamleg viðhorf var að finna hjá kaupmönnum víðast. Skynsemin gaf til kynna að kaupmaðurinn hafði góða þekkingu á vörunni sem hann var að selja. Hann var ekki einungis að selja hlut, heldur jafnframt þekkingu á vörunni. Í leðurvöruverslun sannfærði afgreiðslukona mig um að leðurveski væri óhentugt fyrir fimm ára strák og seldi mér strigaveski í staðinn. Hún kom mér líka í skilning um að það væri skynsamlegra að kaupa sterka svarta regnhlíf en aðra, fremur veikburða, sem mér þótti flottari útlits. Praktískt viðhorf konunnar var vísbending um tiltekna siðferðilega afstöðu þess sem metur notagildi og endingu fram yfir tildur.

Það var reynt að hafa vit fyrir mér við kaup á margvíslegustu vöru, allt frá brokkolí að nærbuxum. En þekking afgreiðslufólksins tók einnig til þess að átta sig á mér sem viðskiptavini og hverjar venjur mínar, og míns fólks, voru. Við það urðu ýmiss dagleg viðskipti, líkt og að kaupa brauð eða dagblað, hröð og sjálfvirk, og nóg að heilsa, þakka og kveðjast. Þjónar lærðu á börnin og hjálpuðu til við að halda þeim rólegum. Við endurteknar komur á suma viðskiptastaði varð afsláttur af vöru og þjónustu algengari eða mér var veitt umbun í formi sælgætis eða tombólumiða handa börnunum. Auðvitað er

líklegra að maður komi aftur á stað þar sem framkoman er persónuleg og vingjarnleg.

Það væri þó mikil einföldun að slá því föstu að kaupmaðurinn sé einungis að tryggja sér áframhaldandi viðskipti með góðri þjónustu eða umbun. Flestir kaupmennirnir vissu að ég yrði einungis í San Lorenzo í stuttan tíma. Líkt og ég hef bent á að ofan fer meira á milli kaupanda og seljanda en vara og peningar. Kaupmaðurinn skapar sér tiltekna sjálfsmynd sem sérfræðingur og þjónustuaðili og sem slíkur beitir hann þekkingarvaldi sínu til að hafa áhrif á athafnir viðskiptavinarins. En til þess að geta það þarf hann að hafa trúverðugleika í augum viðskiptavina og sinna hlutverki sínu vel.

Ágætt dæmi um það eru viðskipti okkar Danúms við unga og fagra kínverska konu, með silfrað *Playboy*-kanínu men um hálsinn. Hún afgreiddi í verslun með allrahanda vörur í úthverfi Madríd. Sonur minn hafði rifið klofið á buxunum sínum illa og við fórum í búð konunnar til að leita að nýjum buxum. Ég bar upp erindið við konuna og hún leit á útganginn á syni mínum og kvað upp úr með að buxurnar sem hann væri í væru ekki bara ónýtar heldur einnig allt of hlýjar í sumarveðrinu. Hún brá sér frá og kom með buxur úr léttu efni og hjálpaði Danúm í þær. Buxurnar pössuðu vel í síddina en voru of víðar í strenginn. Án þess að orðlengja það neitt frekar tók konan fram saumadót og þræddi teygju, sem hún tók úr hillu í versluninni, í strenginn á buxunum. Ungur kínverskur maður kom og hjálpaði henni að koma teygjunni fyrir. Þegar því var lokið hjálpaði hún Danúm í buxurnar. Aðgerðin hefur tekið um hálftíma og það var komið töluvert inn á hefðbundna hádegislokun þegar henni lauk. Þegar ég vildi borga fyrir teygjuna og saumaskapinn neitaði konan að taka við greiðslu með orðunum: „Ég gerði þetta fyrir strákinn." Buxurnar sjálfar kostuðu einungis sex evrur, þannig að konan hafði lítinn, ef nokkurn, peningalegan hagnað af því að sinna okkur feðgunum. Það má túlka athafnir hennar þannig að hún hafi talið sig vera að leysa úr vandamáli sem henni bæri siðferðileg skylda, sem afgreiðslukona í tvístaklingshlutverki gagnvart viðskiptavini, til að leysa (sjá Strathern, 1988). Afgreiðslukonan er persóna í félagslegum tengslum en ekki vélrænn sjálfssali.

Það vinsamlega viðmót sem ég hef lýst var ráðandi hjá verslunar og þjónustufólki í San Lorenzo og í Madríd. Einstaka undantekning var á því, smávægilegur hroki afgreiðslumanns í sælkeraverslun rímaði ágætlega við vöruna sem hann seldi og fólkið sem keypti hana mest (sjá Bourdieu, 1984). Verra var ef afgreiðslumenn voru mjög þjófhræddir og tortryggnir gagnvart viðskiptavininum. Slíkt henti mig einungis tvisvar á þremur mánuðum en var auðvitað mjög áhugaverð framkoma og vakti margvíslegar spurningar.

Að leita spurninga

Ég hef lýst hér einstaka atvikum úr samskiptum mínum við verslunarfólk í San Lorenzo. Sem slík, persónubundin og tilviljanakennd, gefa þau kannski ekki tilefni til þess að draga miklar ályktanir um san-lorenzkt samfélag, en þau vekja hins vegar upp margvíslegar áhugaverðar spurningar sem nota má í frekari rannsóknum.

Fyrstu vikurnar á nýjum vettvangi gefa mannfræðingi annars konar tækifæri en koma síðar í dvölinni. Það er misskilningur að líta á fyrstu kynni af fólki á nýjum vettvangi, og þær upplýsingar sem í þeim felast, sem síður mikilvæg og gild en þá þekkingu sem maður öðlast eftir langa viðveru. Langdvölin er að sjálfsögðu mikilvæg, en hún er ferli, og allir þættir ferlisins skipta máli. Þannig lærði ég í San Lorenzo að mótun siðferðis og sjálfsmyndar í innkaupum er mun gagnkvæmari milli afgreiðslufólks og innkaupanda en ég hafði gert mér grein fyrir sjálfur, eða lesið um í mannfræðilegri umfjöllun um innkaup (Carrier og Miller, 1999; Miller, 2001, 2001b).

En slík mótun tekur fljótt enda við það að daglegar athafnir verða reglubundnari og ítrekað er verslað á sömu stöðum. Innkaupin á matvöru verða einfaldari eftir því sem persónuleg þekking á vörunni eykst. Framkoman breytist síðan við það að umhverfið verður hversdagslegra, og maður tileinkar sér það af meiri reynslu. Með því breytist framkoma fólks við mann. Eðli dvalarinnar er orðið annað en í upphafi og ýmiss þau tækifæri til að öðlast þekkingu á san-lorensku samfélagi, sem bjóðast nýgræðingnum, hverfa. Meðal annars hin greinilegu mótandi áhrif afgreiðslufólks á mig í innkaupunum. Það er því mikilvægt að vera vakandi allt frá upphafi rannsóknar fyrir þess konar spurningum sem spretta úr samskiptum við fólkið sem maður er kominn til að gera rannsókn með. Slíkar spurningar eru mun líklegri til að leiða rannsakandann að marktækum niðurstöðum en spurningar og áhyggjuefni sem tilheyra fremur bóklestri áður en á vettvang er komið.

Það sem mér þótti einna áhugaverðast við samskipti mín við verslunarfólkið spænska var viðleitni þess til að hafa áhrif á innkaupin á jákvæðan hátt. Það var ekki hægt að merkja að gróðavon byggi að baki afskiptum þess, nema síður væri. Framkoman lýsti mun fremur tjáningu þess konar skynsemi sem kalla mætti san-lorenskt afbrigði af *common sense* (Bourdieu, 1977). Í þeirri skynsemi má greina siðferðileg viðhorf, meðal annars varðandi sparnað, hógværð og umhyggju fyrir náunganum.

Líkt og Carrier og Miller gagnrýna kenningar Adams Smiths um lesti almennra neytenda (1999) mætti stilla siðferðilegri afstöðu spænskra kaupmanna gegn hugmyndum Smiths um náungakærleika. Umhyggja fyrir ókunnu fólki virðist mun meiri en Adam Smith gerir ráð fyrir, þegar hann „og aðrir frjálshyggjumenn töldu […] að í viðskiptum við ókunnugt fólk væri matarástin vænlegri til árangurs en náungakærleikurinn. Við getum ekki látið stjórnast af náungakærleika, nema þegar um náunga okkar er að ræða“ (Hannes Hómsteinn Gissurarson, 2006, bls. 22). Hver er náungi san-lorenzkra kaupmanna?

Í því sambandi er óhjákvæmilegt að spyrja sig að tengslum á milli stærðar verslunareiningar og þeirra persónulegu samskipta sem þróast milli seljanda og kaupanda. Manni þykir nokkuð augljóst að viðskipti í stórmarkaði þar sem kaupandi velur vörur úr hillum, yfirleitt án nokkurs samráðs við sölufólk, hljóti að verða ópersónulegri en innkaup í lítilli verslun. Stórmarkaðurinn nálgast það að vera risavaxinn sjálfsali þar sem samskipti viðskiptavinarins eru jafnmikil eða meiri við öryggisverði en afgreiðslufólk. Þess konar tortryggni sem minnst var á að ofan varð einungis vart í stærri verslunum með sjálfsafgreiðslu. Í því ópersónulega rými er kaupandinn ókunnur og verður auðveldlegar tortryggilegur. Í persónulegri samskiptum í litlum verslunum eða á markaði San Lorenzo hverfur ókunnugleikinn fljótt og hinn upphaflega framandi persóna verður kunnugleg. Í raun má segja að kaupmenn aðstoði hinn ókunna í aðlögun sinni með því að kynna honum hið staðbundna menningarlega *common sense* og bjóða hann þar með velkominn í hóp náunga og það meðbræðralag sem þeim tengslum fylgir.

Heimildir

Bourdieu, P. (1977). *Outlines of a theory of practice*. Cambridge: Cambridge University Press.

Bourdieu, P. (1984). *Distinction. A social critique of the judgement of taste*. Cambridge MA: Harvard University Press.

Carrier, J. og Miller, D. (1999). From private virtue to public vice. Í *Anthropological theory today* (bls. 24-27). Cambridge: Polity Press.

Hannes H. Gissurarson (2006). Menning og markaðshyggja. *Fréttablaðið*, 22. september, bls. 22.

Miller, D. (2001). *The dialectics of shopping*. Chicago: University of Chicago Press.

Miller, D. (2001b). Alienable gifts and inalienable commodities. Í F. Myers (Ritstj.), *The empire of things: regimes of value and material culture* (bls. 91-115). Santa Fe: SAR Press.

Strathern, M. (1988). *The gender of the gift: Problems with women and problems with society in Melanesia*. Berkeley: University of California Press.

Valkyrjur samtímans: Veröld kvenna frá Asíu á Íslandi

Unnur Dís Skaptadóttir
Sóley Gréta Sveinsdóttir

Íslenskt samfélag og atvinnuumhverfi hefur verið í örum vexti á síðasta aldarfjórðungi sem m.a. hefur leitt til þess að á síðustu árum hefur margt fólk flutt til landsins til að vinna. Í dag er stór hluti ófaglærðs starfsfólks í framleiðslu og í umönnunarstörfum útlendingar og er stærstur hluti aðfluttra á Íslandi virkur á vinnumarkaði. Í þessari grein fjöllum við um niðurstöður rannsókna okkar um reynslu kvenna frá ólíkum löndum Asíu af flutningi til Íslands og þátttöku þeirra á vinnumarkaði.

Þó svo að konur frá Asíu séu ekki mjög stór hluti heildarfjölda útlendinga á Íslandi hafa þær verið frekar áberandi í almennri umræðu og voru lengi nokkuð stór hluti þeirra sem sækja þurftu um atvinnuleyfi til að starfa á Íslandi. Þessar konur hafa ólíkan bakgrunn frá heimalandi, en á Íslandi hafa störf á sviði matvælaiðnaðar og umönnunar og önnur ósérhæfð störf fyrst og fremst staðið þeim til boða. Stór hluti þeirra sér fyrir ættingjum í heimalandi auk þess að sjá sér farborða á Íslandi. Til að nálgast veruleika kvenna frá Asíu er nauðsynlegt að skoða bæði hnattrænt og staðbundið samhengi og reynslu þeirra sjálfra af því að setjast að á Íslandi.

Konur sem hreyfanlegt vinnuafl í hnattrænum heimi

Þar sem að segja má, með mikilli einföldun þó, að heimurinn allur lúti markaðslögmálum kapítalismans hafa einstök þjóðríki ekki lengur getu til að hafna þátttöku í hnattrænu kapítalísku hagkerfi. Breytt hnattrænt hagkerfi og vaxandi bil á milli ríkra þjóða og snauðra gerir það að verkum að í iðnríkunum sinna æ fleiri innflytjendur láglaunastörfum, sér í lagi hefðbundnum kvennastörfum í þjónustu og umönnun. Innflytjendur frá fátækari ríkjum eru því auknum mæli í stöðu lágstétta í hinum síðiðnvæddu móttökuríkum þar sem þeir starfa (Sassen, 2000).

Í mörgu því sem ritað hefur verið um hnattvæðingu og hnattræn ferli, er kyngervi ekki til staðar eða dregin er upp einföld mynd af konum sem einungis fórnarlömbum kynlífsiðnaðar, atvinnurekenda og hefða. Kynjafræðilegar rannsóknir hafa á síðastliðnum árum sýnt að konur eru ekki aðeins þolendur í þessu ferli heldur einnig gerendur. Flæði fólks og peninga, þensla hins kapítalíska heimsmarkaðar inn á svið lífsins sem áður voru honum lokuð hefur önnur áhrif á konur en karla vegna þess kynjamunar sem finnst í flestum samfélögum (Mills, 2003).

Konur í iðnríkjunum hafa í auknum mæli sótt í launaða vinnu og um leið skapað markað fyrir innflytjendur til að koma og taka við fyrri skyldum þeirra í umönnunarstörfum og þiggja greiðslu fyrir. Þessir innflytjendur eru í næstum öllum tilvikum konur (Parreñas, 2001; Ehrenreich og Hochschild, 2002). Áhrif þátttöku kvenna í hnattrænum vinnumarkaði eru margþætt. Þessi þátttaka styrkir stöðu þeirra en jafnframt er vinnan sem stendur þeim iðulega til boða illa borguð, einhæf, lítillækkandi og oft ótrygg og því er nauðsynlegt að skoða hið stærra hnattræna samhengi (Moghadam, 1999).

Kynjuð verkaskipting

Þrátt fyrir nokkrar breytingar á síðustu áratugum má segja að eitt helsta einkenni vinnumarkaðarins um heim allan sé hve kynskiptur hann er og að konur séu mikið fjölmennari í láglaunastörfum en karlar. Rannsóknir sýna að þetta er nokkuð sem ekki virðist hafa breyst mikið með iðnvæðingunni á tuttugustu öld (Anker 1998, Reksin 1993; Phillips og Taylor 1996). Mills (2003) bendir á að fyrirtæki á ólíkum stöðum í heiminum byggi á kynjahugmyndum um hið kvenlega og hið karlmannlega þegar þau leita að ódýru vinnuafli yfir landamæri. Ungar, hlýðnar konur með fima fingur eru taldar ákjósanlegt vinnuafl í einhæf framleiðslustörf. Lág laun þeirra séu réttlætt með því að þær séu ekki í raun fyrirvinnur sem dætur og mæður eða að þær geti sætt sig við lægri laun sem erlendar konur, því launin séu hærri en viðgengst í þeirra heimalandi.

Konur ráða sig í ólík störf og karlar og til annarra landa en karlar. Þær fara í meira mæli til svæða þar sem skortur er á starfsfólki í afþreyingar- og umönnunariðnaði á meðan karlarnir fara til staða þar sem verkafólk vantar í byggingа- og þungaiðnaði (Tyner, 1996). Af þessari skiptingu leiðir að kynjahlutföll verkafólks í móttökuríkum eru afar misjöfn. Konur frá Asíu eru flestar að finna í öðrum ríkjum Suðaustur Asíu, Evrópu og Bandaríkjunum. Til að mynda eru konur um 80% löglegra innflytjenda í Japan, Ítalíu og Hong

Kong (Parreñas, 2001) en svipað hlutfall var lengi vel á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2002, 2005). Þessi svæðisbundna skipting bendir til þess að konur ráði sig til starfa og flytji á milli landa óháð karlmönnum. Samkvæmt því þá passa þær ekki inn í eldri líkön af fólksflutningum þar sem gert er ráð fyrir að konur fylgi karlmönnum eða komi á eftir þeim. Þvert á móti eru konur líklegri til að styðja fjölskyldur sínar í að flytja til sín (Castles & Miller, 2003; Hannerz, 1996; Parreñas, 2001). Stór hluti þessara kvenna eru úr menntaðri millistétt og hafa annaðhvort iðnréttindi eða háskólapróf, en í fæstum tilfellum geta þær unnið við fag sitt á erlendum vettvangi. (Parreñas, 2001; A. Portes, 1999; A. Portes & Sensenbrenner, 1993; Pratt, 1999; Pratt & Yeoh, 2003).

Aðferðir

Í rannsóknunum sem hér eru kynntar var fyrst og fremst beitt eigindlegum aðferðum. Tekin voru viðtöl við útlendinga og rætt óformlega við ýmsa aðila sem koma að málefnum útlendinga. Einnig voru gerðar nokkrar þátttöku-athuganir og greining gerð á orðræðu fjölmiðla. Af þeim sem talað var við voru tekin u.þ.b. 50 viðtöl við konur frá Asíu á árunum 2002 til 2004. Tilgangurinn með því að nota eigindlega aðferð í þessari rannsókn var að draga fram ólík sjónarmið kvennanna og margbreytilega reynslu þeirra. Auk eigindlegra aðferða var stuðst við þær kannanir sem gerðar hafa verið á tímanum og önnur tölfræðileg gögn t.d. úr öðrum rannsóknum og frá Hagstofu Íslands.

Að koma og vinna á Íslandi

Aðstæður erlendis og á Íslandi hafa gert það að verkum að konur frá Asíu hafa í auknum mæli flust hingað til lands annað hvort til að fylgja íslenskum mökum eða til að sinna þeim störfum sem illa gengur að manna hér á landi. Þar sem þessi störf njóta bæði lítillar virðingar og eru illa launuð hefur gengið bagalega að manna þau, sér í lagi þegar efnahagskerfið er í þenslu. Eins og fram hefur komið voru konur fleiri en karlar þegar aðflutningur erlends vinnuafls til Íslands tók að aukast í upphafi 10. áratugar 20. aldar. Konurnar komu til að vinna störf sem lengi höfðu verið skilgreind sem kvennastörf en íslenskar konur hafa í auknum mæli yfirgefið. Flest ný og endurnýjuð atvinnuleyfi voru þangað til á síðustu árum gefin út vegna starfa í fiskvinnslu.

Konur hafa einnig komið til að vinna önnur hefðbundin kvennastörf s.s. í matvælaframleiðslu, við ræstingar og önnur störf á hótelum, á veitingastöðum og við umönnunarstörf svo sem barnagæsla, aðhlynning sjúkra og aldraðra.

Um þriðjungur viðmælenda okkar kom til Íslands einungis í þeim tilgangi að vinna. Dvöl þeirra var hugsuð sem tímabundin til þess að safna peningum til að bæta eigið líf og fjölskyldunnar í heimalandi. Þær konur sem tóku þátt í rannsókn okkar höfðu hins vegar flestar ílengst hér á landi ýmissa hluta vegna. Margar hafa eignast íslenskan maka, aðrar sjá ekki fram á að geta fengið vinnu í heimalandi sínu og enn aðrar telja sig ekki geta framfleytt sér og sínum á annan hátt en með því að vinna á Íslandi og senda peninga heim til foreldra, systkina eða barna. Margar þeirra sem við ræddum við fengu aðstoð frá ættingjum eða vinum sem fyrir voru á landinu við að fá vinnu á Íslandi.

Kona, sem sá ekki fram á að geta framfleytt sér og dóttur sinni á þeim launum sem henni buðust í Filippseyjum fyrir að starfa við menntun sína, sagði:

> það var í raun ekki á áætlun að koma hingað – til Íslands meina ég. Systir mín sagði mér frá Íslandi. Hún vissi um Ísland vegna þess að venslafólks mágs mín hafði verið hérna að vinna í fiski um tíma. Það var fyrir þremur árum síðan. Fyrirtækið sem þau unnu hjá hjálpaði mér síðan með öll leyfin og svoleiðis. Þess vegna kom ég.

Viðmælendur okkar segja að ástæðan fyrir því að þær ákváðu að koma hafi verið sú að þeim hafi gengið illa að sjá fyrir sér og sínum í heimalandi. Þær benda meðal annars á að laun þeirra við fiskvinnslu, barnagæslu eða ræstingar hér á landi séu margfalt hærri en það sem þær fengju við að sinna starfi á sínu sviði í heimalandi. Ein þeirra er menntaður dýralæknir en hefur starfað undanfarin ár hér á landi við fiskvinnslu. Hún segir:

> Ég vann á svínabúi heima. En það voru svo lág laun þarna, ég gat ekki lifað af þeim, þó svo ég ynni mikið. Ég var alltaf að vinna og það var ekki nóg. Þannig að ég ákvað að koma hingað og vinna í fiski. Það geri ég vegna þess að launin eru svo mikið hærri hér en heima.

Önnur kona hefur þetta um málið að segja.

> Heima vann ég á veitingastað sem var í eigu fjölskyldunnar. En það var ekki nóg að gera þar fyrir okkur öll. Svo fjölskyldan ákvað, við ákváðum að ég skyldi fara

til útlanda að vinna. Ég gat fengið vinnu hér á Íslandi við að vinna í fiski, og launin voru miklu, miklu hærri.

Þátttaka og tungumál

Asískar konur upplifa margar hverjar fordóma vegna húðlitar eða menningar hér á landi eins og annars staðar á vesturlöndum (Parreñas, 2001; Yeoh & Huang, 2000). Þó svo að erlendum konum sé ekki beint mismunað lagalega hér á landi er víða pottur brotinn varðandi réttindi þeirra. Sér í lagi er staða þeirra erfið skilji þær við maka á fyrstu árum búsetu hér á landi, eða ef þær - einhverra hluta vegna - hætta störfum hjá þeim vinnuveitanda sem fékk fyrir þær dvalar- og atvinnuleyfi. Komi slíkar aðstæður upp óttast þær að vera vísað af landi brott (Alþingi, 2002).

Þegar við ræddum við konurnar um lífið á Íslandi og um þátttöku í íslensku samfélagi kom fram að reynsla þeirra var afar misjöfn. Reynsla þeirra fór ekki aðeins eftir því hvaðan konurnar komu eða aldri þeirra við komu, heldur skipti menntun þeirra máli. Það virtist reynast konum með mikla menntun, svo sem háskólapróf, auðveldara að samlagast íslensku lífi og taka þátt í samfélaginu. Þetta virtist vera óháð því hvers vegna þær komu eða því við hvað þær vinna hér á landi. Þær konur sem höfðu háskólapróf höfðu einnig kynnt sér land og þjóð betur en hinar sem minni menntun höfðu. Ein þeirra segir eftirfarandi um undirbúning sinn:

Já, fyrst áður en ég kom til Íslands fékk ég sendar bækur um Ísland. Ég þekkti því Ísland vel áður en ég kom hingað, ég hafði lært um landið í skóla, að þetta væri fiskiþjóð og svona. Þannig að ég vissi smá en ekkert rosalega mikið. Þegar maðurinn minn sendi mér bækur fékk ég smá upplýsingar áður en ég kom til landsins. Þá er þetta kannski ekki svo erfitt, kannski hefur það verið erfitt fyrst.

Þær sem höfðu minni menntun höfðu síður kynnt sér land og þjóð áður en þær komu. Þær sögðu allar að mennirnir hefðu sagt þeim aðeins frá Íslandi, frá því að það væri kalt hérna og hér væri töluð íslenska, að landið væri ríkt og þess háttar. Ein kvennanna hafði þetta um málið að segja:

Þegar ég kom þá bara vissi ég ekki neitt um Ísland. Maðurinn minn hafði reyndar sagt mér aðeins frá landinu, en ég bara gat ekki ímyndað mér það sem hann var að segja. […] Til dæmis, þegar hann sagði að á Íslandi væri kaldara en þar í Tælandi – þá hugsaði ég já – en svo þegar ég kom þá var svo kalt og ég hafði aldrei komið í svona kulda.

Íslenska

Íslenskan og íslenskunám lá þungt á hjarta viðmælenda okkar. Hins vegar voru þær ekki einróma um það hvort að þær teldu mikilvægt fyrir sig að læra íslensku. Þær sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu höfðu allar farið annað hvort í Námsflokka Reykjavíkur eða í Háskóla Íslands í íslensku fyrir útlendinga til þess að læra tungumálið og kynna sér íslenska menningu. Þær konur sem bjuggu úti á landi höfðu átt í meiri erfiðleikum með að sækja námskeið í íslensku þar sem lítið framboð var á námskeiðum í þeirra heimabyggð. Þeim fannst námsefnið ekki aðgengilegt og þeim þótti líka vont að þurfa að læra íslensku á ensku. Sér í lagi nefndu konur frá Tælandi þetta sem mikinn annmarka þar sem að kunnátta marga þeirra í ensku var lítil sem engin og uppbygging tælensks máls svo ólík íslensku.

Viðhorf kvennanna til íslenskunnar fór einnig mikið eftir menntun þeirra. Eftir því sem að menntun þeirra var meiri því jákvæðari voru þær fyrir íslenskunni og íslenskunáminu. Þær konur sem voru með háskólapróf höfðu allar lagt mikið á sig til þess að læra íslensku. Þær fóru í formlegt íslenskunám og höfðu einnig flestar valið sér störf með tilliti til þess að geta lært íslensku á vinnustaðnum, t.d. af íbúum á elliheimilum eða börnum í leikskólum. Þær sem höfðu hlotið litla eða enga formlega menntun fóru síður á íslenskunámskeið. Þær konur sem litla menntun höfðu fóru yfirleitt aðrar óformlegri leiðir við íslenskunám sitt. Yfirleitt voru það eiginmenn þeirra sem að aðstoðuðu þær við íslenskuna. Ein konan segir svona frá því hvernig hún lærði íslensku.

> Maðurinn minn hefur hjálpað mér mikið við að læra að tala. Maðurinn minn byrjaði á því að kenna mér að bera fram íslensku hljóðin. Við horfðum saman á sjónvarpið, barnatímana, Stubbana og svoleiðis og ég spurði og hann sagði hvað allt þýddi. Þannig lærði ég íslensku. Mér finnst íslenskan erfið, mjög erfið.

Almennt tala allar konurnar um að það sé dýrt og erfitt að læra íslensku. Margar þeirra segja að eftir langan og slítandi vinnudag sé erfitt og næstum því ekki hægt að setjast niður og ætla að læra í eina eða tvær klukkustundir. Þó er viss munur á viðhorfum þeirra kvenna sem giftar eru íslenskum mönnum og þeirra sem komu hingað aðeins til að vinna. Einnig er munur innan gifta hópsins. Konur með háskólapróf sem kvæntar eru íslenskum mönnum eru sjálfstæðari í skoðun sinni varðandi íslenskunámið og ekki jafn háðar mönnum sínum um aðstoð við að læra tungumálið. Þær konur sem hingað hafa komið í þeim tilgangi einum að vinna og safna sér peningum sjá

ekki sömu ástæðu til þess að eyða tíma eða peningum í íslenskunám. Þær telja íslenskukunnáttu þó afar hagkvæma.

Þverþjóðlegar fjölskyldur

Konurnar sem við ræddum við eru hluti af þverþjóðlegum fjölskyldum og flestar þeirra sem áttu börn fyrir komuna til Íslands höfðu skilið börnin eftir heima. Þverþjóðlegar fjölskyldur eru fjölskyldur þar sem að meðlimirnir er búsettir í tveimur eða fleirum ríkjum (Basch, Glick Schiller, & Szanton Blanc, 1994). Konurnar sem tóku þátt í okkar rannsóknum telja sig flestar tilheyra daglegu fjölskyldulífi sinna nánustu í upprunalandi. Þær tala oft við aðra fjölskyldumeðlimi, börn foreldra og/eða systkini í síma, jafnvel nokkrum sinnum í viku. Einnig fylgjast þær með daglegu lífi í heimalandi í gegnum gervihnattarsjónvarp og tímarit. Börn þeirra hafa flest verið í umönnun annarra kvenna í fjölskyldunni, svo sem ömmu eða móðursystur sem taka við að ala upp börnin á meðan að móðirin vinnur erlendis til þess að geta framfleytt fjölskyldunni fjárhagslega. Eins og Parreñas, (2001) hefur bent á er þetta algengt víða um heim. Ein kvennanna segir svona frá fjölskylduhögum sínum:

> Ég á eina dóttur sem býr í Filippseyjum. Hún er fimm ára og býr hjá ættingjum, hjá mömmu minni. Ég held að það væri ekki gott fyrir dóttur mína að koma hingað. Hvernig á ég að geta unnið ef hún er hérna hjá mér? En ég vil fá hana til mín seinna, fá hana hingað seinna. Ég þarf að vinna mikið og safna pening áður en við getum verið saman aftur. Ég held að það væri henni ekki hollt að koma til Íslands. Ég nota símann til að eiga samskipti við þau. Ég tala við móður mína og dóttur yfirleitt tvisvar í viku. Það er mjög dýrt að tala til Filippseyja, þess vegna tala ég ekki oftar við þær. Helst myndi ég vilja tala við dóttur mína daglega. Einnig sendi ég stundum pakka til þeirra, þó ekki mjög oft vegna þess að það er ekki víst að pakkinn berist til þeirra. Auk þess sendi ég peninga heim til móður minnar í hverjum mánuði, eins mikið og ég get. Ég sendi þeim líka peninga fyrir síma í húsið, áður þá höfðum við ekki síma.

Önnur kona sem gift er íslenskum manni og á þrjú börn úr fyrra hjónabandi segir svona frá fjölskylduhögum sínum:

> Ég var búin að vera hérna á Íslandi í fimm ár áður en að börnin mín þrjú komu til mín. Þau voru öll orðin stór í kringum tvítugt þegar þau komu. Systir mín og frænka komu líka á sama tíma og börnin mín. Einnig komu börn þeirra hingað. Já mikið af ættingjum mínum komu hingað til mín. Þangað til fjölskyldan kom hingað var ég í miklu sambandi við þau og mömmu. Ég talaði við þau öll í síma

> næstum daglega. Ég hringdi alltaf í þau því að það var of dýrt fyrir þau að hringja. Einnig sendi ég þeim peninga, eins mikla peninga og ég gat. Maðurinn minn sendi líka mikinn pening til þeirra. Þegar mamma mín veiktist fyrir nokkrum árum fór ég svo heim og var þar í hálft ár til að hjúkra henni.

Sumar kvennanna lögðu mikla áherslu á að fá ættingja sína hingað á meðan að aðrir vildu fremur styrkja þá fjárhagslega í heimalandi. Samkvæmt því sem fram kom í viðtölunum virtust þessi munur ráðast af þeim tækifærum sem viðmælendurnir og fjölskyldur þeirra sáu felast í framtíð þeirra heima fyrir. Þær sem síður eygðu von á breytingum heima fyrir vildu frekar fá sitt fólk til Íslands. Nokkrar höfðu farið heim í lengri tíma og hjúkrað eldri foreldrum í veikindum. Einnig leggja margar þeirra áherslu á að börn þeirra kynnist fjölskyldunni heima. Margar kvennanna leggja áherslu á hjálpsemi íslenskra eiginmanna þeirra í að viðhalda tengslunum. Þeir hafi dvalist í löndunum og hafi skilning á þörfinni fyrir peningasendingar.

Fram kemur í flestum viðtölunum okkar að „heima" er í heimaríkjum þeirra, ekki á Íslandi. Flestar konurnar sem við ræddum við, þar á meðal konurnar sem eru giftar íslenskum körlum hafa hugsað sér að snúa aftur heim þegar þær verða eldri. Yfirvöld heimaríkis hafa líka séð sér hag í að tryggja að konurnar upplifi sig sem sína þegna því að það tryggir öruggt streymi erlends gjaldeyris inn í hagkerfi landsins í formi peningasendinga til fjölskyldna kvennanna. Yfirvöld leggja því mikið upp úr því að konur sem starfi erlendis séu fórnfúsar og duglegar mæður og borgarar sem séu að sinna mikilvægum störfum (Parreñas, 2001)

Umræða

Þær konur sem komið hafa til starfa á kynskiptum vinnumarkaði á Íslandi hafa unnið ólík störf, láglaunastörf sem íslenskar konur hafa í auknum mæli yfirgefið. Þær hafa tekið þessi störf að sér til að afla sér og sínum betri afkomu og flestar senda þær peninga til ættingja í heimalandi. Flutningurinn til Íslands hefur þannig falið í sér tækifæri fyrir þær. Jafnframt hafa þær þurft að yfirstíga ýmsar hindranir, því þó það feli í sért tækifæri að flytjast til fjarlægs lands er erfitt að skilja börn eftir jafnvel árum saman. Tungumálið í nýju landi er líka hindrun og erfitt að koma því við að fara á námskeið eftir langan vinnudag. Hjúskaparstaða og menntun ásamt fleiri þáttum hafa þó mikil áhrif á möguleika þeirra og þátttöku. Koma þeirra til Íslands og ytri félagslegar aðstæður eru afleiðing hnattrænna breytinga og breytts vinnu-umhverfis á Íslandi. Þátttaka þeirra í tveimur landfræðilega aðskildum

samfélögum sýnir að þær eru ekki aðeins þolendur heldur einnig gerendur í hnattrænum heimi. Þær konur sem koma til Íslands sætta sig margar hverjar við breytta félagslega stöðu vegna þess að við komuna til Íslands batna hagrænar aðstæður þeirra. Nauðsynlegt er að hafa í huga að þær konur sem treysta sér til að flytja heimsálfa á milli tilheyra yfirleitt ekki lægstu stéttum samfélags síns og þurfa þær að búa yfir þó nokkrum styrk til þess að geta tekist á við þær menningar- og umhversfisbundnu breytingar sem fylgja því að setjast að í nýju og framandi umhverfi.

Niðurstöður rannsókna okkar staðfesta það að reynsla innflytjendakvenna á Íslandi er að mörgu leiti sambærileg við reynslu kvenna sem flust hafa til annarra landa í sama tilgangi. Þær sýna einnig fram á að helsta hindrunin sem konur frá Asíu upplifa á Íslandi eru tungumálið og sú áskorun sem ólíkt umhverfi felur í sér.

Heimildir

Castles, S. & Miller, M. J. (2003). *The Age of Migration: International Population Movements in the Modern World* (3 ed.). New York: Palgrave.

Ehrenreich, B. og Horchschild, A. R. (Ritstj.) (2003). Global Woman. Nannies, Maids and Sex Workers in the New Economy. London: Ganta Books.

Hagstofa Íslands. (2002). *Landshagir: Statistical Yearbook of Iceland.* Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands. (2005). *Landshagir: Statistical Yearbook of Iceland.* Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hannerz, U. (1996). *Transnational Connections: Culture, People, Places.* London: Routledge.

Lowe, L. (1996). *Immigrant Acts: On Asian American Cultural Politics.* London: Duke University Press.

Mills, M. B. 2003. Gender and Inequality in the Global Labour Force.
Annual Review of Anthropology, 32, 41-63.

Moghadam, V. (1999). Gender and Globalization: Female Labor and Women's Mobilization. *Journal of World-Systems Research V*, 367-388.

Parreñas, R. S. (2001). *Servants of Globalization: Women, Migration and Domestic Work.* Stanford, CA: Stanford University Press.

Portes, A. (1989). Contemporary Immigration: Theoretical Perspectives on its Determinants and Modes of Incorporation. *International Migration Review, 23*(3), 606-630.

Portes, A. (1999). Globalization from below: the rise of transnational communities. Í D. Kalb (Ritstj.), *The ends of globalization: bringing society back in* (bls. 253-270). Boulder, CO: Rowman and Littlefield Publishers.

Portes, A. & Sensenbrenner, J. (1993). Embeddedness and Immigration: Notes on the Social Determinants of Economic Action. *American Journal of Sociology*, *98*(6), 1320-1350.

Pratt, G. (1999). From registered nurse to registered nanny: Discursive geographies of Filipina domestic workers in Vancouver, B.C. *Economic Geography*, *75*(3), 215.

Pratt, G. & Yeoh, B. (2003). Transnational (Counter) Topographies. *Gender, Place and Culture, 10*(2), 159-166.

Sassen, S. (2000). Women's burden: Counter-geographies of globalization and the feminization of survival. *Journal of International Affairs*, *53*(2), 503.

Sassen, S. (2003). Global Cities and Survival Circuits. Í B. Ehrenreich & A. R. Hochschild (Ritstj.), *Global Woman: Nannies, Maids, and Sex Workers in the New Economy* (bls. 254-274). London: Ganta Books.

Tyner, J. A. (1996). The gendering of Philippine international labor migration. *Professional Geographer*, *48*(4), 405.

Ýfing í sjónleit: Rannsókn með aðferðum merkjagreiningar[1]

Árni Kristjánsson
Heiða María Sigurðardóttir

Undanfarin ár hefur fjöldi rannsókna sýnt að frammistaða í sjónleitarverkefnum ræðst að miklu leyti af því að hverju menn hafa áður leitað; þegar fólk þarf að finna tiltekið markáreiti innan um truflandi áreiti (truflara) gengur því að jafnaði betur þegar sama markáreiti eða tiltekið einkenni þess, til dæmis litur, er endurtekið milli umferða heldur en þegar markáreitið er breytilegt (Treisman 1992; Maljkovic og Nakayama, 1994; 1996; Hillstrom, 2000; Goolsby og Suzuki, 2001; Kristjánsson, Wang og Nakayama, 2002; Huang, Holcombe og Pashler, 2004; Kristjánsson 2006a).

Svo dæmi sé tekið áttu þátttakendur í rannsókn í Maljkovic og Nakayama (1994, 1996) að finna tígul sem hafði annan lit en tveir aðrir tíglar á tölvuskjá og ákvarða svo hvort skorið hefði verið af hægri eða vinstri hluta þessa marktíguls. Þátttakendur leystu verkefnið á mun skemmri tíma ef markáreiti í tiltekinni umferð hafði sama lit og í umferðinni á undan. Jafnframt kom í ljós að markáreitið fannst mun fyrr ef að það birtist oft á sama stað á skjánum. Kristjánsson o.fl. (2002) fundu síðan svipuð ýfingaráhrif í töluvert erfiðara sjónleitarverkefni, en í því gátu þátttakendur ekki reitt sig á einn tiltekinn grunnþátt (svo sem lit) til þess að finna markáreitið. Árni Kristjánsson (2006b) heldur því fram að þessar niðurstöður beri því vitni að menn búi yfir frumstæðu minniskerfi sem beinir athygli þeirra að því sem á undan er gengið og skiptir þá máli (sjá jafnframt Kristjánsson og Nakayama, 2003; Nakayama, Maljkovic og Kristjánsson, 2004; Kristjánsson, Mackeben og Nakayama, 2001).

---

[1] Hluti þeirra rannsókna sem hér er lýst var unninn þegar Árni Kristjánsson var vísindamaður (Honorary Research Fellow) við Institute of Cognitive Neuroscience við University College London frá 2002 til 2004. Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti vinnu Heiðu Maríu Sigurðardóttur við verkefnið. Þakkir fá Human Frontiers Science Program og Háskóli Íslands fyrir styrkveitingar.

Ýfingaráhrif sem þessi hafa að jafnaði verið talin bera vott um skynnæmingu af einhverju tagi – að úrvinnsla á því áreiti eða þætti áreitis sem er endurtekið taki skemmri tíma en ella (sjá til dæmis Treisman, 1992; Maljkovic og Nakayama, 1994). Það er hins vegar ekki fullljóst hvort eða að hve miklu leyti skýra megi þessi ýfingaráhrif einfaldlega með breytingum á *svarhneigð*. Þessi mögulega skýring hefur aldrei verið útilokuð með fullnægjandi hætti og það flækir túlkun á niðurstöðum ofangreindra rannsókna á ýfingaráhrifum.

Það er til dæmis mögulegt að þegar litur markáreitis er endurtekinn hafi þátttakendur tilhneigingu til þess að svara hraðar vegna þess að endurtekinn litur leiðir til þess að þátttakendur verða vissari í svörum. Ef slíkt gerist gæti maður að jafnaði búist við að villufjöldi aukist – eftir því sem menn taka sér skemmri tíma til svars þeim mun meiri líkur eru á mistökum (Norton, Corliss og Bailey, 2002; Wickens, 2002)[2]. Þess ber þó að gæta að í mörgum þessara sjónleitarverkefna er villufjöldinn lágur (yfirleitt 1 til 5%) og það þýðir einfaldlega að tölfræðilegt næmi til þess að leggja mat á þetta er lítið. Með öðrum orðum er ekki hægt að útiloka að þátttakendur fórni nákvæmni fyrir hraða einungis á grundvelli þess að ekki hafi verið marktæk aukning á villum eftir því sem sama áreiti var endurtekið, þar sem tölfræðilegur styrkur fyrir slíkri ályktun er lítill þegar villufjöldi er lágur.

Hið sama má segja um rannsókn Árna Kristjánssonar og félaga (2002) þar sem þátttakendur áttu að tilgreina hvort markáreiti væri til staðar eða ekki. Mögulegt er að einfaldlega megi rekja skjótari svör til breytinga á ákvörðunarviðmiðum þátttakenda um hvort markáreitið væri til staðar en ekki, en ekki til aukningar skynnæmis. Aftur er villufjöldinn að jafnaði það lágur í þessu verkefni að erfitt er að skera þar á milli. Santee og Egeth (1992) hafa jafnframt haldið því fram að nákvæmni í svörun og svartími séu ekki endilega tvær hliðar á sama peningi, heldur endurspegli þau í mörgum tilfellum aðskilda hluta skynferlisins.

Í þeim tveimur rannsóknum sem hér verður greint frá var kannað hvort skemmri svartímar þegar markáreiti er endurtekið beri vott um skynnæmingu eða breytingar á svarhneigð, eða hvort einhvers konar blanda af þessu tvennu útskýri áhrifin. Í tilraun 1 voru áreiti birt í mjög stuttan tíma og sjónræn úrvinnsla stöðvuð með huluáreiti 200 ms síðar. Þegar menn hafa svona lítinn tíma til sjónleitar eykst villufjöldi mikið, sem aftur leiðir til þess að unnt er að kanna breytingar á skynnæmi *óháð* breytingum á svarhneigð með því að nota aðferðir merkjagreiningar (Gescheider, 1997; Wickens 2002; Norton, Corliss

---

[2] Þetta er á ensku kallað *speed-accuracy tradeoff*.

og Bailey, 2002). Í tilraun tvö var mælt hvort næmi í erfiðu aðgreiningarverkefni ykist eftir því sem verkefnið var oftar gert á sams konar markáreiti.

Tilraun 1

Kristjánsson o.fl. (2002) rannsökuðu ýfingaráhrif í tiltölulega erfiðu sjónleitarverkefni þar sem háða breytan var svartími. Í tilraun 1 var svipað verkefni notað, en í stað svartíma voru háðar breytur nákvæmni og *d'*, sem er mælikvarði á skynnæmi. Stuðullinn *c* var einnig reiknaður, en hann mælir svarhneigð[3].

Í verkefninu áttu menn að segja til um hvort markáreiti væri til staðar innan um truflara á tölvuskjá, en það birtist í helmingi tilfella. Markáreitið var annað hvort lárétt eða lóðrétt rauð lína. Truflararnir voru tvenns konar: Annars vegar voru línur af sams konar lit og markáreitið en af andstæðum halla; hins vegar voru grænir truflarar sem höfðu sama halla og markáreitið.

Truflarar og (í helmingi tilfella) markáreiti birtust á tölvuskjá í 200 millisekúndur. Strax á eftir kom huluáreiti sem ætlað var að stöðva sjónræna úrvinnslu. Þátttakendur áttu að segja til um hvort markáreitið, sem væri ólíkt öllum öðrum áreitum á skjánum, hefði birst (sjá mynd 1). Nákvæmni í svörun var skráð sem fall af endurtekningu markáreitis, það er hversu oft í röð það hélst annað hvort lárétt eða lóðrétt. Líkur á að markáreiti yrði eins og í umferðinni á undan voru 1 - N(0.1 - (0.01N)) þar sem N táknar fjölda undangenginna endurtekninga. Þetta þýðir til að mynda að ef markáreitið var lóðrétt í umferð n-1 og lárétt í umferð n-2 voru líkurnar á lóðréttu markáreiti í umferð n+1 0,91, í umferð n+2 voru þær 0,84 og svo framvegis. Með öðrum orðum voru ávallt meira en helmingslíkur á að sama leitarverkefnið yrði endurtekið í næstu umferð. Með þessu móti var reynt að hámarka væntingar þátttakenda um að markáreitið yrði endurtekið, og þar með auka líkurnar á breytingum á svarhneigð þar sem að nákvæmni yrði fórnað fyrir hraða. Sama markáreiti var þó aldrei endurtekið oftar en átta sinnum í röð. Í fyrstu umferð hverrar lotu umferða voru líkurnar á lóðréttu eða láréttu markáreiti jafnar, eða 0,5. Megintilgangurinn var að athuga hvort hægt sé að útskýra styttri svartíma við endurtekningu markáreitis með vísan í aukið skynnæmi eða hvort lækkunina megi einfaldlega rekja til breytinga á svarhneigð.

---

[3] *d'* = z[M] – z[F] og *c* = 0,5 X [z(M) + z(F)] þar sem M er hlutfall réttra svara en F er hlutfall falsviðvarana; z er staðaleinkunn reiknuð út frá normalkúrvunni (sjá nánar í Aldís Unnur Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind, 2003).

Aðferð

Þátttakendur

Tíu sjálfboðaliðar úr Háskóla Íslands tóku hver um sig þátt í 3000 umferða sjónleitarverkefni. Þeir komu tvisvar og kláruðu 1500 umferðir í hvort sinn. Áður en eiginleg gagnasöfnun hófst var þeim gert að fara í gegnum 300 æfingarumferðir hið minnsta. Allir höfðu eðlilega sjón, eða eðlilega sjón þegar hún hafði verið leiðrétt með linsum eða gleraugum.



Mynd 1. Þær tvær tegundir sjónleitarverkefna sem notaðar voru í tilraun 1. Þátttakendur þurftu að segja til um hvort rautt markáreiti sem hafði annan halla en hin rauðu áreitin væri til staðar eða ekki. Áreiti í hverri umferð voru birt í 200 millisekúndur, en hula fylgdi í kjölfarið (handahófsdeplar af sömu litum og áreitin, rauðir eða grænir). Á myndinni táknar svart rauðan lit og hvítt grænan lit.

Áreiti

Mynd 1 sýnir dæmigert sjónleitarverkefni úr tilraun 1. Áreitin voru birt á 75 Hz CRT skjá sem var stjórnað af 7500 Power Macintosh tölvu. Tilraunin var forrituð í forritunarmálinu C með hjálp Vision Shell fallasafnsins (www.visionshell.com). Stærð línanna á skjánum var 0,9 X 0,3 sjóngráður. Þær voru annað hvort rauðar (14,8 cd/m^2) eða grænar (13,9 cd/m^2). Áreitin birtust á svörtum (0,5 cd/m^2) bakgrunni. Ljósgrár (56,6 cd/m2) kross sem þátttakendur voru beðnir um að einblína á var birtur í upphafi hverrar umferðar.

Framvinda

Markáreitið var alltaf rautt en halli þess (láréttur eða lóðréttur) var breytilegur milli umferða. Halli markáreitisins ákvarðaði hverjir truflararnir voru; ef markáreitið var lóðrétt voru truflarar lárétt rauð strik og lóðrétt græn strik; ef það var aftur á móti lárétt voru truflararnir lóðrétt rauð strik og lárétt græn strik. Eins og áður var lýst voru meiri líkur á að markáreiti væri endurtekið heldur en að markáreitið breyttist frá einni umferð til þeirrar næstu.

Þátttakendur svöruðu til um hvort markáreiti væri til staðar eða ekki með því að ýta á annan tveggja lykla á lyklaborði tölvunnar. Í sérhverri umferð voru 8, 16, 24, 32, 40 eða 48 áreiti á skjánum, og var valið milli þessara kosta af handahófi fyrir hverja umferð. Í helmingi tilfella var eitt áreitanna markáreiti. Áreitin voru birt í 200 millisekúndur, en á eftir þeim fylgdi hula sem samanstóð af fylki af rauðum og grænum handahófsdeplum sem náðu yfir allt sjónleitarsvæðið (14 x 14 sjóngráður að stærð). Litur hvers depils var ákvarðaður af handahófi (rauður eða grænn). Þeir voru allir jafnstórir, eða 0,24 sjóngráður. Ef þátttakendur svöruðu rétt var „-OK-“ birt í 1500 millisekúndur á miðjum skjánum en ef svarið var rangt birtist „!!X!!“ á skjánum í staðinn.

Niðurstöður

Mynd 2 sýnir meðaltal *d'* gildanna eftir því hversu oft markáreiti var endurtekið. Þar sést að við endurtekningu jókst skynnæmi fyrir markáreitinu. Þátttakendur áttu því auðveldara með að leysa verkefnið því oftar sem leitað var að sama markáreiti. Einnig má sjá hvernig *c*, sem mælir svarhneigð, þróaðist eftir því sem markáreitið var endurtekið oftar. Ólíkt skynnæmi breyttist svarhneigðin lítið við endurtekningu; ef markáreitið var endurtekið einu sinni hækkaði *c* örlítið, en hélst eftir það nær stöðugt.

Dreifigreining fyrir endurteknar mælingar leiddi í ljós að áhrif endurtekningar markáreitis á *d'* gildi voru marktæk ($F_{(7,63)} = 8{,}18$, $p < 0{,}001$). Áhrif endurtekningar á *c* gildin voru sömuleiðis marktæk ($F_{(7,63)} = 7{,}36$, $p = 0{,}002$)[4]. Eins og sjá má af mynd 2, og því sem að ofan var rakið, breyttist *c* þó nær einungis við fyrstu endurtekningu á halla markáreitisins.



Mynd 2. Meðaltöl *d'* og *c* sem fall af endurtekningu sama sjónleitarverkefnis í tilrauninni (markáreitið hallaði eins í 0 til 7 skipti á undan). Villubilin sýna staðalvillu fyrir hvert meðaltal *d'*.

Þar sem *d'* hækkaði með endurtekningu markáreitisins er hægt að draga þá ályktun að við slíka endurtekningu aukist skynnæmi. Þetta bendir til þess að breytingar á ákvörðunarviðmiðum geti ekki nema að litlu leyti úskýrt þá styttingu á svartíma sem fundist hefur í mörgum rannsóknum til þessa (Kristjánsson o.fl. 2002; Goolsby og Suzuki, 2001, Maljkovic og Nakayama, 1994; Olivers og Meeter, 2006; Kristjánsson, 2006a). Þátttakendur breyttu ekki einfaldlega svarhneigð sinni, til dæmis á þann veg að vera líklegri til þess að svara að markáreitið væri til staðar því oftar sem það var endurtekið. Í staðinn má draga þá ályktun að endurtekningin geri mönnum kleift að svara fyrr en ella til um hvort markáreitið sé til staðar eða ekki. Það er þó rétt að minna á að *c* hækkaði nokkuð með endurtekningu (fyrst og fremst með

[4] Mauchly´s prófið á frávikum á hnattleika (e. sphericity) fylgnifylkisins var marktækt svo að Greenhouse-Geisser leiðrétting var gerð á frelsisgráðum prófsins (sjá til dæmis Girden, 1992).

fyrstu endurtekningu, eins og sést á mynd 2) sem þýðir að nokkrar breytingar á svarhneigð áttu sér stað en langt í frá í þeim mæli að þær geti útskýrt nema lítinn hluta ýfingaráhrifanna.

Tilraun 2

Niðurstöðurnar úr tilraun 1 sýna hvernig skynnæmi fyrir tilteknu markáreiti eykst eftir því sem sama markáreiti er endurtekið. Markmið tilraunar 2 var að kanna hvort hið sama ætti við um einfaldari sjónleitarverkefni þar sem markáreitið skæri sig afgerandi frá truflunaráreitum, til dæmis með því að vera af allt öðrum lit en truflararnir. Meginspurningin var hvort skynjun og greining á áreiti sem er birt í skamma stund sé auðveldari þegar það hefur verið endurtekið nokkrum sinnum í röð miðað við þegar annað áreiti er birt í umferðinni á undan. Ein leið til þess að mæla þetta er að kanna hvort frammistaða í aðgreiningarverkefni sem mælir sjónskerpu verði betri eftir því sem markáreiti sem aðgreiningin er gerð á er endurtekið frá einni umferð til annarrar í sjónleitarverkefni.

Verkefni þátttakenda í tilraun 2 var að finna fylltan hring sem hafði annan lit en öll hin truflandi áreitin á skjánum. Annað hvort var leitað að grænum hring innan um rauða, eða að rauðum innan um græna. Þátttakendur vissu aldrei fyrirfram hvoru áreitinu þeir þurftu að leita að í tiltekinni umferð. Markáreitið var alltaf til staðar. Þegar þátttakendur höfðu fundið það áttu þeir að segja til um hvort minni hring innan markáreitisins, sem hafði sama lit og bakgrunnurinn, hafði verið hliðrað til vinstri eða hægri frá miðju stærri hringsins (sjá mynd 3). Búist var við að verkefnið reyndist fólki misjafnlega erfitt milli umferða, bæði vegna þess að hliðrunin var mismikil og af því að truflarar á skjánum voru mismargir.



Mynd 3. Þær tvær tegundir sjónleitarverkefna sem notaðar voru í tilraun 2. Finna átti hringinn sem hafði annan lit en hinir og ákvarða hvort smáa hringnum innan hans væri hliðrað til hægri eða vinstri frá miðju stærri hringsins. Markáreitið var annað hvort grænt innan um rauða truflara eða rautt innan um græna truflara. Rautt er táknað með svörtu á myndinni og grænt með hvítu.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur í tilrauninni voru átta sjálfboðaliðar og höfðu allir eðlilega sjón (með eða án leiðréttingar með sjóntækjum). Hver þeirra fór í gegnum 3000 umferða sjónleitarverkefni sem framkvæmt var í tveimur hlutum, 1500 umferðir í senn. Áður en eiginleg gagnasöfnun hófst fengu allir 300 æfinga-umferðir.

Tæki, áreiti og framvinda

Sömu tæki og hugbúnaður og lýst var fyrir tilraun 1 voru notuð í sjónleitarverkefninu í tilraun 2. Á mynd 3 má sjá uppsetningu tilraunarinnar. Þátttakendur voru beðnir um að finna markáreitið sem hafði lit ólíkan öðrum áreitum á skjánum og gefa til kynna, með því að ýta á viðeigandi hnapp á lyklaborði, hvort litla hringnum innan markáreitisins væri hliðrað til vinstri eða hægri frá miðju þess. Öfugt við tilraun 1 var markáreiti til staðar í öllum umferðum í tilraun 2.

Radíus markáreita og truflara var 1,1 sjóngráða en radíus minni hringsins innan hvers markáreitis var 0,35 sjóngráður. Smærri hringnum var hliðrað um 0,05, 0,1, 0,15 eða 0,2 º til vinstri eða hægri. Markáreitið var annað hvort rautt (14,8 cd/m^2) eða grænt (13,9 cd/m^2). Ef markáreitið var rautt voru truflandi áreitin græn, og ef markáreitið var grænt voru truflararnir rauðir. Hula var eins og í tilraun 1. Hún var birt 200 millisekúndum eftir að markáreitið birtist og var á skjánum þar til þátttakendur svöruðu með því að ýta á viðeigandi hnapp á lyklaborði. Notuð var sama reikniregla og í tilraun 1 til þess að ákvarða hvert markáreitið væri hverju sinni og voru því líkurnar á endurtekningu allmiklar.



Mynd 4. Meðalhlutfall réttra svara fyrir þátttakendur í tilraun 2.



Mynd 5. Meðaltal *d'* gildanna í tilraun 2 sem fall af því hversu ot í röð markáreitið var endurtekið. Villubilin sýna staðalvillu fyrir hvert meðaltal. Mismunandi tákn sýna niðurstöður fyrir mismunandi tilfærslur minni hringsins innan þess stærri. Hvítir hringir tákna tilfærslu um 0,05°, svartir hringir tákna 0,1° tilfærslu, hvítir ferningar 0,15° tilfærslu, og svartir ferningar tákna 0,2° tilfærslu.

Niðurstöður

Á mynd 4 má sjá hversu vel þátttakendum gekk að tilgreina hvort smái hringurinn hefði verið færður til hægri eða vinstri. Nákvæmni þátttakenda jókst eftir því sem oftar var leitað að sams konar markáreiti. Dreifigreining fyrir endurteknar mælingar leiddi í ljós að áhrifin voru marktæk ($F_{(7, 49)}$ = 62,761, $p < 0{,}001$). Þetta styður ályktanir sem dregnar voru af niðurstöðum í tilraun 1 um að ekki sé hægt að rekja skemmri svartíma við endurtekningu markáreitis til breytinga á svarhneigð heldur sé sennilegra að hann skýrist af auknu skynnæmi.

Á mynd 5 má svo sjá *d'* gildi sem fundin voru með reikniregluHacker og Ratcliffe (1979; sjá einnig umfjölllun í Gescheider, 1997); reikniaðferðin veitir kost á að umbreyta hrágildum í *d'* í tilraunum þar sem þátttakendur neyðast til þess að velja milli tveggja svarmöguleika[5]. Myndin sýnir greinilega hvernig skynnæmi eykst með endurtekningu markáreitis og breytingar á svarhneigð hafa þar lítil áhrif þar sem svarið hér felur í sér val um að svara hvort tilfærsla hafi verið til hægri eða vinstri, og erfitt að ímynda sér hvernig svarhneigð hefði áhrif á þá ákvörðun (sjá t.d. umfjöllun um þetta í Wickens, 2001 og Gescheider, 1997).

Gögnin sem birtast á mynd 5 geta jafnframt varpað nokkru ljósi á spurningar um hvers konar breytingar á úrvinnslu sjónkerfisins verða við ýfingu. Sjónkerfið virðist „leggja meiri vinnu" í úrvinnslu upplýsinga frá markáreiti sem hefur verið endurtekið nokkkrum sinnum heldur en annars væri. Nakayama o.fl., 2004 (sjá einnig Árni Kristjánsson, 2006b), lögðu sem dæmi til að þau ýfingaráhrif sem fjallað hefur verið um hér að framan hafi beinlínis áhrif á hvernig athyglin dreifist um sjónsviðið – að hún dragist sérstaklega að endurteknum áreitum sem hafa verið mikilvæg í þeim verkefnum sem þurft hefur að leysa. Niðurstöður hingað til sýna fram á að athygli beinist fyrr og betur að áreitum sem eru endurtekin í sjónleitar-verkefnum. Sumar rannsóknir hafa líka bent til þess að athygli leiði til aukinnar sjónskerpu (Carrasco, Pencepi-Talgar og Eckstein, 2000; Carrasco, Williams og Yeshurun, 2002), en þetta er þó umdeilt (sjá t.d. Shih og Pashler, 1994; Solomon, Lavie og Morgan, 1997; Solomon, 2004). Er ástæðan fyrir því að þátttakendum gekk betur að framkvæma aðgreiningarverkefnið hér þá

---

[5] Einnig er hægt að reikna d' fyrir tvo svarmöguleika með formúlunni d' = $(\sqrt{2})z(H)$ þar sem $z(H)$ er staðaleinkunn á normalkúrvu fyrir hlutfall réttra svara, H (sjá Wickens, 2001). Þessi formúla gefur svipaða niðurstöðu og aðferð Hacker og Ratcliffe (1979).

sú að sjónskerpa þeirra jókst á svæðinu sem innihélt markáreitið, eða beindist athyglin ef til vill fyrr að markáreitinu og því hafi þátttakendur einfaldlega haft meiri tíma til þess að kanna markáreitið heldur en þegar það var annað en í umferðinni á undan?

Ef skynjunin skerpist við ýfingu mætti búast við að endurtekning markáreitis hefði mest áhrif fyrir minnstu tilfærslur litla hringsins innan þess stærri. Mynd 5 sýnir að breytingin á *d'* var jöfn fyrir allar tilfærslur. Þetta var staðfest með dreifigreiningu fyrir endurteknar mælingar sem sýndi að ekki var marktækur munur á hallatölum línanna eftir tilfærslu ($F_{(3, 21)} = 1{,}23$, $p > 0{,}25$). Þessi niðurstaða bendir til þess að endurtekningin hafi ekki bein áhrif á sjónskerpuverkefnið heldur komi áhrifin fram á öðru úrvinnslustigi í skynferlinu (Sternberg, 1969). Það virðist því vera að með endurtekningu markáreitis finni þátttakendur áreitið fyrr en ella sem gefur þeim kost á lengri tíma til úrvinnslu á því.

Umræða

Þrátt fyrir að margar tilraunir hafi sýnt fram á lækkun svartíma í sjónleitarverkefnum þegar markáreiti eða einhver þáttur þess eru endurtekin (Kristjánsson, 2006; Kristjánsson o.fl. 2002, Maljkovic og Nakayama, 1994, 1996; Oliver og Meeter, 2006; Goolsby og Suzuki, 2001; Wang o.fl., 2005) er það ekki fyrr en með niðurstöðum þessarar rannsóknar að hægt er að útiloka að breytingar á svarhneigð útskýri ýfingaráhrifin. Lagt var mat á breytingar á bæði skynnæmi og svarhneigð, og veitti þessi aðferð kost á að aðgreina þessa tvo mögulegu áhrifavalda.

Í þessari rannsókn var sérstaklega reynt að *auka* líkur á breytingum á svarhneigð með því að láta sams konar markáreiti birtast margar umferðir í röð og skapa þannig væntingar hjá þátttakendum um að markáreitið yrði endurtekið. Breytingar á svarhneigð geta samt ekki að fullu skýrt að unnið er hraðar úr endurteknum áreitum, því sú úrvinnsla er jafnframt nákvæmari. Aukin nákvæmni virðist koma til vegna þess að fólki gefst betri kostur (meiri tími til dæmis) á að kanna markáreitið heldur en ella.

Í Kristjánsson og Nakayama (2003) voru færð rök fyrir tilvist sérstaks minniskerfis sem veitir kost á að beina athygli fljótt og örugglega að áreitum sem maður hefur nýverið séð og skipta mann máli (sjá jafnframt Kristjánsson, 2006b). Rök fyrir því að ýfingaráhrif í sjónleit tengist athygli koma frá rannsókn þar sem starfrænni segulómmyndun var beitt til að mæla heilavirkni (Kristjánsson o.fl., 2004). Í ljós kom að við ýfingaráhrif varð mest breyting á

virkni þeirra heilasvæða sem sterklega tengjast verkan eftirtektarinnar (sjá til dæmis Corbetta og Shulman, 2002). Niðurstöðurnar hér eru í samræmi við þessar fyrri rannsóknir sem benda til þess að við ýfingu dragist athyglin fljótt og örugglega að því sem áður birtist.

Samantekt

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna svo ekki verður um villst að endurtekning markáreitis flýtir fyrir sjónleit. Þessi flýtiáhrif er ekki hægt að rekja nema að mjög litlu leyti til breytinga á svarhneigð. Endurtekningin leiðir hins vegar til aukins skynnæmis með því að veita kost á lengri tíma til úrvinnslu markáreitisins. Jafnframt benda niðurstöðurnar til þess að að sjónskerpa aukist ekki við ýfingu, heldur séu þátttakendur einfaldlega fljótari að finna markáreitið og að það leiði til þess að þeir hafi meiri tíma til að kanna eðli áreitisins.

Heimildir

Aldís Unnur Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind (2003). *Almenn sálfræði: Hugur, heili, hátterni*. Reykjavík: Mál og Menning.

Carrasco, M., Penpeci-Talgar, C. og Eckstein, M. (2000). Spatial covert attention increases contrast sensitivity across the CSF: supportfor signal enhancement. *Vision Research, 40*, 1203-1215.

Carrasco, M., Williams, P. E. og Yeshurun, Y. (2002). Covert attention increases spatial resolution with or without masks: support for signal enhancement. *Journal of Vision, 2*, 467-479.

Corbetta, M. og Shulman, G. L. (2002). Control of goal-directed and stimulus-driven attention in the brain. *Nature Reviews Neuroscience, 3*, 201-215.

Chun, M. M. og Jiang, Y. (2003). Implicit, long-term spatial contextual memory. *Journal of Experimental Psychology: Learning, Memory og Cognition, 29,* 224-234.

Di Pace, E., Marangolo, P., og Pizzamiglio, L. (1997). Response bias in color priming. *Acta Psychologica (Amsterdam), 95,* 3-14.

Gescheider, G. A. (1997). *Psychophysics: The Fundamentals, (3d. ed).* Mahwah, NJ, USA: Lawrence Erlbaum Associates.

Geng, J. J. og Behrmann, M. (2005). Spatial probability as an attentional cue in visual search, *Perception og Psychophysics, 67,* 1252-1268.

Girden, E. R. (1992). *ANOVA: Repeated Measures*. Sage University Paper Series on Quantitative Applications in the Social Sciences, 07-084. Newbury Park, CA, USA: Sage.

Goolsby, B. A. og Suzuki, S. (2001). Understanding priming of color-singleton search: roles of attention at encoding and "retrieval", *Perception og Psychophysics, 63*, 929-944.

Hacker, M. J. og Ratcliffe, R. A. (1979). A revised table of d' for M-alternative forced choice. *Perception & Psychophysics, 26,* 168-170.

Hillstrom, A. P. (2000). Repetition effects in visual search. *Perception og Psychophysics, 62,* 800-817.

Huang, L., Holcombe, A. O. og Pashler, H. (2004). Repetition priming in visual search: episodic retrieval, not feature priming. *Memory & Cognition, 32,* 12-20.

Kristjánsson, Á. (2006a). Simultaneous priming along multiple dimensions in visual search task. *Vision Research, 46,* 2554–2570.

Kristjánsson, Á. (2006b). Rapid learning in attention shifts - A review. *Visual Cognition, 13,* 324-362.

Kristjansson, Á., Mackeben, M. og Nakayama, K. (2001). Rapid, object based learning in the deployment of transient attention. *Perception, 20,* 1375-1387.

Kristjánsson Á. og Nakayama K. (2003). A primitive memory system for the deployment of transient attention. *Perception og Psychophysics, 65,* 711-724.

Kristjánsson, Á., Vuilleumier, P., Husain, M., Macaluso, E., og Driver, J. (2004). Neural correlates of priming in vision: Evidence from Neuro-imaging and Neurospsychology. *European conference on visual perception, Budapest, Hungary*. Útgefið í *Perception, 33 (Suppl.),* 19.

Kristjánsson, Á., Wang, D. og Nakayama K. (2002). The role of priming in conjunctive visual search. *Cognition, 85,* 37-52.

Maljkovic, V. og Nakayama, K. (1996). Priming of pop-out: II: The role of position, *Perception & Psychophysics, 58,* 977-991.

Maljkovic, V. og Nakayama, K. (1994). Priming of pop-out: I. Role of features, *Memory & Cognition, 22,* 657-672.

Miller, J. (1988). Components of the location probability effect in visual search tasks. *Journal of Experimental Psychology: Human Perception & Performormance, 14*, 453-471.

Nakayama, K., Maljkovic, V. og Kristjánsson, Á (2004). Short term memory for the rapid deployment of visual attention. Í M. Gazzaniga (Ritstj.), *The*

Cognitive Neurosciences, 3rd edition (bls. 397-408). Cambridge, MA: MIT Press.

Norton, T. T., Corliss, D. A. og Bailey, J. E. (2002). *The Psychophysical Measurement of Visual Function.* Amsterdam: Butterworth-Heinemann.

Olivers, C. N. L. og Meeter, M. (2006). On the dissociation between compound and present/absent tasks in visual search: Intertrial priming is ambiguity driven, *Visual Cognition, 13*, 1 – 28.

Santee, J. L., & Egeth, H. E. (1982). Do reaction time and accuracy measure the same aspects of letter recognition? *Journal of Experimental Psychology: Human Perception & Performance 8,* 489-501.

Shiu, L-P. og Pashler, H. (1994). Negligible effect of spatial precuing in identification of single digits. *Journal of Experimental Psychology: Human Perception and Performance*, *20,* 1037-1054.

Simon, J. R. (1988). A 'priming' effect in a choice reaction time task. *Acta Psychologica (Amsterdam), 69,* 45-60.

Solomon, J. A. (2004) The effect of spatial cues on visual sensitivity. *Vision Research, 44,* 1209-1216.

Solomon, J. A., Lavie, N. og Morgan, M. (1997). Contrast discrimination function: Spatial cueing effects. *Journal of the Optical Society of America: Image Science, A: Optics, Image Science and Vision, 14,* 2443-2448.

Sternberg, S. (1969). The discovery of processing stages: Extensions of Donders' method. *Acta Psychol, 30*, 276-315.

Treisman, A. (1992). Perceiving and re-perceiving objects. *American Psychologist, 47*, 862-875.

Wang, D., Kristjánsson, Á. og Nakayama, K. (2005). Efficient visual search without top-down or bottom-up guidance. *Perception og Psychophysics, 67,* 239-253.

Wickens, T. D. (2002). *Elementary signal detection theory.* New York, NY, USA: Oxford University Press.

Próffræðilegt mat á DSM-IV einkennalista um athyglisbrest með ofvirkni (AMO): Algengi einkenna AMO meðal 18 til 70 ára Íslendinga

Daníel Þór Ólason
Páll Magnússon
Sigurður J. Grétarsson

Athyglisbrestur með ofvirkni (AMO) er röskun á taugaþroska sem yfirleitt greinist á barnsaldri. Einkenni eru hreyfiofvirkni, hvatvísi og athyglisbrestur sem eru í ósamræmi við aldur og þroska (APA, 2000; Gísli Baldursson, Páll Magnússon og Ólafur Ó. Guðmundsson, 2000; Margrét Valdimarsdóttir, Agnes Huld Hrafnsdóttir, Páll Magnússon og Ólafur Ó Guðmundsson, 2005). Samkvæmt DSM-IV greiningarkerfinu þurfa hamlandi einkenni að vera komin fram fyrir 7 ára aldur, koma fram í fleiri en einum aðstæðum (t.d. heimili, skóla eða vinnu) og útiloka þarf að önnur geðröskun eins og þunglyndi, kvíði, hugrof eða persónuleikaröskun séu líklegri skýring einkenna (APA, 2000). Þess vegna er undirstaða greiningar á AMO á fullorðinsárum ítarleg þroska- og sjúkrasaga. Greiningarviðmið AMO, eins og þau eru skilgreind í fyrrnefndu greiningarkerfi, byggjast á rannsóknum á börnum (Lahey og fél., 1994) og ekki fyllilega víst hversu vel þau henta í greiningu á fullorðnum.

Algengi athyglisbrests með ofvirkni

AMO er algengur meðal barna og unglinga en algengitölur eru þó nokkuð mismunandi milli rannsókna vegna mismunandi úrtaka og rannsóknaraðferða (þ.e. mat kennara, foreldra eða sjálfsmat barna; matskvarðar eða greiningarviðtöl). Nýlegar samantektir á rannsóknum víðsvegar í heiminum áætla að algengi AMO meðal barna sé einhverstaðar frá 5 til 12%, að

meðaltali um 7% (Faraone, 2005; Willoughby, 2002; Margrét Valdimarsdóttir o.fl. 2005). Algengi er mun hærra meðal drengja en stúlkna en að meðaltali greinast um 2 til 3 drengir á móti hverri stúlku (Biederman, o.fl., 2002; Willoughby, 2002). Ekki hafa verið gerðar ítarlegar faraldsfræðilegar rannsóknir á algengi AMO meðal íslenskra barna en rannsókn Páls Magnússonar o.fl. (1999) þar sem byggt var á mati bæði kennara og foreldra sex og átta ára barna benti til að tíðni væri nokkuð minni en hliðstæðar erlendar tölur gefa til kynna. Nýlegar rannsóknarniðurstöður byggðar á sjálfsmatslista Conners-Wells um núverandi einkenni AMO á meðal 12 til 16 ára unglinga í Reykjavík gáfu til kynna að algengi væri á bilinu 6,3% til 7,2% (Daníel Þór Ólason o.fl., 2005; Sigríður D. Benediktsdóttir og Sóley Davíðsdóttir, 2003).

Á undanförnum áratug hafa verið gerðar rannsóknir þar sem börnum sem hafa fengið greiningu um AMO er fylgt eftir fram á unglings- og fullorðinsár. Vitað er að einkenni þróast með mismunandi hætti eftir aldri; þannig dregur venjulega úr einkennum hreyfiofvirkni og hvatvísi, en athyglisbrestseinkenni eru þrálátari (Gísli Baldursson, Páll Magnússon og Ólafur Ó. Guðmundsson, 2000). Niðurstöður rannsókna benda til að þrátt fyrir að það dragi úr einkennum AMO með aldri stríði nokkur hluti ungs fólks við einkenni AMO á fullorðinsárum (Barkley, Fischer, Smallish og Fletcher, 2002; Biederman, o.fl., 2002; Faraone, 2005; Willoughby, 2003). Á meðal unglinga sýna niðurstöður mismunandi rannsókna allt frá 22% upp í 85% þeirra sem höfðu AMO á barnsaldri uppfylli áfram greiningarskilmerki (sjá í Margrét Valdimarsdóttir o.fl., 2005). Nokkuð dregur úr einkennum á fullorðinsárum en samantekt Faraone (2005) bendir þó til þess að allt að 60% þeirra sem höfðu greinst með AMO á barnsaldri hafi enn nokkur einkenni um AMO á aldrinum 20 til 30 ára. Talið er að allt að 4,5% fullorðinna uppfylli greiningarskilmerki um AMO (Montano, 2004; Kessler, o.fl., 2006; Murphy og Barkley, 1996).

Þáttaformgerð einkenna um athyglisbrest með ofvirkni

Skilgreiningar á þáttaformgerð AMO hafa breyst töluvert frá því að AMO var fyrst skilgreindur sem geðröskun í DSM greiningarkerfinu. Í DSM-III var gert ráð fyrir þremur aðgreindum þáttum (athyglisbresti, ofvirkni, hvatvísi). Þetta var tekið til gagngerrar endurskoðunar í DSM-III-R, en þá var gert ráð fyrir einum almennum þætti allra einkenna (American Psychiatric Association, 1980; 1987). Með tilkomu DSM-IV varð aftur breyting á

skilgreiningu þáttaformgerðar fyrir einkenni AMO en fjölmargar rannsóknir á þáttagerð einkenna hjá börnum bentu til þess að tveir þættir (athyglisbrestur, ofvirkni/hvatvísi) lýstu best dreifingu einkenna (Baumeister o.fl., 1992; DuPaul o.fl., 1998; Páll Magnússon o.fl., 1999). Lítið er hins vegar vitað um hversu vel tveir þættir lýsa dreifingu einkenna AMO hjá fullorðnum. Niðurstöður nýlegrar rannsóknar Span, Earleywine og Strybel (2002), þar sem bornar voru saman nokkrar mögulegar þáttalausnir í staðfestandi þáttagreiningu, bentu til að þrír þættir lýstu gögnum betur fyrir fullorðna en tveir eða einn þáttur.

Mikilvægt er að til séu áreiðanleg og réttmæt mælitæki fyrir einkenni AMO meðal fullorðinna hér á landi. Markmið þessarar rannsóknar var að leggja próffræðilegt mat á íslenska gerð DSM-IV einkennalista sem metur núverandi einkenni AMO undanfarna sex mánuði. Einnig var lagt mat á algengi núverandi einkenna AMO samkvæmt greiningarkerfi DSM-IV (American Psychiatric Association, 2000).

Aðferð

Þátttakendur: Valið var 5000 manna slembiúrtak 18 til 70 ára úr þjóðskrá. Af þeim voru 163 búsettir erlendis, 28 voru sjúklingar og einn var látinn. Nettóúrtak var því 4.808 manns. Alls svöruðu 3358 manns könnuninni, 1703 konur og 1650 karlar. Svarhlutfall var því vel viðunandi eða 69,8%. Meðalaldur þátttakenda var 41,5 ár og var enginn munur á meðalaldri karla og kvenna ($t(3351) = 0{,}162$, $p=0{,}87$). Til að draga úr skekkju vegna brottfallssvörunar voru gögnin vigtuð samkvæmt upplýsingum þjóðskrár um hlutfall karla og kvenna, aldur og búsetudreifingu þjóðarinnar.

Mælitæki: *DSM-IV einkennalisti um núverandi einkenni um athyglisbrest með ofvirkni* (Páll Magnússon o.fl., 2006). DSM-IV einkennalistinn inniheldur 18 spurningar um núverandi einkenni (síðustu sex mánuði) AMO meðal fullorðinna. Níu atriði meta einkenni um athyglisbrest og níu einkenni um ofvirkni og hvatvísi. Hverju atriði er svarað á fjögurra punkta stiku með svarmöguleikunum *aldrei eða sjaldan* (0), *stundum* (1), *oft* (2) og *mjög oft* (3). Reiknað var úr DSM-IV einkennalistanum með tvennum hætti í þessari rannsókn. Fyrst voru lögð saman skor þátttakenda á atriðum sem mældu athyglisbrest (heildarskor á bilinu 0 - 27), ofvirkni/hvatvísi (heildarskor á bilinu 0 - 27) og AMO (heildarskor á bilinu 0 – 54). Seinni útreikningur byggist á talningu einkenna fyrir athyglisbrest, ofvirkni/hvatvísi og heildar-

niðurstöðu AMO. Einkenni um AMO telst vera til staðar ef þátttakendur merktu annaðhvort við *oft* eða *mjög oft* fyrir hvert atriði (skor 2 eða 3) (Páll Magnússon o.fl., 2006; Murphy & Barkley, 1996). Próffræðilegir eiginleikar DSM-IV einkennalistans um AMO hafa verið kannaðir meðal ættingja barna og unglinga sem hafa greinst með AMO (Páll Magnússon, o.fl., 2006). Í þeirri rannsókn svöruðu ættingjar m.a. DSM-IV einkennalistanum og reyndist Alfa áreiðanleiki heildarskors AMO og beggja undirkvarða vera fullnægjandi eða á bilinu 0,87 til 0,95. Fylgni DSM-IV einkennalista yfir núverandi einkenni AMO við sjálfsmatslista um einkenni í æsku, mat ættingja á núverandi einkennum, mat ættingja á einkennum í æsku ásamt niðurstöðum greiningarviðtals (K-SADS) fyrir AMO bendir til viðunandi samtíma- og aðgreinandi réttmætis einkennalistans (sjá frekar hjá Páli Magnússyni o.fl., 2006).

Framkvæmd: Öflun gagna fór fram með símaviðtölum og sá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um þennan þátt rannsóknarinnar. Rétt er að geta þess að DSM-IV einkennalistinn var hluti af umfangsmeiri spurningalista um spilafíkn sem var meginviðfangsefni rannsóknarinnar. Í upphafi hvers símtals fengu þátttakendur almennar upplýsingar um könnunina og hver stæði að henni. Þeim var gert ljóst að þátttaka væri frjáls og þeim væri ekki skylt að svara öllum spurningum. Þátttakendum var einnig gert ljóst að nafnleyndar væri gætt og ekki væri hægt að rekja niðurstöður til einstakra þátttakenda. Gagnasöfnun fór fram á tímabilinu 12. febrúar til 11. maí 2005.

Úrvinnsla: Staðfestandi þáttagreining var gerð í forritinu EQS 6.1 (Bentler og Wu, 2002). Líkön voru prófuð með aðferð hámarkslíkinda (e. Maximum likelihood) og samkvæmt ráðleggingum Hu og Bentler (1999) voru eftirfarandi mátgæðastuðlar notaðir við prófun líkana: Kíkvaðrat, CFI (Comparative fit index), SRMR (Standarized root mean square residual), RSMEA (Root mean square error of approximation) og AIC (Akaike information criterion). Ef gildi CFI er nærri 0,95 og SRMR nálægt 0,08 telst samræmi gagna og líkans ágætt (Hu og Bentler, 1999). Ef mátgæðastuðullinn RMSEA er 0,05 eða lægri er samræmi talið gott en viðunandi ef RMSEA er á bilinu 0,05-0,08. AIC er notaður við samanburð á líkönum og telst líkan með lægsta AIC stuðulinn lýsa gögnum best.

Niðurstöður og umræða

Prófuð voru þau þrjú mögulegu líkön fyrir þáttaformgerð DSM-IV einkennalistans sem komið hafa fram innan DSM greiningarkerfisins (American Psychiatric Association, 1980; 1987; 2000). Líkan 1 gerir ráð fyrir að öll atriði listans hlaðist á einn þátt en líkan tvö gerir ráð fyrir tveimur þáttum þar sem níu atriði athyglisbrests hlaðast á þátt 1 og níu atriði ofvirkni/hvatvísi á þátt 2. Líkan 3 gerir ráð fyrir þremur þáttum þar sem öll níu atriði athyglisbrests hlaðast á þátt 1, sex atriði ofvirkni á þátt 2 og þrjú atriði hvatvísi á þátt 3. Fylgni var leyfð á milli þátta fyrir líkan 2 og 3.

Áður en staðfestandi þáttagreining var gerð var dreifing atriða DSM-IV greiningarlistans athuguð. Í ljós kom að dreifing allra atriða vék verulega frá normaldreifingu og var því dreifingu allra atriða umbreytt með því að taka logaritmann af gildum allra atriða til að draga úr skekkju. Nánari athugun á margbreytudreifingu (multivariate) atriða gaf einnig til kynna að skekkja væri enn umtalsverð og voru því allir mátgæðastuðlar (nema SRMR) leiðréttir með aðferð Satorra Bentler, en hún dregur úr áhrifum margbreytuskekkju (Bentler, 1995). Lagrange prófið gaf til kynna að líkön mætti bæta umtalsvert ef fylgni væri heimiluð milli leifa (error residuals) eftirfarandi atriða: Atriði 11 „Forðast verkefni (t.d. í vinnu eða heima) sem krefjast mikillar beitingar hugans“ og atriði 7 „Fylgi ekki fyrirmælum til enda og tekst ekki að ljúka verkefnum“. Atriði 10 „Er alltaf á ferðinni eða eins og þeytispjald“ og atriði 6 „Hreyfi mig óhóflega mikið í aðstæðum þar sem það á ekki við; ofvirk(ur); finnst ég vera eirðarlaus“. Augljós merkingarlegur skyldleiki er á milli þessara atriða og var því fylgni skilgreind á milla leifa þessara tveggja para atriða fyrir öll þrjú líkönin.

Mátgæðastuðla fyrir öll þrjú líkön má sjá í töflu 1. Kí-kvaðrat allra líkana var marktækt en við því má búast fyrir líkön sem hafa margar frelsisgráður og byggjast á stórum úrtökum (n=3304). Hinsvegar má sjá að aðrir mátgæðastuðlar eru umtalsvert betri fyrir líkön 2 og 3 en fengust fyrir líkan 1 (einn þáttur). Mátgæðastuðlar eru hins vegar mjög áþekkir fyrir bæði líkan 2 og 3 þar sem CFI, SRMR og RMSEA benda allir til viðunandi niðurstöðu fyrir bæði líkönin. AIC stuðullinn er lægri fyrir líkan 3 en líkan 2 og samanburður á kíkvaðrötum líkana 2 og 3 bendir til að þrír þættir lýsi dreifingu gagna betur en tveir þættir (χ^2 (2) = 17.24 p ≤ 0,01).

Tafla 1. Leiðréttir mátgæðastuðlar úr staðfestandi þáttagreiningu

	Líkön		
	Líkan 1 (Einn þáttur)	Líkan 2 (Tveir þættir)	Líkan 3 (Þrír þættir)
χ^2	922,53** (fg= 133)	585,29** (fg = 132)	568,05** (fg= 130)
CFI	0,82	0,90	0,90
SRMR	0.047	0,038	0,037
AIC	656,53	321,29	308,05
RMSEA	0,042 (0,040 – 0,045) [a]	0,032 (0,030 – 0,035) [a]	0,032 (0,029 – 0,035) [a]

N = 3304; ** p ≤ 0.01. c^2 = Kí-kvaðrat; CFI = Comparative Fit Index; SRMR = Standardized root mean square residual; RMSEA = Root Mean Squared Error of Approximation. [a] = 90% öryggisbil fyrir RMSEA

Þar sem niðurstöður staðfestandi þáttagreiningar benda til þess að bæði tveir og þrír þættir lýsi nokkuð vel dreifingu atriða DSM-IV greiningarlistans voru áreiðanleikastuðlar (alfa) reiknaðir fyrir báðar þáttalausnir (sjá töflu 2). Áreiðanleiki allra 18 atriða DSM-IV greiningarlistans reyndist fullnægjandi og áreiðanleiki undirþátta athyglisbrests og ofvirkni/hvatvísi var viðunandi (líkan 2). Hins vegar eru alfa stuðlar fyrir ofvirkni og hvatvísi í þriggja þátta lausn (líkan 3) óviðunandi.

Tafla 2. Alfa áreiðanleiki tveggja og þriggja þátta lausnar

	Tveir þættir		Þrír þættir [a]		Heildarlisti
	Athyglis-brestur (9 atriði)	Ofvirkni/ hvatvísi (9 atriði)	Ofvirkni (6 atriði)	Hvatvísi (3 atriði)	AMO (18 atriði)
Karlar	0,75	0,71	0,62	0,56	0,82
Konur	0,75	0,70	0,61	0,55	0,82
Allir	0,75	0,70	0,61	0,55	0,82

[a] Alfa fyrir fyrsta þátt (athyglisbrestur) í þriggja þátta lausn er ekki birtur þar sem hann er sá sami og fyrir fyrsta þátt tveggja þátta lausnar.

Þessar niðurstöður benda til þess að þrátt fyrir að þriggja þátta lausn lýsi dreifingu atriða aðeins betur en tveggja þátta lausn í staðfestandi þáttagreiningu er ekki hægt að mæla með notkun þriggja þátta lausnar þar sem áreiðanleiki undirþátta ofvirkni og hvatvísi er ófullnægjandi.

Í framhaldi voru aðeins reiknuð meðalskor fyrir undirþættina athyglisbrest, ofvirkni/hvatvísi og heildarlistans (AMO). Tafla 3 sýnir meðalskor eftir kyni og aldri. Tiltölulega lítill munur var á meðaltölum karla og kvenna

og aðeins marktækur fyrir ofvirkni/hvatvísi og AMO. Hinsvegar var nokkuð skýr aldurstengdur munur þar sem dregur úr einkennum athyglisbrests, ofvirkni/hvatvísi og AMO með hækkandi aldri (sjá töflu 3).

Tafla 3. Meðalskor fyrir athyglisbrest, ofvirkni/hvatvísi og AMO

	Athyglibrestur M (SF)	Ofvirkni/hvatvísi M (SF)	AMO M (SF)
Kyn			
Karlar	2,4 (2,95)	2,6 (3,08)	5,1 (5,31)
Konur	2,3 (2,81)	2,3 (2,80)**	4,7 (4,87)*
Aldur			
18-25 ára	3,3 (3,37)	3,8 (3,44)	7,2 (5,99)
26-40 ára	2,4 (2,94)	2,7 (3,03)	5,1 (5,18)
41-55 ára	2,1 (2,55)	1,9 (2,41)	4,0 (4,26)
56-70 ára	2,0 (2,58)**	1,8 (2,62)**	3,9 (4,54)**
Allir	**2,40 (2,88)**	**2,47 (2,94)**	**4,88 (5,09)**

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$

Að síðustu var algengi AMO kannað á grundvelli einkennafjölda. Samkvæmt DSM-IV greiningarkerfinu byggist greining á þremur aðgreindum undirflokkum: (1) *athyglisbrestur án ofvirkni/hvatvísi* (jákvætt svar við a.m.k 6 atriðum athyglisbrests og færri en 6 jákvæð svör af atriðum ofvirkni/-hvatvísi); (2) *Ofvirkni/hvatvísi án athyglisbrests* (jákvætt svar við a.m.k. 6 atriðum ofvirkni/hvatvísi og færri en 6 jákvæð svör af atriðum athyglisbrests) og (3) *Athyglisbrestur með ofvirkni/hvatvísi - blönduð gerð* (jákvætt svar við a.m.k. 6 af atriðum athyglisbrests og 6 af atriðum ofvirkni/hvatvísi)[1]. Jákvætt svar þátttakenda taldist vera ef merkt hafði verið við 2 (oft) eða 3 (mjög oft) á atriðum DSM-IV greiningarlistans (sjá sambærilega skorun í Murphy og Barkley, 1996; Páll Magnússon o.fl., 2006). Tafla 4 sýnir niðurstöður fyrir þrjá greiningarflokka DSM IV greiningarkerfisins ásamt heildarniðurstöðu um athyglisbrest með eða án ofvirkni (AMO).

[1] Talning sjúkdómseinkenna telst þó ekki fullnægjandi greining AMO. Til viðbótar þarf að ganga úr skugga um að einkenni hafi verið til staðar í æsku og þau komi fram í fleiri en einum aðstæðum (t.d. heimili, skóla eða vinnu).

Tafla 4. Algengi núverandi einkenna um athyglisbrest með eða án ofvirkni/hvatvísi

	Athyglisbr. án ofvirkni/ hvatvísi	Ofvirkni/ hvatvísi án athyglisbr.	Athyglisbr. með ofvirkni/ hvatvísi	Athyglisbr. með/án ofvirkni/hvatvísi
Karlar	0.2% (n=4)	0,4% (n=7)	0,2% (n=4))	0,9% (n=15)
Konur	0,3% (n=5)	0,4% (n=6)	0,2% (n=4)	0,9% (n=15)
Allir	**0,3% (n=9)**	**0,4% (n=13)**	**0,2% (n=8)**	**0,9% (n=30)**

Tiltölulega fáir 18 til 70 ára íslendingar reyndust hafa einkenni um AMO en heildartalan var 0,9% (vikmörk = 0,3%). Samkvæmt þessum niðurstöðum má gera ráð fyrir að á bilinu 1150 (0,6%) til 2300 (1,2%) fullorðinna Íslendinga stríði hugsanlega við einkenni AMO. Athyglisvert var að engin munur reyndist vera á fjölda karla og kvenna með AMO (χ^2(1, N=3353)=0,08, p≥0,05).

Að lokum voru könnuð tengsl AMO við menntun. Í ljós kom að á meðal þeirra sem hafa einkenni um AMO höfðu aðeins 13% lokið háskólanámi og 33% framhaldsskóla á meðan um 26% þeirra sem ekki hafa einkenni AMO hafa lokið háskólanámi og 43% framhaldskóla (χ^2(2, N=3358)=7,37, p≤0,05).

Lokaorð

Í þessari rannsókn voru próffræðilegir eiginleikar íslenskrar gerðar DSM-IV einkennalista um athyglisbrest með ofvirkni meðal fullorðinna könnuð. Niðurstöður staðfestandi þáttagreiningar bentu til að þrír þættir lýstu samdreifingu gagna best sem er í samræmi við niðurstöður erlendrar rannsóknar (Span, Earleywine og Strybel, 2002). Hinsvegar kom í ljós að áreiðanleikastuðlar fyrir aðgreinda þætti ofvirkni annarsvegar og hvatvísi hinsvegar voru ófullnægjandi. Mátgæðastuðlar staðfestandi þáttagreiningar bentu einnig til að líkan með tveimur þáttum væri viðunandi og áreiðanleika-stuðlar undirþátta og heildarskors undirstrika frekar réttmæti þess líkans. Þar sem þetta líkan er í samræmi við skilgreiningar DSM-IV greiningarkerfisins (American Psychiatric Association, 2000) verður að teljast skynsamlegra að mæla með notkun tveggja þátta líkansins hér á landi.

Meðaltöl undirþátta og heildarskors ásamt algengi AMO meðal fullorðinna á Íslandi voru nokkuð lægri en niðurstöður erlendra rannsókna

gefa til kynna (Montano, 2004; Murphy og Barkley, 1996). Einnig var athyglisvert að engin munur var á algengi AMO meðal karla og kvenna þar sem algengi meðal drengja er iðulega tvisvar til þrisvar sinnum hærra en stúlkna (Biederman, o.fl., 2002; Willoughby, 2002). Erfitt er að geta sér til um hugsanlegar skýringar á þessu en vera kann að það dragi síður úr einkennum stúlkna en drengja á fullorðinsaldri. Þetta þarf hins vegar að kanna með frekari rannsóknum.

Niðurstöður erlendra rannsókna benda til hamlandi áhrifa AMO-einkenna á námsárangur og fram hefur komið að einstaklingar með AMO hætta almennt fyrr í námi en þeir sem ekki eiga við þessa röskun að stríða (Mannuzza, Klein, Bessler, Malloy og Hynes, 1997; Barkley, Fisher, Smallish og Fletcher, 2006). Tengsl AMO-einkenna við námsframvindu var staðfest í þessari rannsókn þar sem þátttakendur sem uppfylltu skilyrði um einkennafjölda samkvæmt DSM-IV greiningarkerfinu höfðu síður lokið framhaldsskóla- eða háskólanámi en þeir sem ekki uppfylltu þau skilyrði.

Á heildina litið gefa niðurstöður þessarar rannsóknar til kynna að mæla má með notkun DSM-IV greiningarlistans til skimunar fyrir núverandi einkennum AMO meðal fullorðinna á Íslandi. Rétt er þó að leggja áherslu á að fyrirlögn DSM-IV einkennalistans eingöngu kemur ekki í stað greiningar. Nauðsynlegt er að leggja fyrir þá sem skora yfir greiningarviðmiðum um einkennafjölda greiningarviðtal þar sem aflað er ítarlegri upplýsinga um einkenni, þroska- og heilsufarssögu og aðlögun í mismunandi aðstæðum. Einnig er skynsamlegt að afla upplýsinga frá öðrum heimildarmönnum (t.d foreldrum) ef mögulegt er. Að lokum er nauðsynlegt að útiloka að önnur geðröskun eins og þunglyndi, kvíði, hugrof eða persónuleikaröskun séu líklegri skýring einkenna um AMO.

Heimildir

American Psychiatric Association. (1980). *Diagnostic and statistical manual of the mental disorders; Text Revision* (3. útg.). Washington: APA.

American Psychiatric Association. (1987). *Diagnostic and statistical manual of the mental disorders; Text Revision* (3. útg.). Washington: APA.

American Psychiatric Association. (2000*). Diagnostic and statistical manual of the mental disorders; Text Revision* (DSM-IV-TR) (4. útg.). Washington: APA.

Arcia, E. og Conners, C. K. (1998). Gender Differences in ADHD? *Journal of Developmental & Behavioral Pediatrics. 19*(2), 77-83,

Barkley, R. A., Fischer, M., Smallish, L. og Fletcher, K. (2002). The persistence of Attention-Deficit/Hyperactivity Disorder into young adulthood as a function of reporting source and definition of disorder. *Journal of Abnormal Psychology*, *111*, 279-289.

Barkley, R. A., Fischer, M., Smallish, L. og Fletcher, K. (2006). Young adult outcome of hyperactive children: adaptive functioning in major life activities. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, *45*, 192-202.

Baumeister, J. J., Alegría, M., Bird, H. R., Rubio-Stipec, M. og Caniono, G. (1992). Are attentional-hyperactivity deficits unidimensional or multi-dimensional syndromes? Empirical findings from a community survey. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, *31*, 423-431.

Bentler, P. M. (1995). *EQS structural equations manual*. Encino, Calif: Multivariate Software.

Bentler, P. M. og Wu, E. J. C. (2002). *EQS 6 for Windows User's Guide*. Encino, CA: Multivariate Software, Inc.

Biederman, J., Mick, E., Faraone, S. V., Braaten, E., Doyle, A., Spencer, T. o.fl. (2002). Influence of gender on attention deficit hyperactivity disorder in children referred to a psychiatric clinic. *American Journal of Psychiatry*, *159*, 36-42.

Daníel Þór Ólason, Guðmundur Á. Skarphéðinsson, Jóhanna E. Jónsdóttir, Mikael Mikaelsson og Sigurður J. Grétarsson (2005). Spilahegðun og algengi spilavanda hjá reykvískum unglingum á aldrinum 13–15 ára: Mat á hugsanlegum áhættuþáttum spilavanda unglinga. *Ungir Íslendinga í ljósi vísindanna: Erindi flutt á málþingi umboðsmanns barna og háskólarektors 5. nóvember 2004*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

DuPaul, G. J., Anastopoulos, A. D., Power, T. J., Reid, R., Ikeda, M. J. og McGoey, M. J. (1998). Parents ratings of Attention-Deficit/Hyperactivity Disorder: Factor structure, normative data, and psychometric properties. *Journal of Psychopathology and Behavioral Assessment*, *20*, 83-102.

Farone, S. V. (2005). The scientific foundation for understanding attention-deficit-hyperactivity disorder as a valid psychiatric disorder. *European Child Adolescent Psychiatry*, *14*, 1-10.

Gísli Baldursson, Ólafur Ó. Guðmundsson og Páll Magnússon (2000). Ofvirkniröskun: yfirlitsgrein. *Læknablaðið*, *86*, 413-419.

Hu, L. og Bentler, P. M. (1999). Cutoff criteria for fit indexes in covariance structure analysis: Conventional criteria versus new alternatives. *Structural Equation Modeling*, *6*, 1-55.

Kessler, R. C., Adler, L., Barkley, R., Biederman, J., Conners, C. K., Demler, O., o.fl. (2006). The Prevalence and Correlates of Adult ADHD in the

United States: Results From the National Comorbidity Survey Replication. *American Journal of Psychiatry, 163*, 716-723.

Lahey, B. B., Applegate, B., McBurnett, K., Biederman, J., Greenhill, L., Hynd, G. W. o.fl. (1994). DSM-IV field trials for attention deficit hyperactivity disorder in children and adolescents. *American Journal of Psychiatry, 151*, 1673-1685

Mannuzza, S., Klein, R. G., Bessler, A., Malloy, P. og Hynes, M. E. (1997). Educational and occupational outcome of hyperactive boys grown up. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, *36*, 1222-1227.

Margrét Valdimarsdóttir, Agnes Huld Hrafnsdóttir, Páll Magnússon og Ólafur Ó. Guðmundsson (2005). Orsakir ofvirkniröskunar-yfirlitsgrein. *Læknablaðið, 91*, 409-414.

Montano, B. (2004). Diagnosis and treatment of ADHD in adults in primary care. *Journal of Clinical Psychiatry*, *65*, 18-21.

Murphy, K. og Barkley, R. A. (1996). Prevalence of DSM-IV symptoms of ADHD in adult licensed drivers: Implications for clinical diagnosis. *Journal of Attention Disorders*, *1*, 147-161.

Páll Magnússon, Jakob Smári, Dagbjört Sigurðardóttir, Gísli Baldursson, Jón Sigmundsson o.fl. (2006). Validity of self-report and informant rating scales of adult ADHD symptoms in comparison with a semistructured diagnostic interview. *Journal of Attention Disorders*, *9*, 494-503.

Páll Magnússon, Jakob Smári, Hrönn Grétarsdóttir og Hrund Þrándardóttir (1999). Attention-Deficit/Hyperactivity symptoms in Icelandic school-children: Assessment with the Attention-Deficit/Hyperactivity Rating Scale-IV. *Scandinavian Journal of Psychology*, *40*, 301-306.

Sigríður D. Benediktsdóttir og Sóley D. Davíðsdóttir (2003). Sjálfsmats-kvarði Conners-Wells fyrir unglinga: Stöðlun og athugun á próffræði-legum eiginleikum. *Sálfræðiritið*, *8*, 83-92.

Span, S. A., Earlywine, M. og Strybel, T. Z. (2002). Confirming the factor structure of attention deficit hyperactivity disorder symptoms in adult, nonclinical samples. *Journal of Psychopathology and Behavioral Assessment*, *24*, 129-136.

Willoughby, M. T. (2003). Developmental course of ADHD symptoma-tology during the transition from childhood to adolescence: a review with recommendations. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, *44*, 88-106.

Sjálfsvirðing og líðan unglinga

Elín Díanna Gunnarsdóttir
Jóhanna Bergsdóttir

Unglingsárin eru tími undirbúnings og mótunar fyrir fullorðinsárin og á því tímabili eiga sér stað miklar breytingar sem allar eiga það sameiginlegt að búa unglinga undir fullorðinsárin (Archibald, Graber og Brooks-Gunn, 2003; Byrnes, 2003; Harper og Marshall, 1991). Þessar breytingar geta reynst unglingum erfiðar þó þetta tímabil sé án alvarlegra vandkvæða fyrir flesta (Harper og Marshall, 1991). Fjöldi þátta getur haft áhrif á hversu vel unglingum tekst að eiga við þetta tímabil breytinga og er sjálfsvirðing (*self-esteem*) einn þeirra. Það kemur kannski ekki á óvart að þeir einstaklingar sem hafa hærri sjálfsvirðingu eru venjulega með færri vandamál, þeir eiga fleiri vini og eru virkari félagslega. Þeim virðist einnig ganga betur námslega, þó upplýsingar varðandi þau tengsl séu misvísandi (Bankston og Min, 2002; Baumeister, Smart og Boden, 1996; Robins og Pals, 2002). Þeir sem hafa lægri sjálfsvirðingu skortir oft félagslegan stuðning, þ.e. eiga fáa vini og það ásamt öðru getur meðal annars leitt til aukins þunglyndis (Demo, 2001; Way og Greene, 2006). Eins hafa rannsóknir leitt í ljós mun á sjálfsvirðingu kynjanna (Forney, Forney og Crutsinger, 2005; Kendler, Gardner og Prescott, 1998; Phares, Steinberg og Thompson, 2004), en sjálfsvirðing stúlkna er að jafnaði lægri en drengja og er munurinn enn meiri þegar kynþroskaskeiðið hefst (Harper og Marshall, 1991; Robins og Trzesniewski, 2005; Way og Greene, 2006).

Fjöldi rannsókna hafa verið gerðar til að sýna fram á mikilvægi sjálfsvirðingu og hvernig hún hefur áhrif á hugræna virkni, örvun, tilfinningar og hegðun (Campbell og Lavallee, 1993; Mruk, 1999) og virðist jákvæð sjálfsvirðing vera mikilvægur þáttur í allri félagslegri hegðun unglinga. Börn og unglingar með háa sjálfsvirðingu hafa sjálfsöryggi (*self-confidence*), eru forvitin, sjálfstæð, sýna frumkvæði og aðlögunarhæfni bæði gegn streitu og ýmsum breytingum. Hins vegar eru börn og unglingar með lága sjálfsvirðingu oft þunglynd (Robertson og Simons, 1989; Forney o.fl., 2005; Birndorf, Ryan, Auinger og Aten, 2005), eiga í aðlögunarerfiðleikum, hafa ekki

sjálfstraust og sýna hvorki forvitni, frumkvæði né sjálfstæði (Harter, 1990, Forney, o.fl., 2005). Þrátt fyrir að rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi sjálfsvirðingu vilja þó aðrir meina að áherslan á sjálfsvirðingu og hlutverk þess í hegðun einstaklinga sé of mikil (Baumeister, Campbell, Krueger og Vohs, 2003). Erfitt geti reynst að ákvarða hvort kom á undan, sjálfsvirðing eða betri líðan og árangur í lífinu. Hvort að einstaklingur sem stendur sig vel, t.d. í daglega lífinu og í námi eða vinnu sé með hærri sjálfsvirðingu vegna þess, eða hvort að hann sé með háa sjálfsvirðingu í upphafi og standi sig því betur en ella.

Hvort sem sú skýring að góður námsárangur geri það að verkum að sjálfsvirðing verði hærra eða að há sjálfsvirðing leiði til betri námsárangurs, þá hafa erlendar rannsóknir sýnt fram á að tengsl eru á milli þessara þátta (Bankston og Zhaou, 2002; Baumeister ofl., 1996; Baumeister ofl. 2003; Sedikides og Gregg, 2003). Íþróttir og önnur tómstundaiðkun virðast einnig skipta máli í sambandi við sjálfsvirðingu unglinga. En íþróttaiðkun er þáttur sem hefur jákvæð tengsl við sjálfsvirðingu unglinga (Spence, McGannon og Poon, 2005; Fox, 2000). Unglingar sem stunda íþróttir hafa að jafnaði hærri sjálfsvirðingu, eru sáttari með sjálfa sig, líkama sinn og útlit (Bowker, Gadbois og Cornock, 2003; Frank og Gustafson, 2001; Frost og McKelvie, 2005) og eru ekki eins kvíðnir og þeir sem stunda ekki íþróttir (Bisinger, Laure og Ambard, 2006). Þeir unglingar sem eru virkir í íþróttum eiga jafnan fleiri vini og eru vinsælli á meðal jafningja (Field, Diego og Sanders, 2001), þeir eru einnig virkari í félagsstörfum og annarri afþreyingu (Taylor og Brown, 1988; Bailey, Moulton og Moulton, 1999). Einnig hefur komið fram að þeir sem eiga velgengni að fagna í íþróttum eru mun líklegri til að fá jákvæð viðbrögð frá umhverfinu og sjálfsvirðingin magnast við þau viðbrögð (Holland og Andre, 1999).

Tengsl sjálfsvirðingar við námsframmistöðu, íþróttaiðkun og andlega líðan unglinga í efsta bekk grunnskóla á Íslandi hafa lítið verið rannsökuð og var markmið rannsóknarinnar því að skoða þessi tengsl með áherslu á samanburð kynjanna.

Aðferð

Þátttakendur

Úrtak rannsóknarinnar voru allir nemendur í tíundu bekkjum fimm grunnskóla á Norðurlandi eystra samtals um 292 nemendur, allir fæddir árið

1990. Þátttakendur voru þeir nemar sem mættir voru í tíma þegar rannsóknin var lögð fyrir, 197 talsins, 98 stúlkur og 99 drengir.

Mælitæki

Sjálfsmatskvarði Rosenberg (SES) er 10 atriða spurningalisti sem mælir hugsanir og tilfinningar einstaklingsins gagnvart sjálfum sér (Rosenberg, 1965). SES samanstendur af 10 staðhæfingum þar sem einstaklingur er beðinn um að meta hversu vel þær eiga við hann í dag eða síðustu sex mánuði. Hægt er að svara hverri spurningu á fjóra vegu; mjög ósammála, ósammála, frekar sammála og sammála. Hver spurning gefur frá 0 og upp í þrjú stig, lægsta mögulega skor úr listanum er því núll og hæsta skor er 30 stig. Því fleiri sem stigin eru því betri sjálfsvirðingu hefur einstaklingurinn. Þátttakendum var skipt í tvo hópa byggt á svörum þeirra á SES kvarðanum. Miðgildið var notað til að fá annars vegar hóp sem taldist vera með háa sjálfsvirðingu (skoruðu 22-30) og hins vegar hóp sem taldist vera með lága sjálfsvirðingu (skoruðu 0-21).

YSR-próf (*Youth Self Report*) er spurningalisti sem metur líðan og hegðun unglinga á aldrinum 11 – 18 ára (Achenbach og Rescorla, 2001). Spurningalistinn er tvískiptur, annars vegar eru spurningar sem varða félagsleg atriði svo sem þátttöku unglinga í íþróttum, tómstundum og annarri virkni; samskiptum við fjölskyldu og vini og frammistöðu í skóla. Hins vegar eru 112 staðhæfingar þar sem einstaklingurinn metur hversu vel þær eigi við um hann. Í þessum hluta er val á milli þriggja svarmöguleika sem eru: 0 = ekki rétt, 1 = stundum eða að einhverju leyti rétt, 2 = á mjög vel við eða er oft rétt. Við úrvinnslu eru svör við staðhæfingunum umreiknuð í *T*-skor og flokkuð í átta undirþætti sem saman mynda þrjá yfirþætti: heildarerfiðleikar (*total problems*), andleg líðan (*internalizing*) og hegðun (*externalizing*). Þátturinn sem metur andlega líðan var notaður í þessari rannsókn.

Framkvæmd

Áður en rannsóknin hófst var send tilkynning til Persónuverndar. Að fengnu leyfi hjá skólastjórum grunnskólanna voru nemendur sendir heim með bréf til foreldra/forráðamanna þar sem rannsóknin var kynnt og útskýrð stuttlega. Ef foreldrar/forráðamenn vildu ekki að unglingarnir tækju þátt í rannsókninni og/eða ef unglingurinn kaus sjálfur að taka ekki þátt þá endursendu foreldrar/forráðamenn bréfið til baka í skólann með undirskrift sinni.

Rannsóknin fór þannig fram að rannsakandi lagði mælitækin (SES og YSR) fyrir í kennslustund hjá nemendum, í flestum tilfellum voru tímar í

Lífsleikni notaðir. Að lokinni fyrirlögn safnaði rannsakandi blöðunum saman og unglingunum gefinn kostur á að spyrja frekar út í rannsóknina.

Niðurstöður

Markmið rannsóknarinnar var að skoða tengsl sjálfsvirðingar og námsframmistöðu hjá unglingum í tíunda bekk grunnskóla, auk þess sem tengsl sjálfsvirðingar og andlegrar líðan voru rannsökuð með áherslu á kynjamun.

Þátttakendum var skipt í tvo hópa, þá sem mældust með háa sjálfsvirðingu og þá sem mældust með lága sjálfsvirðingu. Eins og fram kemur í mynd eitt mátu þeir unglingar sem mældust með hærri sjálfsvirðingu námsframmistöðu sína betri (M=8,39, sf=2,27) en þeir sem voru með lægri sjálfsvirðingu (M=6,85, sf=2,49), $F(1,189) = 21{,}100$, $p<0{,}001$. Ekki reyndist vera munur á því hvernig drengir (M=7,69; sf=2,63) og stúlkur (M=7,60; sf=2,37) mátu námsframmistöðu sína $F(1,189)=1{,}071$, $p>0{,}05$ og ekki reyndist marktæk samvirkni á milli sjálfsvirðingar og kynferðis.



Mynd 1. Samanburður á mati einstaklinga með lægri og hærri sjálfsvirðingu á námsframmistöðu sinni.

Þegar unglingar með hærri sjálfsvirðingu voru bornir saman við þá sem voru með lægri sjálfsvirðingu með tilliti til andlegrar líðan kom í ljós að unglingar með lægri sjálfsvirðingu létu í ljós neikvæðari andlega líðan (M = 48,35; sf = 8,21) en þeir sem voru með hærri sjálfsvirðingu (M = 58,95; sf =

10,64), $F(1,195) = 61,5$, $p<0,0001$. Eins reyndist vera munur á milli kynjanna þar sem stúlkurnar létu í ljós betri andlega líðan ($M = 55,12$; $sf = 11,41$) en drengirnir ($M = 52,03$; $sf = 10,09$), $F(1,195) = 4,06$, $p<0,05$. Drengirnir reyndust samt sem áður vera með hærri sjálfsvirðingu ($M = 22,85$; $sf = 5,47$) en stúlkurnar ($M = 18,66$; $sf = 6,47$), $F(1,195)=16,479$, $p<0,001$. Þrátt fyrir þessar niðurstöður reyndist ekki marktæk samvirkni á milli kynferðis og sjálfsvirðingar með tilliti til andlegrar líðan.

Í ljós kom að unglingar með hærri sjálfsvirðingu eyddu meiri tíma í íþróttir á viku ($M = 1,95$; $sf = 1,76$) samanborið við þá sem voru með lægri sjálfsvirðingu ($M = 2,67$; $sf = 1,76$), $t(195) = 2,870$, $p<0,01$. Þegar sá tími sem hóparnir voru að nota í tómstundirnar var kannaður sást að ekki er marktækur munur á milli hópsins með lægri sjálfsvirðingu ($M = 2,76$; $sf = 1,57$) og þess með hærri sjálfsvirðingu ($M = 2,53$; $sf = 1,63$), $t(195)=1,022$, $p>0,05$.

Umræða

Markmið rannsóknarinnar var að skoða tengsl sjálfsvirðingar og námsframmistöðu hjá unglingum í tíunda bekk grunnskóla, auk þess að skoða tengsl sjálfsvirðingar og andlegrar líðan með áherslu á kynjamun.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að það séu tengsl á milli sjálfsvirðingar unglinga og mats þeirra sjálfra á frammistöðu sinni í námi. Þeir unglingar sem voru með hærri sjálfsvirðingu mátu námsframmistöðu sína betri en þeir sem voru með lægri sjálfsvirðingu. Í ljósi þess að námsframmistaða var einungis metin af unglingunum sjálfum er ekki hægt að ályktа um tengsl raunverulegs námsárangurs og sjálfsvirðingar. Framtíðar rannsóknir ættu að varpa frekara ljósi á það samband. Eins er mikilvægt að hafa í huga að þessi rannsókn svarar ekki vangaveltum um það hvort kom á undan aukin sjálfsvirðing eða góður námsárangur, en fyrri rannsóknir hafa veitt misvísandi upplýsingar um tengsl þessara þátta (Bankston og Zhaou, 2002; Baumeister ofl., 1996; Baumeister ofl. 2003; Sedikides og Gregg, 2003).

Unglingar sem sýndu hærri sjálfsvirðingu reyndust einnig vera með betri andlega líðan en þeir sem sýndu lægri sjálfsvirðingu. Þessar niðurstöður eru í takt við fyrri rannsóknir sem sýnt hafa fram á mikilvægi sjálfsvirðingar í tengslum við líðan fólks (Campbell og Lavallee, 1993; Mruk, 1999).

Þar sem stúlkurnar reyndust vera með lægri sjálfsvirðingu, en jafnframt betri andlega líðan en drengirnir er mikilvægt að skoða nánar samspil þessara

þátta til að betri skilningur fáist á samspili andlegrar líðunar og sjálfsvirðingar hjá unglingum á Íslandi.

Heimildir

Achenbach, T. M. og Rescorla, L. A. (2001). *Manual for the ASEBA School-Age Forms & Profiles.* Burlington, VT: University of Vermont, Research Center for Children, Youth & Families.

Archibald, A. B., Graber, J. A. og Brooks-Gunn, J. (2003). Pubertal processes and physiological growth in adolescence. Í G. R. Adams og M. Berzonsky (Ritstj.), *Blackwell Handbook of Adolescence* (bls. 24-47). Malden MA: Blackwell Publishing.

Bailey, K., Moulton, P. og Moulton, M. (1999). Athletics as a predictor of self-esteem and approval motivation [Vefútgáfa]. *The Sport Journal, 2*(2).

Bankston, C. L. og Min, Z. (2002). Being well vs. doing well: self-esteem and school performance among immigrant and non-immigrant racial and ethnic Groups. *International Migration Review, 36*(2), 389-415.

Baumeister R. F., Campbell J. D., Krueger J. I. og Vohs K. D. (2003). Does high self-esteem cause better performance, interpersonal success, happiness, or healthier lifestyles? *Psychological Science in the Public Interest, 4,* 1-44.

Baumeister, R. F., Smart, L. og Boden, J. M. (1996). Relation of threatened egotism to violence and aggression: The dark side of high self-esteem. *Psychological Review*, *103*, 5-33.

Binsinger, C., Laure, P. og Ambard, M. F. (2006). Regular extra curricular sports practice does not prevent moderate or severe variations in self-esteem or trait anxiety in early adolescents. *Journal of Sports Science and Medicine, 5*, 123-129.

Birndorf S., Ryan S., Auinger P. og Aten M. (2005). High self-esteem among adolescents: longitudinal trends, sex differences, and protective factors. *Journal of Adolescent Health*, *37*(3), 194-201

Bowker, A., Gadbois, S. og Cornock, B. (2003). Sports participation and self-esteem: Variations as a function of gender and gender role orientation [Vefútgáfa]. *Sex Roles, 49*, 47-58.

Byrnes, J. P. (2003). Cognitive development during adolescence. Í G. R. Adams og M. Berzonsky (Ritstj.), *Blackwell Handbook of adolescence* (bls. 227-246). Malden MA: Blackwell Publishing.

Campbell, J. D. og Lavellee, L. F. (1993). Who am I?: The role of self-concept confusion in understanding the behavior of people with low self-

esteem. Í R. F. Baumeister (Ritstj.), *Self-esteem: The puzzle of low self-regard* (bls. 3-20). New York: Plenum.

Demo, D. (2001). Self-esteem of children and adolescents. Í T. J. Owens, S. Stryker og N. Goodman (Ritstj.). *Extending Self-Esteem Theory and Reasearch: Sociological and Psychological Currents* (bls. 135-156). New York: Cambridge University Press.

Field, T., Diego, M. og Sanders, C. (2001). Exercise positively affects adolescents' relationships and academics. *Adolescence, 36*(141), 105-110.

Forney, W. S., Forney, J. C. og Crutsinger, C. (2005). Gender, delinquent status, and social acceptance as predictors of the global self-esteem of teens. *Family and Consumer Sciences Research Journal, 33*(3), 208-219.

Fox. K. R. (2000). Self-esteem, self-perceptions and exercise. *International Journal of Sport Psychology, 31*, 228-240.

Frank, M. A. og Gustafson, S. (2001). *The reciprocal influence of self-esteem and exercise*. Sótt 24. febrúar 2006, frá slóðinni http://www.behavioralconsultants.com/exercise_&_self-esteem.htm

Frost, J. og McKelvie, S. J. (2005). The relationship of self-esteem and body satisfaction to exercise activity for male and female elementary school, high school, and university students [Vefútgáfa]. *The Online Journal of Sport Psychology, 7*(4).

Harper, J. F. og Marshall, E. (1991). Adolescents´ problems and their relationship to self-esteem. *Adolescence*, *26*(104), 799-808.

Harter, S. (1993). Causes and consequences of low self-esteem in children and adolescents. Í R. F. Baumeister (Ritstj.), *Self-esteem: The puzzle of low self-regard* (bls. 87-112). New York: Plenum Press.

Holland, A. og Andre, T. (1999). Student characteristics and choice of high school remembrance role. *Adolescence, 34*(134), 315-338.

Kendler, K. S., Gardner, C. O. og Prescott, C. A. (1998). A population-based twin study of self-esteem and gender. *Psychological Medicine, 28*(6), 1403-1409.

Mruk, C. (1999). *Self-Esteem: Research, theory, and practice* (2. útg.). New York: Springer.

Phares, V., Steinberg, A. R. og Thompson, J. K. (2004). Gender differences in peer and parental influences: body image disturbance, self-worth, and psychological functioning in preadolescent children. *Journal of Youth and Adolescence, 33*(5), 421-429.

Robertson, J. F. og Simons, R. L. (1989). Family factors, self-esteem and adolescent depression. *Journal of Marriage and the Family, 51*, 125-138.

Robins R. W. og Pals, J. L. (2002). Implicit self-theories in the academic domain: Implications for goal orientation, attributions, affect, and self-esteem change. *Self and Identity, 1*, 313-336.

Robins, R. W. og Trzesniewski, K. H. (2005). Self-esteem development across the lifespan [Vefútgáfa]. *Current Directions in Psychological Science, 14*(3), 158-162.

Rosenberg, M. (1965). *Society and the adolescent self-image*. Princeton, NJ: Princeton University Press.

Sedikides, C. og Gregg, A. P. (2003). *Portraits of the self*. Í M. A. Hogg og J. Cooper (Ritstj.), *The Sage Handbook of Social Psychology* (bls. 24-47). Thousand Oaks, CA: Sage Publications.

Spence, J. C., McGannon, K. R. og Poon, P. (2005). The effect of exercise on global self-esteem: A quantitative review. *Journal of Sport & Exercise Psychology, 27*(3), 311-334.

Taylor, S. E. og Brown, J. D. (1988). Illusion and well being: A social psychological perspective on mental health. *Journal of Personality and Social Psychology, 103,* 193-210.

Way, N. og Greene, M. L. (2006). Changes in perceptions of friendship quality during adolescence: Using growth curve analysis to examine patterns and contextual predictors. *Journal of Research on Adolescence, 16*, 293-320.

Áhrif orðagilda á eiginleika Likert atriða?

Fanney Þórsdóttir

Gagnsemi við að nota mat dómara á orðagildum til að hanna Likert atriði með eiginleika jafnbilakvarða var könnuð. Forsendur þess að sú aðferð nái tilætluðum árangri eru í fyrsta lagi að svarendur noti orðagildi til að staðsetja svarmöguleika á matsvídd og í öðru lagi að mat svarenda á orðagildum sé sambærilegt við mat dómara á sömu orðagildum. Alls mátu 85 háskólanemar 30 orðagildi í forkönnun og á grundvelli þess mats voru orðagildi valin á tvær útgáfur Likert kvarða. Í A útgáfu kvarðans voru orðin „að mestu“ og „lítið eitt“ notuð til að afmarka merkingu svarmöguleika sem endurspegluðu jákvætt og neikvætt viðhorf en í B útgáfu hans voru orðin „algerlega“ og „talsvert“ notuð. Í báðum útgáfum var orðagildið „hlutlaus“ notað til að skilgreina svarmöguleika sem endurspeglaði hvorki jákvætt né neikvætt viðhorf. Samkvæmt niðurstöðu úr forkönnun meta dómarar jafnt bil á milli þeirra orðagilda sem notuð voru í A útgáfu kvarðans. Þau orðagildi afmörkuðu einnig þrengra svæði á matsvídd en orðagildi í B útgáfu. Viðhorfakvarðinn var lagður fyrir 641 háskólanema, 322 fengu A útgáfu kvarðans og 319 B útgáfu hans. Atriðagreining leiddi í ljós að munur var á þröskuldum atriða eftir því hvor útgáfa kvarðans var notuð. Svarmöguleikar A útgáfu skilgreindu þrengra svæði en svarmöguleikar B útgáfu. Atriðagreining sýndi einnig að fjarlægð á milli þröskulda atriða í A útgáfu kvarðans var mismikil. Niðurstöður benda því til að svarendur noti orðagildi til að staðsetja svarmöguleika á matsvídd en að ekki sé hægt að gera ráð fyrir að mat dómara á orðagildum endurspegli mat svarenda í spurningakönnun. Ljóst er að ekki er ávinningur af því að nota mat dómara til að hanna Likert atriði með eiginleika jafnbilakvarða.

Spurningakannanir eru útbreidd aðferð til að afla upplýsinga um viðhorf fólks til ýmissa málefna. Í könnunum eru Likert atriði eða matskvarðar (*rating scales*) yfirleitt notuð til að mæla viðhorf en þá fylgir fullyrðingu eða spurningu mælistika með svarmöguleikum. Það er til að mynda algengt að spurt sé hve hlynntir eða andvígir viðmælendur eru tilteknu málefni eða hve sammála eða ósammála þeir eru fullyrðingu. Svarmöguleikar á mælistiku

standa síðan fyrir misjákvætt eða neikvætt viðhorf og viðmælandi á að velja þann svarmöguleika sem endurspeglar best viðhorf hans. Hefð er fyrir því að nota fimm svarmöguleika og yfirleitt er mælt með því að hver þeirra sé merktur með orðagildum til að auka áreiðanleika mælinga (Schaeffer og Presser, 2003).

Undanfarna áratugi hafa menn lítið velt fyrir sér hvaða orðagildi best sé að nota og virðist val þeirra helst stjórnast af vana. Það er til að mynda hefðbundið að nota orðagildin „mjög sammála/ósammála“, „frekar sammála/ósammála“ og „hlutlaus“. Nýlega hefur hins vegar borið á gagnrýni á þessa skipan mála og menn hvattir til að velja orðagildi á svarmöguleika sem hafa jafnt bil sín á milli (Krosnick og Fabriger, 1999; Schaeffer og Presser, 2003). Bent er á að hægt sé að nýta sér niðurstöður gildunarannsókna (*scaling studies*) en markmið slíkra rannsókna er að meta gildi fjölmargra orðagilda (sjá t.d. Cliff, 1959). Á grundvelli þeirra er því hægt að velja orðagildi sem hafa jafnt bil sín á milli.

Óumdeilanlega væri mikið gagn af þessari aðferð til að hanna Likert atriði ef hún skilaði tilætluðum árangri. Það er hins vegar óvíst að svo sé raunin. Nokkrar ástæður eru fyrir því að efast má um gagnsemi hennar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að svarendur í spurningakönnun noti orðagildi til að staðsetja svarmöguleika á matsvídd. Þetta hefur nokkuð verið athugað en niðurstöður fyrri rannsókna hafa verið misvísandi og aðferðafræðilegir gallar gert það að verkum að erfitt er að draga skýrar ályktanir af niðurstöðum (Thorsdottir, 2005). Það er því hugsanlegt að svarendur líti fram hjá þeim orðagildum sem fylgja svarmöguleikum og væri þá lítið gagn í að velja orðagildi á grundvelli gildunarannsókna.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að merking orðagilda sé óháð því samhengi sem þau eru metin innan. Í gildunarannsókn eru orðagildi metin ein og sér en í spurningakönnun eru þau ávalt metin í tengslum við tilekna viðhorfaspurningu. Það samhengi sem orðagildi eru metin innan er því ólíkt hjá dómurum í gildunarannsókn og hjá svarendum í spurningakönnun og það er hugsanlegt að þetta samhengi hafi áhrif á mat á merkingu þeirra.

Samhengi gæti einnig skipt hér máli á annan hátt því að hvert orðagildi er metið innan annar konar safns orðagilda í gildunarannsókn en í spurningakönnun. Það er vel þekkt innan sáleðlisfræðinnar að safn þeirra áreita sem tiltekið áreiti er metið innan hefur áhrif á það mat (Eiser, 1990). Það er því hugsanlegt að dómarar og þátttakendur í spurningakönnun meti tiltekið orðagildi á mismunandi hátt einfaldlega vegna þess að það birtist innan ólíks safns orðagilda.

Ef merking orðagilda er háð þeirri spurningu sem þau tilheyra eða því safni orðagilda sem þau eru metin innan mun mat dómara ekki endurspegla mat svarenda í spurningakönnun. Lítill ávinningur væri þar af leiðandi af því að styðjast við niðurstöður gildunarannsókna til að velja orðagildi.

Í þessari rannsókn var athugað hvort hægt væri að nota þá aðferð sem lýst var hér að ofan (tveggja þrepa aðferð) til að búa til Likert atriði með jafnbilaeiginleika. Fyrst var gildunarannsókn framkvæmd og niðurstöður hennar notaðar til að velja orðagildi á matskvarða sem fylgdu viðhorfa-spurningum. Tvenns konar matskvarðar voru hannaðir. Annars vegar kvarði með jafnt og stutt bil á milli orðagilda (kvarði A) og hins vegar kvarði með ójafnt en langt bil á milli orðagilda (kvarði B). Þar að auki var merking orðagilda á kvarða B ónákvæmari en á kvarða A. Spurningakönnun var síðan framkvæmd þar sem viðhorf fólks til líftækni var mælt og var þátttakendum skipt í tvo hópa. Báðir hópar fengu sömu viðhorfaspurningar en hópur A fékk kvarða A og hópur B fékk kvarða B. Atriðagreining var notuð til að meta gagnsemi tveggja þrepa aðferðarinnar. Fyrst var athugað hvort svarendur notuðu orðagildi til að staðsetja svarmöguleika á matsvídd með því að bera saman mátgæði tveggja raðkvarða líkana (*graded response models*) (Samejima, 1969). Í öðru líkaninu var gert ráð fyrir að stuðlar sömu atriða væru þeir sömu á milli hópa en í því síðara voru engar hömlur settar á stuðla atriðanna. Ef svarendur nota orðagildi til að staðsetja svarmöguleika á matsvídd ættu stuðlar ekki að vera þeir sömu á milli hópa. Sundurgreiningar-stuðull og bil á milli þröskulda hjá hópi A ættu að vera minni en hjá hópi B. Á sama hátt var kannað hvort bil á milli þröskulda hjá hópi A væri jafnstórt. Sé það raunin bendir það til að mat svarenda á merkingu orðagilda endurspegli mat dómara.

RANNSÓKN 1

Aðferð

Þátttakendur

Alls tóku 85 nemendur í félagssálfræði við London School of Economics and Political Science þátt. Þessir nemendur voru frá ólíkum deildum háskólans og voru flestir þeirra innan við 10 mínútur að ljúka verkefninu.

Orðagildi

Rannsóknir annarra á merkingu orðagilda voru hafðar til hliðsjónar þegar orðagildin voru valin (Cliff, 1995; Jones & Thurstone, 1953; Krosnick & Fabrigar, 1999; Spector, 1976). Eftirfarandi 30 atviksorð voru valin.

A bit
A little
A lot
Absolutely
Completely
Deeply
Entirely
Fully
Highly
Indifferent
Mainly
Moderately
Mostly
Neither agree nor disagree
Neutral
Partially
Partly
Quite a bit
Rather
Really
Slightly
Somewhat
Sort of
Strongly
Tend to
To a certain extent
To a great extent
To a large extent
To some extent
Totally
Utterly
Very much
Wholly

Hvert atviksorð fylgdi síðan frösunum sammála (*agree*) og ósammála (*disagree*). Alls mátu því þátttakendur merkingu 60 orðagilda á 11 punkta matskvarða.

Framkvæmd

Þátttakendur fengu dæmi þar sem verkefni þeirra var útskýrt og voru síðan beðnir um meta hve sterka afstöðu hvert orðagildi endurspeglaði (sjá nánari lýsingu í Thorsdottir, 2005). Hjá helmingi dómara var röð orðagilda snúið við til að draga úr hættu á þreytuáhrifum.

Í verkefni sem þessu er hætta á að einhverjir þeirra sem taka þátt misskilji hvað til sé ætlast af þeim eða leggi sig ekki fram. Í því augnamiði að útiloka þessa þátttakendur var stuðst við þau viðmið sem sett eru fram í Cliff (1959) og Jones og Thurstone (1955). Í engu tilfelli var þörf á að fjarlæga þátttakendur á grundvelli þessara viðmiða. Heildarfjöldi þátttakenda var því 85.

Aðferð við að reikna gildi orðagilda

Raðkvarðaaðferðin (*method of successive intervals*) (Guildford, 1954) var notuð til að reikna út gildi orðagilda (sjá nánari lýsingu í Thordottir, 2005)

Niðurstöður og umræða

Gildi og staðalfrávik hvers orðagildis eru í töflu 1. Gildin gefa til kynna merkingu orðagilda og staðalfrávik þeirra hve nákvæm eða margræð merking þeirra er.

Á grundvelli þessara niðurstaðna voru tveir matskvarðar búnir til. Á kvarða A voru orðagildin „hlutlaus“ (indifferent), „að mestu ósammála/-sammála“ (mainly disagree/agree) og „litið eitt ósammála/sammála“ (disagree/agree a bit) valin. Á kvarða B voru orðagildin „hlutlaus“ (indifferent), „algerlega ósammála/sammála“ (utterly disagree/agree) og „talsvert ósammála/sammála“ (disagree/agree quite a bit) (sjá mynd 1). Samkvæmt þessum niðurstöðum ætti fyrrnefndi kvarðinn að vera jafnbila-kvarði en sá síðarnefndi raðkvarði.

Tafla 1. Gildi og staðalfrávik orðagilda

	Sammála		Ósammála	
	Gildi	*SF*	*Gildi*	*SF*
Entirely	7	1.1	-7	1.0
Absolutely	7	1.1	-7	1.0
Utterly	6	1.8	-7	1.4
Fully	6	1.2	-7	1.0
Totally	6	1.1	-7	1.2
Completely	6	0.9	-7	1.0
Wholly	6	1.4	-7	1.4
Deeply	5	1.2	-6	1.0
Strongly	5	0.8	-6	1.1
To a large extent	5	0.9	-5	1.2
Highly	5	0.9	-5	0.9
To a great extent	5	1.3	-5	0.8
Very much	5	0.9	-5	0.9
Really	5	1.0	-5	1.0
A lot	5	0.8	-5	0.8
Mostly	4	1.6	-5	0.9
Mainly	4	0.8	-4	1.1
Quite a bit	3	1.1	-4	1.1
Tend to	3	1.0	-3	1.0
Rather	3	1.0	-3	1.0
Moderately	3	1.2	-3	0.9
To a certain extent	3	0.9	-3	1.2
To some extent	3	0.9	-3	1.1
Partly	2	0.9	-3	1.0
Partially	2	0.9	-3	1.0
Somewhat	2	0.9	-3	0.9
A little	2	0.8	-2	0.9
Sort of	2	0.9	-2	1.0
Slightly	2	0.9	-2	0.8
A bit	2	0.7	-2	0.8
	Scale value	SD		
Neither agree nor disagree	0	1.2		
Indifferent	0	0.6		
Neutral	0	1.2		



Mynd 1. Tveir matskvarðar hannaðir á grundvelli niðurstaðna í töflu 1

RANNSÓKN 2

Aðferð

Þátttakendur

Spurningalisti var sendur með tölvupósti til nemenda í ýmsum deildum London School of Economics and Political Sciences í Mars 2003. Alls tóku 641 nemandi þátt og fengu 322 þeirra kvarða A en 319 kvarða B.

Mælitæki

Viðhorf til líftækni voru mæld með eftirfarandi fjórum atriðum[1].

1. Það ætti að setja strangari reglur til að verja fólk fyrir hættum í tengslum við líftækni
2. Menn ættu að ráðfæra sig við almenning um líftækni
3. Það ætti að sérmerkja erfðabreytta matvöru
4. Trúarsamtök þurfa að hafa eitthvað um það að segja hvernig reglur eru settar um líftækni.

Svarendur voru beðnir um að gefa til kynna hve sammála eða ósammála þeir voru hverri fullyrðingu á fimm punkta kvarða og allir svarmöguleikar voru merktir. Svarmöguleikar tóku tölugildi frá 1 (að mestu/algerlega ósammála) til 5 (að mestu/algerlega sammála). Hátt gildi á kvarðanum gefur því til kynna neikvætt viðhorf til líftækni.

---

[1] Atriðin voru lögð fyrir á ensku og eru lauslega þýdd hér. Upplýsingar um enska orðun spurninga er að finna í Thorsdottir (2005).

Framkvæmd

Spurningalisti var sendur með tölvupósti til svarenda og var sagt að markmið rannsóknar væri að meta viðhorf fólks til ýmissa málefna. Þátttakendum var skipt af hentugleika í tvo hópa. Annar hópurinn fékk líftæknispurningar með kvarða A (hópur A) og hinn með kvarða B (hópur B). Þátttakendur voru beðnir um að senda póstinn áfram til nemenda sem þeir þekktu (sjá Thorsdottir, 2005 fyrir nánari lýsingu á framkvæmd)

Úrvinnsla gagna

Nokkur misbrestur var á að öllum viðhorfaspurningum væri svarað. Alls svöruðu 14 manns einungis hluta þeirra viðhorfaspurninga sem notaðar voru og 3 svarendur höfðu annað hvort misskilið spurningar eða ekki svarað þeim af alvöru. Einungis var unnið með svör þeirra sem svöruðu öllum viðhorfaspurningunum. Alls voru því 624 svör greind, 312 í hvorum hópi.

Ein af forsendum raðkvarðalíkansins er að einn undirliggjandi viðhorfaþáttur hafi áhrif á all staðhæfingar sem greindar eru. Til að leggja mat á þessa forsendu var staðfestandi þáttagreining notuð og forritið Lisrel 8.5 (Jöreskog, Sörbom, du Toit og du Toit, 2000) notað til að vinna úr gögnum (sjá nánari lýsingu í Thorsdottir, 2005). Forritið Multilog (Thissen, 1991) var notað til að meta stuðla og mátgæði raðkvarðalíkansins. Mátgæði líkansins var metið með því að skoða staðlaða leif fyrir hvert svarmynstur. Þær viðmiðunarreglur sem settar eru fram í Reise, Widamn og Pugh (1993) voru hafðar að leiðarljósi þegar metið var hvort þröskuldar og sundurgreiningarstuðlar atriða væru þeir sömu á milli hópa.

Niðurstöður

Niðurstöður staðfestandi þáttagreiningar bentu til að einsþáttalíkan félli vel að gögnum hjá báðum hópum (Satorra-Bentler scaled χ^2=1,13, df=2, p=.57; NNFI=1.00; CFI=1.00; SRMR=.016 hjá hópi A og Satorra-Bentler scales χ^2=3.13, df=2, p=.21; NNFI=.92; CFI=.97; SRMR=.031 hjá hópi B). Greining á staðlaðri leif benti til þess að fjarlægja þyrfti tvö svarmynstur hjá hópi B. Þegar þau höfðu verið fjarlægt bentu niðurstöður til þess að mátgæði raðkvarðalíkansins væru góð.

Í töflu 2 eru niðurstöður fyrir samanburð á stigskiptum líkunum þar sem athugað var hvort stuðlar líftækniatriða séu þeir sömu hjá báðum hópum. Í grunnlíkani voru engar takmarkanir settar á sundurgreiningarstuðul og þröskulda þeirra atriða sem greind voru. Þegar mátgæði þess líkans voru

borin saman við mátgæði líkans 1 þar sem gert var ráð fyrir að stuðlar sömu atriða væru eins hjá báðum hópum sést að mátgæðin versna marktækt. Nánari greining sýndi að sundurgreiningarstuðull hvers atriðis var sá sami hjá báðum hópum fyrir utan eitt atriði (Trúarsamtök þurfa að hafa eitthvað um það að segja hvernig reglur eru settar um líftækni). Þröskuldar allra atriðanna fyrir utan eins (Það ætti að sérmerkja erfðabreytta matvöru) voru hins vegar ólíkir hjá þeim sem fengu kvarða A og kvarða B.

Tafla 2. Viðhorf til líftækni: Samanburður á stigskiptum líkönum

	-2 times the Loglikeli-hood	df	Δ -2 times the loglike-lihood	Δdf	p	Líkan sem er valið
Grunnlíkan[2] Takmarkanir ekki settar á stuðla atriða	550.2	202				
Líkan 1 Takmarkanir settar stuðla atriða	614.9	222	64.7	20	.000	Grunnlíkan
Samanburður fyrir hvert atriði						
Líkan 2 Takmarkanir settar á stuðla „Það ætti að setja strangari reglur..“	573.6	207	23.4	5	.000	Grunnlíkan
Líkan 3 Takmarkanir settar á sundurgreiningarstuðul „Það ætti að setja strangari reglur..“	550.2	203	0	1	1.000	Líkan 3
Líkan 4 Takmarkanir settar á þröskulda „Það ætti að setja strangari reglur..“	573.6	207	23.4	4	.000	Líkan 3
Líkan 5 Takmarkanir settar á stuðla „Menn ættu að ráðfæra sig við almenning…“	566.7	208	16.5	5	.006	Líkan 3

[2] Meðalgildi og staðalfrávik undirliggjandi þáttar var sett sem 0 og 1 hjá hópi B. Staðalfrávik hjá hópi A var sett sem 1,17 á grundvelli niðurstaðna úr staðfestandi þáttagreiningu.

Tafla 2. Frh: Viðhorf til líftækni: Samanburður á stigskiptum líkönum

	-2 times the Loglikeli-hood	df	Δ -2 times the loglike-lihood	Δdf	p	Líkan sem er valið
Líkan 6 Takmarkanir settar á sundurgreiningarstuðul „Menn ættu að ráðfæra sig Við almenning“	550.2	204	0	1	1.000	Líkan 6
Líkan 7 Takmarkanir settar á þröskulda „Menn ættu að ráðfæra sig við almenning“	566.7	208	16.5	4	.024	Líkan 6
Líkan 8 Takmarkanir settar á stuðla „Það ætti að sérmerkja erfðabreytta matvöru…“	558.5	209	8.3	5	.140	Líkan 8
Líkan 9 Takmarkanir settar á stuðla „Trúarsamtök þurfa að hafa …….“	574.8	214	16.3	5	.006	Líkan 8
Líkan 10 Takmarkanir settar á sundurgreiningarstuðla „Trúarsamtök þurfa að hafa…“	562.5	210	4	1	.046	Líkan 8
Líkan 11 Takmarkanir settar á þröskulda „Trúarsamtök þurfa að hafa…“	574.6	213	16.1	4	.003	Líkan 8

Á mynd 2 sjást BCC (*boundary characteristic curves*) hvers atriðis en þær sýna hve stórt svæði á matsvídd svarmöguleikar skilgreina og það svæði ákvarðast af fjarlægð á milli þröskulda. Eins og sést á þeirri mynd er talsverður munur á þröskuldum atriðanna þriggja í þá átt sem gert var ráð fyrir. Fjarlægð á milli þröskulda var umtalsvert meiri hjá hópi B en hjá hópi A. Reyndar virðist lítill munur vera á því svæði sem hlutlausi möguleikinn skilgreinir á milli hópa.

.

Kvarði A *Kvarði B*




a) „Það ætti að setja strangari reglur til að verja fólk fyrir hættum í í tengslum við líftækni“.




b) „Menn ættu að ráðfæra sig við almenning um líftækni“.




c) „Trúarsamtök þurfa að hafa eitthvað um það að segja hvernig reglur eru settar um líftækni“.




d) „Það ætti að sérmerkja erfðabreytta matvöru“.

Mynd 2. BCC fyrir atriði sem mæla viðhorf til líftækni: Samanburður á svörum þeirra sem fengu kvarða A og kvarða B.

Mynd 2 sýnir einnig að svarmöguleikar kvarða A skilgreina ekki jafnstór svæði á matsvídd og átti það við um öll þau atriði sem greind voru. Það virðist því ekki hægt að gera ráð fyrir að þessi atriði hafi eiginleika jafnbila-kvarða

Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að athuga hvort hægt væri að nota tveggja þrepa aðferð til að hanna Likert atriði með eiginleika jafnbilakvarða. Þegar þeirri aðferð er beitt meta dómarar fyrst gildi ólíkra orðagilda og orðagildi eru síðan valin á matskvarða sem hafa jafnt bil sín á milli. Matskvarðinn fylgir síðan viðhorfaspurningum sem lagðar eru fyrir svarendur í spurningakönnun. Þessi aðferð gerir í fyrsta lagi ráð fyrir að svarendur noti orðagildi til að ákveða hvar svarmöguleikar eru staðsettir á matsvídd og í öðru lagi að samræmi sé í mati dómara og svarenda á orðagildum.

Þátttakendum í þessari rannsókn var skipt í tvo hópa. Báðir hópar fengu sömu spurningar og mældu þær allar viðhorf til líftækni. Þeim spurningum sem hópur A fékk fylgdi kvarði með orðagildum sem höfðu stutt en jafnframt jafnt bil sín á milli. Hópur B fékk kvarða með orðagildum sem höfðu langt og ójafnt bil sín á milli. Raðkvarðalíkanið var notað til að athuga hvort stuðlar hvers atriðis væru þeir sömu hjá báðum hópum. Ef svarendur nota orðagildi þegar að þeir staðsetja svarmöguleika á matsvídd ættu svarmöguleikar að skilgreina stærra svæði á matsvídd þegar langt bil var á milli orðagilda. Ef svarendur líta hins vegar fram hjá orðagildum ætti þessi munur ekki að koma fram. Niðurstöður sýndu að þröskuldar atriða voru yfirleitt ekki þeir sömu og skilgreindu þau orðagildi sem höfðu langt bil sín á milli stærra svæði en þau orðagildi sem höfðu stutt bil. Þetta bendir til þess að orðagildi ráði staðsetningu svarmöguleika og niðurstöður styðja því að þessu leyti réttmæti aðferðarinnar.

Niðurstöður studdu ekki að öllu leyti þá ályktun að orðagildi hefðu áhrif á staðsetningu svarmöguleika því að sundurgreiningarstuðull atriða var yfirleitt eins á milli hópa þrátt fyrir mun á staðalfrávikum orðagilda. Hugsanleg skýring á þessu er að ekki hafi verið nægilegur munur á margræðni merkingar þeirra orðagilda sem valin voru á sinn hvorn kvarðann. Þetta er líklegt í ljósi þess að val á orðagildum réðst einkum af gildum þeirra ekki staðalfrávikum. Annan fyrirvara verður einnig að setja á þessa ályktun því að ekki var munur á þröskuldum eins atriðis á milli hópa. Hafa verður samt í huga að munur á

þröskuldum þessa atriðis var í þá átt sem gert var ráð fyrir þó að hann hafi ekki verið tölfræðilega marktækur.

En þrátt fyrir að niðurstöður hafi bent til þess að svarendur noti þau orðagildi sem fylgja matskvörðum þá benda þær ekki til að hægt sé að nota niðurstöður gildunarannsókna til að hanna spurningar með eiginleika jafnbilakvarða. Skoðun á BCC benti til þess að enginn þeirra spurningar sem lagðar voru fyrir með kvarða A hefðu eiginleika jafnbilakvarða. Mat dómara á merkingu orðagilda virðist því ekki endurspegla mat svarenda í spurningakönnun.

Almennt verður því að draga þá ályktun af þessum niðurstöðum að ekki sé unnt að nota tveggja þrepa aðferðina til að hanna Likert atriði með eiginleika jafnbilakvarða.

Heimildir

Cliff, N. (1959). Adverbs as multipliers. *Psychological Review*, *66*(1), 27 – 44.

Eiser, J. R. (1990*). Social Judgment*. Milton Keynes: Open University Press.

Guildford, J. P. (1954). *Psychometric methods*. New York: McGraw-Hill.

Jones, L. V. & Thurstone, L. L. (1955). The psychophysics of semantics: An experimental investigation. *The Journal of Applied Psychology*, *39*(1), 31-36.

Jöreskog, K., Sörbom, D., du Toit, S. & du Toit, M. (2000). *Lisrel 8. New statistical features*. Chicago, IL: Scientific Software International.

Krosnick, J. A. & Fabrigar, L. R. (í vinnslu). *Designing great questionnaires: Insights from psychology*. New York: Oxford University Press

Reise, S. P., Widaman, K. F. & Pugh, R. H. (1993). Confirmatory factor analysis and item response theory: Two approaches for exploring measurement invariance. *Psychological Bulletin*, *114*(3), 552-566.

Schaeffer, N. C. og Presser, S. (2003). *The science of asking questions. Annual Review of Sociology*, *29*, 65-88.

Thorsdottir, F. (2005). *On the validity of attitude measurements in survey research: A comparison of psychometric models*. Óbirt doktorsritgerð: London School of Economics and Political Science. Department of Social Psyhcology.

Samejima, F. (1969). Estimation of latent ability using a response pattern of graded scores. *Psychometrika Monograph*, *No 17*.

Spector, P. E. (1976). Choosing response categories for summated rating scales. *Journal of Applied Psychology*, *61*, 374-375.

Thissen, D. (1991). *Multilog user's guide: Multiple, categorical item analysis and test scoring using item response theory*. Chicago, IL: Scientific Software.

Gengur Lífsgildakvarði Schwartz á Íslandi?

Friðrik H. Jónsson

Hér á eftir verður fjallað um íslenska þýðingu á Lífsgildakvarða Shalom Schwartz (1992). Meginátherslan í umfjölluninni verður að leggja mat á próffræðilega eiginleika íslenskrar útgáfu kvarðans. Um er að ræða styttri og öðruvísi uppsetta útgáfu af þessum útbreidda lífsgildakvarða.

Fræðimenn nota hugtök eins og viðhorf (*attitudes*), skoðanir (*opinion*) og lífsgildi (*values*) til að gera grein fyrir afstöðu fólks til ólíkra þátta daglegs lífs. Merking þessara hugtaka er misskýr og innbyrðis tengsl þeirra hafa stundum verið á reiki. Sem dæmi má nefna að tengsl lífsgilda við viðhorf eru oft óljós í fræðilegri umræðu og í mörgum tilvikum eru þetta samheiti. Þannig nota sálfræðingar viðhorf en mannfræðingar lífsgildi til að gera grein fyrir sömu hugarferlum (Kilby, 1993). Skynsamlegt er þó að greina á milli þessara hugtaka. Eftir að skilgreining á viðhorfum takmörkuð við tilfinningabundna afstöðu til manna og málefna (Fishbein og Ajzen, 1975; Eagly og Chaiken, 1993) varð auðveldara að greina þau frá lífsskoðunum. Meginmunur á hugtökunum liggur í því að lífsskoðanir eru almennari en viðhorf. Viðhorf eru líklegri til að beinast að tilteknum hlutum og hver lífsskoðun getur verið uppspretta fyrir fjölmörg viðhorf (Kilby, 1993).

Fyrir rúmlega fjórum áratugum tók Brewster Smith (1969) saman yfirlit um notkun fræðimanna á hugtakinu lífsgildi. Meginniðurstaðan var að mikil aukning hefði orðið á notkun hugtaksins meðal sálfræðinga og félagsvísindamanna. En aukinni notkun hefði því miður ekki fylgt skýrari merking hugtaksins eða samkomulag um merkingu. Sumir nota hugtakið um grundvallarhugmyndir um stöðu mannsins í veröldinni, aðrir nota hugtakið um forsendur fyrir að velja sér tiltekinn lífsstíl og loks merkir hugtakið grundvallarviðhorf sem gefa lífinu stefnu.

Frá því að Brewster Smith skrifaði sína grein hefur mátt greina aukið samkomulag um merkingu hugtaksins. Má það að hluta til rekja til rannsókna Milton Rokeach. Hann greindi á milli tveggja tegunda af lífgildum. Í fyrsta lagi eru lífgildi um það hvers konar hegðun er eftirsóknarverð (*instrumental*

values) og í öðru lagi eru þau um það hvert skal stefnt í lífinu (*terminal values*) (Rokeach, 1973). Rokeach skilgreindi lífsskoðanir sem skoðanir sem fela í sér forskrift um hvernig eigi að lifa lífinu (1973). Schwartz (1992 og 1994) er á svipaðri línu og Rokeach og skilgreindi lífsskoðanir sem eftirsóknarverð markmið sem ná yfir ólíkar aðstæður. Sum þessara markmiða eru mikilvæg og virka þá sem meginreglur í lífi viðkomandi.

Skipta má mælingum á lífsgildum í tvo meginflokka. Í fyrsta flokknum eru kannanir þar sem spurt er um afstöðu viðmælenda til fjölmargra ólíkra málefna. Viðamestu kannanir í þessu sviði eru *European Value Survey* (Halman og félagar, 2001), *World Value Survey* (Ingelhart, Basánez, Díez-Medrano, Halman og Luijkx, 2004) og *Brittish Social Attitudes* (Park, Curtice, Thomson, Jarvis og Bromley, 2003). Það er sameiginlegt þessum mælingum að þær byggjast ekki á tilteknum skilgreiningum á lífgildum. Í reynd eru þetta mælingar á viðhorfum og virðast aðstandur þessara rannsókna telja að lífsgildin birtist í þessum margvíslegu viðhorfum.

Í seinni flokknum eru staðlaðir mælikvarðar á lífsgildi. Til eru nokkrir slíkir kvarðar eins og til dæmis Lífsgildakvarði Allports, Vernons og Lindsays (1960) en sá kvarði sem mest hefur mótað umræðu sálfræðinga um eðli lífsgilda á undanförnum áratugum var gerður af Rokeachs (1973). Kvarðinn er settur saman úr 36 atriðum sem þátttakendur raða í forgangsröð. Átján þeirra mæla eftirsóknarverða hegðun og átján það sem stefnt er að í lífinu. Því ofar sem atriði er í forgangsröðinni því meira máli skiptir það fyrir viðkomandi. Gagnrýni á mælikvarða Rokeach hefur beinst að vali atriða í kvarðann, túlkun á niðurstöðum og loks eru efasemdir um að allir viðmælendur raði atriðunum út frá sömu forsendum. Alvarlegust af þessum athugasemdum er um val atriða á kvarðann (Braithwaite og Law, 1985; Braithwait, 1994).

Á síðustu árum hefur Lífsgildakvarði Shalom Schwartz (1992) tekið stöðu kvarða Rokeach sem útbreiddasti staðlaði mælikvarðinn á lífsgildi. Kvarði Schwartz byggist að hluta til á hugmyndum Rokeach um lífsgildi og að hluta á orðalistum Allports og Odberts (1936). Grundvallarhugsunin er að 10 hvatræn (*motivational*) markmið stýri lífi fólks. Þessi markmið eru forráð (*power*), árangur (*achievement*), sældarhyggja (*hedonism*), örvun (*stimulation*), sjálfstýring (*self-direction*), heildarsýn (*universalism*), velvild (*benevolence*), hefðir (*tradition*), aðlögun (*conformity*) og öryggi (*security*). Þessi 10 markmið falla svo á fjögur meginsvið sem mynda tvær víddir. Annars vegar er vídd sem nær frá því að vera *Opinn fyrir breytingum* (*openness to change*) að *Íhaldssemi* (*conservation*) og hins vegar er vídd sem nær frá *Sérdrægni* (*self-enhancement*) til *Ósérplægni* (*self transcedence*).

Lífsgildakvarði Schwartz er settur saman úr 57 atriðum sem mæla ofangreind 10 markmið. Þetta eru atriði eins og *Jafnrétti*, *Innri friður* og *Mannaforráð*. Hvert atriðið er metið á mælistiku sem nær frá *Andstætt mínum skoðunum* til *Sérlega mikilvæg* og á viðmælandinn að meta að hvaða marki hvert atriði sé leiðandi meginregla í lífinu. Fyrstu 30 atriðin eru mjög almenn en síðustu 27 atriðin beinast að hegðun.

Lífsgildakvarði Schwartz hefur verið þýddur á íslensku og lagður fyrir háskólanema annars vegar og grunn- og framhaldsskólakennara hins vegar, en venja er að þýðing prófsins sé lögð fyrir þessa hópa (Schwartz, 1994). Niðurstöður voru í litlu samræmi við það sem kenning Schwartz sagði til um (Ingibjörg Sif Antonsdóttir, 2000). Þáttagreining á svörum nemenda gaf fjóra þætti sem féllu ekki að fjórum meginsviðum Schwartz og svör kennara gáfu aðeins tvo þætti. Augljóst var að verulega þyrfti að endurbæta kvarðann áður en hægt væri að nýta hann á Íslandi.

Nýverði útbjó Schwartz styttri útgáfu af kvarðanum og hefur hún verið notuð í *European Social Survey*, en það er fjölþjóðleg rannsókn á viðhorfum til mikilvægra málefna. Í ljósi þess að íslensk útgáfa af Lífsgildakvarða Schwartz gaf ekki viðunandi niðurstöður hér á landi er nauðsynlegt að athuga hvort þessi styttri útgáfa virkar á Íslandi.

Aðferð

Þátttakendur voru tæplega 1200 Íslendingar valdir af handahófi úr þjóðskrá. Alls svöruðu 579 eða 51,3%. Aðeins fleiri konur (51,6%) karlar (46,8%) eru í hópi viðmælenda en upplýsingar um kyn vantar hjá 1,6%. Svarendur eru alls staðar af landinu. Gögnum var safnað með heimsókn til viðmælenda og hófst gagnasöfnun í júní 2005 og henni lauk í nóvember sama ár.

Rannsóknin er hluti af *European Social Survey* en kvarði Schwartz er ekki hluti af efnislegum hluta þeirrar könnunar. Heldur er hann í viðauka sem beinist að aðferðafræðilegum álitamálum. Þar er meðal annars verið að prófa ólíkt orðalag spurninga eða ólíkar mælistikur til að mæla sama viðhorfið. Kvarðinn var þýddur á íslensku af starfsfólki Félagsvísindastofnunar og Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri. Við verkið var fylgt þeim starfsreglum sem gilda um þýðingu á *European Social Survey*.

Þessi útgáfa af Lífsgildakvarða Schwartz er sett saman úr 21 mannlýsingu. Viðmælenda er sagt að bornar verði undir hann lýsingar á nokkrum manneskjum og hann eigi að meta í hverju tilviki hversu lík eða ólík honum (henni) viðkomandi er. Karlar heyrðu lýsingu á karlmönnum og konur

heyrðu lýsingu á konum. Fyrsta lýsingin var *Honum (henni) finnst mikilvægt að vera hugmyndaríkur og skapandi. Hann vill fara sínar eigin leiðir* og lýsing númer tvö var *Honum (henni) finnst mikilvægt að vera ríkur. Hann vill eiga fullt af peningum og dýrum hlutum* svo tvö dæmi séu tekin. Hver lýsing var metin með sex eininga mælistiku sem var merkt á eftirfarandi hátt: *Mjög líkt mér*, *Líkt mér*, *Nokkuð líkt mér*, *Svolítið líkt mér*, *Ekki líkt mér*, *Alls ekki líkt mér*. Þó svo að verkefnið sé að bera sjálfan sig saman við aðra manneskju þá er viðmælandi í reynd að meta sjálfan sig. Rökin fyrir því að spyrja svona, í stað þess að láta viðmælendur meta sjálfa sig beint, eru að ólíklegra er að viðmælendurýki kosti sína og feli lesti þegar svona er spurt.

Niðurstöður

Lífsgildakvarði Schwartz segir til hvaða atriði viðmælendur telja að mikilvægt sé að leggja áherslu á í daglegu lífi. Tafla eitt sýnir að Íslendingar leggja mesta áherslu á að vera trúir vinum sínum, hafa gaman af lífinu, jafnrétti, umgangast fólk með ólíkar skoðanir, sjálfstæði og vera óháður öðrum. Athygli vekur að nokkuð jöfn áhersla er lögð á jafnrétti og sjálfstæði og er það í samræmi við niðurstöður í *European Value Survey* (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991).

Í ljósi þjóðmálaumræðu á Íslandi undanfarin misseri er áhugavert að skoða að hvaða marki landsmenn leggja áherslu á umhverfi sitt og náttúruna annars vegar og að ríkisstjórnin veiti öryggi og verji gegn hættum hins vegar. Niðurstöður í töflu eitt benda til að Íslendingar leggi meiri áherslu á náttúruna og umhverfisvernd (áttunda sæti) en að ríkisstjórnin veiti öryggi (tólfta sæti). Þessi áherslumunur er hugsanlega til marks um að Íslendingar meti náttúruna meira en öryggi sitt en gæti líka verið tilkominn vegna þess að ógnin er miklu sýnilegri í tilviki náttúrunnar en í tilviki ríkisins.

Það vekur sérstaka athygli í töflu eitt að Íslendingar kveðast leggja litla áherslu á ríkdæmi, velgengni, sýna hæfni, og skemmtun. Þessar niðurstöður eru í nokkru ósamræmi við hefðbundna lýsingu á daglegu lífi á Íslandi í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar. Eðli málsins samkvæmt eiga lífsgildi að endurspegla daglega hegðun. Í þessu tilviki virðast þau ekki gera það. Á þessu geta verið ýmsar skýringar. Ein skýring er að hefðbundnar lýsingar á daglegu lífi á Íslandi séu orðum auknar. Önnur skýring er að viðmælendur séu að sýna sig í sem bestu ljósi. Það þykir ekki beinlínis fínt að leggja mikið upp úr að vera ríkur eða njóta aðdáunar og velgengni.

Tafla 1. Meðalskor atriða á Lífsgildakvarða Schwartz[1]

	Meðaltal	SD	Fjöldi
Trúr vinum og sínum nánustu	1,60	0,73	533
Hafa gaman af lífinu og geta látið eftir sér	2,07	0,95	533
Jafnrétti og jöfn tækifæri	2,12	1,01	532
Skilja og umgangast fólk með ólíkar skoðanir	2,23	1,02	531
Sjálfstæði, frelsi og óháð(ur) öðrum	2,29	1,08	531
Hjálpa fólki og láta sér annt um velferð þeirra	2,30	0,95	533
Búa við öryggi og forðast öryggisleysi	2,59	1,34	532
Annt um náttúruna og umhverfisvernd	2,63	1,26	530
Frjór, skapandi og fara eigin leiðir	2,77	1,24	532
Fjölbreytt líf og prófa eitthvað nýtt	3,15	1,34	532
Auðmýkt, hógværð og forðast athygli	3,26	1,33	529
Ríkisstjórn veiti öryggi og verji gegn hættum	3,31	1,44	505
Hefðir, trúar- og fjölskyldusiðir	3,35	1,40	526
Hljóta virðingu annarra	3,38	1,21	523
Hegða sér á viðgeigandi hátt	3,40	1,39	525
Hlýða og fylgja reglum	3,43	1,37	525
Skemmta sér og veita sér ánægju	3,59	1,34	527
Ævintýraþrá, áhætta og spennandi líf	3,67	1,38	528
Sýna hæfni og njóta aðdáunar	3,68	1,36	532
Njóta velgengni og aðdáunar vegna árangurs	3,80	1,30	526
Vera ríkur, eiga mikið af peningum og hlutum	4,44	1,18	534

Gögnin falla vel að þáttagreiningu. Úrtakið er viðunandi (KMO=0,81) og Bartlett prófið gefur til kynna að óhætt er að þáttagreina gögnin (χ=2429,81, p>0,000). Samkvæmt kenningu Schwartz eiga ólík svið lífsgilda að vera tengd. Þess vegna er rétt að leyfa að fylgni sé á milli þátta. Þáttagreining (*principal components*) þar sem notaður er *Oblim* snúningur gefur fimm þætti með Eigingildi yfir einn. Skriðuprófið bendir hins vegar til að fjögra þátta lausn lýsi gögnunum best. Tafla tvö sýnir niðurstöður þáttagreiningar þar sem beðið er um fjóra þætti

Fyrsti þátturinn skýrir 19,2% af dreifingu svara, annar þáttur skýrir 13,5%, sá þriðji skýrir 9,1% og fjórði skýrir 5,8%. Sama niðurstaða fékkst fyrir fimm þátta lausn en þá skýrði fimmti þátturinn 5,1% til viðbótar.

[1] Því lægra sem skor er, því betur á eiginleikinn við. Þessi túlkun á tölgildum gildir um allar töflur í greininni.

Tafla 2. Niðurstöður þáttagreiningar á mælikvarða Schwartz

	Þáttur-1	Þáttur-2	Þáttur-3	Þáttur-4
Ævintýraþrá, áhætta og spennandi líf	**0,73**	-0,13	-0,04	-0,14
Hafa gaman af lífinu og geta látið eftir sér	**0,68**	-0,05	0,01	-0,06
Fjölbreytt líf og prófa eitthvað nýtt	**0,66**	0,01	-0,11	-0,04
Skemmta sér og veita sér ánægju	**0,43**	-0,01	**-0,35**	-0,22
Hegða sér á viðgeigandi hátt	-0,05	**0,72**	0,09	-0,07
Hlýða og fylgja reglum	-0,02	**0,64**	-0,04	0,01
Ríkisstjórn veiti öryggi og verji gegn hættum	0,21	**0,61**	-0,03	-0,01
Búa við öryggi og forðast öryggisleysi	-0,26	**0,57**	-0,15	-0,12
Auðmýkt, hógværð og forðast athygli	**0,32**	**0,52**	0,01	**0,49**
Hefðir, trúar- og fjölskyldusiðir	-0,17	**0,49**	-0,13	-0,09
Jafnrétti og jöfn tækifæri	-0,18	-0,03	**-0,66**	-0,14
Trúr vinum og sínum nánustu	0,09	0,12	**-0,62**	-0,10
Skilja og umgangast fólk með ólíkar skoðanir	0,08	0,03	**-0,63**	0,21
Hjálpa fólki og láta sér annt um velferð þeirra	0,20	0,21	**-0,57**	0,12
Annt um náttúruna og umhverfisvernd	-0,12	0,15	**-0,55**	0,16
Sjálfstæði, frelsi og óháð(ur) öðrum	0,24	-0,13	**-0,51**	-0,13
Sýna hæfni og njóta aðdáunar	0,17	0,00	0,00	**-0,73**
Njóta velgengni og aðdáunar vegna árangurs	0,28	0,11	0,06	**-0,69**
Hljóta virðingu annarra	-0,04	**0,35**	-0,06	**-0,61**
Vera ríkur, eiga mikið af peningum og hlutum	0,29	0,18	**0,30**	**-0,51**
Frjór, skapandi og fara eigin leiðir	0,12	-0,17	**-0,42**	**-0,46**

Þáttahleðslur yfir 0,30 eru feitletraðar

Fjögur atriði mynda fyrsta þátt og tilheyra þau öll meginsviðinu *Opinn fyrir breytingum* í lífsgildakerfi Schwartz. Tvö þeirra (ævintýraþrá og fjölbreytt líf) mæla markmiðið örvun og tvö (hafa gaman af lífinu og skemmta sér) mæla sældarhyggju.

Sex atriði mynda þátt númer tvö og tilheyra þau öll meginsviðinu *Íhaldssemi*. Tvö þeirra (viðeigandi hegðun og hlýðni) mæla markmiðið aðlögun, tvö (ríkisstjórn og öryggi) mæla öryggi og tvö (auðmýkt og fjölskyldusiðir) mæla hefðir. Fyrstu tveir þættirnir mynda eina vídd í lífsgildakerfi Schwartz.

Sex atriði mynda þriðja þátt og tilheyra flest þeirra meginsviðinu *Ósérplægni*. Þrjú atriði (jafnrétti, ólíkt fólk og umhverfi) mæla markmiðið heildarsýn og tvö atriði (trúr vinum og hjálpa fólki) mæla velvild. Þessi tvö markmið mynda sviðið *Ósérplægni* í lífsgildakerfi Schwartz. Til viðbótar er eitt atriði (sjálfstæði) sem mælir sjálfstýringu og ætti að tilheyra sviðinu *Opinn fyrir*

breytingum. Þessi niðurstaða styrkir þá túlkun á lífsgildum Íslendinga að þeir greini sig frá öðrum þjóðum í því að vilja leggja jafna áherslu á jafnrétti og sjálfstæði (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991)

Loks eru fimm atriði sem mynda fjórða þáttinn og tilheyra flest þeirra meginsviðinu *Sérdrægni*. Tvö atriði (hæfni og velgengni) mæla afreksverk og tvö atriði (virðing og ríkidæmi) mæla forráð. Þessi tvö markmið mynda meginsviðið *Sérdrægni*. Fimmta atriðið (frjór) mælir sjálfstýringu og tilheyrir *Opinn fyrir breytingum*. Þættir þrjú og fjögur mynda eina vídd í lífsgildakerfi Schwartz.

Þegar á heildina er litið bendir niðurstaða þáttagreiningar til þess að vel hafi tekist til með að þýða styttri útgáfu af Lífsgildakvarða Schwartz á íslensku. Níu markmið af tíu falla á rétt meginsvið og sama gildir um19 atriði af 21. Aðeins fimm atriði af 21 hafa hleðslu yfir 0,30 á fleiri en einn þátt og hleðsla 12 atriða er yfir 0,60 á viðkomandi þátt sem gefur til kynna að niðurstaða þáttagreiningar er mjög skýr. Loks má geta þess sem frekari rökstuðnings við réttmæti þessarar fjögra þátta lausnar að fimm þátta lausnin féll alls ekki að lífsgildakerfi Schwartz.

Skýr niðurstaða þáttagreiningar er útaf fyrir sig fagnaðarefni en gagnsemi svona mælinga felst fyrst og fremst í því að niðurstöðurnar segi eitthvað áhugavert um þá sem eru mældir. Í töflu þrjú er útkoma á ofangreindum meginsviðum Lífsgildakvarða Schwartz greind eftir kyni, menntun og tekjum Íslendinga.

Munur er á þáttunum fjórum ($F=313{,}66$ $p>0{,}000$). *Ósérplægni* er það meginsvið í lífsgildakerfi Schwartz sem lýsir Íslendingum best en sérdrægni lýsir þeim verst. Með öðrum orðum meginlífsgildi Íslendinga eru jafnrétti, sjálfstæði, vilji til að umgangast ólíkt fólk, umhverfisvernd, vera trúir vinum sínum og vilji til að hjálpa fólki.

Munur er á körlum á konum á tveimur sviðum. Konur leggja meiri áherslu á *Ósérplægni* er karlar ($F=24{,}28$, $p>0{,}000$). Hins vegar leggja karlar mun meiri áherslu á *Sérdrægni* en konur ($F=12{,}22$, $p>0{,}001$). Með öðrum orðum, karlar leggja meiri áherslu á virðingu, velgengni, hæfni og að vera frjór en konur gera.

Því eldri sem viðmælendur eru því síður eru þeir *Opnir fyrir breytingum* ($F=21{,}82$, $p=0{,}000$). Yngri fólkið telur að fjörugt og spennandi líf sé mun eftirsóknarverðara en þeir gera sem eldri eru. Hins vegar eru eldri viðmælendur mun *Íhaldssamari* en þeir yngri ($F=10{,}92$, $p>0{,}000$). Það jaðrar við að munur sé á *Ósérplægni* eftir aldri en mynstrið í svörunum er ekki skýrt ($F=2{,}11$, $p=0{,}08$). Loks er munur í *Sérdrægni* eftir aldri ($F=22{,}53$, $p>0{,}000$).

Yngra fólkið leggur mun meira upp úr velgengni og efnislegum gæðum en þeir sem eldri eru.

Tafla 3. Meðalskor hvers meginsviðs greint eftir kyni, menntun og tekjum

	Opinn	Íhald-semi	Ósér-plægni	Sér-drægni
Heildarskor	3,10*	3,22	2,20	3,58
Kyn				
Karlar	3,07	3,23	2,33*	2,47*
Konur	3,16	3,20	2,07	3,74
Aldur				
15 til 29 ára	2,58*	3,37*	2,21*	3,10*
30 til 39 ára	2,96	3,40	2,32	3,45
40 til 49 ára	3,33	3,43	2,21	3,77
50 til 59 ára	3,37	2,96	2,07	3,83
60 til 90 ára	3,49	2,83	2,15	4,03
Menntun				
Grunnnám	3,10	2,97*	2,22	3,71
Framhaldsnám	3,22	3,10	2,27	3,64
Háskólanám	3,02	3,46	2,13	3,55
Heimilistekjur				
Neðsti þriðjungur	3,13	3,16	2,04*	3,76*
Mið þriðjungur	3,22	3,24	2,24	3,69
Efsti þriðjungur	3,15	3,28	2,32	3,47

*Munur á milli hópa er tölfræðilega marktækur

Því lengra námi sem viðmælendur hafa lokið því síður eru þeir *Íhaldssamir* ($F=14,35$, $p>0,000$).

Loks kemur í ljós að því minni tekjur sem viðmælendur hafa því meira leggja þeir upp úr Ósérplægni ($F=9,11$, $p>0,00$). Öfugt mynstur kemur fram fyrir Sérdrægni. Þeir tekjuhærri leggja mun meira upp úr slíkum lífsgildum en þeir sem minni tekjur hafa ($F=5,04$, $p>0,00$).

Ofangreindar niðurstöður um ólík lífsgildi í mismunandi þjóðfélagshópum koma ekki sérstaklega á óvart. Í reynd eru niðurstöður í megindráttum eins og búast mátti við. Í sumum tilvikum kemur fram mjög skýr munur á milli hópa eins og að íhaldssemi einkenni lífsgildi þeirra sem eldri eru, því meiri tekjur sem fólk hefur því meira einkennast lífsgildi þeirra af sérdrægni og að þeir sem eru ungir að árum leggja meira upp úr velgengni og

efnilegum gæðum en þeir sem eldri eru. Líta má þessar niðurstöður sem fyrstu vísbendingar um að mælitækið hafi nokkuð réttmæti (*validity*) en að næsta skref er að staðfesta slíkt mun betur.

Meginniðurstaðan er að þessi styttri útgáfa af Lífsgildakvarða Schwartz virkar mun betur á Íslandi en lengri útgáfa kvarðans. Þáttagreining á kvarðanum gefur mjög skýra niðurstöðu. Næstum öll atriðin raðast saman á nákvæmlega þann hátt sem kenningin gerir ráð fyrir. Þau frávik sem eru frá kenningu Schwartz eru skýranleg með vísan aðrar mælingar á lífsgildum sem benda til vissrar sérstöðu Íslendinga í því efni. Næstu skref í málinu eru að prófa réttmæti íslenskrar útgáfu kvarðans enn frekar.

Heimildir

Allport G. W. og Odbert H. S. (1936). Trait-names: A psycholexical study. *Psychological Monograps*, *47* (No. 211).

Allport, G. W., Vernon, P. og Lindsay, G. (1960). *A study of values* (þriðja útgáfa). Boston: Houghton Mifflin.

Braithwait, V. A. og Law, G. H. (1985). Structure of human values. Testing the adequacy of the Rokeach value survey. *Journal of Personality and Social Psychology*, *49*, 250-263.

Braithwait, V. A. (1994). Beyond Rokeach's equality – freedom model: Two-dimensional model in one-dimensional world. *Journal of Social Issues*, *50*, 67-94.

Park, A, Curtice, J., Thomson, K. Jarvis, L. og Bromley, C. (Ritstjórar), (2003). *British Social Attitudes*. London: Sage.

Eagly A. H. og Chaiken S. (1993). *The psychology of attitudes*. Fort Worth: HJB.

Fishbein, M. og Ajzen, I. (1975). *Belief, attitude, intention and behavior: An introduction to theory and research*. Reading: Addison –Wesley.

Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson. (1991). *Lífsskoðun í nútímalegum þjóðfélögum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Halman, L. og félagar (2001). *The European value study: A third wave*. Tilburg: Worc.

Ingelhart, R., Basánez, M., Díez-Medrano, J., Halman, L. og Luijkx, R. (2004). *Human belief and values*. Mexíkó: Siglo Veintiuno Editores.

Ingibjörg Sif Antonsdóttir (2001). *Stöðlun á Lífsskoðunarkvarða Schwartz og samanburður við Sjálfstjórakvarða Snyders*. Óbirt BA ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Kilby, R. W. (1993). *The study of human values*. Lanham: University Press of America.

Rokeach, M. (1973). *The nature of values*. New York: Free Press.
Schwartz, S. (1992). Universals in the content and structures of values: Theoretical advances and empirical tests in 20 countries. Í M. Zanna (Ritstj.), *Advances in experimental social psychology*, *Vol. 25*. (bls. 1-65). Orlando: Academic Press.
Schwartz, S. (1994). Are there universal aspects in the structure and contents of human values? *Journal of Social Issues*, *50*, 19-45.
Smith, M. B. (1969). *Social psycology and human values. Selected Essays*. Chicago: Aldine.

ROC-greining á réttmæti klínískra mælitækja

Guðmundur B. Arnkelsson

Klínískar ákvarðanir lúta meðal annars að því hverjir skuli fara í nánari rannsókn, fá meðferð eða vera vísað áfram til sérfræðings. Einkenni þessa er að sá sem ákvörðunina tekur hefur ákveðnar upplýsingar tiltækar og þarf að nota þær til að taka tvíkosta ákvörðun. Viðkomandi einstaklingur ýmist fer eða fer ekki í frekari rannsóknir, fær eða fær ekki meðferð og er vísað eða ekki vísað til sérfræðings.

Hér verður fjallað um tilvik þar sem hægt er að magnbinda upplýsingar, t.d. sem styrk eða fjölda einkenna, mælingar, niðurstöðu á gátlista eða á sálfræðilegu prófi. Í flestum tilvikum eru upplýsingar þó ekki ótvíræður vitnisburður um það ástand sem leitast er við að greina. Aukið magn eða styrkur upplýsinganna felur hins vegar í sér vaxandi sennileika á því ástandi sem greina skal.

Gott dæmi um þetta eru umferðapunktar sem ökumenn fá vegna brota sem varða öryggi í umferðinni (Reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota, nr. 431/1998). Góðir og grandvarir ökumenn fá að jafnaði ekki umferðarpunkta en eftir því sem punktum fjölgar aukast líkurnar á því að viðkomandi sé óvarkár og jafnvel hættulegur í akstri. Þótt gera mætti þá kröfu að ökumenn séu án allra punkta, yrði það til þess að andartaks óaðgæsla leiddi til missis ökuréttinda án þess að viðkomandi væri almennt sekur um vítavert athugunarleysi í akstri. Eftir því sem punktunum fjölgar verður það þó sennilegra að ástæðan liggi í almennu aksturslagi ökumannsins og því ástæða til að svipta viðkomandi ökuskírteininu.

Hér verður miðað við að notað sé sálfræðilegt próf til að vega og meta hvorum flokki af tveimur viðkomandi einstaklingur tilheyri. Dæmi um þetta er notkun stakra prófþátta á Talnalykli til að ákvarða hvort nemandi skuli teljast almennt slakur í stærðfræði (Guðmundur Arnkelsson og Einar Guðmundsson, 2003), spá um gengi á fyrsta ári við Háskóla Íslands á grundvelli upplýsinga úr framhaldsskólum (Guðmundur B. Arnkelsson og

Friðrik H. Jónsson, 1992) eða skimunarpróf á geðræna erfiðleika til að finna þá sem þjást af þunglyndi (Valdís Eyja Pálsdóttir, 2006).

Þegar meta á virkni sálfræðilegra prófa eða annarra upplýsinga er annars vegar mikilvægt að meta hversu vel prófið aðgreinir hópanna en hins vegar að meta þau ólíku viðmið sem hægt er að nota við ákvörðunina. Ef aðgreining prófsins er nægjanleg, þarf að ákvarða þá niðurstöðutölu sem nota á við notkun prófsins. Þannig mætti spyrja hvort fjöldi umferðapunkta greini vel á milli varkárra og óvarkárra ökumanna. Ef svarið er jákvætt, væri næsta viðfangsefnið að ákvarða við hvaða punktafjölda væri eðlilegt að grípa til aðgerða svo sem sviptingar ökuleyfis.

Skimun fyrir þunglyndi

Mynd 1 sýnir tengslin milli depurðarkvarðans í PHQ skimunarprófinu (Spitzer, Korenki og Williams, 1999) og greiningarprófsins MINI (Sheehan, Lecrubier, Sheehan, Amorim, Janavs, Weiller, Hergueta, Baker, og Dunbar, 1998). Lárétti kvarðinn er summan úr öllum níu spurningunum sem tilheyra depurðarkvarða PHQ. Efri ljósu stöplarnir sýna dreifingu þeirra sem greindust ekki þunglyndir meðan neðri gráu stöplarnir sýna þá sem náðu skilmerkjum þunglyndis á MINI. Ofan í bæði stöplaritin eru felldir normal-ferlar. Myndin sýnir niðurstöður fyrir 199 einstaklinga sem tóku þátt í rannsókn á hugrænni atferlismeðferð fyrir atbeina heilsugæslulækna (Valdís Eyja Pálsdóttir, 2006).

Það sést greinilega að þeir sem eru þunglyndir dreifast á mun hærri gildi en þeir heilbrigðu. Þorri þeirra þunglyndu dreifðust á talnabilið 11 til 20 meðan þeir sem ekki voru þunglyndir voru flestir með á bilinu 0 til 9 stig á PHQ. PHQ aðgreindi því hópana mjög vel. Þrátt fyrir góða aðgreiningu er þó ekki hægt að skilja fullkomlega milli hópanna. Það þarf því að velja viðmið á PHQ sem skilar ásættanlegri niðurstöðu.

Lóðrétta strikalínan sýnir viðmiðið 10 á PHQ, þ.e. þeir sem hafa 10 eða hærra á prófinu teljast vera þunglyndir. Þetta myndi leiða til þess að við fyndum um 85% þeirra þunglyndu (neðri stöplarnir) en um leið myndu um 20% þeirra heilbrigðu teljast þunglyndir einnig. Ef við veljum hærra viðmið, t.d. 11 eða hærra, fækkar þeim heilbrigðu sem ranglega teljast þunglyndir en að sama skapi finnum við lægra hlutfall af þeim þunglyndum. Lægra viðmið, t.d. 9 eða hærra, fjölgar réttgreindum þunglyndum en fjölgar að sama skapi ranggreindum heilbrigðum. Þetta er kjarni vandans við slíka forspá, val á viðmiði gefur ekki fullkomna aðgreiningu milli hópanna heldur þarf að finna

ásættanlegt jafnvægi milli fjölda réttgreindra þunglyndra og ranggreindra heilbrigðra.



Mynd 1. Dreifing niðurstaðna á PHQ9 eftir því hvort viðkomandi greinist þunglyndur á MINI eða ekki

Mynd 1 sýnir vel að gagnsemi upplýsinganna fer eftir bæði aðgreiningu hópanna og því viðmiði sem er valið. Aðgreiningin felst í fjarlægðinni milli stöplaritanna eða ferlanna. Því ólíkari sem hóparnir eru á PHQ því betri aðgreining er á milli hópanna og því betri forspá veita upplýsingarnar um þunglyndi viðkomandi. Miðað við gefna aðgreiningu er val um ólík viðmið. Milt viðmið leiðir til þess að hátt hlutfall þunglyndra finnst réttilega samfara því að hátt hlutfall heilbrigðra „finnst" ranglega. Strangara viðmið, hærri niðurstöðutala á PHQ, verður til þess að lægra hlutfall heilbrigðra finnst ranglega en um leið fækkar þeim þunglyndu sem finnast réttilega.

Í töflu 1 má sá hvernig viðmiðið 10 skiptir hvorum hópi fyrir sig í tvennt. Þeir sem ná viðmiðinu á PHQ kallast jákvæðir en hinir neikvæðir. Af þeim 108 sem eru heilbrigðir eru 22 jákvæðir á PHQ, hlutfall falsjákvæðra (FP: *false positive*) er því 20,4%. Af þeim 91 sem er þunglyndur eru 77 jákvæðir á PHQ og því er hlutfall sannjákvæðra (TP: *true positive*) 84,6%. Við viljum fjölga sannjákvæðum (TP) og fækka falsjákvæðum (FP) en þurfum að sætta okkur

við að viðmið sem fjölgar sannjákvæðum mun einnig fjölga falsjákvæðum og öfugt.

Tafla 1. Virkni greiningar miðað við viðmiðið 10

Viðmið á PHQ	Ekki þunglyndi	Þunglyndi	Heild
Jákvæðir	22 (20,4%)	77 (84,6%)	99 (49,7%)
Neikvæðir	86 (79,6%)	14 (15,4%)	100 (50,3%)
Heild	108 (100,0%)	91 (100,0%)	199 (100,0%)

TP: 84,6%; FP: 20,4%; PPV: 77/99= 77,7% NPV: 86/100= 86,0%.

Ef notast er við viðmiðið 10, verða til tveir hópar: Jákvæðir, þeir sem teljast þunglyndir, og neikvæðir, þeir sem teljast heilbrigðir. Af þeim jákvæðu eru um 78% raunverulega þunglynd skv. MINI (PPV: *positive predictive value*) en um fimmtungur þeirra sem eru jákvæðir á PHQ fara að ástæðulausu í frekari athugun eða meðferð. Af þeim neikvæðu eru 86% í raun ekki þunglynd (NPV: *negative predictive value*).

Samsetning þessara hópa er mikilvæg því ef PPV er lágt verður það til þess að umtalsverður hluti þeirra sem fá þjónustu, svo sem meðferð, fær hana að óþörfu. Það getur falið í sér umtalsverðan kostnað og jafnvel áhættu. Lágt hlutfall NPV felur í sér að af þeim sem ekki fá þjónustu er stór hluti sem er þunglyndir og fara því á mis við þann ábata sem því fylgir.

Við notkun klínískra mælitækja viljum við tæki sem hafa sem mesta aðgreiningu og viljum því nota úrvinnsluaðferðir sem gefa okkur sem hreinastan mælikvarða á aðgreininguna. Að mælitækinu gefnu viljum við hámarka hlutfall sannjákvæðra (TP), lágmarka hlutfall falsjákvæðra (FP), samfara því að PPV og NPV séu sem hæst. Þessar stærðir tengjast innbyrðis og því getur þetta ekki allt farið saman.

ROC-greining

ROC-greining er aðferð til að meta aðgreiningu upplýsinga óháð viðmiðum og leiðbeina við val viðmiða (McFall og Treat, 1999; Swets, 1992). Greiningin byggist á því að hlutfall sannjákvæðra (TP) sem fall af hlutfalli falsjákvæðra (FP) mynda samfelldan feril með ákveðnu lagi og eiginleikum (Swets, 1986).



Mynd 2. ROC-rit af virkniferli PHQ9 gagnvart depurðargreiningu MINI

Mynd 2 sýnir ROC-feril fyrir ákvörðun þunglyndis á grundvelli PHQ. Opnu hringirnir sýna hlutfall sann- og falsjákvæðra fyrir hvert viðmið fyrir sig. Ef við byrjum efst til hægri þá eru bæði hlutföllin 1,0 þegar miðað er við 0 á PHQ, þ.e. allir sem taka prófið eru sagðir þunglyndir. Með strangari viðmiðum lækka bæði hlutföllin og við fáum þannig 25 virknipunkta sem raðast á myndina niður til vinstri með hækkandi viðmiði. Þykka línan er ROC-ferillinn sem leitast við að falla að virknipunktunum og lýsa þannig tengslum milli hlutfalls sannjákvæðra (TP) og falsjákvæðra (FP). Við getum valið feril sem byggir á normaldreifingu PHQ hjá bæði þunglyndum og heilbrigðum (Eng, e.d.) eða byggt á ýmsum öðrum fræðidreifingum (DeCarlo, 1998). Í reynd er þó ekki ströng krafa um að undirliggjandi dreifingar séu normallaga eða falli að öðrum fræðidreifingum. Við getum einnig einfaldlega tengt virknipunktanna saman með línum og fengið þannig stikalaust (*nonparametric*) mat á ferlinum. Stikalaus ferill vanmetur aðgreininguna en mjög óverulega. (Hajian-Tilaki, Hanley, Joseph og Collet, 1997)

Lesa má aðgreiningu út úr ROC-ritinu. Ef við hugsum okkur myndina sem flatarmál og athugum það hlutfall sem lendir undir ferlinum, fáum við einfaldan og skiljanlegan mælikvarða á aðgreiningu (Hanley og McNeil, 1982). Þetta svæði undir ferlinum (AUC: *area under the curve*) samsvarar líkindum þess að tveir einstaklingar valdir með tilviljun hvor úr sínum hópi

raðist á greiningarprófinu eins og meðaltöl hópanna sjálfra. Mælitalan AUC á sér einnig skýra samsvörun í bæði Wilcoxon Mann-Whitney prófinu og skiljanlegu áhrifastærðinni (*common language effect size*; McGraw og Wong, 1992). Með örlítilli einföldun má því segja að AUC gefi til kynna hversu oft prófið greini rétt á milli tveggja einstaklinga eins úr hvorum hópi.

Skálínan á mynd 2 gefur til kynna enga aðgreiningu. Ef ROC-ferillinn fellur á skálínuna er AUC 50%, því meira sem ferillinn víkur frá skálínunni því meiri er aðgreiningin. Í okkar tilviki er AUC 88% og því greinir PHQ mjög vel á milli þunglyndra og heilbrigðra.

Tafla 2 gefur upp virknipunkta ROC-ferilsins. Hún miðast við að punktarnir séu felldir að ferlinum, þ.e. að ferillinn sé besta matið en raunvísu (*empirical*) punktarnir víki tilviljunarkennt frá ferlinum. Ef mynd 2 prentast vel sjást aðfelldu punktarnir sem litlir hvítir punktar á ferlinum sjálfum.

Tafla 2. Virkni eftir viðmiðum

Viðmið á PHQ	TP	FP	PPV	NPV
8	93,8	35,7	68,9	92,5
9	87,9	26,7	73,5	87,8
10	83,0	22,0	76,1	84,5
11	78,5	18,8	77,9	81,8
12	67,0	13,0	81,3	75,8
13	61,8	11,0	82,5	73,4

AUC: 88,1%

Viðmiðið 10 lítur vel út því í því felst að rúm 80% þunglyndra finnast réttilega með prófinu og aðeins um fimmtungur heilbrigðra finnast ranglega. Ef hugmyndin er að vísa viðkomandi í hugræna atferlismeðferð er þetta ásættanlegt. Af þeim sem væri vísað myndu þrír fjórðu þurfa þessa meðferð. Fjórðungur þeirra vísuðu nær ekki skilmerkjum en margir væru á mörkum þunglyndis og hefðu því hugsanlega gagn af meðferðinni. Sjötti hver af þeim sem ekki væri vísað myndi ná skilmerkjum þunglyndis. Við getum lækkað það hlutfall en aðeins með því að fjölga þeim sem er vísað að nauðsynjalausu.

Í þeim hópi sem ROC-greiningin nær til voru tæpur helmingur þunglyndur. Mikilvægur eiginleiki ROC-greiningar er að hlutfall sann- og falsjákvæðra er óháð grunntíðni erfiðleikanna, virkni viðmiðanna er óbreytt. ROC-ferillinn var reiknaður í hópi einstaklinga sem heilsugæslulæknar töldu geta haft gagn af hugrænni atferlismeðferð. Ef við viljum í staðinn nota prófið fyrir alla sem koma í heilsugæslustöðvar, getum við til einföldunar gert

ráð fyrir að ferillinn sé óbreyttur og viðmiðin hafi því sömu virkni. Samsetning jákvæðu og neikvæðu hópanna myndi hins vegar breytast, sbr. töflu 3.

Tafla 3. Virkni viðmiða miðað við 20% tíðni þunglyndis

Viðmið á PHQ	TP	FP	PPV	NPV
8	93,8	35,7	39,6	97,7
9	87,9	26,7	45,1	96,0
10	83,0	22,0	48,5	94,8
11	78,5	18,8	51,1	93,8
12	67,0	13,0	56,4	91,3
13	61,8	11,0	58,4	90,3

AUC: 88,1%

Niðurstöðuna má ekki taka of bókstaflega því hún byggist á því að samsetning hópanna sé óbreytt, það sé aðeins hlutfallsleg stærð þeirra sem breytist. Hún sýnir þó að val á viðmiðum er háð grunntíðni þess sem er ætlunin að greina. Ef viðmiðið væri áfram 10 myndi aðeins um helmingur jákvæða hópsins vera þunglyndur. Miðað við að sá hópur fái hugræna atferlismeðferð verður kostnaður mikill án þess að ábati aukist samsvarandi einfaldlega vegna þess að stór hluti hópsins hefur ekki þörf fyrir meðferðar-úrræðið. Við þessu má bregðast með því að velja strangara viðmið, t.d. 11, 12, 13 eða enn hærri niðurstöðu á PHQ. Það leiðir hins vegar til lægra TP, þ.e. að hlutfallslega færri þunglyndir greinast og fá meðferð.

Þetta gefur góða hugmynd um mikilvægi þess að halda aðgreiningu og viðmiðum óháðum. Að jafnaði leitum við að mælitæki með sem mestri aðgreiningu. Við samanburð prófa getum við skoðað AUC og leitast við að velja það próf sem hefur mesta aðgreiningu. Að prófinu fengnu veljum við viðeigandi viðmið miðað við kostnað og ábata. Ef grunntíðni vandans breytist vegna þess að prófið sé notað í öðrum hópi, getum við séð fyrir nauðsynlegar breytingar á viðmiðum. Aðrar mælitölur á gagnsemi greiningar-prófsins gefa ekki þessar upplýsingar né hafa þennan sveigjanleika.

Aðrar mælitölur á greiningarhæfni

ROC-greining gefur upp greiningarhæfni óháð viðmiðum á formi mælitölunnar AUC. Af algengum mælitölum er Cohens *d* (Cohen, 1988) dæmi um slíka hreina mælingu. Hún gefur upp fjarlægð hópanna tveggja og

má leiða af AUC (Rice og Harris, 2005). Nokkrar samsvarandi mælitölur eru á aðgreiningu ROC-ferilsins en ekki í almennri notkun utan ROC-greiningar (Simpson og Fitter, 1973).

Aðrar algengar mælitölur greina ekki á sama hátt á milli greiningarhæfni og viðmiða. Við gætum gert *t*-próf á meðaltöl þunglyndra og heilbrigðra á PHQ en það gæfi okkur marktektarpróf fremur en mat á greiningarhæfni þar sem niðurstaðan ræðst meðal annars af stærð hópanna en ekki greiningarhæfninni einni. Skýrð dreifing eða Pearson fylgnistuðull er háð bæði aðgreiningu hópanna og tíðni vandans, þ.e. hlutfallslegri skiptingu milli þunglyndra og heilbrigðra. Fylgnistuðullinn verður hæstur þegar skipting er jöfn en minnkar eftir því sem skiptingin verður ójafnari. Til samanburðar er AUC óbreytt þótt tíðnin breytist.

Ýmsar aðrar mælitölur eru háðar einstökum viðmiðum. Þannig væri hægt að búa til 2 × 2 töflu fyrir hvert viðmið og reikna fylgnistuðulinn fí. Fylgnistuðlarnir yrðu hins vegar jafnólíkir og viðmiðin væru mörg því þeir ráðast bæði af aðgreiningu hópanna og hlutfallslegri skiptingu þeirra í jákvæða og neikvæða. Að jafnaði verður fí því lægra sem hlutfallsleg skipting milli jákvæðra og neikvæðra víkur meira frá hlutfallslegri tíðni vandans (Cohen og Cohen, 1983).

Lokaorð

Þegar meta á greiningarhæfni prófs gagnvart tvískiptri breytu gefur ROC-greining mat á greiningarhæfni óháð því viðmiði sem er valið. Niðurstöðurnar gefa mikilvægar upplýsingar um virkni ólíkra viðmiða og gera þannig kleift að hámarka gagnsemi greiningarhæfninnar. Ólíkt öðrum algengum mælitölum er niðurstaðan óháð bæði stærð og hlutfallslegri stærð hópanna.

Það hamlar notkun ROC-greiningar að hugtakakerfi hennar er framandlegt og tæknilegt. Meginmælitalan á greiningarhæfni, AUC, er þrátt fyrir það auðskilin og hversdagsleg. Með bættri aðkomu sökum möguleika á ROC-greiningu í algengum tölfræðiforritum auk öflugra vefforrita (Eng, e.d.) er lítið því til fyrirstöðu að þetta verði meginúrvinnsluaðferðin þar sem próf eða aðrar upplýsingar eru notaðar til að greina á milli tvíkostaástands.

Heimildir

Cohen, J. (1988). *Statistical power analysis for the behavioral sciences* (2. útgáfa). Hillsdale, NJ: Erlbaum.

Cohen, J., & Cohen, P. (1983). *Applied multiple regression/correlation analysis for the behavioral sciences* (2. útgáfa). Hillsdale, NJ: Erlbaum.

DeCarlo, L. T. (1998). Signal detection theory and generalized linear models. *Psychological Methods, 3*, 186–205.

Eng, J. (e.d.). *ROC analysis: web-based calculator for ROC curves*. Vefskjal sótt þ. 1. ágúst 2006 af slóðinni http://www.jrocfit.org.

Guðmundur B. Arnkelsson og Einar Guðmundsson (2003). Skilvirkni skimunar með Talnalykli: Leit að slökum nemendum í stærðfræði. *Sálfræðiritið, 8*, 47–61.

Guðmundur B. Arnkelsson og Friðrik H. Jónsson (1992). *Námsframmistaða við Háskóla Íslands*. Reykjavík: Kennslusvið Háskóla Íslands.

Hajian-Tilaki, K. O., Hanley, J. A., Joseph, L. & Collet, J.-P. (1997). A comparision of parametric and nonparametric approaches to ROC analysis of quantitative diagnostic tests. *Medical Decision Making, 17*, 94–102.

McFall, R. M. & Treat, T. A. (1999). Quantifying the information value of clinical assessments with signal detection theory. *Annual Review of Psychology, 50*, 215–241.

McGraw, K. O. & Wong, S. P. (1992). A common language effect size statistics. *Psychological Bulletin, 111*, 361–365.

Reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota, nr. 431/1998.

Rice, M. R. & Harris, G. T. (2005). *Law and Human Behavior, 29*, 615–620.

Sheehan, D. V., Lecrubier, Y., Sheehan, K. H., Amorim, P., Janavs, J., Weiller, E., Hergueta, T., Baker, R., Dunbar, G. C. (1998). The Mini-International Neuropsychiatric Interview (M. I. N. I.): the development and validation of a structured diagnostic psychiatric interview for DSM-IV and ICD-10. *Journal of Clinical Psychiatry, 59*(Suppl. 20), 22–33.

Simpson, A. J. & Fitter, M. J. (1973). What is the best index of detectability? *Psychological Bulletin, 80*, 481–488.

Spitzer, R. L., Kroenke, K. & Williams, J. B. W. (1999). Validation and utility of a self-report version of the PRIME-MD. *Journal of the American Medical Association, 282*(18), 1737–1744.

Swets, J. A. (1986). Form of empirical ROCs in discrimination and diagnostic tasks: Implications for theory and measurement of performance. *Psychological Bulletin, 99*, 181–198.

Swets, J. A. (1992). The science of choosing the right decision threshold in high-stakes diagnostics. *American Psychologist, 47*, 522–532.

Valdís Eyja Pálsdóttir (2006). Réttmæti sjálfsmatskvarðans PRIME-MD Patient Health Questionnaire (PHQ) gagnvart geðgreiningarviðtalinu Mini International Neuropsychiatric Interview (MINI) við að greina geðraskanir hjá heilsugæslusjúklingum. (Óbirt gögn vegna Cand.psych. verkefnis.)

Sannar sögur handa byrjendum: Nokkur orð um freudíska bælingu[1]

Magnús Kristjánsson

Á þessu ári eru liðin 150 ár frá fæðingu Sigmundar Freud sem frægastur er fyrir sálgreiningu (*psychoanalysis*). Lykilhugtök hennar eru bæling (*repression, Verdrängung*) og Ödípúsarduld. Bæling Freuds hefur löngum valdið mönnum nokkrum heilabrotum og margir hafa talið að í hugmyndinni felist mótsögn (Billig, 1999; McGinn, 1999; Sartre, 1958; 1981; Scruton, 1986; Volosinov, 1987; Wohlgemut, 1923). Freud taldi sig hafa uppgötvað Ödípúsarduld, en líklega er nær að segja að hann hafi fundið hana upp. Ödípúsarduld er, þegar allt kemur til alls, tæki til að segja sögur. Sama máli gegnir um bælingarhugtak Freuds. Ödípúsarduld er háð bælingu. Ef engin Freudísk bæling er til þá er engin Ödípúsarduld til. Hér verður einkum fjallað um bælingu.

Það er merkilegt, eins mikilvæg og bæling er í hugmyndum Freuds, að hann gerir aldrei skýra grein fyrir því hvernig þetta lykilfyrirbæri starfar. Skýringar hans eru varla nema líkingar þar sem hann lýsir varðmanni, siðgæðisverði og ritskoðara, en skýrir aldrei hvernig bæling virkar. Svo segir hann að frekari rannsókna sé þörf, enda séu eiginleikar og starfshættir bælingar síður en svo ljósir. Þá notar hann orðið ýmist yfir alla svokallaða varnarhætti sjálfsins eða þá einn þessara varnarhátta og er reyndar hvergi spar á dæmin um bælingu og varnarhætti. Þýðendur Freuds á ensku og íslensku segja að „[g]agnger[u]st[u] umfjöllun Freuds um bælingu“ (Sigurjón Björnsson, í Freud, 1996, bls. 310, neðanmáls) sé að finna í tveimur greinum hans frá 1915 (Freud, 1957b, 1957c), en þar er orðið bæling notað í almennri merkingu og ekki greind frá varnarháttum. Rúmum áratug síðar, 1926, (Freud, 1959) er hún orðin einn af varnarháttunum. Í athugasemd ritstjóra (Strachey, 1959, bls. 173-174) við þessa breytingu Freuds stendur að undir lok 19. aldar virðist Freud hafa notað bælingu um það þegar hvötum eða hugsunum er ýtt til dulvitundar, en varnarhátt um tilefni (*motive*) bælingar. Smám saman víki svo orðið varnarhættir fyrir bælingu – bæling verður

[1] Sigurði J. Grétarssyni þakka ég yfirlestur og góðar ábendingar.

samheiti fyrir varnarhætti, eins og er í greinunum tveimur 1915. Miðað við þessar greinar mætti ætla að bæling sé nú 11 árum síðar, árið 1926, orðin undirflokkur af sjálfri sér, sem væri sérkennileg skipan. Af grein Freuds frá 1926 má þó ráða að þessi ný skipan stafi ekki síst af því að fundist hafi fyrirbærið „ónýting“ (*undoing*) (þýð. Sigurjón Björnsson, 2002) og „ekki sé hægt að efast um varnarstefnu þess, en það líkist þó í engu ‘bælingu’“ (*“about whose defensive purposes there can be no doubt, but which has no longer any resemblance to the process of ‘repression’”*) (Freud, 1959, bls. 164). Fyrirbærið „ónýting“ er þá flokkað með varnarháttum, en er án bælingar. Aðrir varnarhættir hljóta þá að fela í sér bælingu eða vera háðir henni. Skipting varnarhátta 1926 verður þá þessi: Bæling, „ónýting“ og varnarhættir sem eru háðir bælingu eða fela hana í sér. Nærtækast er þá að ætla að hér sé aftur komin skiptingin sem Strachey (1959, bls. 173-174) segir að Freud hafi notað í aldarlokin, að öðru leyti en því að varnarhætti án bælingar er bætt við. Ekkert er við því að segja að varnarháttum sé veitt undanþágu frá bælingu; félagaskrá varnarhátta stækkar bara við það.

Þótt greinargerð Freuds fyrir bælingu sé síður en svo skýr hlýtur bæling hans þó að fela það í sér að vissum hvötum eða löngunum og hugsunum sé haldið frá vitund þess sem fyrir bælingu verður. Bælingin fer fram og henni er haldið við án vitundar þess sem fyrir henni verður, en jafnframt er hún talin geta valdið þolandanum sálrænum kvillum. Meðferð í sálgreiningu Freuds beinist að því að komast að því sem Freud taldi að skýrði eða ylli sálrænum kvillum af ýmsu tagi. Sá sem er haldinn slíkum kvillum veit yfirleitt ekki hvað veldur og reyndar er margt á huldu enn um það að bestu manna yfirsýn. Freud taldi sig hins vegar hafa fundið nokkur svör við þessu. Hann hélt því fram að þau væri að finna í óvitund mannsins og þá þeim hluta sem hefur verið bældur. Hugsanir eða hvatir sem eru bældar hafa annað hvort aldrei komist til vitundar vegna þess að þeim hefur verið haldið frá vitundinni af sálrænum öflum eða þær hafa verið hraktar úr vitund manns, en geta þar með valdið sálrænum kvillum. Hann þykist finna að óskiljanlegt háttalag manna sé, þegar betur er að gáð, skiljanlegt í ljósi sama hugtakakerfis og öllu fólki er tamt að nota, þess hugtakakerfis þar sem hugtökin vilji eða löngun (*desire*) og skoðun eða trúa (*belief*) eru fremst í flokki. Þessi skýringa-háttur, sem einkennist af tilgangs-eða tilefniskýringum, er oftast kenndur við þessi hugtök og kallaður *Belief-desire psychology* á ensku (en einnig *Commonsense*, *Folk*, *Intentional, Mentalistic* eða *Propositional attitude psychology*). Hversvegna fórstu suður? Af því að ég hélt að Sigga væri farin vestur. Í stuttu máli beitir Freud tilefnisskýringum á hið afbrigðilega og óskiljanlega, rétt eins og allir skýra athafnir sínar og annarra manna.

Skýringar Freuds einkennast því öðru fremur af hversdagslegri sálarhyggju og að því leyti felast engin nýmæli í sálgreiningu. Freud þurfti því annað til, enda verður maður varla frægur af óblandaðri sálarhyggju – og síst af öllu því að halda henni fram þar sem hún virðist alls ekki eiga við. Er það ekki einmitt vegna þess að tilefnisskýringar þrýtur að við botnum ekkert í þeim sem eru vitskertir eða þunglyndir eða fullir af ugg eða þráhyggju eða vitstola af hræðslu við það sem ekkert er? Freud þurfti því að bæta einhverju við, eins og þegar hefur verið gefið í skyn, til þess að menn féllust á það að tilefnisskýringar giltu jafnt um hið óskiljanlega og það skiljanlega í fari manna. Og hann fór hann ekki langt. Tilefnin (*motives, reasons*) eru þessu óskiljanlega fólki nefnilega alls ekki sjálfu ljós. En þetta stafar ekki beinlínis af fákunnáttu, heldur hinu að tilefnin búa í dulvitund þeirra, þau eru bæld. Þessi dulvitund er þó þeim kostum búin að sagt er að komast megi að hinum raunverulegu tilefnum með sérstökum aðferðum. Freud taldi sig einmitt búa yfir þessum aðferðum og er þar frægust hugtengslaaðferðin. Þegar við nú sjáum að tilefnin gilda jafnt um það óskiljanlega og það skiljanlega – að hið óskiljanlega er, þegar öllu er á botninn hvolft, skiljanlegt á sama hátt og hið skiljanlega – er okkur ekkert að vanbúnaði að hefja leitina að tilefnum þess óskiljanlega.

Hér verður ekkert um það rætt hvort Freud var í einhverju frumlegur þegar hann fékk viðbæturnar sem til þurfti; menn höfðu svo sem áður hugsað sér íbyggna óvitund og bælingu (um þetta má, til dæmis, lesa í Ellenberger, 1970; MacMillan, 1997; Magee, 1997; Scruton, 1986, og Sulloway, 1979). En þetta skiptir svo sem ekki öllu máli hér vegna þess að ætlunin er fyrst og fremst sú að skoða vitið í hugtökunum bælingu og óvitund hjá Freud. Upprunavottorð hugtakanna hefur þar engin áhrif. Frumleiki Freuds sést að minnsta kosti í því hvernig hann beitir þessum hugtökum í sögunum sem hann skrifaði upp um sjúklinga sína og líka þá sem hann þekkti bara af afspurn og verkum þeirra, svo sem Leonardo da Vinci.

Sagan af Hansa litla er gott dæmi um þetta. Hansi litli (Herbert Graf) er höfuðpaurinn í sjúkrasögu Freuds frá 1909 og 5 ára lykilvitni fyrir Ödípúsar-duld. Það sem helst hrjáði Hansa var ofsahræðsla (*phobia*) við hesta. Að auki höfðu þeir Freud og Max Graf, faðir Hansa, þungar áhyggjur af draumförum drengsins og forvitni hans um mun á stelpum og strákum og því hvað hann var hændur að móður sinni (Freud, 1955). Freud hitti Hansa raunar bara einu sinni í lækningaskyni, en faðir Hansa gerðist millilið ur í allri greiningunni. Sameiginlega reyna þeir Freud að komast að rótum óttans með samtölum föðurins við Hansa eftir leiðbeiningum Freuds. Hansi veit ekki betur en að hann sé hræddur við hesta og er það náttúrlega samkvæmt öllum venjulegum

skilningi. Hansi hefur beinan aðgang að tilefni óttans, því sem óttinn beinist að, sem sagt hestum. Freud þykist þó vita betur og sannfærir Herra Graf. Óttinn er einskonar yfirvarp, sem Hansi hefur þó enga hugmynd um. Hansi óttast í raun ekki hesta heldur föður sinn, keppinautinn um móður hans. Hansi girnist nefnilega móður sína og vill ryðja föður sínum úr vegi. Hann hatar föður sinn innst inni, en óttast hann um leið, án þess að vita það þó, enda hefur einhverjum sálaröflum í Hansa tekist að bæla þessar geðshræringar í óvitund hans. Þetta er hin furðulegasta hugmynd því Hansi sýnir engin merki um að óttast föður sinn, en heilmikil merki þess að hræðast hesta. Og Freud þarf að sýna fram á að þetta gangi allt saman upp.

Hansi er haldinn Ödípúsarduld, en Freud taldi sig hafa uppgötvað hana með greiningunni. Freud ályktar með hraði að hún sé altæk og blundi í öllum sveinum. Hansi litli girnist móður sína og hræðslan við hestana er í raun hræðsla við föðurinn. Alls konar rök eru færð fyrir þessu. Til dæmis er Hansi ekki hræddur við alla hesta, en Freud sér mikla líkingu með föður Hansa og lýsingum á hestunum sem hann hræðist. Hann hræðist stóra hesta með augnblökur og múl og helst hesta sem draga húsgagnavagna, kolavagna og strætisvagna. Hansi hafði orðið vitni að því að svona hestur sem dró strætisvagn féll og valt á hrygginn. Hann er hræddur um að þetta gerist aftur. Hansi býr auk þess gegnt aðaltollstöðinni í Vínarborg, og þar er sífelld umferð hestvagna, smárra og stórra. Hansi er hræddastur um að þeir stóru velti þegar þeir beygja þvert inn á tollstöðina hlaðnir varningi og út af henni aftur.

En Freud veit betur. Hann veit að hesturinn sem Hans sá velta á hrygginn er staðgengill Herra Grafs sem er að dauða kominn í innstu óskum Hansa litla, án þess þó að hann hafi hugmynd um það sjálfur. Herra Graf gengur nefnilega með gleraugu og yfirskegg, rétt eins og hesturinn er með augnblöðkur og múl. En hesturinn er ekki er ekki bara staðgengill Herra Grafs, heldur líka Frúar Grafs í barnsfæðingu; hún er fallin, fullhlaðin eins og vagninn. Hér hefur Freud leiðrétt Herra Graf, sem hafði ekki áttað sig á því að Frú Graf var hestur, heldur haldið að hún væri þunguð kona sem verður að storkaboxi, og svo að hlöðnum flutningavagni í óvitund Hansa litla.

Og hvernig gerist nú allt þetta? Það er ljóst að Freud leitar skýringa á kvilla eða öllu heldur kvillum, Hansa litla. Hann lítur ekki svo á að hann sé að leggja útaf ótta Hansa litla og skýra hann í ljósi goðsagnar. Það er miklu frekar að hann telji sig vera að koma upp um goðsögu, goðsöguna um Ödípús. Freud segir rétt áður en hann kveður upp endanlegan dóm um Hansa að líbídó Hansa hafi umbreytst í kvíða sem svo er varpað fyrst og fremst á hestana (Freud 1955). Þá má spyrja: Hvernig í ósköpunum gerist

það? Freud býður upp á skýringar, en þær skýringar eru fjarri því að vera fullnægjandi. Er ekki hugsunin að einhverju leyti sú að hvatirnar og geðshræringarnar hlaðist upp og verði að fá útrás og birtist þar með í hræðslu við hesta, vegna þess að þær geta ekki fengið útrás beint á Grafhjónunum? Freud kannaðist við það að orka getur breytst úr einni mynd í aðra. Á hann við eitthvað slíkt? Líbídó „merkir orku þá, sem veldur breytingum á kynhvötinni hvað viðföng varðar (tilfærsla á orkuhleðslu), hvað varðar markmið og upptakasvæði kynörvunar“ (Sigurjón Björnsson, 2002, bls. 338). Líbídó er samkvæmt þessari skilgreiningu ekki sálrænt eða íbyggið fyrirbæri og Freud útskýrir ekki hvernig íbyggni verður til úr því sem ekki er íbyggið. Hér birtast enn og aftur sérkennilegar hugmyndir Freuds um ástríður, en þeim reynir hann sífellt að lýsa sem frumhvötum og kenndum sem eru sameiginlegar mönnum og öðrum dýrum. En jafnframt eru þær margbrotin, íbyggin, siðræn og mennsk fyrirbæri. Fuglar verða ekki ástsjúkir eða afbrýðissamir, en þeir verða hungraðir og kynhvatir. Ástsýki Rómeós og Júlíu er annað en einber kynhvötin. Annars gætu þau leitað eitthvað annað. Þrá og afbrýðisemi, eru ekki einhverjar frumhvatir eins og hungur og heldur ekki lífeðlislegar eins og Freud gefur sífellt í skyn með orðum eins og orku og orkuhleðslu (sjá, til dæmis, Scruton, 1986), en orka og orkuhleðsla eru ekki sálræn hugtök. Og hverjar skyldu annars vera mælieiningar þessarar orku? Það er aldrei gefið upp. Þegar sagt er að líbídó Hansa umbreytist í kvíða sem svo er varpað á hestana (Freud 1955, bls. 126) getum við alls ekki tekið það bókstaflega. Ef umbreytingu orkunnar er ætlað að leysa upp og skýra íbyggni ástríðnanna, þá hlýtur ætlunin að vera sú að hið sálræna hverfi um leið. Auðvitað tókst Freud ekki að láta það hverfa, enda væri þá engin sálgreining til.

Hvað er verið að rekja svona gamla sögu? Hafa ekki orðið svo miklar framfarir í sálgreiningu að þessi saga er löngu úrelt? Það má efast um það. Sálgreinendur beita enn svipuðum aðferðum og Freud. Þeir spinna sögur á sama hátt, þótt þær séu kannski ekki eins góðar.

En ætli mönnum dytti í hug að birta svona sögu 100 árum seinna, og alveg sérstaklega eftir galdrafárið mikla um bældar minningar (*repressed memories*) sem geisaði á Vesturlöndum á 9. og fyrri hluta 10. áratugar síðustu aldar, þegar flekunarkenning Freuds gekk í endurnýjum lífdaganna? Henni hafði þá verið haldið niðri í nær áttatíu ár, meðal annars vegna tilkomu Ödípúsarduldar. Í sögunni af Hansa litla er reynt að telja barni trú um að það sé haldið alls konar órum sem það hefur þó ekki grænan grun um hverjir eru. Freud talar um Hansa eins og langanir hans og þrár séu eins og hjá fullvaxta karli. Þar segir hins vegar ekkert af órum annarra sögupersóna, þeirra Freuds og Max Graf (Frú Graf sleppur að vísu ekki) (Billig, 1999; Wohlgemut, 1923)

og væri þó full ástæða til. Hansi litli er eins og hann sé staddur í þekktu ævintýri eftir H C Andersen. Sagan er kannski líka dæmi um það hvernig ekki á að yfirheyra börn, og hvernig hægt er að leita langt yfir skammt í skýringum á hversdagslegum hlutum, hafi menn til þess nógu góð tæki. Í sögunni koma engin haldbær rök fram fyrir Ödípúsarduld, eins og margoft befur verið bent á (Wohlgemut, 1923; Wolpe & Rachman, 1973). Freud sem alltaf þykist vera að prófa tilgátur gerir það hvergi hér fremur en oftast nær. Sagan er í mesta lagi einhvers konar útlegging eða heilaspuni og þvingaðar játningar.

Freud (1957a) segir að „kenningin um bælingu [sé] hornsteinn" (bls. 16) allrar sálgreiningar. Það hlýtur að vera hægt að taka undir þetta þegar á það er litið að einhvers konar bæling kemur sífellt við sögu í skýringum hans. Bæling er það sem átti að gera Freud kleift að beita tilefnisskýringum þar sem þær virðast alls ekki eiga við, eins og fyrr var sagt. Án bælingar væru engar tilefnisskýringar af því tagi sem sálgreining státar af og þar með engin sálgreining heldur. Það er ekki þar með sagt að hugtakið sé ljóst, hvað þá að um það sé til skýr kenning frá hendi Freuds, eins og halda mætti.

Í 19. inngangsfyrirlestri sínum um sálgreiningu reynir Freud (1996) að gera grein fyrir þessu lykilhugtaki. Þar er sagt að bælingin fari „fram án vitundar sjálfsins" (bls. 318). Freud grípur svo til samlíkingar, eins og hann segir sjálfur, um vistarverur. Hið dulvitaða er eins og „stórt anddyri þar sem sálrænar hvatir ryðjast hver um aðra þvera" (bls. 319), en í „eins konar setustof[u]" þar innaf á meðvitundin heima. Á þröskuldinum þarna á milli er varðþjónn. Það er hann sem „skoðar þessar sálrænu hvatir" (bls. 319) og ákveður hverri skuli hleypt yfir þröskuldinn „inn í setustofuna". Setustofan er forgarður fyrir þær hvatir sem komist hafa upp úr dulvitund. Öðrum hvötum hefur vörðurinn ýtt til baka vegna þess að „þær eru ótækar fyrir meðvitund. Vér segjum að þær séu bældar" (bls. 320). Forgarðurinn er „kerfi hins forvitaða" (bls. 320), en hvatirnar sem þar dvelja hafa ekki þar með komist til meðvitundar. Til þess að svo verði þarf meðvitundin að koma auga á þær. Svo eru hvatir sem varðmaðurinn hleypir aldrei inn í forgarðinn. Varðmaðurinn er „mótstaðan", sem fyrr hefur verið kynnt, segir Freud, „þegar vér reynum að að lyfta bælingunni með sálgreiningu" (bls. 320).

Að þessum orðum slepptum segir Freud:

> Nú veit ég að þér segið að þessar hugmyndir séu bæði grófar og fáránlegar og gjörsamlega ótækar í vísindalegri greinargerð. Ég veit að þær eru grófar. Og það sem meira er. Ég veit að þær eru rangar. Og ef mér skjátlast ekki á ég þegar eitthvað betra í staðinn (bls. 320).

Um það eru þýðendur Freuds á íslensku og ensku sammála að „[e]kki [sé] ljóst hvað Freud átti við með þessu" (Sigurjón Björnsson, í Freud, 1996, bls.

320, neðanmáls). Freud virðist afneita líkingu sinni algjörlega, en skömmu síðar kallar hann líkinguna svo tilgátu, og segir að hún „sé engu að síður mikilvæg námundan við raunverulegar staðreyndir“ (bls. 320). Og á næstu síðu hefur hann stutt „tilgátu“ sína enn frekar. Áðurnefndur vörður er „enginn annar en siðgæðisvarslan“ (bls. 321), sem hann hefur áður sagt frá í fyrirlestri um drauma, og bælingin er „forskilyrði að myndun einkenna [og] [e]ins og vér vitum eru einkenni staðgenglar fyrir eitthvað sem bælingin heldur niðri“ (bls. 322). Hvernig veit Freud það ef hann hefur á röngu að standa um frumeiginleika bælingar? Og hvers vegna leggur Freud fram þessa útgáfu á bælingu, sem hann veit að er röng, en gefur svo í skyn að hann eigi eitthvað betra í poka sínum? Hvers vegna sýnir hann ekki í pokann í stað þess að leggja það fram sem hann hafnar svo í næstu orðum?

Það væri gaman að vita hvað var í pokanum. Ekki er að sjá að fyrrnefndir þýðendur hans hafi fengið að sjá í pokann. Freud hafði um svipað leyti og hann flutti inngangsfyrirlestrana gert sérstaka grein fyrir bælingu í tveimur greinum (Freud, 1957b, 1957c), eins og áður var sagt, en þar segja þessir sömu þýðendur er að finna „[g]agnger[u]st[u] umfjöllun Freuds um bælingu“ (Sigurjón Björnsson, í Freud, 1996, bls. 310, neðanmáls). Ekki sést af orðum þýðenda að þeim þyki þar nokkru bætt við það sem hér var sagt frá um bælingu úr 19. inngangsfyrirlestri Freuds. Reyndar er verðinum, sem áður var talað um, nú líkt við ritskoðara. Þar kemur líka fram að sýnt hafi verið fram á, svo ekki verði um villst (*is proved beyond question*, Freud, 1957c, bls. 193), að önnur ritskoðun fari fram á milli forvitundar og meðvitundar en óvitundar og forvitundar, en það geta varla kallast nýmæli. Það hlýtur að leiða af hinu þrískipta kerfi að Freud grípur hér frekar til líkingarinnar um ritskoðun en varðmannsins. Óbreyttur varðmaður væri varla í lagi ef hann hleypti þeim inn í forgarðinn sem hann vissi að hann þyrfti að henda aftur út í dulvitund. Og einhvern veginn verða þær að komast til vitundar. Vitundin fer varla inn í forgarðinn, eins og Freud virðist þó gefa í skyn í fyrirlestrinum.

Hefur Freud þá leyst vandann um skýringar á því óskiljanlega, þar sem tilefnisskýringar virðast ekki gilda, en gilda samt? Hafa vörðurinn og ritskoðunin leyst málið? Setjum svo að sagt væri að ekki ætti að taka Freud bókstaflega hér. Hugtakið bæling væri bara líkingamál eins og Freud hefði nánast sagt í 19. inngangsfyrirlestri, en horfið svo frá í næstu setningum og haldið fram bókstafnum. Ef þetta er líkingamál, er það gott líkingamál? Hverskonar fyrirbæri er vörðurinn eða ritskoðarinn eða bælingin sjálf? Okkur er sagt að bælingin starfi mjög svo leynilega. Hún er samt ekki efnafræðilegt eða lífeðlislegt fyrirbæri og óvitundarfyrirbæri í þeim skilningi. En hún starfar fyrir utan vitund okkar, en samt hefur hún alla eiginleika vitandi manns. Hún

er sjálf sálræn – eða hugræn, ef menn vilja heldur. En það var til hennar stofnað til þess að losna við hversdagslega eiginleika tilefnisskýringa, vitundarfyrirbærin sem allir hafa á reiðum höndum. Þess vegna má hún ekki vera vitundarfyrirbæri. En hún er það samt og verður að vera það. Bælingin á að forða okkur frá vissum vitundarfyrirbærum og þess vegna verður hún að reyna þau á sjálfri sér. Hún getur ekki þekkt þau með öðru móti (Það er ekki til dulvituð tannpína, í venjulegum skilningi orðsins tannpína). Það voru einmitt vitundarfyrirbærin sem Freud þurfti að losa sig við. Þau voru sjálf hættan og þvældust fyrir tilefnisskýringunum.

En þá hefur Freud ekki gert annað en færa vandamál sitt til (sjá, til dæmis, MacGinn, 1999; Sartre, 1958 og áréttingu hans 1981; Scruton, 1986; Volosinov, 1987). Freud hefur búið til mannling, lítinn karl, sem hefur alla þá eiginleika sem hann reyndi að losa sig við. Sá mannlingur hefur það að vísu framyfir þann sem hann býr í að hann er harðari af sér (McGinn, 1999). Hann er atgervismaður, lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna, hann þolir klám og ofbeldi og hina hörmulegustu atburði. En þá mætti spyrja: Hvers vegna erum við þá ekki svona af guði gerð eins og þessi mannlingur sem í okkur býr? Eða er hann, þegar öllu er á botninn hvolft sami auminginn og við, með forgarð hvatanna, dulvitund og bælingu og svo koll af kolli. Það eru nefnilega allt of mörg egó hjá Freud, eins og Billig (1999) sagði.

Einhvers staðar hljóta skýringar að enda og hér hljóta þær að enda utan við Freudismann.

Á seinni árum hafa menn reynt að bjarga bælingu Freuds með því að staðhæfa að óvitund hans sé í litlu frábrugðin þeirri óvitund sem var haldið fram löngu fyrir daga Freuds og lifir enn góðu lífi. Ekki þarf að deila um það að Freud nýtti sér líka þá hugmynd, en hún er af allt öðru tagi en hin bælda dulvitund. Engum hefur til dæmis dottið í hug að ná sambandi við þessa bældu óvitund með sálgreiningu (Erwin, 1996). Hin sérstaka óvitund Freuds felur í sér innistöður (skyn, kenndir, vitund), en það er einmitt þetta sem bælingin átti að losa menn við. Freud tókst síður en svo að leysa þann vanda sem hann lagði upp með. Það býr með öðrum orðum vitund í óvitundinni. Þar sem ekki eru veittar undanþágur frá mótsagnarlögmálinu þá er freudísk bæling ekki til og Ödípúsarduld ekki heldur. Ef líking stenst ekki röklega, þá stenst hún heldur ekki í reynd.

Freud sýndi okkur aldrei í pokann vegna þess að það var ekkert í honum. Þess vegna er það misskilningur sumra bjartsýnismanna að hægt sé að sýna fram á freudíska bælingu með tilraunum eins og svo margir hafa reynt (sjá Erwin, 1996, og Kline, 1981, sem rekja raunir þessara manna). Það er heldur ekki hægt, eins og sumir af þessum tilraunasinnum hafa reynt, að bjarga

bælingu Freuds með því að láta hana ná yfir alla skapaða hluti – allt frá ýfingaráhrifum (*priming effects*) hjá sjúklingum með minnisstol vegna heilaskaða til þess að leiða hugann að öðru til þess að forðast óþægindi eins og Erdelyi (í prentun) gerir. Það fyrra kemur freudískri bælingu ekkert við; þetta er einmitt dæmi um það að hér á engin freudísk skýring við. Um það seinna segir Erdelyi að til sé gnótt af tilraunagögnum sem styðji tilvist þess. Á móti má spyrja: Hvernig geta tilraunagögn staðfest tilvist þess sem er hversdagslegasta fyrirbæri í heimi? Hefur Erdelyi aldrei dreift huganum eins og sagt er? Hefur hann aldrei komið sér hjá því að ræða það sem er óþægilegt? Hefur hann aldrei heyrt aðra gera það? Hefur hann aldrei tekið eftir því að fólk siðast og segir ekki hvað sem er hvar sem er? Og þannig mætti lengi spyrja. Freud hefur varla sótt frægð sína í það að uppgötva það sem allir vita. En auðvitað minnist hann sífellt á svona dæmi. Annað er ekki hægt. En ef þetta er meginhluti af undirstöðu sálgreiningar, þá er Freud enn meiri galdrakarl en okkur hefur órað fyrir.

Heimildir

Billig, M. (1999). *Freudian repression: Conversation creating the unconscious*. Cambridge, UK: Cambridge University Press.

Ellenberger, H. F. (1970). *The discovery of the unconscious: The history and evolution of dynamic psychiatry*. London: Allen Lane.

Erdelyi, M. H. (í prentun). The unified theory of repression. *Behavioral and Brain Sciences*.

Erwin, E. (1996). *A final accounting: Philosophical and empirical issues in Freudian psychology*. Cambridge, MA: MIT Press.

Freud, S. (1955). Analysis of a phobia in a five-year-old boy. Í J. Strachey (Ritstj.), *The standard edition of the complete psychological works of Sigmund Freud* (10. bindi, bls. 3-149). London: Hogarth Press. (Frumútgáfa 1909)

Freud. S. (1957a). History of the psycho-analytic movement. Í J. Strachey (Ritstj.), *The standard edition of the complete psychological works of Sigmund Freud* (14. bindi, bls. 7-66). London: Hogarth Press. (Frumútgáfa 1914)

Freud. S. (1957b). Repression. Í J. Strachey (Ritstj.), *The standard edition of the complete psychological works of Sigmund Freud* (14. bindi, bls. 146-158). London: Hogarth Press. (Frumútgáfa 1915)

Freud. S. (1957c). The unconscious. Í J. Strachey (Ritstj.) *The standard edition of the complete psychological works of Sigmund Freud* (14. bindi, bls. 161-195). London: Hogarth Press. (Frumútgáfa 1915)

Freud, S. (1959). Repression and defence. Í J. Strachey (Ritstj.) *The standard edition of the complete psychological works of Sigmund Freud* (20. bindi, bls. 163-164). London: Hogarth Press. (Frumútgáfa 1926)

Freud, S. (1996). 19. fyrirlestur: Mótstaða og bæling. *Inngangsfyrirlestrar um sálkönnun* (bls. 310-326). (Sigurjón Björnsson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. (Frumútgáfa 1914)

Kline, P. (1981). *Fact and fantasy in Freudian theory* (2. útg.). London: Methuen.

McGinn, C. (1999, 4. nóv.). Freud under analysis. *The New York Review of Books*, bls. 20-24.

MacMillan, M. (1997). *Freud evaluated: The completed arc*. Cambridge, MA: MIT Press.

Magee, B. (1997). *The philosophy of Schopenhauer*. Oxford: Oxford University Press.

Sartre, J. P. (1958). *Being and nothingness*. (H. E. Barnes þýddi úr frönsku). London: Methuen/Routledge. (Frumútgáfa 1943)

Sartre, J. P. (1981). An interview with Jean-Paul Sartre [M. Rybalka & O. F. Pucciani]. Í P. A. Schilpp (Ritstj.), *The Philosophy of Jean-Paul Sartre* (bls. 5-51). La Salle, IL: Open Court.

Scruton, R. (1986). *Sexual desire: A moral philosophy of the erotic*. New York: The Free Press.

Sigurjón Björnsson (2002). Lítil orðabók með skýringum. S. Freud, *Ritgerðir* (bls. 325-349). (Sigurjón Björnsson þýddi, ritaði inngang og skýringar). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Strachey, J. (1959). Appendix A: Repression and defence. Í J. Strachey (Ritstj.) *The standard edition of the complete psychological works of Sigmund Freud* (20. bindi, bls. 173-174). London: Hogarth Press.

Sulloway, F. J. (1979). *Freud, biologist of the mind*: *Beyond the psychoanalytic legend*. London: Fontana.

Volosinov, V. N. (1987). *Freudianism: A critical sketch*. (I. R. Titunik þýddi úr rússnesku). Bloomington, IN: Indiana University Press. (Frumútgáfa 1927)

Wohlgemuth, A. (1923). *A critical examination of psycho-analysis*. London: Allen & Unwin.

Wolpe, J. & Rachman, S. (1973). Psychoanalytic evidence: A critique based on Freud's case of Little Hans. Í H. J. Eysenck & G. D. Wilson (Ritstj.), *The experimental study of Freudian theories* (bls. 318-341). London: Methuen. Endurprent úr *The Journal of Nervous and Mental Disease, 130*(8), 135-148, 1960.

Áhættuhegðun almennings í umferðinni

Ólafur Örn Bragason
Rannveig Þórisdóttir
Haukur Freyr Gylfason

Ef litið er á opinberar tölur um umferðalagabrot skráð í málaskrá lögreglu fyrir árið 2005 kemur meðal annars fram að brotum vegna aksturs gegn rauðu ljósi fækkaði um helming miðað við meðaltal áranna á undan. Auk þess fækkaði skráðum brotum þar sem stöðvunarskylda var ekki virt um 75%. Hinsvegar eru brot þar sem hámarkshraði er ekki virtur og ölvun við akstur nokkuð svipuð milli ára (Ríkislögreglustjórinn, 2006). Út frá opinberum tölum er því ljóst að þrátt fyrir ákveðna fækkun má búast við því að áhættuhegðun í umferðinni eins og of hraður akstur og ölvun við akstur sé nokkuð tíð hér á landi.

Þegar litið er á þær rannsóknir sem kannað hafa samband ölvunar og kyns virðist vera nokkur samstaða um að karlar séu líklegri en konur til að segjast hafa ekið undir áhrifum áfengis (Bergdahl, 2005; Haukur Freyr Gylfason, Rannveig Þórisdóttir og Marius Peersen, 2004). Niðurstöður íslenskra rannsókna sýna að 18 prósent 17 til 19 ára unglinga segjast hafa ekið ölvuð einu sinni eða oftar og um 2 prósent segjast hafa verið tekin fyrir ölvunarakstur af lögreglu (Haukur Freyr Gylfason, Rannveig Þórisdóttir og Marius Peersen, 2004). Í rannsókn Gerðar Bjarkar Hafsteinsdóttur frá 2004 kom fram að 46 prósent háskólanema segjast hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis og 11 prósent segjast hafa verið tekin fyrir ölvunarakstur af lögreglu (Marius Peersen, Haukur Freyr Gylfason og Jón Friðrik Sigurðsson, 2004). Þrátt fyrir þessar niðurstöður er ekki hægt að draga þá ályktun að ölvunarakstur aukist með aldri þar sem um aldurbilið er ekki stórt og engin tímamörk voru skilgreind og tíðnitölur fyrir afmörkuð tímabil því ekki tiltækar.

Rannsóknir við tilraunaaðstæður sýna að fólk er tilbúið til að taka meiri áhættu ef það er undir áhrifum áfengis (Abrams, Hopthrow, Hulbert og Frings, 2006). Áður hefur komið fram hér á landi að í alvarlegum umferðarslysum þar sem ökumaður eða aðrir láta lífið er ölvun áhrifavaldur

(Rannsóknarnefnd umferðarslysa, 2001, 2002, 2003). Á árunum 1999 til 2002 voru rúmlega tvö þúsund manns að meðaltali handtekin árlega fyrir ölvunarakstur sem er innan við 1 prósent þeirra sem hafa gild ökuskírteini (Ríkislögreglustjórinn, 2006). Talsverður fjöldi fólks virðist því taka þá áhættu að keyra í umferðinni þrátt fyrir að þekking á tengslum ölvunar og umferðaslysa hafi aukist til muna.

Tengsl aldurs og kyns við akstur á móti rauðu ljósi hafa verið skoðuð í mörgum rannsóknum. Í rannsókn Retting og Williams (1996) kom fram að ungir ökumenn eru líklegri en aðrir til að aka á móti rauðu ljósi. Hinsvegar var ekki munur á kynjunum í sömu rannsókn. Það sama á við um niðurstöður rannsóknar Porter og Berry (2001) þar sem eingöngu aldur spáði fyrir um hvort ökumenn ækju á móti rauðu ljósi, það er ungir ökumenn voru líklegri en eldri ökumenn að aka á móti rauðu ljósi.

Önnur rannsókn sýndi hinsvegar að ungir ökumenn (yngri en 30 ára) og karlar væru líklegri en aðrir til að aka á móti rauðu ljósi (Retting, Ulmer og Williams, 1999). Samræmi er því milli þessara rannsókna hvað aldur varðar en ekki kyn. Í rannsókn Porter og England (2000) var hinsvegar ekki að finna að ungir ökumenn eru líklegri en eldri ökumenn að aka á móti rauðu ljósi. Hinsvegar kom fram að ökumenn sem spenna ekki beltin eru líklegri til að aka á móti rauðu ljósi. Nokkur tengsl virðast því vera milli mismunandi tegunda áhættuhegðunar.

Í nýlegri rannsókn Romano, Tippetts og Voas (2005) kemur ekki fram kynjamunur á akstri gegn rauðu ljósi en aldur spáði fyrir um akstur á móti rauðu ljósi. Þeir sem voru yngir en 20 ára og eldri en 69 ára voru líklegri en þeir sem voru 20 til 69 ára að aka á móti rauðu ljósi. Þegar á heildina er litið virðist flest benda til þess að aldur tengist akstri á móti rauðu ljósi en niðurstöður varðandi kyn virðast tvíræðar.

Til að skoða persónueinkenni þeirra sem aka með og án bílbeltis fylgdust Preusser, Williams og Lund (1991) með ökumönnum, skráðu niður bílnúmer og söfnuðu upplýsingum úr skráningargögnum og ökuskírteinaskrá. Niðurstöður þeirra gáfu til kynna að ungir ökumenn eru síður líklegri til að nota bílbelti en eldri ökumenn. Fleiri rannsóknir hafa stutt þá niðurstöðu að karlar eru síður líklegri en konur til að nota bílbelti (Calisir og Lehto, 2002; Preusser, Williams og Lund, 1991). Þá hefur tegund ökutækis og tengsl við bílbeltanotkun verið skoðuð. Ökumenn pallbíla, ökumenn eldri bifreiða og ökumenn með fyrri umferðarlagabrot eru síður líklegri en ökumenn fólksbíla að nota bílbelti (Preusser, Williams og Lund, 1991).

Niðurstöður allnokkra rannsókna hafa bent til þess að áhættuhegðun í umferðinni sé sérstaklega tíð meðal ungra ökumanna (t.d. Bina, Graziano og

Bonino, 2006). Karlar skýrðu frá meiri áhættuhegðun í umferðinni en konur sem sögðust frekar fylgja umferðarreglum (Bergdahl, 2005). Bæði ungir ökumenn og karlar eru til dæmis líklegri til að lenda í bílslysi en eldri ökumenn og konur (Monárrez-Espino, Hasselberg og Laflamme, 2006). Karlar eru einnig síður líklegri en konur til að draga úr áhættuhegðun í umferð ef því fylgir aukinn kostnaður og tími (Yannis, Kanellopoulou, Aggeloussi og Tsamboulas, 2005).

Niðurstöður rannsóknar Iversen og Rundmo (2004) á áhættuhegðun og slysum í umferðinni benda til þess að ungir ökumenn og karlar sýni minni tilhneigingu en eldri ökumenn og konur til að fara eftir umferðarreglunum. Ungir karlar eru almennt séð líklegri en ungar konur til að taka áhættu í umferðinni (Bina, Graziano og Bonino, 2006). Rannsóknir hafa sýnt að samanborið við eldri ökumenn eru yngri ökumenn líklegri til að aka of hratt, hafa ekki nægjanlegt bil milli ökutækja, taka frammúr á áhættusaman hátt, ætla sér of lítinn tíma til að skipta um akrein þegar akreinar sameinast og stöðva ekki fyrir fótgangandi (Gullone og Moore, 2000).

Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna áhrif kyns og aldurs á áhættuhegðun almennings í umferðinni.

Aðferð

Til að skoða áhættuhegðun almennings í umferðinni ákvað Umferðarstofa fyrir hönd Umferðaröryggisnefndar að fá IMG Gallup til að framkvæmd símakönnun dagana 29. september til 24. október 2005 þar sem einstaklingar á aldrinum 17 til 75 ára á öllu landinu voru spurðir út í akstursheðun sína. Ákveðið var að skipta landinu upp í fimm svæði og draga síðan lagskipt tilviljunarúrtaki til að hafa möguleika á að bera einstök landsvæði saman. Hér hafa gögnin hins vegar verið vigtuð þannig að úrtak endurspegli þýði nákvæmlega með tilliti til búsetu. Upphaflegt úrtak var 2.000 manns en endanlegt úrtak 1.948, fjöldi svarenda var 1.219 og er svarhlutfall því 62,6%. Meðalaldur þátttakenda var 42,6 ár (sf = 15,5 ár); kvenna 41,7 ár (sf = 14,9 ár) og karla 43,4 ár (sf = 16,0 ár). Konur voru 47,7% aðspurðra.

Í rannsókninni var spurt út í akstursheðun á síðustu sex mánuðum svo sem eins og ölvun við akstur, akstur gegn rauðu ljósi og bílbeltanotkun. Í umfjöllun er því ávalt verið að vísa til áhættuhegðunar á síðustu sex mánuðum þegar fjallað er um áhættuhegðun þátttakenda.

Áhættuhegðun í umferðinni var mæld með spurningum um hvort aðspurðir tali oft, stundum, sjaldan eða aldrei í farsíma án handfrjáls búnaðar

við akstur, noti oft, stundum, sjaldan eða aldrei öryggisbelti í innanbæjarakstri, noti oft, stundum, sjaldan eða aldrei öryggisbelti í utanbæjarakstri, hversu oft það hafi komið fyrir að þeir hafi ekið eftir að hafa drukkið eitt bjórglas, eitt léttvínsglas eða einn áfengan drykk og hvort það hafi komið oft, stundum, sjaldan eða aldrei fyrir að þeir hafi ekið yfir á rauðu ljósi. Þar sem svarmöguleikar þessara spurninga voru ekki allir þeir sömu var brugðið á það ráð að umbreyta svörunum í z-gildi til að auðvelda samlagningu allra spurninganna í eina mælingu á áhættuhegðun í umferðinni.

Við úrvinnslu var notast við *t*-próf, *F*-próf, kí-kvaðratpróf (χ^2) og stikalausu prófin Mann-Whitney *U*, raðstefnupróf Wilcoxon (*Z*) og Kruskal Wallis ($KW\chi^2$).

Niðurstöður

Langflestir aðspurðra höfðu bílpróf (97,2%) og voru karlar og konur jafnlíkleg til að hafa bílpróf ($\chi^2(1, N = 1220) = 0{,}56$; $p > 0{,}05$).



Mynd 1. Hlutfall ökumanna eftir því hversu oft þeir sögðust hafa ekið eftir að hafa drukkið eitt bjórglas, eitt léttvínsglas eða einn áfengan drykk

Flestir ökumenn sögðust aldrei hafa ekið eftir að hafa drukkið einn áfengan drykk, karlar oftar en konur ($t(947) = 3{,}95$; $p < 0{,}001$) (mynd 1). Veik tengsl voru á milli aldurs og þess að segjast hafa ekið eftir að hafa drukkið einn drykk ($r(1107) = -0{,}13$; $p < 0{,}001$). Ef ökumönnum var skipt í

hópa eftir aldri kom í ljós að ástæðan fyrir þessum veiku neikvæðu tengslum var að aldurshópurinn 55 til 75 ára sagðist sjaldnar en aðrir aldurshópar aka eftir að hafa drukkið einn áfengan drykk ($F(4, 1102) = 7{,}08$; $p < 0{,}001$) (mynd 2).



Mynd 2. Meðaltal fjölda skipta sem ökumenn sögðust hafa ekið eftir að hafa drukkið eitt bjórglas, eitt léttvínsglas eða einn áfengan drykk eftir aldurshópum

Sterk tengsl eru á milli þess hversu oft ökumenn sögðust hafa ekið eftir að hafa drukkið einn áfengan drykk og að hafa ekið eftir að hafa drukkið meira en einn áfengan drykk ($r(282) = 0{,}61$; $p < 0{,}001$). Ökumenn sem oftar aka eftir að hafa fengið sér einn áfengan drykk eru líklegri til að aka eftir að hafa drukkið fleiri áfenga drykki.

Tafla 1. Meðaltal og staðalfrávik fjölda skipta sem ökumenn sögðust hafa ekið eftir að hafa drukkið eitt eða fleiri bjórglös, léttvínsglös eða áfenga drykki.

	Höfuðborgarsvæðið			Landsbyggðin		
	M	Sf	N	M	Sf	N
Fjöldi skipta ekið eftir einn áfengan drykk	0,69	1,47	762	0,44	1,51	345
Fjöldi skipta ekið eftir meira en einn áfengan drykk	0,20	0,60	222	0,30	1,34	60

Ökumenn á höfuðborgarsvæðinu sögðust hafa ekið oftar eftir að drukkið einn áfengan drykk en ökumenn á landsbyggðinni ($t(645) = 2{,}66$; $p < 0{,}01$) (tafla 1). Ekki var munur á hversu oft ökumenn á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni sögðust hafa ekið eftir fleiri en einn áfengan drykk ($p > 0{,}05$).

Fáir aðspurðra sögðu það hafa komið fyrir að þeir hefðu ekið yfir á rauðu ljósi, karlar þá frekar en konur ($\chi^2(1, N = 1107) = 4{,}93$; $p < 0{,}05$) (mynd 3).



Mynd 3. Algengi aksturs yfir á rauðu ljósi yfir sex mánaða tímabil eftir kyni

Yngri ökumenn sögðust frekar en eldri ökumenn hafa ekið yfir á rauðu ljósi ($\chi^2(4, N = 1105) = 17{,}12$; $p < 0{,}01$) (mynd 4) og þeir sem bjuggu á

höfuðborgarsvæðinu sögðust frekar en aðrir íbúar Íslands hafa ekið yfir á rauðu ljósi ($\chi^2(1, N = 1107) = 27{,}29$; $p < 0{,}001$).



Mynd 4. Algengi aksturs yfir á rauðu ljósi yfir sex mánaða tímabil eftir aldri

Ökumenn slepptu því frekar að nota bílbelti í innanbæjarakstri en í utanbæjarakstri ($Z = 15{,}02$; $p < 0{,}001$). Karlar slepptu því frekar en konur að nota öryggisbelti bæði í innanbæjarakstri ($U(626, 589) = 154.890$; $p < 0{,}001$) og í utanbæjarakstri ($U(623, 589) = 173.673$; $p < 0{,}01$) og yngri ökumenn slepptu því frekar en eldri ökumenn að nota öryggisbelti bæði í innanbæjarakstri ($KW\chi^2(4, N = 1215) = 11{,}18$; $p < 0{,}05$) og í utanbæjarakstri ($KW\chi^2(4, N = 1212) = 42{,}25$; $p < 0{,}001$). Ekki var munur á bílbeltanotkun ökumanna eftir búsetu í innanbæjar- eða utanbæjarakstri ($p > 0{,}05$).

Að meðaltali voru karlar oftar stöðvaðir af lögreglu vegna umferðarlagabrota en konur ($t(919) = 3{,}34$; $p < 0{,}01$). Ekki var munur á meðalfjölda sekta vegna umferðarlagabrots úr sjálfvirkum eftirlitsmyndavélum ($p > 0{,}05$).

Tafla 2 sýnir niðurstöður aðhvarfsgreiningar kyns og aldurs á áhættuhegðun í umferðinni. Dreifing kyns og aldurs skýra (R^2-*adjusted*) um 13,5% af dreifingu áhættuhegðunar. Karlar eru líklegri en konur til að sýna áhættuhegðun í umferðinni og með hækkandi aldri sýnir fólk minni áhættuhegðun.

Tafla 2. Áhrif kyns og aldurs á áhættuhegðun í umferðinni

	b	β	p
Fasti	0,81		0,000
Kyn	0,26	0,22	0,000
Aldur	-0,01	-0,32	0,000

Umræða

Niðurstöður sýna að fáir segjast hafa ekið eftir að hafa drukkið einn áfengan drykk eða undir áhrifum áfengis. Karlar voru líklegri en konur til að segjast hafa ekið eftir að hafa drukkið einn áfengan drykk og er það í samræmi við fyrri rannsóknir á akurshegðun (Bergdahl, 2005; Haukur Freyr Gylfason, Rannveig Þórisdóttir og Marius Peersen, 2004). Þá voru ökumenn yngri en 35 ára líklegri en þeir sem eru eldri til að segjast hafa ekið eftir að hafa drukkið einn áfengan drykk. Skiptir þar hins vegar mestu lágt hlutfall ökumanna í elsta aldurshópnum sem sögðust hafa ekið eftir að hafa drukkið einn áfengan drykk. Þá kom fram að ökumenn á höfuðborgarsvæðinu sögðust hafa ekið oftar eftir að drukkið einn áfengan drykk en ökumenn á landsbyggðinni. Ekki var munur á hversu oft ökumenn á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni sögðust hafa ekið eftir fleiri en einn áfengan drykk.

Athygli vekur hversu sterk tengsl virðast vera á milli þess hversu oft ökumenn sögðust hafa ekið eftir að hafa drukkið einn áfengan drykk og að hafa ekið eftir að hafa drukkið meira en einn áfengan drykk. Þetta vísar til þess að ekki sé um tvo hópa að ræða, annars vegar þá sem keyra ölvaða og hins vegar þá sem keyra eftir að hafa drukkið einn áfengan drykk, heldur að um sama hóp sé að ræða.

Karlar voru líklegri en konur til að segjast hafa ekið gegn rauðu ljósi. Fyrri rannsóknir hafa ekki alltaf sýnt kynjamun á akstri gegn rauðu ljósi. Þannig kom fram í rannsóknum Retting og Williams (1996) og Porter og Berry (2001) að kyn spáði ekki fyrir um líkur á akstri gegn rauðu ljósi. Hins vegar kom fram í rannsókn Retting, Ulmer og Williams (1999) að karlar væru líklegri en konur til að aka gegn rauðu ljósi.

Yngri ökumenn sögðust frekar en eldri ökumenn hafa ekið yfir á rauðu ljósi. Almennt hafa rannsóknir stutt þessa niðurstöðu (Porter og Berry, 2001; Retting og Williams, 1996). Þá kom fram að þeir sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu sögðust frekar en aðrir íbúar Íslands hafa ekið yfir á rauðu ljósi.

Ökumenn slepptu því frekar að nota öryggisbelti í innanbæjarakstri en í utanbæjarakstri þá karlar frekar en konur bæði í innanbæjar- og utanbæjarakstri. Fleiri rannsóknir hafa sýnt fram á þennan mun á milli karla og kvenna (Calisir og Lehto, 2002; Preusser, Williams og Lund, 1991).

Í ljósi þess að áhættuhegðun á einu sviði virðist tengjast áhættuhegðun á öðru var ákveðið að leggja saman alla áhættuhegðun þátttakenda og skoða síðan mun eftir aldri og kyni. Fram kom að dreifing kyns og aldurs skýra um 13,5% af dreifingu áhættuhegðunar. Karlar eru líklegri en konur til að sýna áhættuhegðun í umferðinni og með hækkandi aldri sýnir fólk minni áhættuhegðun.

Þetta er í samræmi við niðurstöður allnokkra rannsókna sem hafa bent til þess að áhættuhegðun í umferðinni sé sérstaklega tíð meðal ungra ökumanna (t.d. Bina, Graziano og Bonino 2006; Gullone og Moore, 2000; Iversen og Rundmo, 2004; Williams, 1998). Þá hafa rannsóknir bent til þess að karlar skýri frá meiri áhættuhegðun í umferðinni en konur sem segjast frekar fylgja umferðarreglum (Bergdahl, 2005). Bæði ungir ökumenn og karlar eru líklegri til að lenda í bílslysi en eldri ökumenn og konur (Monárrez-Espino, Hasselberg og Laflamme, 2006).

Heimildir

Abrams, D., Hopthrow, T., Hulbert, L. og Frings, D. (2006). "Groupdrink"? The effect of alcohol on risk attraction among groups versus individuals. *Journal of Studies on Alcohol*, *67*, 628-636.

Bergdahl, J. (2005). Sex differences in attitudes toward driving: A survey. *Social Science Journal*, *42*, 595-601.

Bina, M., Graziano, F. og Bonino, S. (2006). Risky driving and lifestyles in adolescence. *Accident Analysis and Prevention*, *38*, 472-481.

Calisir, F. og Lehto, M. R. (2002). Young drivers' decision making and safety belt use. *Accident Analysis and Prevention*, *34*, 793-805.

Gullone, E. og Moore, S. (2000). Adolescent risk-taking and the five factor model of personality. *Journal of Adolescence*, *23*, 393-407.

Haukur Freyr Gylfason, Rannveig Þórisdóttir og Marius Peersen (2004). *Ungir ökumenn: Rannsókn á akstursheğun karla og kvenna*. Reykjavík: Höfundar.

Iversen, H. og Rundmo, T. (2004). Attitude towards traffic safety, driving bahvaiour and accident involvement among the Norwegian public. *Ergonomics*, *47*, 555-572.

Marius Peersen, Haukur Freyr Gylfason og Jón Friðrik Sigurðsson. (2004). Endurtekinn ölvunarakstur ungra ökumanna. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 113-125). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Monárrez-Espino, J., Hasselberg, M. og Laflamme, L. (2006). First year as a licensed car driver: Gender differences in crash experience. *Safety Science*, *44*, 75-85.

Porter, B. E. og Berry, T. D. (2001). A nationawide survey of self-reported red light running: Measuring prevalence, predictors, and perceived consequences. *Accident Analysis and Prevention*, *33*, 735-741.

Porter, B. E. og England, K. J. (2000). Predicting red-light running behavior: A traffic saftey study in three urban settings. *Journal of Saftey Research*, *31*, 1-8.

Preusser, D. F., Williams, A. F. og Lund, A. K. (1991). Characteristics of belted and unbelted drivers. *Accident Analysis and Prevention*, *23*, 475-482.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa (2001). *Banaslys í umferðinni 2000*. Reykjavík.: Höfundur.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa (2002). *Banaslys í umferðinni 2001*. Reykjavík: Höfundur.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa (2003). *Banaslys í umferðinni 2002*. Reykjavík: Höfundur.

Retting, R. A. og Williams, A. F. (1996). Characteristics of red light violators: Results of a field investigation. *Journal of Safety Research*, *27*, 9-15.

Retting, R. A., Ulmer, R. G. og Williams, A. F. (1999). Prevalence and characteristics of red light running crashes in the United States. *Accident Analysis and Prevention*, *31*, 687-694.

Ríkislögreglustjórinn (2006). Afbrotatölfræði fyrir árið 2005. Reykjavík: Höfundur.

Romano, E., Tippetts, S. og Voas, R. (2005). Fatal red light crashes: The role of race and ethnicity. *Accident Analysis and Prevention*, *37*, 453-460.

Yannis, G., Kanellopoulou, A., Aggeloussi, K. og Tsamboulas, D. (2005). Modelling driver choices towards accident risk reduction. *Safety Science*, *43*, 173-186.

Hugræn atferlismeðferð fyrir fólk með króníska verki

Sigurlína Davíðsdóttir

Króníska verkir geta verið afar hamlandi. Hefðbundin meðferð við slíkum verkjum hefur falist í líkamlegum aðferðum, svo sem lyfjameðferð, líkamsæfingum og sjúkraþjálfun. Niðurstöður sumra rannsókna (Gibson og Helme, 2000; Haythornthwaite, Menefee, Heinberg og Clark, 1998; Madland, Feinmann og Newman, 2000; Palla, 2002; Strobel, Wild og Muller, 1998; Turner, Jensen, Warms og Cardenas, 2002; Zaza og Baine, 2002) benda til þess að sálfræðileg inngrip geti líka haft áhrif ef athyglinni er beint að aðferðum til að höndla verkina og túlkun þeirra. Þetta verður sérlega mikilvægt þegar haft er í huga hvernig eldra fólk vill helst að unnið sé með þeim til að höndla verkina. Lansbury (2000) fann í eigindlegri rannsókn á eldra fólki með króníska verki að það vildi helst höndlunaraðferðir sem það gat stjórnað sjálft og voru bæði líkamlegar og hugrænar, en þær höndlunaraðferðir sem það kaus síst voru hefðbundnar meðferðir sem samanstóðu af lyfjameðferðum, líkamsæfingum og sjúkraþjálfun.

Haythornthwaite og fél. (1998) fundu að fullyrðingar sem fólk sagði sjálfu sér til að höndla verki og endurtúlkun á verkjunum hjálpaði til að fólki fannst það skynja meiri stjórnun á verkjunum, en það hjálpaði hins vegar ekki að láta sem fólk vissi ekki af verkjunum, þetta kom fram án tillits til þess hve slæmir verkirnir voru. En Zaza og Bain (2002) fundu að ef fólk gerði mikið úr verkjunum tengdist það meiri sársauka. Þannig virðist þessi höndlunaraðferð vera neikvæð, eins og einnig hefur komið fram í öðrum rannsóknum (Madland og fél., 2000; Rothe og Geisser, 2002; Thomee, Thomee og Karlsson, 2002; Turner og fél., 2002). Aðrar höndlunaraðferðir, svo sem virk höndlun, hafa sýnt betri árangur (Snow-Turek, Norris og Tan, 1996).

Rannsóknaniðurstöðurnar hér að ofan virðast vera í samræmi við niðurstöður annarra vísindamanna (Palla, 2002; Schmidl, 2000) að það geti bætt lífsgæði fólks með króníska verki að kenna þeim betri höndlunaraðferðir en það hefur áður notað, jafnvel þótt þetta minnki ekki verkina.

Aðferð

Rannsóknin sem hér verður lýst, var gerð á Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands (HNLFÍ) í Hveragerði. Heilsustofnunin er með nokkrar gerðir meðferða; ein þeirra er fyrir fólk með króníska verki og tekur um það bil mánuð. Meðferðina er hægt að skilgreina sem hugræna atferlismeðferð með líkamlegum þáttum, svo sem slökun, nuddi og líkamsrækt, sérstaklega sundleikfimi og gönguferðum. Þátttakendurnir hafa aðgang að læknum, hjúkrunarfræðingum og sjúkraþjálfurum, en í meðferðinni eru aðeins innifaldar ein eða tvær heimsóknir til hverrar þessara fagstétta.

Þátttakendur

Þrjátíu og átta mannsekjur með króníska verki tóku þátt, 27 karlar og 11 konur. Aldursbilið var frá 23 - 80; meðalaldur var 58,4 ár (staðalfrávik = 17,9). Svarhlutfall var 50%. Eins og meðalaldurinn sýnir voru margir þátttakendanna eldra fólk sem kom á heilsustofnunina í alls kyns ásigkomulagi og var ekki alltaf í góðu standi til að vinna mikla pappírsvinnu. Þess vegna var ekki búist við háu svarhlutfalli í þessari könnun.

Mælitæki

Kvarði sem Lachman og Weaver (1998) þróuðu var notaður til að mæla *lífsstjórnun* (e: mastery). Lífsstjórnun má skilgreina sem það, að hve miklu leyti fólki finnst að það stjórni sjálft eigin lífi, gagnstætt því að tilviljun ráði lífi þess. Í þessum kvarða eru 7 spurningar, til dæmis „Ég hef litla stjórn á því sem gerist í lífi mínu“ og „Ég get gert nærri hvað sem mig langar raunverulega til að gera“. Svarmöguleikar voru frá 1 *(mjög sammála)* til 4 *(mjög ósammála)*. Svörin voru endurkóðuð þannig að hærri tölur sýndu meiri lífsstjórnun.

Sálfræðileg vellíðan var mæld með kvarða sem Bradburn (1969) þróaði. Þetta er 10 spurninga kvarði með svarmöguleikunum *já* og *nei*. Dæmi um spurningar eru: „Hefur þér einhvern tíma á síðustu vikum fundist þú vera einmana eða einangruð/einangraður frá öðru fólki?“ og „Hefur þér einhvern tíma á síðustu vikum fundist þú vera stolt(ur), vegna þess að þér hafði verið hrósað fyrir eitthvað sem þú hafðir gert?“ Svörin voru endurkóðuð þannig að hærri tölur sýndu meiri sálfræðilega vellíðan.

Kvarði Wallston (1992) var notaður til að mæla *heilsustjórnun*. Þetta er undirkvarði úr stærri spurningalista sem er í heild 31 spurning en kvarðinn um heilsustjórnun er hér styttur úr 11 spurningum niður í 8. Dæmi um

spurningar er í kvarðanum er: „Ég sinni heilsu minni vel“ og „Áform mín um að bæta heilsu mína ganga venjulega ekki upp,“ og svarmöguleikarnir eru frá 1 (*mjög ósammála*) til 5 (*mjög sammála*). Svörin voru endurkóðuð þannig að hærri tölur sýndu meiri heilsustjórnun.

Kvarði um *sállíkamlegar umkvartanir* (Shutty, DeGood og Schwartz, 1986) var notaður hér. Þessi kvarði er margþætt sjálfsmat á sállíkamlegum einkennum. Hann er þróaður upp úr öðrum lista kenndan við Hopkins (SCL-90), þar sem spurt er um 90 líkamleg og andleg einkenni. Hér er notaður einn af undirkvörðunum en hann er um sállíkamleg einkenni og inniheldur 12 spurningar eins og t.d.: „Hve mikið hefur höfuðverkur angrað þig eða valdið þér erfiðleikum undanfarinn mánuð?“ og „Hve mikið hefur máttleysi í einhverjum hluta líkamans angrað þig eða valdið þér erfiðleikum undanfarinn mánuð?“ með svarmöguleika frá 0 (*alls ekki*) til 4 (*mjög mikið*). Í þessum kvarða sýndu hærri tölur meiri umkvartanir.

Gremja var mæld með öðrum undirkvarða úr SCL-90 kvarðanum og með sömu svarmöguleikum. Þetta er 6 spurninga kvarði, með spurningum eins og t.d.: „Hve oft hefur gremja og ergelsi ásótt þig undanfarinn mánuð?“ og „Hve oft hefur þig langað til að brjóta eitthvað undanfarinn mánuð?“ Eins og í kvarðanum um sállíkamlegar umkvartanir, sýndu hærri tölur meiri gremju.

Framkvæmd

Hjúkrunarfræðingar á HNLFÍ lögðu spurningalistann fyrir við inntöku. Þátttakendur tóku listann með sér inn á herbergi og voru hvattir til að skila þeim inn sama dag eða þann næsta. Eftir 6 til 18 mánuði frá útskrift var hringt til fólksins til eftirfylgdar og sömu kvarðar voru lagðir fyrir að nýju. Niðurstöður voru bornar saman með SPSS tölfræðiforritinu.

Niðurstöður

Áreiðanleiki kvarðanna í könnuninni var mældur. Niðurstöður eru sýndar í töflu eitt. Eins og sést þar er áreiðanleiki allra kvarðanna innan ásættanlegra marka; þótt áreiðanleiki við eftirfylgd kvarðanna um lífsstjórnun og sálfræðilegrar vellíðanar væri í lægri mörkum var hann ekki verulega lágur.

Tafla 1. Áreiðanleiki kvarða við innlögn og eftirfylgd

Kvarði	Áreiðanleiki innlögn	Áreiðanleiki eftirfylgd
Lífsstjórnun	0,73	0,67
Sálfræðileg vellíðan	0,82	0,65
Skynjuð heilsustjórnun	0,78	0,76
Sállíkamlegar umkvartanir	0,72	0,71
Gremja	0,71	0,87

Til þess að athuga hvort eitthvað hefði breyst í svörum fólks frá innlögn til eftirfylgdar, voru notuð pöruð t-próf. Eins og sést í töflu tvö, höfðu sállíkamlegar umkvartanir ekki breyst. Þetta er mælitæki fyrir verki og sársauka og vísar til þeirra krónísku verkja sem fólkið lifir við. Allar aðrar mælingar sýna verulegar breytingar til batnaðar. Mælingar á stjórnun höfðu breyst til batnaðar (skynjuð heilsustjórnun og lífsstjórnun), sálfræðileg vellíðan hafði breyst verulega til batnaðar og gremja hafði minnkað.

Tafla 2. Breytingar á svörun frá innlögn til eftirfylgdar (staðalfrávik í svigum)

Kvarðar	Meðaltal við innlögn	Meðaltal við eftirfylgd	df	t-próf
Lífsstjórnun	2,69 (0,52)	2,90 (0,42)	29	-2,45*
Sálfræðileg vellíðan	1,77 (0,27)	1,19 (0,14)	26	9,45**
Skynjuð heilsustjórnun	3,06 (0,44)	3,30 (0,35)	29	-2,71*
Sállíkamlegar umkvartanir	2,06 (0,50)	2,04 (0,50)	19	0,19
Gremja	1,53 (0,50)	1,19 (0,33)	24	3,48**

*p<0,05; **p<0,01

Umræður

Sállíkamlegar umkvartanir var eina mælingin sem ekki hafði breyst frá innlögn til eftirfylgdar, sem bendir til þess að króníska ástand fólksins hafi ekki breyst. En allar sálfræðilegar mælingar sýndu breytingu til batnaðar, sem er athyglisvert, þar sem þetta var aðalmarkmið meðferðarinnar. Fólkinu var kennt að lifa með sársauka sínum ef svo má segja, að taka stjórn á eigin lífi og hindra að sársaukinn stjórnaði því. Þetta staðfestir það sem vísindamenn eins og Palla (2002) og Schmidl (2000) hafa haldið fram, að það geti aukið heildarskynjun fólks á vellíðan að kenna því höndlunaraðferðir sem virka betur en það hefur áður notað. Þær aðferðir sem notaðar voru í meðferðinni

voru líka undir stjórn fólksins sjálfs, bæði líkamlegar og hugrænar, sem er í samræmi við niðurstöður Lansbury (2000) um það sem fólk vill helst sjálft. Hugrænn þáttur í meðferðinni gæti líka hafa hjálpað til að fólkið gerði minna úr verkjunum en áður, en að ýkja verkina hefur reynst virka neikvætt fyrir krónífólk með króníska verki (Madland og fél., 2000; Roth og Geisser, 2002; Thomee og fél., 2002; Turner og fél., 2002; Zaza og Baine, 2002).

Takmarkanir þessarar rannsóknar voru nokkrar. Þetta var lítill, einsleitur hópur, í honum var aðallega eldra fólk. Svarhlutfall var frekar lágt, jafnvel þótt við því hafi verið búist, miðað við þýðið. Síðari rannsóknir gætu beinst að því að finna hvaða þættir meðferðar sem þessarar virkuðu best fyrir fólk með króníska verki og hvers vegna.

Í heild voru niðurstöður þessarar könnunar mjög jákvæðar fyrir þá sem vinna að verkjastjórnun. Það virðist mögulegt að hjálpa fólki til að taka stjórn á eigin heilsufari og lífi þrátt fyrir sársaukann sem er óumflýjanlegur og hjálpa því til að ná jákvæðari heildarsýn yfir líf sitt.

Heimildir

Bradburn, N. (1969). *The structure of psychological well-being*. Chicago: Aldine.

Gibson, S. J. og Helme, R. D. (2000). Cognitive factors and the experience of pain and suffering in older persons. *Pain*, *85*(3), 375-383.

Haythornthwaite, J. A., Menefee, L. A., Heinberg, L. J. og Clark, M. R. (1998). Pain coping strategies predict perceived control over pain. *Pain*, *77*(1), 33-39.

Lachman, M. E. og Weaver, S. L. (1998). The sense of control as a moderator of social class differences in health and well-being. *Journal of Personality and Social Psychology*, *74*, 763-773.

Lansbury, G. (2000). Chronic pain management: A qualitative study of elderly people's preferred coping strategies and barriers to management. *Disability and Rehabilitation*, *22*(1-2), 2-14.

Madland, G., Feinmann, D. og Newman, S. (2000). Factors associated with anxiety and depression in facial arthromyalgia. *Pain*, *84*(2-3), 225-232.

Palla, S. (2002). Principles on therapy of myoarthropathic pain. *Schmerz*, *16*(5), 373-380.

Roth, R. S. og Geisser, M. E. (2002). Educational achievement and chronic pain disability: Mediating role of pain-related cognitions. *Clinical Journal of Pain for Health Care Professionals and Patients*, *18*(5), 286-296.

Schmidl, F. (2000). Psychological concepts and treatments for chronic pain and somatoform syndromes. *Wiener Medizinische Wochenschrift*, *150*(13-14), 295-299.

Shutty, M., DeGood, D. og Schwarz, D. (1986). Psychological dimensions of distress in chronic pain patients: A factor analytic study of Symptom Checklist-90 responses. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, *54*, 836-842.

Snow-Turek, A. L., Norris, M. P. og Tan, G. (1996). Active and passive coping strategies in chronic pain patients. *Pain*, *64*(3), 455-462.

Strobel, E. S., Wild, J. og Muller, W. (1998). Interdisciplinary group therapy for fibromyalgia. *Zeitschrift für Rheumatologie*, *57*(2), 89-94.

Thomee, P., Thomee, R. og Karlsson, J. (2002). Patellofemoral pain syndrome: Pain, coping strategies and degree of well being. *Scandinavian Journal of Medicine and Science in Sports*, *12*(5), 276-281.

Turner, J. A., Jensen, M. P., Warms, C. A. og Cardenas, D. D. (2002). Catastrophizing is associated with pain intensity, psychological distress, and pain-related disability among individuals with chronic pain after spinal cord injury. *Pain*, *98*(1-2), 127-134.

Zaza, C. og Baine, N. (2002). Cancer pain and psychosocial factors. A critical review of the literature. *Journal of Pain and Symptom Management*, *24*(5), 526-542.

Wallston, K. A. (1992). Hocus-pocus, the focus isn't strictly on locus: Rotter's social learning theory modified for health. *Cognitive Therapy and Research*, *16*, 183-199.

An analysis of Broca's aphasia using a stimulus equivalence paradigm

Zuilma Gabriela Sigurðardóttir
Magnús Blöndahl Sighvatsson

Conditional relations (**R**) between a set of stimuli (e.g., a, b, c, and d) are said to be equivalent if the performance of human subjects is in accordance with what is considered demonstration of the properties of reflexivity, symmetry, and transitivity (Sidman, Rauzin, Lazar, Cunningham, Tailby and Carrigan, 1982; Sidman and Tailby, 1982). A relation (**R**) is considered reflexive if each stimulus is related to itself, this is often called identity matching; i.e., if participants' performances are in accordance to "if a then a" (a**R**a), "if b then b" (b**R**b) and this holds true for all other stimuli in the experimental set (e.g., c and d, etc.). A relation (**R**) is symmetric if it is bidirectional. Thus, if a participant is taught to match a to b, i.e., is taught: ,"if a then b" (a**R**b) and then matches b to a (b**R**a), i.e., generalizes ,"if a**R**b" to "b**R**a", without any further training. Furthermore, a conditional relation has the property of transitivity if a subject, having learned both "if a then b" (a**R**b) and "if b then c" (b**R**c), matches without further training a to c (a**R**c) and c to a (cRa).

Stimulus equivalence experiments are usually conducted with matching to sample tasks (MTS). The procedure for MTS is as follows: 1) A sample stimulus is presented. 2) The participant responds to the sample, e.g., by touching it or pointing at it (called an "observing response"). 3) Two or more comparison stimuli are then presented. 4) The participant responds to one of those comparison stimuli as the match to the sample. 5) Consequences indicate whether the selected comparison stimulus is the correct selection (see Green and Saunders, 1998; Sidman, 1994; Sigurðardóttir, 2005 for further details).

Research based on Sidman's stimulus equivalence analysis has produced methods that can be used for conducting a functional analysis of complex behavior like linguistic performances (e.g., Green, Sigurðardóttir and Saunders, 1991; Hayes and Hayes, 1989; Mackay and Sidman, 1984; Sidman, 2000; 1994; 1986; Sidman, Cresson and Willson-Morris, 1974; Sigurðardóttir,

1992; Sigurðardóttir, Green and Saunders, 1990). Such methods may as well be helpful for a functional analysis of problems in linguistic performance, e.g., in aphasia.

Aphasia is a synonym for variety of communication disorders caused by acquired brain damage (e.g., stroke or head trauma), characterized by impairment in speaking, listening, reading and writing although there is no general consensus about that definition (Chapey and Hollowell, 2001). Aphasic symptoms are also defined as acute (symptoms present 0-12 month post-stroke) or chronic (symptoms present for more than 12 months post-stroke) (e.g., Robey, 1998).

Broca's aphasia is characterized by slow laborious and nonfluent speech. Performance deficits are naming letters, words, objects, people or circumstances. People with Broca's aphasia don't recognize or discriminate between letter sounds and display difficulties in reading and writing (Carlson, 1994; Chapey and Hollowell, 2001). Three major speech deficits characterize Broca's aphasia patients: 1) Agrammatism, i.e., difficulties in using grammatical constructions. 2) Anomia, i.e., word-finding difficulties. 3) Dysarthria or apraxia, i.e., patients mispronounce words and often alter the sequence of sounds, speak slowly and unclear (Carlson, 1994; Chapey and Hollowell, 2001).

Based on literature reviews, Sidman and colleagues (Mohr, Sidman, Stoddard, Leicester and Rosenberger, 1973; Sidman, 1971; Sidman, Stoddard, Mohr, Leicester, 1971) are until the present time the only researchers who have systematically studied stimulus-stimulus relations with participants suffering from aphasia. This lack of research in stimulus equivalence analysis with aphasic patients could be explained by the fact that few behavior analysts have worked systematically in aphasia rehabilitation (Goldfarb, 2006). Sigurðardóttir and Sighvatsson's work with people suffering from aphasia (2003, 2004, 2005, and 2006) are among the very few studies that behavior analysts have conducted. In those experiments, errorless learning procedures and operant conditioning were used to try to improve naming with seven subjects suffering from chronic aphasia. Tasks included naming objects, persons and other stimuli, making sentences, and sequencing stimuli. In the first study, most participants made very good progress in at least one task and some progress in other tasks. However, when a direct replication of the first study was attempted some replication problems occurred. Those mixed results led to new research questions, one of them being whether variability in the participants' performances could be due to a lack of crucial stimulus-stimulus relations.

The study reported here is thus a partial replication of the early experiments by Sidman and colleagues (Mohr et al., 1973; Sidman, 1971; Sidman et al., 1971). Symptoms of aphasia and failure to make enough progress in naming tasks by our participants in previous experiments were analyzed using a stimulus equivalence paradigm. In the present study, baseline measures of several stimulus-stimulus relations were taken, also of their skills in naming and imitation, both with and without a visual stimulus corresponding to the sound they were asked to imitate. On the basis of baseline measures, conditional discrimination training was conducted for stimulus-stimulus relations that were found to be absent. Naming performances were then evaluated again. Thus, experimenters asked if naming performances of participants were a function of the presence of equivalence classes of cross-modal stimuli.

Method

Participants

Four adult males, ages fifty four to sixty six participated in the study. They all suffered from chronic Broca's aphasia due to one cerebrovascular accident. Thirty two to eighty nine months had passed since the incident took place that led to their aphasia symptoms; thus they all suffered from chronic aphasia. All participants had received extensive training in naming either one or two years previous to the beginning of this study.

Stimuli

Thirty six (36) letters of the Icelandic alphabet, both upper and lower case letters were used in baseline measures but due to time limits only upper case letters were used in training. This paper shows baseline measures with upper case letters only. Letter stimuli were auditory, visual, and tactile. Auditory stimuli were provided by the experimenter. Visual letters were printed letters in font-size 72 Ariel, glued on the center of 21 X 15 cm. white index cards. Tactile letters were wooden letters, 8 X 6.5 cm., attached to a card-board 13 X 11 cm. with Velcro.

Setting

Baseline, training, and testing sessions were conducted in the subjects' home, work, or nursing home facility. Sessions lasted for 45-90 minutes each time. Measures were taken daily on weekdays for 56 weeks with participant one, 59

weeks with participant two, 60 weeks with participant three and 41 weeks with participant four.

Baseline

Baseline measures were taken using six different matching to sample (MTS) tasks, imitation with and without a visual stimulus that corresponded to the sound participants were asked to imitate, and a naming task. Subjects were provided standardized instructions and were praised for their participation and cooperation but no performance feedback was provided.

Procedure. Tasks were four choice, simultaneous, table top MTS- tasks. The alphabet was split up into nine letter groups for convenience with four letters in each group. The first letter group contained the first four letters of the alphabet; the second group the next four and so on (table 1). Each letter group formed the basis for the conditional discrimination trials. To ensure the development of true conditional stimulus control by samples rather than simple discriminative control by comparison stimuli or control by comparison position, every possible trial type was constructed for each letter group counterbalancing the position of the stimuli. There were thus 96 trial types in each letter group.

Table 1. Letter groups and an example of a reflexivity trial

Groups of letters	Example of a reflexivity trial	
	Sample	Comparisons
Group 1: A-Á-B-C	A	B-C-A-Á
Group 2: D-Ð-E-É	E	É-Ð-D-E
Group 3: F-G-H-I	I	I-H-G-F
Group 4: Í-J-K-L	J	Í-J-K-L
Group 5: M-N-O-Ó	O	O-Ó-N-M
Group 6: P-Q-R-S	Q	S-R-Q-P
Group 7: T-U-Ú-V	T	U-T-Ú-V
Group 8: W-X-Y-Ý	W	X-Y-Ý-W
Group 9: Z-Þ-Æ-Ö	Z	Z-Þ-Ö-Æ

Matching to sample tasks. The MTS-tasks, assessed baseline performances in the following stimulus-stimulus relations: visual-visual, tactile-tactile, tactile-visual, visual-tactile, auditory-visual, and auditory-tactile as can be seen in figure 1.



Figure 1. Stimulus-stimulus relations measured in baseline

Vocal imitation with a corresponding visual stimulus. This was not an MTS task. The experimenter said the letter name aloud and showed the corresponding visual stimulus. The subject was asked to imitate the letter sound. The stimuli were presented in random order and repeated a couple of times.

Vocal imitation without the corresponding visual stimulus. The procedure was the same as in the other imitation task except that there was no visual stimulus corresponding to the letter sound; imitation had to be based only on the auditory stimulus provided by the experimenter without a visual prompt. The auditory stimulus was repeated a couple of times.

Naming. In this MTS task, subjects were shown a visual-visual relation and asked to select the correct comparison and name it.

Criterion. Participants' performances had to be 95% correct trials in each task or higher in order for a stimulus-stimulus relation to be considered present.

Training

Conditional discrimination training was conducted for those stimulus-stimulus relations that were absent according to baseline measures. The procedure can be seen in table 2.

Standardized instructions were provided as well as verbal feedback for correct performance e.g., "*good*", "*great*", "*yes that is correct*". When participants made a wrong choice they were given standardized feedback; "*you were supposed to choose this letter, but you chose this one"* (the experimenter pointed to the correct comparison) or "*the letter name you chose is....but the name of the correct one is ....*".

Naming. The experimenter showed a visual letter and the participant was asked to name the letter.

Complex selection. This task evaluated the subjects' performance when comparisons were more than four. In this task comparisons were thirty six visual letters, all presented at once in one deck. The experimenter said a letter name aloud and the subject was asked to find the letter in the deck. This was an auditory-visual task that had the main purpose of assessing generalization of trained performances within an MTS context to a non-MTS context.

Criterion. Performance in the trained tasks had to be 95% correct or higher in three consecutive sessions in order to be considered established.

Table 2. The experimental protocol

Baseline
Visual-visual
Tactile-tactile
Auditory-visual
Auditory-tactile
Tactile-visual
Visual-tactile
Imitation
Naming
Training
Auditory-visual
Test naming
Auditory-tactile baseline
Auditory-tactile training
Test Naming
Complex selection

Inter observer agreement and procedural integrity

Inter observer agreement data were collected. A trained observer scored the subject's responses in all trial types independently of the experimenter. This scoring was compared with the experimenter's to determine scoring agreement on both correct and incorrect trial types. Percentage agreement was calculated using the following formula: number of agreements/number of agreements + disagreements X 100%.

In addition, the observer recorded whether the experimenter positioned correctly the comparison stimuli according to the plan and whether he provided correct feedback and/or employed the correction procedure

appropriately. The same formula was applied to inter observer agreement and procedural integrity.

Results

Inter observer agreement and procedural integrity

Inter observer agreement and procedural integrity data were collected during approximately 25-50% of baseline trials, 27-43% of training trials, and 38-100% of naming tests.

Inter observer agreement scores were between 92-100% in baseline-, training- and testing measures. Procedural integrity scores were 99-100% in baseline-, training- and testing measures.

Baseline

Few stimulus-stimulus relations necessary to consider cross-modal letter stimuli equivalent to each other were absent. As can be seen in figure 2, visual-visual relations were present. The performances of all participants were 100%.



Figure 2. Performance in visual-visual stimulus-stimulus relations across participants



Figure 3. Performance in tactile-tactile stimulus-stimulus relations across participants

Similar results can be seen for tactile-tactile relations except for participant 2. His performance was only 41% as can be seen in figure 3. The performances of the other three participants reached set criterion.

Participants' performances were also good in tactile-visual relations except for participant's 2 performances. His performance was 88% correct (figure 4). Similar results were seen for visual-tactile relations (figure 5).



Figure 4. Performance in tactile-visual stimulus-stimulus relations across participants



Figure 5. Performance in visual-tactile stimulus-stimulus relations across participants

In the tasks: auditory-visual, auditory-tactile, imitation with and without a corresponding visual stimulus, as well as in the naming task, the participants' performances were generally low. Performances of all participants in auditory-visual and auditory-tactile relations were lower and more variable across participants' than in all the other stimulus-stimulus relations assessed as can be seen in figure 6 and 7. The performances of all participants were below criterion level, especially participant's two performances.



Figure 6. Performance in auditory-visual stimulus-stimulus relations across participants



Figure 7. Performance in auditory-tactile stimulus-stimulus relations across participants

After the matching to sample tasks, vocal imitation with and without a visual stimulus corresponding to the sound to be imitated was assessed. The results can be seen in figure 8 and 9. Performances of participant one and two in those two assessments were fairly good although they didn't meet the set criterion. Participants three and four had more problems.



Figure 8. Performance across participants in vocal imitation with a corresponding visual stimulus present



Figure 9. Performances across participants in vocal imitation without corresponding visual stimuli



Figure 10. Performance across participants in naming

Participants' performances in naming were low, ranging from 2-41%, (figure 10). Score of participant 1 was 21%, score of participant 2 was 2%, score of participant 3 was 7% and score of participant 4 was 41%.

According to baseline measures the stimulus-stimulus relations that were lacking in all participants to some point were: auditory-visual and auditory-

tactile. These were therefore trained to evaluate if such training would lead to improved naming. In figure 11 participants' baseline performances in naming can be seen (dark bar), also performances after auditory-visual (lighter bar) and auditory-tactile training (striped bar).



Figure 11. Participants' 1 and 3 performances in naming before and after conditional discrimination training. Participants 2 and 4 did not reach this far through the training protocol.

Participant four left the country for a period of 4 months at the end of baseline-measures; there fore he did not participate in training. Auditory-visual conditional discrimination training did improve the naming performance of participant three by 35%. This same training with participant one did not seem to have an effect on his naming performance. It can also be seen that auditory-tactile training did not add to the participants' naming performances in addition to the effects of auditory-visual training. Naming performances with both participants were in fact lower after auditory-tactile training than they were after auditory-visual training. Participant 2 showed too much variability in his performance during training, thus after reaching criterion one time his performance declined. This happened several times and therefore he never did go through the entire experimental training and testing protocol.

Auditory-tactile performances after auditory-visual training were assessed, i.e., prior to auditory-tactile training, to see if auditory-visual training would affect the performance of participants 1 and 3 (figure 12). Auditory-visual training increased auditory-tactile performances by only a very few percents but none reached criterion level.



Figure 12. Auditory-tactile performances after auditory-visual training

Finally, complex selection was assessed (figure 13). The results are interesting because the participants' performances in this auditory-visual task dropped if they had to find the correct comparison from among a total of 36 letters available simultaneously and not from an array of four comparison stimuli as in the MTS context.



Figure 13. Performance across participants' one and three in selection of correct comparison from among 36 letters (comparisons) available simultaneously

Discussion

With the exception of our participants' performances being low when the sample was auditory, performances of participants' one, three, and four were fairly good in the majority of tasks during baseline measures that tested reflexivity, symmetry, and naming. The performance of participant two on the other hand was low in several tasks. His performance was above criterion level in only two MTS tasks. In those stimulus-stimulus relations that showed to be problematic, e.g., auditory-visual matching and naming, performances were quite variable across participants. In auditory-visual MTS the difference between the lowest and highest participant score was 53%. In the auditory-tactile MTS task this difference was 50%.

In the imitation tasks, participants' performances were below criterion level in the majority of tasks, both during baseline and after training. Interestingly, performance of participant two was just below criterion level although his performance was much lower in other tasks, thus he was able to imitate an auditory sample but his naming was not under the control of either a visual or tactile stimulus.

As expected, participants' performances in naming were low. But it is interesting that their performances were quite variable too, a 39% difference in performance was found between the lowest and the highest naming performance across participants.

Interestingly. these results demonstrating that the participants had problems mainly with the auditory-visual stimulus-stimulus relations during baseline measures, are similar to the results of Sidman and colleagues. The results of this experiment thus replicate the results of the first studies. Conditional discrimination training in auditory-visual relations improved naming for only one participant. Although most of the properties necessary for conditional discriminations to be considered equivalent were evident either during baseline measures or after training, at least with part of the stimuli, naming performances only improved partially for one participant, however, that improvement did not reach the set criterion. For the other participant, naming did not improve despite the fact that cross-modal experimental stimuli were shown to have the properties of reflexivity and symmetry.. Further research is thus needed in this area to evaluate pros and cons of this method for the assessment of aphasia symptoms and for rehabilitation. It is safe to state from the results of this study that naming performances were minimally affected or not at all by the establishment of

symmetric stimulus-stimulus relations among cross-modal letters of the alphabet.

References

Carlson, N. R. (1994). *Physiology of behavior* (5.edition). Boston: Allyn & Bacon.

Chapey, R. og Hollowell, B. (2001). Introduction to language intervention strategies in adult aphasia. Í R. Chapey (Ritstj.), *Language Intervention Strategies in Aphasia and Related Neurogenic Communication Disorders* (pp. 3-18). Baltimore: Lippincott, Williams & Wilkins.

Goldfarb, R. (2006). Operant contitioning and programmed instruction in aphasia rehabilitation. *The Journal of Speech-Language Pathology and Applied Behavior Analysis, 1,* 56-65.

Green, G. og Saunders, R. R. (1998). Stimulus equivalence. Í K. A. Lattal og M. Perone (Ritstj.), *Handbook of Research Methods in Human Operant Behavior* (pp. 229-263). New York: Plenum Press.

Green, G., Sigurðardóttir, Z. G. og Saunders, R. R. (1991). The role of instructions in the transfer of ordinal functions through equivalence classes. *Journal of the Experimental Analysis of Behavior, 55,* 287-304.

Hayes, S. C. og Hayes, L. J. (1989). The verbal action of the listener as a basis for rule-governance. Í S. C. Hayes (Ritstj.), *Rule-governed Behavior: Cognition, Contingencies, and Instructional Control* (pp. 153-190). New York: Plenum Press.

Mackay, H. A. and Sidman, M. (1984). Teaching new behavior via equivalence relations. In R. Sperber, C. McCauley, og P. H. Brooks (Ritstj.), *Language and Cognition in the Mentally Retarded* (pp. 493-513). Hillsdale NJ: Erlbaum Inc.

Mohr, J. P., Sidman, M., Stoddard, L. T., Leicester, J. and Rosenberger, P. B. (1973). Evolution of the deficit in total aphasia. *Neurology, 23,* 1302-1312.

Robey, R. R. (1998). A meta-analysis of clinical outcomes in the treatment of aphasia. *Journal of Speech, Language, and Hearing Research, 41,* 172-187.

Sidman, M. (2000). Equivalence relations and the reinforcement condingency. *Journal of the Experimental Analysis of Behavior, 74,* 127-146.

Sidman, M. (1994). *Equivalence Relations and Behavior: A Research Story*. Boston: Authors Cooperative.

Sidman, M. (1986). Functional analysis of emergent verbal classes. Í T. Thompson og M. D. Zeiler (Ritstj.), *Analysis and integration of behavioral units* (bls. 213-245). Hillsdale, NJ: Erlbaum.

Sidman, M. (1971b). The behavioral analysis of aphasia. *Journal of Psychiatric Research, 8,* 413-422.

Sidman, M., Cresson, O. and Willson-Morris, M. (1974). Acquistion of matching to sample via mediated transfer. *Journal of the Experimental Analysis of Behavior, 22,* 261-273.

Sidman, M., Rauzin, R., Lazar, R., Cunningham, S., Tailby, W. and Carrigan, P. (1982). A search for symmetry in the conditional discriminations of rhesus monkeys, baboons, and children. *Journal of the Experimental Analysis of Behavior, 37,* 23-44.

Sidman, M., Stoddard, L. T., Mohr, J. P. and Leicester, J. (1971). Behavioral studies of aphasia: Methods of investigation and analysis. *Neuropsychologia, 9,* 119-140.

Sidman, M. and Tailby, W. (1982). Conditional discrimination vs. matching to sample: An expansion of the testing paradigm. *Journal of the Experimental Analysis of Behavior, 37,* 5-22.

Sigurðardóttir, Z. G. (2005). Hegðunin sem virtist ekki hafa neina forsögu. Í J. G. Sigurjónsson, J. K. Thomasdóttir and P. J. Líndal (Ritstj.), *Hvar er hún nú? Arfleifð atferlisstefnunnar á 21. öld* (bls. 78-98). Reykjavík: Háskóla-útgáfan.

Sigurðardóttir, Z. G. (1992). *Establishing classes of Icelandic nouns using a stimulus equivalence paradigm*. Óbirt doktorsritgerð, Northeastern University, Boston.

Sigurðardóttir, Z. G., Green, G. og Saunders, R. R. (1990). Equivalence classes generated by sequence training. *Journal of the Experimental Analysis of Behavior, 53,* 47-63.

Sigurðardóttir, Z. G. og Sighvatsson, M. B. (2006). Treatment of chronic aphasia with errorless learning procedures and operant conditioning. *International Journal of Psychology* (in print).

Sigurðardóttir, Z. G. og Sighvatsson, M. B. (2005). Treatment of chronic aphasia with errorless learning procedures: A direct replication. Í Ú. Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum IV* (pp. 501-513). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigurðardóttir, Z. G. and Sighvatsson, M. B. (2004). *Treatment of chronic aphasia with errorless learning procedures and operant conditioning.*

Poster presented at the annual conference of the Association for Behavior Analysis-International, Boston, USA.

Sigurðardóttir, Z. G. og Sighvatsson, M. B. (2003). Treatment of chronic aphasia with errorless learning procedures and operant conditioning. Í F. H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum IV* (pp. 505-518). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Má bjóða þér upp á miðju?
Tilraun með fimm þrepa svarkvarða

Þorlákur Karlsson
Fanney Þórsdóttir
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

Matskvarðar (*rating scales*) eru oft notaðir í spurningakönnunum til að mæla viðhorf, skoðanir og tilfinningar fólks. Þessum kvörðum fylgja svarmöguleikar sem yfirleitt eru merktir með orðagildum eins og „mjög jákvæð(ur)“, „frekar jákvæð(ur)“, „hvorki jákvæð(ur) né neikvæð(ur)“, „frekar neikvæð(ur)“ og „mjög neikvæð(ur)“. Sú spurning vaknar gjarnan hjá þeim sem standa að gerð spurningakannana hvort bjóða eigi upp á svarmöguleika sem endurspeglar hlutlausa afstöðu í þeirri spurningu sem lögð er fyrir svarendur eða hvort betra sé að láta það vera. Þeir sem kjósa að hafa miðjumöguleika í spurningum gera ráð fyrir að sumir svarendur séu hlutlausir gagnvart því málefni sem spurt er um. Það er því talið mikilvægt að það komi skýrt fram að unnt sé að velja möguleika sem endurspeglar hlutlausa afstöðu því annars neyðast þessir svarendur til að velja svarmöguleika sem ekki lýsir skoðun þeirra.

Þeir sem hins vegar telja betra að taka ekki fram í spurningum að boðið sé upp á miðjumöguleika gera oft ráð fyrir að hluti þeirra sem hefur í raun afstöðu velji miðjumöguleika umhugsunarlaust ef hann er í boði. Það tekur svarendur tíma að ákveða hvaða afstöðu þeir hafa og að meta hvaða svarmöguleiki fellur næst þeirri afstöðu. Það er því líklegt að einhverjir þeirra kjósi að auðvelda sér verkið og velji einfaldlega miðjumöguleikann í stað þess að leggja á sig þá vinnu (Krosnick, 1991). Það hefur einnig verið bent á margræða merkingu miðjumöguleikans (Weems og Onwuegbuzie, 2001). Svarendur geta túlkað möguleikann sem „hlutlaus“, „veit ekki“, „skiptir mig ekki máli“ eða „hef ekki skoðun“. Þannig geta svarendur sem hafa enga skoðun á því málefni sem spurt er um valið miðjumöguleikann og svör þeirra eru túlkuð sem hlutlaus afstaða.

Rannsóknir benda til þess að mun hærra hlutfall svarenda velji miðjumöguleikann þegar hann er nefndur í spurningu en þegar honum er sleppt (Krosnick og félagar, 2002; Schuman og Presser, 1981). En það sem skiptir í þessu sambandi mestu er hvort miðjumöguleiki í spurningu laði að hátt hlutfall svarenda sem kjósa auðveldustu leiðina eða leggja ranga merkingu í svarmöguleikann annars vegar eða hvort hann laði að svarendur sem eru í rauninni hlutlausir og hefðu annars valið annan svarmöguleika hins vegar. Í fyrra tilfellinu ætti að draga úr réttmæti í svörum og fylgni á milli spurningar og annarra mælinga að lækka. Í síðara tilfellinu má gera ráð fyrir að hlutlausir svarendur velji annað hvort tilviljunarkennt eða kerfisbundið úr þeim svarmöguleikum sem standa næst miðju. Í því tilfelli ætti áreiðanleiki mælinga og fylgni á milli spurningar og annarra mælinga þar af leiðandi að hækka ef miðjumöguleiki er nefndur í spurningu.

Rannsóknir á þessu eru fáar og af niðurstöðum þeirra er ekki ljóst hvort betra sé að nota miðjumöguleikann á matskvörðum eða hvort réttara sé að sleppa því að bjóða upp á hann. Þeir Gilljam og Granberg (1993) mældu til að mynda viðhorf fólks til byggingar kjarnorkuvers með tveimur spurningum og var boðið upp á miðjumöguleika í þeirri fyrri en ekki þeirri síðari. Niðurstöður þeirra sýndu að flestir þeirra sem völdu miðjumöguleikann þegar hann var í boði tóku afstöðu þegar þeir svöruðu síðari spurningunni. Þær sýndu ennfremur að nokkur fylgni var á milli síðari viðhorfaspurningarinnar og hegðunar hjá þeim svarendum sem völdu miðjumöguleikann í fyrri spurningunni. Þessar niðurstöður benda því til að einhver hluti þeirra sem velja miðjumöguleika þegar boðið er upp á hann í spurningu hafi í rauninni afstöðu til þess málefnis sem verið er að spyrja um.

Þeir Schuman og Presser (1981) gerðu röð tilrauna þar sem þeir athuguðu hvort fylgni á milli viðhorfamælinga væri háð því hvort miðjumöguleiki væri í boði eða ekki á þriggja punkta kvarða. Niðurstöður þeirra voru misvísandi og sögðu þeir að frekari rannsókna væri þörf. Krosnick og félagar (2002) báru saman áreiðanleika og réttmæti viðhorfamælinga eftir því hvort miðjumöguleiki væri nefndur í spurningu eða ekki. Niðurstöður þeirra sýndu að samræmi í viðhorfamælingum á 7 punkta kvarða var ekki háð því hvort möguleikinn „hef ekki hugsað mikið um þetta málefni“ var lesinn upp eða ekki. Á sama hátt bentu niðurstöður þeirra til þess að fylgni á milli spurningar og annarrar breytu væri ekki háð því hvort miðjumöguleiki á þriggja punkta kvarða væri lesinn upp eða ekki. Þessar niðurstöður gætu bent til þess að hluti þeirra sem velur miðjumöguleikann þegar hann er í boði sé í raun með hlutlaust viðhorf og að jafnstór hluti þeirra leggi ranga merkingu í

möguleikann. Ef það er raunin skiptir í sjálfu sér ekki máli hvort miðjumöguleiki er settur fram í spurningu eða ekki.

Hér verður athugað hvort betra sé að bjóða upp á miðjumöguleika í spurningum eða ekki. Athugað verður annars vegar hvort nákvæmni mælinga og hins vegar hvort forspárréttmæti þeirra sé háð miðjumöguleika. Viðhorf fólks til skóla á Íslandi verða mæld með 5 punkta matskvarða en mjög algengt er að sú gerð kvarða sé notuð í spurningakönnunum. Í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið hingað til hafa menn ekki athugað hvort gæði 5 punkta kvarða séu háð miðjumöguleika eða ekki. Einnig verður athugað hvort áhrif miðjumöguleika á nákvæmni mælinga og réttmæti séu sambærileg í símakönnunum og netkönnunum.

Aðferð

Úrtak

Úrtak í símakönnun var 1336 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá. Svarendur voru á aldrinum 16-75 ára af öllu landinu. Svarhlutfall var 60,2% og svöruðu því 804 spurningunum. Úrtakinu var skipt í tvennt með tilviljunaraðferð eftir því hvorn kvarðann það fékk í spurningum.

Í netkönnun var dregið 1460 manna tilviljunarúrtak á aldrinum 16-75 ára úr svokölluðum Viðhorfahópi Capacent Gallup[1]. Svarhlutfall var 69,9% og bárust því svör frá 1020 manns. Úrtakinu var skipt í tvennt á sama hátt og í símakönnuninni.

Tilraunasnið

Fimm spurningar um íslenska skólakerfið voru notaðar til þess að skoða áhrif mismunandi svarkvarða og hvort munur væri á svörum eftir því hvort um var að ræða símakönnun eða netkönnun:

1. Ef þú ættir að gefa íslenska skólakerfinu einkunn, hvaða einkunn myndir þú gefa því á kvarðanum frá 0-10?
2. Ertu almennt ánægð(ur) eða óánægð(ur) með íslenska LEIKSKÓLA?
3. Ertu almennt ánægð(ur) eða óánægð(ur) með íslenska GRUNNSKÓLA?

---

[1] Viðhorfahópurinn (öðru nafni netpanell) er þannig saman settur að dregið er tilviljunarúrtak úr þjóðskrá og haft samband við þá sem í úrtakinu lenda símleiðis. Fólk er síðan beðið um að taka þátt í Viðhorfahópnum og mega þeir sem það samþykkja búast við að fá sendar allt að 12 netkannanir á ári.

4. Ertu almennt ánægð(ur) eða óánægð(ur) með íslenska FRAMHALDSSKÓLA?
5. Ertu almennt ánægð(ur) eða óánægð(ur) með íslenska HÁSKÓLA?

Úrtakinu í símakönnuninni var skipt með tilviljun í tvo hópa, A og B og úrtaki í netkönnun í tvo hópa, C og D (sjá töflu 1). Hópur A fékk hefðbundna útgáfu af spurningum 2-5 þar sem svarkvarðinn var lesinn upp á þann hátt að spurt var hvort fólk væri ánægt eða óánægt og síðan spurt áfram hvort það væri mjög eða frekar (ó)ánægt (sjá fyrir ofan). Svarkvarðinn (kvarði 1-5) var fimm punkta og var miðjumöguleikinn ekki lesinn upp (1 = Mjög ánægð(ur); 2 = Fremur ánægð(ur); 3 = Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur); 4 = Fremur óánægð(ur) og 5 = Mjög óánægð(ur)). Hópur B fékk sams konar fimm punkta kvarða og hópur A en að auki var miðjumöguleikinn lesinn upp, þ.e. fólk var spurt hvort það væri ánægt eða óánægt, eða hvort það væri hvorki ánægt né óánægt (kvarði 1-3-5). Hópur C fékk hefðbundnar spurningar (miðjumöguleiki ekki í spurningarstofni) með fimm punkta kvarða eins og hópur A (1-5) og hópur D fékk fimm punkta kvarða með miðjumöguleikanum hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) í spurningarstofninum eins og hópur B (1-3-5).

Tafla 1. Tilraunasnið

Útgáfa spurninga	**Símakönnun**	**Netkönnun**
Kvarði 1-5 Ertu almennt ánægð(ur) eða óánægð(ur) með …? 1=Mjög ánægð(ur) 2=Fremur ánægð(ur) 3=Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) 4=Fremur óánægð(ur) 5=Mjög óánægð(ur)	Hópur A n=405	Hópur C n=521
Kvarði 1-3-5 Ertu almennt ánægð(ur) eða óánægð(ur) með … eða ertu hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)? 1=Mjög ánægð(ur) 2=Fremur ánægð(ur) 3=Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) 4=Fremur óánægð(ur) 5=Mjög óánægð(ur)	Hópur B n=399	Hópur D n=499

Spurning 1 var eins hjá öllum hópum með svarkvarða frá 0-10 og var hún notuð til að athuga hvaða svarkvarði hefði mest forspárréttmæti.

Framkvæmd

Capacent Gallup[2] sá um framkvæmd rannsóknarinnar sem var tvíþætt, annars vegar símakönnun sem gerð var dagana 19. apríl til 9. maí 2006 og hins vegar netkönnun sem gerð var dagana 26. apríl til 9. maí 2006.

Tölfræðileg úrvinnsla

Til þess að bera saman kvarða 1-5 og kvarða 1-3-5 (skoða hvort það hefur áhrif á dreifingu svara að lesa upp miðjumöguleikann) og til að bera saman gagnaöflunarleiðirnar (síma og net) var reiknað t-próf mismuna meðaltala. Dreifing svara á kvörðunum þremur var jafnframt skoðuð með því að reikna svokallaðan jafndreifnistuðul[3] en formúlan fyrir hann er: $C_{es}^3 = [(1-(\sum p^2))*k/(k-1)]^3$; þar sem *p* er hlutfall (0-1) svara á tilteknum svarkosti kvarða og *k* er fjöldi svarkosta. Því hærra sem gildi stuðulsins er þeim mun jafnari er dreifingin. Þegar stuðullinn tekur gildið 1 er dreifingin fullkomlega jöfn, það er, jafnmargir svara hverjum svarkosti kvarðans. Þegar hann á hinn bóginn tekur gildið 0 er dreifingin fullkomlega ójöfn, það er, allir velja sama svarkost kvarðans og svara allir eins. Stór kostur stuðulsins felst í að hann er óháður bæði fjölda svarkosta og fjölda svara og er stöðluð mæling á bilinu 0-1, sem gerir samanburð mjög auðveldan. Líkindadreifing stuðulsins er ekki þekkt svo höfundar viti til, en hún kann að vera kí-kvaðrat ættar eða „multi-nominal".

Það var litið svo á að spurningarnar um ánægju með leikskóla, grunn-skóla, framhaldsskóla og háskóla mældu allar almennt viðhorf til skóla-kerfisins. Til að athuga hvort tilviljunarkennd mælivilla væri háð svarkvarða var raðkvarðalíkan Samejima (1969) (e. graded response model) notað. Jaðaráreiðanleikastuðull (e. marginal reliability) líkansins var notaður til að meta áreiðanleika kvarðans í heild. Upplýsingastuðlar kvarðans (e. test information function) voru notaðir til að meta tilviljunarkennda villu hjá svarendum með ólík viðhorf til skólakerfisins. Forritið Multilog (Thissen, 1991) var notað til að meta líkanið.

Til að meta forspárréttmæti mismunandi kvarða og hvort forspárréttmæti þeirra væri háð gagnaöflunaraðferð var aðhvarfsgreining (OLS) notuð þar

---

2 Capacent Gallup er með ISO 9001 gæðavottun sem tekur mið af gæðastöðlum Gallup International og ESOMAR.

3 Höfundar vita ekki til þess að þessi stuðull hafi verið notaður áður.

sem skoðað var hversu vel ánægja/óánægja með grunnskóla spáir fyrir um heildaránægju með íslenska skólakerfið (á kvarðanum 0-10). Einungis var unnið með þá spurningu sem mældi ánægju/óánægju með grunnskóla sem forspárbreytu því línulegt samband var á milli hennar og heildaránægju með íslenska skólakerfið. Það átti ekki við um þær spurningar sem mældu ánægju/óánægju með leikskóla, framhaldsskóla og háskóla.

Niðurstöður

Meðalgildi og staðalfrávik spurninga

Í töflu 2 má sjá lýsandi niðurstöður tilraunarinnar, það er, meðalgildi og staðalfrávik fyrir hvorn kvarða (1-5 og 1-3-5), bæði skipt eftir könnunaraðferð og fyrir alla svarendur. Þessar tölur eru meðaltöl fyrir spurningarnar fjórar, þar sem spurt var um ánægju fólks með leik-, grunn-, framhalds- og háskóla.

Tafla 2. Meðalgildi og staðalfrávik fyrir 4 spurningar um ánægju með skólastigin; skipt eftir kvarða og aðferð

	Símakönnun		**Netkönnun**		**Allir**	
Kvarði	Meðal-gildi	Staðal-frávik	Meðal-gildi	Staðal-frávik	Meðal-gildi	Staðal-frávik
1-5	2,13	0,89	2,31	0,83	2,23	0,86
1-3-5	2,29	0,88	2,42	0,84	2,37	0,86
Meðaltal	2,21	0,89	2,37	0,84	2,30	0,86

Þessi meðaltöl spegla meðalgildi spurninganna fjögurra – í öllum tilvikum þar sem munur er á meðalgildum á milli kvarða eða milli könnunaraðferða var slíkur munur fyrir hendi í öllum spurningunum fjórum. Því er þessum meðaltölum lýst hér, en ekki kafað ofan í einstaka spurningar. Þar sem talan 1 á kvarðanum stendur fyrir mjög ánægð(ur) og 5 fyrir mjög óánægð(ur) táknar hærra meðalgildi meiri óánægju, en lægra meðalgildi meiri ánægju.

Nokkur munur er á meðalgildum kvarðanna, þar sem lægra meðalgildið er á 1-5 kvarðanum (meiri ánægja) og hærra meðalgildið er á 1-3-5 kvarðanum (meiri óánægja). Þetta sést bæði í net- og símakönnuninni. Meðalgildi 1-5 kvarða er marktækt lægra en meðalgildi 1-3-5 kvarða ($t_{1492} = 3{,}15$; $p < 0{,}01$). Einnig kemur í ljós að meðaltöl spurninga á báðum kvörðum er lægra (meiri ánægja) í símakönnuninni (2,21 meðaltal allra spurninga og beggja kvarða) en í netkönnuninni (2,37) ($t_{1492} = 4{,}03$; $p < 0{,}001$).

Dreifing svara eftir kvörðum, eins og staðalfrávik mælir hana, er á bilinu 0,83-0,89 sem er afar lítill munur. Eins og sjá má hér á eftir er þó verulegur munur á dreifingu svara eftir kvörðum og nokkur munur eftir könnunaraðferð hversu jafnt eða ójafnt svörin dreifast á svarkosti. Lítum því nánar á dreifinguna á einstaka svarkosti.

Hlutfallsleg dreifing svarkosta

Myndir 1-3 sýna hlutfallslega dreifingu á svarkosti, skipt eftir kvarða og aðferð. Nokkur munur er á kvarða 1-5 og 1-3-5 þannig að þar sem bent var sérstaklega á miðju kvarðans í 1-3-5 svara hlutfallslega mun fleiri á miðjuna þar, eða 28% á móti 17% á 1-5 kvarðann (sjá mynd 1).



Mynd 1. Hlutfallsdreifing svara á svarkosti tveggja kvarða, 1-5 og 1-3-5; niðurstaða beggja aðferða

Munurinn er hliðstæður á milli 1-5 kvarða og 1-3-5 kvarða þegar litið er á símakönnunarniðurstöður annars vegar (mynd 2) og netkönnunarniðurstöður hins vegar (mynd 3). Þó er munurinn meiri á 1-5 og 1-3-5 kvörðunum í símakönnuninni en í netkönnuninni. Þá virðist sem notkun miðjunnar á 1-3-5 kvarða verði til þess að færri nefna lægsta stigið (mest ánægja) á honum.

Á myndum 2 og 3, þar sem niðurstaðan er sýnd fyrir símakönnunina annars vegar og netkönnunina hins vegar, má sjá sama meginmun á milli hlutfallstíðni kvarðanna tveggja og á mynd 1. Helsti munurinn á milli hlutfallstíðni svarkosta er sá að hærra hlutfall er á lægsta kosti í símakönnuninni (svarendur jákvæðari) en í netkönnuninni. Það kemur heim og

saman við það sem fyrr var sagt að meðalgildi svara var lægra í símakönnuninni (2,21) en í netkönnuninni (2,37), sem þýðir að fólk var jákvæðara gagnvart skólastigunum fjórum í símakönnuninni.



Mynd 2. Hlutfallsdreifing svara á svarkosti tveggja kvarða, 1-5 og 1-3-5; niðurstaða símakönnunar



Mynd 3. Hlutfallsdreifing svara á svarkosti tveggja kvarða, 1-5 og 1-3-5; niðurstaða netkönnunar

Þegar grannt er skoðað má sjá nokkurn mun á dreifingum á tilraunakvarðana tvo, 1-5 og 1-3-5 (sjá til dæmis mynd 1). Það virðist sem svörin dreifist jafnar á svarkosti 1-3-5 kvarðans en á 1-5 kvarðann, en það má sjá meðal annars á því að hlutfallslega færri svöruðu tíðasta gildinu (2) á 1-3-5 kvarða en á 1-5, en dreifast meira á hin gildi kvarðans í staðinn. Þessum mismuni á dreifingu á kvarðana nær staðalfrávikið ekki þar sem nánast enginn munur var á staðalfráviki kvarða og aðferða (sjá töflu 2). Í stað staðalfráviks sem mælikvarða á dreifingu notum við svonefndan jafndreifnistuðul sem metur hversu jöfn eða ójöfn dreifing er (sjá skýringu á honum í kaflanum um aðferð). Á mynd 4 má sjá gildi jafndreifnistuðulsins skipt eftir kvarða og aðferð.



Mynd 4. Jafndreifnistuðull; skipt eftir kvarða og aðferð

Stuðullinn er hærri fyrir 1-3-5 kvarðann (á bilinu 0,45-0,58), sem merkir að dreifingin sé jafnari þar. Myndin sýnir meðalstuðul fyrir spurningarnar fjórar sem spurt var fyrir hvorn kvarða og hvora aðferð. Í öllum tilfellum var dreifing spurninganna fjögurra jafnari á 1-3-5 kvarða og ójafnari á 1-5 kvarða. Munur á gildum stuðulsins er fyrst og fremst á milli kvarða, síður á milli aðferða með þeirri undantekningu að lítill munur er á 1-5 og 1-3-5 kvörðunum í netkönnuninni eins og áður var vikið að.

Áreiðanleiki

Jaðaráreiðanleiki kvarðans var nokkuð lægri þegar miðjumöguleiki var nefndur í spurningum (r = 0,72) en þegar hann var ekki nefndur í spurningum (r = 0,78). Þegar upplýsingamagn kvarðans var skoðað kom í ljós að almennt fékkst meira magn upplýsinga um viðhorf svarenda þegar miðjumöguleiki var ekki nefndur. Þetta átti ekki við um viðhorf þeirra sem voru hlutlausir og viðhorf þeirra sem höfðu öfgakennt jákvætt viðhorf. Í þeim tilfellum fékkst örlítið meira magn upplýsinga þegar miðjumöguleiki var nefndur í spurningum (sjá mynd 5).



Mynd 5. Upplýsingamagn sem fæst með spurningum er mæla viðhorf til íslenska skólakerfisins

Þegar niðurstöður voru skoðaðar eftir gagnaöflunaraðferð kom í ljós að jaðaráreiðanleiki kvarðans var hærri (r = 0,77) þegar miðjumöguleiki var ekki nefndur í spurningum í netkönnun en þegar hann var nefndur (r = 0,71). Skoðun á því upplýsingamagni sem spurningarnar samanlagt öfluðu um viðhorf svarenda í netkönnun leiddi í ljós að meira magn upplýsinga var aflað þegar miðjumöguleiki var ekki nefndur í spurningu. Það átti við um ólík gildi viðhorfaþáttar (sjá mynd 6).

Það sama átti við þegar spurningar voru lagðar fyrir í síma. Þegar miðjumöguleiki var ekki nefndur í spurningum var jaðaráreiðanleiki r = 0,78 en þegar hann var nefndur var jaðaráreiðanleiki r = 0,74. Þegar upplýsinga-magn kvarðans er skoðað eftir svarkvörðum sést að meira magni upplýsinga er aflað með hefðbundnum svarkvarða um viðhorf þeirra sem eru neikvæðir

og með nokkuð jákvætt viðhorf. Lítill munur er eftir svarkvörðum á því upplýsingamagni sem aflað er um viðhorf þeirra sem eru hlutlausir og með mjög jákvætt viðhorf (sjá mynd 7).



Mynd 6. Upplýsingamagn sem fæst með spurningum er mæla viðhorf til íslenska skólakerfisins í netkönnun



Mynd 7. Upplýsingamagn sem fæst með spurningum er mæla viðhorf til íslenska skólakerfisins í símakönnun

Réttmæti

Aðhvarfsgreining var gerð í því skyni að athuga hvort samband ánægju með grunnskóla og ánægju með skólakerfið í heild sé háð því hvor tegund svarkvarða sé notuð. Frumbreytur voru þrjár. Í fyrsta lagi ánægja með grunnskóla. Í öðru lagi tegund svarkvarða en sú breyta tók gildið 0 þegar miðjumöguleiki var nefndur í spurningu og gildið 1 þegar miðjumöguleiki var ekki nefndur í spurningu. Í þriðja lagi margfeldi þessara tveggja frumbreyta (víxlhrif). Þrjár eins aðhvarfsgreiningar voru gerðar, ein fyrir hvern eftirfarandi þriggja hópa: a) fyrir alla svarendur, b) fyrir þá sem svöruðu í síma og c) fyrir þá sem svöruðu á neti.

Allir svarendur. Niðurstöður sýndu að tegund svarkvarða hefur áhrif á hve vel spurningin ánægja með grunnskóla spáir fyrir um ánægju með skólakerfið (sjá töflu 3). Ánægja með grunnskólann spáir marktækt fyrir um ánægju með skólakerfið í heild hvort sem hefðbundinn svarkvarði er notaður ($b = 1,1$; $p < 0,001$) eða miðjumöguleiki er nefndur í spurningu ($b = 0,94$; $p < 0,001$) en hallatalan er marktækt hærri ($b = 0,15$; $p < 0,05$) þegar miðjumöguleiki er ekki nefndur í spurningu. Ánægja með grunnskóla spáir því betur fyrir um heildareinkunn skólakerfisins þegar hefðbundinn kvarði er notaður en þegar miðjumöguleiki er nefndur í spurningu (sjá mynd 8).

Símakönnun. Þegar spurningar voru lagðar fyrir í síma hefur tegund svarkvarða áhrif á hve vel spurningin ánægja með grunnskóla spáir fyrir um ánægju með skólakerfið (sjá töflu 3). Ánægja með grunnskólann spáir marktækt fyrir um ánægju með skólakerfið í heild hvort sem miðjumöguleiki er nefndur í spurningu ($b = 0,52$; $p < 0,001$) eða ekki ($b = 0,84$; $p < 0,001$) en hallatalan er marktækt hærri ($b = 0,32$; $p < 0,01$) þegar miðjumöguleiki er ekki nefndur í spurningu. Ánægja með grunnskóla spáir því betur fyrir um heildareinkunn skólakerfisins þegar miðjumöguleiki er ekki nefndur í spurningu (sjá mynd 9).

Netkönnun. Niðurstöður sýndu að tegund svarkvarða hefur ekki áhrif á hve vel spurningin ánægja með grunnskóla spáir fyrir um ánægju með skólakerfið þegar spurningar eru lagðar fyrir á netinu (sjá töflu 3). Ánægja með grunnskólann spáir marktækt og jafnvel fyrir um ánægju með skólakerfið í heild hvort sem miðjumöguleiki er nefndur í spurningu eða ekki ($b = 1,21$; $p < 0,001$).

Tafla 3. Er samband ánægju með skólakerfið í heild og ánægju með grunnskólann háð því hvort miðjumöguleiki er lesinn upp í spurningu eða ekki?

	Ánægja með skólakerfið í heild		
	B	S.e.	p
Allir			
Fasti	3,52	0,18	<0,001
Ánægja með grunnskólann	0,94	0,05	<0,001
Svarkvarði	-0,66	0,26	<0,01
Ánægja með grunnskólann*svarkvarði	0,15	0,07	<0,05
Símakönnun			
Fasti	5,14	0,26	<0,001
Ánægja með grunnskólann	0,52	0,07	<0,001
Svarkvarði	-1,33	0,38	<0,001
Ánægja með grunnskólann*svarkvarði	0,32	0,10	<0,001
Netkönnun			
Fasti	2,18	0,23	<0,001
Ánægja með grunnskólann	1,31	0,07	<0,001
Svarkvarði	-0,10	0,33	e.m.
Ánægja með grunnskólann*svarkvarði	0,01	0,09	e.m.



Mynd 8. Ánægja með grunnskóla spáir fyrir um ánægju með skólakerfið í heild: Niðurstöður greindar eftir því hvort miðjumöguleiki var nefndur í spurningu eða ekki.



Mynd 9. Ánægja með grunnskóla spáir fyrir um ánægju með skólakerfið í heild í símakönnun: Niðurstöður greindar eftir því hvort miðjumöguleiki var nefndur í spurningu eða ekki.

Umræða

Verulegur munur var á dreifingu svara eftir því hvort fólk fékk hefðbundinn svarkvarða (1-5) eða hvort miðja væri nefnd í spurningu. Sá munur var meiri í símakönnuninni en netkönnuninni. Það er ljóst að það að benda fólki á miðjukost í síma verður til þess að mun fleiri velja hann, eða 2-3 sinnum fleiri. Þessi munur á 1-5 og 1-3-5 kvarða var mun minni í netkönnuninni, því í báðum tilfellum sjá menn allan kvarðann. Þrátt fyrir að kvarði sé sýnilegur bæði í 1-5 og 1-3-5 kvarða í netkönnun kemur fram munur þar sem bent er á miðjukost í spurningarstofni hjá þeim hópi 1-3-5 kvarðinn var notaður.

Það er athyglisvert að staðalfrávikið var algerlega ónæmt fyrir þessum muni á dreifingu svara eftir kvörðum og könnunaraðferðum þar sem það var nánast það sama í öllum tilvikum. Á hinn bóginn sýndi jafndreifnistuðullinn glögglega muninn á dreifingu, þar sem hann mælir hversu jöfn eða ójöfn hún er. Þannig má nýta stuðulinn til að lýsa dreifingu sem staðalfrávik lýsir ekki. Höfundar vita ekki af neinni mælingu eins og jafndreifnistuðullinn er, þar sem með einni tölu næst yfir það hversu jöfn dreifing er.

Til eru fleiri mælingar á dreifingu, svo sem skekkja í dreifingu (e. skewness) og ferilris (e. kurtosis). Ferilris er skylt jafndreifnistuðlinum þar sem það metur tinda í dreifingu. Ferilris er háð fjölda mælinga, getur tekið

gildi frá mínus 6 til óendanlegs jákvæðs gildis[4] og er því ekki staðlað mat á dreifingu eins og jafndreifnistuðullinn. Eins og nefnt var í kaflanum um aðferð er sá síðarnefndi stuðull á bilinu 0-1 og er þannig stöðluð mæling, sem er óháð fjölda mælinga og fjölda svarkosta, en það gerir samanburð á milli dreifinga auðveldari. Þá þarf að rannsaka líkindadreifingu stuðulsins svo nýta megi hann einnig í mati á marktektar – t.d. að athuga hvort marktækur munur sé á tveimur dreifingum með tilliti til þess hversu jafnar eða ójafnar þær væru.

Samkvæmt niðurstöðum voru mælingar áreiðanlegri þegar að hefðbundinn svarkvarði (1-5, án þess að bent væri á miðjukost) var notaður og átti það við hvort sem spurningar voru lagðar fyrir í síma eða á netinu. Reyndar virtist áreiðanleiki mælinga með hefðbundnum svarkvarða fara nokkuð eftir því hvert viðhorf svarenda var. Í því sambandi er rétt að benda sérstaklega á að hefðbundinn kvarði virtist ekki mæla hlutlaust viðhorf jafn nákvæmlega og önnur viðhorf og var ámóta miklu magni upplýsinga aflað um viðhorf þeirra sem voru hlutlausir með báðum svarkvörðum.

Af niðurstöðunum mátti ráða að réttmæti 1-5 kvarðans var meira en 1-3-5 kvarðans í símakönnuninni, en ekki var munur í netkönnuninni. Þennan mun á aðferðum má rekja til þess að í netkönnun er ekki eins mikill munur á 1-5 og 1-3-5 kvarðanum og í símakönnun, þar sem svarandi sér að þeir eru eins í. Það er aðeins í spurningunni sjálfri þar sem munur er í netkönnun – svaranda er bent á miðjukostinn. Í símakönnun sér svarandi ekki kvarðann og styðst því aðeins við orðalag sjálfrar spurningarinnar. Benda ber á, að þótt 1-5 kvarðinn hafi í sumum tilfellum verið marktækt áreiðanlegri og réttmætari en 1-3-5 kvarðinn er sá munur ekki mikill.

Nokkur munur er á svarendahópi í síma- og netkönnun einkum með tilliti til aldurs og menntunar. Svarendur á netinu eru með meiri menntun heldur en þeir sem svöruðu símakönnuninni auk þess sem hlutfallslega færri eru í bæði yngsta og elsta hópnum. Þetta hefur þó ekki afgerandi áhrif á þær niðurstöður sem hér eru kynntar en skýra þó að einhverju leyti minni ánægju með skólakerfið í netkönnuninni.

Halda þarf áfram rannsóknum á mismunandi kvörðum í könnunum, en þar er af nógu að taka. Væri til dæmis spennandi að bera fjögurra punkta kvarða, sem gefur ekki færi á miðju, saman við fimm punkta kvarða með

---

[4] Samkvæmt Wikipedia (Kurtosis, http://en.wikipedia.org/wiki/Kurtosis) er möguleg dreifing kurtosis frá -2 til óendanlegs jákvæðs gildis, en t.d. dreifingin 1,1,2,2 gefur kurtosis -6, sem er sennilega lægsta mögulega gildi þess.

miðju. Þá þarf að athuga hversu „rásfastar“ (e. robust) niðurstöðurnar eru með fleiri spurningum.

Meginniðurstaða þessarar tilraunar er að höfundar mæla með 1-5 kvarða fram yfir 1-3-5 kvarða, þar sem fólki er bent sérstaklega á miðjugildið. Samkvæmt tilrauninni er sá kvarði (1-5) heldur áreiðanlegri og réttmætari en 1-3-5 kvarði, sem styður hefðbundna notkun kvarðans í markaðs- og viðhorfsrannsóknum á Íslandi.

Heimildir

Gilljam, M. og Granberg, D. (1993). Should we take don't know for an answer? *Public Opinion Quarterly*, *57*(3), 348-357,

Krosnick, J. A. (1991). Response strategies for coping with the cognitive demands of attitude measures in surveys. *Applied Cognitive Psychology*, *5*, 213-236.

Krosnick, J. A., Holbrook, A. L., Berent, M. K., Carson, R. T., Hanemann, W. M., Kopp, R. J. o.fl. (2002). The impact of "no opinion" response options on data quality. *Public Opinion Quarterly, 66*(3), 371-403

Kurtosis, http://en.wikipedia.org/wiki/Kurtosis, 15. ágúst 2006.

Samejima (1969). Samejima, F. (1969). *Estimation of latent ability using a response pattern of graded scores*. Psychometrika Monograph, No 17.

Schuman, H. og Presser, S. (1981). *Question and answers in attitude surveys: Experiments on question form, working and context*. Thousand Oaks: Sage.

Thissen, D. (1991). *Multilog user's guide: Multiple, categorical item analysis and test scoring using item response theory*. Chicago, IL: Scientific Software.

Weems, G. H. og Onwuegbuzie, A. J. (2001). The impact of midpoint responses and reverse coding on survey data. *Measurement and Evaluation in Counseling and Development, 34*(3), 166-176.

Hefur Ísland valið sér nýja stærð í alþjóðakerfinu?

Baldur Þórhallsson

Í þessari grein verður fjallað um ástæður þess að íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum árum orðið virkari þátttakendur alþjóðlegu samstarfi. Notast verður við sérstakan kenningaramma sem greinir þær breytur sem taldar eru mikilvægar til að skýra hegðun ríkja í alþjóðakerfinu. Hefðbundnar breytur eins og íbúafjöldi, stærð landssvæðis, þjóðarframleiðsla og hernaðarmáttur hafa oft verið notaðar til þess að skýra stærð ríkja og þátttöku þeirra í alþjóðakerfinu en mikilvægt er að leita víðar fanga til að fá nánari sýn á hegðun ríkja.

Kenningaramminn greinist í sex flokka sem eru eftirfarandi:

1) Föst stærð
2) Fullveldis stærð
3) Pólitísk stærð
4) Efnahags stærð
5) Skynjuð stærð
6) Valin stærð (Baldur Þórhallsson, 2006)

Hver flokkur verður annars vegar metin útfrá innri einkennum ríkja og hins vegar ytri einkennum þeirra. Innan þessara innri og ytri einkenna er dreginn upp mynd af hæfni og veikleikum ríkja sem hefur áhrif á hegðun þeirra í alþjóðakerfinu.

Mynd 1. sýnir hæfnis- og veikleikakvarða fyrir innri einkenni ríkja. Hæfniskvarðinn nær frá engri hæfni til fullrar hæfni til þess að móta og hrinda stefnu í framkvæmd innan eigin ríkis. Veikleikakvarðinn metur veikleika innanlands og nær frá fullkomnum veikleikum til engra veikleika. Sex ofangreindir flokkar kenningarammans fyrir hvert og eitt ríki, hvað varðar innri einkenni, eru metnir út frá þessum tveimur kvörðum.



Mynd 1. Innri einkenni

Mynd 2. sýnir hvernig flokkarnir sex, ytri einkenni, eru metnir út frá hæfni og veikleikum. Á hæfnikvarðanum eru ríki staðsett samkvæmt hæfni þeirra til þess að hafa áhrif á alþjóðlegt umhverfi og nær kvarðinn frá engri hæfni til fullrar hæfni til áhrifa. Ytri veikleikakvarðinn metur að hvaða marki alþjóðakerfið þvingar ríki t.d. getur lítið hagkerfi þýtt að ríki er veikt fyrir alþjóðlegum efnahagssveiflum.



Mynd 2. Ytri einkenni

Staðsetning flokkanna sex á kvörðunum, hvort sem varðar innri eða ytri einkenni, getur byggt á tölfræðilegum upplýsingum þegar því er komið við eða huglægu mati. Þannig er hægt að staðsetja ríki á kvörðunum og meta getu

þeirra til að takast á við verkefni innanlands og erlendis og hafa áhrif á alþjóðakerfið. Í þessari grein verður greint hvaða þættir skýra aukna þátttöku Íslands í alþjóðakerfinu síðastliðinn áratug með því að setja Ísland inn í kenningarammann.

Alþjóðasamskipti Íslands

Ákvörðun stjórnvalda um að sækja um aðild að Öryggisráði Sameinuðu Þjóðanna (SÞ) árið 1998 markaði þátttaskil í utanríkisstefnu Íslands og er til marks um þá stefnubreytingu að taka aukinn þátt á alþjóðasamstarfi. Ísland hefur verið aðili að flestum alþjóðastofnunum sem stofnaðar hafa verið en var allt fram undir lok 10. áratugarins ekki virkur þátttakandi innan þeirra (Baldur Þórhallsson, 2005). Efnahagslegur ábati var forsenda aukinna utanríkissamskipta og virkrar þátttöku á alþjóðasamstarfi, hvort sem um viðskipti eða varnarmál var að ræða. Virk þátttaka innan SÞ (að undanskilinni vinnu við Hafréttarsáttmálann), NATO, Evrópuráðsins eða Alþjóðabankans var ekki ofarlega á dagskrá stjórnvalda. Stjórnvöld lögðu áherslu á hagkvæma viðskiptasamninga við ríki Evrópu með aðildinni að EFTA árið 1970, tvíhliðasamningi við ESB sem fylgdi í kjölfarið árið 1972 og inngöngu í Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1994. Um leið og markaðsaðgengi fyrir sjávarafurðir var tryggt dvínaði hins vegar áhuginn fyrir virkri þátttöku innan þessara stofnanna (Baldur Þórhallson, 2002). Íslensk stjórnvöld hafa auk þess nær engan áhuga sýnt á því að taka þátt í mótun Evrópusamrunans. Þau lögðu hins vegar áherslu á þátttöku í starfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna ábatans sem það skilaði. Náið samband við Bandaríkin var einnig ofarlega á forgangslista stjórnvalda vegna varnar-, viðskipta- og efnahagshagsmuna (Baldur Þórhallsson 2005). Þátttaka Íslands í alþjóðakerfinu hefur hins vegar tekið stakkaskiptum frá því um miðjan 10. áratuginn eins og kemur fram í næstu köflum.

Breytingar á „fastri stærð“ Íslands

Föst stærð tekur tillit til tveggja hefðbundinna breyta þ.e. íbúafjölda og stærð landssvæðis. Almennt eru íbúafjöldi og stærð landssvæðis tiltölulega stöðugar breytur og mælanlegar sem hefur gert það að verkum að þær hafa verið óspart notaðar til þess að flokka ríki eftir stærð og getu til áhrifa í alþjóðakerfinu. Ísland varð fámennasta ríki SÞ (92.000) þegar það gerðst aðili að

samtökunum árið 1946. Fjölgun Íslendinga í 300.000 árið 2006 hefur vafalaust meira vægi hvað getu landsins á alþjóðavettvangi varðar í ljósi aukins mannauðs heldur en sambærileg fjölgun í fjölmennari löndum. Ef litið er til stærðar landssvæðis eða yfirráðasvæðis þá hefur stækkun fiskveiðilögsögunnar, í fjórum skrefum úr þremur mílum árið 1952 í 200 mílur árið 1976, skapað grundvöll fyrir aukinni hagsæld.

Það er athyglisvert að föst stærð Íslands hefur breyst umtalsvert síðustu sextíu ár bæði hvað varðar íbúafjölda og yfirráðasvæði. Ísland hefur yfir að ráða meiri auðlindum en áður til þess að byggja upp stoðir landsins og taka virkan þátt í alþjóðakerfinu. Þegar skoðuð eru innri og ytri einkenni fastrar stærðar má sjá að Ísland hefur aukið hæfni sína. Hins vegar skýrir föst stærð ein og sér ekki ástæður þess að Ísland hefur undanfarinn áratug orðið virkari þátttakandi innan stofnanna eins og SÞ, NATO, Evrópuráðsins og Alþjóðabankans og aukið veruleg samskipti við fjarlæga heimshluta.

Hæfi innanlands og vaxandi þátttaka í alþjóðakerfinu: Stærð fullveldis

Samkvæmt kenningarammanum er fullveldis stærð metin út frá þremur þáttum. Í fyrsta lagi hvort að ríki getur haldið fullveldi yfir yfirráðasvæði sínu og hvort að önnur ríki efist um yfirráðin. Í öðru lagi út frá hæfni ríkja til þess að viðhalda grundvallar uppbyggingu ríkis. Í þriðja lagi er fullveldis stærð metin út frá því hvort að ríki geti haldið úti lágmarks utanríkisþjónustu, þ.e. geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri í alþjóðasamskiptum.

Mynd 3. sýnir að Ísland hefur fulla hæfni þegar kemur að innri fullveldis stærð samkvæmt ofangreindum þáttum. Veikleikar Íslands er varða innri fullveldis stærð felast aðallega í takmörkuðum mannauð og efnahagslegri getu. Staða Íslands er til dæmis allt önnur en staða Andorra, Monakó og San Marínó þar sem önnur ríki efuðust um innra og ytra fullveldi þeirra allt til upphafs 10. áratugar síðustu aldar. Litið var svo á að þau væru háð nágrannaríkjum sínum hvað varðar mótun og framkvæmd stefnumála innanlands sem og í alþjóðakerfinu. Þeim var vegna þessa meinað um inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar. (Archer, 2003; Þórhildur Hagalín, 2005).

	Innri einkenni		Ytri einkenni	
	Hæfni	Veikleikar	Hæfni	Veikleikar
Yfirráðasvæði	Fullkomin	Engir	Fullkomin	Engir
Uppbygging ríkis	Fullkomin	Litlir	Lítil-miðlungs	Miðlungs-miklir
Viðvera á alþjóðavettvangi	Fullkomin	Litlir	Lítil-miðlungs	Miðlungs-miklir

Mynd 3. Fullveldis stærð

Ytri fullveldis stærð Íslands er takmarkaðari en sú innri vegna takmarkaðrar getu landsins til að taka þátt í stefnumótun í alþjóðakerfinu og hrinda stefnum í framkvæmd (sjá mynd 3). Ísland hefur til að mynda treyst á upplýsingar frá öðrum Norðurlandaþjóðum hvað varðar starfsemi innan EES og EFTA og þar til fyrir fáeinum árum var landið nánast óvirkur þátttakandi innan NATO (Valur Ingimundarson, 1996; Alyson & Baldur Þórhallsson, 2006). Ísland er hins vegar að færast nær miðpunkti á hæfniskvarðanum vegna aukinnar getu til að starfa innan alþjóðastofnana og taka að sér umfangsmikil alþjóðleg verkefni. Ísland hefur ekki einungis tekið virkari þátt í störfum NATO síðastliðin tíu ár heldur var íslenska friðargæslan stofnuð formlega árið 2000 með það að markmiði að taka þátt í störfum NATO, ESB, SÞ og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Það að friðargæslan hafi tekið að sér umfangsmikil verkefni eins og stjórnun alþjóðaflugvalla undirstrikar stefnubreytingu íslenskra stjórnvalda hvað varðar þátttöku í alþjóðasamstarfi. Hins vegar verða veikleikar Íslands að teljast á bilinu miðlungs til miklir vegna takmarkaðrar getu til þess að móta stefnu á alþjóðavettvangi og hrinda henni í framkvæmd eins og mynd 3 sýnir.

Hefur pólitísk stærð Íslands vaxið?

Pólitísk stærð nær til þriggja þátta þ.e. hernaðarmáttar, stjórnsýslu og samheldni. Ísland hefur algjörlega verið háð Bandaríkjamönnum og NATO í varnarmálum. Ísland hefur jafnframt treyst á samstarf ríkja innan Schengen og Europol varðandi víðtækari öryggisþætti. Eftir að Bandaríkin tilkynntu íslenskum stjórnvöldum að þau myndi kalla heralfa sinn heim er Ísland eina NATO ríkið án „sýnilegra" loftvarna og herafla innanlands. Nýtt samkomulag landanna kveður hins vegar á um víðtæka samvinnu og nánari útlistun á því hvernig varnarsamstarfi ríkjanna er háttað. Íslensk stjórnvöld hafa lagt kappa á að styrkja hlutverk stofnana innanlands, eins og lögreglu og landhelgisgæslu, í vörnum landsins. Eigi að síður er landið háð Bandaríkjunum þegar kemur að vörnum landsins eins og nýlegur samningur milli

landanna sýnir. Veikleikar Íslands eru fullkomnir þegar kemur að hernaðarmætti eins og sjá má á mynd 4.

	Innri einkenni		Ytri einkenni	
	Hæfni	Veikleikar	Hæfni	Veikleikar
Hernaðarmáttur	Engin	Fullkomnir	Engin	Fullkomnir
Stjórnsýsla	Fullkomin	Litlir	Lítil-miðlungs	Miklir
Samheldni	Mikil	Litlir	Miðlungs	Miðlungs

Mynd 4. Pólitísk stærð

Íslenska stjórnsýslan hefur vaxið talsvert undanfarna tvo áratugi. Opinberum starfsmönnum hefur fjölgað og hæfni stjórnsýslunar til upplýsingaöflunar og ákvörðunartöku hefur aukist gríðarlega (Baldur Þórhallsson, 2004(a); Baldur Þórhallsson, 2002). Stjórnsýslan hefur getu til þess að móta eigin stefnu, hún er minna háð hagsmunahópum en áður og getur fylgt eftir stefnumökun sinni, eins og gefið er til kynna í mynd 4. Á síðasta áratug tvöfaldaðist stærð íslensku utanríkisþjónustunnar hvað starfsmannafjölda varðar (mynd 5) og hæfni hennar til þess að greina stöðu Íslands í alþjóðakerfinu hefur aukist verulega (Baldur Þórhallsson, 2004(a); Baldur Þórhallsson, 2002).



Mynd 5. Fjöldi starfsmanna í utanríkisþjónustunni frá 1945-2003 (Utanríkisráðuneytið, 2003)

Utanríkisþjónustan hefur því getað tekið að sér umfangsmeiri verkefni en áður. Árið 1999 gegndi Ísland formennsku í Evrópuráðinu í fyrsta skiptið en hafði ætíð áður haldið því fram að það gæti ekki tekið yfir formennskuhlutverkið, sem róterar á milli aðildarríkjanna, vegna smæðar og vanmáttar stjórnsýslunnar. Ísland stýrði einnig Norðurskautsráðinu frá 2002 til 2004 og fór með forsæti í Eystrasaltsráðinu frá miðju ári 2005 til miðs árs 2006. Undanfarinn áratug hefur utanríkisþjónustan einnig tekið virkari þátt í störfum ÖSE, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar SÞ (UNESCO) sem og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SÞ (FAO).

Fjölgun sendiráða hefur haldist í hendur við aukna virkni utanríkisþjónustannar erlendis s.l. áratug og ný sendiráð hafa verið opnuð í Kína, Indlandi, Japan, Kanada, Suður-Afríku, Finnlandi og Austurríki. Mynd 6 sýnir fjölgun sendiráða/fastanefnda erlendis en á fimmta áratugnum þegar utanríkisþjónustan var ný stofnuð voru sett á laggirnar nokkur sendiráð/-fastanefndir erlendis en á 40 ára tímabili eftir það voru einungis fjögur sendiráð opnuð (Utanríkisráðuneytið, 2006).



Mynd 6. Fjöldi íslenskra sendiráða/fastanefnda erlendis (Utanríkisráðuneytið, 2006)

Íslensk stjórnvöld lögðu þar til nýlega litla áherslu á virka þátttöku innan alþjóðastofnana. Fyrstu árin innan EFTA, í upphafi 8. áratugarins, var Ísland einungis með einn fastafulltrúa og eina og hálfa ritarastöðu í höfuðstöðvum EFTA (Einar Benediktsson, 2003). Einnig tók Ísland lítinn þátt í starfi

NATO fram undir lok síðustu aldar og embættismenn höfðu litla þekkingu á hernaðarmálum sem var hindrun í þátttöku þeirra innan bandalagsins (Valur Ingimundarson, 1996; Albert Jónsson, 1989). Árið 1989 starfaði einungis ein manneskja að öllum málefnum NATO í utanríkisráðuneytinu og fastanefnd Íslands hjá NATO samanstóð af þremur embættismönnum og tveimur riturum. Til samanburðar störfuðu 30 til 40 manns innan norsku og dönsku fastanefndanna, hvorri um sig, á sama tíma (Albert Jónsson, 1989).

Í byrjun síðasta áratugar settu stjórnvöld talsverðan mannskap í samningaviðræður um EES samninginn en þegar þær voru yfirstaðnar var starfsmönnum er fengust við málefni varðandi EES og ESB í utanríkisráðuneytinu fækkað. Skorti utanríkisráðuneytinu bæði mannskap og sérfræðiþekkingu til þess að fást við málefni EES fyrstu árin eftir að samningurinn gekk í gildi (Baldur Þórhallsson, 2001). Árið 1994 óskaði utanríkisráðuneytið eftir því að sérfræðingar Háskóla Íslands gerðu ítarlega úttekt á stöðu Íslands í Evrópusamrunanum. Undir lok síðasta áratugar hafði aukin sérfræðiþekking innan stjórnsýslunnar gert það að verkum að ráðuneytið og aðrar stjórnsýslustofnanir gátu án vankvæða gert ítarlegar úttektir á stöðu Íslands í Evrópu.

Þátt fyrir aukna getu íslensku stjórnsýslunnar s.l. áratug er ytri stjórnsýsluleg hæfni Íslands í samanburði við önnur nágrannaríki enn veruleg takmörk sett eins og myndir 4 sýnir. Sem dæmi má nefna að árið 2001 taldi íslenska utanríkisþjónustan rétt um 150 starfsmenn (að undanskyldum erlendum starfsmönnum í sendiráðum/fastanefndum) á meðan sambærileg stöðugildi voru um 1.150 í Noregi. Í Luxemborg þar sem íbúafjöldi er svipaður og á Íslandi störfuðu 206 manns í utanríkisþjónustunni árið 2001 (Utanríkisráðuneyti Íslands, Noregs og Lúxemborg, 2001). Aukinn fjöldi sérfræðinga í íslensku stjórnsýslunni hefur hins vegar gert það að verkum að Ísland er orðið hæfara til þess axla alþjóðlegar skyldur.

Þriðji þátturinn er varðar pólitíska stærð vísar til samheldni innan ríkis. Innri hæfni Íslands telst mikil þar sem að samfélagið er einsleitt og pólítískur stöðugleiki ríkir eins og sjá má á mynd 4. Ytri einkenni samheldninnar eru hins vegar ekki eins augljós. Það hefur ekki verið samstaða meðal stjórnmálaflokka né almennings um utanríkisstefnu landsins. Stigvaxandi þátttaka landsins í Evrópusamrunanum, fyrst með aðild að EFTA og síðar EES vöktu verulegar deilur í samfélaginu (Baldur Þórhallsson, 2004(b)), sem og varnarsamningurinn við Bandaríkin (Valur Ingimundarson, 1996, Baldur Þórhallson & Hjalti Vignisson, 2004(a)).

Íslenskir stjórnmálamenn veigra sér enn við að þrýsta á aukna þátttöku í Evrópusamrunanum vegna neikvæðra umræðna er einkennast af ásökunum

um að stuðningsmenn Evrópusamrunans vilji fórna sjálfstæði og fullveldi landsins. Deilur um náin samskipti Íslands við Bandaríkin skyggðu á önnur pólitísk málefni á tímum kalda stríðsins og afstaða kjósenda til þeirra höfðu meira skýringargildi um kosningarhegðun en efnahags- og félagslegir þættir sem upphaflega sköpuðu flokkakerfið (Ólafur Þ. Harðarson & Gunnar H. Kristinsson, 1987). Þessar deilur höfðu talsverð áhrif á erlend samskipti Íslands t.d. tók Ísland takmarkaðan þátt í samstarfsverkefnum og fundarhaldi innan NATO til þess að vekja ekki upp deilur heimafyrir (Valur Ingimundarson, 1996). Lítil samheldni í utanríkismálum á Íslandi hefur þannig haft áhrif á utanríkisstefnuna og að mörgu leyti veikt stöðu Íslands innan alþjóðastofnana eins og NATO. Deilur sem urðu árið 2005 um hvort Ísland ætti að halda framboði sínu um sæti í Öryggisráði SÞ til streitu fyrir tímabilið 2009-2010 gætu hafa veikt möguleika Íslands á að hreppa sæti innan ráðsins og skaðað ímynd landsins erlendis. Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson létu t.d. hafa eftir sér að þeir hefðu orðið fyrir talsverðum þrýstingi frá samstarfsbræðrum sínum á hinum Norðurlöndunum um að halda fyrirhuguðu framboði til streitu en Norðurlöndin að Íslandi undanskyldu (þar til nú) hafa skipst á að bjóða sig fram til Öryggisráðsins annað hvert kjörtímabil. (Morgunblaðið 29. júní 2005, Morgunblaðið 14. júlí 2005). Þá vöktu aðgerðir ríkisstjórnarinnar um að setja nafn landsins á lista hinna viljugra þjóða árið 2003 miklar deilur í samfélaginu og hefur stjórnarandstaðan sameinast um að hætta stuðningi landsins við stríð Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum, eins og það hefur verið lagt upp, komist hún til valda.

Frá fátækt til auðæfa: Efnahags stærð

Efnahags stærð ríkja tekur til þjóðarframleiðslu, markaðsstærðar og þróun efnahags. Þjóðarframleiðsla og markaðsstærð eru almennt taldar gefa vísbendingu um hæfni og veikleika ríkja, bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi (Katzenstain, 1984; Katzenstain, 1985; Griffiths, 2004). Í byrjun síðustu aldar var Ísland eitt fátækasta ríki Evrópu en er nú eitt það ríkasta í heimi. Samkvæmt lífsgæðaskýrslu þróunarstofnunnar SÞ mælist Ísland í öðru sæti á eftir Noregi yfir þá staði sem eftirsóknarverðast er að búa en alls taldi listinn 177 lönd (Þróunaráætlun Sameinuðu Þjóðanna, 2005).

Velgengni í efnahagsmálum á síðasta áratug hefur gefið íslenskum stjórnvöldum möguleika á að ráðstafa meira fé til uppbyggingu utanríkisþjónustunnar og breyta áherslum í utanríkissamskiptum. Þannig er ekki lengur eingöngu einblínt á efnahagslegan ábata af alþjóðasamskiptum heldur

eru markmiðin orðin mun víðtækari þar sem m.a. er lögð áhersla á hvað Ísland geti lagt af mörkum. Efnahagsleg velgengni Íslands gæti þó verið brothættari samanborið við önnur ríki sökum þess hve þjóðin er háð útflutningi sjávarafurða og áhrifa skammtíma stórverkefna á efnahagslífið eins og t.d. uppbyggingu stóriðju og álvera. Þetta endurspeglast í mynd 7.

	Innri einkenni		Ytri einkenni	
	Hæfni	Veikleikar	Hæfni	Veikleikar
Þjóðarframleiðsla	Lítil-miðlungs	Miklir	Lítil	Miklir
Markaðsstærð	Lítil	Miklir	Lítil	Miklir
Þróun efnahagslífs	Mikil	Miðlungs	Mikil	Miðlungs

Mynd 7. Efnahags stærð

Enn fremur hefur takmörkuð þjóðarframleiðsla Íslands (samanborið við þjóðarframleiðslu ríkja eins og Danmerkur og Noregs), ásamt litlum heimamarkaði töluverð áhrif á efnahagslífið sem veikir það gagnvart sveiflum á alþjóðamörkuðum. Þessir þættir takmarka innri og ytri hæfni Íslands hvað efnahagslega stærð varðar.

Hvernig skynja þátttakendur stærð ríkis?

Skynjuð stærð vísar til þess hvernig innlendir sem erlendir aðilar líta á stærð ríkis í samanburði við önnur ríki. Þetta endurspeglar hvernig pólitísk orðræða þessara aðila getur haft áhrif á hæfni og veikleika ríkja (Hansen, 2002; Guðmundur Hálfdánarson, 2004). Ólíkir hópar geta að sjálfsögðu haft mismunandi skoðanir á getu ríkisins eins og sést á mynd 8. Auk þess geta erlendir aðilar talið Ísland hafa fullkomna innri hæfni og takmarkaða veikleika meðan þeir líta svo á að ytri hæfni landsins sé lítil vegna fyrri reynslu eða að landið komi neikvætt út í samanburði við önnur ríki.

	Innri einkenni		Ytri einkenni	
	Hæfni	Veikleikar	Hæfni	Veikleikar
Stjórnmálamenn innanlands	Fullkomin	Litlir	Miðlungs	Miðlungs-miklir
Íbúar	Fullkomin	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs-miklir
Aðrir þátttakendur innanlands	Mikil	Miðlungs	Lítil	Miklir
Erlendir stjórnmálamenn	Fullkomin	Litlir	Miðlungs	Miklir
Alþjóðastofnanir	Fullkomin	Litlir	Miðlungs	Miklir
Aðrir þáttt. í alþjóðakerfinu	Fullkomin	Litlir	Lítil	Miklir

Mynd 8. Skynjuð stærð

Fram á miðjan 10. áratug síðustu aldar töldu íslenskir stjórnmálamenn að landið hefði ekki ytri hæfni til þess að vera virkur þátttakandi í alþjóðakerfinu (Baldur Þórhallsson, 2005). Orðræða þeirra byggðist á sjálfsákvörðunarrétti um stækkun fiskveiðilögsögunar, deilum um hversu háð landið væri Bandaríkjunum og átökum um flutnings valds frá stofnunum í Reykjavík til stofnanna ESB í Brussel (Baldur Þórhallsson & Hjalti Vignisson, 2004(b)). Einnig einkenndist orðræðan af nauðsyn þess að Íslendingar myndu njóta beinna hagsmuna af þátttöku í alþjóðlegum samskiptum (Geir H. Haarde, 2005; Baldur Þórhallsson, 2005). Þetta viðhorf íslenskra stjórnmálamanna var á skjön við viðhorf samstarfsbræðra þeirra á hinum Norðurlöndunum sem töldu að lönd sín hefðu fulla getu til þess að taka virkan þátt í alþjóðakerfinu sem þau og gerðu (Archer, 2003).

Umræðan um það hvort að Ísland eigi að halda til streitu framboði sínu til Öryggisráðs SÞ sýnir klárlega tvö ólík viðhorf sem ríkja í landinu um þátttöku í alþjóðakerfinu. Annars vegar er það hið hefðbundna viðhorf er byggist á efnahagslegum ábata af öllum alþjóðasamskiptum með lítilli eða engri trú á að Ísland geti haft áhrif innan alþjóðastofnana (Davíð Odddsson, 2002) og hins vegar það viðhorf að Ísland hafi fulla getu til þess að taka virkan þátt í samstarfi innan alþjóðasamfélagsins og beri í raun skyldur gagnvart öðrum ríkjum á þeim vettvangi (Geir H. Haarde, 2006(a); Geir H. Haarde, 2005). Seinna viðhorfið hefur í vaxandi mæli einkennt utanríkis-stefnu landsins frá miðjum 10. áratugnum þó að ólíkra sjónarmiða geti gætt meðal ólíkra aðila eins og fram kemur á mynd 8. Geir H. Haarde telur t.d. að með sæti í Öryggisráðinu gæti Ísland átt möguleika á að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða alþjóðasamfélagið. Hann telur jafnframt að íslensk stjórnsýsla sé ekki of lítil til þess að axla þá ábyrgð sem fylgdi aðild að ráðinu og að með endurskipulagningu starfsmannahalds innan utanríkisráðuneytis og milli ráðuneyta megi ráða við tímabundið aukið álag. (Geir H. Haarde, 2005; Geir H. Haarde 2006(b)).

Alþjóðlegur þrýstingur á aukna þátttöku Íslands í alþjóðasamfélaginu hefur haft umtalsverð áhrif á utanríkisstefnu Íslands. Erlend stjórnvöld, hagsmunahópar og fjöldi alþjóðastofnana hafa skorað á Íslendinga að leggja meira til alþjóðasamfélagsins. Á þetta við stofnanir eins og NATO, Alþjóðabankann, EES og SÞ og aðildarríki þeirra. Frá byrjun síðasta áratugar hafa bandarísk stjórnvöld þrýst á íslensk stjórnvöld að leggja meira fjármagn til eigin varna og að deila skyldum með öðrum NATO ríkjum. Má telja að erlendir aðilar hafi trú á að Ísland geti lagt meira að mörkum til alþjóða-samfélagsins og krefjist þess að landið beri meiri ábyrgð á þeim vettvangi

eins og mynd 8 sýnir. Þessi þrýstingur hafði t.d. umtalsverð áhrif á stofnun íslensku friðargæslunnar og aukin útgjöld til þróunarmála.

Geta ríki valið sér eigin stærð?

Valin stærð nær yfir þrjá þætti sem eru metnaður, forgangsröðun og hugmyndir varðandi alþjóðakerfið. Íslenskir stjórnmálamenn höfðu mikinn metnað varðandi innanlands málefni alla síðustu öld og landið breyttist úr því að vera fátækt landbúnaðarsamfélag í auðugt iðnaðar- og viðskiptasamfélag. Forgangsröðun stjórnmálamanna var skýr; sjálfsákvörðunarréttur yfir landi og fiskimiðum. Stjórnvöld virðast einnig hafa trúað því staðfastlega að þeim myndi takst að öðlast fullt sjálfstæði og tryggja yfirráð yfir auðlindum hafsins innan alþjóðakerfisins á hverjum tíma. Mynd 9 sýnir m.a. ofangreinda innri hæfi landsins.

	Innri einkenni		Ytri einkenni	
	Hæfni	Veikleikar	Hæfni	Veikleikar
Metnaður	Mikil-fullkomin	Miðlungs	Miðlungs	Miklir
Forgangsröðun	Mikil	Miðlungs	Mikil	Miðlungs-miklir
Hugmyndir um alþjóðakerfið	Mikil	Miklir	Miðlungs	Miklir

Mynd 9. Valin stærð

Þó nokkrir veikleikar hafa hins vegar verið fylgjandi þessum þáttum. Til dæmis var sú forgangsröðun sem stjórnmálamenn fóru til þess að byggja upp íslenskt samfélag ekki alltaf sú besta útfrá hagfræðilegu sjónarhorni. Einnig má telja að hugmyndir og/eða metnaður stjórnmálamanna um full yfirráð yfir landi og sjó hafi verið takmörk sett vegna óvissu um þróun alþjóðakerfisins og afleiðingar þess fyrir Ísland. Til að mynda ríkti mikil óvissa um viðbrögð annarra ríkja við stækkun fiskveiðilögsögunnar. Veikleikar Ísland í þessu sambandi, innri einkenni, eru settir fram í mynd 9.

Ytri valin stærð Íslands er ekki jafn skýr þar sem talsverðar breytingar hafa átt sér stað síðastliðinn áratug. Íslenskum stjórnmálamönnum virðist hafa skort tiltrú á að Ísland gæti haft áhrif innan alþjóðastofnana og metnað til þess að verða virkir þátttakendur í alþjóðasamfélaginu allt fram á miðjan 10. ártug síðustu aldar (Baldur Þórhallsson, 2005). Aukin þátttaka í alþjóðakerfinu hefði aldrei til komið til nema fyrir breytts viðhorfs íslenskra stjórnmálamanna varðandi forgangsröðun, hlutverk og skyldur í alþjóðasamfélaginu. Í stað þess að einblína á efnahagslegan ábata í alþjóðasamskiptum hafa hagsmunir Íslendinga verið skilgreindir með víðtækari hætti

þar sem meiri áhersla er lögð á framlag til alþjóðasamfélagsins en áður. Aukin virkni í alþjóðakerfinu er talin hagnast Íslendingum til lengri tíma litið. Þá hafa íslensk stjórnvöld gefið í skyn að Ísland hafi skyldur gagnvart alþjóðasamfélaginu (Geir H. Haarde, 2006(a), Morgunblaðið 14. nóvember, 2003). Hefur það leitt til aukinnar þátttöku Íslands innan fjölmargra alþjóðastofnana. Það eru hins vegar umtalsverðir veikleikar faldir í aukinni þátttöku Íslands í alþjóðakerfinu vegna óvissu í alþjóðlegu umhverfi og ef geta Íslands er borin saman við getu annarra ríkja eins og kemur fram á mynd 9. Afstaða stjórnvalda gagnvart getu Íslands til að vinna innan alþjóðakerfisins hefur einnig breyst, sjá mynd 9 og íslenskir stjórnmálamenn virðast trúa því í auknum mæli að þeir geti haft áhrif innan núverandi alþjóðakerfis.

Niðurstöður

Breytt viðhorf og forgangsröðun stjórnmálamanna eru lykilþættir í því að skýra stefnubreytingu Íslands hvað varðar aukna þátttöku í alþjóðakerfinu s.l. áratug. Utanaðkomandi alþjóðlegur þrýstingur hefur einnig knúið íslensk stjórnvöld til þess að láta meira af sér kveða innan alþjóðastofnana. Auk þessa hafa stjórnvöld orðið að bregðast við breyttum aðstæðum í heiminum t.d. hvað varðar aukin samskipti við fjarlæga heimshluta, nýja stöðu öryggis- og varnarmála og aukin alþjóðaviðskipti. Þessi þættir hafa bæði leitt til aukinna tvíhliða- og fjölþjóðasamskipta.

Stefnubreyting íslenskra stjórnvalda hefur átt sér stað samhliða aukinni velmegun (sem hefur stuðlað að uppbyggingu utanríkisþjónustunnar og stjórnsýslunnar almennt) og auknum mannauð (í formi aukinnar menntunar vinnuafls sem hefur getu til takast á við alþjóðleg verkefni). Hins vegar ber að hafa í huga að það hefur verið meðvituð ákvörðun íslenskra stjórnvalda að landið taki virkari þátt í alþjóðasamfélaginu. Ísland hefur haft val hvað þetta varðar. Stjórnvöld hefðu auðveldlega geta kostið að vera áfram óvirkir þátttakendur í alþjóðakerfinu. Þau kusu hins vegar að gera Ísland að virkari þátttakenda í kerfinu til að stuðla að langtíma hagsmunum landsins sem og til að leggja sitt að mörkum til alþjóðasamfélagsins.

Aukna þátttöku Íslands í alþjóðakerfinu má rekja til breytt viðhorfs stjórnvalda til hæfni og getu landsins til að takast á við alþjóðleg verkefni. Veikleikar landsins í þessu samhengi eru hins vegar aldrei langt undan. Þessi viðhorfsbreyting hefur haldist í hendur við breytta afstöðu stjórnvalda til alþjóðakerfisins sem slíkst þ.e. getu lands eins og Íslands til að takast á við

alþjóðlegar skuldbindingar innan ríkjandi kerfis. Skynjuð og valin stærð landsins hafa því lagt grunninn að aukinni þátttöku í alþjóðasamfélaginu. Íslensk stjórnvöld hafa skynjað stærð sína með öðrum hætti en áður og hafa valið sér nýja stærð í alþjóðakerfinu.

Heimildir

Albert Jónsson (1989). *Iceland, NATO and the Keflavík Base*. Iceland: Icelandic Commission on Security and International Affairs.

Alyson, J. K. & Baldur Þórhallsson (2006). Iceland and the European Security and Defence Policy. Í Alyson, J. K., Herolf, G. & Sundelius, B. (Ritstj.), *The Nordic Countries and the European Security and Defence Policy* (bls. 328-348). Oxford: Oxford University Press.

Archer, C. (2003). The Nordic States Contribution to the International System. Í Seppä, T. Touminen, K. Vesa, U. & Väyrynen, T. (Ritstj.), *Studying the World and Changing It* (bls. 217-229). Tampere: Tampere Peace Research Institute.

Baldur Þórhallsson (2006). The Size of States in the European Union: Theoretical and Conceptual Perspectives. *Journal of European Integration*, *28*(1), 7-31.

Baldur Þórhallsson (2005). What feature determine international activities of small states? The international approach of Iceland until the mid 1990s. *Stjórnmál og stjórnsýsla – veftímarit*, *1*(1), 105-154.

Baldur Þórhallsson og Hjalti Vignisson (2004(a)). The special relationship between Iceland and the United States of America. Í Baldur Þórhallsson (Ritstj.), *Iceland and European Integration: On the edge* (bls. 103-127). London: Routledge.

Baldur Þórhallsson og Hjalti Vignisson (2004(b)). A controversial step: membership of the EEA. Í Baldur Þórhallsson (Ritstj.), *Iceland and European Integration: On the edge* (bls. 38-49). London: Routledge.

Baldur Þórhallsson (2004(a)). Shackled by smallness: a weak administration as a determinant of policy choice. Í Baldur Þórhallsson (Ritstj.), *Iceland and European Integration: On the edge* (bls.161-184). London: Routledge.

Baldur Þórhallsson (2004(b)). Approaching the question: domestic background and conceptual framwork. Í Baldur Þórhallsson (Ritstj.), *Iceland and European Integration: On the edge* (bls. 1-20). London: Routledge.

Baldur Þórhallsson (2002). Consequences of Small Administration: The Case of Iceland. *Current Politics and Economics of the European Union, 11*(1), 61-76.

Baldur Þórhallsson (2001). Möguleikar íslensku stjórnsýslunnar til að takast á við aðild að Evrópusambandinu. Í Eiríkur Bergmann Einarsson (Ritstj.), *Ísland í Evrópu* (bls 30-54). Reykjavík: Samfylkingin.

Davíð Oddsson (25. janúar 2002). Ávarp forsætisráðherra á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins. http://forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/365. (Skoðað 27. mars 2006).

Einar Benediktsson (2003). *Iceland and European Development: A Historical Review from a Personal Perspective.* Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Geir H. Haarde (2005). *Ræða Geirs Haarde á landsfundi Sjálfstæðisflokksins*. http://www.xd.is/xd/modules/100/print.aspx?id=160490&ownertype=1&ownerid=30327&position=0. (Skoðuð 9. febrúar 2006).

Geir H. Haarde (9 March 2006(a)). Rétt að fara í átak til að upplýsa almenning, Viðtal í *Morgunblaðinu.*

Geir H. Haarde (9 March 2006(b)). Viðtal í ríkisútvarpinu, Rás 1 (RUV).

Griffiths, R. (2004). *Small states and European economic integration.* Reykjavik: Center for Small States Studies, Institute of International Affairs, University of Iceland.

Guðmundur Hálfdánarson (2004). Discussing Europe: Icelandic nationalism and European integration. Í Baldur Þórhallsson (Ritstj.), *Iceland and European Integration: On the edge* (bls. 128-144). London: Routledge.

Hansen, L. (2002). Indroduction. Í Hansen, L & Wæver, O. (Ritstj.), *European Integration and National Identity, The Challenge of the Nordic States* (bls. 1-19). London: Routledge.

Katzenstain, P. (1984). *Corporatism and Change: Austria, Switzerland and the Politics of Industry*. Ithaca og London: Cornell University Press.

Katzenstain, P. (1985). *Small States in World Markets: Industrial Policy in Europe*, Ithaca: Cornell University Press.

Morgunblaðið (14. júlí 2005). Mörg fordæmi fyrir því að ríki hætti við.

Morgunblaðið (14. nóvember 2003). Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra fjallaði um framboð til öryggisráðs SÞ á Alþingi. Ákvörðun um framboð til öryggisráðs SÞ markar tímamót.

Morgunblaðið (29. júní 2005). Fullur stuðningur við framboð Íslands til Öryggisráðsins.

Ólafur Þ. Harðarson & Gunnar H. Kristinsson (1987). The Icelandic Parliamentary Election of 1987. *Electoral Studies*, *6*(3), 219-34.

Utanríkisráðuneyti Íslands (2006). Sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur 1918-2002. http://www.utanrikisraduneyti.is/utanrikisthjonustan/soguleg-yfirlit/#VII. (Skoðað 25. Mars 2006).

Utanríkisráðuneyti Íslands (2003). *Upplýsingar.* Reykjavík: Utanríkisráðuneytið.

Utanríkisráðuneyti Íslands (Apríl 2001). *Upplýsingar um fjölda starfsmanna í Utanríkisþjónustu tiltekinna landa.* Reykjavík: Utanríkisráðuneytið.

Utanríkisráðuneyti Luxemborg (Apríl 2001). *Upplýsingar um fjölda starfsmanna í Utanríkisþjónustu tiltekinna landa.* Luxemborg: Utanríkisráðuneytið.

Utanríkisráðuneyti Noregs (Apríl 2001). *Upplýsingar um fjölda starfsmanna í Utanríkisþjónustu tiltekinna landa.* Osló: Utanríkisráðuneytið.

Valur Ingimundarson (1996). *Ísland í eldlínu kalda stríðsins: samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1945-1960.* Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Viðtal við starfsmann íslenska utanríkisráðuneytisins (Janúar 2006).

Þórhildur Hagalín (2005). *Raunverulegt sjálfstæði smáríkja.* Reykjavík: Félagsvísindadeild, Háskóli Íslands. (B.A. ritgerð).

Þróunaráætlun Sameinuðu Þjóðanna (2005). *The 2005 Human Development Index (HDI)*, New York: United Nations.

Ísland greiðir fyrir stækkun ESB

Eiríkur Bergmann Einarsson

Samningamenn Evrópusambandsins (ESB) hafa gert kröfur um að samhliða næstu stækkunarlotu Evrópusambandsins, sem fyrirhuguð er 1. janúar 2007, þegar ráðgert er að Rúmenía og Búlgaría fái aðild að ESB, hugsanlega ásamt Króatíu að auki, muni Ísland og Noregur auka nokkuð greiðslur sínar í þróunarstarf innan ESB um ríflega tuttugu prósent.[1] Gangi það eftir ættu greiðslur Íslands að aukast um ríflega hundrað milljónir króna á ári frá því sem nú er. Körfurnar eru settar fram í krafti þess að samhliða stækkun ESB er nauðsynlegt að útvíkka um leið Evrópska efnahagssvæðið (EES), sem ásamt Íslandi, Noregi og Liectenstein á að ná yfir öll aðildarríki ESB.

Íslensk stjórnvöld hafa hins vegar lýst yfir að þau séu ekki reiðubúin að auka við þessar greiðslur svo nokkru nemi. Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherrra, sagði til að mynda í viðtali við norstak blaðið Dagens Næringsliv að þar sem Ísland er alls ekki í ESB eigi landið ekki að greiða fyrir stækkun þess (Dagens Næringsliv, 2006).

Samkvæmt reynslunni úr fyrri samningaviðræðum við Evrópusambandið, þegar ESB og EES samstarfið var útvíkkað til tíu nýrra aðildarríkja þann 1. maí 2004, er hins vegar erfitt að sjá að íslensk stjórnvöld muni geta staðið þessar kröfur af sér að fullu og leiða má líkum að því að Ísland og Noregur muni á endanum þurfa að auka greiðslur sínar þó nokkuð til að tryggja samhliða stækkun Evrópska efnahagssvæðisins (EES), en það er nauðsynlegt til að tryggja virkni EES-samningsins. Stækkun Evrópusambandsins felur í sér að jafnframt þarf að útvíkka Evrópska efnahagssvæðið til nýju aðildarríkjanna en útilokað er að reka EES-samninginn nema hann nái til allra ríkja á innri markaði ESB. Brýnt var því að austur stækkun EES gerðist samhliða stækkun ESB því annars væri ekki um að ræða einsleitt markaðssvæði, en það er einmitt grundvallarmarkmið EES-samningsins. Þrátt fyrir að hér sé nánast um formsatriði að ræða þurfa þau ríki sem sækja um aðild að ESB

---

[1] Samkvæmt heimildum greinarhöfunda eftir viðtöl við starfsmenn Framkvæmdastjórnar ESB og íslenska utanríkisráðuneytisins í ágúst 2006.

jafnframt að sækja um aðild að EES og bæði EES-ríkin[2] og aðildarríki ESB þurfa að staðfesta hana.

Í aðdraganda fyrri austurstækkunnar ESB fór framkvæmdastjórn ESB fram á að Ísland og Noregur myndu stórauka framlög sín í þróunarstjóðinn eða um 27 fallt frá því sem áður var. Stjórnvöld á Íslandi voru strax frá upphafi afar treg til að auka þessar greiðslur og töldu sig eins og nú ekki skuldbundin til að greiða fyrir stækkun ESB. Eigi að síður varð niðurstaðan sú að Íslendingar fimmfölduðu greiðslurnar, sem fóru úr hundrað milljónum króna á ári í fimmhundruð milljónir. Norðmenn juku greiðslur sínar enn meira, eða tífallt frá því sem áður var. Samningarnir áttu að ná fram til ársins 2009 en Evrópuambandið hefur nú farið fram á auknar greiðslur fyrr, eða strax samhliða fyrirhugaðri stækkun ESB í ársbyrjun 2007. Gert er ráð fyrir að nýr samningur nái fram til árs 2009 en að þá verði greiðslurnar endurskoðaðar í ljósi þeirra þarfa sem þá verða í samstarfinu.

Í þessari grein er reynslan úr samningaviðræðunum við Evrópusambandið í aðdraganda fyrri austurstækkunnar ESB árið 2004 notuð til að varpa ljósi á samningsstöðu ríkisstjórnar Íslands nú í komandi samningaviðræðum um samhliða útvíkkun EES til nýrra aðildarríkja ESB.

Þróunargreiðslur vegna EES

Í miðri samningagerðinni um Evrópska efanhagssvæðið settu Spánverjar fram þær kröfur að EES-ríkin legðu til fjármagn í þróunarsjóð ESB í skiptum fyrir aðgang að mörkuðum sambandsins. Íslensk stjórnvöld voru strax frá upphafi ósátt við kröfurnar en samþykktu að lokum hóflegt gjald, um 100 milljónir króna á ári, sem samkvæmt samningi átti aðeins að vera til fimm ára og falla að því loknu niður. Að þeim tíma liðnum gerði Evrópusambandið hins vegar þá kröfu að undirlagi Spánverja að greiðslurnar yrðu framlengdar um önnur fimm ár. Í fyrstu neituðu íslensk stjórnvöld að verða við kröfunni en þegar Spánverjar hófu að beita þvingunaraðgerðum gegn Íslandi og Noregi, til að mynda með því að frysta þátttöku Íslands í rannsóknarsamstarfi ESB, létu íslensk stjórnvöld undan og samþykktu áframhaldandi greiðslur til fimm ára í viðbót. Sá samningur gilti út árið 2003 og því þurfti að semja á ný, svo til á sama tíma og fyrirhuguð stækkun ESB átti að taka gildi árið 2004.

---

[2] Þótt EES-samningurinn nái bæði til þriggja ríkja EFTA og ESB er hugtakið EES-ríkin í þessari grein aðeins notað yfir EFTA ríkin í EES, Ísland, Noreg og Liectenstein.

Fram að austurstækkun ESB voru þróunarsjóðir Evrópusambandsins að mestu notaðir til að byggja upp grunnkerfi í ríkjum Suður-Evrópu, á Grikklandi, Spáni og í Portúgal. Að auki hafa Írar notið góðs af þróunarsjóðinum. En eftir útvíkkun ESB til austurs er áherslan hins vegar lögð á að byggja upp grunnkerfi og markaði í fyrrum kommúnistaríkjunum Austur-Evrópu. Stækkun Evrópusambandsins er gríðarlega kostnaðarsöm aðgerð en meðal þjóðartekjur nýju aðildarríkjanna eru mun lægri en meðal landsframleiðsla Evrópusambandsríkjanna sem fyrir voru. Uppbyggingarþörfin í þessum löndum er því gríðarleg og eitt markmið ESB er að kappkosta við að gera upp risavaxið gjaldþrot kommúnismans í Austur-Evrópu og byggja upp markaði til framtíðar.

Vegna þess mikla kostnaðar sem fylgir austurstækkuninni fór Evrópusambandið fram á að EES-ríkin, Ísland, Noreg og Liectenstein, að þau myndi taka þátt í kostnaðinum og greiða stórauknar og varanlegar greiðslur í þróunarsjóð sambandsins samhliða stækkun EES. Röksemdin felst í því að sjóðurinn muni að mestu vera nýttur til uppbyggingar í nýju ríkjunum og að það komi EES-ríkjunum jafn mikið til góða og núverandi ríkjum ESB. Og þar sem EES-ríkin njóti á sama hátt og ríki Evrópusambandsins þess framtíðarávinnings sem hlýst af stækkun innri markaðarins töldu fulltrúar ESB rétt að krefja EES-ríkin um að greiða sinn skerf af kostnaðinum.

Ólíkar áherslur

Áhugavert er að skoða ferli samningaviðræðnanna milli ESB og EES-ríkjanna Íslands og Noregs en hann varpaði nýju ljósi á hve ólíkum augum þau líta samstarfið. Í samningsumboðinu sem ráðherraráð Evrópusambandsins veitti framkvæmdastjórninni kom fram það markmið að EES-ríkin myndu greiða í þróunarsjóðinn til jafns við aðildarríki ESB.[3] Ekki voru nefndar neinar tölur en næði markmið framkvæmdastjórnarinnar fram að ganga hefur verið reiknað út að það væri 27 földun á núverandi framlagi, það er að segja, úr 100 milljónum króna á ári í 2,7 milljarða. Ljóst var frá upphafi að hér var aðeins um ýtrustu kröfur að ræða sem einungis var hægt að líta á

[3] Í samningsumboðinu segir orðrétt: "The Financial Instrument should be re-negotiated and put on a permanent basis. The objective should be that Norway, Iceland and Liechtenstein in exchange for free access to the enlarged internal market contributes financially to reduce economic and social disparities in the enlarged EU in a way that could compare to efforts made by EU member states, taking into account the special situation of each EEA/EFTA State."

sem útgangspunkt. Evrópusambandið ætlaðist aldrei til að fá alla þá upphæð. Samkvæmt reglum þess er til að mynda auðvelt að sýna fram á mikilvægi byggðastefnu í jafn dreifbýlu og harðbýlu landi og á Íslandi sem ætti að leiða til mun lægri greiðslna. Sumir talsmenn ESB sögðu jafnvel löngu áður en samningar tókust að Ísland gæti í því ljósi samið um mjög hátt endurgjald sem yrði dregið frá framlagi landsins (Sabathil, 2002). Finnland fær til að mynda um þriðjung af sínu framlagi til baka. Ísland er mun fámennara og enn dreifbýlla auk þessa að liggja allt fyrir norðan 62. breiddargráðu sem miðað er við varðandi reglur um heimskautalandbúnað. Eftir stóð þó krafan um aukin og varanleg framlög.

Ríkisstjórnir Íslands og Noregs brugðust á æði misjafnan hátt við kröfunum. Norðmenn buðust fyrirfram til að liðka fyrir stækkun ESB og þar með EES með því að auka greiðslur í uppbyggingarsjóði ESB. Norðmenn voru í nokkuð ólíkri stöðu en Íslendingar því þeir hafa um árabil sjálfir staðið fyrir tvíhliða fjárhagsaðstoð við ríki Austur-Evrópu og gátu því einfaldlega fært þá aðstoð yfir í sérstakan þróunarsjóð fyrir ESB. Ríkisstjórn Íslands taldi sig hins vegar ekki skuldbundna til að halda þessum greiðslum áfram. Þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, lét meðal annars hafa eftir sér að ekki yrði hægt að verða við kröfu ESB um að Íslendingar greiði meira til sambandsins samhliða stækkun þess. Slík krafa eigi sér enga stoð og sé bæði óbilgjörn og ósanngjörn (Davíð Oddson, 2002). Fulltrúar stjórnarandstöðunnar á Íslandi tóku í sama streng.

Svo virðist sem embættismenn í Brussel og fulltrúar aðildarríkja ESB álíti í auknu mæli að EES-ríkin séu einskonar laumufarþegar í evrópsku samstarfi. Að þau njóti ávinningsins af erfiði ESB-ríkjanna við að sameina Evrópu og koma á einum markaði, án þess þó að vilja leggja jafnhliða til þess starfs. Þáverandi sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi, Gerhard Sabathil, hefur til að mynda sagt að í Brussel séu sumir þeirrar skoðunar að Ísland njóti forréttinda á innri markaðnum. Að Ísland hafi fengið að vernda tiltekna viðkvæma geira atvinnulífsins, eins og sjávarútveg og landbúnað, sem aðildarríkin sjálf fái ekki að gera. Sendiherrann benti einnig á að byggðaþróunarstefna og áhersla á félagslega samheldni allra aðildarríkjanna sé hluti af EES-samningnum og að EES-ríkin hafi frá upphafi lagt fram fé til að styðja fátækari ríki efnahagssvæðisins. Því sé eðlilegt að EES ríki haldi því áfram.

> Um leið er ljóst að framlag EFTA-ríkjanna hefur farið minnkandi sem hlutfall af landsframleiðslu. Árið 1994 var samið um fast árlegt framlag EFTA-ríkjanna sem var þá 0,25 prósent af landsframleiðslu en er núna um 0,1 prósent af

> landsframleiðslu. Hagvöxtur og verðmætasköpun hafa verið miklu jákvæðari í EFTA-ríkjunum en í aðildarríkjum ESB. (Sabathil, 2002)

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að sumir embættismenn framkvæmdastjórnar ESB vilja gjarnan losna við EES-samninginn, sem þeir telja að falla núorðið illa að stofnanauppbygginu ESB. Í viðtali sem greinarhöfundur átti við embættismenn ESB í Brussel árið 2002 vegna vinnslu bókarinnar Evrópusamruninn og Ísland sem kom út árið 2003 kom fram að krafan um stóraukin framlög í þróunarsjóð ESB var í huga sumra starfsmanna ESB hugsuð sem atlaga að sjálfum EES-samningnum sem þeir vilji gjarnan losna við (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2003).

Niðurstöður samninganna

Endalegir samningar um samhliða stækkun EES og ESB náðust ekki fyrr en 1. apríl 2004, aðeins mánuði áður en stækkunin gekk í garð. Eftir langt og strangt samningaþóf samþykktu Norðmenn að tífalda framlag sitt í sjóðinn en framlag okkar Íslendinga var fimmfaldað og er nú 500 milljónir króna á ári. Aukningin gerir það að verkum að Noregur og Ísland munu á næstu árum greiða hlutfallsega hærri greiðslur vegna stækkunar ESB en aðildarríkin greiða sjálf (Aftenposten, 2004). Nú vill Evrópusambandið semsé að EES-ríkin bæti við þær greiðslur í nokkurn vegin sama hlutfalli við stækkun ESB árið 2007.

Einn meginávinningurinn af EES-samningnum var að við gildistöku hans árið 1994 féllu að mestu niður tollar á íslenskum sjávarafurðum inn á markaði Evrópusambandsríkjanna. Í bókun níu við samninginn er kveðið á um tollfrelsi með langflestar sjávarafurðir frá Íslandi með nokkrum undanþágum á borð við síld, lax, humar og makríl. Ísland hefur alla tíð síðan verið óánægt með bókunina og viljað ná fram auknu og helst fullu tollfrelsi. Fyrir stækkun EES og ESB hafði Ísland hins vegar gert fríverslunarsamninga við öll tíu ríkin sem fengu aðild að ESB árið 2004. Þeir samningar kváðu meðal annars á um fullt tollfrelsi í viðskiptum með iðnaðarvörur og fisk og aðrar sjávarafurðir með fáeinum minniháttar undantekningum. Viðskipti milli Íslands og nýju aðildarríkja ESB voru þó nánast hverfandi. Hins vegar blasti við að aðild þeirra að ESB myndi gera viðskipti við þau greiðari og öruggari (Utanríkisráðuneytið, 2001). Það þótti því áhyggjuefni að við aðild þeirra að ESB myndi markaðsaðgangur fyrir íslenskar sjávarafurðir versna í þessum löndum yrði ekkert að gert. Við aðild þeirra myndi fríverslunar-

samningarnir falla niður og viðskiptasamningar milli Íslands og ESB gilda þar sem annarsstaðar innan ESB. Fyrir stækkun hafði Ísland því betri viðskiptakjör við umsóknarríkin heldur en ríki ESB, en eftir stækkun myndi þetta snúast við. Þá myndu ríki ESB ekki þurfa að greiða neina tolla á mörkuðum nýju ríkjanna á meðan innflutningur frá Íslandi fengi á sig auknar álögur.

Vegna þessara breytinga kröfðust Íslendingar þess að fá bætur í formi innflutningskvóta. Niðurstaðan varð sú að til að vega upp á móti fyrirsjáanlegu tapi fékk Ísland 950 tonna tollfrjálsan innflutningskvóta á heilfrystri síld á fimm ára tímabili, frá 2004 til 2009, en þá á að endurskoða samkomulagið. Að auki voru síldarsamflök, svokölluð síldarfiðrildi, endurskilgreind sem síldarflök sem þýðir að hér eftir bera þau enga tolla í stað fimmtán prósents tolls áður. Síldarsamflökin hafa nær eingöngu verið flutt út til Austur-Evrópuríkjanna og er því ekki um neina efnislega breytingu á viðskiptakjörum með þau að ræða (Sjá aðildarsamning EES, 2004). Þegar meta á möguleika Íslands í næstu samningalotu skal hafa í huga að það var fyrst og fremst vegna þess að Pólverjar neituðu að skrifa undir stækkunina, vegna tolla á síld frá Íslandi og Noregi sem áttu að koma á um leið og fríverslunarsamningarnir féllu niður, að Evrópusambandið féllst á þessa tilslökun.

Þegar síldarmáið leystist loksins var tíminn fyrir samhliða stækkun ESB og ESB orðinn naumur. Því var ekki að undra að margir fóru að örvænta um afdrif EES-samningsins þegar furstinn af Liechtenstein neitaði að skrifa undir stækkun EES vegna alls óskyldra landadeilna í Tékklandi en sem betur fór tókst að tala hann til í tæka tíð.

Veik samningstaða

Af framansögðu má sjá að ekki mátti miklu muna að stækkun ESB hefði riðið EES-samningnum að fullu en það hefði haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir íslenskan efnahag. Að því gefnu að samningarnir hefðu siglt í strand eins og líklegt þótti á tímabili hefði það sett EES-samninginn í uppnám og jafnvel leitt til að hann hefði hreinlega fallið úr gildi. Ef ESB stækkar en ekki EES væri grundvallarmarkmið samningsins um einsleitt markaðssvæði þar með fallið og ESB hefði þá heimild til að segja samningnum upp einhliða. Ef ekkert væri að gert yrðu afleiðingarnar gríðarlegar. Til að mynda yrðu tollar lagðir á ný á íslenskar sjávarafurðir inn á markaði ESB, vörur frá Íslandi fá þá ekki lengur sjálfkrafa vottun inn á innri markað ESB með ómældu óhagræði, fjárfestingaréttur Íslendinga í ríkjum ESB hyrfi og réttur Íslendinga til að starfa í Evrópu yrði afturkallaður. Ennfremur yrði lokað fyrir þátttöku

Íslendinga í samstarfsáætlunum ESB á svið vísinda-, mennta- og menningarmála sem hafa fært gríðarlega þekkingu og fjármagn inn í íslenskt samfélag. Þetta er að sjálfsögðu fullkomlega óhugsandi niðurstaða og því varð einfaldlega að ná samningum.

Af þessu leiðir að það telst til grundvallarhagsmuna á Íslandi að halda opnum sem haftaminnstum aðgangi að innri markaði ESB. Og þar sem að EES-samningurinn getur ekki lifað af án þess að hann sé víkkaður út til nýrra aðildarríkja ESB, samhliða stækkun Evrópusambandsins, er samningstaða íslenskra stjórnvalda ansi veik þegar kemur að því að semja um stækkun EES. Því má gera ráð fyrir að Íslendingar geti ekki hafnað að auka greiðslur til þróunarstarfs innan ESB samhliða fyrirhugaðri stækkun ESB til Rúmeníu og Búlgaríu á næsta ári. Samningsniðurstöðurnar úr fyrri stækkunarlotu sýna þó að nokkur sveigjanleiki virðist vera til viðræðna við ESB og að jafnvel hefði verið hægt að ganga enn lengra. Íslensk stjórnvöld gætu til að mynda nýtt tækifærið og sett fram þá mótkröfu að koma á fullri fríverslun á öllu EES-svæðinu með þær sjávarafurðir sem enn bera tolla inn á markaði ESB.

Heimildir

Aðildarsamningur EES. Utanríkisráðuneytið 2004.

Aftenposten í Noregi (2004, 5. febrúar).

Dagens Næringsliv í Noregi (2006, 13. ágúst). Norge får hele EØS-regningen.

Davíð Oddson (2002). *Fréttir*. Ríkisútvarpið, Sjónvarp. 20. október.

de Palacio, L. (2002, 8. febrúar). *Fréttablaðið*.

Eiríkur Bergmann Einarsson (2004). Blikur á Lofti - áratugur í EES. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum V* (bls. 155-163). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Eiríkur Bergmann Einarsson (2003). *Evrópusamruninn og Ísland - Leiðarvísir um samrunaþróun Evrópu og stöðu Íslands í evrópsku samstarfi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

EES – Meginmál EES samningsins & fleira efni er honum tengist. Reykjavík: Háskólaútgáfan 1997.

Nationen í Noregi (2002, 8. nóvember).

Sabathil, G. (2002, 14. desember). *Morgunblaðið*.

Utanríkisráðuneytið (2000). *Skýrsla Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi*.

Utanríkisráðuneytið (2001). *Stækkun Evrópusambandsins*.

Úlfar Hauksson (2002). *Gert út frá Brussel*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Óbirtar heimildir

Viðtöl við embættismenn framkvæmdastjórnar ESB og starfsmenn í íslenska utanríkisráðuneytinu í ágúst 2006.

Íbúalýðræði

Guðmundur Heiðar Frímannsson

Ýmsir líta nokkrum vonaraugum til íbúalýðræðis til að bæta stjórnmál í sveitarstjórnum. Það kunna að vera ýmis rök til þess að líta svo á. En þá þarf maður fyrsta að átta sig á hvað íbúalýðræði er. Það mætti einnig segja að maður þyrfti að átta sig á hvað lýðræði sé til að geta sagt eitthvað af skynsemi um íbúalýðræði. Í því sem hér fer á eftir mun ég ganga að því vísu að við skiljum hugtakið lýðræði og er þá átt við þá stjórnskipan þar sem allt vald er sótt til almennings. Í stjórnskipun Íslands er lýðræði grunnur stjórnskipunarinnar og fulltrúalýðræði almenna reglan bæði þegar valið er til þjóðþingsins og í sveitastjórnir. Fulltrúar í sveitarstjórnum sækja vald sitt til almennings í kosningum. Það þarf að skýra sambandið á milli íbúalýðræðis og fulltrúalýðræðis og um leið að reyna að átta sig á af hverju íbúalýðræði geti verið framfaraspor.

Enn eitt hugtakið í umræðu um lýðræði er þáttökulýðræði sem yfirleitt er lagt að jöfnu við beint eða milliliðalaust lýðræði. Nú mætti spyrja hvort þátttökulýðræði sé það sama og íbúalýðræði? Svarið við þeirri spurningu er ekki einfalt, gæti raunar bæði verið neikvætt og jákvætt eftir því hvaða merkingu á að leggja í orðið þátttökulýðræði eða beint lýðræði. Orðið þátttaka gefur undir fótinn með að íbúalýðræði falli undir hugtakið þátttökulýðræði, íbúalýðræði gengur jú út á að auka áhrif íbúa á ákvarðanir um þeirra eigið umhverfi. En málið er ofurlítið flóknara en svo.

Vandinn er að þátttökulýðræði er líka lagt að jöfnu við beint eða milliliðalaust lýðræði. Þá virðist þátttökulýðræði hugsað sem andstæða við fulltrúalýðræðið en beint eða milliliðalaust lýðræði útilokar fulltrúalýðræði. Er þá íbúalýðræði í beinni andstöðu við fulltrúalýðræði? Mér virðist svo ekki vera. Íbúalýðræði eins og það hefur verið tíðkað getur farið ágætlega saman við fulltrúalýðræði og virðist ekki vera í neinni andstöðu við það. Ruglingurinn stafar af því að þátttökulýðræði og beint lýðræði eru lögð að jöfnu. Mér virðist farsælla að greina á milli þessa tvenns og forðast ruglinginn.

Í því sem hér fer á eftir mun ég leitast við að lýsa því sem átt er við með íbúalýðræði, greina skipulega á milli beins lýðræðis og þátttökulýðræðis og reyna að rökstyðja þá skoðun að þátttökulýðræði geti verið æskilegt en beint lýðræði sé það ekki nema sem hluti af þátttökulýðræði.

Íbúalýðræði

Af hverju skiptist ríkið upp í sveitarfélög? Af hverju er ekki bara eitt stjórnstig í jafn smáu samfélagi og Íslandi? Staðreyndin er sú að í landinu eru tvö stjórnstig og hver gæti verið skýringin á því. Það fyrsta sem ástæða er til að taka eftir er að skipting landsins í sveitarfélög, í hreppa, er ævaforn og hinar smáu einingar virðast að minnsta kosti jafn gamlar og Alþingi til forna. Það næsta er að sumar ákvarðanir sem taka þarf og varða allan almenning á tilteknum stað eða mikilvæga hagsmuni hans er skynsamlegt að taka sem næst vettvangi. Það er líklegra að slík skipan leiði til betri ákvarðana eða ákvarðana sem almenningur sættir sig betur við en með öðru fyrirkomulagi. Það þriðja sem ástæða er til að tilgreina sem rök fyrir skiptingu ríkisins í sveitarfélög er að þau gefa fleirum færi á að taka þátt í sameiginlegum ákvörðunum en ef stjórnsýslustigið væri eitt. Sé litið á ákvarðanir sem feril í lýðræðisfyrirkomulagi fremur en niðurstöðu þá virðist gilda að því fleiri sem koma að sameiginlegum ákvörðunum því betra. Því fleiri sem taka þátt því lýðræðislegri verða ákvarðanirnar. Það útilokar hins vegar ekki að lýðræðislegar ákvarðanir geta verið óskynsamlegar, jafnvel beinlínis rangar, en það er önnur saga. En þá er verið að tala um ákvarðanir sem niðurstöðu. Það virðast því vera sterkar ástæður fyrir því að stjórnsýslustigin séu tvö fremur en eitt.

Íbúalýðræði er viðleitni áhugamanna um lýðræði til að bæta stjórnskipan á sveitarstjórnarstiginu. Í íbúalýðræði felst fjöldamargt og er ástæða til að nefna það helsta. Það virðist mega skipta þeim aðgerðum sem falla undir íbúalýðræði í tvennt, annars vegar í samráð sveitarstjórnar við íbúa og hins vegar atkvæðagreiðslur sem ýmist geta verið ráðgefandi eða bindandi. Samráð getur verið margvíslegt. Sumt samráð er lögboðið, annað ekki. Nefndir á vegum sveitarfélaga sem ber skv. lögum að hafa samráð við íbúa eða þá sem hlut eiga að máli eru skipulags- og byggingarnefndir, skólanefndir bæði fyrir leik- og grunnskólastig, umhverfis og heilbrigðisnefndir, félagsmálanefndir og barnaverndarnefndir þar sem þær starfa. Skipulag ber að kynna íbúum með ákveðnum fyrirvara og gefa þeim tækifæri til að gera athugasemdir, svo að dæmi sé tekið, og í skólum er lögbundið að eiga samráð við foreldra um

tiltekin mál. Aðrar nefndir þurfa ekki skv. lögum að eiga samráð við íbúa. Það eru nefndir sem fara með íþrótta- og tómstundamál, menningarmál, samgöngumál og málefni stjórnkerfisins. Þær þurfa því að ákveða hverju sinn hvort þær hyggjast eiga samráð við íbúa sveitarfélagsins um tiltekin mál.

Samráð getur átt sér stað með ýmsum hætti. Ein leiðin er íbúaþing sem svo hafa verið nefnd. Þá er valið mikilvægt mál fyrir sveitarfélagið, boðað til fundar í einn dag eða fleiri, máefnið kynnt, íbúar vinna hugmyndir og tillögur um það og niðurstöðum er komið á framfæri við bæjaryfirvöld. Vel þekkt dæmi um þetta er íbúaþing sem haldið var á Akureyri til að vinna forsendur og grunnhugmyndir fyrir nýtt miðbæjarskipulag. Í framhaldinu var síðan unnið skipulag þar sem þessar hugmyndir höfðu áhrif. Önnur leið er kynningarfundir fyrir íbúa á tillögum sem liggja fyrir sveitarstjórn þar sem íbúum er gefinn kostur á að gera athugasemdir. Þriðja leiðin er stofnun hverfisnefnda sem fjalla um málefni hverfisins og hefðu umsagnarrétt um mikilsverð mál sem vörðuðu hverfið, gætu jafnvel tekið einhverjar ákvarðanir sjálfar. Fjórða leiðin gæti verið nettenging allra bæjarbúa sem hefðu sitt svæði á vef bæjarfélagsins, hægt væri að beina málum inn á slíkan vef, kynna þau og óska eftir umræðu og hugmyndum í tiltekinn tíma. Sömuleiðis gætu íbúar sjálfir haft frumkvæði á slíkum vef að umræðum um hvaðeina sem varðaði sveitarstjórnina og sameiginleg málefni bæjarbúa.

Síðari þáttur íbúalýðræðisins er atkvæðagreiðslur sem geta verið ýmist ráðgefandi eða bindandi. Ráðgefandi atkvæðagreiðslur eru nákvæmlega það sem í orðunum felst: ráðgefandi, sveitarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald og er ekki skylt að fara eftir þeim. Bindandi atkvæðagreiðslur eru heimilar að Sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 104. gr. Í greininni er þetta orðað með svofelldum hætti:

> Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi eða hluta þess til þess að kanna vilja kosningarbærra íbúa um tiltekið málefni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir sveitarstjórn nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera. (5. mgr.)

Það er eðlilegt að skilja orðalag laganna svo að sveitarstjórn sé nauðsynlegt að samþykkja fyrirfram að atkvæðagreiðsla skuli vera bindandi til að hún teljist vera það. Það virðist sjálfsagt að skilja þennan lagabókstaf þannig að þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að atkvæðagreiðsla skuli vera bindandi þá sé það tiltekna mál afgreitt af hennar hálfu og almenna atkvæðagreiðslan ráði lyktum málsins en sveitarstjórnin þurfi ekki að samþykkja það sjálf, staðfesta niðurstöðu kosninganna. En um þetta segir ekki neitt beinlínis í þessum lagabálki.

Það er eflaust ýmislegt sem telja mætti upp frekar undir hugtakinu íbúalýðræði en ég tel að hér hafi komið fram að minnsta kosti flest mikilvægustu atriðin.

Beint lýðræði, þátttökulýðræði

Það er ástæða til að hyggja að sambandi fulltrúalýðræðis og íbúalýðræðis. Fulltrúalýðræði gengur út á að íbúar velji fulltrúa í ákveðinn tíma sem taka ákvarðanir um sameiginleg mál íbúanna. Íbúalýðræði gengur út á að fá fleiri íbúa en áður til að taka þátt í undirbúningi mála fyrir sveitarstjórnina eða til að taka þátt í að ákveða mál með atkvæðagreiðslu, bindandi eða ráðgefandi. Hver eru tengslin milli þessa tvenns? Það virðist ljóst að fulltrúalýðræði og samráð fara ágætlega saman og það ætti að öðru jöfnu að tryggja gæði ákvörðunar að auka samráð við íbúana. Ráðgefandi atkvæðagreiðslur trufla ekki fulltrúalýðræðið einmitt af því að fulltrúarnir eru ekki bundnir af niðurstöðum slíkrar atkvæðagreiðslu. Þeirra er að ákveða, ráðgjöf er ekki ákvörðun. Það er svo annað mál að með því að efna til ráðgefandi atkvæðagreiðslu gætu fulltrúarnir verið að binda hendur sínar pólitískt. Afdráttarlausar niðurstöður úr ráðgefandi atkvæðagreiðslu eru ekki bindandi að lögum en þær geta hæglega verið það pólitískt. Það getur vel verið erfitt eða jafnvel útilokað fyrir pólitískt kjörna fulltrúa að ganga gegn slíkum niðurstöðum nema þeir vilji enda feril sinn í stjórnmálum. Þessi staðreynd segir okkur að ráðgefandi atkvæðagreiðslur geti við vissar kringumstæður útilokað tiltekna kosti fyrir sveitarstjórnarmenn í reynd. Um bindandi atkvæðagreiðslur er það að segja að þær útiloka að fulltrúarnir í sveitarstjórn ákveði það mál sem lagt er fyrir íbúana. Ákvörðun fulltrúanna og bindandi atkvæðagreiðsla um sama mál útiloka hvort annað. Fulltrúalýðræði og bindandi atkvæðagreiðslur geta hæglega farið saman, sum mál ákveða fulltrúarnir en önnur eru afráðin í atkvæðagreiðslu, en þegar ákveða þarf tiltekin mál verður að segja til um hvora aðferðina á að nota.

Það er sérkennileg staðreynd um íslensk sveitarstjórnarmál að almennar atkvæðagreiðslur hafa nánast allar verið um áfengisútsölur og hundahald og sú nýjasta var um flugvöll í Reykjavík. Ég held að áfengisútsölur og hundahald geti ekki talist með allra mikilvægustu málum sveitarfélaga og er þá næstum því sama hvaða viðmiðun valin er. Þessi sögulega staðreynd bendir okkur á sérkennilegan þátt í pólitísku sálarlífi Íslendinga á tuttugustu öldinni þegar mjög hraðar félagslegar breytingar gengu yfir og þeir voru að ná tökum á því að búa í bæ og borg. Norðmenn hafa verið á sama báti og við

með áfengið (Kommunal- og regionaldepartementet, 2006,). Flugvöllurinn í Reykjavík er hins vegar dæmigert mál sem ákveða mætti með almennri atkvæðagreiðslu enda hefur það mjög mikla þýðingu fyrir borgina. Það er svo önnur saga hvernig skilja ber niðurstöðu þeirrar atkvæðagreiðslu sem fór fram um framtíð flugvallarins á sínum tíma.

Bindandi atkvæðagreiðslur eru dæmi um það sem nefnt er á íslensku beint eða milliliðalaust lýðræði. Íbúarnir sjálfir taka sameiginlega endanlega ákvörðun í tilteknu máli en ekki fulltrúar sem kosnir eru til þess. Ég legg til að við notum orðalagið beint eða milliliðalaust lýðræði yfir þessa tegund af ákvörðun. Þetta orðalag vísar til formlegra eiginleika ákvörðunarinnar: hún er bein, milliliðalaus sem merkir að allir sem eiga að búa við ákvörðunina taka hana eða geta tekið hana. Það er ekki einhver undirhópur sem tekur ákvörðunina, eitthvert hlutmengi, valdir fulltrúar, í heildinni íbúar sveitarfélags, heldur heildin sjálf. Beint, milliliðalaust lýðræði er einungis lýsing á þessu.

Það er flestum kunnugt sem lesa um lýðræði á íslensku að orðið „þátttökulýðræði" er gjarnan lagt að jöfnu við beint, milliliðalaust lýðræði. Það ætti ekki að koma neinum á óvart sem þekkir hugmyndasögu lýðræðisins. Marx og Engels töluðu um beint, milliliðalaust lýðræði og útskýrðu rækilega hvað þeir töldu felast í því (Held, 2006). Þeir voru alls ekki að ræða um formlega eiginleika ákvarðana heldur um hvernig raunverulegir hagsmunir verkalýðsins réðu ákvörðunum hans við þær aðstæður sem sköpuðust í kommúnísku ríki. Þeir voru fremur að tala um þátttökulýðræði en beint lýðræði eins og ég hef lýst því. Þessi bakgrunnur skýrir af hverju þetta tvenna orðalag er lagt að jöfnu. En það er ekki sjálfgefið að fylgja venjunni þó hún eigi sér sögulegar skýringar. Ég held að það varpi skýrara ljósi á samfélagsaðstæðurnar, geri okkur mögulegt að skilja betur suma þætti í samtíðinni, að skilja á milli beins lýðræðis og þátttökulýðræðis en ef við sláum þessu tvennu saman (Swift, 2006). Ég vil því nota mér það tækifæri sem íslenskan leggur upp í hendurnar á okkur með því að tala um þátttökulýðræði. Þátttaka krefst framlags, við getum varla talað um þátttöku í samfélagsákvörðunum ef einungis er átt við það að greiða atkvæði í atkvæðagreiðslu. Það er ekkert sem útilokar það að greiða atkvæði um eitthvað sem maður hefur ekki hugmynd um hvað er. Það er raunar markverð staðreynd að kjósendur gera þetta stundum, kannski oftar en við höldum. Í fulltrúalýðræði kemur það ekki að sök af því að fulltrúinn getur verið vel fær um að greina og skilja þau málefni sem hann þarf að greiða atkvæði um, þótt kjósandinn sem kaus hann hafi ekki gert sér neina grein fyrir því hvern hann kaus. En ef við erum að ræða um beint, milliliðalaust

lýðræði þá skiptir miklu máli að kjósendurnir geri sér grein fyrir um hvað þeir eru að kjósa. Ef stórir hópar kjósenda eru ekki með á nótunum kann illa að fara, ákvörðunin kann að vera lýðræðisleg í þeim skilningi að margir tóku hana en niðurstaðan gæti verið slæm. En við skulum aðeins skerpa á þessum greinarmun milli þátttökulýðræðis og beins lýðræðis til að hann verði ljósari.

Nánast allt það sem hér hefur verið flokkað undir íbúalýðræði gæti fallið undir þátttökulýðræði. Samráð af öllu tagi er dæmigerð þátttaka. Samráðið gengur út á að íbúar skilji hagsmuni sveitarfélagsins, hverjir möguleikarnir eru í tilteknum málum, geti sett fram sínar eigin hugmyndir og haft áhrif með þeim hætti. Það gerist iðulega að fulltrúarnir hafna skoðunum og tillögum sem fram koma í samráðsferlinum. Að hluta til er það óhjákvæmilegt því að þær hugmyndir sem koma fram stangast oft á og þegar það gerist verður að velja á milli þeirra. Það getur einnig hæglega gerst að fulltrúunum lítist illa á þær hugmyndir sem fram koma og hafni þeim þess vegna. Þetta er hluti af öllum ákvörðunarferlum og breytir engu hvort þeir eru lýðræðislegir eða ekki. En aðalatriðið er að í aðdraganda ákvörðunarinnar er hvatt til þátttöku, samráðið er í raun þátttaka. Atkvæðagreiðslur einberar með engri kröfu um umræður eða þekkingu geta vart talist þátttaka.

Við skulum hugsa okkur að allir íbúar sveitarfélags séu tölvutengdir og efnt sé til bindandi rafrænnar atkvæðagreiðslu um tiltekið mál. Þessi möguleiki er ekki eins langt undan og maður kynni að halda. Til að einfalda þetta skulum við gera ráð fyrir að íbúar fái einungis tilkynningu um að atkvæðagreiðslan fari fram og um hvað kosið verði, engin umræða fari fram eða kynning, en á tilteknum sólarhring geti íbúarnir farið í tölvurnar sínar og greitt atkvæði. Ákvörðun tekin með þessum hætti virðist uppfylla það að vera lýðræðisleg og milliliðalaus. Hún virðist vera dæmi um beint lýðræði eins og ég hef lýst því.

Við tökum ýmsar ákvarðanir með svipuðum hætti og hér hefur verið lýst nú þegar. Þekktustu dæmin eru sennilega þegar valið er lag í Evróvisjón keppnina með því að hringja og þegar Evrópubúar velja sigurlag keppninnar. Af hverju skyldum við ekki hafa sama háttinn á með ákvarðanir um sameiginleg mál? Við skulum kalla þennan hátt á að taka sameiginlegar ákvarðanir tölvulýðræði. Það er þá beint, milliliðalaust lýðræði þar sem atkvæði eru greidd í gegnum tölvur. Það má vel hugsa sér að setja upp sem tilraunaverkefni í einu bæjarfélagi að bæjarstjórnin yrði umræðufélag sem ræddi um öll þau mál sem talin væru mikilvæg fyrir bæjarfélagið og hún hefði líka ábyrgð á að móta tillögur sem samþykkja yrði eða hafna en íbúar bæjarfélagsins hins vegar greiddu atkvæði um slíkar tillögur, ekki bæjarstjórnin sjálf. Þetta er ekki hugsuð sem praktísk tillaga heldur sem leið til að

varpa ljósi á beina lýðræðið og þátttökulýðræðið. Í beinu lýðræði verður einhver stofnun að hafa það hlutverk að móta tillögur sem hægt er að taka afstöðu til. Í þessu dæmi væri það bæjarstjórn. Ef ekki er gert ráð fyrir einhverri stofnun af þessu tagi getum við hæglega lent í því að þurfa að greiða atkvæði um það hvaða tillögur ættu að fara í almenna atkvæðagreiðslu og síðan að greiða atkvæði um þær tillögur sem samþykkt hefði verið að færu í atkvæðagreiðslu. En þetta stöðvast ekki þarna. Það gæti síðan þurft að greiða atkvæði um hvaða tillögur ætti að greiða atkvæði um að færu í almenna atkvæðagreiðslu. Þetta væri óendanleg vítaruna. Það er mikilvægt vald sem slík bæjarstjórn hefði en hún hefði ekki endanlegt úrskurðarvald. Það hefðu íbúarnir. Spurningin er svo þessi: Er þetta eftirsóknarvert fyrirkomulag?

Það fyrsta sem segja mætti um svona fyrirkomulag er að það er lýðræðislegra en fulltrúafyrirkomulagið sem er núna vegna þess að íbúarnir eiga kost á að ákveða alla hluti sjálfir. Þá erum við að hugsa um lýðræðið sem feril. En væri það betra en núverandi fyrirkomulag? Svarið við þeirri spurningu er alls ekki augljóst, rökin gætu gengið í báðar áttir. Við gætum sagt að sú staðreynd að íbúarnir sjálfir gætu ákveðið öll mál sjálfir myndi leiða til þess að fleiri létu sig varða stjórnmál en ella og það er æskilegt. En það er líka hægt að benda á reynslu af atkvæðagreiðslum í sjónvarpi og efast um að íbúar greiddu atkvæði viturlega með því að ýta á músina á tölvunni sinni. En aðalatriðið virðist mér vera að sú staðreynd ein að íbúarnir sjálfir ákveði milliliðalaust sameiginleg mál er ekki sjálfkrafa eftirsóknarverð. Það eru fleiri samfélagsleg verðmæti í húfi þegar rökstyðja þarf æskilegt skipulag samfélags en þau ein að allir geti tekið þátt í sameiginlegri ákvörðun. Við þurfum til dæmis líka að hugleiða hvernig við tryggjum að sameiginlegar ákvarðanir séu skynsamlegar. Það er engin trygging fyrir því að tölvulýðræðið hafi það í för með sér. Þá erum við að hugsa um ákvörðun sem niðurstöðu. Það skiptir ekki síður máli að vit sé í ákvörðunum en að allir taki þær eða geti tekið þær.

Það er enn einn veikleiki tölvulýðræðisins sem ástæða er til að hafa orð á. Halldór Blöndal, alþingismaður, benti mér á, þegar ég last drjúgan hluta þessarar greinar fyrir sveitarstjórnarmenn á aðalfundi Eyþings, og ritstjóri þessarar bókar þegar hann las handritið, að það sé ómögulegt að tryggja leynilega kosningu í tölvulýðræði. Sá sem kýs heima hjá sér í tölvu getur verið seldur undir alls konar ytri þrýsting og það getur reynst honum útilokað að tryggja leynd á því hvernig hann greiðir atkvæði. Þetta er raunverulegur ágalli tölvulýðræðis og það er eðlilegt að velta fyrir sér hvort hægt er að bregðast við honum þótt þessi grein sé ekki um kosti og ókosti tölvulýðræðis. Það

fyrsta sem sjálfsagt er að benda á er að almannavaldið getur ekki tryggt leynd í tölvulýðræði. Einstaklingarnir sjálfir ættu hins vegar að geta gert það svo framarlega sem þeir eru sjálfs sín ráðandi. Það liggur líka beint við að taka eftir öðru, að leyndin er ekki grundvallaratriði til að lýðræði virki. Í sveitarstjórnum í Sviss taka menn enn ákvarðanir um sum mál með handauppréttingu. Kannski er leyndin ekki eins mikilvæg og við hneigjumst til að telja af því að við erum vön henni. Þriðja atriðið sem nefna má er að sveitarstjórn sem notaði sér tölvulýðræði gæti sem hægast boðið þeim sem vildu að greiða atkvæði með hefðbundnum hætti. Fyrir þá er leyndin tryggð af hendi almannavaldsins. Það er útilokað fyrirfram að segja til um hvort þessi breyting á stöðu leyndarinnar kunni að hafa áhrif á hvernig atkvæði eru líkleg að falla í kosningum. Það þyrfti að rannsaka og stöðu leyndarinnar yfirleitt.

Mér virðist að nánast allt sem hér hefur verið talið undir íbúalýðræði séu ráðstafanir sem skynsamlegt sé fyrir sveitarstjórnarmenn að nýta sér í auknum mæli frá því sem nú er. Eina atriðið sem krefst mikillar umhugsunar er bindandi atkvæðagreiðslur. Ég ætla að spá því í lokin að þær myndi átakapunkt á næstu árum. Það er mörgum spurningum ósvarað um þær, bæði um viðfang, fyrirkomulag og skilyrði um niðurstöður. Á að heimila íbúum að krefjast bindandi atkvæðagreiðslna um hvaða mál sem er eða bara um tiltekin mál? Hvað þurfa íbúarnir að vera margir sem krefjast slíkrar atkvæðagreiðslu? Mér virðist til dæmis að skilyrðið í lögunum um að það þurfi að vera 25% íbúa sem krefjist slíkrar atkvæðagreiðslu sé allt of hátt en kveðið er á um þennan fjölda í Sveitarstjórnarlögum, 104. gr. Mér virðist líka fráleitt að niðurstöður bindandi atkvæðagreiðslu þurfi að uppfylla það eina skilyrði að sveitarstjórn hafi fyrirfram samþykkt að atkvæðagreiðslan sé bindandi. Það hlýtur að verða að setja skilyrði í lögum um þátttöku, hve hátt hlutfall atkvæðisbærra þurfi að samþykkja til að tillaga teljist samþykkt eða önnur sambærileg atriði. Á minnihluti í bæjarstjórn að geta vísað málum í almenna atkvæðagreiðslu? Hvað má þessi minnihluti vera lítill? Og á reglan að gilda um öll mál eða einungis um þau sem teljast meiriháttar hvernig sem það er svo afmarkað. Um þetta ættu sveitarstjórnarmenn að fjalla og alþingismenn líka. Allar hugmyndir af þessu tagi þarf að vega og meta út frá margvíslegum mælikvörðum, meðal annars þeim hvort ferillinn er lýðræðislegur og niðurstöðurnar líklega skynsamlegar.

Heimildir

Held, D. (2006). *Models of Democracy*. Cambridge: Polity.

Kommunal- og regionaldepartementet. (2006). *Det lokale folkestyret i endring?* Oslo: Departementenes servicesenter Informasjonsforvaltning.

Sveitarstjórnarlög nr. 45 1998.

Swift, A. (2006). *Political Philosophy. A Beginner´s Guide for Students and Politicians*. Cambridge: Polity.

Ráðherraáhætta

Gunnar Helgi Kristinsson

Kjarni þingræðisreglunnar felst í að meirihluti löggjafarþingsins hafi rétt til að víkja forystu framkvæmdarvaldsins frá völdum. Ríkisstjórn þarf, á hverjum tíma, að geta sýnt fram á stuðning þingsins við sig og varist vantrausti. Í sumum ríkjum þarf ríkisstjórn að sýna fram á stuðning þings í upphafi valdaferils síns með staðfestingaratkvæðagreiðslu en á Íslandi er þingræðisreglan neikvæð í þeim skilningi að litið er svo á að stjórn hafi stuðning þings meðan ekki er samþykkt á hana vantraust í þinginu. Ef ríkisstjórn fellur vegna þess að stuðningi meirihluta þingsins er ekki til að dreifa þurfa allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar að víkja. Hin pólitíska ábyrgð ráðherranna er, að þessu leyti, sameiginleg. Ef ráðherra er ekki tilbúinn til að axla hina sameiginlegu ábyrgð á gjörðum ríkisstjórnar er, að öðru jöfnu, gerð krafa um að hann segi af sér. Jafnframt þarf hann að segja af sér ef ríkisstjórnin eða forsætisráðherra hennar óskar þess. Í mörgum þingræðisríkjum er auk þess til sú regla að þing geti lýst vantrausti á einstaka ráðherra og þeir þurfi þá að víkja. Þessi þáttur ráðherraábyrgðarinnar er hins vegar ekki nauðsynlegur hluti þingræðisfyrirkomulagsins og hann er í reynd sjaldan notaður.

Hin pólitíska ráðherraábyrgð er samkvæmt framansögðu tvíþætt. Hún er annars vegar sameiginleg öllum ráðherrum ríkisstjórnar en hins vegar einstaklingsbundin og tengd stöðu hvers ráðherra um sig. Ríkisstjórn, eins og Strøm (2000) bendir á, þiggur umboð sitt frá þinginu en einstakir ráðherrar í einföldustu útgáfu þingræðisfyrirkomulagsins þiggja umboð sitt frá ríkisstjórn. Auk hinnar pólitísku ábyrgðar bera ráðherrar lagalega ábyrgð á störfum sínum, en slík ábyrgð er mun eldri en þingræðisfyrirkomulagið, sem lýtur eingöngu að hinum pólitíska þætti. Fræðilega gegna báðir þættir hinnar pólitísku ábyrgðar ráðherra, hin sameiginlega og sú einstaklingsbundna, veigamiklu hlutverki í að stuðla að því að það pólitíska umboð sem störf framkvæmdarvaldsins eiga að hvíla á í þingræðisríkjum sé skýrt.

Líta má á ráðherraábyrgð sem áhættuþátt fyrir ráðherra. Hann getur, hvort sem honum er það ljúft eða leitt, verið látinn hætta störfum hvenær sem er. Segja má að því virkari sem ráðherraábyrgðin sé, því meiri sé áhætta

ráðherranna. Ef áhætta ráðherra er lítil getur það verið merki um að ráðherraábyrgðin sé ekki sérlega virk í reynd og ráðherrar hafi lítið að óttast frá umbjóðendum sínum.

Ráðherraáhætta

Í þessari rannsókn er fjallað um ráðherraáhættu á Íslandi frá lýðveldisstofnun árið 1944. Þótt mögulegt hefði verið að fara lengra aftur hefur það mikla kosti að einskorða rannsóknina við tímabil þar sem flokkakerfið og leikreglurnar í ríkisstjórnarsamstarfi eru í meginatriðum lík. Ráðherraáhættu má skilgreina sem líkurnar á því á hverjum tíma að ráðherra láti af störfum. Það tímabil sem sem áhættan er metin í rannsókninni er eitt ár í senn. Ráðherraár, eins og hugtakið er notað hér, er heilt ár hjá þeim ráðherrum sem sitja áfram en skemmri tími hjá þeim sem hverfa úr embætti.[1]

Á þeim tíma sem hér er til umfjöllunar hafa 95 einstaklingar gegnt ráðherraembættum. Þeir fjórir einstaklingar sem tóku við ráðherraembættum árið 2006 koma hins vegar ekki við sögu rannsóknarinnar vegna þess að áhættutími þeirra í núverandi ráðherraembættum nær ekki nema rösklega mánuði þegar þetta er ritað. Samtals hafa ráðherrarnir 91 sem þá eru eftir 520 tuttugu ráðherraár að baki, en vegna þess að ekki sátu allir í heilt ár er heildartíminn sem þeir sátu raunverulega í embætti skemmri. Samanlögð ráðherraár einstakra ráðherra á Íslandi eru að meðaltali rúmlega fimm ár, en á bak við þá tölu leynist mjög mismunandi tími í embætti, allt frá nokkrum mánuðum upp í á þriðja tug ára. Íslenskir ráðherrar eru meðal þeirra ráðherra í Evrópu sem hvað lengst sitja í embætti.[2] Litlar líkur eru almennt á því á Íslandi að ráðherrar séu látnir axla ábyrgð á einstökum hneykslismálum sem upp kunna að koma (sbr. Gunnar Helgi Kristinsson, 2005).

Ráðherrum á hverju ári má skipta í þá sem hætta og hina sem halda áfram. Í nokkrum tilvikum hurfu ráðherrar úr embætti vegna andláts, veikinda eða þess að tímabundinni afleysingu lýkur, og eru þeir ekki taldir með í gögnunum árið sem það gerist. Eftir standa þá 515 ráðherraár. Líta má á hlutfall þeirra sem hættu sem líkurnar á því að ráðherra hætti á hverju ári.

---

1 Grunnhugmyndin að þessari leið við greiningu á ráðherraáhættu er fengin hjá Allison (1984).

2 Einungis í Luxemborg, Sviþjóð og Írlandi sátu ráðherrar að meðaltali lengur en á Íslandi á tímabilinu 1945-84, skv. Frognier (1991), bls. 120.

Tafla 1. Líkur á að ráðherrar hætti ráðherradómi hvert ár 1944-2006

	Fjöldi	Líkur
Halda áfram	402	0.78
Hætta	113	0.22
Samtals	515	1.00

Gögn um ráðherra byggja á vefsíðum Alþingis (www.althingi.is) og Forsætisráðuneytis (www.forsaetisraduneyti.is) auk Alþingismannatals (1996).

Meðalráðherra getur gert ráð fyrir því að á hverju ári séu 22% líkur á að hann hverfi úr embætti af einhverjum ástæðum en mun meiri líkur eru þó á því að honum takist að halda sér í embætti eða 78%. Endalok ráðherradóms geta verið með ólíkum hætti sem mikilvægt er að halda til haga ef skýr mynd af áhættu ráðherra í embætti á að fást. Þar er nauðsynlegt að skilja á milli bæði sameiginlegs og einstaklingsbundins brotthvarfs ráðherra úr embætti og hvað hið síðarnefnda varðar á milli brotthvarfs vegna óska ráðherrans sjálfs og brotthvarfs vegna uppgjafar hans eða þess að honum er ýtt til hliðar.

Sameiginleg endalok

Sameiginleg eru hér talin þau lok ráðherradóms sem markast af því að flokkur hverfur úr ríkisstjórn. Það gerist þegar viðkomandi flokkur hefur ekki lengur stuðning í þinginu til að tryggja sér setu í ríkisstjórn. Mikill munur er á tveggja flokka kerfum þar sem eins flokks stjórnir sitja að völdum og samsteypustjórnarkerfum hvað þetta varðar. Í tveggja flokka kerfum má segja að kjósendur velji bæði þingmenn og ríkisstjórn í kosningum á sama tíma. Oft nægir flokkum í reynd um 40% atkvæða til að ná meirihluta í slíkum kosningum en vegna þess að mjótt getur verið á munum milli meginflokkanna tveggja eru þeir viðkvæmir fyrir jafnvel litlum fylgisbreytingum. Það á í slíkum kerfum að stuðla að því að þeir leitist við að þóknast kjósendum og vinni í þeirra þágu.

Þar sem samsteypustjórnir sitja að völdum er samhengið á milli þingkosninga og ríkisstjórnarmyndana flóknara. Kjósendur velja á milli stjórnmálaflokka í kosningum, en vegna þess að enginn flokkanna nær hreinum meirihluta á þingi verða þeir að semja sín á milli um ríkisstjórnarmyndun. Til greina kemur að einn eða fleiri flokkar myndi minnihlutastjórnir, eins og algengast er í Skandinavíu, en á Íslandi er jafnan samið um myndun meirihlutastjórna tveggja eða fleiri flokka. Samhengið á milli kosningaúrslita

og ríkisstjórnarmyndunar getur verið óljóst þar sem samsteypustjórnir sitja að völdum, eins og áður sagði, sérstaklega ef flokkar ganga allir óbundnir til kosninga.

Umbjóðandi samsteypustjórna er fyrst og fremst þingmeirihlutinn. Umboðið frá kjósendum er óbeint og skilar sér til ríkisstjórnar í gegnum meirihlutaflokka þingsins, en samsetning þingsins ræður því að sjálfsögðu hvaða flokkar geta myndað stjórn.

Einstakir ráðherrar þiggja umboð sitt frá þingmeirihlutanum, þ.e. þeim stjórnmálaflokkum sem ákveðið hafa að mynda ríkisstjórn saman. Seta þeirra á ráðherrastóli er afleiðing af ríkisstjórnaraðild viðkomandi flokks og háð henni. Á Íslandi velja stjórnarflokkarnir (fyrst og fremst þingflokkarnir) ráðherra sína og víkja þeim ef svo ber undir. Ef flokkurinn hverfur úr ríkisstjórn – vegna óhagstæðra kosningaúrslita eða ósamkomulags í ríkisstjórn – leiðir af því að allir ráðherrar flokksins þurfa að láta af hendi ráðherraembætti sín. Líkur á því að ráðherrar á Íslandi missi ráðherraembætti sín með þeim hætti má sjá í töflu tvö.

Tafla 2. Líkur á sameiginlegum endalokum ráðherradóms á Íslandi 1944-2006

	Fjöldi	Líkur
Halda áfram	402	0.78
Hætta sameiginlega	65	0.13
Einstaklingbundin endalok	48	0.09
Samtals	515	1.0

Líkurnar á því að ráðherra hverfi úr embætti vegna hinnar sameiginlegu ábyrgðar eru mun meiri en líkurnar á því að einstaklingsbundnir þættir séu að verki. Þannig eru 13% líkur á að ráðherra hætti vegna þess að flokkur hverfur úr ríkisstjórn en 9% líkur á að hann hætti vegna einhverra einstaklingsbundinna þátta.

Einstaklingsbundin endalok

Þrátt fyrir að endalok ríkisstjórnarsamstarfs séu algengasta ástæðan fyrir því að ráðherrar hverfi úr embætti er samt einnig nokkuð algengt að þeir endi ráðherraferil sinn áður en flokkurinn sem þeir tilheyra hverfur úr ríkisstjórn. Flókið getur verið að túlka slík tilvik því mismunandi ástæður liggja að baki

því þegar einstakir stjórnmálamenn hverfa úr ráðherraembætti. Helstu tilvik eru eftirfarandi:

1. Ráðherra segir af sér í mótmælaskyni. Slíkt er sjaldgæft á Íslandi og aðeins eitt dæmi er um slíkt á því tímabili sem hér er til skoðunar, þ.e. þegar Jóhanna Sigurðardóttir sagði af sér ráðherraembætti 1994. Fyrr á öldinni höfðu Sigurður Eggerz og Jóhann Sæmundsson sagt af sér ráðherradómi í mótmælaskyni.
2. Starfslok í stjórnmálum. Af þeim eru tvær meginútgáfur:
    a. Lok kjörtímabils. Einstaklingur ákveður að hætta í stjórnmálum við lok kjörtímabils, stundum til að taka við öðrum störfum, en viðkomandi stjórnmálaflokkur heldur áfram í stjórnarsamstarfi.
    b. Rofinn starfsferill. Einstaklingur ákveður að hætta í ráðherraembætti á miðju kjörtímabili og hverfa til annarra starfa en flokkur viðkomandi heldur áfram í stjórn. Oft má túlka slík starfslok sem merki um að ráðherra hafi ekki náð þeim persónulegu eða pólitísku markmiðum sem hann ætlaði sér. Aðrir starfsmöguleikar verða þá meira aðlaðandi en áframhaldandi seta á ráðherrastóli
3. Embættismissir. Hann getur einnig orðið á tvo vegu.
    a. Einstaklingur missir ráðherraembætti þótt flokkur hans haldi áfram í ríkisstjórn og viðkomandi haldi áfram þingmennsku eða hafi a.m.k. leitað eftir stuðningi til áframhaldandi þingmennsku. Slíkt getur gerst á miðju kjörtímabili vegna hrókeringa með ráðherraembætti eða við ákvörðun um ríkisstjórnarsamstarf, t.d. í upphafi nýs kjörtímabils.
    b. Afsögn vegna gagnrýni. Slíkar afsagnir eru afar fátíðar á Íslandi og einungis tvö dæmi eru um að einstaklingar hafi verið þvingaðir til afsagnar á því tímabili sem hér er til skoðunar. Engin dæmi eru reyndar um það eftir að innlendar ríkisstjórnir tóku við af einum ráðherra Íslands að samþykkt hafi verið vantraust gegn einstökum ráðherrum í þinginu.

Almennt virðist mikilvægt að greina á milli þeirra afsagna sem eru að eigin ósk (1 og 2a) og þeirra sem koma í kjölfar pólitískrar uppgjafar eða ósigurs ráðherra í pólitískri samkeppni (2b og 3).

Tafla 3. Líkur á einstaklingsbundnum afsögnum ráðherra

	Fjöldi	Líkur
Halda áfram	402	0.78
Hætta sameiginlega	65	0.13
1. Afsögn í mótmælaskyni	1	0.002
2. Starfslok		
a.Lok kjörtímabils	3	0.006
b.Rofinn starfsferill	12	0.023
3. Embættismissir		
a.Ráðherrastóll tapast	30	0.058
b.Afsögn vegna gagnrýni	2	0.004
Samtals	515	1.0

Langflestir þeirra sem hverfa einstaklingsbundið úr ráðherraembættum missa þau vegna þess að flokkur þeirra ákveður að ýta þeim út eða gengur framhjá þeim við endurnýjun stjórnarsamstarfs (þ.e. 3.a). Hættan á að þetta gerist er að meðaltali tæp 6 prósent á ári. Nokkuð er einnig um að ráðherrar hverfi úr embætti til að fara til annarra starfa (það sem hér er nefnt rofinn starfsferill) en líkurnar á að það gerist eru að meðaltali rösk tvö prósent á ári. Aðrar ástæður þess að ráðherra hverfi úr embætti eru sjaldgæfari. Yfirgnæfandi hluti tilvika þar sem ráðherrar hverfa úr embætti án þess að flokkur hverfi úr ríkisstjórn verður þannig við aðstæður sem túlka má sem ósigur eða uppgjöf viðkomandi ráðherra (2.b og 3). Samanlögð áhætta ráðherra hvað þetta varðar er á ári hverju að meðaltali 8.5 prósent, en samanlagðar líkur á afsögn í mótmælaskyni og starfslokum við lok kjörtímabils (1, 2a) eru innan við eitt prósent.

Áhætta og ábyrgð

Hin pólitíska áhætta ráðherra í embætti er fyrst og fremst tvenns konar samkvæmt því sem að framan segir. Annars vegar að hann þurfi að hverfa úr embætti vegna þess að flokkurinn sem hann tilheyrir hverfi úr stjórn og hins vegar að hann hverfi úr embætti vegna þess að honum hefur mistekist að ná markmiðum sínum eða tryggja sér nægan stuðning í eigin flokki.

Tengsl áhættu ráðherra og pólitískrar ábyrgðar er mikilvægt viðfangsefni frá sjónarhóli lýðræðiskenninga. Hér að framan var því haldið fram að ráðherraábyrgð væri áhættuþáttur fyrir ráðherra. Hin sameiginlega ráðherra-ábyrgð er samkvæmt því áhættuþáttur við sameiginleg endalok en

einstaklingsbundin pólitísk ábyrgð ráðherra er áhættuþáttur við einstaklingsbundin endalok vegna ósigurs eða uppgjafar. Í báðum tilfellum gegnir flokkur ráðherrans lykilhlutverki. Við sameiginleg endalok lýkur ráðherradómi þegar flokkur hverfur úr ríkisstjórn, en einstaklingsbundin endalok má oft túlka sem skort á pólitískum stuðningi í eigin flokki (eða að gengi flokksins er slæmt).

Spyrja má, hvort það sé eðlilegt að telja endalok ráðherradóms vegna skorts á stuðningi í eigin flokki hluta hinnar pólitísku ráðherraábyrgðar. Lögformlegur skilningur á ráðherraábyrgð gæti gengið út á að ráðherra þurfi að hafa brugðist á einn eða annan hátt til að rétt sé að láta hann sæta ábyrgð en hvort hann njóti pólitísks stuðnings sé annars konar spurning. Þannig hélt Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, því fram í umræðum um vantraust á Alþingi 1994 að tillaga um vantraust þyrfti að uppfylla ákveðnar formkröfur. Hann taldi að tillögur um vantraust á einstaka ráðherra væri sýnu alvarlegra mál en tillaga um vantraust á ríkisstjórn í heild:

„Samkvæmt ótvíræðri þingvenju, bæði hér á landi og annars staðar þar sem menn byggja á samst konar stjórnskipun og hér er gert, er slíkt vantraust ekki flutt nema flm. telji að viðkomandi ráðherra hafi gerst sekur um stórkostlega og óverjandi framgöngu, annaðhvort viljandi eða af gáleysi í embættisfærslu sinni. Svo miklir annmarkar séu á tiltekinni embættisfærslu hans að hann teljist af þeim sökum óhæfur til að gegna ráðherrastarfi. ... Í vantrauststillögu á einstakan ráðherra felst þungur persónulegur áfellisdómur um viðkomandi ráðherra og er því um að ræða slíkt alvörumál að fátítt er að stjórnarandstaða standi fyrir slíku.“ (Davíð Odsson, 1994)

Þessi skoðun virðist gera ráð fyrir að á lagalegri og pólitískri ábyrgð ráðherra sé nánast enginn munur. Krafan um annmarka á „tiltekinni embættisfærslu“ á fyrst og fremst við þegar grunur leikur á að um lögbrot hafi verið að ræða. Eigi að láta ráðherra sæta lagalegri ábyrgð (sem er annað en hin pólitíska ábyrgð þingræðisreglunnar) þarf að gera ríkar formkröfur til allrar málsmeðferðarinnar, eins og raunar almennt gildir þegar fjallað er um ákærur á hendur einstaklingum. Í slíkum tilvikum getur áherslan verið á tiltekna embættisfærslu. Þetta á hins vegar ekki nauðsynlega við þegar fjalla á um hina pólitísku ábyrgð. Hin pólitíska ábyrgð er huglæg og hvílir eingöngu á því hvort trúnaður ríkir í samskiptum umbjóðanda og fulltrúa hans. Á umbjóðandanum hvílir engin formleg skylda að færa fram sakarefni eða sanna mál sitt ef hann vill losna við fulltrúann. Það nægir að hann hafi misst á honum trúna. Strangt tiltekið þarf hann ekki að færa fram nein málefnaleg rök fyrir afstöðu sinni. Ekki verður því betur séð en að í framangreindri

tilvitnun sé litið framhjá þeim mikilvæga mun sem er á pólitískri og lagalegri ábyrgð.

Því mætti halda fram að munurinn á pólitískri og lagalegri ábyrgð sé ekki svona skýr. Þannig heldur Jens Peter Christiansen (1997) því fram að í Danmörku gæti þess sem hann kallar „det politiske ansvars retliggørelse" sem útleggja mætti sem réttarvæðingu hinnar pólitísku ábyrgðar (bls. 29 og víðar). Þar á hann við að lagaleg rök ráði úrslitum þegar embættisfærsla ráðherra verður fyrir gagnrýni. Niðurstöður sína byggir hann á rannsókn á þeim tilvikum í Danmörku þar sem formleg rannsókn hefur farið fram undir forsæti löglærðra manna á meintum lögbrotum ráðherra. Í reynd, segir hann, ræðst niðurstaða slíkra mála, einnig hvað hinn pólitíska þátt ábyrgðarinnar varðar, fyrst og fremst af því hvort tekst að sanna lögbrot á ráðherra.

Vafamál er að rannsóknargögn Christiansens nægi sem grundvöllur undir þær ályktanir sem hann dregur (sbr. Heinrichsen, 1997). Líklegt er að rannsóknir á einstökum yfirsjónum ráðherra snúi í ríkum mæli að lagalegum þáttum. Ráðherrar eru hins vegar iðulega látnir hætta án þess þeir séu grunaðir um lögbrot. Það getur gerst vegna þess að flokkur þurfi að hverfa úr ríkisstjórn eða vegna þess að flokkur ráðherrans eða forsætisráðherra rekur ráðherra sem hann telur ekki æskilegt að gegni starfi sínu lengur, eins og fjölmörg dæmi eru um (sjá Hegelund og Mose, 2006). Þetta eru hrein dæmi um pólitíska ábyrgð, án þess að lagaleg sjónarmið komi við sögu. Til að draga ályktun um samruna hinnar lagalegu og pólitísku ábyrgðar ráðherra hefði rannsóknin þurft að ná bæði til atvika þar sem grunur lék á um lögbort og tilvika þar sem ráðherrar sættu pólitískri ábyrgð án þess að grunur um slíkt væri uppi.

Hin lagalega ábyrgð ráðherra lýtur einkum að skyldu hans til að fylgja settum reglum. Hvort hann fer að réttum leikreglum í störfum sínum hefur vafalaust áhrif á það traust sem hann nýtur en margir fleiri þættir geta haft áhrif á traust ráðherra. Á meðan hin lagalega ábyrgð er vélræn er hin pólitíska ábyrgð lífræn í þeim skilningi að áherslan er á almenna frammistöðu frekar en það hvort réttum forskriftum er fylgt (sjá nánar um þetta efni Behn, 2001).

Eftir stendur þá sú spurning hvort tengsl séu á milli frammistöðu ráðherra og einstaklingsbundinnar áhættu þeirra. Ef það samhengi er á milli áhættu og ábyrgðar sem hér er gengið út frá ætti jafnframt að vera hægt að ganga út frá því að góð frammistaða í embætti dragi úr áhættu ráðherrans en slök frammistaða auki hana.

Frammistaða ráðherra

Enginn einhlítur mælikvarði er til á frammistöðu ráðherra. Ráðherra sem stendur sig vel samkvæmt einum mælikvarða (t.d. við niðurskurð útgjalda) getur staðið sig illa samkvæmt öðrum (t.d. við að stuðla að framboði á góðri þjónustu). Sem betur fer er ekki nauðsynlegt að finna algildan mælikvarða á frammistöðu ráðherra. Umboðskeðjan sem liggur frá kjósendum yfir til ráðherra gerir ekki ráð fyrir að ráðherrar njóti endilega sannmælis fyrir störf sín. Hún gerir hins vegar kröfu til að umbjóðendur þeirra séu í meginatriðum ánægðir með störf þeirra. Góð frammistaða ráðherra í þessum þrengri skilningi er hæfni hans til að gera umbjóðendurna ánægða með störf sín, en slök frammistaða einkennist af óánægju umbjóðendanna.

Engin gögn eru til um ánægju flokka með ráðherra sína. Það er hins vegar áhugaverð spurning hvað hefur áhrif á einstaklingsbundna áhættu ráðherra gagnvart flokki sínum. Hugsanlegt er að stjórnmálaflokkar meti frammistöðu ráðherra fyrst og fremst eftir því hversu vel þeim tekst að kalla fram jákvæð viðbrögð almennings við gjörðum sínum. Samkvæmt því ætti ráðherra að geta dregið úr áhættu sinni með því að þjóna almenningi vel og skapa ánægju með störf sín.

Þetta er þó ekki eini þátturinn sem getur haft áhrif. Einnig má hugsa sér að stjórnmálaflokkar meti frammistöðu ráðherra eftir því hversu vel þeir rekast í flokki. Óvinsæll og illa þokkaður ráðherra gæti, samkvæmt því, bætt fyrir óvinsældir sínar í augum flokksins með foringjahollustu eða þjónustulund gagnvart valdahópum í flokkunm.

Gallup hefur safnað gögnum um ánægju almennings með störf ráðherra á Íslandi frá árinu 1993 (Þjóðarpúls Gallup). Þessi gögn eru hér notuð sem vísbending um frammistöðu ráðherra, nánar tiltekið hversu stórt hlutfall svarenda er ánægt með störf viðkomandi ráðherra. Að meðaltali eru um 43% svarenda ánægð með störf ráðherra á því tímabili sem skoðað er. Áhrif ánægju á líkurnar á einstaklingsbundnum afsögnum má sjá í töflu 4. Skoðuð er meðalánægja á kjörtímabili með hvern ráðherra sem sagði af sér á kjörtímabili eða þurfti að hætta ráðherradómi við lok þess þótt flokkur héldi áfram í ríkisstjórn 1993-2006. Til samanburðar er skoðuð ánægja með störf annarra ráðherra (þ.e. þeirra ráðherra sem hættu sameiginlega (ráðherrar Alþýðuflokks, 2005) og þeirra sem héldu áfram ráðherradómi í lok kjörtímabils).

Tafla 4. Einstaklingsbundnar afsagnir og ánægja með störf ráðherra

	Hlutfall svarenda sem ánægðir að meðaltali	N	Staðal-frávik
Hætta einstaklingsbundið 1993-2006	41%	18	13
Aðrir (1995-2003)	45%	25	11
Allir	43%	43	12

Ráðherra sem hætti einstaklingsbundið er talinn með öðrum nema það kjörtímabil sem hann hættir.

Fremur lítill munur er á ánægju almennings með þá ráðherra sem láta af störfum einstaklingsbundið og hina sem annað hvort halda áfram eða hætta sameiginlega. Sá munur sem mælist er þó heldur í þá átt að minni líkur eru á að þeir sem ánægja er með hætti einstaklingsbundið.

Fyllri greining gefur til kynna að líkurnar á að ánægja með störf sé ekki jafn tengd öllum einstaklingsbundnum afsögnum ráðherra. Í töflu 5 er greint á milli ólíkra kringumstæðna við einstaklingsbundnar afsagnir.

Tafla 5. Mismunandi kringumstæður við afsagnir ráðherra og ánægja með störf þeirra

	Hlutfall svarenda sem ánægðir að meðaltali	N	Staðal-frávik
Halda áfram	46%	21	12
Starfslok	43%	8	7
Embættismissir	35%	9	10

Í töflunni er sleppt sameiginlegri afsögn Alþýðuflokksráðherranna 1995 og einni afsögn í mótmælaskyni, sem fellur ekki að þeirri flokkun sem sýnd er. Ánægja með störf ráðherrans sem sagði af sér í mótmælaskyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, var sú hæsta sem mælst hefur eða um 80%.

Ánægja með störf þeirra ráðherra sem hætta af sjálfsdáðum er nokkurn veginn sú sama og meðalánægja með störf ráðherra yfirleitt. Ef lítil ánægja er með störf ráðherra virðist það hins vegar auka áhættu þeirra því embættismissir er tengdur minni ánægju með störf ráðherra. Vert er þó að hafa í huga að ekki er um mörg tilvik að ræða þannig að alhæfingargildi gagnanna er takmarkað. Sé ánægja skoðuð sem óháð breyta og það hvort ráðherrar halda áfram eða lenda í embættismissi sem tvígild breyta (dummy

kóðuð) gefur aðhvarfsgreining fylgni upp á R = .42 og R^2=.18, sem er tölfræðilega marktækt samband.

Niðurstöður

Meginniðurstaðan er sú að ráðherrar á Íslandi njóti mikils atvinnuöryggis. Líklegt virðist að það stafi einkum af því að ráðherrar eru sjaldan látnir gjalda einstakra mistaka sinna.

Stærsti áhættuþátturinn fyrir ráðherra er sameiginleg endalok ráðherradóms við stjórnarslit. Hin sameiginlega ábyrgð ráðherra er samkvæmt því sterkasti þáttur hinnar pólitísku ábyrgðar á Íslandi. Nokkru minni líkur eru á að ráðherrar hætti eða séu látnir hætta hver fyrir sig. Af þeim sem hætta einstaklingsbundið eru fremur litlar líkur á því að ráðherra segi af sér í mótmælaskyni eða hætti í stjórnmálum við lok kjörtímabils. Meiri líkur eru á að þeir hætti á miðju kjörtímabili eða séu knúnir til afsagnar. Ánægja almennings með frammistöðu ráðherra hefur viss áhrif á líkurnar á embættismissi ráðherra. Þótt hin pólitíska ábyrgð komi þannig sjaldan fram í tengslum við einstakar embættisathafnir ráðherra hefur mat almennings á frammistöðu þeirra viss áhrif á ráðherraáættuna.

Heimildir

Allison, P. (1984). *Event history analysis*. London: Sage.

Alþingismannatal 1945-1995 (1996). Reykjavík: Alþingi.

Behn, R. (2001). *Rethinking Democratic Accountability*. Washington: Brookings Institution Press.

Christiansen, J. P. (1997). *Ministeransvar*. København:Jurist- og Økonomforbundets Forlag.

Davíð Oddsson (1994). Ræða flutt við umræður um tillögu um vantraust á Alþingi, sjá vef Alþingis (www.althingi.is/altext/118/10/r24204944.sgml)

Alþingi – vefsvæði (www.althingi.is)

Frognier A. (1991). "Elite Circulation in Cabinet Government". Í J. Blondel & J-L. Thiebault (Ritstj.), *The Profession of Government Minister in Western Europe* (bls. 119-135). Houndsmills: Macmillan.

Gunnar Helgi Kristinsson (2005). "Paths to Ministerial Power and Democratic Accountability in Iceland, 1904-2005", workshop on the selection and deselection of ministers, ECPR joint seesion of workshops, Granada, Spain, April 14-19, 2005.

Hegelund, S. & P. Mose (2006). *Håndbog for statsministre*. København: Gyldendal.

Heinrichsen, C. (1997). "Anmeldelse, Jens Peter Christensen, Minister-ansvar". *Politica*, *28*(3), 311-315.

Strøm, K. 2000. "Delegation and accountability in parliamentary democracies". *European Journal of Political Research*, *37*(3), 261-289.

Þjóðarpúls Gallup, 1993-1996.

The importance of image in the Environmental Policy of the European Union

Gunnhildur Lily Magnúsdóttir

In this article the importance of *image* in the Environmental Policy of the European Union is discussed. The article explores the case of the Nordic EU members, Sweden, Denmark and Finland in the Environmental Policy of EU and claims that the image of the Nordic EU members has made them more powerful inside the Environmental Policy than their mere size would indicate. This exploration has its empirical base in interviews with Nordic officials and officials from other member states, involved in the Environmental Policy, as well as with officials of the DG Environment[1] in Brussels, taken in the winter 2005-2006, as a part of my on-going PhD-study. The goal of this discussion is to demonstrate that a favorable image can be an important power resource in the Environmental Policy of the EU, especially for relatively small states such as Sweden, Denmark and Finland, which lack traditional power resources such as financial capacity, large administration and votes. The main claim of the article can be summarized, as follows:

The Nordic EU members, Sweden, Denmark and Finland, have a favorable image as pioneers, experts and/or example setters inside the Environmental Policy, which gives them more influence inside the Environmental Policy than their mere size would indicate.

Certain cases that are related to the answers of the interviewees are also presented and discussed in order to add a certain depth to the exploration and to explain the main claim. It should however be emphasized that it is difficult to demonstrate a concrete causal links between certain directives/-results of negotiations inside the Environmental policy and the activities of Sweden, Denmark or Finland, especially since the selection of these cases is

---

1 The Commission's Directorate-General for the Environment.

to some extent based on the opinions of the interviewees, which are by nature subjective.

Sweden: The talkative expert

It does not come as a big surprise that Sweden has a very strong and favorable image in environmental matters. Sweden has been very active in environmental matters on the international arena since the early 1970s and has set strict national standards in environmental matters for many decades in order to set a good example for others to follow (Kronsell, 2002).

It is the view of the majority of the interviewees, (both Swedish and non-Swedish), that Sweden is a pioneer and an expert in environmental matters and much more influential in the Environmental Policy of EU than its size indicates. One might have expected the so-called "laggards" inside the Environmental Policy, thus the less environmental progressive states, especially in Southern Europe to have a more negative image of Sweden, than leading green states such as Germany, the Netherlands, Austria, Denmark and Finland, but that does not hold waters. According to the Southern European interviewees, Sweden is regarded as a forerunner and expert, desirable to follow in many environmental issues, such as in air quality issues and sustainable development. However, one should not overlook the fact that even though the Southern member states do hold a favorable image of Sweden and listen to Swedish views, they are often on the opposite side in the environmental policy making in the EU, mainly due to economic reasons (interviews with Greek and Portuguese officials, see also Lenschow in Wallace et al., 2005).

Other more environmentally progressive states give similar answers when asked about Sweden's image. However, praising is often combined with criticism and Sweden is by some, especially progressive middle European member states such as Germany and the Netherlands, criticized for a lack of understanding about the pollution problems that middle European states deal with. Sweden is criticized for wanting to set too strict pollution limitation standards for highly populated states that don't have the "geographical luxury" that Sweden has; thus small population in the fifth

largest state in Europe[2] (interviews with officials at the German, Dutch, Austrian and French Permanent Representations in Brussels in 2005-2006).

Officials of the Commission, mainly DG Environment, are more cautious when discussing Sweden's image and are not willing to say much about Sweden's influence on the Environmental Policy other than that Sweden has expertise knowledge and skilled national experts working for the Commission and a valuable experience in certain environmental issues, especially in chemical policy and acidification policy, which the Commission has looked into when preparing certain proposals for legislation. Several officials at the Commission also say that Sweden is without a doubt the "leader" of the Nordic EU member states in the sense that Sweden makes it voice heard more often than Denmark and Finland and also that Sweden is more prone to make proposals about legislation than the other two Nordic states in question (interviews with officials at the DG Environment in Brussels 2005-2006). The Commission's view about Sweden and its status among Finland and Denmark is verified by Danish and Finnish officials who also feel that Sweden is most often the leader of the three and the most talkative one (officials of the Danish and Finnish Permanent Representations in Brussels 2005-2006).

An Example of Swedish Success: The Acidification Policy

One of Sweden's priorities after accessing the EU was to try to raise the awareness and understanding of acidification by the other member states, (especially UK that was a big polluter but did not have a sympathetic view towards Sweden's acidification problems). When first approached, the Commission argued that there was no room for new things in the Environmental Policy. Sweden did however manage to "open the eyes "of the Commission to the fact that a acidification was a problem which needed to be dealt with on EU level and a European acidification strategy was necessary in order to do so. Swedish officials feel that technical knowledge on how to deal with acidification and Sweden's strict national legislation about acidification did convince the Commission, which eventually did put forward an acidification strategy in 1997 (officials at the Swedish Ministry of Sustainable development, 2005). The Swedish government had already in 1995 "loaned" the Commission a Swedish national expert to work on the

---

[2] Sweden is 450,000 km2 and has a population of 9 millions, which gives a population density of 21 person per km2. In comparison, The Netherlands are 41,526 km2 and have a population of 16 millions, which gives a population density of 482 persons per km2 (www.eurostat.eu.int).

acidification strategy at EU level. The national expert in question was also the head of Secretariat for Acidification in Gothenburg, "an organization with extensive involvement, high standing, and ample international experience with the problem of acid rain" (Kronsell, 2002, www.-regeringen.se). As said before did Sweden already have an established and strict legislation on how to fight acidification, which the Commission looked into when preparing its acidification strategy (officials at the Swedish Permanent Representation in Brussels, official at the Ministry of Sustainable Development in Stockholm, 2005-2006). It can therefore be said that Sweden managed to act both as expert and example-setter when pushing for a European acidification strategy.

The acidification strategy led to several important air quality directives such as; The National Emission Ceiling Directive in 1999 and the Large Combustion Plant Directive[3] in 2000 (interviews with officials at the Swedish Permanent Representation in Brussels 2005-2006). Both of these directives were of great importance to Sweden since their target is to fight pollutants that are believed to be associated with acidification (European Report 2000).

Denmark: The Tough Negotiator

When asked about Denmark's image inside the Environmental Policy the answers are not as homogenous as was the case with Sweden's image. The majority of the "non-Danish" interviewees consider Denmark as one of the greenest member states and they feel that Denmark has a favourable image inside the Environmental Policy, which is coherent with the answers of the Danish interviewees. The majority of all interviewees also feels that Denmark has more influence inside the Environmental Policy than its size indicates. Many interviewees feel that Denmark used to be more ambitious and radical before the government change[4] in 2001 and that it has a lower profile in recent years than in the 1990s. Others, however say that Denmark still is a tough negotiator, which does not fear saying its meaning. Denmark is by many, seen as the most "difficult" of the three Nordic states in question.

---

3 Finnish Officials feel that the adoption of the Large Combustion Plant Directive was a Finnish success/initiative since the final outcome of the negotiation were based on the Finnish proposal, which Finland made when running the Council Presidency in 1999.

4 The current liberal led government is by many interviewees believed to be *not as environmentally ambitous* as the Social democratic led governments of the 1990s.

There are mainly two interrelated factors that make Denmark the most "difficult" in the eyes of the non-Danish interviewees. First, Denmark is not as consensus-oriented as Finland and more willing to vote against a proposal or abstain. Secondly, Denmark aims mainly at defending/maintaining its national environmental legislation by resisting the "down-loading" of EU environmental legislation into Danish environmental legislation, when EU legislation is bound to lower the strict Danish standards. Sweden also defends its national environmental legislation intensively but often initiates common strategies on EU level and tries to "up-load" its national environmental legislation up to EU level, as was the case with the European acidifcation strategy. (interviews with officials from various Permanent Representations in Brussels, 2005-2006, see also Andersen and Liefferink, 1997, Liefferink and Andersen in Jordan, 2005).

As was the case with Sweden, officials of the Commission are very cautious when asked about Denmark's image inside the Environmental Policy. Interviewees from the Commission see Denmark as one of the greenest states of the Union and feel that Denmark has valuable knowledge in environmental policy-making. Interviewees from the Commission feel that Denmark has a good relationship with the Commission and some mention the Danish Commissioner Ritt Bjerregård as a very skilled Danish official in environmental matters.

Interviewees from the Commission also mention the negative effects of the government change in Denmark in 2001 and feel that Denmark used to be more active and radical in the 1990s than today.

An Example of Danish Success: "The Danish Bottle Case"

In 1981 Danish bottling regulations from the 1970s, that aimed at encouraging recycling, were revised and new regulations were established. According to the new standards soda and other carbonated drinks, could only be sold in recyclable containers with a deposit and return system where a large portion of the containers could be used again. This really meant that glass bottles were put in the front seat at the expense of plastic and metal containers, since the glass bottles could be reused without a high cost (Bruck, 1995; Vogel, 1995). The Containers, (the glass bottles), also had to be approved by Danish authorities in order to assure that they were recyclable and a sufficient proportion of the returned containers would actually be reused.

Producers from other member states, who did not fulfil these strict packaging rules, and were therefore excluded from the Danish beverage

market, complained about these regulations to the Commission since they were seen as a restriction to the free movement of goods. The Commission agreed with the complainers and forced Denmark to enter into negotiations, which did not end with and agreement. The Commission therefore brought a complaint to The European Court of Justice (ECJ) in 1984, which ruled that the Danish regulations violated Article 30 about prohibition against "quantitative restrictions on trade".

Denmark amended its beverage packaging regulations in accordance with the ECJ ruling and on March 16, 1984, the Danish government passed a regulation allowing foreign companies to test the Danish market by importing up to 300.000 litres in non-approved containers per year. Beside those quantity restrictions, the containers could not be made of metal and the manufacturers had to establish a system for collecting and recycling the containers after use that was similar to that required of Danish manufacturers (Vogel, 1995). The Commission and the complaining member states did not approve of these restrictions since they were considered giving Danish producers an unfair head start. The ECJ was presented with the opportunity for setting precedence regarding domestic environmental protections under Article 36 and the unimpeded movement of goods under Article 30. Denmark did not deny that the Danish restrictions could be seen as limitations to the free movement of goods and trade. The Danes' argumentations were that Danish regulations were legitimate under Article 36 of the Treaty of Rome, which permitted the restrictions of imports by member states if they are necessary to protect human, animal or plant health (Thorsen, 2001).

To make a long story short, the ECJ ruled in Denmark's favour, stating that the Danish recycling system did not differentiate between domestic and foreign producers, that the burdens of the recycling system on trade were not disproportionate and that environmental protection was one of EC's essential objectives (Vogel, 1995).

The Danish Beer Bottle case is not only significant here for the fact that it was considered a Danish success inside the Environmental Policy of EU. The ECJ ruling is also very unique since Danish argumentations for the promotion of environmental protection won even though that meant the restrictions to the free flow of goods were maintained (Thorsen, 2001).

Finland: The consensus-seeking silent partner

The Finns have an image of being quite straightforward and very clear when they speak about their interests in the Environmental Policy, but in general not very talkative. Some interviewees, especially from the more pro-integrative states, see Finland as a dedicated member state on the periphery of Europe that is eager to become very European to escape its troubled past as a neighbour to the Soviet Union/Russia.

Others feel that Finland has a tendency to be too consensus-oriented and ready to set European interests above its own so as not to rock the boat. Quoting one experienced official from the British Permanent Representation explains this: "The Finns are environmentally conscious and they have good technical know-how in environmental issues. They only talk when they have something important to say, as the Irish do, but the Finns make the mistake of always ending their argumentations by saying that they are of course willing to compromise if their demands are not met" (interview with an official at the British Permanent Representation in Brussels, 2006). Some might therefore conclude that the Finns don't fight very hard for their national interests or don't stick to their principles. The Finns themselves would probably say that it was a matter of Finnish realism and practicality (interviews with Finnish officials in 2005-2006).

Despite these shortcomings to the Finnish strategy does the majority of the interviewees feel that Finland has, like the two other Nordic EU members, more influence in the Environmental Policy and on the Commission than its votes in the Council indicate. Most interviewees also feel that Finland's image inside the Environmental Policy of EU is the determining factor for Finland's influence, especially the high standards that Finland has set on domestic ground and Finland's good knowledge in environmental issues.

Interviewees from the Commission see the Finns as the most consensus-oriented of the three Nordic states and the one with the lowest profile. The Northern Dimension Project is however also mentioned by officials at the Commission as a success case for the Finland, which has brought more attention to the Finns.

An Example of Finnish Success: The Northern Dimension Project

In 1997 Finland made a proposal about a so-called Northern Dimension project, which has proved to be Finland's most important and successful initiative so far and has been taken as an example of a small state with a big successful idea (Brown 2001, interviews with Finnish officials at the Ministry of Environment and at the Permanent Representation in Brussels, 2005-2006). In brief, The Northern Dimension Project is a part of EU external and cross-border policies with a specific aim to raise EU profile in Northern Europe. It is conceived as a way of "working with the countries of Europe's northern regions to increase prosperity, strengthen security and resolutely combat dangers such as environmental pollution, nuclear risks and cross-border crimes" (http://virtual.finland.fi/finfo/english/northdim2.html.). The geographical scope of the Northern Dimension is the whole northern Europe: from Iceland[5] to North-western Russia, and from Barents Sea to the Southern coast of the Baltic Sea. Special attention is paid to the relationship between EU and Russia in order to establish and maintain closer ties between EU and Russia (http://ec.europa.eu/comm/external_relations/-north_dim/index.htm.)

The relationship with Russia has obviously often been complicated and troublesome for Finland. One can assume that the end of the Cold war and Finland's accession to EU changed the balance of power to some extent in Finland's favour. Finnish politicians were however still faced with problems from Russia and Eastern Europe, such as increasing pollution of the Finnish water table in frontier regions, threats of nuclear reactor accidents as experienced with the Chernobyl disaster in 1986, increased drug trafficking and organized crimes originating in Russia (http://virtual.finland.fi/finfo/-english/northdim2.html).

When Finland put forward its Northern Dimension proposal in 1997 Finnish experts, with prime minister Paavo Lipponen in the forefront, argued that these problems, stemming from Russia, would not only effect Finland, even though Finland might first benefit from such improvements as better environmental protection and increased cross-border trade with Russia. Finnish experts argued that within 20 years the EU would depend on up to 70% of its natural gas on deposits in the Barents and Kara seas areas of Russia and raised the question about how pipelines would be built

5 Iceland and Norway are included through their EEA-agreement.

and financed? Finnish experts also stressed the potential environmental disasters in the Northern regions, which they felt that needed to be confronted, such as Russian nuclear-powered ships and submarines, which were rotting in harbours near the frontiers to Finland and deteriorating nuclear reactors near St. Petersburg, which needed to be decommissioned. (International Herald Tribune 1998)

The European Council in Luxembourg took note of the Finnish proposal concerning the Northern Dimension Project in December 1997 and requested the Commission to prepare a report, which was submitted to the European Council in Vienna in December 1998. The project was met with some scepticism by the Southern European member states, which were concerned that this new project would draw attention and funding from the Mediterranean program of EU, which is to establish stability and security in the South (International Herald Tribune 1998). It was thus of great significance to the Finns when they were able to convince Portugal of the importance and necessity of the Northern Project, during the Finnish Council Presidency term in 1999 (http://www.northerndimension.net/.). The Helsinki European Council in December 1999 was therefore able to invite the Commission to prepare a Northern Dimension Action Plan, which was adopted under the Portuguese Presidency at the Feira European Council in June 2000. Since then the Nordic Dimension Project has earned its legitimacy within the EU as it has twice been revised and the third Northern Dimension Action Plan valid until 2007 is now in action (http://www.northerndimension.net/.).

Concluding remarks

In this chapter some light has been shed on the importance of the image in the Environmental Policy of the EU through discussion about the image of Sweden, Denmark and Finland and their successes in the Environmental Policy.

Sweden seems to have been able to use more aspects of its image than Finland and Denmark, since it has been able to use both its image as an expert and an active example-setter to push for its interests. Finland has mostly used expertise knowledge, combined with its will to compromise. Denmark has used its expertise knowledge, but has not succeeded to the same extent as Sweden, in setting examples for others to follow, despite its

attempts to set unilateral strict environmental standards[6]. That is probably due to the differences in the overall strategy of Denmark and Sweden in the Environmental Policy which were discussed before, thus Denmark unlike Sweden, mostly focuses on defending national standards without initiating common solutions on EU level as Sweden does. Sweden is considered to be the leader of the three Nordic states inside EU Environmental Policy. Sweden has more concrete evidence than Denmark and Finland of how it has used its image as an expert, example-setter and even role model to influence the Environmental Policy of the EU even though the scope of this article only allows us to present one "success case" per country. Sweden is also considered, both by Swedish officials and others, to have the greatest influences of the Nordic EU members inside the Environmental Policy. The case of Sweden does therefore support the main claim of the article to the greatest extent. The case of Finland also supports the main claim since Finland was able to use its expertise knowledge to launch the Northern Dimension Project. Evidences of the successful use of the Finnish image in the Environmental Policy are however not as substantial as the Swedish evidences. The case of Denmark lends the least support to the main claim but does not contradict it since one can assume that Danish experts played a vital role in the "Danish bottle case" when defending the Danish recycling system. Both Denmark and Finland are considered to have more influence than their size indicates and both states have used some aspects of their image, mainly their expertise knowledge to influence EU Environmental Policy. Finland has attempted to strengthen its image in recent years and the Northern Dimension Project has without a doubt been helpful in that attempt. The Danish image inside the Environmental Policy seems to have been effected negatively by the current government but these effects could be temporal.

The main conclusion of this article is therefore that the image of the Nordic EU members inside the EU Environmental Policy has been helpful for all of them (to a various degree) and that they all have more influence inside the Environmental Policy than their size indicates. However, Sweden is the only one of these three states, which has mastered the strategic use of image in the Environmental Policy of EU.

---

[6] See e.g. discussion on the Luxembourg compromise that was blocked by Denmark in 1985, in Andersen in Andersen and Liefferink, 1997.

References

Andersen, M. S. and Liefferink, D. (ed.) (1997). *The European environmental-policy- the pioneers.* Manchester: University Press.

Hildebrandt, P. (1993). The European Community's Environmental Policy, 1957 to 1992: From Incidental Measures to an International Regime? In D. Judge (ed.): *A Green Dimension for the European Community: Political Issues and Processes.* London: Frank Cass.

Ingebritsen, C. (2002). The Scandinavian Way and its legacy in Europe. *Scandinavian Studies, 75*(3).

Ingebritsen, C. (2004). Learning from Lilliput: small states and EU expansion. *Scandinavian Studies*, *77*(3).

Jordan, A. (1998). EU Environmental Policy at 25. *Environment, 40*(1), 14-27.

Jordan, A. (ed). (2005). *Environmental Policy in the European Union: actors, institutions and processes.* London: Earthscan.

Kronsell, A. (2002). Can small states influence EU norms? Insights from Sweden's participation in the field of environmental politics. *Scandinavian Studies, 75*(3).

Kronsell, A. (2001). Miljöpolitiken-föregångslandets dilemma. In J. Tallberg (ed.), *När Europa kom till Sverige - Ordförandeskapet i EU 2001*, Stockholm.

Kronsell, A. (1997). Sweden:setting a good example. In M. S. Andersen and D. Liefferink (ed.), *The European environmental policy- the pioneers.* Manchester: Manchester University Press.

Lenschow, A. (2005). Environmental Policy: Contending Dynamics of Policy Change. In H. Wallace, W. Wallace and M. Pollack (eds.), *Policy-making in the European Union.* Oxford: Oxford University Press.

Lindholm, A. (2002). *Finland in EU Environmental Policy.* Helsinki. Ministry of the Environment.

Tallberg, J. (ed.). (2001). *När Europa kom til Svergie.* Stockholm: SNS Förlag

Thorhallson, B. (2000). *The Role of Small States in the European Union.* Aldershot: Ashgate Publication.

Thorsen, N. (2001). "The Beverage Can Ban in Denmark: What Product Development has to Consider" at:http://www.disp.dk

Vogel, D. (1995). *Trading Up: Consumer and Environmental Regulation in a Global Economy*. Cambridge: Harvard University Press.

Wallace, H., Wallace W. and Pollack, M., (eds.), (2005). *Policy-making in the European Union.* Oxford: Oxford University Press.

Interviews with 34 officials at various Permanent Representations in Brussels, officials at the DG Environment of the Commission and

officials at the Swedish, Danish and Finnish Environmental Ministries, in the winter 2005-2006.
"Large Combustion Emission Ceilings". *Europe Energy* 6/29/2001 at: www.highbeam.com
"Conciliation over large combustion plants and emission ceilings" in *European Report* 6/30/2001 at: www.highbeam.com
"MEPs back directives on Large Combustion Plants and Emission ceilings" *European Report* 9/26/2001 at: www.highbeam.com
"Denmark removes ban on beer in cans". *Modern Brewery Age* 28/1/2002 at: www.highbeam.com
"Denmark Ends 20 year old Can Ban" in *AP-online* at: www.highbeam.com
"Finland Aims to Give EU a 'Northern Dimension' Its Objective Is Coordination In Strategy Toward Russians" in *International Herald Tribune* 3/18/1998 at: www.highbeam.com
http://www.american.edu/TED/danish.htm
http://www.northerndimension.net/
http://ec.europa.eu/comm/external_relations/north_dim/index.htm
http://eurlex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2005/l_191/l_1912005072 2en00590069.pdf
http://virtual.finland.fi/finfo/english/northdim2.html
http://www.eu-oplysningen.dk/upload/application/pdf/9fc5aeba/eufakta_rev2006_23_web.pdf
www.regeringen.se
www.eurostat.eu.int

Stjórnarmyndanir og pólun

Indriði H. Indriðason

Stjórnmál þingræðisríkja einkennast gjarnan af samþjöppun valds hjá framkvæmdarvaldinu. Það leiðir til þess að samkeppni á milli stjórnmálaflokka snýst að miklum leyti um hvaða flokkar mynda ríkisstjórn. Skilningur á því hvaða ríkisstjórnir eru myndaðar í kjölfar kosninga eða stjórnarslita er því nauðsynleg forsenda skilnings á hvernig þingræðiskerfi virka og hvaða þættir móta stefnu ríkisvaldsins. Skilningur á stjórnarmyndunum er ennfremur mikilvægur frá lýðræðislegu stjórnarhorni. Ef kjósendur hafa ekki skýrar væntingar um hvernig atkvæði þeirra hafa áhrif á myndun ríkisstjórna, og um leið stefnu stjórnvalda, eru möguleikar þeirra til að greiða atkvæði á þann hátt sem best samræmist hagsmunum þeirra takmarkaðir. Að sama skapi eru möguleikar kjósenda til að halda stjórnmálamönnum og stjórnmálaflokkum ábyrgum takmarkaðir.

Stjórnarmyndanir hafa verið rannsakaðar mikið innan stjórnmálafræðinnar og í grófum dráttum má skipta kenningum um stjórnarmyndanir í tvo flokka. Annarsvegar kenningar sem byggja á þeirri grunnforsendu að stjórnmálamenn sækist fyrst og fremst eftir því að komast í ríkisstjórn, þ.e.a.s. þeir sækjast eftir þeim gæðum sem fylgja embættunum t.d. tekjum, virðingu eða völdum. Hinsvegar eru kenningar sem byggja á þeirri forsendu að stjórnmálamenn hafa áhuga á að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda. Af hvorri kenningunni um sig má leiða tilgátur um hverskonar stjórnir eru myndaðar. Tilgátur leiddar af kenningum byggðum á forsendunni um embættishneigða stjórnmálamenn varða flestar stærð stjórnarinnar sem er mynduð. Þannig spáir kenningin fyrir um að allar stjórnir sem myndaðar séu minnstu meirihlutastjórnir (minimal winning). Minnihlutastjórnir og stjórnir sem innihalda flokka sem ekki eru nauðsynlegir fyrir þingmeirihluta stjórnarinnar ættu að vera óalgengar. Tilgátur leiddar af kenningum byggðum á forsendunni um stefnuhneigða stjórnmálamenn varða hugmyndafræðilega samsetningu stjórnarinnar. Ef stjórnmálamenn leggja áherslu á stefnu eru þeir líklegir til að mynda stjórnir með flokkum sem hafa svipaða hugmyndafræði.

Í stuttu máli þá hefur tilgátum leiddum af báðum kenningum verið fundin stuðningur en almennt séð hafa kenningarnar verið gagnlegri við að skýra stjórnarmyndanir innan einstakra ríkja heldur en þann mun sem er á stjórnarmyndunum á milli ríkja. Minnihlutastjórnir eru t.d. mjög algengar í Danmörku en nánast óþekktar hér á landi. Fáar skýringar hafa verið settar fram á því en Indriði H. Indriðason (2005, 2006) sýnir fram á að mikilvægi sérhagsmunastjórnmála hefur áhrif á hverskonar stjórnir eru myndaðar – þar sem sérhagsmunastjórnmál eru mikilvæg segja tilgáturnar sem byggja á embættishneigð stjórnmálamanna betur fyrir um hverskonar stjórnir eru myndaðar. Ástæðan er sú að kosningaárangur flokkanna byggir í ríkari mæli á dreifingu einkagæða (eða verkefna) til stuðningsmanna sinna. Aðgangur stjórnmálamanna að úthlutun þeirra gæða sem ríkisstjórnin hefur aðgang fær því aukið vægi.

Hér skoða ég annan þátt, pólun stjórnmálanna, sem kann að skýra breytileika í mynstri stjórnarmyndanna. Ég skoða áhrif pólunnar á tvennan máta. Í fyrsta lagi skoða ég hvernig pólun innan þingsins hefur áhrif á stjórnarmyndanir. Í öðru lagi hafa mælingar á hugmyndafræðileg samsetningu mögulegra ríkisstjórna byggt á því að taka mismuninn á hugmyndafræðilegri afstöðu þeirra flokka sem minnst eiga sameiginlegt (hér á eftir er þessi mælikvarði nefndur *hugmyndafræðilegur ágreiningur*). Það eru hinsvegar ástæður til að ætla að til séu betri mælikvarðar á hugmyndafræðilega streytu innan ríkisstjórnar eða stjórnarandstöðu. Ég skoða því hvort að pólun sé betur fallinn til að meta áhrif hugmyndafræði á stjórnarmyndanir. Ég byrja á því að fjalla um mælikvarða Esteban og Ray (1994) á pólun og ber hann saman við hugmyndafræðilegan ágreining.

Pólun

Esteban og Ray (1994) setja fram mælikvarða á pólun sem er ólíkur mörgum þeim mælivörðum á pólum sem notaðir hafa verið innan stjórnmála-fræðinnar. Pólun, almennt séð, lýsir því að hve miklu leyti samfélagið er skipt í ólíka hópa með ólíka hagsmuni. Pólun nær þannig hámarki þegar samfélagið skiptist í tvo hópa sem hafa mjög ólíka hugmyndafræði.

Mælikvarði Esteban og Ray er leiddur út frá frumsetningum (axioms), þ.e.a.s. við gerð mælikvarðans leggja þeir upp með ákveðnar hugmyndir um hvernig mælikvarðinn eigi að bregðast við við tilteknar aðstæður. Mynd eitt lýsir fyrstu frumsetningunni. Lóðréttu línurnar á myndinni gefa til kynna hugmyndafræðilega staðsetningu hópanna og stærð þeirra. Á myndinni renna

hópar 2 og 3 saman í nýjan hóp sem er staðsettur hugmyndafræðilega mitt á milli upprunanlegu hópanna. Esteban og Ray gera þá kröfu til mælikvarðans að hann gefi til kynna að pólun samfélagsins hafi aukist við þessa breytingu. Mælikvarðinn á hugmyndafræðilegan ágreining minnkar hinsvegar hér þar sem að bilið á milli hóps 1 og þess hóps sem er lengst til hægri minnkar.

Mynd 1. Frumsetning 1

Á mynd tvö eru þrír hópar þar sem hægri-miðjuhópurinn færir sig til hægri. Hér má segja að pólun aukist þar sem hægri vængur stjórnmálanna hefur orðið samheldnari og bilið á milli vinstri og hægri hefur aukist. Hugmyndafræðilegur ágreiningur helst hinsvegar óbreyttur þar sem fjarlægðin á milli hóps 1 og hóps 2 helst óbreytt.



Mynd 2. Frumsetning 2

Á mynd þrjú er einnig gert ráð fyrir að mælikvarðinn á pólun taki hærra gildi. Á myndinni er gert ráð fyrir að miðjuhópurinn sé jafnfjarlægur hópi 1 og hópi 2. Þegar meðlimir hóps 2 færa sig yfir til hópa 1 og 3 í jöfnum hlutföllum eykst pólun samfélagsins. Mælikvarðinn á hugmyndafræðilegan ágreining helst hinsvegar óbreyttur sem fyrr þar sem hann tekur einungis mið af staðsetningu „öfgahópanna“ sem hafa hér sömu hugmyndafræði fyrir og eftir breytinguna.



Mynd 3. Frumsetning 3

Þessi einföldu dæmi sýna að mælikvarðinn á hugmyndafræðilegan ágreining tekur ekki tillit til ýmissa breytinga á skiptingu samfélagsins í hópa sem eðlilegt má telja að hafa áhrif á möguleikan á átökum eða samstarfi á milli hópanna.

Esteban og Ray (1994) sýna fram á að einu mælikvarðarnir sem haga sér eins og lýst er á myndunum að ofan taka eftirfarandi mynd:

$$P_{ER} = K\sum_{i=1}^{n}\sum_{j=1}^{n}\pi_i^{\alpha+1}\pi_j\left|y_i - y_j\right|$$

Þar sem y_i og y_j vísa til staðsetningar hópanna á hægri-vinstri ás stjórnmálanna en π_i og π_j vísa til stærð hópanna. K er fasti sem í sjálfu sér skiptir í raun ekki máli en ákvarðar kvarðan sem unnið er með. a er einnig fasti sem má taka gildi á bilinu 0 til 1.6.[1] Hærri gildi á a gefa til meiri næmni á pólun – ef a er núll jafngildir mælikvarðinn Gini-stuðlinum.

Ofangreindar niðurstöður gefa til kynna að skynsamlegt sé að kanna hvort að pólunarmælikvarðin sé gagnlegri en hugmyndarfræðilegur ágreiningur við að skýra hvort að tilteknar stjórnir eru myndaðar eða ekki. Þannig er hugsanlegt að tvær stjórnir sem eru eins hvað hugmyndafræðilegan ágreining varðar en ólíkar hvað pólun varðar sé mislíklegar til að vera myndaðar.

Pólun þingsins og stjórnarmyndanir

Meginþema greinarinnar er að kanna hvort að pólun þingsins – sem hugsanlega endurspeglar pólun innan samfélagsins – hefur kerfisbundin áhrif á

[1] Esteban og Ray benda á viðbótar frumsetningu sem takmarkar gildin á α við 1 til 1.6.

hverskonar stjórnir eru myndað. Það er ekki ólíklegt. Þar sem pólun flokkakerfisins er mikil skiptast þing í tvo hópa flokka (blokkir) sem eru á hugmyndafræðilega andverðum meiði. Við slíkar kringumstæður er líklegt að samkeppni flokkanna á milli sé fyrst og fremst á milli blokkanna tveggja, en í minna mæli á milli flokka innan hvorrar blokkarinnar fyrir sig. Sú blokk sem vinnur meirihluta þingsætanna myndar síðan stjórn sem án þátttöku flokka utan blokkarinnar.

Pólun getur einnig haft áhrif af öðrum ástæðum. Jozwiak og Schneider (2006) sýna fram á að pólun hefur áhrif á hversu langlífar stjórnir eru. Ef það er raunin munu framsýnir stjórnmálamenn líta fram á veginn við stjórnarmyndunarviðræður og leita ráða til að mynda stjórnir sem eru stöðugar því stjórnir sem eiga stutta lífdaga færa stjórnmálamönnum, allaveg þeim sem sitja í stjórninni, litla hamingju.

Hér á eftir skoða ég nokkrar helstu tilgáturnar sem settar hafa verið fram um myndun ríkisstjórna og tilgreini samspil þessara tilgátna við pólun. Hver tilgáta er þannig sett fram í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn tilgreinir væntingar þær sem stjórnmálafræðin hefur sýnt að hafa nokkuð skýringargildi. Síðari hlutinn tilgreinir hvernig pólun stjórnmálanna hefur áhrif á þessar tilgátur, þ.e. hvort að þess er að vænta að áhrifin séu meiri eða minni þar sem stjórnamálalega pólun er mikil.

Fyrstu tilgáturnar varða hugmyndafræðilega samsetningu stjórnanna sem kunna að vera myndaðar. Almennt séð eru hugmyndafræðilega ósamstæðar stjórnir minna líklegar til að vera myndaðar þar sem þær krefjast meiri málamiðlanna af flokkunum. Pólun dregur úr áhrifum hugmyndafræðilegrar ósamstöðu af þeirri ástæðu sem nefnd er að ofan. Eftir því sem pólun flokkakerfisins eykst, blokkir flokka myndast og þær færast fjær hvorri annarri er líklegra að flokkar innan hvorar blokkarinnar fyrir sig verði líklegri til að mynda stjórn jafnvel þó að bilið á milli þeirra sé þó nokkuð. Ástæðan er að aðrir valkostir þessara flokka er að mynda stjórn með flokkum úr hinni blokkinni en þar sem bilið á milli blokkana er meira eiga flokkarnir fáa kosti nema að sætta sig við einhvern ágreining.

Tilgáta 1: *Hugmyndafræðilega ósamstæðar stjórnir eru ólíklegri til að vera myndaðar. Áhrifin af hugmyndafræðilegri ósamstöðu fara minnkandi eftir því sem pólun flokkakerfisins eykst.*

Svipaða tilgátu má setja fram um hugmyndafræðilega samstöðu stjórnarandstöðuflokkanna. Laver og Schofield (1990) setja fram þá tilgátu að minnihlutastjórnir séu minna líklegar til að vera myndaðar ef að stjórnarandstaðan sem sú stjórn myndi standa frammi fyrir er hugmyndafræðilega samstæð. Við þær kringumstæður eru líkur á því að stjórnarandstöðu-

flokkarnir takist að ná höndum saman og fella stjórnin. M.ö.o. ef stjórnarandstaðan er ósamstæð og inniheldur flokka bæði til hægri og vinstri við stjórnina þá getur stjórnin hugsanlega fengið einhverja flokkanna til að styðja stefnubreytingar sínar og forðast að tapa atkvæðagreiðslum á þinginu. Þegar pólun flokkakerfisins eykst ættu áhrif hugmyndafræði stjórnarandstöðuflokkanna að aukast þar sem stjórnarandstaðan er ósamstæðust þegar hún inniheldur flokka úr báðum blokkunum, þ.e. flokka sem eiga erfitt að ná saman þegar pólun er mikil.

Tilgáta 2: *Stjórnir sem standa frammi fyrir hugmyndafræðilega ósamstæðri stjórnarandstöðu eru líklegri til að vera myndaðar. Áhrifin af hugmyndafræðilegri ósamstöðu stjórnarandstöðunnar fara aukast eftir því sem pólun flokkakerfisins eykst.*

Mikilvægi hugmyndafræði flokkanna færir vissum flokkum ákveðið forskot í stjórnarmyndunarferlinum. Þetta á sérstaklega við um miðgildisflokk þingsins – miðgildisflokkurinn getur myndað meirihlutastjórnir með flokkum sem eru vinstra eða hægra megin við hann. Staða miðgildisflokksins ætti að styrkjast enn frekar þegar pólun flokkakerfisins er mikil vegna tilhneigingar til að mynda annað hvort hægri eða vinstri stjórnir.

Tilgáta 3: *Stjórnir sem innihalda miðgildisflokkinn eru líklegri til að vera myndaðar. Þessi áhrif aukast þegar pólun flokkakerfisins eykst.*

Stjórnir í þingræðisríkjum þurfa stuðning meirihluta þingsins til að hrinda stefnu sinni í framkvæmd. Það er því að öðru jöfnu ólíklegt að minnihlutastjórnir stjórnir séu myndaðar. Minnihlutastjórnir þekkjast þó en þær þurfa engu að síður stuðning meirihluta þingsins til að sitja við völd og til að fá frumvörp sín samþykkt. Sú staðreynd er nokkuð mikilvæg þegar við skoðum áhrif pólunar flokkakerfisins. Minnihlutastjórnir ættu að vera líklegast þar sem minnihlutastjórnir geta stólað á stuðning annarra flokka. Þessar kringumstæður eru til staðar þegar pólun flokkakerfisins er mikil. Í þeim tilfellum hafa flokkar innan sömu blokkar fáa valkosti – þeir geta annaðhvort sætt sig við að styðja minnihlutastjórnina eða að öðrum kosti leitast við að mynda stjórn með flokkum sem tilheyra hugmyndafræðilega andstæðri blokk.

Tilgáta 4: *Meirihlutastjórnir eru líklegri en minnihlutastjórnir. Þegar pólun flokkakerfisins er mikil dregur úr þessum áhrifum og minnihlutastjórnir verða líklegri.*

Stjórnir sem hafa aukin meirihluta, þ.e. innihalda flokka sem ekki eru nauðsynlegir til að meirihluti þingsæta náist, eru að sama skapi ólíklegri til að vera myndaðar. Ef stjórnarseta færir stjórnarflokkunum einhver gæði, t.d. aukna möguleika til að stunda sérhagsmunastjórnmál, er lítil ástæða fyrir stjórnir að deila þeim gæðum með óþarflega mörgum flokkum. Líkt og með minnihlutastjórnirnar eru stjórnir með aukinn meirihluta ólíklegri til að vera myndaðar þar sem pólun er mikil. Hugsanlegir aukaflokkar tilheyra annað

hvort hugmyndafræðilegri andstæðri blokk eða hafa takmarkaða möguleika á að leita annað.

Tilgáta 5: *Meirihlutastjórnir eru líklegri en minnihlutastjórnir. Þegar pólun flokkakerfisins er mikil dregur úr þessum áhrifum og minnihlutastjórnir verða líklegri.*

Stjórnir sem eru samansettar af fáum stjórnmálaflokkum eru ennfremur líklegri til að vera myndaðar en stjórnir samansettar af mörgum flokkum vegna þess að ef fleiri flokkar koma að máli þarf að sætta fleiri ólík sjónarmið. Pólun flokkakerfisins ætti að auka þessi áhrif af sömu ástæðu og minnihlutastjórnir og auknar meirihlutastjórnir eru ólíklegar. Þ.e.a.s. við myndun tiltekinnar stjórnar þurfa stjórnarflokkarnir ekki að hafa áhyggjur af því að flokkarnir reyni að mynda stjórnir með öðrum flokkum þegar pólunin er mikil.

Tilgáta 6: *Stjórnir sem samanstanda af fáum flokkum eru líklegri til að vera myndaðar en stjórnir sem innihalda marga flokka. Þegar pólun flokkakerfisins er mikil herðir á þessum áhrifum.*

Að lokum, hafa Peleg (1981) og van Deemen (1989) bent á að stjórnir sem innihalda stærsta flokkinn sé líklegri til að vera myndaðar. Ein ástæðan er sú að stærsti flokkurinn er líklegri til að fá stjórnarmyndunarumboðið en aðrir flokkar (Diermeier and Merlo 2000). Pólun flokkakerfisins hefur ekki afgerandi áhrif á líkurnar á því að flokkurinn sé í stjórn eða ekki.

Tilgáta 7: *Stjórnir sem innihalda stærsta flokkinn eru líklegri til að vera myndaðar. Áhrif pólunar flokkakerfisins eru óljós.*

Hefur pólun áhrif?

Til að prófa ofangreindar tilgátur skoða ég stjórnarmyndanir í 17 löndum á tímabilinu 1950-2006. Megnið af upplýsingunum um stjórnarmyndanir er fengnar úr Müller og Strøm (2001) en þær voru uppfærðar og við þær bætt upplýsingum um hugmyndafræði flokkanna. Alls er um 394 stjórnar-myndunartækifæri að ræða, þ.e. atburðir þar sem ný stjórn er mynduð eða flokkar endurnýja stjórnarsamstarf sitt. Gögnin er greind með skilyrtri logit greiningu (conditional fixed-effects logit). Frekar upplýsingar um aðferðina má t.d. finna í Indriði H. Indriðason (2006) en að grunninum til byggir hún á því að í hvert skipti sem stjórn er mynduð eru búnar til athuganir fyrir allar hugsanlegar stjórnir sem hefðu getað verið myndaðar. Þ.e.a.s. ef það eru fjórir flokkar á þingi þá er hugsanlega hægt að mynda 2^4-1 = 15 ólíkar stjórnir en aðeins ein af þessum stjórnum var mynduð í raun og veru Hver þessarra hugsanlegu stjórna hefur ákveðin einkenni sem tilgreind eru í

tilgátunum að ofan – sumar eru minnihlutastjórnir, sumar innihalda stærsta flokkinn o.s.frv. Heildarfjöldi athuganna er 198.472. Greiningin byggir á því að meta hvaða áhrif þættirnir í tilgátunum hafa á líkindi tiltekinnar stjórnarmyndunar. Nánari upplýsingar um skilgreiningar á breytunum sem notaðar eru má finna í Indriði H. Indriðason (2006). Undantekninginn er pólunarstuðull flokkakerfisins sem reiknaður er skv. formúlinni hér að framan með $\alpha = 1$ út frá hugmyndafræðilegri staðsetningu og stærð þingflokkanna. Það sama gildir um hugmyndafræðilega samstöðu allra hugsanlegra stjórna og stjórnarandstaðna nema að í hverju tilviki er einungis horft á þá flokka sem sitja í viðkomandi stjórn (eða stjórnarandstöðu).

Áður en tilgátuprófun var framkvæmd var skoðað hvort pólun væri betri mælikvarði á hugmyndafræðilegan breytileika innan stjórna og stjórnarandstöðu en hugmyndafræðilegur ágreiningur með því að meta líkanið með báðum mælikvörðunum. Báðir mælikvarðarnir reyndust hafa marktæk áhrif og hafa báðir þ.a.l. nokkuð skýringargildi. Í greiningunni eru því báðir mælikvarðarnir notaðir.

Niðurstöður greiningarinnar (fjögur líkön) eru settar fram í töflu eitt. Áhrif pólunar flokkakerfisins eru metin með samvirknibreytum (P_{ER}*breyta) þar sem tilgáturnar um áhrif pólunar skilyrða áhrif annarra áhrifabreyta. Ef horft er á fjórða líkanið má t.d. sjá að stjórnir sem samanstanda af mörgum flokkum eru líklegri til að vera myndaðar (metill = .142) þegar engin pólun er til staðar en slíkar stjórnir verða ólíklegri þegar pólun eykst (metill = -.635).

Niðurstöðurnar styðja kenninguna að mörgu leyti en þó ekki öllu. Stjórnir með minnsta meirahluta og stjórnir sem innihalda fáa flokkar eru þannig líklegri til að vera myndaðar þar sem pólun er mikil. Stjórnir sem innihalda miðgildisflokkinn eru líklegri til að vera myndaðar. Hugmyndafræðilegur ágreiningur innan stjórna dregur úr líkum þess að þær séu myndaðar þegar pólun flokkakerfisins er lítil en áhrifin eru í hina áttina þegar pólun er mikil. Pólun hefur hinsvegar ekki áhrif á hversu sterk áhrif hugmyndafræðilegrar samsetningar stjórnar eru á líkurnar á því að hún sé mynduð.

Tafla 1. Áhrif pólunar á stjórnarmyndanir

	(1)	(2)	(3)	(4)
Minnihlutastjórn	-1.172**	-2.352**	-1.269	-1.065*
	(.575)	(1.060)	(1.786)	(.582)
— P_{ER}*Minnihlutastjórn		1.481	.153	
		(1.071)	(2.068)	
Minnsta meirihlutastjórn	.975***	-.527	-.464	-.469
	(.185)	(.663)	(.657)	(.631)
— P_{ER}*Minnsta meirihlutastjórn		1.577**	1.489**	1.491**
		(.741)	(.735)	(.699)
Fjöldi flokka	-.381***	.150	-.012	.142
	(.100)	(.285)	(.342)	(.279)
— P_{ER}*Fjöldi flokka		-.635*	-.440	-.635*
		(.334)	(.407)	(.326)
Stærsti flokkurinn	1.368***	.056	.828	1.320***
	(.178)	(.730)	(.807)	(.179)
— P_{ER}*Stærsti flokkurinn		1.437*	.557	
		(.813)	(.898)	
Miðgildisflokkurinn	1.011***	1.057***	-.457	-.738
	(.173)	(.176)	(.820)	(.670)
— P_{ER}*Miðgildisflokkurinn			1.709*	2.040***
			(.933)	(.750)
Hugm.fræðil. ágreiningur stjórnar	-.462***	-.475***	-.399**	-.479***
	(.049)	(.051)	(.170)	(.051)
— P_{ER}*Hugm.fræðil. ágreiningur			-.103	
			(.195)	
Hugm.fr.l. ágreiningur stj.andstöðu	.120***	.124***	-.170	-.187
	(.043)	(.043)	(.164)	(.125)
— P_{ER}*Hugm.fr.l. ágr. stj.andstöðu			.336*	.353***
			(.188)	(.135)
Pólun stjórnar	.701***	.903***	1.037	.925***
	(.239)	(.255)	(.929)	(.257)
— P_{ER}*Pólun stjórnar			-.080	
			(.996)	
Pólun stjórnarandstöðu	-.973***	-1.139***	1.077	1.047
	(.374)	(.408)	(1.518)	(1.467)
— P_{ER}*Pólun stjórnarandstöðu			-2.405	-2.414
			(1.554)	(1.486)
Athuganir	198472	198472	198472	198472
Log Likelihood	-1079.098	-1062.642	-1058.001	-1058.609

*** - Marktækt við 99% ** - Marktækt við 95% * - Marktækt við 90%

Samantekt

Í þessari grein hef ég bent á vankanta á sumum mælikvörðum þeim sem stjórnmálafræðingar og aðrir hafa notað til að mæla hugmyndafræðilega samsetningu hópa og kynni til sögunnar pólunarstuðul Esteban og Ray (1994) sem hingað til hefur ekki notið mikillar athygli innan stjórnmálafræðinnar. Pólunarstuðulinn er gagnleg leið til að leggja mat á ágreining innan hópa (ef gert er ráð fyrir að ágreiningurinn er mestur þegar hópurinn skiptist í tvær álíka stórar fylkingar) og not hans eru ekki takmörkuð við hugmyndafræðilega þætti. Ég set fram kenningu um áhrif pólunar á stjórnarmyndanir og nota pólunarstuðulinn til að prófa tilgátur leiddar af kenningunni. Niðurstöðurnar gefa til kynna að pólun skipti nokkru máli þó að allar tilgáturnar hljóti ekki stuðning. Þær gefa hinsvegar tilefni til frekari rannsókna á pólun og samsteypustjórnum.

Heimildir

Diermeier, D. & Merlo, A. (2000). Government Turnover in Parliamentary Democracies. *Journal of Economic Theory*, *94*, 46–79.

Esteban, J.-M. & Ray, D. (1994). On the Measurement of Polarization. *Econometrica*, *62*(4), 819–851.

Indriði H. Indriðason (2005). A Theory of Coalitions and Clientelism: Coalition Politics in Iceland 1945-2000. *European Journal of Political Research*, *44*(3), 439-464.

Indriði H. Indriðason (2006). Coalitions and Clientelism: A Comparative Study. Óútgefið handrit.

Jozwiak, E. & Schneider, G. (2006). Polarization and Government Survival: A Comparative Analysis. Óútgefið handrit.

Laver, M. J. & Schofield, N. (1990). *Multiparty Government*. Ann Arbor: University of Michigan Press.

Martin, L. W. & Stevenson, R. T. (2001). Cabinet Formation in Parliamentary Democracies. *American Journal of Political Science*, *45*(1), 33–50.

Müller, W. C. & Strøm, K. (Ritstjórar) (2001). *Coalition Governments in Western Europe*. Oxford: Oxford University Press.

Peleg, B. (1981). Coalition Formation in Simple Games with Dominant Players. *International Journal of Game Theory*, *1*, 11–13.

van Deeman, A. M. A. (1989). Dominant Players and Minimum Size Coalitions. *European Journal of Political Research, 23*, 1–33.

Iceland in US Security Planning

Michael T. Corgan

Since the US forces first came to Iceland over 55 years ago pursuant to the bi-lateral 1951 Defense Agreement, the question of just where Iceland has fit in to US strategic planning has been at issue. The short answer today is that Iceland's importance to US strategic plans, as well as the importance of many other US allies, has become a shadow of what it once was. The once active NATO base at Keflavik, the only place in the Cold War era from which US military forces regularly and directly confronted the Soviet Union's forces, stands empty.

A much diminished status for Iceland in today's US strategic thinking has a number of reasons. Partly it is that the Cold War is over. Once crucial geo-strategic positions, especially in polar areas, aren't what they once were. Partly it is that new threats to security for the US and European states are in parts of the world far away from Europe. Even if forward deployment is still officially favored in US strategic planning, Iceland is not all that 'forward' any more if primary threats are seen to come from the Middle East, China, or North Korea. Partly the diminished status of Iceland or any forward base it is that the United States is running out of resources to maintain the kind of far-flung overseas commitments it once did. Partly it is the strain the war in Iraq is putting on the US ability to deploy forces anywhere else overseas. Partly it is that the new ideas or transformations in American defense thinking favor controlling forces and activities that are overseas from the homeland. Drone aircraft over the deserts of Afghanistan are now operated from command centers in the Nevada desert (Kaplan, 2006). And, finally, partly it is that the US view of allies and their usefulness has undergone something of a slump lately. How all this diminishment of allies' importance came about is most directly in context of the writings of the official US documents purporting to promulgate a national strategy.

Bush the Elder - The 1992 Strategic Guidance Planning Controversy

Questions about the continuing importance of Iceland in US security planning began to emerge even as the Cold War was waning. A movement among some in the US defense establishment to withdraw the fighter panes from the Keflavik base can be detected in several of the unofficial US Air Force publications in the early to mid 1980s. Although such articles did not represent the official position of the Department of Defense (DOD), they represented the kind of signaling that elements of a large bureaucracy use to gain support and possible allies elsewhere in the bureaucracy who might be recruited to support the intended policy.

Despite these writings, well into the 1990s there were repeated if unenthusiastic denials from DOD officials that Keflavik would be left without combat capability of any sort. In any event, full consultations as called for by the 1951 Agreement were to decide the matter. A series of "Agreed Minutes" in the 1990s and into the current decade chronicled just such consultations. However events within the US defense establishment portended a shift in strategic thinking. Perhaps the most important indication of future plans was a leaked DOD document in the last days of the first Bush administration. The 9 March 1992 *New York Times* carried a front page story about a proposed Quadrennial Defense Review (QDR) a Pentagon planning document for the years 1994-1998 (New York Times, 9. March, 1992). Among the features of this piece of post-Cold War triumphalism was the argument that the US should maintain its position as now the world's sole superpower, against any attempts to challenge that status by either the European Union or China, and that the US should use the extraordinary and unprecedented preponderant power it had to essentially remake the world in a Wilsonian image. Democracies, and only democracies, everywhere.

The plan was leaked to the *Times* by those who were alarmed by its unilateralist implications. The leak evoked widespread comment and a grudging disavowal by the Pentagon. The leaked document, according to the US Secretary of Defense, expressed only the speculations of a lower level defense official, not official doctrine. That Secretary was Dick Cheney and the lower level official was Paul Wolfowitz. Seven months later William Jefferson Clinton won the White House from George Bush and Cheney and Wolfowitz were both on their way out of government. They would be back.

A "humble" Foreign Policy?

The 2000 presidential election campaign of candidate George Bush the Younger promised, among a number of other things, to conduct a "humble" foreign policy in contrast to Clinton's sporadic and even episodic military interventions. Among the many signals that his would be a realistic foreign policy team which knew the limits of power was the appointment as Secretary of State of Colin Powell, ineluctably associated with his Powell Doctrine. This doctrine, owing much to Clausewitz, counsels the careful and restrained decision to use military force but also the necessity of using a decisive amount of military force whenever that choice is made. But there were also strong indications from the beginning days that this could be instead a unilateralist White House.

The litany of peremptory actions taken on the international stage in the early days of this Bush administration became a familiar complaint among European and other leaders; pronouncing the Kyoto Protocol on Climate Change "dead," announcing the intent to abrogate the ABM Treaty with Russia, opposing the Comprehensive Test Ban Treaty, unsigning the International Criminal Court Treaty, and so on. Then came the attacks on the World Trade Center. It became commonplace in America to say the world changed on September 11, 2001 but it is far more accurate to say that the United States did.

This cataclysmic event, occurred when the power of the United States in so many areas -- diplomatic, economic, military, technological development -- had grown even greater than it had been at the time of Wolfowitz's now notorious 1992 musings. Such power for one nation was unprecedented. But the 9/11 attacks instantaneously created an equally unprecedented sense of vulnerability for most US citizens. The United States hadn't seen anything like this kind of destruction at enemy hands since its Civil War.

After 9/11 - The 2002 National Security Strategy

Obviously the US would have to respond to this new threat of terrorism and this is when the role and importance of allies in US security and strategic thinking underwent its most profound change in over one hundred years. For the first time in its history, NATO invoked the Article 5 Treaty provisions about mutual defense sending AWACs planes to patrol American airspace. Among other things, this particular episode revealed the inadequacy

of plans for North American continental defense. Some Icelanders were discomfited by the resulting realignment of US (but not NATO) continental defense plans which assigned responsibility for Iceland to the US European command. The most dramatic evidence of a formally and profoundly changed US approach to foreign policy was yet to come.

In 1986, Congress, in the landmark Goldwater-Nichols Act mandated that a national security strategy be forwarded to Congress every year. One important and even defining test of the worth a strategy is how well it relates resources and capabilities to specific courses of action. Exactly who is to do what under what circumstances and with exactly what means? When it comes to shaping and announcing strategies, as opposed to interests or policies, to achieve these policies that are in support of national interests, then specifics and proper nouns, are called for. The current Bush administration in six years has produced just two of what it calls National Security Strategies.

The 2002 National Security Strategy

Writing in the immediate aftermath of the 9/11 attacks, Barry Posen argued in *International Security* that "The United States needs friends...it cannot afford to peremptorily abandon long-standing allies in a heartbeat." The US "...requires a strategy to guide its efforts" and to sustain international support "will need to resolve long-delayed questions" through extended discussions with policy makers and analysts (Posen, 2001/02). The question concerning Iceland is would there be a peremptory abandonment of a long-standing US ally or would there be 'extended discussions' with policy makers and analysts when it came to US-Iceland security relations?

The eminent American historian of the Cold War, John Lewis Gaddis, was unstinting in his praise of this document claiming that it was "in every sense a *grand* strategy" (original emphasis) unmatched in the previous half century in its "boldness, sweep, and vision." It was the most profound rethinking of US foreign policy since the days of containment. (Gaddis, 2004, p.94). More to the point of beginning with this document, Gaddis argues that "the Bush planners – for the most part – have been candid about what they've been doing. It would be a mistake, therefore, not to pay careful attention to what they've said. A good place to start is the president's report The National Security Strategy of the United States of America" (2004, p. 83).

The preamble to The National Security Strategy (NSS) 2002 shows a rethinking of what the US government will do to preserve American security. With close echoes of that disavowed 1992 DOD planning guidance, the NSS preamble asserts that the US will "take advantage of its unparalleled military strength and great economic advantage" to create a "balance of power that favors freedom" (National Security Strategy, 2002).[1] A major change in US thinking on security was the promise to act against emerging terrorist threats "before they are fully formed," in other words a preventive war doctrine was proclaimed. Ironically for Iceland's interests, there is an observation that "weak states...can pose as great a danger to our national interests as strong states." The real changes that actually did signal what might be coming for Iceland and other small states are to be found in several places in the actual text of the strategy.

A signal to all states was the promise in Section I that "The US national security strategy will be based on a distinctly American internationalism." Though this was followed by a promise to "strengthen alliances to defeat global terrorism" but the rest of the document showed just how distinctly American the new strategy would be. In subsequent sections we find the rhetoric of "good and evil" and "right and wrong". The enemy was identified as terrorism which as many critics would soon point out is a tactic not an adversary. Though the United States, NSS 2002 goes on, would work with regional partners and strive "to enlist the support of the international community, we will not hesitate to act alone." Tellingly for Iceland and others, the thrust of the ensuing pages on regional cooperation clearly does not focus on Europe.

Section V proclaims a "profound transformation," i.e., "taking anticipatory action to defend ourselves, even if uncertainty remains as to the time and place of the enemy's attack." Thus for Iceland, or any ally of the US, there is a clear signal that coordination can take place but clearly is not necessary. Though NATO's first use of the Article 5 mutual defense provisions was in response to the September 11 attacks, NATO is not mentioned in the strategy until Section 8 and there is nothing about the history of shared interests and actions. Instead, the call is to "develop new structures and capabilities and transform NATO military forces" while experimenting with "new force configurations." Still, the 2002 NSS concludes "The presence of American forces overseas is one of the most profound symbols of the U.S. commitments to Allies and friends."

---

1 All further citations are to the version found on the White House web site.

The most important measure of this national strategy was what was new. There was the repeated insistence on the need for unitary action without allied help or cooperation if necessary, for preventive war, for shifting the focus away from Cold War structures and institutions, and for changing, it appeared, primary areas of interest to the US away from Europe. These new concepts did not promise much for any of America's traditional allies and for smaller ones like Iceland there was even less on offer.

Analysis and criticism of NSS 2002 came immediately. John Ikenberry in *Foreign Affairs* laid out the essential elements of this new 'grand strategy' articulated by NSS 2002 (Ikenberrys, 2002). Among the seven elements were 3) "the Cold War concept of deterrence is outdated" thus preemptive or even preventive action was justified; 5) a general depreciation of international rules, treaties, and security partnerships; 6) "the United States will need to play a direct and unconstrained rule in responding to threats;" and 7) there is "little value in international stability." Ikenberry was quite critical of the overall thrust of this strategy and argued it would ultimately lead to self-encirclement. Other analyses were less kind. Charles Knight called it "disturbingly insubstantial, ideological, and, at times, disingenuous" (Knight, Year?). Among Knight's criticisms were that it was naively parochial about identifying America's interests as the world's interests and that there was an absolute omission of several areas such as arms control, environment, and major theater wars. Ignoring the interests of others and ignoring the possibility of major theater wars both strike at key features of the existing US-Iceland relationship. The US simply presumes it know what others want without checking. Ignoring the possibility of theater wars means that the basis of the US-Iceland Defense Agreement is finally undercut altogether.

The most damning criticism of this National Security Strategy is that it is not a strategy at all. Strategies are made to assess threats, to prioritize the necessity of dealing with them, and then to allocate assets to respond. The 2002 document does none of this. Instead it is cheerleading for a simple and jingoistic response to an attack on a country that might have thought itself immune to such things. Perhaps the initial and somewhat unexpected rapid successes of the war against actual terrorists, Al Qaeda, and an actual state, Afghanistan, emboldened the true believers in a this new strategy transformation of going it alone, in using preventive war, in disparaging the usefulness of alliances unless they are immediately and unstintingly supportive.

The 2006 National Security Strategy

Even though the war in Iraq was not going as planned, the administration's viewpoints had its continuing defenders, one of whom was Eliot Cohen, Director of the Center for Strategic Studies at Johns Hopkins, School of Advanced International Studies and a member of the government's quasi-official Defense Advisory Board. Cohen (2004) acknowledged some of the problems that might arise, in particular as they applied to smaller states. While maintaining the necessity for some kind of American imperium, Cohen observed that "[imperial] leaders face an unattractive set of options: mastering the challenges of one segment of their political universe while scanting others; dealing with all problems superficially; or devolving large areas of policies to proconsuls and viceroys". Moreover, "Weaker states will inevitably view the strongest power as arrogant, inconsiderate, and demanding."

John Lewis Gaddis (2005), also in sympathy with the necessity for an American imperium, lamented the way it had been conducted to date. There had been a failure to legitimize the 2002 NSS strategy in the eyes of most other national leaders and "this was a major failure." He continues, "The need to legitimize that strategy is not going to go away, either; otherwise, the friction it generates will ultimately defeat it, even if its enemies do not."And Gaddis might have had Iceland and other smaller states in mind when he warned, "It is never a good idea to insult potential allies ... Nor is it wise to regard consultation as the endorsement of a course already set."

By the beginning of 2006 the US certainly did have more pressing matters than Northern defense. The war in Iraq was not going as hoped and a growing chorus of defense experts including many former high-level officials and senior military commanders, many of these with very recent experience, were complaining of a dangerously overstretched military. A new national security strategy (though three years late) was forthcoming but just before that appeared, in February Donald Rumsfeld's Pentagon issued its latest QDR that prefigured what would be seen in NSS 2006.

There are two points of interest in the 2006 QDR that relate to Iceland's position in US security planning. First, Air Force personnel would be reduced by 40,000 personnel overall. This means the forces that have left Iceland aren't coming back anytime soon. Second are the implications of this force reduction. The 2001 QDR had foreseen a one-third reduction in tactical fighter aircraft in order to pay for other programs (Kaplan, F., 2006). The sort of aircraft to reduced included F-15s of the type stationed at

Keflavik. Under the 2006 QDR, funding for tactical fighter aircraft will go ahead and not be reduced. But these newer aircraft include the F-22 at $258,000,000 each. So 2001 QDR implied that there would be too few fighters to keep the four stationed in Keflavik. The 2006 QDR means it is likely that even had the 9/11 attacks not occurred and had the base remained open, the replacement fighters for the F-15s might have proved too expensive to send to Keflavik.

The National Security Strategy 2006 though much longer was formatted precisely as the NSS 2002 and was meant to show a follow-on to the successful strategy of 2002. "We seek to shape the world, not be shaped by it," the president maintained (National Security Strategy, 2006).[2] The document is, as in 2002, much less a strategy than an apologia for the administration's viewpoints on world matters. The significance of Iceland, or for that matter for any US ally, is that they may well be ignored or brushed aside if the US feels it is necessary in effective prosecution of what was still called the War on Terror. The 2006 NSS repeats at greater length the distinct ambiguity about the importance of allies, alliances, and especially international institutions while asserting the intention to go it alone.

If there is any close connection between the United States and Iceland, aside from the 1951 Defense Agreement, surely it is in the NATO alliance. The 2006 NSS pledges on its very first page to "strengthen alliances" but one proceeds for a good long while before any specifics appear. It is not until page 35 (of a total 49) that NATO is mentioned. Thus the security connection between the US and Iceland realized by NATO comes very late, and very briefly, in this supposed strategy. When it does come, the reference is to NATO in the Balkans and Afghanistan. No one would expect Iceland to get prominent mention in a security strategy of the United States, perhaps not even in a catalog of steadfast allies. In NSS 2006 that honor is reserved for the United Kingdom. But a strategy is supposed to relate resources to capabilities and enumerate, not imply, priorities. If NATO itself doesn't really receive much notice in this strategy and, by implication is far down the list of security concerns in the strategy, then Iceland, the only state within NATO without its own military, can rightly infer just how little it figures in US security considerations.

Lawrence Korb and Caroline Waldhams in a Stanley Foundation Policy Analysis Brief of June 2006 took this NSS to task for proposing a national security strategy for the United States of staggering proportions For this

---

2 All references are to the National Security Strategy 2006 on the White House web site.

strategy required ridding the entire world of all forms of tyranny (Korb and Waldhams, 2006). The absence of relating specific assets, like helpful allies, to specific strategic actions, like coalition formation, is perhaps inevitable if one's goal is as grandiose as to remake the entire world. In further consideration this strategy, it is noted that besides its putative allies, a nation's assets in carrying out a grand strategy or mid-level strategies include the military, diplomatic and economic resources at its disposal. These factors are not talked about in any substantive, concrete way in NSS 2006 in what purports to be a strategy. Indeed, in this 2006 strategy the role of allies great or small in US security concerns gets little in the way of specific or serious consideration.

After the Planes Leave Keflavik

One need posit no animus against Iceland in US security thinking to recognize that Iceland cannot play a measurable role unless there is recognition in US defense planning circles that Iceland has an importance that is more than sentimental. The stretching of current US military resources to near the breaking point, something the two Bush NSS documents do not even hint at, suggests that the current decline in Iceland's importance will surely continue for some time. In that case, it remains for Iceland itself to formulate a strategic conception that involves US or other NATO assets in strategic calculations.

Perhaps Iceland need not worry or take any action about security concerns, After all, Gunnar Karlsson in his recent English-language history of his country concludes his saga,

> If there is one main rule in Icelandic history, it is that victory is won by the inability to use force. The only attempt to rely on military force for its security – participation in the Western defence system – has not defended Iceland against any offensive but has caused a bitter conflict in the country and seriously damaged the people's self-image (2000, p. 365).

Karlsson may be right that Iceland need not concern itself with its own security planning or with being part of anyone else's security planning. Iceland to a large extent remains remote. But in 1629 malevolent people from what was even then a troubled part of the world made it all the way to Iceland to carry out a raid against which the country had no defense. There

are still unhappy, vengeful people in far away parts of the world who will attack anywhere and it's a lot easier to get around now.

Bibliography

Cohen, E. (2004). History and the Hyperpower. *Foreign Affairs*, *83*(4), 49-63.

Gaddis, J. L. (2004). *Surprise, Security, and the American Experience*. Cambridge, Massachusetts: Harvard.

Gaddis, J. L. (2005). Grand Strategy in the Second Term. *Foreign Affairs*, *84*(1), 2-15.

Gordon, P. (2006). The End of the Bush Revolution. *Foreign Affairs*, *85*(4), 75-86.

Ikenberry, J. (2002). America's Imperial Ambition. *Foreign Affairs*, *81*(5), 44-60.

Kaplan, F. (2006). Rumsfeld Surrenders: The QDR dashes his dream of military transformation. *Slate*, 03 February.

Kaplan, R. D. (2006) Fighting the Taliban from Las Vegas. *The Atlantic Monthly*, *298*(3), 81-92.

Karlsson, G. (2000). *Iceland's 1100 Years: History of a Marginal Society*. London: Hurst & Co.

Knight, C. (2002). *Essential Elements Missing in the National Security Strategy of 2002*. The Defense Strategy Review Page, http://www.comw.org/qdr/021knight.html

Korb, L. and Waldhams, C. (2006). A Critique of the Bush Administration's National Security Strategy. *Stanley Foundation Policy Analysis Brief*. June.

Posen, B. (2001/02). The Struggle Against Terrorism: Grand Strategy, Strategy, and Tactics. *International Security*, *26*(3), 33-35.

U. S. Government. *The National Security Strategy of the United States of America 2002*.

U. S. Government. *Quadrennial Defense Review Report 2006*. www.defenselink.mil/pubsd/qdr2001

U. S. Government. *The National Security Strategy of the United States of America 2006*.

Um stefnuyfirlýsingar háskóla

Ómar H. Kristmundsson

Þann 5. maí 2006 var ný stefna Háskóla Íslands samþykkt á háskólafundi en henni er ætlað að gilda fram að aldarafmæli skólans 2011. Stefnan, sem hefur verið útgefin (Háskóli Íslands, 2006), er afurð umfangsmikillar vinnu háskólasamfélagsins sem hófst formlega á haustmánuðum 2005. Við gerð hennar var notast við aðferðafræði stefnumiðaðrar stjórnunar (e. strategic management/planning). Aðferðinni er ætlað að greina stöðu skipulagsheildar gagnvart umhverfi sínu til að meta með hvaða leiðum unnt sé að tryggja henni afgerandi stöðu í samkeppnisumhverfi (Porter, 1996).

Formlegri afurð stefnumiðaðrar stjórnunar er lýst í sérstakri stefnuyfirlýsingu (e. strategic plan) sem skipta má í tvo hluta. Algengast er að fyrri hlutinn feli í sér stöðumat ásamt yfirlýsingu (e. statement) um hlutverk (e. mission), framtíðarsýn (e. vision) og grunngildi (e. core/basic values). Þau þrjú síðastnefndu eru stundum felld saman undir yfirlýstu hlutverki (e. mission statement).[1] Seinni hluti stefnuskjalsins lýsir markmiðum (goals/aim), starfsmarkmiðum (objectives, target), aðgerðum (strategies, tactics) og árangursmælikvörðum (performance measures, metrics) sem vísa til markmiða stofnunar á tilteknu starfstímabili sem jafnframt er gildistími áætlunarinnar (algengt 3-5 ár).

Hér er fjallað um nýlegar stefnuyfirlýsingar tíu háskóla. Athugunin beinist að fyrri hluta stefnuskjalanna, þ.e.a.s. yfirlýstu hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Gerð er greining á innihaldi þeirra með hliðsjón af fræðilegri umfjöllun um viðfangsefnið. Þrátt fyrir vaxandi vinsældir stefnuyfirlýsinga háskóla (Morphew og Hartley, 2006; Birnbaum, 2000) virðast fáar rannsóknir

---

[1] Ákveðin vandkvæði eru á þýðingu á þeim ensku heitum sem hér eru til umfjöllunar. Þannig er þýðing á hugtakinu "mission" sem „hlutverk" of þröng og nær ekki að lýsa þeim áhrifum sem hugtakið hefur og tengist sögulegum uppruna þess. Hugtakið „ætlunarverk" er nær því að ná merkingu þess en þar sem fyrrnefnda þýðingin hefur náð fótfestu er hún notuð hér. Algengast er að ekki sé gerður greinarmunur á "mission" og "mission statement" en a.m.k. í fræðilegri umræðu er slíkur aðgreiningur nauðsynlegur. Hér er síðarnefnda hugtakið þýtt sem yfirlýst hlutverk.

hafa verið gerðar á innihaldi þeirra og hugsanlegum áhrifum. Athugunin sem hér er greint frá er liður í því að bæta úr þeim skorti.

Um yfirlýst hlutverk, framtíðarsýn og grunngildi

Í stefnumótunarvinnu er algengast að byrjað sé á að skilgreina *hlutverk* stofnunar (Bryson, 2004; Joyce, 1999; Niven, 2003). Skilgreiningin lýsir meginviðfangsefni hennar og sérstöðu (Pearce, 1982). Hún felur í sér stutta og hnitmiðaða lýsingu á því hvað stofnunin fæst við, hverjum henni er ætlað að þjóna og hvaða þörfum hún á að mæta.

Höfundar hafa skilgreint allt að tíu efnisþætti sem finna má í lýsingum á hlutverki (Bart og Baetz, 1998). Algengast er að fram komi atvinnugrein og starfssvæði skipulagsheildar, markhópur(ar), starfshættir með vísan til grunngilda, samkeppnisleg sérstaða, framtíðarsýn og samfélagslegt hlutverk og ímynd.

Opinberar stofnanir sem starfa á grundvelli lögmætisreglunnar sækja hlutverk sitt almennt til gildandi laga og þeirra skyldna sem þar eru tilgreindar og hafa því minna svigrúm til þess að móta það sjálfar. Gera þarf greinarmun á formlegum kröfum eða skyldum (e. mandates), sem kveðið er á um í regluverki hins opinbera og eru oft ítarlegar og sértækar, og samfélagslegum tilgangi stofnunar sem kemur fram í yfirlýstu hlutverki sem stofnunin setur sér. Slíka almenna markmiðslýsingu er þó stundum að finna í lögum, sérstaklega heildarlögum (sjá t.d. markmiðslýsingu í 2. gr. nýrra laga um háskóla nr. 63/2006 sem svipar mjög til hlutverkayfirlýsinga þeirra háskóla sem hér eru til samanburðar).

Framtíðarsýn felur í sér lýsingu (gjarnan myndræna) á meginhlutverki fyrirtækis eða stofnunar í ótilgreindri framtíð. Hugtakið hefur tengst áhrifamiklum kenningum síðustu tveggja áratuga. Annars vegar er um að ræða kenningu um lærdómsstofnunina (e. learning organization) sem Peter M. Senge (1990) hefur m.a. fjallað um í bókum sínum. Hann leggur áherslu á sköpun sameiginlegrar framtíðarsýnar (e. shared vision) með þátttöku starfsfólks sem vinnur sameiginlega að því að láta hana verða að veruleika. Í kenningum um breytingaleiðtoga (e. transformational leaders) er mótun og miðlun framtíðarsýnar eitt meginhlutverka þeirra (Bennis og Nanus, 1985; Tichy og DeVanna, 1990). Hugmyndir um hlutverk frumkvöðla í stefnumótun eru af svipuðum toga (Mintzberg o.fl., 1998). Til að yfirlýst framtíðarsýn hafi tilætluð áhrif þarf hún að vera aðgengileg, sýnileg og eftirminnileg (Bart, 2001). Til að gera framtíðarsýn minnistæða þarf oft

grípandi einkunnarorð sem „loða við“ stefnuyfirlýsinguna (sjá umfjöllun Gladwell [2000] um “stickiness factor”, nærtækt dæmi eru eftirminnileg einkunnarorð í nýrri stefnu HÍ „að vera meðal 100 bestu háskóla í heimi“).

Deila má um hvað opinberar stofnanir hafi mikið svigrúm til að móta sína eigin framtíðarsýn en augljóst er að hún verður að vera innan ramma þess hlutverks sem kveðið er á um í lögum um stofnunina. Hafa ber í huga að stefnuskjöl stofnanan eru að jafnaði unnin í samvinnu við stjórnvöld eða samþykkt af þeim.

Grunngildi lýsa því hvernig unnið er innan stofnunar eða fyrirtækis. Þau fela í sér þau norm sem gilda um þjónustu, vinnubrögð og samstarf (Niven, 2003). Slík grunngildi koma fram í siðareglum stofnana og starfshópa (í hugtökum eins og ráðvendni, ósérhlífni, gegnsæi og hlutleysi).

Vaxandi vinsældir hlutverkalýsinga í stefnuskjölum allt frá því Drucker skrifaði um mikilvægi þeirra í einu af sínum þekktu ritum fyrir þremur áratugum (1974) benda til þess almenna viðhorfs að þær geti beint eða óbeint haft jákvæð áhrif á árangur eða frammistöðu skipulagsheilda. Það viðhorf þarf þó ekki að mótast af reynslu eða rannsóknarniðurstöðum frekar en innleiðing margvíslegra nýrra stjórnunartækja sem fyrirtæki og stofnanir taka upp til að „tolla í tískunni“ (Kristmundsson, 2003; Birnbaum, 2000).

Rannsóknir á gagnsemi yfirlýsinga um hlutverk, framtíðarsýn og gildi hafa beinst að þremur sviðum (Bartkus o.fl., 2006; Bart og Baetz, 1998):

1. Að skoða hvort og þá hvernig fjallað er um hagsmunaaðila í yfirlýsingunni (svo sem viðskiptavini, starfsfólk og fjárfesta). Þá er gert ráð fyrir að með því að tilgreina hagsmunaaðila séu stjórnendur skuldbundnir til að einskorða sig betur að því að sinna þörfum þeirra.
2. Að skoða hvort tiltekna efnisþætti sé að finna í yfirlýsingunni. Hér er hugmyndin sú eins og áður að með því að tiltaka ákveðna efnisþætti, sem allir eru taldir mikilvægir fyrir frammistöðu stofnunarinnar, séu stjórnendur skuldbundnir að gefa hverjum og einum stjórnunarlegt vægi.
3. Að skoða notagildi yfirlýsingar með hliðsjón af upphaflegum tilgangi hennar. Hann getur verið margs konar: Í fyrsta lagi að vera opinber yfirlýsing um hvert stofnunin stefni. Það geti verið mikilvægt gagnvart samkeppnisumhverfi hennar. Í öðru lagi að veita aðhald með því að skilgreina „mörk“ stofnunarinnar sem þá kemur í veg fyrir að hún fari út fyrir starfssvið sitt. Í þriðja lagi að auðvelda starfsfólki að taka ákvarðanir með vísan til þeirra starfsreglna eða grunngilda sem endurspeglast í hlutverkayfirlýsingu, t.d. siðferðis-

legar ákvarðanir. Í fjórða lagi að hvetja, hrífa og skapa samstöðu meðal starfsfólks. Í þessu sambandi er bent á að ferli við gerð stefnuyfirlýsinga, þar á meðal þátttaka hagsmunaaðila, geti haft sjálfstæðan tilgang. Hér er ekki síst vísað til framtíðarsýnar (sjá hér að ofan).

Niðurstöður fræðimanna sem skoðað hafa þessi þrjú svið eru ekki samhljóða. Af þeim má þó draga a.m.k. þrjár almennar ályktanir:

1. Til að koma á framfæri markaðslegri sérstöðu (e. competitive orientation/distinctiveness) og þannig auka samkeppnishæfni fyrirtækis þarf innihald yfirlýsingar að vera efnislega sérstakt og frábrugðið samkeppnisaðilanum (sjá t.d. Peyrefitte og David, 2006; Bart og Hupfer, 2004).
2. Í samræmi við hin þekktu lögmál breytingastjórnunar (sjá t.d. Kotter, 1996) er greinanlegt samband milli viðhorfa hagsmunaaðila til mikilvægis yfirlýsinga og þess hvernig þeir komu að gerð hennar (Bart, 2000; Bart og Baetz, 1998).
3. Miðlun og aðgengileiki yfirlýsinga skiptir veigamiklu máli sbr. umfjöllun um framtíðarsýn hér að ofan (sjá t.d. Bart, 2001; Weiss og Piderit, 1999; Morphrew og Hartley, 2006). Þær geta einnig haft mikilvægt almennt upplýsingagildi fyrir ytri hagsmunaaðila á sama hátt og ársskýrslur og annað kynningarefni.

Aðferð

Til að skoða innihald yfirlýsinga háskóla voru valdar stefnuyfirlýsingar tíu háskóla í átta ríkjum og þremur heimsálfum (sjá töflu 1). Metið var hvaða þættir það eru sem einkenna þessar yfirlýsingar og breytileiki þeirra innbyrðis skoðaður.

Tafla 1. Háskólar í samanburði

	Skóli	Land	Gildistaka stefnuskjals
1.	Purdue University	Bandaríkin	2001
2.	Lund Universitet	Svíþjóð	2002
3.	Oregon State University	Bandaríkin	2003
4.	Kent State University	Bandaríkin	2004
5.	University of Melbourne	Ástralía	2004
6.	LSE	Bretland	2005
7.	Universitet i Oslo	Noregur	2005
8.	Københavns Universitet*	Danmörk	2005
9.	University of Helsinki	Finnland	2006
10.	Háskóli Íslands	Ísland	2006

* Stefnuskjal skólans kallast "Udviklingskontrakt for 2005" sem er samningur milli skólans og menntamálaráðuneytisins gerður á grundvelli svokallaðrar samningsstjórnunar. Innihald samnings felur í sér flesta efnisþætti stefnumarkandi áætlana og er því með í samanburðinum.

Þeir háskólar sem hér eru til samanburðar voru valdir á grundvelli eftirfarandi forsendna:

1. Að valið endurspeglaði umtalsverða landfræðilega dreifingu til að unnt væri að meta hugsanlegan landfræðilegan mun. Eins og áður segir er um að ræða stefnuskjöl skóla í átta ríkjum í þremur heimsálfum.
2. Að stefnuyfirlýsingar væru nýlegar. Líklegt er að slík gögn hafi tekið breytingum á síðustu tveimur áratugum, bæði að formi og innihaldi. Því er mikilvægt að yfirlýsingarnar hafi tekið gildi á svipuðum tíma. Elsta stefnuskjalið tók gildi 2001 en það nýjasta 2006. Öll nema eitt þeirra eru enn í gildi.
3. Að valið tæki til norrænna háskóla. Þetta var talið mikilvægt til að skapa mótvægi við stefnuyfirlýsingar engilssaxneska háskóla, þar sem stjórnunarlegar hefðir eru nokkuð frábrugðnar. Skoðuð voru stefnuskjöl frá hverju hinna fimm Norðurlanda.
4. Eingöngu voru valdar stefnuyfirlýsingar sem tóku til skóla í heild ekki einstakra deilda eða stoðeininga.

Háskólar voru ekki valdir með hliðsjón af eignar- eða rekstrarformi. Alls níu af tíu eru ríkisháskólar og allir fá verulegar hluta tekna sinna frá hinu opinbera. Í öllum tilvikum hafa skólarnir rannsóknarhlutverki að gegna. Öll

stefnuskjölin voru aðgengileg á vefnum. Vefslóðir skjalanna er að finna í lok greinarinnar.

Við innihaldsgreiningu var höfð til hliðsjónar þekkt flokkun Pearce og David (1987) en efnisþættir þó sameinaðir og fækkað úr átta í sex. Þeir eru eftirfarandi:

1. Hverjum er verið að þjóna? Hér er átt við hverjir séu viðskiptavinir fyrirtækis eða stofnunar (með viðskiptavinum er hér átt við alla þá sem nýta sér þjónustu stofnunar) og „markaðssvæði".
2. Í hverju felst þjónusta eða framleiðsla stofnunar? Við hvað fæst hún og hvaða „tækni" er notuð í þessum tilgangi?
3. Hvert er samfélagslegt hlutverk hennar?
4. Hver er framtíðarsýn stofnunar sem er ætlað að tryggja nauðsynlegan vöxt, þróun og árangur hennar?
5. Hver eru grunngildin sem móta starfshætti stofnunar?
6. Í hverju felst sérstaða stofnunar (distinctive competence) sem meta skal út frá samanburði á þáttum 1-5?

Niðurstöður og umræða

Í töflu 2 kemur fram samantekt á þeim fimm þáttum sem skoðaðir voru við innihaldsgreiningu hinna tíu stefnuyfirlýsinga. Hér að neðan er fjallað stuttlega um hvern þeirra og dæmi tekin (undirstrikun er höfundar).

Tafla 2. Innihaldsgreining stefnuskjala

	Skóli	(a)	(b)	(c)	(d)	(e)
1.	Purdue University	3	3	3	3	3
2.	Lund Universitet	2	3	3	3	3
3.	Oregon State University	2*	3	3	3	3
4.	Kent State University	2	3	3	3	3
5.	University of Melbourne	2*	3*	3	3	3
6.	LSE	2	3	3	1	3
7.	Universitet i Oslo	2	3	3	2	2
8.	Københavns Universitet*	2	3	3	3	1
9.	University of Helsinki	2	3	3	3	3
10.	Háskóli Íslands	2*	3	3	3	3

Skýringar: (a) Hverjum er verið að þjóna, „viðskiptavinir" (b) Tegund þjónustu (c) Samfélagslegt hlutverk (d) Framtíðarsýn (e) Grunngildi. 1: Efnisatriði ekki að finna í yfirlýsingu.
2: Efnisatriði að finna en ekki sérstaklega afmarkað með fyrirsögn eða annarri merkingu.
3: Efnisatriði afmarkað með fyrirsögn eða annarri merkingu. *Að finna í lýsingu á framtíðarsýn.

Taflan sýnir að hina fimm efnisþætti í yfirlýstu hlutverki er alla að finna hjá átta háskólum af tíu. Í stefnuyfirlýsingu LSE vantar yfirlýsta framtíðarsýn og í stefnuyfirlýsingu Háskólans í Kaupmannahöfn eru ekki tilgreind grunngildi. Ef frá er talin lýsing á ytri hagsmunaaðilum eru efnisþættirnar allir sérstaklega afmarkaðir í stefnuskjali svo sem með fyrirsögn. Hér á eftir verður fjallað stuttlega um innihald hvers efnisþáttar.

Hjá öllum háskólunum kemur fram í lýsingu á hlutverki eða framtíðarsýn hverjum þeir þjóna en algengast er að auk nemenda sé vísað til samfélagsins, borgaranna, hins opinbera og einkaaðila. Ekki er notað hugtakið „viðskiptavinur" og ekki tilgreindir markhópar (aðrir en nemendur) eins og algengast er meðal einkafyrirtækja.

Dæmi 1. "To best serve the people of Oregon, Oregon State University will be among the Top 10 land grant institutions in America." (Oregon State University e.d., bls. 3).

Dæmi 2. „Til að þjóna íslensku samfélagi..." (Háskóli Íslands, 2006, bls. 5).

Dæmi 3. "The fundamental purpose of the London School of Economics and Political Science is to … promoting its work to policy makers and practitioners in the public, private and voluntary sectors." (London School of Economic and Political Science (e.d.), bls. 7).

Annar efnisþáttur hlutverkalýsinga lýtur að viðfangsefni skipulagsheildar, í hverju þjónusta hennar felst. Lýsing háskólanna er að mestu samhljóða og ekki ófyrirséð: Öflun nýrrar þekkingar með rannsóknum, nám og miðlun til samfélagsins.

Dæmi 4. "This declares that the University shall provide education based on a scientific or artistic foundation and on proven experience, and that the University shall pursue research and development in artistic and other fields. In addition, the University shall interact with the surrounding society and inform about its work." (Lund University, 2001, bls. 4).

Dæmi 5. "It generates innovative scholarly thinking and new knowledge through research of an international standard and research-based education and cooperation. It also relays research information to Finnish society for the well-being of the nation." (University of Helsinki, 2006, bls. 64).

Lýsingu á samfélagslegu hlutverki er að finna í stefnuyfirlýsingum allra skólanna. Í athugun Peyrefitte og David (2006) á yfirlýstum hlutverkum 57 bandarískra fyrirtækja í fjármálaviðskiptum, tölvuiðnaði og matvælaframleiðslu kom í ljós að þessi efnisþáttur kom eingöngu fyrir hjá þriðjungi

þeirra. Dæmi 1 til 5 sýna hið mikla vægi sem háskólar leggja á samfélagslegt hlutverk sitt.

Í stefnuskjölum háskólanna er algengast að fjallað sé um framtíðarsýn í beinu framhaldi af hlutverki, jafnvel í sitt hvorri málsgreininni í sama kafla (sjá t.d. University of Helsinki). Framtíðarsýn skólanna lýsir háleitum og metnaðarfullum markmiðum, lýsingarorð eru í efstastigi eða nafnorð notuð til að lýsa yfirburðum skólanna í framtíðinni.

Dæmi 6. "Det er Københavns Universitets vision at opretholde en høj kvalitet i forskning og uddannelse således at universitetet kan bevare eller forbedre sin position blandt de bedste universiteter i Europa" (Københavns Universitet, 2004, bls. 4).

Dæmi 7. "Purdue will be a preeminent university, advancing quality in all areas while leading the world in the basic and applied sciences and engineering." (Purdue University 2001, bls. 6).

Dæmi 8. "The Melbourne Agenda. Making Melbourne one of the finest universities in the World." (The University of Melbourne (e.d.), bls. 2).

Dæmi: 9. „Til að þjóna sem best íslensku samfélagi hefur Háskóli Íslands sett sér það langtímamarkmið að vera meðal 100 bestu háskóla í heimi." (Háskóli Íslands, 2006, bls. 29).

Dæmi 10. "Universitetet i Oslo skal være Norges fremste allmennvitenskapelige universitet, med nasjonalt ledende og internasjonalt vel anerkjente fagmiljøer . . . . " (Universitetet i Oslo (e.d.), bls. 4).

Hjá öllum skólunum nema einum eru grunngildi tilgreind í stefnuskjölunum. Til samanburðar tilgreindi rúmur þriðjungur bandarískra fyrirtækja þennan þátt (Peyrefitte og David, 2006). Lítill breytileiki er í grunngildum og framtíðarsýn háskólanna. Lögð er áhersla á grunngildi eins og akademískt frelsi, þátttöku, fjölbreytileika, heilindi, jafnrétti og samfélagslega ábyrgð.

Í stuttu máli sýna ofangreindar niðurstöður að í yfirlýstum hlutverkum þeirra háskóla sem hér eru til samanburðar er að finna alla þá þætti sem talið er að einkenni árangursríkar yfirlýsingar (Pearce og David, 1987). Þær eru þó frábrugðnar yfirlýsingum einkafyrirtækja sem skýrist einfaldlega af starfssviði skólanna. Sérstaðan felst m.a. í vægi hins samfélagslega hlutverks háskólanna í yfirlýsingunum sem ekki er áberandi meðal einkafyrirtækja.

Lítinn breytileika er unnt að greina á innihaldi hinna yfirlýstu hlutverka. Áhersluatriði og jafnvel orðalag er keimlíkt, áhersla er lögð á samfélagslegt hlutverk skólanna, framtíðarsýn beinist að því skapa skólum forskot og forystu og að mestu er samhljómur milli þeirra grunngilda sem fram koma í stefnuyfirlýsingunum. Þessi litli breytileiki á yfirlýstum hlutverkum er

eftirtektarverður með hliðsjón af því að um er að ræða tíu háskóla sem starfa víða um heim. Kenning DiMaggio og Powell (1983) um einslögun stofnana (e. institutional isomorphism) lýsir tilhneigingu stofnana í sama starfsumhverfi til að líkjast hver annarri sérstaklega þegar óvissa ríkir í starfsumhverfi stofnunar eða samkeppni fer vaxandi. Kenningin virðist lýsa vel ofangreindum einkennum þeirra stefnuyfirlýsinga sem hér eru til skoðunar.

Hugsanlegt er að tilhneiging til einsleitni sé meira áberandi meðal háskólastofnana en annarra stofnana. Háskólar eru venjulega fjölmennar stofnanir með margar sjálfstæðar starfseiningar með ólík sjónarmið og stofnanamenningu. Algengt er að hið fjölmenna háskólasamfélag hafi bein eða óbein áhrif á ákvarðanatöku innan skólanna. Ytri hagsmunaaðilar eru auk nemenda stjórnvöld sem þrátt fyrir sjálfstæði skólanna hafa áhrif á starfsemi þeirra með fjárveitingum sínum. Þetta getur leitt til þess að erfiðara sé að ná samstöðu um efni stefnuyfirlýsinga nema í þeim felist mjög almenn óumdeild markmið. Í staðinn verði stefnuyfirlýsingar einsleitar og án þeirrar „stefnuskerpu“ sem unnt sé að greina hjá öðrum tegundum stofnana eða fyrirtækja.

Þvert á þá tilhneigingu til „einslögunar“ sem stefnuskjöl umræddra háskóla lýsa er það sjónarmið áberandi að áherslur stofnana, sem t.a.m. koma fram í stefnuskjölum, þurfi að vera frábrugðnar og sérstakar til að tryggja það samkeppnisforskot sem venjulega er lýst í framtíðarsýn þeirra (sjá t.d. Peyrefitte og David, 2006). Aðrir benda á að jafnvægi þurfi að vera milli þessara tveggja sjónarmiða (Deephouse, 1999).

Af ofangreindu er freistandi að draga þá ályktun að innihald stefnuyfirlýsinga skipti minna máli en stefnuferlið sjálft, hvernig unnið er að gerð slíkra yfirlýsinga svo sem hvort helstu hagsmunaðilar taki þátt eða hvort þær séu bundnar við þröngan hóp æðstu stjórnenda. Þessi ályktun er í samræmi við vaxandi fjölda rannsóknarniðurstaðna sem lýsir þessari þátttöku sem mikilvægu lærdómsferli. Að sama skapi virðist markviss miðlun, framsetning og aðgengileiki stuðlað að því að hagsmunaaðilar tileinki sér stefnuyfirlýsinguna.

Heimildir

Bart, C. K. (2000). Mission statements in Canadian not-for-profit hospitals: Does process matter? *Health Care Management Review, 25*(2), 45.

Bart, C. K. (2001). Exploring the application of mission statements on the World Wide Web. *Internet Research, 11*(4), 360.

Bart, C. K. & Hupfer, M. (2004). Mission statements in Canadian hospitals. *Journal of Health Organization and Management, 18*(2/3), 92.

Bart, C. K. & Baetz, M. C. (1998). The Relationship Between Mission Statements and Firm Performance: An Exploratory Study. *Journal of Management Studies, 35*(6), 823-853.

Bartkus, B., Glassman, M. & McAfee, B. (2006). Mission Statement Quality and Financial Performance. *European Management Journal, 24*(1), 86.

Bennis, W. G. & Nanus, B. (1985). *Leaders: the strategies for taking charge* (1st ed.). New York: Harper & Row.

Birnbaum, R. (2000). The life cycle of academic management fads. *The Journal of Higher Education, 71*(1), 1.

Bryson, J. M. (2004). *Strategic Planning for Public and Nonprofit Organization* (3rd. edition ed.). San Francisco: Jossey-Bass Publishers.

Deephouse, D. L. (1999). To be different, or to be the same? It's a question (and theory) of strategic balance. *Strategic Management Journal, 20*(2), 147.

DiMaggio, P. J. & Powell, W.W. (1983). Institutional Isomorphism. *American Sociological Review*, *48*, 147-60.

Drucker, P. F. (1974). *Management: tasks, responsibilities, practices* ([1st ed.). New York: Harper & Row.

Gladwell, M. (2000). *The tipping point: how little things can make a big difference* (1st ed.). Boston: Little, Brown.

Joyce, P. (1999). *Strategic management for the public services*. Buckingham; Philadelphia, PA: Open University Press.

Kotter, J. P. (1996). *Leading change*. Boston, Mass.: Harvard Business School Press.

Kristmundsson, Ó. H. (2003). *Reinventing Government in Iceland. A Case Study of Public Management Reform*. Reykjavik: University of Iceland Press.

Mintzberg, H., Ahlstrand, B. W. & Lampel, J. (1998). *Strategy safari: a guided tour through the wilds of strategic management*. New York: Free Press.

Morphew, C., C. & Hartley, M. (2006). Mission Statements: A Thematic Analysis of Rhetoric Across Institutional Type. *The Journal of Higher Education, 77*(3), 456.

Niven, P. R. (2003). *Balanced scorecard step-by-step for government and nonprofit agencies*. Hoboken, N.J.: Wiley.

Pearce, I. J. A. (1982). The Company Mission As a Strategic Tool. *Sloan Management Review (pre-1986), 23*(3), 15.

Pearce, J. A. II. & David, F. (1987). Corporate Mission Statements: The Bottom Line. *The Academy of Management Executive, 1*(2), 109.

Peyrefitte, J. & Forest, R. D. (2006). A Content Analysis of the Mission Statements of United States Firms in Four Industries. *International Journal of Management, 23*(2), 296.

Porter, M. E. (1996). What is strategy? *Harvard Business Review, 74*(6), 61.
Senge, P. M. (1990). *The fifth discipline: the art and practice of the learning organization* (1st ed.). New York: Doubleday/Currency.
Tichy, N. M. & Devanna, M. A. (1986). *The transformational leader*. New York: Wiley.
Weiss, J. A. & Piderit, S. K. (1999). The value of mission statements in public agencies. *Journal of Public Administration Research and Theory, 9*(2), 193.

Stefnuskjöl háskóla

1. Purdue University. (2001). *The Next Level: Preeminence. Strategic Plan for 2001-2006*. Sótt 10.1.2006 af http://www.purdue.edu/strategic_plan/.
2. Lund University. (e.d.). *Strategic plan 2002-2006*. Sótt 1.3.2006 af http://www.lu.se/o.o.i.s/4153..
3. Oregon State University. (e.d.). *A Strategic Plan for the 21st. Century*. Sótt 17.3.2006 af http://oregonstate.edu/leadership/strategicplan/.
4. Kent State University. (2004). Kent State University Strategic Plan. Sótt 20.1.2006 af http://www.kent.edu/Administration/strateg_init/StrategicPlan/.
5. The University of Melbourne. (2004). *Strategic Plan Perspective 2004* Sótt 10.1.2006 http://www.unimelb.edu.au/publications/docs/strategic_plan2004.pdf.
6. The London School of Economics and Political Science. (e.d.). *Strategic Plan 2005-2010*. Sótt 10.1.2006 af http://www.lse.ac.uk/collections/PIMU/strategicPlanningAtLSE.htm.
7. Universitetet i Oslo. (e.d.). *Strategisk plan for Universitetet i Oslo 2005-2009*. Sótt 1.3.2006 af http://www.uio.no/om_uio/strategiskplan/2005-2009/.
8. Københavs Universitet. (2004). *Udviklingskontrakt for 2005*. Sótt 1.3.2006 af http://www.ku.dk/ledelse/udviklingskontrakt/.
9. University of Helsinki. (e.d.). *Strategic Plan of the University of Helsinki* 2007-2009. Sótt 10.8.2006 af http://www.helsinki.fi/inbrief/strategy/index.html.
10. Háskóli Íslands. (e.d.). *Stefna Háskóla Íslands 2006-2011*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Lýðræði eða lögmæti; samanburður á tveimur sjónarhornum*

Úlfar Hauksson

Óhætt er að fullyrða að lýðræði sem stjórnarform hefur aldrei verið vinsælla en nú. Fjölgun lýðræðisríkja ber þess glöggt vitni en þeim hefur fjölgað um ríflega helming á síðastliðnum 30 árum og gróin lýðræðisríki hafa viðhaldið lýðræðislegum stofnunum sínum. Þessi bjartsýnistónn sem slegin er í bók Anthony Giddens (2002) – *Runaway World* – er þvert á hrakspár sem hafðar voru uppi fyrir um 30 árum – eða árið 1975 – um framtíð lýðræðis sem stjórnarforms í bók þeirra Michel J. Crozier, Samuel P. Huntington og Joji Watanuki (1975) – *The Crisis of Democracy*. Í bókinni er m.a. vitnað í ummæli Willy Brandt í *The New York Times* rétt áður en hann lét af kanslaraembætti Vestur-Þýskalands. Hann sagðist sjá fyrir sér að lýðræðislegt stjórnarform í Vestur-Evrópu myndi heyra sögunni til eftir u.þ.b. 20-30 ár. Við tæki alræðisstjórn í formi klíkustjórnar eða herstjórnar. Nú eru sjálfsagt einhverjir á því að spádómur kanslarans fyrrverandi hafi ræst eða sé við það að rætast. Það sé eitt og annað rotið við stjórnarhætti Evrópuríkja; að þau séu ofurseld ólýðræðislegri klíkustjórn. Flestir myndu þó líklega telja full djúpt í árinna tekið – engin ástæða sé til að gefa út dánarvottorð á lýðræðið. Margir eru þó þeirrar skoðunar að lýðræði eigi í ákveðinni kreppu sem birtist í minnkandi kosningaþátttöku og að dregið hafi úr trausti almennings á stjórnmála-mönnum og stofnunum samfélagsins. Rannsóknir sýna þó að yfir 90 af hundraði íbúa í Vestur-Evrópu eru hlynntir lýðræði sem stjórnarformi og að áhugi á stjórnmálum fer síst minnkandi þrátt fyrir að dregið hafi úr kosningaþátttöku (Giddens, 2002; Úlfar Hauksson, 2005).

Lýðræði gengur út frá því að hið pólitíska vald sé í höndum almennra borgara. Lýðræðishugmyndin hefur hins vegar þróast með tímanum og má segja að hún hafi lagað sig að þörfum samtímans. Nú á tímum er leitun af lýðræðiskerfi þar sem almenningur tekur beinan þátt í pólitískum

* Þessi grein er hluti af doktorsverkefni höfundar og er styrkt af Rannsóknarnámssjóði Rannís.

ákvörðunum frá degi til dags. Slíkt þykir of erfitt í framkvæmd, óskilvirkt og er háð ákveðnum skilyrðum. Stjórnsýslueiningar þurfa að vera litlar, úrlausnarefnin þurfa að vera einföld og það þarf að ríkja fullur jöfnuður á milli kjósenda (Held, 1996; Gunnar Helgi Kristinsson, 2006). Nútíma samfélög þykja of flókin fyrir slíkt fyrirkomulag. Svar nútímaríkisins við þessum vanda er fulltrúalýðræði þar sem kjósendur velja fulltrúa til að fara tímabundið með valdið í sínu umboði. John Stuart Mill taldi að fulltrúalýðræði væri skársta tegund lýðræðis sem völ væri á. Ásættanlegt sé að kjósendur framselji vald sitt að því tilskildu að umboðið sé afturkræft og að fyrir hendi sé umgjörð sem veiti stjórnvöldum virkt aðhald. Fulltrúakerfi ásamt málfrelsi og frjálsum fjölmiðlum sé best til þess fallið að skapa þá umgjörð sem þarf til að hafa taumhald á valdhöfum og tryggja bestu útkomu fyrir sem flesta. Mill hélt því fram að það væri enginn kostur betri en fulltrúaræði þrátt fyrir galla þess (Dahl, 1998).

Lýðræði er aðferð til að skipuleggja þjóðfélög og í lýðræðisþjóðfélögum er almennt er litið svo á að ákvarðanir sem teknar eru og snerta almenning á einn eða annan hátt eigi að endurspegla vilja og hagsmuni lýðsins – lýðurinn ræður. Margar kenningar hafa verið settar fram um lýðræði og margar hverjar eru mjög gagnrýnar á það fulltrúalýðræði sem flestar þjóðir búa við og kenna sig við lýðræðislega stjórnarhætti. Lýðræði er hugtak sem menn verða seint sammála um hvað þýði nákvæmlega. Það ríkir m.ö.o. ekki einhugur um það hvernig framfylgja á lýðræðishugsjóninni og á það bæði við innan þjóðríkisins og á alþjóðlegum vettvangi. Þrátt fyrir að flestir séu sammála um að lýðræði sem hugmyndafræði sé gott og gilt er deilt um gæði lýðræðis og hvernig best sé að framfylgja því – það er því ekki til nein algild skilgreining á hugtakinu (Beetham, 2005; Dahl, 1956; Dahl & Tufte, 1973; Held, 1996; Lijphart, 1999).

Innan stjórnmálafræðinnar er mikil gerjun í kringum þá umbreytingu sem er að eiga sér stað núna, þ.e. útvíkkun lýðræðisins og framsal á valdi út fyrir mörk þjóðríkisins. Margir kjósa að kalla þessa þróun "post-modern democracy" eða "multi-level governance" þar sem alþjóðlegar stofnanir hafa völd til að taka bindandi ákvarðanir (Held, 2003; Mény, 2002).

Eitt skýrasta dæmið um valdaframsal þjóðríkja er Evrópusambandið. Á vettvangi sambandsins eru teknar mikilvægar ákvarðanir innan stofnana sem gagnrýnendum þykja skorta beint lýðræðislegt umboð, lögmæti og taumhald frá kjósendum. Evrópusambandið er því oft tekið sem erkidæmi um svokallaðan lýðræðishalla (*democratic deficit*). Allt frá því að stjórnmálafræðingurinn David Marquand lýsti því yfir á áttunda áratugnum að bandalagið væri haldið lýðræðishalla hefur sú umræða haldið áfram og því

haldið fram að meintur halli muni ágerast samfara flóknara samfélagi (Mény, 2002). Gagnrýnin hefur ekki einungis komið frá andstæðingum Evrópusamrunans heldur má finna hana hjá mörgum fræðimönnum og innan evrópska stjórnkerfisins (Moravcsik, 2004). Gallinn við umræðuna er þó einkum sá að ekki eru til staðar nein algild viðmið um í hverju lýðræðishalli Evrópusambandsins felst (Lord, 2001). Að auki hefur verið bent á að lýðræðishalli nær einnig inn fyrir landamæri þjóðríkja þar sem ýmsar stofnanir í innsta kjarna ákvarðanatökuferlisins skortir beint lýðræðislegt umboð og þar af leiðandi taumhald (Majone, 1999, 1994). Ljóst er að fjarlægðin frá uppsprettu valdsins, þ.e. frá almenningi til þeirra sem raunverulega fara með valdið, er mörgum áhyggjuefni. Að sama skapi er engin eining um tilveru og birtingarform meints lýðræðishalla sem sýnir enn frekar hve ólíkan skilning menn leggja í hugtakið lýðræði.

Þessi þróun vekur upp áleitnar spurningar varðandi lýðræðislegt lögmæti slíks valdaframsals. Hér að neðan verður valdaframsalskeðjan og hugmyndin um ábyrgð/fyrirsvar valdhafa (*Chain of delegation and accountability*) greind annars vegar út frá kenningu um umbjóðendur og fulltrúa (*Principal agent theory*) og hins vegar kenningu um trúverðugleika, traust og lögmæti (*fiduciary principle*).

Umboðskenningin

Umboðskenningin (*principal-agent theory*) var upphaflega sett fram til að lýsa tengslum aðila í viðskiptalífinu, þ.e. tengslum eigenda/hluthafa fyrirtækja og stjórnenda þeirra. Kenningin lýsir ýmsum vandamálum sem komið geta upp í samskiptum umboðsveitenda (hluthafa) og umboðsþega (stjórnenda). Kenningin hefur í seinni tíð verið afar vinsæl í heimi stjórnmálafræðinnar og verið óspart notuð til að útskýra tengsl umbjóðenda (*principal*) í fulltrúalýðræði við fulltrúa (*agent*) sína. Fulltrúalýðræði er í raun keðja valdaframsals (*chain of delegation*) frá kjósendum til þeirra sem stjórna. Í þessari keðju tilnefna umbjóðendurnir fulltrúa til að starfa í þeirra nafni. Líkt og í heimi viðskiptanna geta komið upp ýmis ófyrirséð álitamál í tengslum við valdaframsal í lýðræðisríkjum. Álitamál sem snúa einkum að ábyrgð eða fyrirsvari fulltrúa gagnvart umbjóðendum sínum og nánar verður vikið að síðar. Í umboðskenningunni er því sjónum beint að framsali valds, ábyrgð valdhafa og taumhaldi umbjóðenda gagnvart þeim (Bergman & Strøm, 2004; Strøm, 2000; Rasmussen, 2005).

Hugsunin að baki umboðskenningarinnar er að móta ramma til að varpa ljósi á valdaframsal og ábyrgðarskyldu við raunaðstæður. Nálgunin er staðalímynd þingræðis. Í skrifum Kaare Strøm, (2000) kemur fram að meðal lýðræðisríkja sé þingræðisreglan (*parliamentary democracy*) útbreiddasta stjórnarformið en um þriðjungur íbúa jarðarinnar býr við slíka skipan mála. Strøm telur hins vegar að þingræðisformið, sem birtingarform fulltrúalýðræðis, sé meira dáð en skilið, þ.e. að það skorti verulega á skilning lærðra sem leikinna á fyrirbærinu.

Eins og kom fram hér að ofan snýst umboðskenningin öðru fremur um ábyrgð fulltrúa og taumhald umbjóðenda. Kenningin leggur mikla áherslu á gagnvirkni á milli umbjóðenda og fulltrúa og að þeir sem fara með valdið beri ábyrgð gangvart umbjóðendum sínum (*delegation and accountability*). Til að umboðskeðjan geti talist lýðræðisleg þarf hún að uppfylla ströng skilyrði um gagnvirkni (Bergman & Strøm, 2004; Strøm, 2000; Lupia & McCubbins, 2000). Í kenningunni er því lögð áhersla á takmarkað og afturkræft valdaafsal umbjóðenda til fulltrúa sem hafa þá skýrt umboð og eru ábyrgir/í fyrirsvari gagnvart umboðsveitendum.

Í fulltrúalýðræði eru kjósendur frumumbjóðandi. Þeir velja fulltrúa sína á löggjafasamkundu og veita þeim tímabundið umboð og er það fyrsti hlekkurinn í umboðskeðjunni. Kjósendur geta síðan beitt refsivendi sínum á fulltrúana og svift þá umboðinu eða veitt þeim áframhaldandi brautargengi með atkvæði sínu í reglubundnum kosningum. Taumhalds- og eftirlitshlutverk almennings sem frumumbjóðenda felst því á endanum í atkvæðisréttinum. Næsti hlekkur í keðjunni snýst um samband þjóðþings og framkvæmdavalds. Í þingræðisríkjum er því svo komið að framkvæmdavaldið – ríkisstjórnin – fær ekki starfað nema í umboði þingsins. Þingið framselur því í raun framkvæmdavaldið til ríkisstjórnar og er þar með umbjóðandi (*principal*) framkvæmdavaldsins sem er þá fulltrúi (*agent*) þingsins. Framkvæmdavaldið í þingræðisríkjum sækir ekki umboð sitt með beinum hætti til kjósenda heldur byggir lýðræðislegur grunnur framkvæmdavaldsins á tengingu við þjóðþingið. Eftirlitshlutverk þings gagnvart framkvæmdavaldi er af þessum sökum víðtækt og eitt megin hlutverk þjóðþinga er að hafa virkt eftirlit og taumhald með framkvæmdavaldinu (Gunnar Helgi Kristinsson, 1994). Innan framkvæmdavaldsins á sér síðan stað framsal á valdi til umfangsmikils embættismannakerfis og bætist þar við enn einn hlekkurinn í umboðskeðjuna. Ráðherrar eru þá í hlutverki umbjóðenda embættismanna sem aftur eru fulltrúar ráðherra og ríkisstjórnar (Majone, 1999, 1994; Bergman & Strøm, 2004; Strøm, 2000; Huber, 2000). Embættismenn hafa því óskýrt lýðræðislegt umboð og ef til kastanna kemur er taumhald ráðherra

á embættismönnum tiltölulega veikt. Almennt gildir sú regla að ráðherra getur ekki vikið embættismönnum úr starfi nema um alvarlega yfirsjón sé að ræða og að undangenginni áminningu (Gunnar Helgi Kristinsson, 2006, 1994). Í grunninn er hugsunin sú að embættiskerfið sé sjálfstætt og óháð pólitískum duttlungum stjórnmálamanna. Samskipti ráðherra og embættismanna byggja því mikið til á trúnaði, trausti og fagmennsku.

Framsal valds út fyrir mörk þjóðríkisins til alþjóðlegra stofnanna er enn einn hlekkurinn í umboðskeðjunni. Evrópusambandið ber þar oft á góma enda sú stofnun sem þjóðríki hafa veitt hvað mest ákvarðanatökuvald og eru aðildarríkin skuldbundin ákvörðunum sem lögfestar eru á vettvangi sambandsins. Evrópusambandið er í grunninn yfirþjóðleg stofnun sem hefur, líkt og embættismannakerfi þjóðríkja, óskýrt lýðræðislegt umboð (Majone, 2001; Bergman, 2000).

Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að sjálfviljugt framsal á pólitísku valdi á sér stað í lýðræðisþjóðfélögum. Bergman og Strøm (2004) nefna til sögunnar hagnýtar ástæður á borð við skilvirkni og sérfræðikunnáttu. Þekking borgara á hinum ýmsu málefnum er oft af skornum skammti. Fólk hefur ekki tök á að kafa ofan í öll mál til þekkingaröflunar og hefur því ekki forsendur til að taka stefnumótandi ákvarðanir á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins. Rökin fyrir framsali á valdi byggja því oftar en ekki á þeirri hugsun að atvinnustjórnmálamenn – og fagstéttir innan stjórnsýslunnar – eigi eðli málsins samkvæmt að búa yfir sérþekkingu og hæfni sem tryggja eigi bestu mögulegu niðurstöðu sem endurspeglar vilja almennings.

Eins og áður hefur komið fram leggur umboðskenningin mikla áherslu á gagnvirkni á milli umbjóðenda og fulltrúa. Umbjóðendur gera í raun tímabundinn samning við fulltrúa sem eiga að ganga erinda umbjóðenda sinna og gerð er rík krafa um ábyrgðarskyldu fulltrúanna. Ef gagnvirkni er ekki fyrir hendi er komið rof í lýðræðiskeðjuna og því í raun um afsal á valdi að ræða en ekki afturkræft framsal. Ábyrgðarskylda fulltrúa er því stjórntæki eða taumhald á hendi umbjóðenda. Meinbugur þessa sambands umbjóðenda og fulltrúa er hins vegar sá að eftirlit umbjóðenda byggir að töluverðu leyti á upplýsingum frá þeim sem taumhaldið beinist að, þ.e. fulltrúunum! Við þessi skilyrði getur komið upp úlfakreppa því skortur á upplýsingum, eða misvísandi upplýsingar af hendi fulltrúa, hafa í för með sér svo kallaðan umboðsvanda (*agency problems*). Umboðsvandi getur síðan leitt af sér umboðstap (*agency loss*) en það gerist þegar fulltrúinn hefur hagsmuni umbjóðenda ekki að leiðarljósi. Umboðsvandi getur einkum og sér í lagi komið til af tvennu: Annars vegar hrakvali (*adverse selection*) og hins vegar siðvanda (*e. moral hazard*). (Bergman, Müller & Strøm, 2000).

Í fyrra tilfellinu kemur t.d. upp umboðsvandi ef mál þróast með þeim hætti að umbjóðendur velja fulltrúa sem standa engan vegin undir þeirri ábyrgð né kröfum sem til þeirra eru gerðar. Samkvæmt umboðskenningunni getur þessi staða komið upp einkum og sér í lagi ef fulltrúaembættið felur í sér umfangsmikil völd, forréttindi og dreifingu gæða, t.d. dreifingu fjármuna. Fulltrúaembættið getur því samkvæmt þessu hugsanlega freistað aðila sem sækjast eftir því einu að komast til vegs og valda út á þau forréttindi sem embættinu fylgja en hafa í raun takmarkaðan áhuga á að ganga erinda umbjóðenda sinna. Slíkir aðilar skara því fyrst og fremst eld að eigin köku og brestir koma í umboðskeðjuna. Siðvandi er vandi af svipuðum meiði og hrakval. Samkvæmt umboðskenningunni felur siðvandi það í sér að fulltrúi breytir ekki í samræmi við vilja umbjóðenda sinna. Ástæðan fyrir því getur t.d. verið sú að fulltrúinn kann að hafa ólíkar skoðanir á því hvað telst gott eða að hann hugsi fyrst og fremst um að nýta sér aðstöðu sína til að koma ár sinni lengra fyrir borð. (Bergman & Strøm, 2004).

Samkvæmt umboðskenningunni er umboðsvandi innbyggður í framsalskeðjuna og er alvarlegur löstur á fulltrúalýðræðinu og þingræðisreglunni. Kenningin leggur mikla áherslu á að umbjóðendur hafi bjargir til að hafa taumhald á fulltrúum sínum. Áhersla er lögð á virkt eftirlit með fulltrúum til að sporna gegn umboðsvanda (Rasmussen, 2005; Bergman, Müller & Strøm, 2000). Ýmsar leiðir eru nefndar í því sambandi en ekki verður farið frekar í saumana á þeim hér og nú.

Gagnrýnendur umboðskenningarinnar telja að eitt helsta markmið hennar – að varpa ljósi á valdaframsal og ábyrgðarskyldu við raunaðstæður – náist ekki. Gagnrýnin beinist fyrst og fremst að því að almennt sé fyrirfram gert ráð fyrir umboðsvanda í framsalskeðjunni – að fulltrúar séu yfir höfuð breyskir og munu nýta sér fulltrúastöðuna sér og sínum til framdráttar á kostnað hinna eiginlegu umbjóðenda (Rasmussen, 2005; Majone & Surdej, 2006). Áhersla umboðskenningarinnar á eftirlit og taumhald gangi ansi langt og það án þess að hægt sé að sýna fram á með óyggjandi hætti að meintur umboðsvandi sé almennt til staðar. Fyrir vikið dragi úr skilvirkni kerfisins og þegar upp er staðið komi tortryggnin fyrst og fremst niður á umbjóðendum í auknum kostnaði og oft á tíðum óþarfa fyrirhöfn. Anne Rasmussen (2005) gagnrýnir umboðskenninguna á þessum forsendum. Umboðskenningin einblíni mikið á hvern hlekk umboðskeðjunnar og „hvernig hægt sé að tryggja taumhald og gagnvirkt eftirlit með fulltrúum og njörva niður athafna- og ákvörðunarfrelsi þeirra (bls. 1019).

Trúverðugleiki, traust og lögmæti

Einn helsti gagnrýnandi umboðskenningarinnar – Giandomenico Majone – nálgast framsalskeðjuna (*chain of delegation*) með öðrum hætti. Í grein sinni "Two Logics of Delegation: Agency and Fiduciary Relation in EU Governance" notar Majone (2001) hugtakið *fiduciary relation*. Lýsandi þýðing myndi vera „Kenning um trúverðugleika, traust og lögmæti". Í þessari grein verður sjónarmið hans og annara gagnrýnenda umboðskenningarinnar nefnt lögmætiskenningin.

Líkt og Bergman og Strøm (2004) telur Majone að það geti verið ýmsar hagnýtar ástæður fyrir framsali á pólitísku valdi í lýðræðisþjóðfélögum. Í greininni nefnir Majone til sögunnar tvær mikilvægar ástæður fyrir valdaframsali: Annars vegar næst fram meiri skilvirkni og þar með sparnaður við ákvarðanatöku með því að nýta fagþekkingu einstaklinga og stofnana. Hins vegar telur Majone að framsal á valdi til fagaðila auki trúverðugleika pólitískra ákvarðanna. Majone bendir á, öfugt við Bergmann og Strøm, að ákvarðanatökuferlið skipti ekki höfuðmáli. Útgangspunkturinn eigi ekki að vera sá hvort að taumhald eða umboð stofnanna sé skýrt eða að fulltúar séu í beinu sambandi við umbjóðendur. Mælikvarðinn hljóti að vera sá hvort að ákvörðunin sé tekin á faglegum forsendum og sé vel unninn – að viðkomandi einstaklingur eða stofnun vinni gott verk.

Samkvæmt lögmætiskennigunni þá eru ströng skilyrði umboðskenningarinnar um taumhald og gagnvirkt eftirlit óraunhæf í nútíma samfélagi – ekki síst þegar horft er til vaxandi áhrifa alþjóðstofnana í stefnumótun og ákvarðanatöku. Nú þegar er fjöldi stofnana innan þjóðríkja sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna við stefnumótun án þess að þær lúti beinu lýðræðislegu taumhaldi. Slíkar stofnanir tryggja hins vegar trúverðugleika sinn með faglegum vinnubrögðum. Majone (2001) beinir sjónum sínum út fyrir mörk þjóðríkisins og til Evrópusambandsins en til að skilja fyllilega tilgang og markmið stofnana Evrópusambandsins er að hans mati nauðsynlegt að hefja sig upp fyrir umboðskenninguna. Tilgangurinn með stofnanauppbyggingu Evrópusambandsins hafi verið og sé að byggja upp og viðhalda langtíma trausti á milli ríkja. Sjónarhorn umboðskenningarinnar er, að mati Majone, ekki rétta tækið til að skýra samskipti stofnana og ríkja innan Evrópusambandsins. Hann tekur dæmi af framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins. Hún sækir á vissan hátt umboð sitt til ríkjanna, þar sem að þau tilnefna einstaklinga í framkvæmdastjórnina, en þeir starfa ekki í umboði ríkjanna heldur á framkvæmdastjórnin að vinna að heildarhagsmunum sambandsins á faglegum forsendum. Umboð og taumhald framkvæmda-

stjórnarinnar er því frekar óljóst. Majone lítur svo á að undir vissum kringumstæðum séu ærin rök fyrir því að rjúfa framsalskeðjuna og slaka á kröfum um skýrt umboð og taumhald. Gagnkvæmt traust og samvinna milli ríkja og stofnana innan Evrópusambandsins sé grundvöllur að betra kerfi og þá geti ákveðið lýðræðisrof, t.d. við framkvæmdarstjórn verið jákvætt (2001). Stofnanir sem ekki lúta lýðræðislegu umboði og taumhaldi þurfa hins vegar að njóta lögmætis.

Lögmæti er nátengt hugtakinu lýðræði. Yfirleitt er hugtakið lögmæti notað í beinu samhengi við hugtakið lýðræði án þess að gerður sé skýr greinarmunur á merkingu þessara tveggja hugtaka. Lögmæti ákvarðana má skilgreina með þeim hætti að ákvarðanir séu teknar af einstaklingum eða stofnunum sem starfa á grundvelli laga sem samþykkt hafa verið með lýðræðislegri og lögmætri aðferð – með beinni aðkomu kjósenda eða fulltrúum þeirra. Dæmi um slíkt getur verið grunnsáttmáli Evrópusambandsins sem felur stofnunum þess afmarkað valdsvið.

Stofnanir á borð við seðlabanka og dómstóla eru annað dæmi um stofnanir sem hafa afmarkað ákvörðunarvald. Þessar stofnanir hafa veikt lýðræðislegt umboð, þar sem fulltrúarnir eru yfirleitt skipaðir í embætti en ekki kosnir. Þrátt fyrir það er lögmæti ofangreindra stofnana almennt ekki dregið í efa, hvorki tilvera þeirra né þær ákvarðanir sem teknar eru innan þeirra. Svo dæmi sé tekið þá geta seðlabankar ekki tekið sér vald og skattlagt almenning vegna þess að völd þeirra eru takmörkuð samkvæmt lögum á mjög sérhæfðu sviði. Evrópusambandið og stofnanir þess starfa að sama skapi innan afmarkaðs lagaramma og geta ekki útvíkkað valdsvið sitt eftir eigin geðþótta. Það sem verið er að draga fram með þessari umræðu er að ábyrgð gagnvart kjósendum og taumhald þeirra gagnvart valdhöfum hefur sögulega séð beinst að þjóðríkinu sem hefur í gegnum tíðina haft nánast ótakmörkuð völd til að setja borgurum sínum leikreglur. Dómstólar og seðlabankar eru víðast hvar valdamiklar stofnanir og hafa mikil áhrif á ákvarðanatöku og stefnumótun en hið eiginlega ríkisvald liggur ekki í þeirra höndum. Ríkisvaldið útdeilir hins vegar völdum á sérhæfðu sviði til slíkra stofnana með – að því er flestir álíta – lögmætum hætti. Valdagrunnur Evrópusambandsins, og stofnana þess, hvílir í raun á svipuðum grunni og ofangreindar stofnanir (Majone, 1998).

Samantekt

Almennt er viðurkennt að ýmis rök eigi sér stoð í raunveruleikanum sem hníga að því að ákveðnar stofnanir innan stjórnkerfis þjóðríkja og innan Evrópusambandsins skorti lýðræðislegt umboð og taumhald. En það er ekki þar með sagt að valdagrunnur þeirra og ákvarðanir séu ólögmætar. Lögmæti stofnana er þó á endanum háð stuðningi almennings. Ef almenningur dregur lögmæti stofnana sem fara með ákvarðanatökuvald stórlega í efa þá geta þær ekki nýtt sér vald sitt án beinnar kúgunar og þá er lögmæti þeirra brostið. Evrópusambandið, og valdastofnanir innan þjóðríkja sem hafa óljóst lýðræðislegt umboð, njóta lögmætis. Þrátt fyrir að ýmsar ákvarðanir sem teknar eru á vetvangi Evrópusambandsins og títtnefndra stofnana séu umdeildar hefur lögmæti þeirra almennt ekki verið dregið í efa (Karlsson, 2001).

Enginn ágreiningur er um það að innan þingræðisríkja Evrópu hefur framkvæmdavaldið verið að styrkja stöðu sína á kostnað löggjafarvaldsins. Fyrir vikið hefur dregið úr áhrifum hinna lýðræðislegu kjörnu fulltrúa á stefnumótun og ákvarðanatöku. Að auki koma aðrir valdhafar í þjóðfélaginu – eins og stjórnendur fyrirtækja, embættismenn, hagsmunasamtök og alþjóðlegar stofnanir – sem hafa mismikið ef nokkuð lýðræðislegt umboð að stefnumótun og ákvarðanatöku í auknum mæli. Þær kenningar sem hér hafa verið til skoðunar snúast um að greina þessa þróun en nálgast viðfangsefni með ólíkum hætti. Niðurstaða þessarar samantektar er sú að kenningarnar útiloki ekki hvor aðra heldur útskýri þær ólíka þætti í valdaframsalskeðjunni.

Umboðskenningin miðar að því að efla lýðræðislegt umboð og taumhald í þessari flóknu valdaframsalskeðju og beinir sjónum sínum einkum og sér í lagi að ferli ákvörðunartökunnar. Lögmætiskenningin leggur aftur á móti áherslu á lögmæti ákvörðunar og útkomu. Það sé ekki endilega markmið í sjálfu sér að meirihluti sé fylgjandi einstaka ákvörðunum sem teknar eru heldur að ákvörðunin sé tekin faglega og af lögmætum aðila.

Heimildir

Beetham, D. (2005) *Democracy: A beginner's guide*. Oxford: Oneworld.

Bergman, T. & Strøm. K. (2004). Shifting Dimensions of Citizen Control. Bergman, T (Ritstj.), *Scandinavian Political Studies*. 27(2), 89-113.

Bergman, T. (2000). Delegation and Accountability in European Integration: Introduction. Í Bergman, T. & Damgaard, E. (Ritstj.), *Journal of Legislative Studies*, *6*(1), 1-14.

Bergman, T., Müller, W.C. & Strøm, K. (2000). Parliamentary democracy and the chain of delegation. *European Journal of Political Research*: *Special issue* Vol *37*(3).

Crozier, M. J., Huntington, S. P. & Watanuki, J. (1975). *The Crisis of Democracy: Report on the Governability of Democracies to the Trilateral Commission*. New York: University Press.

Dahl, R. A. (1998). *On Democracy*. New Haven: Yale University Press

Dahl, R.A. & Tufte, E.R. (1973). *Size and Democracy*. London: Oxford University Press.

Dahl, R. A. (1956). *A Preface to Democratic Theor*y. Chicago: University of Chicago Press.

Giddens, A. (2002). *Runaway World*. London: Profile Press Ltd.

Gunnar Helgi Kristinsson (2006). *Íslenska stjórnkerfið*. Reykjavík: Háskóla-útgáfan.

Gunnar Helgi Kristinsson (1994). *Embættismenn og stjórnmálamenn; skipulag og vinnubrögð í íslenskri stjórnsýslu*. Reykjavík: Heimskringla.

Held, D. (2003). Cosmopolitanism: Taming Globalization. *The Global Transformations Reader*. Held, D. (Ritstj.). Cambridge: Polity Press, bls. 514-529.

Held, D. (1996) *Models of Democracy*. Cambridge: Polity Press.

Huber, J. D. (2000). Delegation to civil servants in parliamentary democracies. Bergman, T., Müller, W.C. & Strøm, K. (Ritstj.). *European Journal of Political Research, 37*(3), 291-307.

Karlsson, C. (2001). *Democracy, Legitimacy and the European Union*, Phd-thesis. Uppsala University

Lijphart, A. (1999). *Patterns of Democracy: government forms and performance in thirty-six countries*. New Haven: Yale University Press.

Lord, C. (2001). *Assessing Democracy in a Contested Polity*, Journal of Common Market Studies, *39*(4), 641-661.

Lupia, A. & McCubbins, M.D. (2000). Political Parties in Parliamentary democracies: Making Delegation and Accountability work.. Bergman, T., Müller, W.C. & Strøm, K. (Ritstjórar). *European Journal of Political Research, 37*(3), 291-307.

Majone, G. & Surdej, A. (2006). Regulatory Agencies in Economic Governance.; the Polish Case in a Comparative Perspective. *KICES Working Papers*, *5*, 5-53

Majone, G. (2001). Two Logics of Delegation. Agency and Fiduciary Relations in EU. *European Union Politics*, *2*(1), 103-122.

Majone, G. (1999). The Regulatory State and its Legitimacy Problem. *West European Politics*, *22*(1), 1-24.

Majone, G. (1998). Europe's 'Democratic Deficit': The Question of Standards. *European Law Journal*, *4*(1), 5-28.

Majone, G. (1994). The Rise of the Regulatory State in Europe. *West European Politics*, *17*(3), 77-101.

Mény, Y. (2002). De la démocratie en Europe: Old Concepts and New Challenges. *Journal of Common Market Studies*, *41*(1), 1-13.

Moravcsik. A. (2004). Is there a 'Democratic Deficit' in World Politics? A Framework for Analysis. *Government and Opposition*, *39*(2), 336-363

Rasmussen, A. (2005). EU Conciliation Delegates: Responsible or Runaway Agents. *West European Politics*, *28*(5), 1015-1034.

Strøm, K. (2000). Delegation and Accountability in Parliamentary Democracies. Bergman, T., Müller, W.C. & Strøm, K. (Ritstj.). *European Journal of Political Research*, *37*(3), 261-290.

Úlfar Hauksson (2005). Staða og merking lýðræðis, fullveldis og þjóðríkisins á nýrri öld. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), Rannsóknir í félagsvísindum VI. Félagsvísindadeild (bls 367-647). Reykjavík: Félagsvísidastofnun Háskóla Íslands.

Jafnrétti sem árangursviðmið í skólastarfi:
Umfjöllun um matskerfi með jafnrétti og námsárangur að leiðarljósi

Berglind Rós Magnúsdóttir
Guðný Guðbjörnsdóttir

Lengst af hafa kerfi til að meta skólastarf verið námsgreinamiðuð og byggst fyrst og fremst á stöðluðu námsmati í örfáum greinum. Ýmsir fræðimenn (Apple, 2001; Orfield, 2001) telja að samræmdur námsárangur geti með engu móti verið nægileg eða sanngjörn mælistika á skólastarf eða skólastefnur. Menntun er sá þáttur sem ræður æ meiru um framtíðarmöguleika og afkomu fólks (Benadusi, 2001) og með minnkandi ríkisafskiptum, auknum áhrifum hnattvæðingar og nýfrjálshyggju (Stefán Ólafsson, 2005) er erfiðara en áður að tryggja jafnrétti. Því eru dæmi um að skólayfirvöld, rannsóknarhópar eða menntastofnanir hafi þróað árangursmat á jafnrétti í skólastarfi. Mikilvægt er að slíkar tilraunir séu gagnrýndar og skoðaðar í íslensku samhengi.

Hér verða kynntar tvær tilraunir til að hanna matskerfi á skólastarf þar sem jafnrétti er notað sem árangursviðmið. Annars vegar verður gerð grein fyrir evrópsku jafnréttismatskerfi sem hefur verið þróað síðan árið 2001 af rannsóknarhópi frá sex Evrópusambandslöndum (European group for research on equity in educational systems, 2005). Tilgangur þess er að bera saman menntakerfi og menntastefnur m.t.t. jafnréttis. Hins vegar er sagt frá hvað felst í bandarísku skólalögunum *No Child Left Behind* (NCLB) (U.S. Department of Education, 2006) sem samþykkt voru í janúar 2002 og útfærslu Texas á lögunum. Það tengir saman jafnréttisáherslur og ábyrgðarskyldu (*accountability*). Matskerfunum er lýst og þau gagnrýnd í stuttu máli, metið er hvað má læra af þessum tveimur tilraunum og þær skoðaðar í íslensku samhengi.

Evrópska matskerfið

Evrópskt jafnréttismatskerfi (European group for research on equity in educational systems, 2005) hefur verið þróað síðan árið 2001 af rannsóknarhópi úr háskólum frá sex löndum í Evrópusambandinu. Tilgangur þess er að bera saman menntakerfi og menntastefnur m.t.t. jafnréttis. Þetta kerfi er óháð jafnréttis- eða menntastefnu ákveðinna þjóða og er ekki hluti af þeirri stefnu stjórnvalda að gera skóla ábyrga fyrir árangri (*accountability*). Höfundar þessa matskerfis byggja kerfið á fjórum lögmálum um jafnrétti í menntun (European group for research on equity in educational systems, 2005:15). Þau eru:

A. Jöfn tækifæri (*equal opportunities*) út frá jafnri getu.
B. Jöfn meðferð (*equal treatment*). Forðast skal geturöðun, elítuskóla versus gettó skóla o.s.frv.
C. Jafn árangur (*equal achievement*). Normalkúrfunni hafnað sem óhjákvæmilegu lögmáli varðandi breytileika í námsárangri. Með ólíkum náms- og kennsluaðferðum, geta flest allir nemendur náð góðum árangri. Mælt með sértækum aðgerðum, hlítarnámi og leiðsagnarmati (*formative assessment*).
D. Jöfn útkoma (*equal results* eða *equality of social fulfillment*). Þess er vænst að skólakerfið meti og vinni með hæfileika hvers og eins. Fjölmenningarleg nálgun og einstaklingsmiðað nám.

Eftirfarandi átta sjónarmið mynda grunnstoðir evrópska matskerfisins (Meuret, 2001):

1. Mælikvarðarnir verða að vera þannig að þeir séu í samhengi við margs konar jafnréttisskilgreiningar.
2. Mælikvarðarnir verða að hafa þrjú sjónarhorn: misrétti milli einstaklinga, ójafnrétti milli hópa og hlutfall einstaklinga eða hópa sem eru undir hæfnisviðmiðum (*below the threshold of competence*)[1].
3. Þegar velja á breytur eru mikilvægustu breyturnar þær sem einstaklingar geta ekki valið að geðþótta.[2] Hópurinn valdi að móta kerfið út frá kyni,

[1] Þeir sem fá lægstu einkunnirnar teljast undir hættumörkum um að geta verið virkir þátttakendur í lýðræðinu.

[2] Val á breytum getur aldrei verið annað en ófullkomið en búseta í þessu sambandi skiptir t.d. minna máli en uppruni. Það er mjög bagalegt að fötlun skuli ekki hafa verið tekin með í reikninginn en það stafar af því að sá hópur er meira og minna skilgreindur frá samræmdu námsmati og fjölþjóðlegum prófum eins og PISA.

efnahagslegri og félagslegri stöðu (SES) og uppruna (kynþáttur/-þjóðerni).
4. Skoða verður hvernig „gæðum" er úthlutað í skólakerfinu, sérstaklega við þær aðstæður þar sem gæði skipta miklu máli fyrir árangur og lýðræði, s.s. félagsleg staða og atvinnuhæfni að námi loknu, dulda námskráin (rými, viðmót, refsingar) og stofnanalegt skipulag (t.d. sérkennsla, getuskipting o.s.frv.) svo mikilvæg dæmi séu tekin.
5. Auk þess að skoða misrétti varðandi útkomuna úr skólakerfinu, eins og námsárangur og starfsferil, verður einnig að gaumgæfa áhrifaþætti utan skólans, s.s. félagslegan, efnahagslegan og menningarlegan bakgrunn nemenda (*capital*) og hvernig unnið er með þá þætti í skólanum (í skipulagi skólans, væntingum, viðhorfum kennara o.s.frv.).
6. Mikilvægt að fá fram hvernig meðferð eða skólun nemendur telja sig fá frá t.d. skólastjórnendum, kennurum, bekkjarfélögum o.s.frv. Auðveldlega er hægt að verða fyrir grófu misrétti án þess að það bitni beinlínis á námsferli heldur fyrst og fremst á líðan.
7. Mikilvægt er að meta hvort jafnrétti í skólastarfinu hafi víðtæk félagsleg og pólitísk áhrif og skili sér t.d út í atvinnulífið. Þrátt fyrir að jafnrétti sé innan menntakerfisins getur verið að félagsleg endursköpun sem á sér langa sögu (t.d. kynjamisrétti) finni sér farveg eftir öðrum leiðum úti á vinnumarkaði.
8. Nauðsynlegt er að fá fram skilgreiningu þegnanna á jafnrétti og réttlátu skólakerfi.

Þegar litið er yfir þá 29 mælikvarða sem eiga að meta þessa þætti má sjá ýmsa bresti. Fjölga þarf mælikvörðunum svo hægt sé að meta ítarlega allar þær grunnstoðir sem matskerfið á að byggja á. Sér í lagi varðandi mælingar á skóluninni og mati á jafnrétti út frá jafnréttisskilgreiningu D (*equality of social fulfilment*). Ekkert er skoðað hvernig innihald formlegrar námskrár horfir við mismunandi hópum. Talsmenn fjölmenningarlegrar nálgunar hafa bent á að þekkingu og leikni ráðandi menningarhópa og stétta sé gjarnan hampað og það skapi misrétti milli hópa innan skólans (Banks, 1995). Líklegt er að aðferðafræðilegur vandi við að bera saman slíkar upplýsingar frá ólíkum menntakerfum hafi ráðið úrslitum.

Í öðru lagi eru þeir mælikvarðar sem eiga að meta hina duldu námskrá fremur ófullkomnir, t.d. þegar meta á tilfinningu nemenda fyrir því hvort þeir fá réttláta meðferð af kennurum (sjá t.d. Smith og Gorard, 2006). Að spyrja nemendur beint hvort þeim finnist kennarinn réttlátur öllum nemendum er í skilningi Bourdieu mjög hæpin leið til að meta jafnrétti. Kerfið sjálft mótar

þekkingarsköpun fólks og skilning þess á umhverfi sínu. Valdakerfi nútímans snýst frekar um mótun viðurkenndrar hegðunar frekar en að fólk þurfi að lúta ströngum boðum og bönnum (táknrænt vald). Fólki getur verið neitað um ákveðin gæði eða meðhöndlað sem óæðra án þess að streitast gegn því eða upplifa það sem óréttlæti. Það sem flestir telja réttlátt getur verið birtingarmynd á skilgreiningarvaldinu (*doxa*) (Bourdieu, 1990). Gott dæmi um þetta er að 35% nemenda í Bretlandi fannst kennarar óréttlátari gagnvart strákum en stelpum (Smith og Gorard, 2006). Slík niðurstaða segir meira til um viðteknar hugmyndir um „eðlilega" hegðun gagnvart kynjunum og „eðlilegt" svigrúm drengja á hinum félagslega vettvangi frekar en ástand jafnréttis. Í áframhaldandi þróun á þessum kvörðum er mikilvægt að reynt sé að komast fram hjá skilgreiningarvaldinu.

Höfundar mælikvarðans um tilfinningu nemenda fyrir jafnrétti (Smith og Gorard, 2006) lögðu einnig opnar spurningar fyrir nemendur. Í þeim kom fram að meira brann á nemendum að fjalla um jafnrétti í tengslum við bekkjarstjórnun og hvernig samskipti nemendur áttu innbyrðis og við kennara sína heldur en þætti sem snertu beinlínis námsferlið sjálft. Mikilvægt er því að þróa mælikvarða á því sviði en þeir kæmu frekar inn á menningar-auðmagn, stigveldi og félagslegt auðmagn meðal nemenda og milli nemenda og kennara (sbr. Grunnstoðir 4 og 6) en slíkar eigindlegar athuganir hafa verið gerðar hér á landi (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2003, 2005, 2006) sem gætu nýst í þróun megindlegra mælikvarða á þessu sviði.

Meginniðurstöður úr evrópska matskerfinu sýndu að menntakerfi eru misgóð m.t.t. jafnréttis, sum kerfi virðast réttlátari en önnur og að jafnrétti og árangur haldast oftar en ekki í hendur. Það er mjög mismunandi eftir þjóðum hversu margir teljast vera undir lágmarksviðmiðum og hversu einsleitur sá hópur er. Formgerð menntakerfisins og þ.a.l. stefna stjórnvalda skiptir mjög miklu máli varðandi jafnrétti, s.s. varðandi geturöðun í bekki, blöndun o.fl (European group for research on equity in educational systems, 2005:116-117). Erfitt er hins vegar að greina hvort hefur meiri áhrif; samfélagsgerðin eða formgerð menntakerfisins. Rannsóknir Shavit og Blossfeld (1993) hafa sýnt að aukið jafnrétti í nokkrum menntakerfum var ekki síður skýrt með breytingum á samfélagsgerðinni í átt til jöfnuðar en beinum jafnréttis-aðgerðum eða endurbótum í menntakerfunum sjálfum.

Bandaríska leiðin - No Child Left Behind

The No Child Left Behind (NCLB) eru alríkislög í BNA sem kveða á um ábyrgðarskyldu skóla. Skólar eru metnir út frá námsárangri nemenda og skólafólki er refsað eða umbunað í takt við þann árangur. Hvert fylki setur fram árleg viðmið um námsárangur. Markmið laganna er að árið 2014 muni öll börn hafa náð þeim kunnáttuviðmiðum sem sett eru fram í tengslum við lestur, tungumál, stærðfræði og raunvísindi. Lágmarksviðmið eru sett fram um hvað teljast fullnægjandi árlegar framfarir. Fylkispróf meta svo hversu mikið nemendur læra og lögin gera ráð fyrir að nemendur séu prófaðir árlega í móðurmáli og stærðfræði frá 3.-8. bekk, raunvísindum frá 2007 og svo einnig í 10-12. bekk í framhaldsskóla. Tryggja þarf að 95% nemenda skólans séu prófaðir. Ef skólar ná ekki að mæta þessu teljast þeir ekki hafa náð fullnægjandi árangri, óháð niðurstöðum prófanna (Smith, 2005).

Ef skólar sýna ekki árlegar framfarir tvö ár í röð í sömu grein eða hópi fær skólinn ákveðinn stimpil um að hann hafi þörf fyrir endurbætur (*in need of improvement*). Því er lögð áhersla á að fá sams konar breytileika í einkunnum í öllum hópum og allir eiga með tíð og tíma að geta náð settum lágmarks-viðmiðum. Ef skólinn sýnir ekki neinar framfarir á næstu árum geta refsingar verið í formi þess að skólaumdæmið hjálpar foreldrum sem þess óska að færa nemendur í „betri" skóla, skólaumdæmið er krafið um breytingar á skipan kennara eða skólastjórnenda. Lokaniðurstaðan getur orðið sú að rekstrar-fyrirkomulagi skólans sé breytt (Smith, 2005).

Matskerfið sem byggt er á NCLB gerir ráð fyrir að hvert fylki vinni skýrslu fyrir hvert skólaumdæmi og hvern skóla. Í matsskýrslu út frá viðmiðum New York fylkis er tiltekið hlutfall kennslustunda þar sem réttindakennarar kenna.[3] Í skólaskýrslunum er hver skóli borinn saman við aðra svipaða skóla. Svipaðir skólar eru skilgreindir þeir sem kenna sömu árgöngum, eru með sams konar efnahagsstöðu og enskukunnáttu nemenda og þar sem fjárhagur íbúa umdæmisins eru svipaður. Skólaumdæmið í heild er svo borið saman við önnur skólaumdæmi innan sama fylkis (U.S. Department of Education, 2006). Allar niðurstöður eru birtar opinberlega.

---

[3] Það þýðir einfaldlega að það er ekki nóg að hafa marga réttindakennara heldur er skoðað hversu hátt hlutfall kennslustunda þeir kenna í skólanum.

Útfærsla í Texas

Kornhaber (2004) bendir á að fyrirmyndin af NCLB lögunum sé komin frá Texas en þar höfðu áherslur strax á 10. áratugnum verið á árangursskyldu skóla í gegnum samræmd próf þar sem útkoma ákveðinna hópa taldist ekki síður mikilvæg en heildarmeðaltal skólans. Niðurstöður í Texas sýndu að þetta kerfi jók árangur á fylkisprófinu (TAAS) hjá þeim sem höfðu lága efnahags- og félagsstöðu (Scheurich og Skrla, 2003; Skrla og Scheurich, 2004).

Ákveðnir menntunarfræðingar sem vinna að jafnrétti í Texas (Scheurich og Skrla, 2003; Skrla og Scheurich, 2004) hafa haldið þeim rökum á lofti að NCLB lögin hafi haft jákvæð áhrif á jafnrétti og árangur. Andmælendur (Haney, 2004; Klein, 2004; Valencia, Valenzuela, Sloan og Foley, 2004; Valenzuela, 2005) benda hins vegar á að þær breytingar sem átt hafi sér stað nái skammt. Meira hafi borið á því að nemendum sé seinkað og þeir látnir sitja aftur í sama bekknum til að tryggja hærri meðaleinkunnir á prófunum. Þrátt fyrir hærri meðaltöl á fylkisprófunum hefur hækkunin ekki skilað sér á landsprófinu (NAEP), né hafa þessir nemendur náð betri árangri á næsta skólastigi (*High-school*), heldur virðist vera meira brottfall þar en áður. Því komast andmælendur að þeirri niðurstöðu að kennslan miðist algjörlega við fylkisprófin og þessar matsáherslur hafi stuðlað að rýrari námskrá og einhæfara kennslufyrirkomulagi, sér í lagi hjá nemendum með lága félagsstöðu og þegar upp er staðið meira ójafnrétti.

Mótrök meðmælenda felast m.a. í því að ef ekki er reynt að tryggja samræmda staðla um hvað beri að læra og þeim fylgt hart eftir bitnar það verst á þessum nemendum. Hugmyndin er sú að ef einhverjir nemendur ná ekki tilsettum árangri er eitthvað að skólastarfinu (kennsla, tækni, bekkjarandi, efnisval) sem þarf að laga. Þau stinga einnig upp á að skólar afli tölfræðilegra upplýsinga óháð námsárangri, s.s. um hlutfall nemenda (greint eftir undirhópum) í getuskiptum kennslustundum eða bekkjum, í sérkennslu og um agatilvísanir. Rannsóknir hafa sýnt að kyn, kynþáttur og stétt hafa þar mikið forspárgildi. Ef ákveðinn hópur fær oftar agatilvísanir þurfa skólastjórnendur og kennarar og skoða það sérstaklega hvort það sé eitthvað í menningu þessara hópa sem stangast á við kröfur og viðmið skólans og bæta úr. Þessar hugmyndir eru þó ekki hluti af NCLB lögunum því ábyrgðarskyldan er eingöngu bundin við námsárangur (Scheurich og Skrla, 2003).

Kenningarleg staða meðmælenda er nokkuð óljós. Þau telja sig vera talsmenn gagnrýninna menntakenninga (*critical theories*) (Bowles (1972) en um leið samþykkja þau nýfrjálshyggjuna og aðferðir markaðarins til að leysa

vandann og misréttið í skólanum. Þau eiga það sameiginlegt með kenningum Bourdieu (1973) og Passeron (Bourdieu og Passeron, 1977) að telja að skólinn endurskapi misrétti (*reproduction theorists*) en sú skoðun að hægt sé að afmá það misrétti, eingöngu með breyttu stofnanalegu skipulagi í skólanum er í andstöðu við fyrrnefnda fræðimenn. Þeir töldu það óframkvæmanlegt án þess að breyta formgerð samfélagsins og annarra stofnana um leið. Auðvelt er því að greina ákveðnar kenningalegar mótsagnir.

Umræða – Hvað getum við lært af þessum tveimur tilraunum?

Ljóst er að nálgunin í þessum tveimur jafnréttisverkefnum er afar ólík. Í evrópska verkefninu er menntastefna stjórnvalda í brennidepli og hvaða afleiðingar hún getur haft fyrir jafnrétti innan og utan skólans. Athygli er beint að því hvernig menntayfirvöld, þ.e. skólakerfið sem þau hafa mótað styður við jafnrétti. Í bandaríska kerfinu er athyglinni aftur á móti beint aðallega að kennurum og skólastjórnendum, þ.e. þeir eiga að bregðast við og í raun eru taldir bera ábyrgð á því misrétti sem til staðar er í skólakerfinu algjörlega burtséð frá því misrétti sem viðgengst í samfélaginu eða stofnanalegu skipulagi skólakerfisins í heild. Hugmyndafræðilegur grunnur er þrengri í NCLB og byggist fyrst og fremst á jöfnum aðgangi og tækifærum og jöfnum námsárangri.

Það er margt að varast í tengslum við ábyrgðarskyldu og árangursmat skóla. Hafa verður í huga að próf eða mat getur aldrei eitt og sér gert annað en safnað upplýsingum. Það er einnig varhugavert að árangursskyldan mótist af fáum þáttum eins og einstökum prófum í einstökum námsgreinum á afmörkuðum tímabilum á námstímanum. Ef einhverjar breytingar eiga að verða á skólastarfinu er mikilvægt að menntayfirvöld tryggi að gert sé ráð fyrir jafnréttiskennslu og –starfi í skólum, að kennarar og skólastjórnendur öðlist þekkingu og aðferðir til að efla jafnrétti (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2003a, 2003b) og að þeim séu skapaðar aðstæður til þess í skólanum. Því er mikilvægt að móta heildstætt matskerfi sem gengur í báðar áttir, þ.e. metur bæði menntastefnu stjórnvalda og svo innra skólastarf. Ef á annað borð á að meta starf kennara eða skóla á grundvelli námsárangurs nemenda væri réttmætast að dæma þá út frá eigin kennslu (en ekki verkum fyrri kennara eða skóla) og meta framfarir nemenda á námstímanum (Elmore, 2004). Það er einnig meira í takt við hugmyndir um einstaklingsmiðað nám (Ingvar Sigurgeirsson, 2006). Eins þarf að vera ljóst hvaða markmið geta talist

raunhæf. Í menntunarfræðum hafa enn ekki fundist „tæknilegar" lausnir á því hvernig allir hópar, óháð bakgrunni og félagslegum aðstæðum, geti haft sömu möguleika á að ná sama námsárangri (Elmore, 2004) og því er hæpið að refsa skólum ef þeir ná ekki því markmiði, þó að vissulega sé mikilvægt að reyna að tryggja að sem flestir nái tilteknum lágmarksviðmiðum. Texas-tilraunin sýnir að hætta er á að skólar geri allt til að koma vel út á þessum prófum og hagsmunir nemenda til lengri tíma litið séu ekki alltaf í fyrsta sæti.

Það getur hins vegar verið gagnlegt að skólar safni upplýsingum um hvað einkenni bakgrunn þeirra nemenda sem lenda í endurteknum agatilfellum, fari í hraðferð, sérkennslu, fái mestu athyglina frá kennurum eða séu í aðalhlutverkum í félagslífinu eins og var gert í Texas. Slíkar talningar væru heppilegar sem hluti af sjálfsmati skóla en mat á jafnrétti hefur hingað til lítið verið útfært í leiðbeiningum um sjálfsmat skóla (Sjálfsmat skóla: Leikskólar grunnskólar og framhaldsskólar, 1997).

Menningar-, félags- og efnahagslegur bakgrunnur nemenda er ein helsta skýringarbreyta á árangursmun í námi bæði bakgrunnur einstaklinga og bakgrunnur bekkjar- eða skólafélaga (Coleman, 1966; PISA, 2004; Rumberger og Palardy, 2005). Samanburður á námsárangri milli skóla þar sem félagsleg staða nemenda og menningarlegt umhverfi eru ólík getur með engu móti talist réttmætur og rýrir gagnið sem má hafa af slíkum samanburði til áframhaldandi skólaþróunar. Eins má segja að skólar sem fá sambærilegar einkunnir á samræmdum prófum geta hafa staðið sig mjög misvel. Skóli A þarf e.t.v. lítið að hafa fyrir því vekja áhuga nemenda á námi þar sem menningar- og félagslegt auðmagn þeirra er mikið, m.a. vegna þess að menningar-bakgrunnur nemenda er í samræmi við gildi og menningu skólans sem stofnunar. Skóli B sem hefur náð sams konar árangri á samræmdu prófi en haft annars konar bakland hefur e.t.v. þurft að hafa mun meira fyrir því að sannfæra nemendur um gildi námsins, halda nemendum að náminu, þurft að virkja foreldra meira til samstarfs, þurft að veita mun fleiri sérkennsluúrræði og aukatíma til að ná sambærilegum námsárangri svo eitthvað sé nefnt. Út frá þessum samanburði mætti segja að skóli B hafi staðið sig betur. Smith (2005) sýndi fram á að verið væri að refsa skólum í New Jersey sem hefðu í raun staðið sig vel að teknu tilliti til ólíkra aðstæðna og bakgrunnsþátta nemenda. Því er tekið undir þau sjónarmið að til að samræmd próf nýtist til skólaþróunar, séu „sambærilegir" skólar bornir saman. Rannsaka þarf betur hvaða skólar hér á landi geta talist sambærilegir og námsárangur metinn í ljósi menningarlegra og félagslegra þátta er varða bakgrunn nemenda, innbyrðis tengsl (*social capital)* og umhverfi.

Á Íslandi er árangursmunur á einkunnum í dreifbýli og þéttbýli, milli stétta og eins milli kynja (PISA, 2004). Ljóst þykir hins vegar að ekki sé nóg að skoða eingöngu árangur eða útkomu úr ákveðnum fögum út frá jafnrétti. Þróa þarf mun víðtækari jafnréttismælikvarða. Skýrasta mótsögnin varðandi einhæfa kunnáttumælikvarða er að íslenskar stelpur fá að meðaltali hærri einkunnir í stærðfræði en hafa minni trú á sér til að læra hana (Júlíus K. Björnsson, Almar Miðvík Halldórsson og Ragnar F. Ólafsson, 2004; PISA, 2004) og velja mun síður greinar sem byggjast á henni (Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005). Slíkt verður ekki leiðrétt í matskerfi sem byggir eingöngu á samspili námsárangurs og jafnréttis. Því er tekið undir þá hugmynd sem kemur fram í evrópska matskerfinu að skoða hvaða afleiðingar menntunin hefur fyrir einstaklinginn í víðara félagslegu samhengi.

Lokaorð

Það er ekki til nein ein almenn kenning um jafnrétti í menntun sem jafnréttismælikvarðar geta hvílt á. Það þýðir samt ekki að við getum yfirgefið þá hugmynd að reyna að tryggja jafnrétti í menntakerfum. Mikilvægt er fyrir Ísland að vera þátttakandi í mótun frekari jafnréttismælikvarða og að árangur íslensks menntakerfis sé ekki síður metin út frá jafnrétti en út frá meðaleinkunnum. Þess konar ferli verður ekki unnið af einum aðila heldur þarf sameinaða krafta fræðasamfélagsins, menntastofnana sem framfylgja menntastefnu og mati á skólastarfi, fulltrúa úr skólasamfélaginu, og stjórnvalda. Víða hafa yfirvöld ákveðið að skoða árangur í ljósi menningar-, félags- og efnahagslegs bakgrunns nemenda og virðist það vera fyrsti vísir að einhvers konar samræmdu jafnréttismati (Skolverket, 2004; The Finnish Education Evaluation Council, 2004/2005; U.S. Department of Education, 2006). Hnattvæðingin og alþjóðasamtök kalla eftir nýjum hugmyndum, leiðum og aðferðum til að meta skólastarf (European network of policy makers for the evaluation of education system, 2006; IES National Center for Education Statistics, 2006). Það er von okkar að Ísland verði fullgildur þátttakandi í slíku ferli.

Heimildir

Apple, M. W. (2001). *Educating the "right" way: Markets, standards, God, and inequality*. New York: Routledge Falmer.

Banks, J. A. (1995). Multicultural education: Historical development, dimensions, and practice. Í J. Banks (Ritstj.), *Handbook of research on multicultural education* (bls. 3-24). New York: Macmillan.

Benadusi, L. (2001). Equity and education: A critical review of sociological research and thought. Í W. Hutmacher, o.fl. (Ritstj.), *In Pursuit of Equity in Education*. London: Kluwer Academic Publishers.

Berglind Rós Magnúsdóttir (2003). *Orðræður um kyngervi, völd og virðingu í unglingabekk*. Óbirt ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.

Berglind Rós Magnúsdóttir (2005). „Ég veit alveg fullt af hlutum en …" Hin kynjaða greindarorðræða og birtingarmyndir hennar meðal unglinga í bekkjardeild. Í Arna H. Jónsdóttir, o.fl. (Ritstj.), *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 171-196). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Berglind Rós Magnúsdóttir (2006). Leiðtogar í unglingabekk: Námsárangur og námshegðun skoðuð í ljósi menningarauðmagns og viðtekinna kynjahugmynda. [Væntanlegt í Tímariti um menntarannsóknir].

Bourdieu, P. (1973). Cultural Reproduction and Social Reproduction. Í R. Brown (Ritstj.), *Knowledge, Education, and Cultural Change*: Tavistock.

Bourdieu, P. (1990). *In Other Words: Essays Towards a Reflexive Sociology* (M. Adamson, Þýð.). Stanford, California: Stanford University Press.

Bourdieu, P. og Passeron, J.-C. (1977). *Reproduction in Education, Society and Culture*. London: Sage.

Bowles, S. (1972). Unequal education and the reprodution of the social division of labor. Í M. Carnoy (Ritstj.), *Schooling in a corporate society: The political economy of education in America*. New York: David McKay company.

Coleman, J. (1966). *Equality of educational opportunity*. Washington: U.S. Government Printing Office.

Elmore, R. F. (2004). Conclusion: The problem of stakes in performance-based accountability systems. Í S. H. Fuhrman og R. F. Elmore (Ritstj.), *Redesigning Accountability Systems for Education* (bls. 274-297). New York: Teachers College Press.

European group for research on equity in educational systems. (2005). *Equity in european educational systems: A set of indicators*. Liege, Belgium: University of Liege

European network of policy makers for the evaluation of education system. (2006). Educational Evaluation in Europe: Building Capacity: First

conference of institutions with responsibilities in the evaluation of education in Europe, Frascati, 22nd to 24th March 2006. *Evaluation: Newsletter of the European Network of policy makers for the evaluation of education systems,* 3-5.

Guðný Guðbjörnsdóttir. (2003a). Betur má ef duga skal: Námskrá framhaldsskólans í kynjafræðilegu ljósi. *Uppeldi og menntun, 12*, 43-63.

Guðný Guðbjörnsdóttir (2003b). Hugmyndir um kyngervi og jafnrétti í námskrám grunnskólans. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV, félagsvísindadeild* (bls. 257-272). Reykjavík: Háskóla-útgáfan.

Haney, W. (2004). Response to Skrla etal. The illusion of educational equity in Texas: A ommentary on "Accountability for Equity". Í L. Skrla og J. J. Scheurich (Ritstj.), *Educational Equity and Accountability* (bls. 79-90). New York: Routledge Falmer.

IES National Center for Education Statistics. (2006). *International Indicators of Education Systems*. Sótt 28. ágúst, 2006, af http://nces.ed.gov/surveys/international/INES/index.asp.

Ingvar Sigurgeirsson (2006, 20.08.). *Skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms: Upplýsingarvefur um einstaklingsmiðaða kennsluhætti*. Sótt 1. september, 2006, af: http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/fraedslumidstod/vefur/index.htm.

Júlíus K. Björnsson, Almar Miðvík Halldórsson og Ragnar F. Ólafsson (2004). *Stærðfræði við lok grunnskóla. Stutt samantekt helstu niðurstaðna úr PISA 2003 rannsókninni.* (Rit nr. 15). Reykjavík: Námsmatsstofnun, OECD. .

Klein, S. P. (2004). Response to Skrla et al.: Is there a connection between educational equity and accountability. Í L. Skrla og J. J. Scheurich (Ritstj.), *Educational Equity and Accountability* (bls. 91-98). New York: Routledge Falmer.

Meuret, D. (2001). A system of equity indicators for educational systems. Í W. Hutmacher, o.fl. (Ritstj.), *In Pursuit of Equity in Education* (bls. 133-164). London: Kluwer Academic Publishers.

Orfield, G. (2001). Why data collection matters. Í W. Hutmacher, o.fl. (Ritstj.), *In Pursuit of Equity in Education* (bls. 165-194). Boston: Kluwer Academic Publishers.

PISA. (2004). *Learning for tomorrow's world - First results from PISA 2003*. Sótt 10. jan, 2006, af http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa2003/4-PISA2003eng-Chap4.pdf.

Rumberger, R. W. og Palardy, G. J. (2005). Does segregation still matter? The impact of student composition on academic achievement in high school. *Teachers College Record, 107*(9), 1999-2045.

Scheurich, J. J. og Skrla, L. (2003). *Leadership for equity and excellence: Creating high-achievement classrooms, schools, and districts*. Thousand Oaks: Corwin Press.

Shavit, Y. og Blossfeld, H. P. (1993). Changes in educational opportunities in thirteen countries. Í Y. Shavit og H. P. Blossfeld (Ritstj.), *Persistent Inequality: Changing Educational Attainment in Thirteen Countries*. Boulder: Westview Press.

Sjálfsmat skóla: Leikskólar grunnskólar og framhaldsskólar. (1997). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Skolverket. (2004). *National evaluation of the compulsory school in 2003*. Stockholm: Skolverket. Swedish National Agency for Education.

Skrla, L. og Scheurich, J. J. (2004). *Educational Equity and Accountability*. New York: Routledge Falmer.

Smith, E. (2005). Raising standards in American schools: The case of No Child Left Behind. *Journal of Educaiton Policy, 20*(4), 507-524.

Smith, E. og Gorard, S. (2006). Pupils' views on equity in schools. *Compare, 36*(1), 41-56.

Stefán Ólafsson (2005). Hvert er heimurinn að fara? Um þjóðfélagsbreytingar í samtímanum. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls. 153-163). Reykjvavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Ísland.

The Finnish Education Evaluation Council. (2004/2005). New Directions in educational evaluation, *Publications of the Finnish Education Evaluation Council 3*. Jyvaskylan: The Finnish Education Evaluation Council.

Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir (2005). Karlar í útrýmingarhættu? Um stöðu kvenna og karla í framhaldsskólum og háskólum. Í Steinunn Helga Lárusdóttir, o.fl. (Ritstj.), *Kynjamyndir í skólastarfi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

U.S. Department of Education. (2006). *No Child Left Behind*. Sótt 26. september, 2006, af http://www.ed.gov/nclb/landing.jhtml.

Valencia, R., Valenzuela, A., Sloan, K. og Foley, D. E. (2004). Let's treat the cause, not the symptoms: Equity and Accountability in Texas revisited. Í L. Skrla og J. J. Scheurich (Ritstj.), *Educational Equity and Accountability* (bls. 29-39). New York: Routledge Falmer.

Valenzuela, A. (Ritstj.). (2005). *Leaving children behind: How "Texas style" accountability fails latino youth*. New York: State University of New York Press.

Fjölskyldumynstur barnabóka

Brynhildur Þórarinsdóttir

Í barnabókum sem flokka má sem raunsæisverk birtist spegilmynd af samfélaginu. Ungir lesendur geta litið í spegilinn, samsamað sig persónunum og borið eigið líf saman við þeirra. Barnið í bókinni og barnið sem les bókina verða með því leiksystkini, nágrannar, vinir – jafnvel þjáningarsystkini. Það má því segja að barnabækur sem gerast í íslenskum veruleika og samtíma gefi góða mynd af stöðu barna í samfélaginu og almennum viðhorfum í garð barna. Með því að rýna í aðstæður söguhetjanna má aukinheldur fá ýmsar upplýsingar um íslenskt fjölskyldulíf; samsetningu fjölskyldna og viðhorf til fjölskyldumála. Hér verður litið í nokkrar barnabækur með tilliti til umfjöllunar um fjölskyldumál. Skoðað verður hvernig afstaða foreldra og barna birtist, hvernig fjölskyldur eru samansettar og síðast en ekki síst hvernig fjölskyldumynstur barnabóka endurspeglar íslenskt samfélag.

Óumdeilanlegt er að breytingar hafa orðið á fjölskylduháttum og afstöðunni milli barna og foreldra á undanförnum áratugum. Fram á sjöunda áratuginn var vald foreldra yfir börnum sínum ekki dregið í efa, þeir áttu undantekningarlaust síðasta orðið. Á hinum róttæka áttunda áratug voru börn, jafnt sem fullorðnir, aftur á móti hvött til að rísa upp gegn hvers kyns misrétti. Umræða jókst um réttindi og stöðu barna og í kjölfarið fylgdi aukin meðvitund og víða lagabreytingar í þágu barna. Vitundarvakningin skilaði börnum atkvæðisrétti í eigin málum, þau urðu skyndilega meðábyrg fyrir eigin þroska. Greina má þessa þróun í hlutverkum barna og foreldra í íslenskum barnabókum. Nýlegar barnabækur staðfesta að lýðræðisuppeldið á áttunda áratugnum hefur jafnað stöðu foreldra og barna; nú eru það meira að segja börnin sem hafa vit fyrir foreldrunum sem kunna sér ekki hóf í lífsgæðakapphlaupinu. Fjölskyldumynstur barnabóka hefur þannig gjörbreyst og sömuleiðis viðhorf til ýmissa þátta sem varða fjölskyldu- eða einkalíf, svo sem hjónaskilnaðar, einstæðra foreldra og samkynhneigðar.

Tvö tímabil í barnabókmenntasögu nútímans eru einkar athyglisverð hvað þetta varðar. Annars vegar áttundi áratugurinn þegar barnabækur tóku mikla raunsæissveiflu í kjölfar fyrrnefndrar vitundarvakningar. Barnabækur þessa

tímabils fjalla um venjuleg börn sem glíma við vandamál sem hent geta hvaða börn sem er. Þessar hvunndagssögur voru lengi vel lausar við gagnrýni á aðstöðu barna og annars fólks og hvatningu til breytinga (Silja Aðalsteinsdóttir, 1981). Róttækar hugmyndir áttunda áratugarins náðu þó um síðir inn í barnamenninguna með afleiðingum sem enn sér ekki fyrir endann á. Hitt tímabilið sem er aldamótin síðustu þegar aftur fór að bera á samfélagslegri rýni í barnabókum, þó með mun gáskafyllra yfirbragði en áður. Það sem sameinar þessi tímabil er áhugaverð lýsing á stöðu barnsins hvort sem er á heimilinu eða í samfélaginu.

Fjölskyldufræði

Hérlendis hafa rannsóknir á fjölskyldustefnu og samskiptum innan fjölskyldna fyrst og fremst hvílt á herðum félagsráðgjafa (Guðný Björk Eydal, 2004). Mest ber á rannsóknum Sigrúnar Júlíusdóttur en í skrifum hennar kemur fram að bæði fjölskyldugerðir og viðhorf fólks til fjölskyldunnar hafa breyst mjög á undanförnum áratugum (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Nútímafjölskyldan (*the modern family*) sem skilgreind er út frá formgerð og hlutverkum er vissulega enn til staðar en tekst nú á við samtímafjölskylduna (*the postmodern family*) sem hvílir ekki á forminu heldur getur kallast „samningakerfi". Nútímafjölskyldan var neyslueining en samtímafjölskyldan er tilfinningaeining, það sem viðheldur þeirri síðarnefndu er fyrst og fremst þörf fólks fyrir nálægð, hlýju og vernd (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 80).

Samtímafjölskyldan er síbreytileg, hefur breytilegar þarfir og fæst stöðugt við ný verkefni. Lífsskeiðin eru ekki lengur tengd aldri þar sem þætti á borð við barnsfæðingar, menntun og starfsframa er ekki lengur hægt að binda afmörkuðum aldursskeiðum. Hver einstaklingur getur því tilheyrt margs konar fjölskyldugerðum á lífsleiðinni (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Það gefur augaleið að þegar formið er ekki lykilatriði losnar um hlutverk fjölskyldumeðlima. Kynhlutverk og foreldrahlutverk hafa breyst, svo og samskipti foreldra og barna, og í kjölfarið glíma fjölskyldur við ný viðfangsefni. Ný sambúðar- og fjölskylduform eru orðin til og þar með nýjar fjölskyldugerðir (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Aukinn fjölbreytileiki í fjölskyldugerðum hlýtur að skila sér í minni fordómum í garð „óvenjulegra" fjölskyldna og þar með auðvelda fólki að stíga út úr kjarnafjölskyldunni. Í umfjöllun sinni um þróun fjölskyldumála bendir Sigrún á viðsnúning í viðhorfum fólks til breytinga á fjölskyldum, til dæmis hjónaskilnaða. Áður fyrr hafi verið tilhneiging til að líta á breytingar

sem vandamál, spyrna við fæti og koma í veg fyrir umrót, nú sé frekar reynt að takast á við breytingarnar. Það leiði þó til þess að víða verði vart upplausnar og firringar, jafnvel uppgjafar, hugtök séu á reiki og hugmyndir óljósar um réttindi og stöðu bæði barna og foreldra (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Annað sem veldur fjölskyldum vanda er gildismatið í samfélaginu sem Sigrún telur að sé meira á skjön við veruleikann hérlendis en á nágrannalöndunum. Það valdi aukinni spennu og álagi í íslenskum barnafjölskyldum. Meðal þess sem hún nefnir eru miklar efnislegar kröfur, m.a. um stærð og gerð húsnæðis og langur vinnutími (Sigrún Júlíusdóttir 2001). Á öðrum stað ræðir Sigrún um vinnusiðferði í íslensku samfélagi og segir hina starfsframakrefjandi menningu nútímans hæglega geta orðið andsnúna fjölskyldunni. Foreldrar sem setji starfsframa ofar öðrum gildum hætti á að fjölskyldan verði vettvangur hagsmunaárekstra þar sem börnin sitja á hakanum (Sigrún Júlíusdóttir, 2002).

Aukin fjölbreytni, nýjar kröfur og ný viðhorf til breytinga á fjölskylduhögum breyta þó ekki grundvallaratriðinu, að mati Sigrúnar sem leggur áherslu á að „ ...fjölskyldan sé og verði mikilvægasta einingin fyrir tengslamyndum og heilbrigðan tilfinningaþroska.“ (Sigrún Júlíusdóttir, 2002, bls. 153).

Tímabil hversdagsraunsæisins

Barnabókmenntir á áttunda áratugnum mótuðust mjög af því sem var að gerast á Norðurlöndunum, bæði í bókmenntum og almennri samfélagsumræðu. Mikli breyting var að verða á stöðu barna bæði innan fjölskyldunnar og samfélagsins alls. Allt fram á þennan tíma hafði vald foreldra yfir börnum sínum verið óskorað, þeir áttu undantekningarlaust síðasta orðið. Á áttunda áratugnum voru börn, jafnt sem fullorðnir, aftur á móti hvött til að draga allt vald í efa, mótmæla og gera byltingu ef óréttlæti var á ferð (Christensen, 2003). Umræður um réttindi og stöðu barna fóru vaxandi og í kjölfarið fylgdi aukin meðvitund og meira að segja lagabreytingar. Þannig voru líkamlegar refsingar gegn börnum bannaðar með lögum í Svíþjóð 1977, en landið var eitt af fyrstu löndunum í heiminum til að samþykkja slíkt bann (Gaare og Sjaastad, 2000). Athyglivert er að slíkt bann fór ekki inn í íslensk lög (hér voru almenn ákvæði um líkamsárásir í hegningarlögum látin duga). Það má því segja að áhrif skandinavísku raunsæisbylgjunnar hafi að sumu leyti verið meiri á menningu handa íslenskum börnum en formlega stöðu þeirra.

Uppreisnin á barnaheimilinu, sem Olga Guðrún Árnadóttir þýddi og las í útvarpið 1973, hristi upp í þjóðarsálinni. Vitundarvakning var að verða í samfélaginu sem skilaði börnum atkvæðisrétti í eigin málum, uppeldið var rætt við þau og þau þannig gerð meðábyrg fyrir eigin þroska. Jón Oddur og Jón Bjarni fengu slíkt fyrirmyndaruppeldi á áttunda áratugnum, eins og Dagný Kristjánsdóttir (2001) hefur bent á. Foreldrar tvíburanna voru líka frábrugðnir foreldrum í eldri barnasögum. Þeir voru vinir barna sinna; engin gjá var milli kynslóðanna (Ármann Jakobsson, 2005).

Segja má að hér á landi hafi Guðrún Helgadóttir gengið fram fyrir skjöldu í baráttunni fyrir bættri stöðu barna. Verk hennar frá áttunda áratugnum urðu mikilvægt innlegg í umræður um stöðu barna í samfélaginu. Þannig verður Páll Vilhjálmsson (1977) afar meðvitaður um samskipti barna og fullorðinna, eftir að hafa upplifað megnustu ósanngirni. Palli stofnar „Samtök krakka" sem berjast eiga gegn kúgun hinna fullorðnu – samtökin vinna að betra samfélagi og um leið að viðhorfbreytingu hinna fullorðnu (Katrín Jakobsdóttir, 2005). Valdaleysi barna birtist einna skýrast í leikriti Guðrúnar *Óvitum* sem frumsýnt var 1979, á barnaári Sameinuðu þjóðanna. Heimsmynd Óvitanna er þó drungalegri en Palla því hinir fullorðnu eru vonlausir og taka engum sönsum (Katrín Jakobsdóttir, 2005). Hjónabandsvandræði, afskiptaleysi og heimilisofbeldi virðast viðvarandi vandamál í fjölskyldum söguhetjanna í bókarlok.

Þegar bók Guðrúnar *Jón Oddur og Jón Bjarni* kom út árið 1974 varð ákveðin umpólun í íslenskum barnabókum (sjá Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir (ritstjórar), 2005). Strákarnir höfðu skýran rétt á að standa á sínu, þeim leyfðist að hafa skoðanir sem gengu í berhögg við skoðanir fullorðinna og það sem meira er, foreldrar þeirra tóku upp hanskann fyrir þá ef þeir höfðu réttinn sín megin, jafnvel þótt þeir hefðu verið dónalegir við fullorðna. Staða tvíburanna var því sterkari en margra forvera þeirra. Þeir voru virkir þátttakendur í fjölskyldulífinu, uppeldi þeirra miðaðist við að gera þá að vel upplýstum borgurum í lýðræðissamfélagi.

Á þessum tíma var þó enn mun algengara að höfundar beindu sjónum að börnum sem þolendum innan fjölskyldunnar, eins og Guðrún gerir í Óvitum. Árið 1981 sendu tveir af virtustu barnabókahöfundum þjóðarinnar frá sér sögur sem sóru sig í ætt skandinavíska hversdagsraunsæisins. Viðfangsefnið var sótt inn á heimilið; hjónabandserfiðleikar, fjarvera vegna vinnuhörku og drykkjuskapur en þó fyrst og fremst áhrif þessara fullorðinsvandamála á börnin.

Í bókinni *Himnaríki fauk ekki um koll* segir Ármann Kr. Einarsson sögu Simma, ellefu ára drengs sem flytur úr grónu hverfi í auðnina í Breiðholtinu,

upplifir drykkjuskap föðurins, eilífa vinnu foreldranna, rifrildi þeirra og yfirvofandi skilnað. Andrés Indriðason rær á sömu mið í bókinni *Polli er ekkert blávatn*. Söguhetjan er tíu ára drengur sem glímir við ýmis vandamál vegna ósamkomulags foreldra sinna. Faðirinn er drykkjumaður, móðirin flytur til útlanda og skilnaður virðist óumflýjanlegur. Bækurnar eru fyrst og fremst sorglegar og átakanlegar. Foreldrarnir hatast, feðurnir eru undirrót vandræðanna og fullkomlega ósjálfbjarga, mæðurnar eru síþreyttar og tuðandi og andrúmsloftið á heimilunum niðurdrepandi og neikvætt. Börnin eru þreytt, þjökuð og örvæntingarfull.

Bók Andrésar endar svo að segja á óbreyttu ástandi, þótt allt virðist vera að fara á besta veg átta athugulir lesendur sig á að svo er ekki. Og þótt Ármann endi sögu sína vel er sá góði endir falinn í að forðast breytingar. Báðir leggja þeir áherslu á kjarnafjölskylduna sem hið eina gjaldgenga fjölskylduform. Þótt bækur þeirra hafi komið út sama ár og bók Silju Aðalsteinsdóttur á lýsing hennar á söguhetjum áttunda áratugarins vel við: „En samfélagsgagnrýnin sem sjá má í bókunum í þessum hluta er of svartsýn til að hún gefi börnum vopn í hendur til að berjast fyrir auknum rétti sér til handa og nýju og réttlátara þjóðfélagi. Þær enda flestar á sátt við ríkjandi ástand ...“ (Silja Aðalsteinsdóttir, 1981, bls. 358–9).

Leiðin til nútímans

Tuttugu árum síðar, eða 2001, sýna íslenskir barnabókahöfundar gríðarlega fjölbreyttar fjölskyldugerðir. Kjarnafjölskyldan er ekki lengur hið eina rétta fjölskylduform. Í *Mánaljósi* Kristínar Helgu Gunnarsdóttur skilja foreldrarnir og (glasa)börnin verða hjá móðurinni. Í *Algjöru frelsi* eftir Auði Jónsdóttur býr söguhetjan hjá einstæðri móður og þekkir varla föður sinn. Í *Marsibil* Helga Guðmundssonar býr aðalpersónan hjá einstæðum föður og hittir sjaldan móður sína og bróður. Vinur hennar býr hins vegar hjá einstæðri móður en hefur aldrei hitt föður sinn enda er hann kvæntur maður sem „notaður var til undaneldis“. Í *40 vikum* eftir Ragnheiði Gestsdóttur verður söguhetjan einstæð móðir en býr hjá foreldrum sínum með barnið. Faðirinn mun greinilega verða lítið til staðar. Loks má nefna kvikmyndina *Regínu* sem María Sigurðardóttir leikstýrði, einnig frá 2001, en þar hefur önnur söguhetjan misst föður sinn og býr hjá móður sinni en hin býr hjá einstæðum föður sínum því móðirin er flutt til Mexíkó. Sú eina sem býr hjá báðum foreldrum með alsystur og, að því er virðist, án mikilla hjónabandsvandræða er

söguhetja *B-10* eftir Yrsu Sigurðardóttur. Það segir kannski meira en mörg orð að sú „eðlilega“ skuli tilheyra eina farsanum sem hér er til athugunar.

Samhliða viðhorfsbreytingum gagnvart fjölskyldugerðum má greina ákveðna þróun í hlutverkum barna og foreldra í barnabókum á sl. áratugum. Lýðræðisuppeldið sem hófst heima hjá Jóni Oddi og Jóni Bjarna hefur borið ávöxt og jafnað stöðu foreldra og barna, ekki er lengur sjálfgefið hver er skynsamastur á heimilinu. Algengt er að söguhetjur barnabóka nútímans séu miklu vitrari en foreldrarnir og ali í raun foreldra sína upp, eins og sjá má í *Mánaljósi* Kristínar Helgu Gunnarsdóttur. Söguhetjurnar þjást fyrir lífsgæðakapphlaup vinnusjúkra foreldra sinna, líkt og söguhetjur Andrésar Indriðasonar og Ármanns Kr. Einarssonar gerðu tuttugu árum fyrr. Mánaljóssbörnin uppgötva hins vegar nýja lífssýn í sumardvöl hjá ömmu sinni í Kaupmannahöfn þar sem þau læra að njóta hamingjunnar. Þessi börn eru ekki valdalausir þolendur, þau geta haft áhrif á lífsskilyrði sín. Í bókarlok hefur börnunum tekist að ala móður sína upp og þau eru flutt úr kuldalegri höll sinni í lítið, hlýlegt bárujárnshús. Fórnarkostnaðurinn er faðirinn sem yfirgefur fjölskylduna og heldur áfram á sinni röngu braut með nýrri konu. Þrátt fyrir skilnað er sigurinn barnanna, fjölskyldugerðin skiptir ekki máli ef börnin fá tíma og athygli foreldris.

Gagnrýni nýrri höfundanna beinist sem fyrr að vinnusýki og tímaskorti fullorðna fólksins sem gleymir börnunum í annríki dagsins. Þessi vandamál birtast klárlega í bókinni Í Mánaljósi þegar þríburarnir segja vini sínum frá fyrirhuguðum skilnaði foreldra sinna. Vinurinn bregst við með því að spyrja: „ – Skiptir það nokkru máli fyrir ykkur? ... Ég á við, þau eru aldrei heima. Þið hittið þau aldrei saman nema eina viku á ári, þegar þið farið til Flórída og þá er pabbi ykkar alltaf í símanum og mamma ykkar með tölvuna á ströndinni.“ (bls. 34).

Umræða

Börn og fullorðnir eru iðulega andstæður í barnabókum, það sem einkennir börnin einkennir ekki hina fullorðnu og öfugt. Þetta hefur ekkert breyst frá því byrjað var að skrifa fyrir börn, hins vegar hafa einkenni barna og fullorðinna í barnabókum breyst á sl. áratugum (Christensen, 2000). Barnungar söguhetjur, eins og í *Í Mánaljósi*, hafa uppgötvað að þær geta haft ýmislegt að segja um umhverfi sitt og aðstæður og átta sig um leið á því að fullorðna fólkið er ekki fullkomið. Þau skilja líka að óbreytt ástand er ekki alltaf þægilegasta lausnin. Þannig komast nútímasöguhetjurnar skrefinu

lengra en söguhetjur áttunda áratugarins sem urðu að læra að sætta sig við ástand mála.

Rekja má upphaf þessara breytinga hérlendis til áttunda áratugarins. „Þegar lesendur Guðrúnar Helgadóttur ólust upp voru pabbi og mamma hætt að taka sig jafn hátíðlega og hætt að finnast þau jafn gömul." (Ármann Jakobsson, 2005). Foreldrar höfðu stigið niður úr hásætinu og skapað með því svigrúm fyrir börnin. Börn fóru að njóta áður óþekktrar virðingar sem skilaði þeim auknu sjálfstrausti þegar fram í sótti, eins og sjá má í nýrri barnabókum. Börnin eru nú sjálfstæðari en áður, áhrifameiri og meira að segja skarpari. Þau hafa tekið á sig ábyrgð sem áður hvíldi eingöngu á herðum hinna fullorðnu á heimilinu. Í staðinn hafa foreldrarnir fengið að létta af sér ákveðnum byrðum og eru kærulausir, jafnvel vitlausari en áður.

Þetta er ekki sér íslenskt einkenni. Nina Christensen (2000, 2003) hefur sýnt fram á sambærileg umskipti foreldra og barna í dönskum myndabókum. Vald fjölskyldumeðlima hefur jafnast út og börnin standa að sumu leyti jafnfætis foreldrum sínum, þau eru sjálfstæð og fær um að tala máli sínu. Christensen veltir því einnig fyrir sér hvort slíkar bækur, þar sem ala þarf foreldrana upp, séu nokkuð skrifaðar fyrir börn heldur ætlaðar foreldrum. Þar má þó ekki líta fram hjá því að vandaðar barnabækur einkennir gjarnan tvíþætt ávarp, þ.e. þær tala til fleiri en einnar kynslóðir, bæði börn og foreldrar geta notið þeirra út frá eigin forsendum (Dagný Kristjánsdóttir, 2005). Tilgangur nýrri barnabóka virðist þannig mjög oft vera tvíþættur; að skemmta börnum og skamma hina fullorðnu.

Augu barnungra söguhetja hafa vissulega opnast fyrir margbreytileika samfélagsins. Það hlýtur að teljast jákvæð þróun en þó má ekki líta fram hjá því að hugsanlega er stundum ætlast til of mikils af lesendum; jafnvel gert ráð fyrir að nýlæs börn hafi þroska og þekkingu sem krakkar hafa hingað til ekki öðlast fyrr en á framhaldsskólaaldri. Staða, völd og vitneskja fjölskyldumeðlima í nútímasamfélagi virðast því vera að riðlast, rétt eins og fjölskyldunormið, ef marka má bókmenntirnar. Eina birtingarmynd þessa má sjá í því að mörk barna- og fullorðinsbóka eru að láta undan, börn eru sögumenn fullorðinsbóka (sbr. *Leyndardómur býflugnanna* eftir Sue Monk Kidd sem er ein vinsælasta bók sumarsins 2006 á Íslandi) og kjánalegir fullorðnir birtast í barnabókum. Ef til vill er þetta óhjákvæmileg samfélagsþróun, eins og Nina Christensen vekur máls á; það sem löngum hefur kallast fullorðinslíf verður barnalegra og líf barna fullorðinslegra (Christensen, 2000).

Miklar breytingar hafa orðið á fjölskylduháttum og afstöðunni milli barna og foreldra á undanförnum áratugum, eins og rakið var hér að framan. Þessar breytingar endurspeglast í barnabókum. Það er því augljóst að það samfélag

sem barnabókahöfundar lifa og hrærast í hefur áhrif á verk þeirra. Áhrifin geta þó verið gagnkvæm. Í umfjöllun sinni um stjúpfjölskyldur vísar Sigrún Júlíusdóttir (2001) í barnamenninguna, og bendir á að fordómar gagnvart stjúpmæðrum í gömlum ævintýrum geti haft neikvæð áhrif á stjúpfjölskyldur. Hún gagnrýnir jafnframt eldri barnabókahöfunda fyrir að hafa alið á goðsögninni um hamingjusömu kjarnafjölskylduna. „Slíkar hugmyndir miðla ímyndum um hvað sé æskilegt og viðhalda draumnum um að verða „venjuleg fjölskylda". Það hindrar þróun nýrra fyrirmynda og torveldar aðlögun stjúpfjölskyldna í samfélaginu. Það er því fagnaðarefni að ungir barnabókahöfundar miðla nú öðrum gildum og sýn." (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 151-152).

Nýrri bækurnar sýna mun jákvæðari viðhorf til breytinga. Þær sanna að hægt er að lita sögu um afskiptaleysi foreldra, skilnað og flutninga bjartsýni og lífsgleði. Þótt lesendur vorkenni þríburnum í Mánaljósi þegar heimili þeirra leysist upp kemur fljótlega í ljós að skilnaður foreldranna er upphafið að betra lífi. „ – Þið getið auðvitað velt ykkur upp úr þessu og verið sorgmædd, lagst í sjálfsmeðaumkun og depurð," segir vinur þeirra. „Ég myndi hins vegar líta á þetta sem nýja byrjun – upphaf á nýrri framtíð ..." (*Í Mánaljósi*, bls. 34). Þetta samræmist vel orðum Sigrúnar Júlíusdóttur um að viðurkenning á fjölbreytileikanum ögri hefðbundnum hugmyndum um ágæti hins venjulega og tryggð við það sem fyrir er, hið almenna og viðtekna (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Áhugavert er að skoða efnistök Kristínar Helgu Gunnarsdóttur í samanburði við eldri barnabækur um sams konar efni. Viðfangsefnið er viðkvæmt og vafalaust þekkja mörg börn það af sárri reynslu: Afskiptaleysi, skilnaður, breytt umhverfi, einstæð móðir, fjarlægur faðir. Í bókinni *Í Mánaljósi* er skilnaður foreldranna besta lausnin á krísu fjölskyldunnar. Heimilið er leyst upp en framtíðin brosir við börnunum engu síður – og í raun í fyrsta sinn. Aðeins tveimur áratugum fyrr hafa vinsælir barnabóka-höfundar allt aðra mynd af fjölskyldumálum. Bækurnar sem komu út 1981 sýna að foreldrar eiga að standa saman, hvað sem á dynur og hvernig sem ástandið er á heimilinu. Skilnaður er frávik sem hefur alltaf hörmulegar afleiðingar.

Þessi breytta sýn á fjölskylduna er í fullu samræmi við lýsingar Sigrúnar Júlíusdóttur. Fjölskyldan hefur gjörbreyst á fáeinum áratugum, fjölskyldu-gerðum hefur fjölgað og viðhorf almennings til ólíkra fjölskyldugerða eru orðin býsna frjálslynd. Fjölskyldan er einfaldlega: „þeir sem búa saman". Ekki er lengur hægt að tala um fjölskylduna sem stöðugt og skýrt afmarkað fyrirbæri (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 139).

Það er athyglivert að rót vandans í öllum þeim bókum sem hér eru til umfjöllunar er að foreldrarnir hafa gleymt sér í lífsgæðakapphlaupinu; gleymt hvað það er að vera foreldrar; gleymt börnunum. Að því leytinu til hefur ekkert breyst á 30 árum. Íslenskt samfélag er þó gjörbreytt. Áttundi áratugurinn var tími óðaverðbólgu sem át upp laun þeirra sem streðuðu við að koma sér þaki yfir höfuðið. Silja Aðalsteinsdóttir (1981) taldi nauðsynlegt að léleg laun og vinnuharka birtust í djúpgerð barnabóka vegna þeirra afleiðinga sem þetta ástand hefði á samband foreldra og barna og foreldra innbyrðis. Að þessu leyti taldi hún barnabókahöfunda áttunda áratugarins ekki nógu raunsæja og jafnvel breiða yfir spennu bæði á vinnumarkaði og heima fyrir.

Þessi marxíska krafa er horfin úr skrifum gagnrýnenda en það er ekki þar með sagt að skrif barnabókahöfunda séu máttlausari en áður. Samfélagsgagnrýnin er núna falin inni í galsa og kímni – en jafnvel orðin beittari fyrir vikið. Foreldrarnir í nýrri bókunum vinna ekki óendanlega lengi af knýjandi þörf eins og foreldrar í barnabókum óðaverðbólgunnar, heldur af græðgi og neyslufíkn. Í lýsingu sinni á áttunda áratugnum kemst Silja Aðalsteinsdóttir svo að orði að staða barna sé slæm af því að staða foreldra sé slæm, ekki af því að foreldrarnir séu kröfuharðar, ráðríkar eða vondar manneskjur (Silja Aðalsteinsdóttir, 1981). Í bókum aldamótanna síðustu er fjárhagsleg staða foreldranna síður en svo slæm, lausnina á vandamálum þeirra er frekar að finna í sjálfshjálparbókum en bankabókum. Foreldrar nútímans standa því ef til vill nær því að vera kröfuharðar og jafnvel vondar manneskjur – en sem betur fer eiga þeir ráðrík börn sem taka fram fyrir hendurnar á þeim.

Heimildir

Andrés Indriðason (1981). *Polli er ekkert blávatn*. Reykjavík: Mál og menning.

Ármann Kr. Einarsson (1981). *Himnaríki fauk ekki um koll*. Reykjavík: Iðunn.

Ármann Jakobsson (2005). „Að kunna sér hófs í alvörunni. Þegar nútíminn kom með tvíburum inn í íslenskar barnabókmenntir.“ Í Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir (Ritstj.), *Í Guðrúnarhúsi* (bls. 74-92). Reykjavík: Mál og menning og Bókmenntafræðistofnun HÍ.

Christensen, N. (2000). *Mature Children and Infantile Adults: The Depiction of Child-Parent relationships in Danish Picture Books*. Erindi á ráðstefnunni Reading Pictures. Art, Narrative and Childhood. Cambridge 1.-4. september 2000. Sótt 14. ágúst 2006 af http://www.cfb.dk/site.asp?p=69.

Christensen, N. (2003). *Den danske billedbog 1950-1999. teori, analyse, historie.* Frederiksberg: Roskilde Universitetsforlag.

Dagný Kristjánsdóttir (2001). *Barnet som en lille voksen – igjen.* Plenumfyrirlestur á ráðstefnunni Köttur úti í mýri/Snip snap snute, Norræna húsinu, 6. nóv. 2001. Óbirt gögn.

Dagný Kristjánsdóttir (2005). „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn.“ Í Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir (Ritstj.), *Í Guðrúnarhúsi* (bls. 9-32). Reykjavík: Mál og menning og Bókmenntafræðistofnun HÍ.

Gaare, J. og Sjaastad, Ø. S. (2000). *Pippi og Sokrates. Filosofiske vandringer i Astrid Lindgrens verden.* Ósló: Huitfeldt Forlag.

Guðný Björk Eydal (2004). „Velferðarríkið og hin íslenska leið.“ Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (Ritstj.), *Íslensk félagsfræði* (bls. 226-246). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðrún Helgadóttir (1974). *Jón Oddur og Jón Bjarni.* Reykjavík: Iðunn.

Guðrún Helgadóttir (1977). *Páll Vilhjálmsson.* Reykjavík: Iðunn.

Guðrún Helgadóttir (1979). *Óvitar.* Reykjavík: Iðunn.

Helgi Guðmundsson (2001). *Marsibil.* Reykjavík: Mál og menning.

Katrín Jakobsdóttir (2005). „Litlir og stórir baráttumenn og konur.

Um Pál Vilhjálmsson og Óvita eftir Guðrúnu Helgadóttur.“ Í Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir (Ritstj.), *Í Guðrúnarhúsi* (bls. 127-142). Reykjavík: Mál og menning og Bókmenntafræðistofnun HÍ.

Kidd, S. M. (2006 [2002]). *Leyndardómur býflugnanna.* Guðrún Eva Mínervudóttir þýddi. Reykjavík: Bjartur.

Kristín Helga Gunnarsdóttir (2001) *Í Mánaljósi.* Reykjavík: Mál og menning.

Ohrlander, G. (Dr. Gormander). (2006 [1973]). *Uppreisnin á barnaheimilinu.* Olga Guðrún Árnadóttir þýddi. Reykjavík: Dimma.

Ragnheiður Gestsdóttir (2001). *40 vikur.* Reykjavík: Mál og menning.

Sigrún Júlíusdóttir (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigrún Júlíusdóttir (2002). Foreldrahlutverk og réttur barna til sinnu og samveru. Erindi á ráðstefnunni Stöndum vörð um æskuna. Réttur barna til verndar. Borgartúni 7, 30. apríl 2002. Sótt 14. ágúst 2006 af http://www.visindavefur.hi.is/malstofa_sigrun-j.html.

Silja Aðalsteinsdóttir (1981). *Íslenskar barnabækur 1780-1979.* Reykjavík: Mál og menning.

Yrsa Sigurðardóttir (2001). *B-10.* Reykjavík: Mál og menning.

Þróun háskólastigs á Íslandi í ljósi norrænnar þróunar æðri menntunar

Gyða Jóhannsdóttir

Á síðustu áratugum hafa á Vesturlöndum verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að byggja upp fjölbreytt námstilboð að loknu framhaldsskólanámi. Í því skyni hefur æðri menntun (e. higher eduction, tertier education) verið tvískipt og byggt upp millistig á milli framhaldskóla og hefðbundinna háskóla; hér verður hugtakið háskólastig notað yfir alla þessa æðri menntun. Hlutverk millistigsins hefur átt að vera kennsla án mikilla rannsókna. Þrátt fyrir þennan ásetning stjórnvalda hafa stofnanir millikerfisins færst nær og nær hefðbundnum háskólum (Neave, 1979; Morphew, 2000). Þessi tilhneiging stofnana að líkja eftir stofnunum sem njóta mikillar virðingar hefur verið kölluð *academic drift* (Morphew, 2000; Nevae, 1979) þýtt sem *bóknámsrek* á íslensku (Jón Torfi Jónasson, 2006).

Þrátt fyrir miklar breytingar á íslensku háskólastigi er þróunartímabil þess stutt miðað við önnur Norðurlönd. Fyrsti norræni háskólinn var stofnaður í Uppsölum 1477 en Háskóli Íslands 1911. Þess vegna er forvitnilegt að bera þróun hér á landi saman við þróunina á hinum Norðurlöndunum. Vegna þess hve náið samstarf hefur verið á milli stjórnvalda á Norðurlöndunum, en einnig vegna þess hve margt íslenskt háskólafólk hefur numið á Norðurlöndunum, má ætla að greina megi sama svipmót.

Markmið þeirrar norrænu samanburðarrannsóknar sem hér er gerð grein fyrir er að varpa ljósi á og bera saman þróun og skipulag norræns háskólastigs, m.a. í ljósi menntapólitískra aðstæðna.

Bóknámsrek

Hugtakið bóknámsrek er miðlægt hugtak í rannsókninni. Athuganir því tengt hafa oft beinst að þróun og vexti háskólastigs en einnig að þróun stofnanna innan og utan háskólastigs (Neave, 1979; Birnbaum, 1983; Jón Torfi Jónasson, 2004a, 2004b). Ég tel að bóknámsrek sé yfirhugtak og vísi til þess

að að skipulag menntakerfa verður háskólamiðaðra; færist nær háskólum en einnig að stofnanir sem ekki eru háskólar fara að líkja eftir fyrirkomulagi og viðfangsefnum hefðbundinna háskóla eða að starfsnám færist inn í háskóla úr skólum sem ekki eru háskólar. Þetta ferli gerist ekki sjálfkrafa heldur má rekja til samskipta ólíkra en tengdra hagsmunaaðila. Rannsóknin gengur út á að kanna þetta.

Hugtakið bóknámsrek felur í sér þrjá megin flokka sem tengjast ólíkum en tengdum gerendum. 1) *Kerfisrek* vísar til kerfisbreytingar sem felur í sér að kerfið líkist meira háskóla en kerfið sem horfið er frá. Ríkið er mikilvægur gerandi (Neave, 1979). *Stofnanarek* á við þá tilhneigingu stofnana sem ekki eru háskólar að sækjast eftir virðingastöðu háskóla. Stofnanir og stjórnendur þeirra eru mikilvægir gerendur (Neave, 1979; Morphew, 2000; Kyvik, 2004; Jón Torfi Jónasson, 2004b). Ég tel að stofnanarek einkennist af öðrum eða báðum tveggja meginstrauma: a) *Kennara- og deildareki* (e. faculty drift) sem vísar til sóknar einstakra kennara og deilda í hefðbundin akademísk viðmið háskóla. *b) Námskrárrek* (e. curriculum drift) það er að námsskrá starfsmenntunar sem ekki er á háskólastigi verður æ fræðilegri og bóklegri og færist frá vettvangi inn í skólastofnanir (Neave, 1979; Jón Torfi Jónasson, 2003, 2004a). 4) *Nemendarek*, þ.e.a.s. sívaxandi sókn nemenda í háskólanám í stað starfsnáms á framhaldsskólastigi (Jón Torfi Jónasson, 2003, 2004a).

Bóknámsrek, sérstaklega kerfis- og stofnanarek er tengt skipulagi háskólastigsins. Scott (1995) hefur flokkað ólík kerfi háskólastigs í mörgum löndum og Kyvik (2004) hefur á grundvelli þess flokkað norrænt háskólastig að undanskildu Íslandi. Scott leggur áherslu á að flokkarnir fimm séu ekki endanlegir, þvert á móti er skipulag háskólastigs aðstæðubundið og háð menntapólitískri hugmyndafræði og stöðu menntakerfisins í hverju landi. Flokkarnir eru eftirfarandi: *1) Háskólaráðandi kerfi (e. university dominated system).* Þar eru hefðbundnir háskólar og ef til vill einhverjar sérhæfðar stofnanir með formlega stöðu háskóla en allar aðrar skólastofnanir eru á framhaldsskólastigi. Þar er ekkert raunverulegt millistig. 2) *Tvíhliða kerfi* (e. dual system) felur í sér tvö stig æðri menntunar, en samt er mikilvægur eðlismunur á stigunum. Annars vegar eru háskólar ásamt sérhæfðum stofnunum með stöðu háskóla og hins vegar margar litlar sérhæfðar stofnanir sem taka við af framhaldsskólanum og eiga að undirbúa fólk undir tiltekin störf. Þær eru dreifðar um landið, með eigin stofnanamenningu, eigin reglugerðir, jafnvel eigin lög og að mestu aðskildar frá háskólunum. 3*) Tvíundarkerfi* (e. binary system) felur í sér tvö samhliða kerfi, sem hafa að mörgu leyti svipaða stöðu þótt á henni sé stigsmunur. A) Háskólar og sérstakar stofnanir með stöðu háskóla og lúta þær yfirleitt eigin lögum og hafa sérstök hlutverk svo sem að

stunda rannsóknir og ekki síst grunnrannsóknir. B) Annarskonar stofnanir (e. alternative institutions). Þessar annarskonar stofnanir eru einatt minni stofnanir sem búið er að sameina í fjölgreinamiðstöðvar (e. centers) þar sem eru margar ólíkar starfsmenntabrautir. Almennt hafa þessar miðstöðvar sameiginlega reglugerð og yfirleitt ná ein lög yfir þær þar sem kveðið er á um samræmt hlutverk þeirra. Þessar miðstöðvar eru yfirleitt tengdar landshlutum og er ætlað að uppfylla staðbundnar þarfir. Ef um einhverjar rannsóknir er að ræða eiga þær að vera hagnýts eðlis en ekki frumrannsóknir; gott dæmi eru fyrrum bresku *polytechnics* skólarnir. Samkeppni ríkir oft á milli háskólanna og þessara stofnanna. Þróunin hefur verið sú að þær þokast smám saman nær háskólum en mishratt eftir löndum. 4) *Sameinað kerfi* vísar til alhliða háskólastigs þar sem sama heitið er notað yfir allar stofnanir í kerfinu og þær lúta sömu lögum, mikil samkeppni er á milli stofnana, Dæmi um þetta er þegar heiti *polytechnics* í Bretlandi var breytt í *university* upp úr 1990. 5) *Lagskipt kerfi* (e. stratified system) er algengt í Bandaríkjunum en ekki fjallað um það hér.

Þessi rannsókn mín beinir sjónum að því: a) hvort kerfisrek eigi sér stað í þróun norræns háskólastigs, þ.e.a.s. hvort kerfið verði háskólamiðaðra en áður. Einnig er kannað hvort stofnanarek og kennararek eigi sér stað og athugað hvort kennarar í stofnunum sem ekki eru háskólar séu með háskólatitla, eigi að iðka rannsóknir, hvort námið í þessum stofnunum leiði til háskólagráðu og hvort framgangskerfi kennara og stofnana sé fyrir hendi. b) hvort íslensk þróun sé að einhverju leyti frábrugðin þróuninni á hinum Norðurlöndunum.

Aðferðir

Meginaðferð þessarar rannsóknar var greining á rituðum opinberum norrænum heimildum svo sem lögum, reglugerðum og skýrslum um háskólastig svo og öðrum rannsóknum á þessu sviði. Jafnframt voru tekin hálf-opin viðtöl við að minnsta kosti fjóra aðila í hverju landi svo sem við fulltrúa frá menntamálaráðuneyti, félagi háskólakennara eða kennara einstakra stofnana á háskólastigi sem ekki voru háskólar og fræðimenn sem höfðu rannsakað þetta viðfangsefni. Gögnum var safnað í árslok 2001 og vorið 2003 og 2004.

Flokkunarkerfi P. Scotts (1995) á skipulagi háskólastigs og útfærsla Kyviks (2004) var notað til að greina skipulag og þróun norræns háskólastigs. Flokkunarkerfið er að vísu nokkur einföldun þar sem það byggir á skipulagi háskólastigs í allmörgum löndum sem eru menningarlega og menntapólitískt ólík og nær því ekki fyllilega yfir menningarmun landanna. Engu að síður

gerir það mögulegt að bera saman breytingar á háskólakerfi landa yfir langan tíma og í hvaða átt breytingin fer.

Eftirfarandi viðmið eru notuð til að aðgerðabinda bóknámsrek: I) Lýsing á skipulagi menntakerfis, og síðan hvernig hún breytist á ákveðnu tímaskeiði. II) Reglur eða fyrirmæli um iðkun rannsókna, m.a. um það hvort kennarar í öðrum stofnunum en háskólum eigi að stunda rannsóknir og III) flokkun námsloka eftir því hvort það er háskólagráða eða ekki. Liður tvö og þrjú eru grundaðir á rannsóknum Neave (1979) og Halsey (1983) en þær leiddu í ljós að kennarar í stofnunum sem ekki eru háskólar fara að stunda rannsóknir og námið leiðir til háskólagráðu. Af liðum tvö og þrjú eru leidd önnur merki bóknámsreks svo sem: IV) Lýsing á því hvaða háskólatitlar eru notaðir, þ.e. hvort stofnanir sem eru ekki háskólar hafi tekið upp háskólatitla og V) lýsing á framgangskerfi stofnanna og einstaklinga, m.a. með tilliti til þess hvort kennarar geti sótt um framgang og jafnvel heilu stofnanirnar.

Helstu niðurstöður

Skipulag og breytingar á norrænu háskólastigi

Greiningin sýnir að norrænt háskólastig fellur undir tvo af fimm flokkum Scotts. Greiningin tekur einnig til hvenær síðasta kerfisbreyting var gerð og frá hvaða kerfi var horfið, sjá mynd 1.



Mynd 1. Flokkun á skipulagi háskólastigs á Norðurlöndum skv. flokkunarkerfi Scotts og Kyviks (2004) og yfirlit yfir helstu breytingar

Mynd 1 sýnir að uppbygging háskólastigs er ólík eftir löndum. Tvíundakerfi var tekið upp í Finnlandi, Noregi og Danmörku en á mismunandi tíma. Svíþjóð og Ísland hafa sameinað kerfi en Ísland tók það upp tuttugu árum síðar en Svíþjóð. Kerfisrek hefur átt sér stað í öllum löndunum. Kerfisbreyting ein og sér segir þó ekki alla söguna heldur þarf að

skyggnast á bak við tjöldin og hér á eftir verður gerð grein fyrir þeirri þróun sem hefur átt sér stað á Norðurlöndunum.

Tvíundakerfi

Í Danmörku og Noregi voru lengi tvíhliða kerfi. Í Noregi voru litlir starfsmenntaskólar sem á skandínavísku eru kallaðir *högskolar*. Skandínavíska hugtakið *högskola* verður notað hér. Við lok sjöunda og á áttunda áratugnum voru starfræktar tvær gerðir norskra *högskola*, annarsvegar *landshluta-högskolar* (n. regional högskolar) og hins vegar *héraðs-högskolar* (n. distrikt högskolar). Landshluta-*högskolar* voru starfsmenntastofnanir sem tóku við af framhaldskólastiginu og buðu upp á tiltölulega stuttar starfsmenntabrautir svo sem menntun kennara, hjúkrunarkvenna o.s.frv. Á sama tíma voru að auki stofnaðir héraðs-*högskolar* en þar voru starfræktar stuttar starfsmenntabrautir tengdir héraðinu og áhersla lögð á samþættingu námsgreina. Þar var einnig hægt að taka grunnnámskeið hefðbundinna háskóla en þeir voru yfirfullir á þessum tíma.

Árið 1994 er tekið upp tvíundakerfi en þá eru 98 *högskolar* sameinaðir í 26 fjölgreina *högskola*-miðstöðvar (n. statliga högskoler) (Kyvik, 2002, 2004).

Í Danmörku er mjög rík hefð fyrir litlum starfsmenntaskólum (d. seminar) samkvæmt tvíhliða kerfi en þar var til dæmis starfrækt menntun barnakennara, hjúkrunarkvenna o.fl. Kerfið breytist í tvíundakerfi árið 2000 þegar ákveðið er að sameina fjóra til fimm starfsmenntaskóla í miðstöðvar fyrir framhaldsnám (d. center for videregående uddannelse, CVU) (Rasmussen, 2004; Hjort, 2004).

Þróunin í Finnlandi er frábrugðin norskri og danskri þróun. Um miðjan áttunda áratuginn útvíkka stjórnvöld háskólakerfið einhliða og færa margskonar starfsmenntun af framhaldsskólastigi svo sem kennaramenntun, o.fl. inn í þá háskóla sem voru fyrir hendi en stofna einnig nýja háskóla (Kivinnen og Rinne, 1996; Kyvik, 2004). Í lok níunda áratugarins varð hins vegar ljóst að háskólarnir gátu ekki veitt sívaxandi fjölda nemenda sem luku stúdentsprófi inngöngu. Auk þess þótti nauðsynlegt að beina þessum nemendum einnig að hagnýtara og vettvangstengdara starfsnámi. Árið 1992 færa Finnar því tilteknar stofnanir og námsgreinar af framhaldsskólastigi og stofna fjölgreina starfsmenntaskóla (e. polytechnics). Breytingin var lögfest 1995 (Rinne, 2004; Kyvik, 2004).

Sameinað kerfi

Svíar hverfa frá tvíhliða kerfi árið 1977 og taka upp sameinað kerfi en það ár sameina þeir litla starfsmennta-*högskola* og háskóla ef þeir síðarnefndu voru

staðsettir í grenndinni. Ef háskólar voru ekki fyrir hendi voru *högskolar* starfræktir áfram. Kennarar í *högskola* áttu að kenna en ekki að stunda rannsóknir. Megin markmiðið var að færa starfsmenntun nær háskólunum og háskólana nær vettvangi atvinnulífsins. Í Svíþjóð var sameiginlega heitið yfir þessar tvær stofnanir *högskola* en ekki universitet, þ.e.a.s. heiti stofnana sem voru lægra settar í menntakerfinu varð fyrir valinu (Kim, 2002). Samkvæmt lögum um Högskola, nr. 1434/1992 verður kerfið samhæfðara, en fyrr. Þrátt fyrir þetta er sameinaða sænska háskólakerfið um sumt óljóst þar sem bæði eru fyrir hendi hefðbundnir háskólar og *högskolar* sem ekki eru með virðingarsess háskóla. Stundum er vísað til sænska kerfisins sem dulins tvíundakerfis (Kim, 2002; Kyvik, 2002, 2004).

Á Íslandi var íslenskt háskólastig útvíkkað einhliða á árunum frá 1971 en þá varð Kennaraháskóli Íslands annar háskóli Íslendinga. Á svipuðum tíma færðist margskonar starfmenntun sem áður var á framhaldsskólastigi inn í Háskóla Íslands svo sem menntun hjúkrunarfræðinga o. fl. Einnig fengu aðrar sérhæfðar stofnanir virðingarsess háskóla, að sumu leyti. Þessar breytingar gerðust smám saman og einskorðuðust við einstakar stofnanir án heildrænnar stefnumörkunar stjórnvalda um háskólastigið (Jón Torfi Jónasson, 2004b). Með samþykkt laga um háskóla nr. 136/1997 tók Ísland upp sameinað kerfi þar sem háskóli varð samheiti stofnanna á háskólastigi sem nú eru átta en aðrar stofnanir eru á framhaldsskólastigi. Lögin um háskóla voru stefnumarkandi rammalöggjöf en ekki var kveðið á um hvort allir háskólar ættu að sinna rannsóknum Í 2. grein laganna segir „háskóli er menntastofnun sem jafnframt sinnir rannsóknum ef svo er kveðið á um í reglum og starfsemi hvers skóla“. Rannsóknir voru hins vegar smám saman stundaðar í öllum háskólum og samkvæmt nýsamþykktum lögum um háskóla nr. 63 frá 2006 eiga allir háskólar að stunda rannsóknir.

Það er hins vegar ekki fyllilega ljóst frá hvaða kerfi var horfið. Við fyrstu sýn virðist það vera háskólaráðandi kerfi þar sem einungis háskólar eða stofnanir með virðingarsess háskóla svo sem Tækniskóli Íslands og landbúnaðarskólarnir voru á háskólastigi. Aðrar starfsmenntastofnanir voru lagalega á framhaldsskólastigi svo sem Fósturskóli Íslands, Þroskaþjálfaskóli Íslands, Íþróttakennaraskóli Íslands, og listaskólarnir. Fjármögnun þessara skóla var ákvörðuð samkvæmt reiknireglu framhaldsskólans og vinnuskylda kennara ákvörðuð samkvæmt samningum framhaldsskólakennara. Inntökuskilyrði skólanna voru breytileg; stundum stúdentspróf en einnig nægðu tvö til þrjú ár í framhaldsskóla. Lagalega séð var íslenska kerfið því háskólaráðandi kerfi. Slík greining gefur hins vegar skekkta mynd af þróuninni og hér er haldið fram að frá níunda og einkum tíunda áratugnum hafi verið um

dulið tvíhliða kerfi að ræða. Rökin eru eftirfarandi: Í daglegu tali var oft vitnað til þessara skóla sem skólanna á gráa svæðinu og var það sökum þess að á þessu tímabili þróuðust þessir skólar smám saman í átt að háskóla og gengu eins langt og lagaleg staða þeirra á framhaldsskólastigi leyfði. Fósturskólinn var gott dæmi um þetta. Nemendum með stúdentspróf fjölgaði við skólann, frá 1983 var rekið eins árs breytilegt framhaldsnám sem var síðar metið sambærilegt við hluta af framhaldsnámi leikskólakennara í tveim *högskolum* í Noregi og við framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands. Fósturskólinn var einnig þátttakandi í samstarfsneti háskóla á Norðurlöndum og í Evrópu (Gyða Jóhannsdóttir, 1998). Þróun allra hinna skólanna var einnig í átt að háskóla en þó hvers með sínu sniði. Stjórnvöld tóku ekki formlega á vanda skólanna á gráa svæðinu fyrr en 1995 (Lög um listmenntun á háskólastigi, 1995). Hinir skólarnir sem nefndir voru hér að ofan sameinuðust Kennaraháskóla Íslands 1997 (Lög um Kennaraháskóla Íslands, 1997).

Takmarkanir á kerfi Scotts komu vel í ljós við þessa greiningu, þ.e.a.s. að greining á lögum nær ekki að lýsa þeirri þróun sem verður innan kerfisins. Það er einnig ljóst að á bak við lík kerfisheiti leynist mjög ólík þróun sem byggir á ólíkum menningar- og menntapólitískum grunni. En grófu línurnar verða svipaðar þegar upp er staðið.

Endurspeglar þróun norræns háskólastigs stofnana- og kennararek?

Til að kanna hvort stofnana- og kennararek hafi átt sér stað á norrænu háskólastigi er nauðsynlegt að tilgreina þær stofnanir sem eru reknar samhliða háskólum, sjá mynd 2.

Háskólakerfi og stofnanir

	Tvíunda kerfi	*Sameinað kerfi*
Danmörk	Háskóli CVU	
Noregur	Háskóli Högskola	
Finnland	Háskóli Polytechnics	
Svíþjóð		Háskóli Högskola
Ísland		Háskóli

Mynd 2. Yfirlit yfir heiti stofnana á norrænu háskólastigi árið 2006

Samkvæmt mynd 2 sker íslenskt háskólastig sig úr því á háskólastigi eru einungis háskólar. Þar kemur einnig í ljós að tvennskonar stofnanir eru á sænsku háskólastigi þrátt fyrir að sama yfirheitið gildi um þær. Tafla 1 sýnir

hvort þróun stofnana sem eru til hliðar við háskólana endurspeglar fyrrnefnd viðmið um stofnana- og kennararek.

Tafla 1. Yfirlit yfir stofnana- og kennararek í stofnunum á norrænu háskólastigi, sem ekki eru háskólar

	Noregur	**Svíþjóð**	**Finland**	**Danmörk**
Heiti stofnana	Högskola	Högskola	Polytechnics	CVU
Háskólatitlar	Já	Já	Nei	Nei
Rannsóknir	Já	Já	Takmarkaðar rannsóknir	Nei
Háskólagráða	já	Já eða samsvarandi háskólagráðu	Diplóma, samsvarar B.A gráðu og framhaldsnám sem samsvarar meistaragráðu	Nei, en "professions bachelor"
Framgangskerfi (stofnanir og einstaklingar)	Já	Já	Nei	Nei

Samkvæmt töflu 1 eru sænsku og norsku stofnanirnar næstar háskólum og dönsku stofnanirnar lengst frá þeim. Norska þróunin leiðir í ljós stofnana- og kennararek. Norsku *högskolunum* var upphaflega ekki ætlað að stunda rannsóknir. Á áttunda áratugnum urðu héraðs-*högskolarnir* hinsvegar mun *akademiskari* en ætlað var þar sem kennarar fóru að stunda rannsóknir og fyrir þrýsting þessara stofnana veitti ríkið takmarkaða heimild til rannsókna og gilti það einnig fyrir nokkra landshluta-*högskola* (Kyvik og Skodvin, 2003). Árið 1979 var heimilt að ráða *högskola*-dósenta og 1986 prófessora. Smám saman var héraðs-*högskolunum* og nokkrum landshluta-*högskolum* einnig heimilt að veita æðri háskólagráðu en þó ekki doktorsgráðu (Kyvik, 2002). Framganskerfi kennara var komið á 1993. Árið 1995 voru háskólatitlar orðnir þeir sömu við háskóla og *högskola* og áttu kennarar beggja stofnanna að stunda rannsóknir (Lov om universitet og högskolor, 1995). Háskólum einum er þó ætlað að stunda grunnrannsóknir og veita æðstu háskólagráðu með nokkrum undantekningum þó. Rannsóknir í *högskolum* eiga að vera hagnýts eðlis. Í Svíþjóð var kerfið sameinað 1977 en þó áttu kennarar innan hinna svokölluðu *högskola* að kenna en ekki að stunda rannsóknir. *Högskolunum* var ekki heimilt að veita æðri háskólagráðu (Kim, 2002). Fyrst með lögunum um Högskola frá 1992 er skýrt tekið fram að kennarar beggja stofnanna eigi að stunda rannsóknir. Árið 1999 var komið á framgangskerfi

kennara beggja stofnanna. Í Noregi og Svíþjóð getur *högskola* fengið takmörkuð réttindi háskóla svo sem að starfrækja doktorsnám á ákveðnu sviði en einnig getur *högskola* orðið háskóli að uppfylltum tilteknum skilyrðum (Lov om universitet og högskolor, 1995; Högskolalagen, 1992). Árið 1999 fengu þrír sænskir *högskolar* stöðu háskóla (Kyvik, 2004). Í Noregi fékk einn *högskola* stöðu háskóla árið 2005. Í báðum löndum hefur því orðið bæði stofnana- og kennararek.

Stofnanarek má einnig greina í finnsku tækniskólunum (polytechnics). Samkvæmt lögum um Yrkeshögskolor nr. 255 frá 1995 áttu þessar stofnanir að vinna að þróunarverkefnum og útskrifa nemendur með diplómu sem er sambærileg bachelors-gráðu. Frá 2003 hafa þessar stofnanir heimild til að stunda hagnýtar rannsóknir og starfrækja framhaldsnám sem er sambærilegt meistaranámi (Lag om yrkeshögskolor, 2003). Námið í polytechnics er fyrst og fremst starfsmiðað en háskólanámið fræðilegs eðlis. Polytechnics geta ekki fengið virðingarsess háskóla.

Danmörk sker sig úr öðrum Norðurlöndum. Dönsk CVU eru langt frá hefðbundnum háskólum og fljótt á litið virðist ekki vera um neitt stofnanarek að ræða. Kennarar eru ekki með háskólatitla, eiga ekki að stunda rannsóknir og námi lýkur ekki með fyrstu háskólagráðu. Þegar betur er að gáð eru þó merki um stofnanarek. Dönsk CVU eiga að kaupa rannsóknir af háskólum og vinna að þeim í samvinnu við þá. Það er þó allsendis óljóst hvernig þeirri samvinnu skal háttað og hefur það valdið togstreitu á milli CVU og háskóla (Hjort, 2004). Nokkur CVU hafa árangurslaust sótt um heimild til að stunda eigin rannsóknir. Námi við CVU lýkur ekki með háskólagráðu en að uppfylltum skilyrðum er þeim heimilað að brautskrá nemendur með svonefnda *professions bachelors* gráðu. Forsvarsmenn CVU hafa sótt um að þessi námstitill verði metinn til jafns við fyrstu háskólagráðu en því hefur verið mótmælt harðlega af hálfu danskra háskóla. Ég tel að þessi barátta danskra CVU sé merki um komandi stofnanarek.

Umræða og ályktanir

Greining á skipulagi norræns háskólastigs sýnir að löndin fara ólíkar leiðir við skipulag þess. Kerfisrek einkennir samt öll löndin. Æðri menntun varð fjölbreyttari um skeið þegar kerfin færðust frá háskólaráðandi kerfi til tvíhliða eða tvíundakerfis. En öll norrænu kerfin hafa þróast þannig að þeir skólar sem eru ekki í flokki hefðbundinna háskóla færast sífellt nær þeim en tilfærslan er mislangt á veg komin. Greinilegt stofnana- og kennararek hefur

átt sér stað í Noregi og Svíþjóð og virðist vera að byrja í Finnlandi. Þróunin í Danmörku gefur einnig vísbendingar um væntanlegt stofnanarek.

Þróun íslensks háskólastigs endurspeglar einnig kerfis- og stofnanarek, þ.e.a.s. kerfið verður háskólamiðaðra og starfsmenntastofnanir færast inn í háskóla eða fá stöðu háskóla. Þróunin sker sig þó úr norrænu þróuninni á tvo vegu. Í fyrsta lagi er formlega hlaupið yfir tvíhliða kerfi og tvíundakerfi og nú er starfsmenntun annaðhvort innan háskóla eða framhaldsskóla. Í öðru lagi þróaðist íslenska háskólastigið stefnulaust þar til stjórnvöld samþykktu lög um háskóla 1997.

Hvers vegna var íslensku háskólastigi ekki tvískipt, þ.e.a.s. tekið upp tvíhliða kerfi eða tvíundakerfi í líkingu við margar aðrar þjóðir. Svarið má sennilega rekja til þróunar mennta- og sérskólastigs á sjöunda áratugnum og ungs háskólastigs. Skömmu fyrir miðbik sjöunda áratugarins brautskráðu einungis þrír menntaskólar og Verslunarskóli Íslands stúdenta. Menntaskólanám var því fyrir fáa útvalda. Með lögunum um Kennaraskóla Íslands nr. 123 frá 1963 fékk skólinn heimild til að brautskrá barnakennara með stúdentsróf að loknu eins árs framhaldsnámi og opnar gagnfræðingum leið til stúdentsprófs og háskólanáms. Kennaraskólinn yfirfyllist á árunum 1965–1970. Menntamálayfirvöld tóku ekki á almennum vanda mennta- og sérskólastigs fyrr en 1969 en þá voru stofnaðar tveggja ára framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna (Gyða Jóhannsdóttir, 2001, 2004). Síðar voru samþykkt lög um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Á sama tíma urðu tímamót á íslensku háskólastigi þar sem Kennarakólinn varð annar háskóli Íslendinga (Lög um Kennaraháskóla Íslands, 1971). Sjónir stjórnvalda beindust þó einkum að menntaskóla- og sérskólastiginu, m.a. því að beina ungu fólki í framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna. Með því að gera stúdentspróf að inntökuskilyrði fyrir menntun barnakennara var jafnframt létt miklum þrýstingi af kennaranáminu. Stjórnvöld leiddu hugann hins vegar ekki sérstaklega að þróun háskólastigsins. Þvert á móti kom stofnun annars háskóla á Íslandi alþingismönnum í opna skjöldu og helsta ágreiningstriði snerist um hvort stofna skyldi nýjan háskóla eða flytja námið inn í Háskóla Íslands þar sem talið var að svo fámennt land sem Ísland gæti ekki borið tvo háskóla (Gyða Jóhannsdóttir, 2001, 2004).

Gylfi Þ. Gíslason fyrrverandi menntamálaráðherra svaraði spurningunni um hvort íslensk stjórnvöld hefðu á þessum tíma ekkert hugað að þróun háskólastigsins til dæmis að tvískipta háskólastiginu í anda þess sem gert var í Noregi og Danmörku á þessa leið: „Nei, það var aldrei rætt [...] Háskóli Íslands var vanþróaður á raunvísindasviðinu og hann þurfti að styrkja [...] það var ekkert til skiptanna“ (munnleg heimild, 26. júní 2000). Þarna er vikið

að fámenninu og að Háskóli Íslands var eini háskólinn og þróun hans sem vísindaháskóla var stutt kominn. Stjórnvöld beittu sér fyrir eflingu hans og litu ekki til kerfisins í heild.

Er ennþá of lítið til skiptanna til að tvískipta háskólastiginu? Jón Torfi Jónasson (2004b) spáir því að tekið verði upp íslenskt tvíundakerfi sem felst í því að tiltekið starfsnám verði flutt úr framhaldsskólum yfir í skóla sem taka við nemendum af framhaldsskólastigi og yrðu til hliðar við háskólana. Ef til vill er tilkoma slíkra stofnanna ekki svo langt undan. Í skýrslu um nýjan framhaldskóla er m.a. lagt til að veita framhaldsskólum heimild til þess að setja á stofn eins til þriggja ára nám í starfstengdum greinum og það nám verði á sjálfstæðu skólastigi svokölluðu fagháskólastigi sem á að vera „...í framhaldi af Nýja framhaldsskólanum og með áherslu á þarfir atvinnulífsins. Námið verði opið öllum nemendum sem ljúka framhaldsskóla að uppfylltum skilyrðum um undanfara“ (Skýrsla Starfsnámsnefndar, 2006, bls.18). Ef þessi tillaga verður að veruleika er þróun íslensks háskólastigs komin í takt við þróun á hinum Norðuröndunum og líkist þá mjög þróun finnska háskólastigsins en þar voru háskólarnir stækkaðir einhliða á miðjum áttunda áratugnum og síðar var sérstakt starfstengt nám flutt í stofnanir til hliðar við háskólana og það síðara virðist vera í vændum hér. Enn ein vísbending um að þróunin er í þá átt að nálgast háskóla þó að það gerist mishratt.

Heimildir

Útgefnar heimildir

Birnbaum, R. (1983). *Maintaining diversity in higher education.* San Francisco: Jossey-Bass.

Gyða Jóhannsdóttir (1998). Flutningur menntunar leikskólakennara á háskólastig. *Athöfn: Tímarit leikskólakennara*, *30*(1), 18–22.

Gyða Jóhannsdóttir (2001). *The conceptions on the upgrading of the education of icelandic elementary school teachers to university level in 1971.* Óbirt doktorsritgerð, Danmarks Pedagogiske Universitet. Kaupmannahöfn.

Gyða Jóhannsdóttir (2004). Hugmyndir um flutning menntunar íslenskra barnakennara á háskólastig 1971. Sértæk fræðileg þekking, virðingarstaða eða hvað? *Uppeldi og Menntun: Tímarit Kennaraháskóla Íslands, 13*(2), 123-146.

Halsey, A. H. (1983) *Higher education in Britain. A study of university and polytechnic teachers.* New York: Report to the Social Science Research Counsil.

Hjort, K. (2004). Viden som vare. Í K. Hjort (Ritstj.), *De Professionelle* (bls. 73–101). Roskilde: Roskilde Universitetesforlag.

Högskolelagen nr. 1434/1992

Jón Torfi Jónasson (2003). Does the state expand schooling? A study based on five Nordic countries. *Comparative Educatrion Review, 47*(2), 160-183.

Jón Torfi Jónasson (2004a). What determines the expansion of higher education ? Credentialism, academic drift and the growth of education. Í Ingjaldur Hannibalssson (Ritstj.), *Rannsóknir I félagsvísindum. V, Viðskipta og hagfræðideild* (bls. 275–290) Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Háskólaútgáfan.

Jón Torfi Jónasson (2004b). Higher education reforms in Iceland at the transition into the twenty-first century. Í I. Fägerlind and G. Strömqvist (Ritstj.), *Reforming higher education in the Nordic countries* (bls. 137-138). Paris: UNESCO.

Jón Torfi Jónasson (2006). *Frá gæslu til skóla. Um þróun leikskóla á Íslandi.* Reykjavík: Rannsóknarstofa um menntakerfi. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Kim, L. (2002). *Lika olika*. Stockholm: Högskoleverket.

Kivinen, O. & Rinne, R. (1996). Teacher training and higher education policies in Finland since the World War II. Í H. Simola & T. S. Popkewitz (Ritstj.), *Professionalization and education. Research report* (bls. 76–96). Helsinki: Helsinki University.

Kyvik, S. (2002). Den norske högskolesektorn i ett internationellt perspectiv. Í S. Kyvik (Ritstj.), *Fra yrkesskole till universitet. Endringsprocesser i högskolesektor* (bls. 65-88). Bergen: Fagbokförlaget.

Kyvik, S. & Skodvin, O. J. (2003). Research in the non-university higher education sector – tensions and dilemmas. *Higher Education, 45,* 203-222.

Kyvik, S. (2004). Structural changes in Higher education systems in Western Europe. *Higher Education in Europe, XXIXX*(3), 393-409.

Lag om yrkeshögskola no. 255/1995.

Lag om yrkeshögskola no. 351/2003.

Lov om universiteter og högskolor, no. 22/ 1995.

Lög um Kennaraskóla Íslands, nr. 123/1963.

Lög um Kennaraháskóla Íslands, nr. 38 /1971.

Lög um listmenntun á háskólastigi, nr. 43/1995.

Lög um Háskóla, nr. 136/1997.

Lög um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997.

Lög um Háskóla, nr. 63/2006.

Neave, G. (1979. Academic drift: some views from Europe. *Studies in Higher Education 4*(2), 143–159.

Morphew, C. (2000). Institutional diversity, program acquisition and faculty members: examining academic drift at a new level. *Higer Educational Policy, 13,* 55 –77.

Rasmussen, P. (2004). Towards flexible differentiation in higher education? Recent changes in Danish higher education. Í I. Fägerlind and G. Strömqvist (Ritstj.), *Reforming higher education in the Nordic countries* (bls. 55-88). Paris: UNESCO.

Rinne, R. (2004). Searching for the rainbow: changing the course of Finnish higher education. Í I. Fägerlind and G. Strömqvist (Ritstj.), *Reforming higher education in the Nordic countries* (bls.89-136). Paris: UNESCO

Scott, P. (1995). Unified and binary systems of higher education in Europe. Í A. Burgen (Ritstj.), *Goals and purposes of higher education in the 21st century* (bls. 37–54). London: Jessica Kingsley Publishers.

Starfsnámsnefnd (2006). *Nýr framhaldsskóli.* Skýrsla Samstarfsnefndar. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Rannsóknir með börnum
Aðferðir - áskoranir – álitamál

Jóhanna Einarsdóttir

Rannsóknir þar sem leitað er eftir álit barna á málefnum sem þau varða eru tiltölulega nýjar af nálinni. Þegar þannig er farið að er talað um að gera rannsóknir með börnum í stað þess að tala um rannsóknir á börnum (Corsaro og Molinary, 2000; Mayall, 2000; O'Kane, 2000). Í þessari grein verður fjallað um aðferðir í rannsóknum með börnum og ýmis úrlausnarefni og álitamál sem rannsakendur standa frammi fyrir þegar þeir vinna að rannsóknum með ungum börnum. Fjallað verður um siðferðislega þætti sem tengjast upplýstu samþykki, trúnaði, vernd og samskiptum. Byggt verður á reynslu af rannsókn sem unnin var með 2 – 6 ára börnum þar sem notaðar voru fjölbreyttar aðferðir við að kanna viðhorf þeirra og skoðanir á leikskólastarfi.

Rannsóknin

Markmiðið með rannsókninni var að varpa ljósi á það hvernig börn sjá tilveru sína í leikskólum. Rannsóknin fór fram í einum leikskóla á höfuðborgarsvæðinu og tók þrjú ár. (Jóhanna Einarsdóttir, 2005a, 2005b, 2005c).

Fræðileg undirstaða rannsóknarinnar er í fyrsta lagi þau viðhorf til barna sem koma fram í kenningum og félagsfræðilegum rannsóknum á barnæsku sem þróast hafa á undanförnum árum en þar er litið á skoðanir barna og líf sem áhugavert hér og nú og barnæsku sem afmarkað rannsóknarefni (Christensen og James, 2000; Corsaro, 1997; James og Prout, 1997; Jenks, 2004; Keats, 2000; Langsted, 1994; O'Kane, 2000; Qvortrup, 2002). Í öðru lagi er byggt á síðtíma (e. postmodern) hugmyndum um börn þar sem lögð er áhersla á að börn séu sterk og hæf, hafi eigin rödd sem beri að taka alvarlega og að þau búi yfir þekkingu, skoðunum og áhuga sem best sé að nálgast hjá þeim sjálfum (Dahlberg, Moss og Pence, 1999; Mayall, 2000). Í þriðja lagi er tekið mið af hreyfingu um rétt barna sem hefur á síðustu árum lagt áherslu á

börn sem borgara og rétt þeirra til þátttöku og ákvörðunartöku (e. Children's right movement). Þar skipar Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna mikilvægan sess, en með honum var staðfestur réttur barna til að tjá eigin skoðanir og hafa áhrif á eigið umhverfi (*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*, 1997).

Rannsóknin byggðist því á þeirri sannfæringu að ung börn séu hæf og fær um að vera virkir þátttakendur. Þau hafi eigin rödd; eigin skoðanir og áhuga. Þau hafi rétt til að tjá skoðanir sínar og hafa áhrif á líf sitt og umhverfi og jafnframt séu þau fullfær um að tjá viðhorf sín og skoðanir ef viðeigandi aðferðir eru notaðar.

Aðferðir

Í rannsóknini var gengið út frá þeirri hyggju að börn séu ólík og til þess að öðlast skilning á lífi þeirra og skoðunum sé nauðsynlegt að nota mismunandi aðferðir sem taki mið af hæfni þeirra, þekkingu, áhuga og aðstæðum. Í fyrri hluta rannsóknarinnar voru þróaðar aðferðir til að nota með börnunum. Þær aðferðir sem síðan voru notaðar við gagnasöfnunina voru: Viðtöl, teikningar barnanna, ljósmyndir barnanna, spurningakönnun, söfnun hjálpargagna og flokkun mynda. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum þessara aðferða.

Viðtöl

Viðtöl við börn eru töluvert ólík viðtölum við fullorðna. Börn hafa t.d. ekki þá reynslu sem fullorðnir hafa af viðtölum og vita oft ekki til hvers er ætlast af þeim. Þekking barna er líka oft ómeðvituð (e. implicit), þ.e. börnin eru ekki meðvituð um það sem þau vita og því þarf að nota óbeinar aðferðir til að fá upplýsingarnar (Graue og Walsh, 1998). Enn fremur hefur verið bent á að börn hafa frjótt ímyndunarafl og geta oft farið á flug í viðtölum og þau fara oft út fyrir efnið. Rannsakandinn þarf þá að vera fær um að meta hvað er raunverulegt og hvað er ímyndun og sveigja umræðuefnið aftur á rétta braut án þess þó að hafna eða gera lítið úr því sem barnið segir (Greene og Hill, 2005; Keats, 2000). Nokkrar leiðir hafa verið farnar í viðtölum með ungum börnum; ýmsar gerðir hópviðtala og einstaklingsviðtala með eða án hjálpargagna eins og mynda, teikninga, leikbrúða eða leikmuna (Clark, 2005). Í þessari rannsókn voru tekin einstaklingsviðtöl við yngri barnahópinn og hópviðtöl við elstu börnin.

Hópviðtöl

Elstu börnin voru tvö eða þrjú saman í viðtölunum. Viðtöl við börn í hóp byggjast á aðstæðum sem þau þekkja. Leikskólabörn eru vön að vera saman í hóp og í samveru við önnur börn læra þau og mynda sér skoðun á umhverfi sínu. Hópviðtöl byggjast á samskiptum; börnin ræða saman um spurningarnar og aðstoða hvert annað með svörin, þau minna hvert annað á og gæta þess að satt og rétt sé sagt frá og þau spyrja hvert annað spurninga og hafa því að nokkru leyti stöðu spyrjenda líka. Börn eru öflugri þegar þau eru fleiri saman og valdastaða þeirra gagnvart hinum fullorðna verður sterkari þegar þau eru fleiri en eitt í viðtalinu, þau eru líka afslappaðri þegar þau eru með vinum sínum en ein með fullorðnum (Eder og Fingerson, 2003; Graue og Walsh, 1998; Greig og Taylor, 1999; Jóhanna Einarsdóttir, 2003; Mayall, 2000; Parkinson, 2001).

Einstaklingsviðtöl

Með yngstu börnunum var farin sú leið að taka myndir af hverju einstöku barni einn dag og nota myndirnar sem kveikju í viðtalinu. Barninu var fylgt eftir yfir daginn og myndir teknar á stafræna myndavél af því sem það tók sér fyrir hendur. Reynt var að taka myndir af barninu í sem flestum athöfnum dagsins. Í lok dagsins voru myndirnar skoðaðar með barninu og rætt um þær. Þessi aðferð gaf góða mynd af leikskóladegi barnsins og því sem það hafði ánægju af að gera í leikskólanum. Börnin létu sér myndatökuna í léttu rúmi liggja á meðan á henni stóð, en voru mjög áhugasöm að skoða myndirnar í lok dagsins, rifja upp og ígrunda. Með þessum hætti var ferli náms og starfs barnsins skráð en auk þess hvetur aðferðin barnið til að tjá sig og börnin fá því tækifæri til að lýsa hugsunum sínum og athöfnum í orðum.

Teikningar barnanna

Kostir þess að nota teikningar í rannsóknum með börnum eru að þær gefa kost á óyrtri tjáningu og börnin eru virk og skapandi þegar þau teikna. Flest börn eru einnig vön því að teikna, þau geta breytt og bætt við teikningarnar eins og þeim hentar, teikningar taka líka oft nokkurn tíma og krefjast þess ekki að svarað sé strax svo börnin fá að hugsa sig um (Dockett og Perry, 2005; Parkinson, 2001; Punch, 2002). Í framhaldi af hópviðtölunum voru börnin í rannsókninni beðin um að teikna það sem þeim fyndist skemmtilegt og leiðinlegt í leikskólanum. Rannsakandinn ræddi síðan við þau um það sem þau teiknuðu og skrifaði útskýringar þeirra hjá sér. Þessi aðferð reyndist mikilvæg viðbót við aðrar aðferðir.

Ljósmyndir barnanna

Ljósmyndir barna sem gagnaöflunaraðferð felst í því að börnin fá myndavélar til umráða og taka myndir sem þau ræða síðan um við rannsakandann. Í þessari rannsókn voru ljósmyndir barnanna notaðar sem gagnaöflunaraðferð og voru notaðar ólíkar aðferðir og ólíkar tegundir myndavéla.

Myndir á stafræna myndavél

Farin var sú leið að tengja saman ljósmyndatöku og kynnisferð barnanna um skólann eða það sem Langsted (1994) hefur kallað „gönguviðtal“ (e. walking interview). Rannsakandi fékk börnin, eitt og eitt í senn, til að fylgja sér um leikskólann og sýna sér það markverðasta og taka um leið myndir á stafræna myndavél. Með þessu móti var gagnasöfnunin að hluta til í höndum barnanna, þau völdu það sem þau vildu mynda og gátu myndað það sem skipti þau máli. Myndir hvers barns voru síðan settar saman í bækling og strax í kjölfarið settist rannsakandi með hverju barni og ræddi við það um myndirnar. Börnin fengu síðan myndabækling sinn með sér til eignar.

Myndir á einnota myndavél

Börnin fengu til afnota einnota myndavél sem þau máttu nota til að taka myndir af því sem þau vildu í leikskólanum. Börnin voru misáhugasöm um myndavélarnar og báru sig líka misjafnlega að við myndatökuna. Sum virtust hugsa töluvert um hvað þau ætluðu að mynda en önnur tóku myndir út og suður af því sem fyrir augun bar. Það tók einnig mjög mislangan tíma fyrir börnin að ljúka við filmurnar. Þegar börnin höfðu lokið við að taka allar myndirnar var filman framkölluð. Þá var sest með hverju barni og rætt um myndirnar. Þau gátu ráðið því hvað gert var við myndirnar. Þau máttu setja þær myndir í albúm sem þau vildu varðveita, þau gátu fleygt einhverjum myndum eða geymt annars staðar.

Þessar tvær aðferðir við notkun myndavéla reyndust vera nokkuð ólíkar og gefa töluvert ólíka mynd af leikskólalífi barnanna. Þegar börnin notuðu stafrænu myndavélina tóku þau myndir af því sem þeim fannst mikilvægt að sýna gesti. Þau tóku myndir af mismunandi stöðum og leikefni, eigin listaverkum og öðrum börnum. Notkun einnota myndavélanna hafði hins vegar ólíka merkingu fyrir börnin. Þá tóku þau myndir af því sem þau vildu en voru ekki að taka myndir fyrir aðra. Fyrir mörg börnin var myndavélin nýtt leikefni. Þau léku sér með myndavélina og tóku myndir þegar þau voru á eigin vegum, m.a. af hlutum sem voru á mörkum þess að vera leyfilegir.

Ljósmyndir barna sem gagnaöflunaraðferð hafa marga kosti (Clark og Moss, 2001; Cook og Hess, 2003; Dockett og Perry, 2003; Hurworth, 2003; Jóhanna Einarsdóttir, 2005b; Rasmussen, 1999; Rasmussen og Smidt, 2002). Myndavélin eykur vald barnanna því stór hluti gagnasöfnunarinnar er á höndum barnanna sjálfra og þau eiga stóran þátt í því að ákveða hverju er safnað. Barnið er gerandi og það getur myndað hvað sem það vill. Í kjölfar myndatökunnar fylgja viðtöl sem eru frábrugðin öðrum viðtölum að því leyti að myndirnar stýra viðtalinu og þar af leiðandi sjónarmið barnsins. Jafnframt gefur ljósmyndun börnunum tækifæri til að skýra frá á nýjan hátt og fullorðnum nýja aðferð við að hlusta, þ.e. ekki er einungis byggt á töluðu máli. Aðrir kostir sem bent hefur verið á við það að nota myndir barnanna við gagnaöflun eru þeir að yfirleitt hafa börn ánægju af því að nota myndavélar. Myndataka er fljótvirk svo börnin missa ekki áhugann og ljósmyndir eru áþreifanleg gögn sem hægt er að nálgast síðar til að ræða og greina. Rannsóknin leiddi hins vegarí ljós að ljósmyndir barnanna einar og sér gefa takmarkaðar upplýsingar. Samtölin við börnin og útskýringar þeirra og túlkun á því sem var á myndunum og hvers vegna þau tóku þær skiptu meginmáli.

Spurningakönnun

Í rannsókninni var spurningalisti lagður fram í formi leiks. Spurningaspil sem var til í leikskólanum var aðlagað og því breytt þannig að það þjónaði einnig þeim tilgangi að fá fram skoðanir barnanna á leikskólastarfinu. Spilið samanstendur af spjöldum í mismunandi litum og mismunandi formum. Á hverju spjaldi er spurning eða þraut sem börnin eiga að svara. Börnin gátu valið að leika með spilið þegar þau vildu og sitja nokkur saman með starfsmanni, draga spil og skiptast á um að svara. Starfsmaðurinn skráði hjá sér svör barnanna á þar til gerð eyðublöð. Einsær kostur aðferðarinnar er sá að spilið tilheyrði daglegu leikefni leikskólans og ekki var þörf á að setja upp tilbúnar aðstæður þegar börnin svöruðu spurningalistanum.

Áskoranir og álitamál

Í rannsóknum sem beinast að lífi og viðhorfum barna standa rannsakendur frammi fyrir ýmsum úrlausnarefnum og álitamálum. Siðferðislegir þættir sem tengjast upplýstu samþykki, trúnaði, leynd, vernd, tengslum og samskiptum eru mikilvægir í öllum rannsóknum en öðlast aukið vægi í rannsóknum með börnum.

Tengsl og samskipti

Í eigindlegum rannsóknum myndast yfirleitt mikil og oft náin samskipti milli þátttakenda og rannsakenda. Þegar börn eiga í hlut geta þessi tengsl orðið flóknari. Börn eru oft berskjaldaðri og upplifa gjarnan valdaójafnvægi gagnvart hinum fullorðna rannsakanda. Valdaójafnvægið helgast af ólíkum aldri, stöðu, hæfni og reynslu. Sum börn hafa einnig tilhneigingu til að líta á hinn fullorðna sem yfirvald sem þau eiga erfitt með að vera í andstöðu við. Þar af leiðandi er sú hætta fyrir hendi að þau leitist við að gera rannsakandanum til geðs af ótta við afleiðingarnar ef þau gera það ekki (Balen, Holroyd, Mountain og Wood, 2000/2001; Coyne, 1998; Flewitt, 2005; Hill, 2005; Punch, 2002; Robinson og Kellett, 2004).

Ýmsar aðferðir og leiðir hafa verið farnar til að draga úr valdaójafnvægi milli barns og fullorðins rannsakanda. Athyglisverðar eru t.d. aðferðir Mandell (1984) sem gerði sér far um að falla inn í barnahópinn og verða hluti af honum (e. least-adult role) og Corsaro (1985) sem lagði áherslu á að kynnast börnunum á löngum tíma og verða vinur þeirra. Aðrir hafa bent á að valdaójafnvægið sé óhjákvæmilegt og því verðum við að leita til barnanna og biðja þau að aðstoða okkur við að skilja barnæskuna og sjónarmið þeirra (Mayall, 2000).

Í þessari rannsókn var leitast við að efla vald barnanna (e. enpowering) með því að nota fjölbreyttar aðferðir sem byggjast á hæfni barnanna og styrkleika og þess gætt að börnin fengju stuðning hvert af öðru ef það hentaði þeim. Rannsóknin fór einnig fram á heimavelli barnanna, þ.e. í leikskólanum sem þau þekktu vel, við aðstæður og á tíma sem hentaði börnunum. Fullorðnir sem börnin treystu og þekktu önnuðust hluta af gagnaöfluninni en þegar rannsakandinn var utanaðkomandi gætti hann þess að koma fram og kynna sig sem sá sem ekki veit, hann væri að leita eftir upplýsingum hjá börnunum því þau hefðu vit og þekkingu á málinu.

Upplýst samþykki

Þegar leitað er upplýsts samþykkis barna þarf að gæta þess að veita þeim upplýsingar á því máli og á þann hátt sem þau skilja, svo í raun sé um upplýsta ákvörðun um þátttöku að ræða. Þau þurfa að fá vitneskju um og öðlast skilning á markmiðum rannsóknarinnar, hvað rannsóknin feli í sér, hvað muni gerast og hve lengi. Þau þurfa að vita til hvers er ætlast af þeim og hvað verði gert við gögnin og hvernig niðurstöðurnar verði notaðar. Þau þurfa að fá upplýsingar um afleiðingarnar af því að taka þátt í rannsókninni og hugsanlega áhættu. Þau þurfa líka skilja að þau ráða því sjálf hvort þau

taka þátt eða ekki og að þau hafa leyfi og vald til að draga sig út úr rannsókninni þegar þau vilja (Balen, Holroyd, Mountain og Wood, 2000/2001; Davis, 1998; Flewitt, 2005; Hill, 2005).

Þegar ung börn eiga í hlut geta þessi atriði verið nokkrum erfiðleikum bundin af ýmsum ástæðum. Fyrst skal þó telja valdaójafnvægi milli rannsakanda og barns sem getur haft það í för með sér að barninu finnst erfitt að neita eða láta í ljósi ósk um að hætta þátttöku. Þegar börnin eru ung þarf einnig að ganga úr skugga um að þau átti sig á því sem um er að ræða og nota hugtök og tungutak sem þau skilja. Ef rannsókn nær yfir langan tíma er mikilvægt að líta ekki svo á að samþykki um þátttöku í rannsókninni í upphafi gildi fyrir allan tímann, heldur sé samþykkinu haldið opnu á meðan á rannsókninni stendur, þannig að börnin hafi tök á að endurmeta afstöðu sína (Alderson, 2004; Flewitt, 2005).

Rannsóknir með börnum hafa líka þá sérstöðu að auk samþykkis barnanna þarf að afla upplýsts samþykkis þriðja aðila, í flestum tilfellum foreldra, sem gegna stöðu hliðvarða (e. gatekeeper) og ákveða hvort börnin hafi val um að taka þátt í rannsókninni eða ekki. Í þessari rannsókn veittu foreldrar barnanna, leikskólastjórinn og rekstraraðilar leikskólans formlegt leyfi fyrir rannsókninni. Ekki var farin formleg leið að því að leita eftir samþykki barnanna fyrir rannsókninni í upphafi heldur voru þau spurð í hvert skipti sem viðfangsefni sem tengdust rannsókninni voru lögð fyrir þau hvort þau vildu taka þátt. Ástæða þess að þessi leið var farin er sú að rannsakendur mátu það svo að vegna ungs aldurs barnanna væri auðveldara fyrir þau að ákveða í hvert skipti hvort þau vildu vera með eða ekki. Ef þau hefðu gefið samþykki í upphafi hefðu þau átt erfiðara með að átta sig á um hvað málið snerist og einnig hefði sú hætta verið fyrir hendi að þau yrðu búin að gleyma því síðar. Eftir á að hyggja velti ég vöngum yfir hvort ekki hefði átt að leita leiða til að kynna rannsóknina fyrir börnunum í upphafi. Þegar svo ung börn eiga í hlut þarf að íhuga vel hvernig best sé að haga þessu þannig að gagn sé að og samþykkið sé ekki einungis orðin tóm. Alderson (2004) hefur t.d. lagt til að útbúnir séu skýringarbæklingar með myndum til að fara í gegnum með ungum börnum.

Þegar leitað er eftir samþykki barna er það alltaf álitamál hvort um raunverulegt samþykki sé að ræða. Rannsakandinn þarf að átta sig á því að þótt börnin hafi játað þátttöku geta óyrt viðbrögð og látbragð gefið til kynna raunverulega skoðun þeirra (Alderson, 2004; Harcourt og Conroy, 2005). Hér getur rannsakandinn lent í klemmu, þar sem tvö sjónarmið togast á. Hann vill halda sem flestum þátttakendum inni í rannsókninni og getur lent í aðferðafræðalegum vanda ef margir hætta þátttöku eða neita að vera með, en

um leið er það siðferðisleg skylda hans að gefa þátttakendunum færi á að draga sig út úr rannsókninni og tryggja að þeir fái upplýsingar um rétt sinn til þess.

Trúnaður – vernd

Trúnaður í rannsóknum með börnum snýst um að tryggja það að ekki sé hægt að bera kennsl á þátttakendur í skýrslum og kynningum á verkefninu. Einnig snýst trúnaður um að rannsakandi bregðist ekki trausti barnanna gagnvart foreldrum eða kennurum (Hill, 2005). Rannsakendur sem unnið hafa með börnum hafa á hinn bóginn varað við því að lofa börnum algjörum trúnaði. Þeir geta t.d. staðið frammi fyrir því að verða að meta hvort réttlætanlegt sé að tilkynna yfirvöldum ef fram koma upplýsingar um misnotkun (Balen, Holroyd, Mountain og Wood, 2000/2001; Cree, Kay og Tisdall, 2002; Flewitt, 2005). Samkvæmt íslenskum barnaverndarlögum er einstaklingum skylt að gera viðvart ef ástæða er til að ætla að barn búi við óviðunandi aðstæður eða verði fyrir ofbeldi. Í 17. gr. laganna er tekið fram að tilkynningaskyldan skuli ganga framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu starfsstétta (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Bent hefur verið á að eðlilegt ferli við slíkar aðstæður sé að ráðgast við börnin um hvaða leið þau vilji að sé farin. Jafnframt skuli börnin látin vita þegar þeim er heitið trúnaði að ef líf fólks eða heilsa sé í húfi verði rannsakandi að láta vita af því (Coady, 2001; Hill, 2005). Ef hins vegar ekki er um ofbeldi að ræða heldur kemst rannsakandi að einhverju um barnið sem hann telur vera mikilvægt að t.d. foreldrar eða kennarar viti getur málið horft öðru vísi við. Slík álitamál geta sett rannsakandann í ákveðna siðferðislega klemmu. Annars vegar ber honum að gæta þess að hagsmunir og öryggi barnsins séu í fyrirrúmi og hins vegar hefur hann þær siðferðislegu skyldur að bregðast ekki trúnaði barnsins.

Lokaorð

Börn eru síður en svo einsleitur hópur fólks. Raddir þeirra eru margar og mismunandi. Viðhorf þeirra eru, eins og fullorðinna, margbreytileg og þau hafa ólíka hæfni og styrk. Rannsakandi sem vinnur rannsóknir með börnum þarf því að vera skapandi og hafa á valdi sínu fjölbreyttar aðferðir sem hæfa aðstæðum og þeim börnum sem unnið er með hverju sinni. Ólíkar aðferðir geta varpað ljósi á mismunandi þætti og gefið nýja sýn. Tjáningarmáti barna er einnig ólíkur og því henta börnum ólíkar aðferðir við að tjá sjónarmið sín og misjafnt er hvaða aðferðir henta mismunandi aldurshópum.

Fyrir utan aðferðafræðileg álitamál vekja rannsóknir með börnum upp margvíslegar siðferðislegar spurningar. Valdaójafnvægi sem helgast af ólíkri stöðu, hæfni og reynslu barnsins og hins fullorðna rannsakanda er áhrifamikill þáttur og eilíft álitamál á öllum stigum rannsóknarinnar. Rannsóknin er að frumkvæði hins fullorðna sem velur rannsóknarefnið og yfirleitt geta börnin ekki lagt neitt af mörkum til rannsóknaráætlunar eða rannsóknarferlis. Þegar leitað er eftir samþykki barnanna og gögnum safnað með þeim þarf að leita leiða til að efla vald barnanna þannig að raunveruleg viðhorf þeirra komi í ljós. Túlkun niðurstaðna er í höndum fullorðinna og því er mikilvægt að rannsakendur spyrji sig hvernig þeir geti verið viss um að skilningur þeirra endurspegli hugmyndir barnanna, hegðun þeirra og reynslu. Rannsakendur sem vinna rannsóknir með börnum verða stöðugt að efast og leita eftir veikleika aðferðanna sem þeir nota og þeirrar túlkunar sem þeir setja fram.

Til að skilja þekkingu og sjónarmið barna þarf að skyggnast í það félagslega og menningarlega samhengi sem þau lifa í. Raddir barna endurspegla það umhverfi sem þau tilheyra. Aðrar raddir gætu heyrst á öðrum tíma og í öðru félags- og menningarlegu umhverfi. Um leið og við hlustum á börn þurfum við því að skoða á gagnrýninn hátt þær félagslegu aðstæður sem fullorðnir búa börnum (Jipson og Jipson, 2005; Kjörholt, 2005; Kjörholt, Moss og Clark, 2005).

Markmiðið með rannsóknum með börnum er að stuðla að velferð þeirra, beint eða óbeint, hér og nú eða í komandi framtíð. Ef vel tekst til geta rannsóknir þar sem leitað er eftir viðhorfum barna veitt upplýsingar sem koma einstaklingum og skólastarfi til góða og lagt sitt af mörkum til rannsókna og stefnumörkunar í málefnum barna.

Heimildir

Alderson, P. (2004). Ethics. Í S. Fraser, V. Lewis, S. Ding, M. Kellett og C. Robinson (Ritstj.), *Doing research with children and young people* (bls. 97-111). London: SAGE.

Balen, R., Holroyd, C., Mountain, G. og Wood, B. (2000/2001). Giving children a voice: Methodological and practical implications of research involving children. *Pediatric Nursing, 12*(10), 24-29.

Barker, J. og Weller, S. (2003). Is it fun?" Developing children centered research methods. *International Journal of sociology and social policy, 1*(2), 33-58.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Brooker, L. (2001). Interviewing children. Í M. G. Naughton, S. Rolfe og I. Siraj-Blatchford (Ritstj.), *Doing early childhood research: International perspectives on theory and practice* (bls. 162-177). Buckingham: Open University Press.

Christensen, P. og James, A. (2000). Researching children and childhood: Cultures of communication. Í P. Christensen og A. James (Ritstj.), *Research with children* (bls. 1-8). New York: Falmer Press.

Clark, A. (2005). Listening to and involving young children: A review of research and practice. Í A. Clark, A. T. Kjörholt og P. Moss (Ritstj.), *Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services* (bls. 490-505). Bristol: Policy Press.

Clark, A. og Moss, P. (2001). *Listening to young children*. London: National Children's Bureau and Rowntree Foundation.

Coady, M. M. (2001). Ethics in early childhood research. Í G. M. Naughton, S. A. Rolfe og I. Siraj-Blatchford (Ritstj.), *Doing early childhood research: International perspectives on theory and practice* (bls. 64-74). Buckingham: Open University Press.

Cook, T. og Hess, E. (2003, September, 2003). *Contribution for early childhood education collaborative*. Paper presented at the Annual Conference of the European Early Childhood Research Association, Glasgow.

Corsaro, W. A. (1985). *Friendship and peer culture in the early years*. Norwood, NJ: Ablex.

Corsaro, W. A. (1997). *The sociology of childhood*. Thousand Oaks, CA: Pine Forge Press.

Corsaro, W. A. og Molinari, L. (2000). Priming events and Italian children's transition from preschool to elementary school: Representation and action. *Social Psychology Quarterly, 63*(1), 16-33.

Coyne, I. T. (1998). Researching children: Some methodological and ethical considerations. *Journal of Clinical Nursing, 7*, 409-416.

Cree, V., Kay, H. og Tisdall, K. (2002). Research with children: Sharing the dilemmas. *Child and Family Social Work, 7*, 47-56.

Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. R. (1999). *Beyond quality in early childhood education and care: Postmodern perspectives*. London, Philadelphia, PA: Falmer Press.

Davis, J. M. (1998). Understanding the meanings of children: A reflexive process. *Children og Society, 12*, 325-335.

Denzin, N. K. (1989). *Interpretive biography*. London: SAGE.

Dockett, S. og Perry, B. (2003, september). *Children's voices in research on starting school*. Fyrirlestur á ráðstefnu European Early Childhood Education Research Association, Glasgow.

Dockett, S. og Perry, B. (2005). Researching with children: Insights from the Starting School Research Project. *Early Child Development and Care, 175*(6), 507-522.

Eder, D. og Fingerson, L. (2003). Interviewing children and adolescents. Í J. A. Holstein og F. J. Gubrium (Ritstj.), *Inside interviewing: New lenses, new concerns* (bls. 33-55). London: SAGE.

Edler, D. og Fingerson, L. (2003). Interviewing children and adolescents. Í J. A. Holstein og F. J. Gubrium (Ritstj.), *Inside interviewing: New lenses, new concerns*. London: SAGE.

Flewitt, R. (2005). Conducting research with young children: Some ethical considerations. *Early Child Development and Care, 175*(6), 553-566.

Gollop, M. M. (2000). Interviewing children: A research perspective. Í A. B. Smith, N. J. Taylor og M. M. Gollop (Ritstj.), *Children's voices: Research, policy and practice* (bls. 18-37). New Zealand: Pearson Education.

Graue, E. M. og Walsh, D. J. (1998). *Studying children in context: Theories, methods and ethics*. Thousand Oaks, CA: SAGE.

Greene, S. og Hill, M. (2005). Researching children's experience: Methods and methodological issues. Í S. Green og D. Hogan (Ritstj.), *Researching children's experience* (bls. 1-21). Thousand Oaks, CA: SAGE.

Greig, A. og Taylor, J. (1999). *Doing research with children*. Thousand Oaks, CA: SAGE.

Harcourt, D. og Conroy, H. (2005). Informed assent: Ethics and processes when researching with young children. *Early Child Development and Care, 175*(6), 567-577.

Hill, M. (2005). Ethical considerations in researching children's experiences. Í S. Greene og D. Hogan (Ritstj.), *Researching children's experience* (bls. 61-86). Thousand Oaks, CA: SAGE.

Hurworth, R. (2003). Photo-interviewing for research. Sótt 31. mars 2004 af http://www.soc.surrey.ac.uk/sru/SRU40.html. *Social Research Update*

James, A. og Prout, A. (1997). *Constructing and reconstructing childhood: contemporary issues in sociological study of childhood*. London: Falmer.

Jenks, C. (2004). Constructing childhood sociologically. Í M. J. Kehily (Ritstj.), *An introduction to childhood studies* (bls. 77-95). Berkshire, England: Open University Press.

Jipson, J. og Jipson, J. (2005). Confidence intervals: Doing research with young children. Í L. D. Soto og B. B. Swadner (Ritstj.), *Power and voice in research with children* (bls. 35-45). New York: Peter Lang.

Jóhanna Einarsdóttir (2003). Þegar bjallan hringir þá förum við inn. *Netla. Veftímarit KHÍ*. http://netla.khi.is/

Jóhanna Einarsdóttir (2005a). *„Mér finnst það bara svo skemmtilegt". Þróunarverkefni í leikskólanum Hofi um þátttöku barna í mati á leikskólastarfi.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Jóhanna Einarsdóttir (2005b). Playschool in pictures: Children's photographs as a research method. *Early Child Development and Care, 175*(6), 523-541.

Jóhanna Einarsdóttir (2005c). We can decide what to play! Children's perception of quality in an Icelandic playschool. *Early Education and Development, 16*(4), 469-488.

Keats, D. M. (2000). *Interviewing: Practical guide for students and professionals.* Philadelphia: Open University Press.

Kjörholt, A. T. (2005). The competent child and the right to be oneself: Reflections on children as fellow citizen in an early childhood centre. Í A. Clark, A. T. Kjörholt og P. Moss (Ritstj.), *Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services* (bls. 151-174). Bristol: Policy Press.

Kjörholt, A. T., Moss, P. og Clark, A. (2005). Beyond listening: Future prospects. Í A. Clark, A. T. Kjörholt og P. Moss (Ritstj.), *Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services* (bls. 175-188). Bristol: Policy Press.

Langsted, O. (1994). Looking at quality from the child's perspective. Í P. Moss og A. Pence (Ritstj.), *Valuing quality in early childhood service: new approaches to defining quality* (bls. 28-42). London: Paul Chapman.

Mandell, N. (1984). The least-adult role in studying children. *Journal of Contemporary Ethnography, 16*, 433-467.

Mauthner, M. (1997). Methodological aspects of collecting data from children: Lessons from three research projects. *Children & Society, 11*, 16-28.

Mayall, B. (2000). Conversations with children: Working with generational issues. Í P. Christensen og A. James (Ritstj.), *Research with children* (bls. 120-135). New York: Falmer Press.

O'Kane, C. (2000). The development of participatory techniques. Facilitating children's views about decisions which affect them. Í P. Christensen og A. James (Ritstj.), *Research with children* (bls. 136-159). New York: Falmer Press.

Parkinson, D. D. (2001). Securing trustworthy data from an interview situation with young children: Six integrated interview strategies. *Child Study Journal, 31*(3), 137-156.

Punch, S. (2002). Research with children: The same or different from research with adults? *Childhood, 9*(3), 321-341.

Qvortrup, J. (2002). Sociology of childhood: Conceptual liberation of children. Í F. Mouritsen og J. Qvortrup (Ritstj.), (bls.43-78). Odense: University Press of Southern Denmark.

Rasmussen, K. (1999). Om fotografering og fotografi som forskningsstrategi i barndomsforskning. *Dansk sociologi, 1*, 64-78.

Rasmussen, K. og Smidt, S. (2002). *Barndom i billeder: Börns fotografier set som ytringer om en kultur i bevægelse*. Danmark: Akademisk.

Robinson, C. og Kellett, M. (2004). Power. Í S. Fraser, A. Lewis, S. Ding, M. Kellett og C. Robinson (Ritstj.), *Doing research with children and young people* (bls. 81-96). London: SAGE.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1997). Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Lífsgildi

Sigrún Aðalbjarnardóttir

Réttlæti og kærleikur,
virðing og ábyrgð,
umhyggja og umburðarlyndi ...

Fólk tileinkar sér lífsgildi sem því finnst mikilvægt að hafa að leiðarljósi á lífsgöngu sinni. Gildi eru leiðarvísar einstaklinga, hópa og samfélaga. Þau eru grunnur skoðana okkar á hinum ýmsu efnum og breytni í margvíslegum aðstæðum. Þau eru grunnur þeirrar afstöðu sem við tökum til manna og málefna, afstöðu okkar til lífsins, afstöðu okkar til þess hvað sé verðmætast og verðugast að stefna að í lífinu til heilla fyrir einstaklinginn og samfélagið. Af þessu má sjá hve mikilvægt er að átta sig bæði á sínum eigin gildum og gildum samfélagsins – en oft eru þessi gildi okkur ómeðvituð – og hve brýnt er að taka afstöðu til þess hvaða gildi það eru sem æskilegt er að rækta með æskunni.

Tilgangur kaflans er að vekja athygli á margvíslegum gildum og mikilvægi þess að vera sér meðvitaður um þau. Ekki síst á það við um uppalendur sem vinna með börnum og ungu fólki. Kafinn byggist á efni bókar sem ég vinn að um að rækta lífsgildi.

Hugtakið gildi er ekki auðsætt en til að nálgast það er fyrsta skrefið að greina að mismunandi gildi. Sem dæmi getum við rætt um grunngildi, siðferðileg gildi og lífsgildi og spurt: Hvað eiga þessi gildi sameiginlegt og hver er munurinn á þeim? Spurningin er ekki einföld og ekki virðist alveg samkomulag um hvernig skilgreina megi mismunandi flokka gilda (sjá t.d. Jón Ólafsson, 2002; Vilhjálmur Árnason, 1997, 2002).

Hér er því velt upp hvar ofangreind gildi – grunngildi, siðferðileg gildi og lífsgildi – skarast og hvar ekki. Ég skoða meðal annars hvort þau eru algild (universal) og er þá átt við þau sem eru sammannleg, óháð menningu og tungu eða hvort þau eru afstæð (relative) það er mismunandi eftir einstaklingum, hópum og samfélögum. Þá greini ég jafnframt á milli siðagilda og siðvenja og lýsi hvernig siðvenjur geta fótumtroðið algild siðagildi.

Grunngildi

Grunngildi vísa til gilda sem hafa hagsmuni allra að leiðarljósi og ættu því að vera við lýði í hvaða samfélagi sem er; þau eru algild. Með öðrum orðum, hugleitt er hvaða gildi allir menn og konur kysu fyrir sig og sína; hvaða gildi myndu öðlast samþykki í frjálsri umræðu fólks í ljósi þess að þau snerta sameiginlega hagsmuni þess (sjá t.d. Vilhjálmur Árnason, 1997). Í slíkum vangaveltum fer ekki hjá því að siðferðileg gildi verða ofarlega á blaði, eins og virðing fyrir lífi fólks og réttlæti í formi jöfnuðar.

Í samræðum okkar Vilhjáms Árnasonar heimspekings um mun á grunngildum og siðferðilegum gildum taldi hann heppilegt – og ég tel ástæðu til að taka upp hér – að nálgast spurninguna með því að spyrja sig hvað það sé sem nýfætt barn þarfnist til að þroskast og dafna. Sum þeirra grunngilda sem fram koma teljast siðferðileg en önnur ekki. Öryggi er til dæmis grunngildi sem ekki er siðferðilegt nema öðrum þræði. Í huga verður þó að hafa að þótt sum grunngildi séu ekki siðferðileg þá er alltaf siðferðileg skylda að hlúa að þessum gildum hjá fólki.

Dæmi um grunngildi sem er af siðferðilegum toga er einmitt umhyggja. Við getum trúlega verið sammála um að allar manneskjur beri umhyggju fyrir öðru fólki eða ýmsu öðru í lífi sínu. Það sé til marks um að vera manneskja. Og þörfin og löngunin eftir því að njóta umhyggju er sammannleg, óháð menningu og tungu; hún er algild.

Í slíkum hugrenningum nálgumst við gildi um mannréttindi og hlutverk okkar við uppeldi og menntun æskunnar. Lítum nánar á siðferðileg gildi.

Siðferðileg gildi

Algild siðferðileg gildi

Í umræðu um siðferðileg gildi fer vel á því að tefla fram afstöðu sálfræðingsins Lawrence Kohlbergs sem er einn fárra fræðimanna sem hafa skoðað siðferðisvitund í víðu samhengi og þá með tilliti til heimspekikenningar um réttlæti, með sálfræðirannsóknum á siðferðisþroska og jafnframt með reynslu af því að framkvæma fræðikenningar sínar í skólastarfi (Kohlberg, 1981, 1984; Power, Higgins og Kohlberg, 1989; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1987).

Kohlberg (1981) aðhylltist heimspekileg sjónarmið Sókratesar og Kants á siðgæðisvitund um að réttlæti sé grundvallargildi og telur réttlætisvitund búa með öllum mönnum án tillits til menningar eða þjóðfélags, hún sé algild. Að mati Kohlbergs felst réttlæti í því að réttindum og skyldum sé skipt lýðræðis-

lega með jafnrétti og gagnkvæma virðingu fyrir hverjum manni að leiðarljósi. Réttlæti heyrir samkvæmt þessu undir siðferðileg gildi sem eru algild og um leið grunngildi.

Kohlberg (1981, 1984) taldi að komast mætti að grunnhugmyndum um réttlæti og að sama skapi að réttlátustu lausn mála almennt með því að hver og einn setji sig í spor allra þeirra sem hlut eiga að máli (ideal-role-taking) með það í huga að viðkomandi gæti sjálf(ur) verið í þeim aðstæðum (moral musical chairs). Sú hugsun liggur að baki, að með því að ímynda sér að við sjálf gætum lent í þeirri stöðu að eiga á hættu að verða undir í tilteknum aðstæðum værum við líklegri til að komast að réttlátri niðurstöðu um lausn málsins.

Þekktastur er Kohlberg (1984) fyrir kenningu sína um hvernig hugmyndir fólks þróast um réttlæti og sanngirni; á hverju það byggi ákvarðanir sínar og mat sitt á því hvað sé rétt eða röng breytni. Kenning hans um þróun siðgæðisvitundar fólks miðar að því að sýna algildan þroskaferil siðgæðishugsunar. Til að marka þroskaleiðina setti hann fram nokkrar vörður (sex þroskastig). Ein þroskaðasta hugsun í því ferli einkennist af því að skilgreina athöfn sem „rétta“, ef hún byggist á meðvitaðri ákvörðun einstaklings sem hann tekur með hliðsjón af þeim siðalögmálum sem hann hefur að leiðarljósi í samræmi við ígrundaða sannfæringu sína. Slík lögmál eru huglæg og siðræn eins og Gullna reglan: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra“, en ekki hlutbundnar siðferðisreglur eins og boðorðin tíu. Þau eru algild lögmál réttlætis sem fela í sér gagnkvæm og jöfn mannréttindi og um leið virðingu fyrir mannkyninu og fyrir einstaklingnum sem manneskju.

Kohlberg (1984) gerir þann greinarmun á lögum (laws, rules) og siðalögmálum (principles) að lög eru afstæð; þau eru mismunandi eftir menningu, en siðalögmál eru algild; þau gilda hvarvetna óháð þjóðfélagsgerð og menningu. Með því að beina athyglinni að afleiðingum gjörða fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið í senn (mannréttindi – algild siðalögmál) þegar hugað er að því hvað sé sanngjarnt og réttlátt er farið handan hugsunar sem einvörðungu beinist að afleiðingum gjörða fyrir einstaklinginn sjálfan eða eingöngu að afleiðingum gjörða fyrir hópa og þjóðfélög. Einstaklingur sem nær þessari hugsun telur að þegar lög standa gegn siðalögmálum skuli leitast við að aðhafast í samræmi við siðalögmálin sem eru lögum ofar.

Kohlberg (1984) og samstarfsfólk hans athugaði meðal annars siðferðishugsun fólks með tilliti til gilda um að varðveita líf, skyldur fólks í samböndum, traust, lög, vald og refsingar. Í rannsóknum hans glímdi fólk meðal annars við hina þekktu siðferðisklípu um Heinz þar sem Heinz

stendur frammi fyrir þeirri spurningu hvort hann eigi að brjótast inn í lyfjaverslun og taka þar krabbameinslyf ófrjálsri hendi sem talið er geta bjargað konu hans eða eiga ella á hættu að kona hans deyi. Honum hafði ekki tekist að safna nægu fé til að kaupa þetta nýja lyf og lyfsalinn neitaði honum um það nema hann greiddi fullt verð. Heinz stendur því frammi fyrir því að gera upp á milli tveggja siðareglna eða siðaboða: að ekki megi taka eigur annarra ófrjálsri hendi (eignaréttur) og að bjarga fólki frá dauða (virðing fyrir lífi manna). Sumir viðmælenda Kohlbergs töldu rangt að stela lyfinu því að mikilvægt væri að viðhalda stofnunum sem heild og forðast að brjóta niður kerfið. Þannig var röksemdin „ef allir gerðu það (stela í þessu tilviki) myndi þjóðfélagið sundrast" óspart notuð til að réttlæta gildandi lög og reglur í þjóðfélaginu án tillits til hvort slíkt gæti átt rétt á sér í sérstökum tilvikum, svo sem til að bjarga mannslífi. Aðrir viðmælendur, sem töldust sýna þroskaðri hugsun, vísuðu til dæmis til þess að aðstæður Heinz þvingi hann til að velja á milli þess að stela og brjóta með því lög eða láta konu sína deyja. Þegar um er að ræða slíkt val sé siðferðilega rétt að stela. Heinz verði að aðhafast í samræmi við lögmálið um að sérhver skuli varðveita og virða líf manna.

Kohlberg (1984) fór ekki leynt með það gildismat sitt að hann taldi einstaklinga ná lengra í siðgæðishugsun sem bæru algild mannréttindi fyrir brjósti en þá sem eingöngu huguðu að afleiðingum gjörða fyrir einstaklinginn eða einvörðungu að afleiðingum gjörða fyrir hópa og þjóðfélag.

Af umræðu Kohlbergs má sjá að hann leggur áherslu á algild siðalögmál sem samkvæmt skilgreiningunni hér að ofan tilheyra grunngildum; þau eru sammannleg siðferðileg grunngildi. Afstæðið að hans mati birtist aftur á móti í mismunandi lögum og reglum sem samfélög og menningarhópar setja sér. Í ofangreindum skilningi vísa siðferðileg gildi, sem eru algild, til grunngilda.

Afstæð siðferðileg gildi

Fylgjendur afstæðishyggju leggja áherslu á að siðferðileg gildi séu mismunandi eftir menningu og tungu. Innan þeirra má greina tvær hefðir, annars vegar hughyggju (idealism, sbr. Platón) og hins vegar raunhyggju (realism, sbr. Locke).

Fylgjendur hughyggju, þar á meðal hugmyndafræðingar rómantísku stefnunnar (sbr. hefð Rousseaus), líta svo á að siðgæðishæfni búi með hverri manneskju allt frá fæðingu, barnið hafi meðfæddar siðgæðishugmyndnir. Með hliðsjón af því sé það einstaklingurinn en ekki samfélagið sem sé uppspretta mats á því hvað sé gott og rétt. Afstæðishyggjan birtist í því að litið er svo á að hver einstaklingur hafi sitt gildismat. Gildi hvers og eins eru

þá mörg og jafnframt ólík meðal fólks og skal hver og einn vera frjáls að því að bera sinn gilda- og dyggðasjóð. Skjóta skal því að, að með hugtakinu „dyggð“ beinist athyglin að persónulegum eiginleikum fólks eins og umhyggjusemi eða hófsemi sem kemur fram í breytni þess. Með orðum Guðmundar Heiðars Frímannssonar (2003, 48) eru dyggðir „almennar ákjósanlegar hneigðir til verka sem prýða persónur“; heiðarleiki og hugrekki prýða til dæmis persónur.

Þeir sem aðhyllast raunhyggju álíta hins vegar að umhverfið og samfélagið í heild skipti sköpum fyrir siðgæðisvitund fólks og heyra félagsmótunar-kenningar undir þessa hugmyndafræði. Afstæðishyggjan birtist í þeirri skoðun að hvert þjóðfélag hafi sitt gildismat og því sé afstætt meðal þjóða og menninga hvað sé gott og rétt (t.d. MacIntyre, 1981). Hvert þjóðfélag hafi þar af leiðandi sinn eigin gilda- og dyggðasjóð.

Af framangreindri lýsingu á siðferðilegum gildum má sjá að sumir fræðimenn beina athyglinni að siðagildum sem eiga við um allt mannkyn. Til séu algildar siðareglur eða grunnhugmyndir um réttlæti, en lög og reglur þjóðfélags geti verið afstæð. Aðrir leggja áherslu á að siðferðileg gildi séu afstæð; þau séu bundin einstaklingum og samfélögum.

Venja, siðvenja og siðagildi

Í umræðu um algildi og afstæði siðferðilegra gilda er gagnlegt að skoða þann mun sem sálfræðingurinn Elliot Turiel (1983) gerir á reglum um breytni sem byggja á félagslegum siðvenjum og þeim sem byggja á siðferðilegum gildum eða siðagildum.

Reglur um breytni

Turiel (1983) skoðar í rannsóknum sínum mun á dómum fólks um „rétta eða ranga“ hegðun, athöfn eða samskipti í ljósi siðvenja og siðferðilegra viðmiðana.

Sem dæmi um siðvenju má taka að ekki eru til reglur sem kveða á um að bannað sé að fara í náttfötunum í skólann. Við gætum þess vegna farið í náttfötum í skólann okkur að meinalausu en hefð er fyrir því að við gerum það ekki. Það á sér þó stundum stað. Vinkona mín sagði mér til dæmis að sonur hennar hefði eitt sinn tekið náttslopp hennar og farið í honum í framhaldsskólann sem hann sótti. Hann vakti að vonum athygli þar sem ekki er hefð fyrir því og ekki var á þeim tíma farið að taka upp sérstaka náttfatadaga í skólanum eins og sumir grunn- og framhaldsskólar gera nú.

Aftur á móti er rangt að berja aðra eða stela frá öðrum jafnvel þótt við höfum ekki sérstakar reglur þar um. Þessar gjörðir heyra undir siðagildi fólks. Siðferðileg viðmið taka mið af afleiðingum gjörða fyrir aðra. Rétt breytni og röng er metin með hliðsjón af því. Við gerum varla öðrum neitt til miska ef við förum á náttfötunum í skólann en ef við stelum frá öðrum göngum við á eignarétt þeirra.

Í nálgun sinni sækir Turiel (1983) meðal annars til Max Webers sem flokkaði félagslegar athafnir í þrennt: venju (custom), siðvenju (convention) og siðakerfi eða siðferðileg gildi (ethics). Dæmi um venju er að rísa yfirleitt snemma úr rekkju á sunnudagsmorgnum eða að borða morgunmat á morgnana. Þetta er reglubundin athöfn en auðvelt er að breyta henni í því ljósi að hún er óbundin félagslegu skipulagi eða kerfi; engin skylda er að rísa snemma úr rekkju á sunnudagsmorgnum eða að borða morgunmat. Siðvenjur eru hins vegar mikilvægur þáttur festu og reglu í samfélaginu. Um er að ræða viðtekna reglu og er hún fyrst og fremst réttlætt af venjunni. Fólk hefur bundist sammælum um að þetta eða hitt skuli tíðkast og það væntir þess hvert af öðru að það fari eftir þessum siðvenjum. Kveðjusiðir, að nota hægri höndina þegar fólk heilsast er dæmi um siðvenju. Klæðaburður fólks ræður einnig miklu um siðvenjur, til dæmis að nota jakkaföt við ákveðin tilefni en smóking eða kjólföt við önnur; dragtir gjarnan við opinberar athafnir en síðkjóla á árshátíðum. Slíkar siðvenjur eru þó nokkuð háðar tíðaranda, tísku og menningu.

Til að geta farið eftir siðvenjum þjóðfélags eða menningar verðum við að þekkja þær: „Sinn er siður í landi hverju.“ Að öðrum kosti áttum við okkur ekki á hvaða siðvenjur við getum brotið. Þessu er öfugt farið með mál sem eru siðferðilegs eðlis. Ekki er nauðsynlegt að kynna sér reglur samfélags eða menningar til að geta metið afbrot sem rangt. Sem dæmi má taka að þegar einhver lemur annan og veldur honum líkamlegum skaða felst afbrotið í atburðinum sjálfum með tilliti til afleiðinganna fyrir þann sem fyrir ofbeldinu varð. Í þessu ljósi eru siðferðileg efni ekki afstæð; þau fara ekki eftir aðstæðum. Þau ákvarðast heldur ekki af félagslegum reglum heldur siðferðilegum gildum eða lögmálum sem gilda fyrir alla. Þetta eru siðagildi sem lykjast um réttlæti eins og traust, ábyrgð, virðing fyrir lífi og að skaða ekki annan líkamlega og andlega.

Turiel (1983) og samstarfsmenn hans hafa sýnt með rannsóknum sínum að börn átta sig á þessum mun á félagslegum hefðum og siðferðilegum viðmiðunum. Þau bregðast á mismunandi hátt við aðstæðum eftir því hvort þær snerta siðvenjur eða siðalögmál þegar leitað er eftir skoðunum þeirra á því hvað sé rétt og hvað rangt.

Í hnotskurn má annars vegar greina á milli siðvenja sem eru hluti félagslegs kerfis og byggjast á hugmyndum um félagslegt skipulag eða stofnanir og hins vegar siðferðis sem byggist á hugmyndum um réttlæti.

Siðvenjur sem ganga í berhögg við algild siðferðileg gildi

Siðvenjur geta fótumtroðið algild siðagildi. Hér er um að ræða gildi sem tengjast misrétti eftir aldri, kynferði, kynhneigð, kynþætti eða annarri aðgreiningu. Þessi gildi eru „kjarni ranglætis og kúgunar þótt þau séu borin uppi af einhvers konar samþykki fórnarlambanna sjálfra“ eins og Vilhjálmur Árnason (2002, 99) orðar það og þau yrðu aldrei samþykkt í frjálsri orðræðu. Slíkum gildum er „viðhaldið með valdboði, trúarkreddum, menningarlegum hefðum og pólitískri hugmyndafræði“ eins og Vilhjálmur bendir á og nefnir hann þau „kúgandi gildi“ sem á vel við.

Skelfileg dæmi eru svonefnd heiðursmorð þegar föður, bræðrum eða ættingjum finnst sér skylt í ljósi trúarlegra gilda að aflífa dóttur eða systur ef hún sýni piltum áhuga sem ekki eru af þjóðerni fjölskyldu hennar og úr sama trúarsamfélagi. Slík dæmi hafa komið upp í nágrannalöndum okkar. Í nafni umburðarlyndis og virðingar fyrir menningarlegum hefðum er slík siðvenja stundum varin. Hún stenst þó engan veginn siðfræðilega skoðun þar sem slík gildi ógna hagsmunum þeirra sem hlut eiga að máli, jafnt þeirra sem þau aðhyllast og annarra.

Algert umburðarlyndi gagnvart gildum annarra er því fjarstæða ef svo má að orði komast. Umburðarlyndi felur ekki í sér að umbera allar skoðanir. Umburðarlyndi felur í sér rétt til að halda í þau lífsgildi sem okkur eru mikils virði. Um leið gerum við okkur far um að skilja og virða lífsgildi annarra, en setjum mörk. (Sjá einnig umræðu Páls Skúlasonar heimspekings um umburðarlyndi, 1990).

Þórarinn Eldjárn skáld (2005, 55) yrkir svo um umburðarlyndi:

Umburðarlyndi
Að una því sem ekki er hægt að þola
er orðinn mikill siður.
Í stað þess að taka beint í horn á bola
og byrja að snúa hann niður.

Lífsgildi

Margvísleg gildi vísa fólki veginn á lífsgöngu þess. Sum lífsgilda fólks eru algild og tilheyra bæði grunngildum og siðferðisgildum. Virðing fyrir lífi fólks í samfélögum þjóðanna er dæmi um lífsgildi einstaklinga sem um leið eru algild siðferðileg gildi og grunngildi. Önnur lífsgildi fólks sem eru jafnframt siðferðileg gætu verið bundnari einstaklingnum (afstæð siðferðileg gildi). Þar má nefna gildi eins og hjálpsemi og trygglyndi. Enn önnur lífsgildi sem fólk hefur í hávegum og tengjast sömuleiðis dyggðum en eru ekki beinlínis siðferðilegs eðlis eru til dæmis sjálfsagi og stundvísi, dugnaður og vinnusemi. Með öðrum orðum, fólk hefur margs konar köllun, hugsjónir og hugmyndir um dyggðir sem birtast í lífsgildum þess í leitinni að verða betri og þroskaðri manneskja.

Í hnotskurn

Í umræðunni um margs konar gildi má ályktа sem svo að gildasjóðirnir hafi að geyma lífsgildi einstaklinga, hópa eða samfélaga. Sum þessara lífsgilda eru af siðferðilegum toga og geta verið afstæð eins og skírlífi eða algild eins og virðing fyrir lífi. Algildu siðferðislegu gildin eins og virðing fyrir lífi eða jafngildi fólks falla þá undir grunngildi. Undir grunngildi heyra fleiri en algild siðferðisgildi og má þar taka sem dæmi öryggi fólks.

Við uppeldi og menntun æskunnar er ekki síst mikilvægt að huga að þeim lífsgildum við höfum. Við erum jú öll uppalendur með einum eða öðrum hætti. Hver eru lífsgildi okkar? Hver eru lífsgildi samfélags okkar? Hver þeirra teljast til grunngilda? Hver þeirra heyra undir siðferðileg gildi sem geta verið algild og hver þeirra eru afstæð? Hver þeirra ræktum við með börnum og unglingum? Og hver þeirra kysum við að leggja ríkt á um að þroska með börnum og unglingum? Með því að vera meðvituð um lífsgildi okkar ættu markmið okkar við uppeldi og menntun æskunnar að vera okkur ljósari.

Heimildir

Guðmundur Heiðar Frímannsson (2003). Hlutleysi ríkisins og menntun þegnanna. Í Kristján Kristjánsson og Logi Gunnarsson (Ritstj.),

Heimspekimessa – Ritgerðir handa Mikael M. Karlssyni prófessor sextugum (bls. 43-55). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jón Ólafsson (2002). Lífsgildi og orðræða siðfræðinnar. *Hugur – Tímarit um heimspeki, 12-13,* 89 – 96.

Kohlberg, L. (1981). *The philosophy of moral development*. San Francisco: Harper & Row Publ.

Kohlberg, L. (1984). *The psychology of moral development*. San Francisco: Harper & Row Publ.

MacIntyre, A. (1981). *After virtue – A study in moral theory*. Notre Dame, Indiana: University of Notre Dame Press.

Páll Skúlason (1990). *Siðfræði*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í siðfræði.

Power, F. C., Higgins, A. og Kohlberg, L. (1989). *Lawrence Kohlberg's approach to moral education*. New York: Columbia University Press.

Sigrún Aðalbjarnardóttir (1987). Kenning Kohlbergs um siðgæðisþroska. Í Þuríður Kristjánsdóttir (Ritstj.), *Gefið og þegið, afmælisrit til heiðurs dr. Brodda Jóhannessyni sjötugum* (bls. 330-354). Reykjavík, Iðunn.

Turiel, E. (1983). *The Development of social knowledge: Morality and convention*. New York: Cambridge University Press.

Vilhjálmur Árnason (1997). Leikreglur og lífsgildi. Í Geir Sigurðsson (Ritstj.), *Broddflugur - Siðferðilegar ádeilur og samfélagsgagnrýni* (bls. 194-204). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofnun í siðfræði.

Vilhjálmur Árnason (2002). Gagnrýni siðfræðinnar og gildi mannlífsins. *Hugur – Tímarit um heimspeki, 12-13,* 97- 104.

Þórarinn Eldjárn. (2005). *Hættir og mörk*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Yfirnáttúruleg minni í Fornaldarsögum Norðurlanda

Aðalheiður Guðmundsdóttir

Fornaldarsögur Norðurlanda njóta allmikillar sérstöðu meðal íslenskra miðaldabókmennta, en flestar þeirra voru skráðar á 13. og 14. öld. Í þessari grein verður sjónum beint að hinni tvískiptu heimsmynd sagnanna, sem segja má að einkennist af „þessum heimi“ og „öðrum“ og tíðum senuskiptum þar á milli. Tvískipt heimsmynd sem þessi er reyndar ekki einskorðuð við fornaldarsögur, heldur er hún jafnframt einkennandi fyrir norræna goðafræði í víðara samhengi (sbr. t.d. McKinnell 2005). Þessi snertiflötur fornaldarsagna og norrænna goðsagna er merkilegt rannsóknarefni út af fyrir sig, en þó verður sjónum nú einkum beint að fornaldarsögunum, enda hlýtur nákvæm rannsókn á einkennum afmarkaðra sagnategunda að vera forsenda nánari samanburðar.

Í Fornaldarsögum Norðurlanda getur samspil heimanna tveggja orðið umtalsvert, og oft og tíðum virðast mörkin á milli þeirra svolítið óljós. Með þessum hætti skera þær sig t.d. frá öðrum sagnategundum miðalda, a.m.k. sögum sem hafa yfir sér meiri „raunveruleikablæ“, s.s. Íslendingasögum eða samtíðarsögum.[1] En með tíðum, og að því er virðist sjálfsögðum, samruna þessara tveggja heima fornaldarsagnanna, má segja að sögurnar nálgist að nokkru leyti heimsmynd annarrar sagnategundar: ævintýra. Ævintýri einnkennast m.a. af því að í þeim hafa afgerandi mörk heima verið máð út og til verður sérstakur sagnaheimur: við getum kallað hann „ævintýraheim“, þótt slíkt sé að sjálfsögðu heilmikil einföldun á jafn margslungnum heimi og sá ævintýraheimur er. Ýmsir þjóðsagnafræðingar hafa leitast við að skilgreina eðli ævintýra og þann sérstæða heim sem einkennir þau. Einna þekktastar eru kenningar svissneska þjóðfræðingsins Max Lüthis, sem telur að ævintýraheimurinn einkennist af svokölluðu einvíddareðli “one dimensionality” sem er óháð skilgreiningu okkar á því hvað telst vera raunverulegt eða

[1] Hér skal að sjálfsögðu haft í huga að í allri umfjöllun um tegundir þarf að gera ráð fyrir frávikum.

óraunverulegt og náttúrulegt eða yfirnáttúrulegt, heldur lýtur sínum eigin lögmálum (sbr. Lüthi, 1986). Í þessum heimi getur allt gerst. Hetjunni, sem ferðast gegnum dimman og hættulegan skóg, léttir þegar hún mætir dýri sem talar, rétt eins og hún kippir sér ekkert upp við það þótt hún rekist á bronstré, silfurtré og gulltré. Hins vegar kæmist ævintýrahetjan líklega í uppnám ef hún rækist á trén í öfugri röð, þ.e.a.s. fyrst gulltré, þá silfurtré og loks bronstré, enda væri þeim lögmálum sem hún fylgir – og þar með tilveru hennar sjálfrar, ógnað, en það er annað mál; slíkur er heimur ævintýranna.

Þótt rætur fornaldarsagna liggi að einhverju leyti í þeim tveimur sagnategundum sem nú hafa verið nefndar, goðsögum og ævintýrum, eru þær hvorug þessara tegunda, heldur afmörkuð tegund sem felur í sér heimsmynd sem á um margt skylt við hina tvískiptu heimsmynd goðsagna sem og hinn einvíða ævintýraheim. Það er því langt því frá að fornaldarsögurnar feli í sér sams konar hugmyndir um annan heim og finna má í ævintýrum og að mörgu leyti eru heimar goðsagnanna einnig frábrugðnir. En hvernig er þá sá heimur sem einkennir sögurnar? Er ekki full þörf á að skilgreina þennan heim og sýna fram á hvort og þá hvernig hann sker sig frá skyldum bók- eða munnmenntategundum?

Rannsókn á heimsmynd fornaldarsagna er ekki eitthvað sem hrist verður fram úr erminni og gerð skil í stuttri grein. Um er að ræða umfangsmikið verkefni sem krefst hvors tveggja í senn ítarlegrar heimildarýni og athugunar á því sem þegar hefur verið rannsakað og varðar einstök atriði heildarmyndarinnar.[2] Hafa ber í huga að sú heimsmynd sem liggur til grundvallar og einkennir fornaldarsögur endurspeglar ekki endilega norræna fortíð, heldur þær hugmyndir sem menn gerðu sér um hana. Þessa heimsmynd þarf að kortleggja og skilgreina, m.a. með því að skoða heimana tvo og skilin á milli þeirra. Þar sem sú samfélagsgerð og þau gildi sem einkenna hversdagsheim sagnanna eða heimaslóðir hetjanna er um margt áþekk þeirri norrænu miðaldaheimsmynd sem við þekkjum úr annars konar sögum er nauðsynlegt að leggja sérstaka áherslu á „hinn“ heiminn og birtingarmynd hins „yfirnáttúrulega“ – hina óþekktu stærð – og athuga með hvaða hætti hann haslar sér völl í heimi hversdagsins. Í því sambandi þarf að skoða hlutverk yfirnáttúrulegra minna og viðhorf til þeirra innan sagnanna. Hversu fyrirferðamikill er hinn heimurinn og hver eru helstu einkenni hans? Eru þau einkenni sundurlaus eða heildstæð? Mig langar nú til að kynna fyrstu skrefin

---

2 Mikið hefur t.d. verið skrifað um jötna, risa og slíkar vættir, t.d. hefur Lotte Motz skrifað röð greina um efnið, auk bókar (Motz, 1993). Fleiri fræðimenn hafa rannsakað og skrifað um einstaka þætti sem tengjast rannsókninni, og því verður væntanlega af mörgu að taka þegar kemur að úrvinnslu einstakra atriða.

að slíkri rannsókn, sem ber vinnuheitið *Fornaldarsögur Norðurlanda: Þessa heims og annars*.

Fyrst ber að skilgreina efniviðinn og afmarka. Hér gefst ekki rúm til að fara út í umræðu um tegundagreiningu að öðru leyti en því að með fornaldarsögum er átt við sögur sem sprottnar eru af og sækja í þann norræna sagnasjóð sem gekk manna á milli fyrr á tímum – raunar allt fram til 14. aldar og jafnvel þeirrar 15., þegar frumritun þeirra á Íslandi var hætt. Vanalega er hugtakið fornaldarsaga notað um bókmenntategundina sem um ræðir, þ.e. þær sögur sem ritaðar voru á Íslandi, einkum á 13. og 14. öld, en í rannsókninni verður lögð áhersla á efnivið sagnanna fremur en bókmenntirnar sjálfar. Fornaldarsögur Norðurlanda eru fyrst og fremst bókmenntir sem byggja á sameiginlegum grunni munnmælahefðar, og mætti e.t.v. fremur kalla þær "booklore" en bókmenntir, eins og dæmi eru til (sbr. t.d. Westerdahl 2004), þótt hin ritaða gerð beri vissulega oftast nær sterk einkenni höfundar. Eftir nokkra umhugsun ákvað ég að taka með í rannsóknina þær sögur sem fyrst voru gefnar út af Carl Christian Rafn undir heitinu *Fornaldar sögur Nordrlanda* árin 1829–1830, en auk þess þær fjórar sögur og þætti sem þeir Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson sáu ástæðu til að bæta við flokkinn í útgáfu sinni frá 1943–1944, þótt þær skeri sig reyndar svolítið frá öðrum sögum tegundarinnar, einkum hvað varðar sögutíma.[3] Þá verða einnig teknar með í rannsóknina fornaldarsögur sem einungis eru varðveittar í rímnaformi (og afleiddum prósa), en við það bætast nokkrar sögur við áður skilgreindan tegundarhóp.[4] Í upphafi verksins verða sögurnar „fínkembdar" og allar hugmyndir sem tengjast hinni tvískiptu heimsmynd athugaðar, en að því loknu verða hinir tveir umræddu heimar skoðaðir út frá ýmsum sjónarhornum.

Veigamikill hluti rannsóknarinnar felst í samanburði, þar sem hugmyndir fornaldarsagnanna verða bornar saman innbyrðis, jafnframt því sem þær verða „mátaðar" við sambærilegar hugmyndir annars staðar að. Til að gera þennan samanburð sem traustastan eru upplýsingar og einstök hugtök úr fornaldarsögunum slegin inn í gagnagrunn, sem kemur til með að vera

---

3 Rosemary Power hefur fjallað um sameiginleg einkenni þriggja þessara sagna, *Yngvars sögu víðförla*, *Þorsteins þátts bæjarmagns* og *Helga þátts Þórissonar* (1985).

4 Nokkur umræða hefur átt sér stað um stöðu einstakra sagna innan tegundarinnar og hafa menn fært fyrir því rök að nokkrar sögur, sem skilgreindar hafa verið sem fornaldarsögur, tilheyri í raun fremur öðrum tegundum. Hér má nefna hina lærðu kafla *Hversu Noregur byggðist*, *Fundinn Noregur* og *Af Upplendinga konungum*, en einnig *Norna-Gests þátt*, *Tóka þátt Tókasonar, Helga þátt Þórissonar, Sörla þátt* og jafnvel *Þorsteins þátt bæjarmagns* (Rowe, 2003). Vegna efnislegra tengsla við fornaldarasögur verða þessar sögur teknar með í rannsóknina, en fyrir liggur að skilgreina efniviðinn betur.

undirstaða rannsóknarinnar; allt sem máli skiptir er flokkað og skilgreint. Þetta er í raun mjög mikilvægt upphafsskref, þar sem mikið efni liggur undir, og auðveldar leit að einstökum atriðum og tengslum þeirra við önnur.

Gagnagrunnur

Eftir að búið var að velja hentugt gagnagrunnsforrit,[5] kom að því hanna gagnagrunninn, eða skilgreina hann. Upphaflega hafði ég ímyndað mér að e.t.v. mætti byggja hann á kerfi alþjóðlegra minnaskráa, og sníða hann þar með eftir skrá Ingrid Boberg: *Motif-index of Early Icelandic Literature*, þar sem atriði sem snerta viðfangsefnið myndu einkum falla undir flokka D (Magic), E (The Dead), F (Marvels) og G (Ogres). Við nánari athugun kom þó í ljós að þau efnisatriði sem ég hugðist skoða snerta nánast alla flokka hefðbundinna minnaskráa, en hið alþjóðlega kerfi samanstendur af 22 flokkum, merktum A–Z og ótal undirflokkum. Það varð því fljótlega ljóst að fyrirfram afmarkaðir flokkar gætu aldrei verið afgerandi grundvöllur fyrir verkefnið. Þar að auki hefur æ betur komið í ljós að mörg atriðin verða ekki skilgreind sem eiginleg minni, heldur er oft um að ræða nákvæmari útfærslu á einstökum minnum eða örlítil aukaminni, sem ekki er getið um í skránum. Af þeim sökum rúmast efnisatriði gagnagrunnsins ekki innan þeirrar flokkunar sem þegar var tiltæk.

Gagnagrunnurinn, sem er á íslensku,[6] er þannig upp byggður að uppflettiorðum er skipt niður í efnisflokka og einstök atriði. Þegar þessi orð eru skrifuð eru efnisflokkarnir 38, en að skráningu lokinni er ætlunin að slípa flokkunina til og draga úr hugsanlegum skörunum, þótt erfitt gefi reynst að koma með öllu í veg fyrir þær. Flokkana má sjá í töflu nr. 1, þar sem þeim er raðað eftir stafrófsröð:

---

5 Fyrir valinu varð *FileMaker pro 8.0.v1*, m.a. vegna möguleika á að tengja gagnagrunninn síðar meir við internetið, og gefa þannig öðrum fræðimönnum og fornaldarsagnaáhugamönnum kost á að leita í honum.

6 Hugsanlega verður gagnagrunnurinn síðar þýddur yfir á ensku, en slíkt er þó háð fjárveitingu. Þar sem margar fornaldarsagnanna eru varðveittar í fleiri en einni gerð, jafnvel óútgefnum, er nauðsynlegt að halda grunninum opnum svo að sífellt megi bæta við hann nýjum upplýsingum.

Tafla 1. Efnisflokkar gagnagrunnsins

Álög	Fjölkynngisbrögð	Kristin áhrif
Andleg birtingarmynd	Forlög	Líkaminn
Annar heimur	Forspá	Lækning
Augu	Fyrirboðar	Meinvættir
Berserkir	Fæðing	Menn og dýr
Blót	Galdrabúnaður	Mögnuð orð
Dauði	Goðin	Ógæfuhlutir
Drykkir	Gæfa	Rúnir
Dýr	Hamför	Töfrahlutir
Eitur	Hamskipti	Vopn og herklæði
Eldur	Haugur	Vættabyggðir
Fjölkunnugir	Jurtir	Vættir
Fjölkynngi	Kjöt	

Hugsanlega á efnisflokkum eftir að fjölga, en þó má gera ráð fyrir að meginlínan sé þegar komin. Hver þessara 38 flokka hefur nokkra – reyndar allt upp í 26 – undirflokka (efnisatriði), sem fela þá í sér nánari skilgreiningu á þeim atriðum sem falla undir tiltekinn flokk, sbr. t.d. töflu nr. 2:

Tafla 2. Efnisatriði flokksins „Fjölkunnugir“

Fjölkunnugir		
	hálftröll	kvöldriða
Bjarmar	hofgyðja	myrkriða
drottning	illvættur	seiðfólk
dvergur	jötunn	stjúpmóðir
Finnar	karl	tröll
flagð	kona	valkyrja
fóstra	konungsdóttir	viðhorf
fóstri	konungssonur	vísindamenn
galdramaður	konungur	völva

Nú þegar hafa 30 sögur verið skráðar inn í grunninn, og eru efnisatriðin orðin alls 386. Skráningin gengur þannig fyrir sig að senur, sem tengjast viðfangsefninu, eru skráðar í heild sinni. Hér er færsla tekin af handahófi:

Saga: Illuga saga Gríðarfóstra

FN bindi og bls.: **III, 656–658** Vinnuörk: **k. 5**

Flokkur: **Fjölkunnugir**, **Meinvættir**, **Eitur**, **Álög**, **Dauði**

Atriði: **stjúpmóðir**, **tröll**, **drykkur**, **umbreyting**, **gagnálög**, **frelsun**, **brenna**

Lýsing: Grímhildur stjúpa Signýjar var fögur að sjá, en að innan hið mesta flagð. Hún á sjö dætur, allar hinar mestu flagðkonur. Grímhildur étur menn, og byrlar manni sínum eitur vegna aldurs hans. Hún leggur á Signýju að hún verði að tröllkonu og skuli berjast við stjúpsystur sínar sjö. Hildur, dóttir Signýjar, leggur fram gagnálög. Illugi frelsar Signýju úr álögum og vill hún launa honum fyrir það. Stjúpsysturnar sjö (flagðkonurnar) eru drepnar og brenndar.

Kyn: **kvk**

Tími:

Þetta þýðir að hver færsla getur rammað nokkra efnisflokka, og jafnvel enn fleiri atriði. Hægt verður að leita eftir öllum orðum sem hafa verið slegin inn í grunninn, t.d. ef flett er upp á atriðisorðinu *gagnálög* undir sviðinu „Atriði“, birtast upplýsingar um fjölda þeirra færslna sem orðið kemur fyrir í, með þeim möguleika að skoða viðkomandi færslur.

Eitt af því sem fyrir liggur að rannsaka er hversu afgerandi hin tvískipta heimsmynd sagnanna er, hversu fyrirferðamikill hluti „hins“ heimsins er og hvort, og þá hversu ólíkar sögurnar eru að þessu leyti. Að skráningu lokinni ætti gagnagrunnurinn að gefa hugmynd um umfang þessara atriða, jafnt á heildina litið sem og í einstökum sögum – og nú þegar hefur komið í ljós að allmikill munur getur verið á sögunum hvað þetta varðar. Sem dæmi má nefna að 71 færsla var skráð úr *Völsunga sögu*, en einungis 4 færslur úr *Áns sögu bogsveigis* og *Friðþjófs sögu hins frækna* (sbr. tafla nr. 3):

Tafla 3. Fjöldi færslna

71	Völsunga saga [120 bls.]
66	Göngu-Hrólfs saga [128 bls.]
46	Örvar-Odds saga [162 bls.]
31	Hrólfs saga kraka [107 bls.]
30	Sturlaugs saga starfssama [56 bls.]
24	Hervarar saga [102 bls.]
23	Hjálmþérs saga og Ölvés [66 bls.]
20	Hrólfs saga Gautrekssonar [134 bls.]
18	Hálfdanar saga Brönufóstra [33 bls.]
15	Þorsteins þáttur bæjarmagns [21 bls.]
14	Hrómundar saga Gripssonar [16 p.] / Sörla saga sterka [45 bls.]
13	Bósa saga og Herrauðs [42 bls.] / Hálfs saga og Hálfsrekka [36 bls.] / Ketils saga hængs [31 bls.] / Norna-Gests þáttur [30 bls.] / Ragnars saga loðbrókar [63 bls.] / Yngvars saga víðförla [bls.32]
10	Hálfdanar saga Eysteinssonar [40 bls.]
9	Sögubrot af nokkrum fornkonungum í Dana- og Svíaveldi [26 bls.]
8	Gríms saga loðinkinna [15 bls.]
6	Ásmundar saga kappabana [41 bls.] / Sörla þáttur [17 bls.] / Þáttur af Ragnars sonum [16 bls.]
5	Illuga saga Gríðarfóstra [13 bls.]
4	Áns saga bogsveigis [38 bls.] / Helga þáttur Þórissonar [6 bls.] / Friðþjófs saga hins frækna [38 bls.]
1	Af Upplendinga konungum [4 bls.] / Tóka þáttur Tókasonar [4 bls.]

Hér ber að athuga að sögurnar eru mislangar,[7] auk þess sem hver einstök færsla getur verið misumfangsmikil, eða allt frá einum efnisflokki til átta og engu atriðisorði til nítján (þessar tölur kunna að breytast). Af samanburðinum má engu að síður sjá að vægi „annars“ heims er mismikið. Næsta skref felst svo í því að rannsaka hvert atriði út af fyrir sig og athuga hvort sameiginleg grunnhugmynd einkenni færslurnar í grunninum.

Athygli vekur að uppflettiorð sem falla undir *fjölkynngi*, *fjölkunnuga* og *fjölkynngisbrögð* eru fyrirferðamikil, auk þess sem fjölkynngi tengist oft og tíðum öðrum flokkum. Í samræmi við þetta hlýtur að vera mikilvægt að

[7] Sjá blaðsíðufjölda innan hornklofa. Miðað er við útgáfu Rafns (1829–1830), nema hvað varðar *Helga þátt Þórissonar*, *Tóka þátt Tókasonar, Yngvars sögu víðförla* og *Þorsteins þátt bæjarmagns*, en þar er miðað við blaðsíðufjölda í 3. bindi þeirra Guðna Jónssonar og Bjarna Vilhjálmssonar (1944).

leggja talsverða áherslu á að athuga hlutverk fjölkynnginnar í sögunum, enda virðist mér hún oftar en ekki gegna mikilvægu hlutverki í tengingu heimanna, með fjölkunnuga menn og konur í aðalhlutverkum. Fjölkynngina, sem og önnur atriði, þarf svo að skoða í nánu samhengi við textana sjálfa og skilgreina grundvallarspurningar eins og: Hvað merkir það að vera fjölkunnugur, samkvæmt sögunum? Gefa þær heildstæða mynd af fjölkunnugum eða þurfum við að leita til annarra miðaldatexta til að fylla upp í brotakenndar hugmyndir sagnanna? Hér þarf að sjálfsögðu að hafa þann fyrirvara á að ekki var endilega til afgerandi svar við því á miðöldum hvað fjölkynngi var, frekar en nú, og hlýtur það því að vera álitamál hvort þær hugmyndir sem sögurnar endurspegla verði skýrðar eða fylltar annars staðar að. Einnig þarf að athuga hvort fjölkynngin sjálf einkennist líka af tvíhyggju, samanber svartan galdur og hvítan.

Þá má ekki gleyma því að fornaldarsögurnar eru ekki bara frásögn, heldur fylgja þær líka ákveðnum frásagnarsögmálum. Því ber – í þessu samhengi – að spyrja hvort og þá í hvaða mæli gripið er til fjölkynngi og annarra yfirnáttúrulegra minna í frásagnarfræðilegum tilgangi. Felst hlutverk fjölkunnugra eða vætta frá öðrum heimi e.t.v. að einhverju leyti í því að útvega einhvers konar töfralausnir, sem þjóna þá ákveðnum tilgangi í frásagnarmynstri sagnanna? Við gætum t.d. spurt hvort töfrasverð – og þar með hlutverk þeirra vætta sem ljá því hinn yfirnáttúrulega kraft – þjóni eingöngu því frásagnarfræðilega hlutverki að skapa ákveðnar forsendur, sem kalla svo á tilteknar aðstæður eða sviðsetningar, s.s. að stuðla að falli tiltekinnar hetju? Með öðrum orðum, hvert er frásagnarfræðilegt hlutverk þeirra atriða sem tilheyra hinum yfirnáttúrulega heimi sagnanna? Er hægt að segja að notkun yfirnáttúrulegra minna einkennist af frásagnarfræðilegu hlutverki þeirra – eða skírskota þær hugmyndir sem að baki þeim liggja e.t.v. með einhverjum hætti til samfélags viðtakenda á ritunartíma sagnanna? Má gera ráð fyrir að þær beri vott um lifandi „hjátrú“ eða eru einhverjar þessara hugmynda e.t.v. þegar orðnar að bókmenntalegum minnum á þessum öldum? – minnum sem einkenna þá að einhverju leyti sagnategundina? Lynette R. Muir, sem hefur rannsakað franskar miðaldasögur, telur að yfirnáttúruleg, heiðin minni (non-Christian marvels) gegni annað hvort hagnýtu hlutverki sem ákvarðist af fléttunni eða að höfundar miðaldasagna grípi einungis til slíkra minna í þeim tilgangi að skreyta frásögn sína með (Muir, 1985, 83–85). Á þetta einnig við um Fornaldarsögur Norðurlanda?

Með því að rannsaka þessar hugmyndirnar og greina þær með samanburði við aðrar bókmenntir má spyrja: Hvaða hugmyndir liggja að baki þeirri sýn á annan heim sem vísað er til í fornaldarsögunum? – Eru þær

sambærilegar hugmyndum sem einkenna aðrar íslenskar miðaldabókmenntir eða jafnvel bókmenntir annarra Evrópuþjóða? Hér þarf að hafa í huga að hugmyndir manna um fjölkynngi eru nokkuð breytilegar milli þjóða og því þarf að koma því á hreint hverjar þeirra – ef nokkrar – eiga sér rætur í menningararfleifð Íslendinga, þeirra sem rituðu sögurnar, og hverjar ekki.[8] Það þarf með öðrum orðum að huga að uppruna hugmyndanna og þar með talið tengslum þeirra við heiðinn sið.

Eins og fyrr segir er nauðsynlegt að skoða heim fornaldarsagna út frá ólíkum sjónarhornum og nú þegar hefur verið rætt lítillega um tvö þeirra, þ.e. frásagnarfræðilegt hlutverk yfirnáttúrulegra minna og uppruna þeirra. Annað sjónarhorn sem taka þarf tillit til eru áheyrendur, því það skiptir líka máli hvernig viðtakendum fyrri alda var ætlað að skilja hinn yfirnáttúrulega heim sagnanna. Með hvaða hætti náðu þessar sögur til áheyrenda sinna? Hvaða forsendur höfðu þeir til að taka yfirnáttúrulega atburði trúanlega eða trúa þeim ekki og hvernig samræmast þessir þættir almennri þekkingu sem við gerum ráð fyrir að fólk hafi búið yfir? Víst er að áheyrendur sagnanna á miðöldum sáu heiminn í öðru ljósi en lesendur 21. aldar og að hugmyndir þeirra um hið yfirnáttúrulega endurspegla tilraunir fólks til að útskýra óþekkt fyrirbæri. Sum þessara fyrirbæra voru útskýrð með fjölkynngi, en hræðsla fólks við fjökynngi og galdur gerði það að verkum að litið var á þessi fyrirbæri sem raunverulega ógn vegna þess að þau þrífast – líkt og trúarbrögðin – á átrúnaðinum.

Í framhaldi af þessu má spyrja hvort eitthvað bendi til þess að tegundin sjálf, Fornaldarsögur Norðurlanda, ákvarði skilning viðtakenda, og að menn hafi skilið hugmyndir einnar sögu út frá lestri annarra fornaldarsagna? Ef svo er, er þá um að ræða afmarkaðan sagnaheim sem áheyrendur þekkja? Það hlýtur að hafa sparað höfundum útskýringar að grípa til minna sem voru vel kunn og skírskotuðu til þekkingar áheyrenda (sbr. Sweeney, 2000), en auk þess gefur það sögunum ákveðna dýpt að höfða til þekkingarbrunns áheyrenda og er líklegt til að auka ánægju þeirra. Við getum ímyndað okkur að áheyrendur sem hlusta á ævintýri hafi sett sig í ákveðnar stellingar – og gengið á vit þess heims sem við mátti búast; þess heims sem tók við af upphafsformúlunni „Einu sinni var...“. Njótendur ævintýra vita að þegar tveir bræður hafa freistað gæfunnar, hlýtur sá þriðji og yngsti að fylgja í kjölfarið; þegar hetjan hefur lokið tvennum hreystiverkum hlýtur hið þriðja

---

8 Hér ber að athuga að alþjóðleg umræða er varðar fjölkynngi/galdur er stöðug og nokkuð hefur verið skrifað um yfirnáttúruleg einkenni riddarasagna (einkum franskra og enskra, sbr. t.d. Sweeney, 2000). Taka þarf tillit til þessa.

að fylgja á eftir. Hin fastmótaða formgerð mótar m.ö.o. væntingar þeirra, auk þess sem hún hefur afgerandi áhrif á skilning þeirra á efninu. Settu áheyrendur fornaldarsagna sig í sams konar stellingar – og getum við komist að því hverjar þær voru; eða getum við yfir höfuð gert ráð fyrir að njótendur miðaldabókmennta hafi opnað dyr og gengið inn í ævintýraheim, opnað svo aðrar dyr og gengið inn í fornaldarsagnaheim? Voru þá e.t.v. dyr að afmörkuðum heimi fleiri bók- og munnmenntategunda? Hér er stórt spurt – og eins og lesendur hafa líklega tekið eftir er heilmikið um spurningar og lítið um svör í þessum pistli mínum. Við getum huggað okkur við það að slíkt er eðli rannsókna á frumstigi og að án spurninga verða engin svör.

Lokaorð

Sú rannsókn sem nú hefur verið lýst kemur inn á mörg álitamál er varða heimsmynd fornaldarsagna, en hér mætti þó engu að síður taka saman lista yfir helstu spurningar sem henni er ætlað að svara, þ.e.a.s. mikilvægustu spurningarnar á þessu frumstigi hennar:

- Í hverju felst hinn yfirnáttúrulegi heimur Fornaldarsagna Norðurlanda?
- Á hvern hátt er hann einkennandi fyrir tegundina sem slíka?
- Hversu mikilvægt er frásagnarfræðilegt hlutverk yfirnáttúrulegra minna?
- Hvaðan koma þessar hugmyndir?
- Hvert er viðhorf höfunda /viðtakenda til hins „yfirnáttúrulega“?

Eins og sjá má getur rannsóknin orðið nokkuð umfangsmikil, en hún miðar þó öll að því að varpa ljósi á hina tvískiptu heimsmynd sagnanna, athuga frásagnarfræðilegt hlutverk þeirra og rekja hugmyndirnar að baki þeim til annarra bók- eða munnmenntagreina, eða alþýðutrúar.

Ekki er ólíklegt að rannsóknin geti auk þess orðið til þess fallin að skerpa sýn okkar á tegundagreiningu fornaldarsagna, því að líklegt er að niðurstöður hennar feli annað hvort í sér vitnisburð um afmörkuð tegundareinkenni, ellegar þá almennari einkenni sem eiga einnig við um annars konar bókmenntir. Í öllu falli mun rannsóknin varpa ljósi á þær hugmyndir sem einkenna þennan afmarkaða flokk sagna, og væntanlega má bera þær niðurstöður saman við aðrar íslenskar miðaldabókmenntir.

Heimildir

Boberg, I. M. (1966). *Motif-Index of Early Icelandic Literature*. Bibliotheca Arnamagnæana, Vol. XXVII. Hafniæ: Munksgaard.

Fornaldar sögur Nordrlanda. (1829–1830). Kaupmannahöfn: C. C. Rafn.

Fornaldarsögur Norðurlanda III. (1944). Útg. Guðni Jónsson and Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Forni.

McKinnell, J. (2005). *Meeting the Other in Norse Myth and Legend*. Cambridge: D.S. Brewer.

Lüthi, M. (1986). *The European Folktale: Form and Nature*. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press.

Motz, L. (1993). *The Beauty and the Hag. Female Figures of Germanic Faith and Myth*. Philologica Germanica 15. Wien.

Muir, L. R. (1985). *Literature and Society in Medieval France: The Mirror and the Image, 1100–1500*. New Studies in Medieval History. London: Macmillan.

Power, R. (1985). Journeys to the Otherworld in the Icelandic Fornaldarsögur. *Folklore*, *96*, ii, 156–175.

Rowe, E. A. (2003). *Fornaldarsögur* and *Flateyjarbók*. *Gripla*, XIV, 93–105.

Sweeney, M. (2000). *Magic in Medieval Romance from Chrétien de Troyes to Geoffrey Chaucer*. Dublin: Four courts Press.

Westerdahl, C. (2004). Fornaldarsögur och muntlig tradition. Exemplet ättestupan – en konstruerad tradition. Í A. Kongshavn (Ritstj.), *Tormod Torfæus mellom Vinland og "Ringenes herre"* (bls. 113–137). Karmøy kommune: Karmøyseminaret.

Menningararfurinn og nýlenduhyggjan
Íslenskir forngripir í dönsku safni

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Í grunnsýningu Þjóðminjasafns Danmerkur, *Miðaldir Danmerkur*, er að finna sautján íslenska miðaldagripi. Þar standa þeir, dreifðir hér og þar, á meðal þúsunda danskra gripa og segja sögu Danmerkur. Eins og ég hef nýlega rakið í tímaritinu *Sögu* (Haust 2006) þá eru íslensku gripirnir valdir inn í sýningu safnsins af tveimur ástæðum: Annars vegar til að fylla skörð danskra minja þegar engir sambærilegir danskir gripir hafa varðveist, hins vegar til að fullkomna ýmis sérsöfn safnsins af ákveðinni tegund gripa. Tilvera íslensku gripanna í sýningunni tengist á engan hátt Íslandi eða íslenskri menningarsögu. Einungis er fjallað um Danmörku og danska sögu og er Íslands þar að engu getið. Sama á við um þau önnur landsvæði sem á miðöldum heyrðu undir danska konungsríkið en eru í dag utan landamæra þjóðríkisins Danmerkur. Þessi þjóðríkissögulega nálgun safnsins á fjölþjóðlega fortíð Danaveldis á miðöldum gerir það að verkum að sautján íslenskir miðaldagripir eru í raun notaðir sem heimild um tilbúna miðaldasögu dansks þjóðríkis.

Forn norræn fræði og þjóðarsaga

Söfnun íslenskra gripa til safnsins í Kaupmannahöfn hófst á fyrri hluta nítjándu aldar og byggðist á fræðahugmyndum þess tíma um eina sameiginlega fortíð allra Norðurlanda. Öllum norrænum gripum sem bárust safninu sem og öðrum heimildum um fortíðina var því, óháð uppruna, gert jafn hátt undir höfði. Þegar leið á nítjándu öldina breyttist þetta viðhorf. Vaxandi þjóðernishyggja meðal danskra safnamanna og breyttar forsendur innan fræðaheimsins gerðu það að verkum að smátt og smátt fengu íslenskir miðaldagripir nýtt hlutverk innan safnsins. Þetta nýja hlutverk endurspeglaði breyttan starfsgrundvöll safnsins. Í staðinn fyrir að áfram var unnið út frá hugmyndinni um sameiginlega norræna arfleifð þá snérist starfsemin um

rannsóknir og miðlun á glæsilegri fortíð nýstofnaðs dansks þjóðríkis. Þar með voru íslenskir miðaldagripir gerðir að *ómetanlegum viðauka* danskra þjóðminja og hafa allar götur síðan þá gegnt því hlutverki á safninu. Eins og ég hef sýnt fram á (2003) þá má með algjörri vissu rekja þessa breyttu nýtingu gripanna aftur til ársins 1927. Frekari rannsóknir þurfa að fara fram til að hægt verði að tímasetja nákvæmar hvenær og skýra jafnframt betur hvers vegna staða íslenskra gripa breyttist. Þó má segja að þessi breyting á starfseminni safnsins og þar með stöðu íslensku gripanna innan þess, hafi í raun verið formlega staðfest árið 1892. Þá var skipt um nafn á safninu en það hafði frá stofnun þess árið 1807 heitið *Oldnordiskt museum* eða Fornnorrænt safn. Nýtt nafn, *Danmarks Nationalmuseum* eða Þjóðminjasafn Danmerkur, þótti þá hæfa betur safninu og þeirri starfsemi sem fram fór innan veggja þess.

Gömul safnahefð og nýtt gildismat

Þessi notkun Þjóðminjasafns Danmerkur á íslenskum menningarminjum í dag er því að öllum líkindum borin uppi af þjóðernislegum viðhorfum sem eiga rætur að rekja til þess tíma þegar Ísland var enn undir danskri stjórn. Gripirnir eru ekki lengur varðveittir í safninu á forsendum þess fólks sem átti þá og nýtti, áður en þeir komu á safnið, heldur á forsendum safnsins og þess samfélags sem það nú starfar í. Minnir þessi staða íslenskra menningarminja innan veggja safnsins danska á þá stöðu sem gripir frá öðrum heimsálfum hafa haft á vestrænum söfnum frá því á seinni hluta nítjándu aldar. Eins og Heine (2000) bendir á þá eru slík viðhorf til menningarminja annarra þjóða í dag talin bera vitni um nýlenduhyggju og gömul vestræn fræðaviðhorf sem hana nærðu. Þar er mannkyninu, á grundvelli hlutleysis og fræða, skipt upp í misvelþróaða menningarhópa þar sem vestræn menning er metin æðri lifnaðarháttum frumbyggja annarra heimsálfa. Þessi viðhorf sem þóttu góð og gild á nítjándu öld og raunar langt fram eftir þeirri tuttugustu eru úrelt í dag. Slík meðferð á safngripum gengur gegn hugmyndum okkar tíma um fræðimennsku og gegn siðareglum ICOM, Alþjóðaráðs safna (2006) sem eru sá hornsteinn sem allt faglegt safnastarf byggir á.

Siðareglurnar eru byggðar upp með fræðimennsku, fagmennsku og virðingu að leiðarljósi og sem aðili að Alþjóðaráði safna hefur danska þjóðminjasafnið einmitt skuldbundið sig til að þeim. Í siðareglunum er skýrt tekið fram að eigna- og nytjaréttur gripa í vörslu safns er háður takmörkunum: Gripir eru frumheimildir og söfnum ber að varðveita þá og

túlka á fræðilega réttan hátt. Og siðareglurnar leggja einnig ríka skyldu á söfn að vinna með og í samráði við það samfélag sem gripir þess koma frá og sýna þannig upprunasamfélaginu fulla virðingu.

Að einu leyti er staða íslensku miðaldagripanna í Þjóðminjasafni Danmerkur þó önnur en gripa frá löndum annarra menningarsvæða. Það er að Ísland og Danmörk voru á sama kaþólska menningarsvæðinu á miðöldum og gripir tengdir trúarlífi þess tíma voru samskonar í þessum löndum eða þeir sömu. Því getur „herraþjóðin" nýtt kirkjugripi sem ómetanlega viðbót við safn sinna eigin gripa.

Birtingarmyndir nýlenduhyggjunnar

Eftirfarandi er listi yfir birtingarmyndir nýlenduhyggjunnar í sýningum vestrænna safna. Hann er tekinn saman á grundvelli bókar Simpson (1995) sem fjallar um og gagnrýnir viðtekna túlkun safna jafnt á minnihlutahópum sem á menningu annarra hópa en þess sem safnið sjálft tilheyrir:

1) Gripir eru sýndir sem tilheyra ekki sama menningarsvæði og safnið sjálft er hluti af.
2) Ekkert samráð er haft við upprunalandið og á safninu sjálfu starfar enginn sem býr yfir staðgóðri þekkingu á sögu upprunalandsins.
3) Sýningin er á forsendum herraveldisins, lyftir fram veldi þess og mikilleika.
4) Gefin er rómantísk mynd af upprunalandinu þar sem vestræn áhrif eru útilokuð.
5) Söfnunarstefna: Ekki er bætt við gripina sem eru fáir og safnað saman á grundvelli gamalla, úreltra viðhorfa.
6) Sagan er fryst í þeim viðhorfum sem ríktu þegar gripunum var safnað.

Þrjú af sex atriðum á þessum lista tel ég að geti vel átt við um stöðu íslenskra menningarminja í danska Þjóðminjasafninu og vegna þeirrar sérstöðu íslenskra miðaldagripa að þeir fullkomna minjar herraveldisins má bæta við tveimur atriðum og búa til nýjan lista. Sá listi er þá greining mín á stöðu íslenskra gripa í Þjóðminjasafni Danmerkur í dag út frá forsendum póstkólóníalismans:

1) Ekkert samráð er haft við upprunalandið og á safninu sjálfu starfar enginn sem býr yfir staðgóðri þekkingu á sögu upprunalandsins.
2) Sýningin er á forsendum herraveldisins, lyftir fram veldi þess og mikilleika.
3) Söfnunarstefna: Ekki er bætt við gripina sem eru fáir og safnað saman á grundvelli gamalla, úreltra viðhorfa.
4) Gripirnir bæta við og fullkomna safn þjóðminja herraveldisins.
5) Menningarsaga upprunalandsins er hreinsuð burt og ný saga sem snertir herraveldið er sköpuð í hennar stað.

Ef þessi meðferð Þjóðminjasafns Danmerkur á íslenskum menningarminjum er borin saman við siðareglur ICOM þá er alveg ljóst að breytinga er þörf innan veggja safnsins.

Nýlendan danska

Það er nokkuð freistandi að nota aðferðir póstkólóníalismans til að skoða hvernig Þjóðminjasafn Danmerkur notar safn sitt af þjóðlegum íslenskum gripum, á annan hátt og í allt öðrum tilgangi en augljóslega er gert með hina sautján íslensku miðaldagripi. Hér er átt við nokkra íslenska gripi frá síðari öldum í sýningarsal númer 204 í sýningunni *Danmarks historier 1660–2000*. Má þar nefna útskorin tóbakshorn, söðuláklæði og kvenbúning sem allt ber sterk einkenni íslenskrar þjóðmenningar og mun seint vera rugað saman við danskar þjóðminjar.

Í þessari sýningu þar sem loksins er gerð grein fyrir þeim landshlutum sem áður tilheyrðu danska konungsríkinu og hvergi er getið í miðaldasýningunni fyrrnefndu. Þarna má meðal annars skoða gripi frá dönsku nýlendunni Íslandi, gamla konungsríkinu Noregi og suðurhluta Svíþjóðar sem fram undir 1660 tilheyrði Danmörku. Þarna er Ísland kynnt sem íhaldssöm, kúguð, einangruð og fátæk dönsk nýlenda og varpað er fram rómantískri útskýringu á því hvers vegna íslenskt handverk byggir svo mjög á eldri stíltegundum frá landnámsöld og miðöldum. Ástæða íhaldsseminnar og þess að handverksstíllinn varðveittist með þjóðinni er þannig sögð *vera minning þjóðarinnar um fornt sjálfstæði og verslunarfrelsi á þjóðveldisöld!*

Þegar þessi túlkun safnsins á íslenskri þjóðmenningu er skoðuð með hjálp póstkólóníalismans þá kemur eftirfarandi í ljós:

1) Íslensku gripirnir tilheyra ekki sama menningarsvæði og safnið starfar í.

2) Ekkert samráð virðist vera haft við íslenska fræðimenn og á safninu sjálfu starfar enginn sem býr yfir staðgóðri þekkingu á sögu landsins.
3) Sýningin er á forsendum herraveldisins, lyftir fram veldi þess og mikilleika.
4) Gefin er rómantísk mynd af upprunalandinu þar sem vestræn áhrif eru útilokuð.
5) Söfnunarstefna: Engu er bætt við gripina sem eru fáir og safnað saman á grundvelli gamalla, úreltra viðhorfa.
6) Sagan er fryst í þeim viðhorfum sem ríktu þegar gripunum var safnað.

Hvaða álit sem maður annars hefur á sögulegum túlkunum danska safnsins þá fellur notkun gripanna óneitanlega saman við listann hér að ofan eins og flís við rass.

Breyttir tímar —í hluta safnsins

Á sýningum annarrar deildar Þjóðminjasafns Danmerkur, mannfræðideildarinnar, hefur farið fram umfangsmikil endurnýjun á þeim gömlu viðhorfum sem þar birtust. Í stað þess að sjónarhorn sýninganna grundvallist á nýlendustefnu og kynþáttafordómum þá byggir mannfræðideildin nú starf sitt á virðingu fyrir öðrum þjóðfélögum og samvinnu við íbúa upprunalandanna í samræmi við siðareglur ICOM.

Þessu hafa bæði Jette Sandahl (2002) og Gilbert (1997) greint frá. Raunar ýjar Sandahl að því að samskonar endurmats sé þörf innan fleiri deilda safnsins þegar hún segir: „Mera märkligt är att ingen motsvarande nyordning gjorts — eller ens diskuterats — av nationella och europeiska samlingar.“ Þess ber að geta að Jette Sandahl er þungaviktarsafnakona, með góða innsýn, bæði í starfsemi Þjóðminjasafns Danmerkur og áhrif nýlendustefnunnar á vestrænt safnastarf. Hún er í dag safnstjóri Heimsminjasafnsins í Gautaborg en starfaði áður sem sérfræðingur mannfræðideildar Þjóðminjasafns Danmerkur og sat þá einnig í stjórn safnsins.

Ekki er annað en hægt að vera sammála Sandahl: það er einkennilegt að hinar dönsku deildir safnsins hafi ennþá ekki brugðist við breyttri hugmyndafræði og nýjum faglegum og fræðilegum áherslum í safnastarfi. Auðvitað er Sandahl ekki eingöngu að tala um íslenska gripi í einni sýningu, eins og hér hefur verið gert. Hún er að ræða almennt um það viðhorf og þá hugmyndafræði sem hún telur að ríkir innan dönsku deildar safnsins og endurspeglast í

söfnun, varðveislu, rannsóknum og miðlun danskrar sögu í dag. Þetta víðara samhengi staðfestir, að fremur virðist um að ræða stefnu safnsins varðandi dönsku deildirnar, en að um einangrað tilfelli varðandi dansk-íslenska minjasögu sé að ræða.

Ég tel raunar að líklegasta skýringin á þessum þyrnirósarsvefni sé að fáir hafa orðið til þess að gagnrýna danska þjóðminjasafnið opinberlega — en eins og dæmin sanna þá er óánægja oft undirstaða breytinga. Simpson (1995) fjallar í bók sinni um breytingar sem hafa átt sér stað á túlkun Bandarískra safna á sögu minnihlutahópa í Bandarísku samfélagi og menningu annarra heimshluta. Þar segir hún breytingarnar hafa átt sér stað vegna þeirrar gagnrýni sem söfnin urðu fyrir innan fræðasamfélagsins. Gagnrýninni var ekki eingöngu beint að kynþáttafordómum eða nýlenduhyggju í sýningarsölunum heldur einnig að þeim vestrænu fræðagildum sem starfsemi safnanna byggðist á. Heine (2000) tekur í svipaðan streng. Hvers vegna á að samþykkja það að safnastofnanir geti, í krafti ótrúverðugra hugmynda um fræðimennsku og hlutleysi, svipt minnihlutahópa og þjóðum annarra heimshluta minningum sínum og menningararfi?

Arfur nýlenduhyggjunnar á Íslandi

Ef spurt er hvers vegna íslenskir fræðimenn hafi ekki gagnrýnt þessa notkun íslensku gripanna er líklegt svar að hugmyndafræðilegar forsendur hafi skort. Það er ekki fyrr en nýlega sem norrænir fræðimenn hafa, að einhverju marki, farið að skoða norræna sögu með fræðilegum kenningum póstkólóníalismans. Annars vegar til þess að varpa ljósi á undirliggjandi valdastrúktúra sem voru á milli ólíkra landssvæða og ríkishluta. Hins vegar til að tengja framþróun norrænar sögu saman við hugmyndalega og stjórnmálalega þróun á öðrum heimssvæðum.

Jón Yngvi Jóhannsson (2003) bendir á það í grein sinni *Af reiðum Íslendingum. Deilur um Nýlendu-sýninguna 1905* að Íslendingar hafi á nítjándu og tuttugustu öld staðfastlega staðið á móti öllum tilraunum til að vera flokkaðir sem nýlenduþjóð. Þessi barátta sem okkur í dag hættir til að brosa að var óhemju mikilvæg til að glæða trú þjóðarinnar á getu sína til að öðlast og standa undir sjálfstæði sínu. Aðeins einu ári áður en grein Jóns Yngva birtist almenningi var ég sjálf dregin út í horn á ráðstefnusal. Þar var ég áminnt móðurlega af framúrskarandi íslenskum fræðimanni fyrir að hafa í fyrirlestri

sagt Ísland vera danska nýlendu en ekki hjálendu.[1] Fræðimaðurinn notaði meðal annars, máli sínu til stuðnings, þá baráttu sem Matthías Þórðarson stýrði nær hundrað árum áður gegn því að íslenskar þjóðminjar yrðu hafðar til sýnis á umræddri Nýlendusýningu í Tívolí. Raunar má benda hér á að það eru sömu þjóðminjar, eða að minnsta kosti minjar sömu gerðar, sem í dag eru notaðar af Þjóðminjasafni Danmerkur til að túlka Ísland sem einangraða og fátæka danska nýlendu.

Við Íslendingar höfum fremur hneigst til þess að taka tilveru íslenskra gripa í þjóðminjasafninu danska sem staðfestingu á fræðilegu mikilvægi þeirra og til marks um sameiginlega sögu landanna. Said (1993) einn af forkólfum póstkólóníalismans, hefur benti á að ekki nægi að mæla áhrif heimsvaldastefnunnar í landvinningum, fjölda hermanna og fallbyssa. Hann segir það mikilvægt að skoða þau viðhorf og þá hugmyndafræði sem fylgir í kjölfarið og lifir venjulega miklu lengur en sjálfir landvinningarnir. Það er mitt mat að íslenskir fræðimenn og raunar Íslendingar allir taki þátt í því að viðhalda hinu gamla viðhorfi á nákvæmlega sama hátt og á sömu forsendum og starfsfólk Þjóðminjasafns Danmerkur. Þessi gömlu fræðaviðhorf, byggð á þjóðernishyggju og úreltum arfi nýlenduhyggjunnar, hafa, í samræmi við hugmyndir Saids, reynst mun lífseigari en landvinningar Dana á Íslandi.

Lítum líka í eigin barm

Ekki verður deilt um að aðgengi Íslendinga, bæði almennings og fræðimanna, að íslensku gripunum í Kaupmannahöfn er slæmt. Ekki er þar við Dani eina að sakast, enda er ein meginástæða hins slæma aðgengis skortur á íslenskum rannsóknum á gripunum og lítil opinber umfjöllun um þá. Sá skortur stafar fyrst og fremst af viðvarandi fjársvelti til íslenskra minjarannsókna sem lengi hefur hindrað það að nauðsynlegar rannsóknir á gripunum og umfjöllun um þá hafi farið fram.

Til marks um þetta má nefna að fræðilegt samstarf milli Þjóðminjasafns Danmerkur og Þjóðminjasafns Íslands er með miklum ágætum. Ávallt er vel tekið á móti íslenskum fræðimönnum í safninu danska. Einnig hefur tekist að

[1] Hvað þýðir að Ísland hafi verið hjálenda Dana og hver er stjórnskipunarlegur munur á hjálendu og nýlendu? Stjórnskipunarleg staða Íslands innan danska ríkisins tók nokkrum breytingum á tímabilinu 1380 –1944. Það er sérstaklega áhugavert að skoða sögu Íslands og Danmerkur á nítjándu öld út frá sjónarhorni póstkólóníalismans. Hjálenda er ekki til sem hugtak innan þeirra fræða sem kennd eru við póstkólóníalisma Eingöngu er gerður munur á mismunandi formum nýlenda. Sjá til dæmis vangaveltur mínar (2003) um þetta efni.

fá gripi til láns til Íslands í tengslum við rannsóknir og sýningarhald. Ég sjálf get gefið Danska Þjóðminjasafninu vitnisburð um góðar móttökur og velvilja starfsmanna skjalasafns safnsins þegar eftir var leitað. Spurningin er samt hvort það er nóg. Ég get líka sagt ykkur frá ýmsum erfiðleikum tengdum rannsóknum mínum í Kaupmannahöfn, ófyrirséðum atvikum, fyrirhöfn og verulegum tilkostnaði sem fylgir því að rannsaka sögulegar íslenskar heimildir sem varðveittar eru erlendis.

Enginn núlifandi íslenskur fræðimaður hefur skoðað íslensku gripina í Þjóðminjasafni Danmerkur í heild sinni, enginn veit nákvæmlega hversu margir gripirnir eru, hvert ástand þeirra er eða varðveisluskilyrði. Árið 1918, fyrir nærri níutíu árum, skoðaði Matthías Þórðarson þjóðminjavörður gripina, stóra og smáa, suma einstaka, aðra ósköp venjulega og skráði niður það sem hann sá. Handskrifuð skrá Matthíasar nær yfir hundruði gripa, er unnin upp úr gömlum bókum Þjóðminjasafns Danmerkur og er varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands (1918). Hún er eini grunnurinn sem íslenskir fræðimenn hafa að byggja á við rannsóknir og mun mynda grunninn að þeirrar vinnu sem verður að fara fram til að gera gripina aðgengilegri.

Enginn veit með vissu hvort fleiri íslenskir gripir leynast í geymslum safnsins í Kaupmannahöfn. Það er lykilatriði að bæta aðgengi íslenskra fræðimanna að öllum íslenskum gripum í safninu svo og öllum heimildum þeim tengdum. Þó að gripur virðist ómerkilegur í sýningarsamhengi eða í samhengi við danska minjasögu, þá getur hann og heimildirnar um hann verið ómetanlegur í rannsóknarsamhengi og varpað ljósi á áður óþekkta kima menningarsögunnar.

Danska þjóðminjasafnið var að minnsta kosti fram til 1863 og formlega allt fram til ársins 1907 ekki bara danskt heldur einnig íslenskt safn. Þar eru varðveittar miklar heimildir sem varða íslenska menningar- og minjasögu. Með bættu aðgengi fræðimanna yrði aðgengi alls almennings og upplýsingar til hans um gripina einnig bætt. Spurningar sem þarf að svara eru til dæmis: Hvaða gripir eru þetta? Hversu margir eru þeir? Hvernig líta þeir út? Hvert er ástand þeirra? Í beinu framhaldi er hægt að fara að svara spurningum á borð við; Hvaðan komu gripirnir? Hver sendi þá og hvers vegna? Hver átti þá? Með því að svara þessum og fleiri spurningum mætti skapa forsendur fyrir því að tengja þennan lítt kannaða hluta íslenskrar menningarsögu við íslenska sögu.

Þessum og fleiri spurningum um íslenska menningarsögu verður ósvarað svo lengi sem vitneskjan um gripina í Kaupmannahöfn er eins takmörkuð og nú er og meðan hún byggir fyrst og fremst á þekkingu á nokkrum stórum og frægum gripum sem eru „ómetanlegur viðauki“ danskrar sögu, að minnsta

kosti eins og hún kemur starfsmönnum danska Þjóðminjasafnsins fyrir sjónir. Það má segja að rannsóknir á þessum hluta íslenskrar minjasögu eru í dag ofurseldar gildismati danskra fræðimanna.

Hugmyndafræðilegur bakgrunnur þjóðernislegrar sögu Íslands?

Skortur á rannsóknum á íslensku gripunum og sögu þeirra hefur haft þau áhrif að þeir er tiltölulega óþekktir á meðal íslensks almennings. Fáir vita um tilvist gripanna hvað þá að önnur vitneskja um þá sé almenn. Einhverjir vita þó af gripunum og hafa jafnvel skoðað þá í sýningarsölum safnsins í Kaupmannahöfn. Þó hefur margur Íslendingurinn gengið um sýningarsalina og leitað árangurslaust að gripunum dýrmætu. Um slíka leit hafa margir vitnað í mín eyru. Erfiðleikarnir við að finna íslensku gripina hafa líka komið fram annarsstaðar til dæmis í umræðum um íslensku gripina í Kaupmannhöfn á Alþingi í desember árið 2000.

Það er einfaldlega erfitt að finna íslensku gripina í því samhengi sem þeir standa í. Algengasta ástæðan fyrir því að fólk finnur ekki gripina er sú að leitin beinist að íslenskri deild eða að sérstökum íslenskum sýningarskáp.

Samkvæmt kenningum Taborsky (1990) þá byggir sýningargestur á eigin forsendum þegar hann skoðar og meðtekur boðskap sýninga. Einstaklingsbundinn munur er á skilningi sýningargesta eftir félagslegum bakgrunni hvers og eins. Mestur verður þó munurinn milli einstaklinga sem koma frá ólíkum samfélögum – hvort sem er í tíma eða rúmi. Því leggur Taborsky mikla áherslu á að söfn skapi sýningargestinum réttar forsendur til að þeir geti skilið boðskap sýninga þeirra. Samkvæmt þessari kenningu er munur á upplifun Dana og upplifun Íslendings í miðaldasýningu þjóðminjasafnsins danska.

Ég gekk út frá kenningum Taborsky þegar ég á árunum 2000 – 2002 (2003) gerði litla könnun á viðbrögðum nokkurra Íslendinga við sýningunni. Það kom í ljós að upplifun Íslendinganna var mismunandi eftir félagslegum bakgrunni þeirra rétt eins og kenning Taborsky spáði fyrir um. Almennt má segja að Íslendingarnir skildu ekki hversu einstakir hinir íslensku gripir eru. Saga gripanna og hvernig þeir höfðu borist safninu var flestum ókunnug og enginn gerði athugasemdir við þjóðríkissögulega nálgun sýningarinnar. Það sem aftur á móti vakti viðbrögð allra var einfaldlega sú staðreynd að gripirnir voru í safninu en ekki á Íslandi. Þessi staðreynd vakti sterkar þjóðernislegar tilfinningar — allt að því Danahatur. Oftar en ekki gaus upp hatrömm

umræða, byggð á mjög dæmigerðri þjóðernislegri söguskoðun, um meint framferði Dana á Íslandi. Enginn viðmælenda minna gengur þó um dags daglega og veltir fyrir sér sögulegum tengslum Danmerkur og Íslands. Sýningin vakti til lífs, hjá litlu þýði Íslendinga, tilfinningar á borð við reiði, vanmátt og óréttlæti.

Þessar tilfinningar Íslendinganna eru þær sömu og sýningar annarra safna vekja hjá minnihlutahópum og þjóðum annarra heimshluta og hafa á síðustu áratugum komið af stað breytingum í safnaheiminum sem enn sér ekki fyrir endann á. Og þá erum við aftur komin þangað sem við byrjuðum: Notkun danska safnsins á íslenskum gripum samræmist ekki þeim faglegu og fræðilegu viðhorfum sem starf safna grundvallast á í dag. Notkun safnsins byggir á gamalli hefð sem á rætur að rekja til þjóðernishyggju nítjándu og tuttugustu aldar og þeim andblæ nýlenduhyggjunnar sem þá lék um vestræn söfn. Forsenda þess að fá þessu breytt er að auka aðgengi og í framhaldi af því, rannsóknir á þessum afskipta hluta íslenskrar menningasögu.

Heimildir

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir (2006). Með augum Íslendingsins. Íslenskir gripir í miðaldasýningu Þjóðminjasafns Danmerkur. *Saga* 2006:2. Í prentun.

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir (2003). *Kontext och koloniala uttryck. Isländska föremål utställda i Danmarks Nationalmuseum.* Óprentuð MA-ritgerð í safnafræði. Institution för Miljövetenskap och Kulturvård. Göteborgs universitet. Eintak ritgerðarinnar er varðveitt á bókasafni Þjóðminjasafns Íslands.

Gilberg, R. (1997). Hvem ejer Museumsgenstandene? *Nordisk Museologi 1997, 1*, 117–131

„Endurheimt íslenskra fornminja frá Danmörku.“ Þskj. 519–352.mál, 126. löggjafarþing. 2000–2001. Fyrirspyrjandi Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Alþingi Íslendinga, Reykjavík. <www.althingi.is> 7. ágúst 2006.

Hein, H. S. (2000). *The museum in Trasition. A Philosophical Perspective.* Washington og London: Smithsoninan Institution Press.

Siðareglur ICOM (2006). Endurskoðaðar árið 2001. Jón Proppé þýddi. Reykjavík: Íslandsdeild ICOM.

Said, E. W. (1993). *Culture and Imperialism.* New York: Alfred A. Knoph.

Sandahl, J. (2002). Museer, Nationell identitet och kulturell mångfald. Í Per-Uno Ågren (Ritstj.), *Museum 2000. Confirmation or Challenge?* (bls. 98-101). Stockholm: ICOM Sweden, Riksutställningar.

Simpson, M. G. (1996). Making Representations. Museums in the Post-Colonial Era. (Endurprentun 2001.) London og New York: Routledge.

Jón Yngvi Jóhannsson (2003). Af reiðum Íslendingum. Deilur um Nýlendusýninguna 1905. Í Jón Yngvi Jóhannesson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (Ritstj.), *Þjóðerni í þúsund ár*? (bls 135-150). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Taborsky, E. (1990). The discursive object. Í S. Pearce (Ritstj.), *Object of Knowledge. New Research in Museum Studies* (bls. 50-77). An International Series 1. London: The Athlone Press.

Þjóðminjasafn Íslands (1918). Óprentuð skrá Matthíasar Þórðarsonar yfir íslenska gripi í erlendum söfnum.

Mynd Íslendingasagna af Bretlandseyjum

Gísli Sigurðsson

Hvernig litu Bretlandseyjar út í hugum þeirra sem hlustuðu á Íslendingasögur í ólíkum byggðum á Íslandi um það leyti sem sögurnar voru ritaðar? Eitt hlutverk sagna í munnlegri hefð, á borð við þær sem hafa án efa staðið á bak við Íslendingasögur, er að miðla og viðhalda þekkingu á umheiminum. Miðað við það sem vitað er um munnlega geymd sagna og kvæða er fyrirfram hægt að gera ráð fyrir því að nákvæm þekking á sögulegum staðreyndum og atburðum á 10. öld, sem voru að líkindum kveikja einhverra frásagna, hljóti að hafa skolast til á nokkur hundruð árum. Um leið er ómögulegt að skýra sögurnar án þess að gera ráð fyrir að um samfellda frásagnarhefð af þeim sömu atburðum hafi verið að ræða uns sögurnar voru ritaðar. Sú hefð hefur verið opin fyrir umhverfi sínu á hverjum tíma, tekið mið af aðstæðum og hagsmunum, áhuga, reynslu, þekkingu og þörfum sagnafólks og áheyrenda þeirra. Þau sem sögðu sögurnar gátu bætt við og fellt úr sögum eftir aðstæðum en um leið og eitthvað var gleymt var ekki hægt að endurheimta það með nokkru móti (sbr. Gísli Sigurðsson, 2002:256). Síðasta atriðið um gleymskuna skiptir sérstaklega máli í sambandi við þekkingu á löndunum vestan og sunnan við Grænland þar sem enga aðra heimild var að hafa en hina munnlegu geymd. Því má halda fram að munnlegar sögur af Vínlandsferðum hafi meðal annars gegnt því hlutverki að draga upp mynd af hinum áður ókunnu löndum í hugum þeirra sem heima sátu og hlustuðu á sögurnar (sbr. Gísli Sigurðsson, 2002:267). Hinar rituðu Vínlandssögur eru sérstakar að því leyti að þar er lýst löndum sem ætla verður að enginn samtímamaður hafi séð með eigin augum – og ekki var hægt að lesa um á neinum öðrum miðaldaritum. Frásagnir af ferðum til Vínlands verða því ekki skýrðar nema samfelld minning hafi lifað um ferðir þangað frá því að þær voru farnir og þar til hinar rituðu sögur voru saman settar. Öðru máli gegnir um Bretlandseyjar. Þar er engin þörf á að gera ráð fyrir samfelldri minningu um landafræði frá 10. öld og fram að ritunartíma sagnanna. Þegar sögurnar voru ritaðar voru samgöngur við Bretlandseyjar enn mögulegar auk þess sem menn gátu aflað sér fróðleiks um löndin þar á

rituðum bókum. Það getur því verið forvitnilegt að lesa lýsingar Íslendingasagna á Bretlandseyjum og reyna að gera sér í hugarlund hvaða mynd áheyrendur sagnanna hafi haft af þeim löndum sem þar eru. Í framhaldi af því má spyrja hvernig sú mynd geti verið til komin, hvort hún hafi byggst á minningum, samtímaþekkingu af ferðum til þessara staða – eða hvort sagnaritararnir hafi jafnvel einkum stuðst við erlend landafræðirit. Með Bretlandseyjum er þá átt við það sem við nú köllum England, Wales, Írland, Skotland, Suðureyjar, Orkneyjar og Hjaltland.

Að þessu sinni verður sjónum eingöngu beint að hinum eiginlegu Íslendingasögum, vegna þess að þær endurspegla að öllum líkindum staðbundin viðhorf og þekkingu á Íslandi. Ekki verður horft til Landnámu, konungasagna eða Íslendingaþátta. Landnáma er safnrit þar sem erfitt getur reynst að greina þekkingu eftir stöðum og landsvæðum á Íslandi, og konungasögurnar og kveðskapur þeirra koma að líkindum úr umhverfi hirðskálda og konunga – og hafa tæpast verið sagðar jafn staðbundið og þær frásagnir af persónum og atburðum sem hafa verið uppistaða Íslendingasagna (sbr. Gísli Sigurðsson 2002:118-120). Hið sama á við um þættina sem eru að jafnaði varðveittir sem hluti af sögum um konunga.

Almennt má segja að umræðan um landaþekkingu Íslendinga á miðöldum, eins og hún birtist í fornsögum, hafi einkennst af sagnfræðilegu eða bókmenntafræðilegu sjónarhorni. Þannig hefur Magnús Fjalldal (2005) sýnt fram á að sögurnar geti með engu móti talist áreiðanleg heimild um raunverulega sögulega atburði og persónur á Englandi á þeim tíma sem sögurnar eru látnar gerast, eins og við var að búast (sbr. hér að framan), og Ian Wyatt hefur réttilega lagt áherslu á að í sögunum gegni ferðir til annarra landa jafnan einhverju merkingarbæru hlutverki sem við getum túlkað sem hluta af persónusköpun og framvindu. Í öðrum fræðiritum um sögu víkingaaldar og staðhætti er þó oft vitnað í sögurnar í bland við umræðu um fornleifar og aðrar sögulegar heimildir (sbr. Crawford, 1987) eða reynt að taka hvaðeina um tiltekið atriði saman úr ólíkum ritheimildum og draga upp heilsteypta mynd af því sem sagt er án þess endilega að vera jafn gagnrýninn og Magnús Fjalldal (sbr. Muir, 2005). Þá er klassískt að skýra örnefni í sögum neðan- eða aftanmáls með tilvísun í staði eins og við þekkjum þá af landakortum eða eigin raun og má segja að í þeirri skýringarhefð leiki enginn vafi á að sögurnar eigi að vísa til raunverulegra staða. Mér er ekki kunnugt um að nokkur hafi reynt að lesa sögurnar á þann hátt sem ég ætla að reyna að gera, það er út frá sjónarhorni áheyrenda þeirra með það í huga að draga upp það sögusvið sem þeir sáu fyrir sér um leið og þeir hlustuðu á frásagnirnar – og varpa þannig ljósi á sjónarhorn almennings á veröldina. Í því sambandi

skiptir rétt og rangt, í sagnfræðilegum skilningi, ekki endilega miklu máli. Spurningin snýst fremur um það hvers konar þekkingu á framandi löndum er miðlað í sögunum, hvernig hún er til komin – og hvað sögurnar geti sagt okkur um það.

Til þess að reyna að halda staðbundnu sjónarhorni er hægt að fjalla um sögurnar eftir því á hvaða landsvæðum á Íslandi þær gerast að meginhluta. Enda þótt það geti stundum verið nokkuð víða og staðsetning einstakra sagna orki þannig tvímælis er gamla hugmyndin úr Íslenskum fornritum nokkuð nærri lagi um að spyrða sögur saman eftir héruðum. Hún gefur ágæta sýn á eðlilegt, menningarlegt eða héraðsbundið sjónarhorn íbúanna, miðað við þá forsendu að hinar rituðu sögur endurspegli þá staðbundnu munnlegu hefð sem að baki þeirra bjó. Héraðsskipting sagnanna hentar því vel fyrir þessa rannsókn. Vitnað verður til kafla í sögum eftir heildarútgáfu Íslendingasagna frá 1985-6.

Sögur úr byggðum Borgarfjarðar og af Snæfellsnesi

Sögur frá Suðvesturlandi sem geta um Bretlandseyjar eru Kjalnesinga saga, Egils saga, Gunnlaugs saga, Bjarnar saga Hítdælakappa, Eyrbyggja saga og Eiríks saga rauða. Ekki er minnst á eyjarnar í Harðar sögu og Hólmverja, Hænsna-Þóris sögu, Víglundar sögu og Grænlendinga sögu. Í fyrrnefndu sögunum kemur fram mjög heilleg mynd af Bretlandseyjum og nágrenni með helstu örnefnum vel kunnum: „Vesturlönd, Suðureyjar, Dyflinnar skíði, Írland, Normandí á Vallandi, Katanes á Skotlandi, Orkneyjar og Hjaltland“ (sbr. Egils s. 4).

Í þessum sögum eru Bretlandseyjar vestan við Noreg. Þegar siglt er utarlega frá Noregi koma menn fyrst að Hjaltlandi með eynni Mósey og Móseyjarborg. Þar er austurströndin hættuleg þeim sem koma af hafi og sjávarólga mikil yfir veturinn. Ekki er langt að sigla þaðan til Íslands um leið og veður leyfa að vori (Egils s. 32, 33). Suðureyjar eru fyrsta land sem komið er að beinustu leið frá Grænlandi (Eiríks s. Rauða 5), og Írland fyrsta land sé siglt beint í austur frá Kjalarnesi (Eiríks s. Rauða 9) — skammt austur frá Vínlandi Leifs. Leiðinni til Vínlands frá Írlandi er jafnframt lýst í 64. k. Eyrbyggju þegar Guðleifur (sbr. nöfnin *Guð*ríður og *Leifur*) fer fyrir vestan Írland og fær austanveður og landnyrðinga og rekur þá langt vestur í haf og í útsuður þar sem hann finnur loks land og getur þá náð áttum og siglt aftur til baka til Írlands og verið í Dyflinni um haustið.

Þegar menn lenda í Orkneyjum á leið frá Íslandi þurfa þeir að taka þátt í ófriði sem jarlarnir Einar Rögnvaldsson og Sigurður Hlöðvisson halda uppi við nágranna sína um Suðureyjar og Skotlandsfjörðu (Kjalnesinga s. 12, Gunnlaugs s. 12). Suður af Orkneyjum er Katanes og Skotland með héruðunum Suðurland, Ross og Meræfi (Eiríks s. Rauða 1).

Suðureyjar eru á milli Orkneyja og Írlands. Þar kemst Ketill flatnefur til valda á dögum Haralds hárfagra og þar hafa norrænir menn snemma tekið kristni (Eyrbyggja 1, 5). Ítök Noregskonungs ná til Orkneyja, Suðureyja og allt til Dyflinnar (Egils s. 33). Eyjan Mön er í hafinu austan við Írland – þar sem vænta má einkennilegra vinda að haustlagi, og vert er að gæta sín á óbyggðri eyju við norðausturströnd Írlands þegar komið er norður um Írland frá Mön eins og fram kemur í Eyrbyggju (29) þar sem sögumaður tíundar að veðrið gangi úr (út)synningi í landsynning. Á Vesturlandi á Íslandi er þessu að jafnaði þveröfugt farið – sem gæti verið ástæðan fyrir nákvæmni í veðurlýsingunni hér. Athyglisvert er að vindafar af þessu tagi mun ekki óalgengt þegar haustlægðir ganga yfir Írlandshaf (Alan Hisscott, veðurfræðingur á Mön, í bréfi til GS). Af Eyrbyggju má ráða að Orkneyjar séu mjög úrleiðis á leið til Íslands frá Írlandi – og að frá Írlandi megi komast á smábáti til Orkneyja án þess að stofna sér í voða. (Eyrbyggja 29).

Dyflinni er í Dyflinnarskíri á Írlandi og þar ríktu hjónin Auður og Óleifur herkonungur. Leiðin þaðan til Íslands liggur um Suðureyjar, Katanes og Orkneyjar (Eiríks s. Rauða 1). Farið er vestur til Dyflinnar (Eyrbyggja 64). Skip sem kemur til Íslands frá Dyflinni flytur írska menn, suðureyska og fáa norræna (Eyrbyggja 50) – sem gefur til kynna blandaða byggð á þessum slóðum.

Sunnan við Skotland er England. Þangað er hægt að sigla beint með því að fara vestur frá Noregi og fyrir sunnan sjá (Bjarnar s. Hítdælakappa 5). Beinni leið til Englands frá Noregi er einnig lýst í 49. k. Egils sögu þannig að farið sé suður fyrir Jótland, þangað sem „mætist Danmörk og Frísland“ og „suður fyrir Saxland og Flæmingjaland.“ Á Englandi eru landsmenn kristnir (Egils s. 49) og þangað herja Danir (Gunnlaugs s. 10).

Leiðin til Englands frá Íslandi er sú að farið er fyrir norðan Orkneyjar og suður fyrir Skotland. Með því að sigla áfram norðan fyrir England má vænta þess að finna mynni árinnar Humru (Egils s. 60). Þaðan er skammt til Jórvíkur sem er helsta borg á Norðimbralandi – en það er nyrst á Englandi að austanverðu og þar þarf að verjast árásum bæði Skota, Íra, Norðmanna og Dana enda er kyn manna mjög blandað og margir sem gera tilkall til landsins (Egils s. 51, 60). Norðimbraland er landfræðilega aðgreint frá svæðinu suður af með óbyggðri en skógi vaxinni heiði og þaðan er hægt að halda í vestur,

þar sem Bretland er, og út að sjó á Jarlsnesi og komast á skip til Vallands (Egils s. 51-55).

Auk Jórvíkur eru helstu staðir á Bretlandseyjum þrír: Lundúnir (suður frá Jórvík, Egils s. 62), þar sem konungur Englands situr (eini staðurinn þar sem talað er um stræti á Bretlandseyjum í þessum sögum, sbr. Gunnlaugs s. 7); Dyflinni (þangað „er nú ferð frægust“, skv. Egils s., bls. 32), norður frá Lundúnum; og loks Orkneyjar (Gunnlaugs s., bls. 6-8). Þessa þrjá staði heimsækir Gunnlaugur á yfirreið sinni um Bretlandseyjar, sér til frægðar og frama. Sérstaklega er tekið fram að ein tunga hafi þá verið á Englandi „sem í Noregi og í Danmörku“ og skýrir það hvers vegna hann kemst svo auðveldlega að með skáldskap sinn þar á Englandi. Tungumál hefur svo ekki verið vandamál í Dyflinni því að þar er Sigtryggur konungur silkiskegg, son Ólafs kvarans og Kormlaðar drottningar, og „hafði þá skamma stund ráðið ríkinu“.

Saga úr Dölunum: Laxdæla saga

Vegna sérstöðu sinnar í sambandi við tengsl við Bretlandseyjar er vert að líta á Laxdælu sérstaklega enda eru Dalirnir ágætlega vel landfræðilega afmarkaðir og þar hefur fólk eindregna héraðsbundna sjálfsmynd. Sérstaða Laxdælu við hlið annarra sagna af Vesturlandi blasir við af því hversu lítið er þar að hafa um veru Ketils flatnefs og Unnar í Suðureyjum og Dyflinni – miðað við það sem sagt er um ríki hans í Suðureyjum og stöðu Auðar sem konu víkinga-konungs í Dyflinni í Landnámu, Eiríks sögu og Eyrbyggju. Í 2. k. Laxdælu langar Ketil að fara „vestur um haf, [frá Noregi] kvaðst þar virðast mannlífi gott“ – en það veit hann vegna þess að hann hefur þar víða herjað. Íslandi hefur hann engan áhuga á í samanburði og kallar það „veiðistöð“ – sem minnir nokkuð á orð Ingimundar í Vatnsæla sögu (10) um Ísland sem „eyðisker“ og „eyðibyggðir“. Þögnina um að Unnur (Auður?) hafi verið í Dyflinni má hugleiða í ljósi þess að Laxdæla gerir seinna (21) ráð fyrir að Mýrkjartan Írakonungur hafi aðsetur þar og því væri hún í vandræðalegri mótsögn við sjálfa sig ef borgin væri jafnframt konungsríki norrænna manna. Í 1. k. er aðeins sagt að Unni hafi átt „Ólafur hvíti Ingjaldsson Fróðasonar hins frækna er Svertlingar drápu“ – og ekki er víst af orðanna hljóðan hvort það er Ólafur eða Fróði sem þeir drápu eða hverjir Svertlingar eru. Athyglisvert er að sagan vitnar í 4. k. í Ara fróða um líflát Þorsteins „að hann félli á Katanesi“ – án þess að hirða um að segja frá því sem merkilegast er um feril Unnar skv. öðrum heimildum. Slíkrar þekkingar er þó þörf til að

gera það trúverðugt að Unnur hafi haft verulegan auð og mikið frændlið með sér til Íslands, auk annarra mikils verðra manna og stórættaðra. Ekki verður ráðið af sögunni af hverju allt þetta fólk hefur safnast að henni. Má hugsa sér að það hafi verið svo almenn þekking að óþarfi hafi verið að segja frá því.

Í Laxdælu er hægt að eignast hálft Skotland og verða konungur yfir á dögum Ketils (4) þótt Skotar séu mjög sviksamir í tryggðum við slíkt yfirvald – og kemur þá að litlu gagni þó að tignir menn taki honum vel. Á Katanesi eru skógar sem nota má til að smíða knörr og leiðin til Íslands liggur þaðan um Orkneyjar og Færeyjar (4-5).

Segir svo ekki meira af þessum heimshluta fyrr en í 20. k. þegar Melkorka tjáir Ólafi syni sínum að það muni koma sér vel á Írlandi að kunna írsku því að þá skipti ekki máli hvar menn beri að – sem bendir til að sumstaðar hafi mátt notast við norrænt mál. Sama má ráða af 21. k. þegar Örn stýrimaður lýsir því að á Írlandi séu hafnir og kaupstaðir þar sem útlendir menn hafi frið. Leiðin til Írlands frá Noregi er þó torsótt og villugjörn með þokum og hægviðri. Ekkert er því hægt að segja um hvar þeir Ólafur og Örn koma að landi á Írlandi í 21. k. nema hvað þar er grunnsævi og boðar fyrir ströndinni, mikið útfiri og skipalón í ármynni. Í grennd er eitt þorp þar sem Írar koma saman og konungurinn notar hesta til ferðalaga þegar hann fer að veislum um landið. Allir fara þeir svo ríðandi til Dyflinnar. Ólíkt Orkneyjajarli, sem herjar á nágranna sína með góðri aðstoð þeirra Íslendinga sem hann heimsækja, er starf Írakonungs að reka af sér víkinga og úthlaupsmenn og tekur Ólafur þátt í því starfi með afa sínum og sveit sinni.

Í 41. k. vill Kjartan halda skipi sínu frá Noregi „til Englands því að þangað er nú góð kaupstefna kristnum mönnum“ en Ólafur konungur vill að hann fari annaðhvort til Íslands eða verði hjá sér í þjónustu frekar en að gerast kaupmaður. Í 43. k. segir síðan að Kálfur hafi komið „áður um haustið ... vestan af Englandi með skip þeirra Kjartans og kaupeyri“ og eftir það heldur Kjartan til Íslands.

Ekki er hægt að gera sér neina heildarmynd af Bretlandseyjum af Laxdælu nema hvað þær eru vestan við Noreg og sunnan við Ísland. Innbyrðis afstaða Orkneyja, Írlands og Englands er ekki ljós en ráða má að skógi vaxið Katanes sé á Skotlandi og að með því að sigla þaðan komi menn í Orkneyjar. Suðureyjar eru ekki nefndar, þó að Ketill flatnefur eigi að hafa verið þar skv. öðrum heimildum. Hér er aðeins sagt að hann hafi komist til valda á Skotlandi en ríki hans verið brotið á bak aftur. Á Írlandi ráða írskumælandi Írar og búa í þorpum. Konungur þeirra situr í Dyflinni og verst þaðan víkingum en hér og þar eru kaupstaðir og hafnir þar sem útlendingar koma og hafa frið. Kristni er á Englandi og þangað sækja menn til kaupmennsku.

Sögur Vestfirðinga

Í sögum sem kenna má við Vestfirði, Fóstbræðra sögu, Gísla sögu og Gull-Þóris sögu, er lítið að hafa um Bretlandseyjar, og alls ekkert í Króka-Refs sögu og Hávarðar sögu Ísfirðings. Það sem má þó af þessum sögum ráða er að Írland, líkt og í Laxdælu, er líklegt til að birtast ef menn velkir lengi í hafi, að þessu sinni frá Íslandi. Á Írlandi má vænta ófriðar frá innfæddum (sem mæta skipverjum með vopnum) og öruggara er að halda þaðan beint til Englands og vingast þar við höfðingja (Fóstbræðra s. 8).

England er vestur frá Noregi (Gísla s. 8, styttri gerð, 5 í lengri gerð en í 13. k. hennar er ekki áttatáknun til að staðsetja England; sama gildir um ferð til Englands í Gull-Þóris s.) og á Englandi geta norskir höfðingjar setið í griðum – því þegar Haralds missir við í Noregi kemur Hákon „vestan af Englandi“ (Gísla s. 5).

Í Orkneyjum er Rögnvaldur jarl Brúsason við svipaða iðju og Mýrkjartan Írakonungur í Dyflinni skv. Laxdælu, þ.e. hann herjar ekki á nærliggjandi lönd eins og Orkneyjajarlar í sögum úr Borgarfirði og nærsveitum, heldur refsar hann víkingum sem ræna búendur og kaupmenn fyrir sín illvirki og gerir þeim góðan frið – með dyggri þjónustu Þorgeirs Hávarssonar. Íslendingum sem vilja iðka þjófnað er betra að fara upp á Skotland og stunda sína iðju þar (Fóstbræðra s. 13).

[Hér er felld úr vegna plássleysis umræða um sögur af Norðvesturlandi, Norðausturlandi, Austurlandi og Suðurlandi]

Niðurstöður

Uppistaðan í hinni heildstæðu mynd sem draga má upp af Bretlandseyjum kemur úr Njálu og Egils sögu. Nákvæmust er þekkingin á eyjunum vestur og norður af Skotlandi. Einnig suður með Skotlandi að vestan og inn á Írlandshaf. Víkingabyggðir á norðan- og austanverðu Englandi eru nánast óþekktar nema í Egils sögu, og er myndin af þeim mjög óljós. Athyglisvert er að hið vel þekkta svæði fellur saman við þann hluta Bretlandseyja sem helst var heimsóttur af fólki frá Noregi á víkingaöld. Þá kemur í ljós að á Íslandi er þessi landafræðiþekking að mestu bundin við Suður-, Vestur- og Norðvesturland. Í þessum landshlutum eru gelísk áhrif almennt mest meðal

landnámsmanna, skv. Landnámu og örnefnum (sbr. Gísli Sigurðsson, 2000), og uppruni fólks í Landnámu er einkum rakinn til þeirra svæða á Bretlandseyjum sem best eru þekkt í sögunum.

Vegna sjónarhornsins á Bretlandseyjar í sögunum, sem horfa greinilega til eyjanna frá Íslandi og Noregi, er nánast hægt að útiloka þann möguleika að þekking á Bretlandseyjum sé til komin vegna sérstaks bóklesturs Íslendinga á erlendum ritum um þennan heimshluta. Hér getur því varla verið um annað að ræða en lifandi þekkingu í munnlegri hefð meðal þeirra sem sögðu og hlustuðu á sögur sem gerðust á Bretlandseyjum. Sú þekking hefur greinilega verið meiri á þeim svæðum á Íslandi sem helst voru byggð fólki frá Bretlandseyjum en annars staðar, annað hvort vegna þess að minningin frá landnámstímanum hefur lifað eða vegna þess að samgöngum hefur verið viðhaldið við upprunalöndin; jafnvel að minningunum hafi verið viðhaldið með samgöngum.

Þessi þekking er að verulegu leyti bundin við sjóleiðir og landtöku- (jafnvel orustu-) skilyrði, sem bendir til að hún hafi gegnt ákveðnu og nauðsynlegu hlutverki meðal farmanna. Einnig vita menn af skógum á Írlandi og Skotlandi, þorpi á Írlandi og kastala á Skotlandi. Englandskonungur situr í Lundúnum, þar sem hægt er að ganga um stræti og áður fyrr mátti gera sig þar skiljanlegan á norrænu máli. Á Írlandi eru ýmist tveir konungar, norrænn í Dyflinni og írskur í Kunnjáttaborg, eða bara einn írskur í Dyflinni og hefur sá nóg að starfa við landvarnir. Óvinveittir konungar eru á Skotlandi og eynni Mön en vinveittir jarlar í Suðureyjum, Orkneyjum og Hjaltlandi – en Orkneyjajarlar þurfa flestir stöðugt að berjast við náganna sína til að halda stöðu sinni. England varð snemma kristið og eins kom kristni snemma í Suðureyjar þar sem innfæddir höfðu klaustur á Eynni helgu eftir fall Ólafs helga.

Skilaboð sagnanna um samgöngur við Bretlandseyjar eru skýr. Þar er oft mikil hætta á þokum og skipbrotum – sem virðast ekki vera jafn tíð við Noregsstrendur þótt það hafi ekki komið fram hér. Á eyjunum er mikill ófriður, innfæddir vígbúast gegn gestum af hafi og til að haldast við í Orkneyjum þarf stöðugt að herja á nágranna sína til að halda þeim frá. Tungumálaerfiðleikar eru miklir á Írlandi og því er ekki skrýtið að menn hafi heldur hallað sér að Noregi um samgöngur og viðskipti eftir að norrænt mál varð alls ráðandi á Íslandi. Myndin af Bretlandseyjum í Íslendingasögum fellur því vel að því sem við vitum um uppruna landnámsmanna og skýrir um leið af hverju það reyndist fólki á Íslandi erfitt að halda uppi jafn líflegu sambandi við þær þegar fram í sótti og heimalöndin í Noregi.

Heimildir

Crawford, B. E. (1987). *Scandinavian Scotland.* Scotland in the Early Middle Ages 2. Leicester University Press.

Íslendinga sögur I-II. (1985-6). Ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Reykjavík: Svart á hvítu.

Gísli Sigurðsson (2000). *Gaelic Influence in Iceland: Historical and Literary Contacts. A Survey of Research.* Reykjavík: Háskólaútgáfan (2. útg.).

Gísli Sigurðsson (2002). *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar: Tilgáta um aðferð*. Rit 56. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Magnús Fjalldal (2005). *Anglo-Saxon England in Icelandic Medieval Texts*. Toronto, Buffalo, London: University of Toronto Press.

Muir, T. (2005). *Orkney in the Sagas: The Story of the Earldom of Orkney as told in the Icelandic Sagas*. Haston, Kirkwall, Orkney: The Orcadian Limited.

Wyatt, I. (2004). "Narrative Functions of Landscape in the Old Icelandic Family Sagas."Í J. Hines, A. Lane og M. Redknap (Ritstj.), *Land, Sea and Home* (bls 273-282). Proceedings of a Conference on Viking-Period Settlement, at Cardiff, July 2001. The Society for Medieval archaeology Monograph 20. Maney:

Busar, *böðlar* og *jamberingar* Innvígsluathafnir í íslenskum framhaldsskólum

Terry Gunnell

Þegar við hugsum um árshátíðir, koma okkur fyrst í hug þær árshátíðir sem samfélagið í heild tekur þátt í, hvort sem það er gamla sveitasamfélagið eða þau nútímalegu borgarsamfélög sem við búum í í dag. Oft gleymum við að þessi flóknu samfélög eru samsett úr fjölda minni samfélaga, og að öll þessi litlu samfélög eiga sína eigin siði, venjur og reglur. Dag eftir dag flökkum við á milli þessa samfélaga. Beint og óbeint breytum við hegðun, útliti og „sjálfi" okkar í takt við umhverfið sem við hrærumst í á tilteknum tíma. Samfélögin sem ég á við hér eru fyrst og fremst kjarnafjölskyldan, vinnustaðurinn og skólinn. Í þessari grein langar mig að einbeita mér aftur að íslenska framhaldsskólakerfinu (sjá Gunnell, 2003).

Segja má að skólar og háskólar hafi frá upphafi litið á sig sem sérstakar stofnanir aðskildar frá hinu almenna samfélagi (svipað og miðaldastarfsgildin). Þetta sést sérstaklega vel í sögnum um Skálholtsskóla, í „nation" byggingum í sænskum háskólum, og „fraternity" hugmyndinni í finnskum og bandarískum háskólum (Stjernqvist, 1932; Celander, 1948; Daun, 1981; Klinge, 1988; Nyberg, 1991 og Mitchell, 2000). Slíkir siðir undirstrika hugmyndir um innri og ytri samfélög, tilfinninguna um að „eiga heima" í samfélagi, um „innanhússþekkingu" byggða á reglum og venjum, um „innanhússorðróm" og sagnir, og „innanhússvirðingu" og sjálfsmynd. Oft tengjast þessar hugmyndir sérstöku „innanhússtímakerfi".

Vissulega virðast þeir skólar sem hafa verið stofnaðir eftir 1950 hafa minni áhuga á háfleygum siðum á borð við þá sem tíðkuðust til dæmis í Oxford og Cambridge, en öll vitum við hve mikil áhrif þessi skólasamfélög höfðu á líf okkar sem börn. Við vitum líka hve skólasamfélagið var gjörólíkt lífinu heima. Í öllum skólum, bæði hér á landi og annars staðar, má sjá ákveðna þætti svo sem: gervi-foreldra, ólíkar reglur, og öðruvísi lögreglumenn. Tímaeiningin sem skólalífið byggist á er oft fjörutíu eða fimmtíu

mínútur í stað klukkutíma. Skólinn hefur einnig sína eigin þjóðtrú og stundum trúarbrögð; hann hefur velþekkt stigveldi og stéttaskiptingu sem sést í orðum eins og „útskriftaaðall“ og „efrihæð“; og virðingarstiginn innan hans byggist á öðrum viðmiðum – íþróttum eða hegðun fremur en prófgráðum. Sjaldan fengu foreldrar okkar innsýn í þessa veröld.

Lítið hefur verið gert við skóla- eða háskólaþjóðfræði. Mörgum fannst þetta hafa lítið að segja í samanburði við „ekta“ þjóðfræði í „ekta“ samfélagi. Fæstir skólar gefa sér tíma til að safna gögnum um þróun skólasiða. Aftur á móti finnst þeim mikilvægt að safna prófgráðum, stundatöflum, kennsluskrám, nemenda- og kennaralistum og að halda skrá yfir verðlaun. Lífið og starfið sem liggur að baki þessu öllu er yfirleitt það sem skólayfirvöldin ýta til hliðar. Þessi sama tilhneiging hefur sést í þjóðfræði hér eins og í nágrannalöndunum. Það var ekki fyrr en nýlega að menn byrjuðu að skoða þjóðfræði skólanna: góð dæmi eru Mitchell (2000), Houseman (2001), Ekrem (1989; 1992 og 1996), Köivupuu (1996), Wennhall (1994); Hjemdahl (1999); og Eike (2001). Þar að auki eru þær fáar bækur um sögu einstakra íslenska skóla sem ganga aðeins lengra en að birta helstu opinberu tölur og nöfn: góð dæmi hér eru Margrét Guðmundsdóttir og Þorleifur Óskarsson (2001); Heimir Þorleifsson (1984); Lýður Björnsson og Sigrún Sigurðardóttir (2005), og þau söfn um íslenskar skólaminningar eins og Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (1946); Einar Logi Einarsson (1978); Pétur Halldórsson m. a. (2000) og Birgir Ármannsson m.a. (2001). Ástandið er að batna en talsvert mikið starf er enn óunnið.

Ef við snúum okkur að árshátíðum skólanna, eins og ég nefndi hér að ofan, virðist vera sem skólarnir og háskólarnir hafi sitt eigið tímakerfi. Þeir hafa einnig sitt eigið ár, sem er oft mikilvægara – a.m.k. fyrir þá sem taka þátt í því - en gamla sveitaárið. Þessi tvö tímakerfi voru þó upphaflega óaðskiljanleg. Þau voru að sumu leyti svipuð og veraldirnar tvær sem Alice uppgötvaði þegar hún fór í gengum spegilinn, því að skólaárinu var ætlað að passa inn í ytra sveitaárið. Í sveitasamfélagi þar sem sumarið tengdist ekki frí heldur erfiðisvinnu, var jaðartími skólafrís fyrirframákveðinn til þess að tryggja að nemendur gætu tekið þátt í starfi á ökrunum. Þetta var ástæða þess að dönsk yfirvöld veittu Íslendingum þau sérréttindi árið 1618 að fá þriggja mánaða skólafrí (Guðlaugur R. Guðmundsson, 2000). En þetta þýðir að skólaárið verður eins og öfugt sveitaár. Aðalfríið er að sumri til en ekki á jólum, og árinu lýkur í júní í staðinn fyrir í desember. Það hefst í september í stað janúar, og inn á milli eru haldnar hátíðir sem eru öðruvísi en í ytra samfélaginu. Í staðinn fyrir kirkjuhátíðir eða árstíðaskipti halda skólarnir aðrar hátíðir og þá verður svokallaður *liminoid*- eða jaðartími (sjá Turner,

1982 og van Gennep, 1960) þegar umhverfið og hegðun fólks breytist: þema- eða lagningadagar; skólaböll, söngvakeppni, skólaleikrit, íþróttadagar, ræðukeppni, og sérstaklega þeir mismunandi vígslu- og útskriftasiðir sem marka upphaf og endi skólaársins. Margir þessara siða endurspegla form og byggingu árshátíðasiða annars staðar í heiminum.

Ég hef áður minnst á, í tengslum við stærra alþjóðlegt verkefni um búningasiði (Gunnell, 2003), hvernig gamlir búningasiðir sveitasamfélagsins virðast hafa endurfæðst í dimissionsiðum framhaldsskólanna. Í stuttu máli má segja að löngunin til að klæða sig í búning, hverfa bak við grímu og innleiða kaos og karnival hafi ómeðvitað verið færð úr sveitasamfélagi og inn á ný svæði þar sem það hefur meiri þýðingu fyrir þá sem taka þátt. Það sama sjáist í innvígslusiðum framhaldsskólanna.

Á næstum síðum langar mig að byggja ofan á þessar rannsóknir með því að skoða þróun og form busasiða sem gerast í upphafi skólaársins. Frumrannsóknirnar eru að mestu leyti fimm ára gamlar, og var efninu safnað sem hluta af áðurnefndu alþjóðlegu verkefni um búninga og grímur í norrænum þjóðsiðum. Þá tóku ég og Helga Einarsdóttir viðtöl við skólastjóra og nemendur í öllum framhaldsskólum landsins til þess að fá yfirsýn yfir alla þá siði sem tíðkast í þessum skólum, og viðhorf til þeirra. Þar sem þessir siðir voru sjaldan innleiddir af skólayfirvöldum, höfðum við áhuga á hvernig og af hverju siðir og venjur af þessu tagi myndast og festast í sessi innan slíkra samfélaga. Eins og aðrar hátíðir eiga þessir siðir stóran þátt í því að skapa „sjálfsmynd" skólanna. Auk þess undirstrika þeir hugmyndir nemendanna um að „eiga heima" í ákveðnu samfélagi, sem og ýmiskonar landamæri milli heima. Við höfðum einnig áhuga á hvernig hugmyndir og hugtök færðust milli skólasamfélaga (án hjálpar skólayfirvalda eða fjölmiðla).

Íslensku busasiðirnir, eins og þeir sem þekkjast í nágrannalöndum, eru bæði árshátíðir og ævihátíðir. Það sem kemur manni á óvart er hve líkir þessir siðir eru gömlum miðaldavígslusiðum og vígsluathöfnum hjá til dæmis indíánum í Norður-Ameríku í helstu atriðum (sjá La Fontaine, 1985), þó fáir virðast sjá neitt táknrænt í þeim athöfnum sem eiga sér stað hér á landi. En eins og einn íslenskur kennari sagði mér eru framhaldsskólanemendur „á sinn hátt einhverjar íhaldssömustu sko mannverur sem hugsast getur" þegar kemur að því að reyna að fá þá til að breyta venjum sínum.

Elstu upplýsingar sem við höfum um vígslu- og ársbyrjunarsiði í gömlu latínuskólunum hér á landi birtust í 18. og 19. alda ritum, og gefa í skyn að íslensku skólarnir hafi fengið einhverja siði að láni frá öðrum latínuskólum í Danmörku (siði sem eiga rætur í miðaldasiðum: sjá Guðlaug R. Guðmundsson, 2000 og Stjernquist, 1933). Helstu atriði í elstu siðum virðast hafa verið

eiðtaka um tryggð og þögn, tákræn skírn í nágrannalæk eða vatni, veiting kerski- eða gælunafna, og „grannskoðun“ líkamans (sjá Guðlaug R. Guðmundsson, 2000). Allt þetta gerðist að nóttu til.

Elsta lýsing sem til er á vígslusiðum í Bessastaðaskóla (eftir Pál Melsteð) frá 1828 er lýsir athöfninni á eftirfarandi hátt:

> Frá ýmsu, sem átti sér stað á mínum skólaárum, verð ég hér að segja. Einn er sá siðurinn, að litlu eftir að skóli var settur á haustin, [...] voru neðribekkingar allir kallaðir eitt kvöld upp í efra bekk. Novi voru allir settir sér á einn bekk. Við ofninn stóð borð og brunnu þar tvö kertaljós. [...] Yfir öllu var hátíðlegur svipur og dauðaþögn. Því næst kom inn maður (einn af efribekkingum) í kápu með gleraugu á nefi, og roðaugu utan um gleraugun; hann gekk með mestu tign og verðúng að borðinu og nam þar staðar; öllum varð starsýnt á þennan furðulega mann. Hann leit yfir allan söfnuðinn, því næst hóf hann röddina og tónaði: „Óðinn sé með yður!“ Honum svöruðu þar til kjörnar menn: „Og með þínum þembíngi!“ Því næst flutti hann ræðu háfleyga og andríka um félagsskap og samtök, þagmælsku og ótal aðrar dygðir; ræðunni var snúið til okkar nýsveinanna. Að ræðulokum var þar til kvöddum mönnum boðið að taka okkur og framkvæma á okkur „Ceremoniur“ forfeðranna. Þar næst gengu fram hinir útvöldu menn, tóku tveir af þeim hvern einn af okkur „busunum“, leiddu okkur út og suður að tjörn, óðu út í hana en héldu okkur á lofti. Síðan höfðu þeir á okkur endaskifti og dýfðu höfðinu ofaní sjóninn upp að öxlum og það svo rækilega, að mér hélt við köfnun. Eftir það var haldið heim í prócessíu, haldinn yfir okkur ræðastúfur og við sagðir velkomnir í félagið. Þá fyrst vorum við reglulegir skólapiltar í þeirra augum; þá fyrst urðum við hluttakandi í öllum einkamálum skólapilta, sem aðrir máttu eigi vita, og ég fyrir mitt leyti efndi það trúlega, að segja ekki frá neinu, sem allir máttu eigi vita. Þetta var *skírnin*. Áður hafði verið siður að gefa manni í skírninni eitthvert viðurnefni, en það var lagt niður annaðhvort mitt fyrsta haust, eða litlu áður. Þessi *ceremonia* var allskemmtileg, og hafði hún átt sér stað í Reykjavíkurskóla, þangað komin frá Hólum og Skálholti. Meðan skólinn var í Reykjavíkur til 1805, var það eitt atriði í skírninni, að menn hlupu í spretti inn í laugar og þar voru menn skírðir, og síðan farið heim aftur. (Páll Melsteð, 1912; fyrir aðrar frásagnir sjá Jón Steingrímsson, 1945 [um Hóla, 1744]; Þorleif Jónsson, 1907-1915 [um Bessastaði, c. 1815]; Benedikt Gröndal, 1965 [Bessastaðir, 1842]; og Guðlaugur R. Guðmundsson, 2000.)

Ljóst er að yfirvöld náðu árangri í því að breyta siðunum, því að þegar skólinn var fluttur aftur til Reykjavíkur árið 1846, virðist sem skírn í vatnstunnu skólans kom í staðinn fyrir „dýfing“ í lauginni, en að skírninni lokinni var höfði busans „stungið inn í rektorsgat“, en það var op í veggnum milli svefnsalar nemenda og hvílu skólastjórans (Jes A. Gíslason, 1946).

Fyrir 1895 hafði nýr siður verið innleiddur, þ.e.a.s. „tollering“, þar sem nýnemar voru eltir af eldri nemum á sérstökum degi, og þegar þeir voru fangaðir var þeim kastað upp í loft. Orðrómur gaf í skyn að þetta ætti sér líka rætur í Bessastaðaskóla (Sveinn Björnsson, 1946; Sigurður Nordal, 1946; Brynleifur Tobiasson, 1946; sjá einnig Stjernquist, 1933 um sænsk *tollering*).

Um aldamót tuttugastu aldar (og fram til 1924), var auðvitað aðeins einn framhaldsskóli hér á landi, og það kemur ekki á óvart að flestir íslenskir skólasiðir eigi rætur að rekja til þeirra siða sem þekktust í þeim skóla: annaðhvort reyndu yngri skólar að feta í fótspor latínuskólans í Reykjavík, eða gerðu sitt besta til að undirstrika hvernig þeir væru öðruvísi. Eitt dæmi af þessu tagi er íslenska orðið *busi* sem er notað í öllum íslenskum framhalds-skólum í dag. Orðið var greinilega í notkun í gamla Bessastaða-skóla um 1828, en virðist vera óþekkt í nágrannalöndunum. Samkvæmt Sigfúsi Blöndal (1935) og Jes A. Gíslasyni (1946), er þetta orð upprunnið í latneskri málfræðivillu ónefnds nýnema fyrir 1885 sem beygði orðið *novus* vitlaust – sem *novibus* í þágufalli.

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að rannsókn okkar leiðir í ljós að íslenskir framhaldsskólar skiptast lauslega í þrjá hópa í sambandi við innvígslusiði. Fyrst skal telja gamla latínuskólann, Menntaskólann í Reykjavík, og þá Mennaskólann á Akureyri (stofnaður 1924) og Menntaskólann við Laugarvatn (stofnaður 1953). (Verzlunarskólinn virðist aldrei hafa tekið upp busasiði eins og aðrir framhaldsskólar: Lýður Björnsson og Sigrún Sigurðardóttir, 2005.) Vígsluathafnir í öllum þessum skólum fylgdu fyrst *tolleringar*mynstrinu. Þessir siðir lifa áfram bæði í MR og MA (með smá tilbrigðum). Á Laugarvatni virðist aftur á móti sem skólinn hafi snemma meðvitað blásið aftur lífi í tvo elstu busasiðina: Fyrst eru *busarnir* eltir niður að vatninu og skírðir þar (með aðstoð gömlu skólabjöllunar). Í öðru lagi virðist gamla líkamsskoðunin hafa verið tekin upp aftur í léttu formi svokallaðrar „naflaskoðunar“.

Í næsta flokki eru þeir tveir „nýju“ skólar sem upphaflega voru báðir staðsettir í nágrenni MR, Kvennaskólinn (stofnaður 1979), og Menntaskólinn við Tjörnina, sem seinna varð Menntaskólinn við Sund (stofnaður 1970). Eins og ML, virðast báðir þessir skólar hafa reynt að endurvekja atriði úr elstu vígslusiðum, og ekki síst dýfinguna sem var tekin upp sem hluti af þeim nýju busasiðum sem skólarnir notuðu í upphafi. Enn í dag eru busarnir í Kvennó leiddir yfir götuna að Tjörninni í miðbænum, þar sem skírnin á sér stað. Í upphafi notuðu nemendur í Menntaskólanum við Tjörnina aftur á móti gamla vatnstunnu (sbr. gamla MR-siði), eins og Sigurður Ragnarsson lýsir:

> ... hún var ansi stór og hún var staðsett þarna í miðju portinu, og í hana var semsagt bara látið renna venjulegt svona gvendarbrunnavatn og kannski blandað í einhverju heitu vatni þannig að það væri ekki of kalt og síðan sóttu menn smá lögg, það var nú ekki mikið magn, sko, í tjörnina í Reykjavík og bættu útí tunnuna. Það var svona táknrænt og tengdist nú þessu að skólinn hét Menntaskólinn við Tjörnina.

Síðasta atriðið er sérstaklega athyglisvert vegna þess að það undirstrikar táknræn tengsl við sérstaka staði í umhverfinu sem virðast tengjast sérstökum tímabilum í siðum skólanna.

Í þriðja flokknum eru yngstu skólarnir sem voru flestir stofnaðir á 6., 7. og 8. áratug síðustu aldar. Ljóst er að sá elsti þessara skóla, Menntaskólinn við Hamrahlíð (stofnaður 1966) hafði mikið áhrif. Á meðan fyrstu nemendum skólans fannst nauðsynlegt að móta fjölmarga nýja skólasiði, vildu þeir um leið undirstrika að þeir væru frábrugðnir latínuskólunum. Þannig vildu þeir ekki nota dýfingu eða *tolleringu*, heldur fara aðra leið, í öðru umhverfi og nota önnur heiti. Meðal annars virðast það hafa verið nemendur MH sem upphaflega byrjuðu að nota heitið „böðlar“ um þá nemendur í búningum sem vígðu busana (þetta vantar staðfestingu). Þeir kölluðu hátíðina líka *jamberingar* í fyrstu (Heimir Pálsson, 1997). Þó að endurnefningin lifði ekki lengi, virðist hið nýja form busahátíðarinnar hafa fest sig í sessi hjá MHingum og flestum öðrum framhaldsskólum í dag.

Þessir umræddu siðir eru á yfirborðinu mismunandi og breytast reglulega að ytra sniði. Ég mun þannig takmarka mig við að undirstríka elstu atriði siðanna, og lýsa hvernig hátíðin breytir tíma, stigveldi og umhverfi:

a) Undirbúningur: Að skapa andrúmsloft, eftirvæntingu og **spennu:** Í sumum íslenskum skólum, er *busadagur* hápunktur hátíðar, lokapunktur eftir viku undirbúning. Hann er því haldinn á föstudegi, yfirleitt í 1.-3. viku annarinnar. Að sumu leyti má segja að undirbúningsvikan (ef hún er svo löng) samsvari föstunni sem er undanfari gömlu, kristnu hátíðanna. En í þessari viku breyta eldri nemendur margra skóla nemendaumhverfinu. Um leið eru *busarnir* sjálfir settir í sýnilega, nýja stöðu í skólanum. Stundum eru *busaleiðir* og *busasvæði* merkt með gulum límböndum, og þannig búin til athöfn sem um leið innleiðir nýja innri skiptingu: „við“ og „þeir“. Samtímis kemur í ljós nýtt stéttakerfi í skólanum, einhvers konar tímabundin aðskilnaðastefna. Jafnframt (í mislangan tíma – og undir sterku eftirliti yfirvalda) eru haldin *busauppboð*. Þar eru busarnir minntir á að þeir séu lægra

settir með því að hægt er að kaupa þá til að þjóna eldri nemum, til dæmis með því að glósa fyrir þá eða bera töskur þeirra.

b) Busadagur: Skólinn og leikjaþátttakendur: Þegar busadagurinn sjálfur rennur upp hafa eldri nemendur í skólum eins og MH unnið að því alla nóttina áður að gjörbreyta nemendaumhverfinu svo hægt sé að taka á móti nýnemunum með pomp og prakt strax um morguninn. Oft er tjaldað fyrir gluggana, og stundum sett upp þrautaleið (oft eru það einhvers konar göng) sem busarnir þurfa að *skríða* í gegnum. Eins og á flestum hátíðum um víða veröld, sjáum við hér hvernig *carnival* jaðartíma og tímabundnum *carnival* leikreglum á afmörkuðu svæði er komið á (sjá Huizinga, 1955). Þessi umbreyting er undirstrikuð með sjónrænum og hljóðrænum áhrifum. Ýmis áhrifshljóð eru notuð (t.d. gregorianskur söngur eða *Death Metal* rokk). Um leið undirstrika þeir eldri nemar sem ætlað er að stjórna vígslunni að þeir séu öðruvísi með því að klæða sig upp sem böðlar, bandarískir hermenn, vampírur, pönkarar, grískir öldungar, eða með því einfaldlega að vera í svörtum plastpokum. Þá eru busarnir sjálfir merktir með mismunandi hætti með athöfn sem undirstrikar um leið að þeir, eins og böðlarnir, séu öðruvísi en um leið þátttakendur í tímabundnum „leik" á tímabundnu svæði (sjá aftur Houseman, 2001). Í sumum skólum fer þessi þáttur athafnarinnar fram daginn áður: þá er busunum skipað að mæta í sérstökum búningi, til dæmis með nærbuxur á höfðinu, eða klæddir sem hitt kynið. Annars staðar mæta þeir á busadaginn í gömlum fötum við tilteknar hurðir, og þar eru þeir klæddir í búning eða merktir með stimpli eða skilti. Allt þjónar þetta sama tilgangi.

Þegar þetta er búið ganga busarnir inn í skólann, í gegnum göngin eða þrautaleiðina. Næstu klukkutímana þurfa þeir að reyna að komast í tíma án þess að vera keyptir eða niðurlægðir á annan hátt. Þetta er greinilega enginn venjulegur skóladagur.

c) Vígsluathöfnin: Athöfnin sjálf fer fram um hádegið og skiptist að jafnaði í tvennt. Fyrri hlutinn fer fram inni í skólahúsinu, en sá síðari að jafnaði utandyra - oftast á stað sem er orðinn einhvern vegin „heilagur" fyrir nemendur í skólanum (a.m.k. á þessum tíma). Inn-út mynstrið á auðvitað djúpar rætur í þeim siðum sem tíðkuðust í gömlu latínuskólunum. Sama má segja um þær „formlegu" ræður eldri nema og busanna sem haldnar eru í skólasalnum, þar sem hinir nemendurnir koma saman til þess að horfa á niðurlæginguna sem þeir sjálfir muna vel eftir að hafa þurft að þola. Hér er *kommunitas* stund (sjá Turner, 1982), en um leið leikhús. Ræður eldri nemanna lýsa því hvernig busarnir spilli umhverfinu, og undirstrika hve lágt settir þeir eru. Sami tónn ræður ríkjum í sýningunni þar sem sérstakir busar

(aftur afgirtir) eru teknir fyrir og niðurlægðir í leikjum. Má segja að þetta sé hápunktur sem er um leið lágpunktur dagsins – en að honum loknum fer vígslan sjálf fram, þegar nemendur eru leiddir tímabundið „út úr heimi“ skólans að áðurnefndum heilögum reit. Vígslan sjálf er enn í dag í formi táknrænnar skírnar af einhverju tagi (oft er busunum dýft í fiskiker fyllt með vatni blönduðu með af einhverju tagi; eða ef til vill í drullupoll), eða sett upp á annan formlegan hátt, eins og í Fjölbrautaskóla Suðurlands, þar sem nemendur þurftu að kyssa svínshaus. Að vígslunni lokinni eru busarnir svo leiddir „inn í heiminn“ (skólann) sem jafningjar (þ.e.a.s. sem MHingar; eða MSingar, o.s.fr.).

d) Viðurkenning: Lokaatriðið er svo sameiginleg máltíð og/eða ball með öðrum nemendum skólans um kvöldið. Þetta undirstrikar félagslega viðurkenningu og endurkomu til daglegs lífs. Hreinsunin er búin og skóla-umhverfið er aftur fært í sitt fyrra horf.

Eftirtektarvert er að þessum siðum hefur verið viðhaldið í næstum öllum skólum landsins þrátt fyrir sífellda óánægju skólayfirvalda sem yfirleitt eru alveg á nálum allan busadaginn (aftur á móti eru þeir flestir ánægðir með dimission). Þessi tími er jaðartími og lítið hægt að kenna, og þar að auki hafa skólayfirvöld tiltölulega takmarkaða stjórn á skólanum á meðan þetta stendur yfir. Fjölmiðlar eru líka spenntir fyrir að fá æsifréttir af þessum hátíðum. Margir skólar hafa reynt að innleiða öðruvísi siði sem eru mannlegri og lúta betur stjórn og þátttöku yfirvalda, en það hefur aldrei liðið á löngu þangað til nemendur biðja um leyfi til þess að taka aftur upp „gömlu hefðirnar“ á einhvern hátt. Þannig heldur mynstrið áfram, með dyggum stuðningi flestra nemenda sem mjög margir segja eftir á að busadagurinn sé einn eftirminni-legasti dagur táningsáranna (af skiljanlegum ástæðum); næstum því eins mikilvægur og dimission og útskrift. Busadagurinn styrkti líka tengslin innan árshópsins eða bekkjarins eða „límdi“ hann betur saman.

Þannig byrjar framhaldsskólaárið með eigin endurfæðingarhátíð. En eins og bent var á að ofan, inniheldur þessi hátíð flest atriði sem finnast í vígslu-athöfnum víðs vegar um heiminn meðal innfæddra: hér sjáum við tákrænan dauða, hreinsun, endurfæðingu og endurmenntun í leyniþekkingu; um leið er andlegt jaðarástand undirstrikað með því að breyta umhverfi, útliti og hegðun þátttakenda (La Fontaine, 1985).

Heimildir

Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Ritstj.) (1946). *Minningar úr Menntaskóla* (bls. 99-117). Reykjavík: Ármann Kristinsson.

Benedikt Gröndal (1965). *Dægradvöl*. Reykjavík. Mál og menning.

Birgir Ármansson m. a. (Ritstj.) (2001). *Minningar úr Menntaskólanum í Reykjavík*. Akureyri: Bókaútgáfan Hólar.

Bjarni Jónsson (1946). Beneventum. Í Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Ritstj.), *Minningar úr Menntaskóla* (bls. 405-408). Reykjavík: Ármann Kristinsson.

Brynleifur Tobiasson (1946). Í Reykjavíkurskóla 1915-1918. Í Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Ritstj.), *Minningar úr Menntaskóla* (bls. 291-301). Reykjavík: Ármann Kristinsson.

Celander, H. (1948). Skolan og djäknarna i fest och glädje. Í Mats Rehnberg (Ritstj.), *Sverige i fest og glädje från solguden til Zorn* (bls. 50-79). Stockholm: Wahlström och Widstrands.

Daun, Å. (1981). Studentsexamensseder. Om upplevelsers handlingsuttryck. *Rig*, *64*, 7-16.

Eike, C. (2001). Hvordan bli eliteruss? Russefeiringen i et lokalt og globalt perspektiv. *Årbok for Gjøvik*, *17*, 68-78.

Einar Logi Einarsson (Ritstj.) (1978). *Gaudeamus igitur (Kætumst meðan kostur er): Minningar úr Menntaskólum*. Reykjavik: Bókamiðstöðin Reyjavík

Ekrem, C. (1989). Int ska en bra tradition brytas: Fester och evenemang i skolvärden. *Budkavlen*, *68*, 38-57.

Ekrem, C. (1992). Skolårets inofficiella fester. Í Anne Bergman og Carole Ekrem (Ritstj.), *Fest og fritid*: *Skrifter utgivena av Svenska litteratursällskapet i Finland*, 577 (bls. 31-76). Helsingfors: Svenska litteratursällskapet i Finland.

Ekrem, C. (1996). Yellow-Beak Admission Ceremonies in Today's Schools-Initiation and Hazing. Í Mare Köiva (Ritstj.), *Contemporary Folklore: Changing World View and Tradition* (bls. 162-173). Tartu: Institute of Estonian Language and Estonian Museum of Literature.

Guðlaugur R. Guðmundsson (2000). *Skólalíf: Starf og siðir í Latínuskólunum á Íslandi 1552-1846*. Reykjavík: Iðnú.

Gunnell, T. (2003). Dimission: Nútíma búningasiðir í íslenskum skólum. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum* IV (bls. 471-480). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Heimir Pálsson m. a. (1997). *Menntaskólinn við Hamrahlíð 30 ára*. Reykjavík: Menntaskólinn við Hamrahlíð.

Heimir Þorleifsson (1984). *Saga Reykjavíkurskóla*, IV: *Skólalíf í Menntaskólanum 1946-1980*. Reykjavík: Sögusjóður Menntaskólans í Reykjavík.

Houseman, M. (2001). Is This Play? Hazing in French Preparatory Schools, *European Journal of Anthropology*, *37*, 39-47.

Huizinga, J. (1955). *Homo Ludens: A Study of the Play Element in Culture*, þýdd á ensku, R. F. C. Hull. Boston: Beacon Press.

Hjemdahl, A.-S. (1999). *Kledd i russetid*. Óútgefin lokaritgerð, Institutt for kulturstudier. Universitet i Oslo.

Jes A. Gíslason (1946). Nokkrar minningar, frá skólaárum mínum, 1885-1891. Í Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Ritstj.), *Minningar úr Menntaskóla* (bls. 99-117). Reykjavík: Ármann Kristinsson.

Jón Steingrímsson (1945). *Ævisaga síra Jóns Steingrímssonar eftir sjálfan hann*. Reykjavík: Helgafell.

Klinge, M. (1988): *Helsingfors Universitets historia I: Kunglinga Akademien i Åbo 1640-1808*. Keruu: Förlagsaktiebolaget Otava.

Köivupuu, M. (1996). Students' Joining Rite – Fox Dubbing – in the Contemporary University Tradition. Í Mare Koiva (Ritstj.), *Contemporary Folklore: Changing World View and Tradition* (bls. 174-194). Tartu: Institute of Estonian Language and Estonian Museum of Literature.

La Fontaine, J. S. (1985). *Initiation: Ritual Drama and Secret Knowledge Across the World*. Harmondsworth: Penguin.

Lýður Björnsson og Sigrún Sigurðardóttir (2005). *Vor unga stétt: Verzlunarskóli Íslands í 100 ár*. Reykjavík: Verzlunarskóli Íslands.

Margrét Guðmundsdóttir and Þorleifur Óskarsson (2001). *Menntaskólinn að Laugarvatni: forsaga, stofnun og saga til aldarloka*. Reykjavík: Sögusteinn.

Mitchell, S. (2000). HarvardLore: Tradition and Belonging at America's Oldest College, *Norveg*, 47-65.

Nyberg, F. (1991). *Borgå gymnasium. Från Viborg till Borgå – 350 års skolhistoria 1641-1991*. Borgå: Formato.

Páll Melsteð (1912): *Enduminningar Páls Melsteðs. Ritaðar af honum sjáfum*. Köbenhafn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.

Pétur Halldórsson m. a. (Ritstj.) (2000). *Minningar úr Menntaskólanum á Akureyri*. Akureyri: Bókaútgáfan Hólar.

Sigfús Blöndal (1935). Livet paa de islandske Latinskoler i gamle Dage. *Islandsk Aarbog*, 59-95.

Sigurður Nordal (1946). Meminisse juvabit. Í Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Ritstj), *Minningar úr Menntaskóla* (bls. 229-233). Reykjavík: Ármann Kristinsson.

Stjernqvist, P. N. (1932). Svenska skolseder. *Rig, 15*, 15-38.

Sveinn Björnsson (1946). Nýsveinn í skóla fyrir hálfri öld. Í Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Ritstj), *Minningar úr Menntaskóla* (bls. 185-188). Reykjavík: Ármann Kristinsson.

Turner, V. (1982). *From Ritual to Theatre: The Human Seriousness of Play*. New York: PAJ Publications.

van Gennep, A. (1980). *The Rites of Passage*. Þýdd á ensku, Vizedom, M. B. og Caffee, G. L. Chicago: University of Chicago Press.

Wennhall, J. (1994). *Från djåkne till swingpjatt. Om de moderne ungdomeskulternas historia*. Etnolore 16. Norrköping: Etnologiska institutionen vid Uppsala universitet.

Þorleifur Jónsson (1907). Frásagnir um skólalíf á Íslandi um aldamót 18. og 19. aldar. 3. Frá Bessastaðaskola 1815. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju*, IV (bls. 74-98). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmentafjelag.

Viðtöl við skólastjóra og nemendur (2001-2002):
Guðlaug Hermansdóttir; Jón Ingi Hannesson; Sigurður Ragnarsson; Halldór Páll Halldórsson; Jón Reynir Sigurvinsson; Sölvi Sveinsson; Kristinn Þorsteinsson; Guðmundur Birkir Þorkelsson; Kristján Bersi Ólafsson; Ólafur Sigurjónsson; Tryggvi Gíslason; Örlygur Guðmundsson; Þorvald Sigurðsson; Neil MacMahan; Eyjólf Guðmundsson; Gísli Kristjánsson.

Þakkir:
Höfundur þakkar Ingunni Aldísardóttur fyrir yfirlestur og leiðréttingar.

The Common Heritage of Humanity

Valdimar Tr. Hafstein

On the occasion of its 60th anniversary in 2005, UNESCO published a glossy overview of its own history in its two main languages, entitled "L'humanitie toujours à construire", "Humanity in the Making" (Droit, 2005). The title is telling; it aptly describes UNESCO's mission as it has come to conceive of it: to construct, to make humanity—to assert its unity and to bring it into being as an ethical and legal subject with rights and responsibilities, common interests and common concerns.

UNESCO shares this platform with its sister organizations in the UN, though UNESCO seeks to do this within its fields of competence, i.e. through education, science, culture, and communications. Throughout the UN family, one of the principal techniques for subjectifying humanity has been first to objectify it. With its objectifications out in the world, a need arises for humanity as a subject to which these objects may be attributed and for which it may be held responsible. The objects perform humanity, so to speak, summon it into existence. This technique is common enough, and we recognize it in the way that nations have been brought into being as collective subjects corresponding to a territory and to a set of symbols and narratives, or in the way that authors emerge as subjects out of the literary creations attributed to them.

Something similar is going on in the UN. Much like the individual subjectification of authors, or the collective subjectification of nations, the making of humanity as a subject with rights and responsibilities proceeds through the forging of objects and through their attribution to this subject that has no existence apart from them. The environment is one such recent objectification that interpellates us in the subject position of humanity; world poverty is another; world heritage a third. There are a number of them, in fact. In the balance of this paper, however, I want to focus on one particular program for the creation of humanity as a subject of international law: the so-called "common heritage of humanity", or "common heritage of mankind" (as it was known in a less gender-conscious era).

I come at this as a folklorist and ethnologist, one working at the crossroads of theory and policy. In the past four years, I've participated in and observed meetings at UNESCO and its sister organization, WIPO—the World Intellectual Property Organization—variously as a member of the Icelandic national delegation or as an accredited observer for scholarly associations. Like most of my colleagues, I imagine, I have come to these meetings with a somewhat preconceived notion of what it is that people refer to as their heritage, and it tends to involve artifacts, buildings, or cultural practices.

In 2003, I took part in a meeting that drafted UNESCO's new convention on the safeguarding of intangible heritage. One of the major controversies in that meeting concerned the role of the state in the convention. A salient characteristic of this convention is its triangulation between local, national, and international levels. As each article was drafted, delegates debated which of these three references to privilege: the community, the state, or humanity. Thus, for example, Germany and China insisted on fully respecting the sovereignty of states and jealously guarded their jurisdiction over intangible heritage present in their territories; whereas Italian and Hungarian delegates protested that they understood "the intangible heritage to be the common heritage of humanity as a whole" (Hafstein, 2004, 160–161).

This same attribution to humanity features prominently in the Convention on the Protection and Promotion of the Diversity of Cultural Expressions, adopted by UNESCO's General Assembly in October 2005. Though there is no agreement concerning what exactly the term diversity refers to in this convention (e.g., Albro, 2005; Kurin, 2005; and Nuti, 2005), its preamble at least makes it clear that "cultural diversity forms a common heritage of humanity and should be cherished and preserved for the benefit of all" (UNESCO CLT-2005/CONVENTION DIVERSITE-CULT REV.).

I was and I remain intrigued by this attribution, to what end it is invoked and what it entails. In order to understand this, it is necessary to appreciate that the common heritage of humanity is in fact not a set of artifacts, buildings, or practices, but a principle of international law, and a controversial one at that. It was first elaborated within the UN some four decades ago. In 1967, Malta's ambassador to the United Nations, Arvid Pardo, formally proposed to the UN General Assembly that the ocean floor be declared the common heritage of mankind. Pardo further proposed that the United Nations draft a treaty on this subject. Such a treaty would prevent the national appropriation of the seabed beyond present jurisdictions and he

suggested that the treaty could protect mankind's interest in its common heritage by using financial benefits arising from the exploitation of the seabed primarily to "promote the development of poor countries" (e.g., Mahmoudi, 1987, pp. 119–121).

Pardo made his proposal at the height of the cold war and at a time when the technology to mine minerals from the deep seabed seemed within reach. He warned that conflicting claims on these lucrative new resources could easily lead to a militarization of the high seas and that this would eventually result in the devastation of the oceans. In 1970, the General Assembly answered Pardo's call and declared the resources of the deep seabed, beyond national jurisdictions, to be the "common heritage of mankind". This principle was set in stone twelve years later upon the adoption in 1982 of the Convention on the Law of the Sea, which finally entered into force in 1994 (Ellingsen Tunold, 1984; Frakes, 2003; Mahmoudi, 1987).

In parallel to the preparation of this convention, the UN Committee on the Peaceful Uses of Outer Space conducted negotiations on the exploitation of resources on the moon. Out of these negotiations emerged, in 1979, the so-called "Moon Treaty" (or, the Agreement Governing Activities on the Moon and Other Celestial Bodies) that entered into force in 1984 (Frakes, 2003; Fountain, 2003; Hoffstadt, 1994; Rana, 1994). Article 11 of the Moon Treaty opens with the statement, "The moon and its natural resources are the common heritage of mankind"—certainly an ambitious goal for the human race (and somewhat lacking in humility on its behalf). The article then goes on to ban the national appropriation of the moon, its surface, and resources, and to provide for the establishment of an international regime to govern the exploitation of such resources. Among other things, this regime must ensure "equitable sharing by all States Parties in the benefits derived from those resources, whereby the interests and needs of the developing countries … shall be given special consideration" (Agreement Governing the Activities of States on the Moon and Other Celestial Bodies).

In the years intervening between the General Assembly's declaration in 1970 and the adoption of the Moon Treaty in 1979 and the Sea Convention in 1982, nothing tested so sorely the ability of diplomats from various corners of the world to reach common ground as debates concerning the common heritage of mankind, its conservation, and its exploitation (U.N. Division for Ocean Affairs and the Law of the Sea). The 1960s and 1970s were not only a period of technological innovation and the global divisions of the cold war, which provided the rationale for Pardo's proposal. They were also an era of great global turbulence and political emancipation in

which the national liberation struggles of the preceding decades bore fruit. During these decades of decolonization, new countries burst onto the international scene and radically redrew the balance of power in the United Nations.

The concept of the common heritage of mankind must be seen in this context. As Said Mahmoudi notes in a dissertation on the law of deep seabed mining, this concept has since its inception "been generally identified with the aspirations of the developing countries" (Mahmoudi, 1987, pp. 151). In fact, the concept was inserted into the General Assembly's 1970 declaration on the deep seabed against the will of industrialized countries. Its subsequent consolidation into a principle of international law is mostly the result of efforts by diplomats from the global South, in many cases in the face of much opposition from their Northern counterparts (Mahmoudi, 1987; Djalal, 1980; Pinto, 1980).

The newly independent states—from Ghana in 1957 to Mozambique in 1975—joined forces with more established ones such as Egypt, India, Ethiopia, and Yugoslavia to create an alliance that stood outside the sphere of influence of the superpowers of the cold war and had a profound effect on the UN agenda (Gupta, 1992). Known as the Non-Aligned Movement, this postcolonial "third bloc" traces its beginnings to a meeting in Belgrade in 1961. In its early days, it focused on issues of security and disarmament, but gradually decolonization and development took center stage in its platform. In the early 1970s, under the leadership of Algeria, the Non-Aligned Movement developed a radical policy of economic reform that came to be known as the New International Economic Order. This platform was shared by the so-called Group of 77 (which actually comprises 132 states at present), another alliance that coordinates the diplomatic enterprise of developing countries in various UN forums and that was especially close to the Non-Aligned Movement in the 1970s (Jackson, 1983). The New International Economic Order was to accelerate development and redress the lack of equity in international economic relations. Its ultimate goal was to bridge the great North-South divide so all the world's population could share in the earth's riches. Many hoped at this time that the untold riches of the deep seabed would contribute substantially towards this objective. Contemporary accounts envisage utopian scenarios such as this one from the pen of a prominent Non-Aligned diplomat: "The sea-bed, containing incredible resources, can solve most of the world's problems of development and survival" (Bedjaoui, 1979).

While it gradually became clear that profitable exploitation of these minerals was still decades away, the concept of the common heritage of mankind took on a more general significance in the agenda of the Non-Aligned Movement. One of the key figures in the development of this concept, Mohammed Bedjaoui, sought to make the common heritage a central principle of the New International Economic Order. An Algerian ambassador, legal scholar, president of the International Court of Justice in The Hague, and currently the Algerian Minister of Foreign Affairs, Bedjaoui has long been a leading non-aligned tactician. In an important publication from 1979, he acknowledges that "so far, the common heritage has been nothing but a bone of contention between the heirs", but he goes on to suggest that at stake is a principle that could reconcile the human race and "put the law of solidarity in the place of the law of competition" (Bedjaoui, 1979, pp. 224). To Bedjaoui, the implications of the common heritage go far beyond the law of the sea and the moon:

> … these constitute but a starting point which is a long way from exhausting the legal and political resources of this concept.
>
> The idea of the common heritage of mankind has already been proposed with relation to cultural property. It is important to understand that a gradual extension of the concept gives it a truly *revolutionary* character, bringing about complete transformation of international law, with correspondingly profound changes in the manner and quality of life of everyone. The richness and fruitfulness of the "common heritage of mankind" are still largely unsuspected. (Bedjaoui, 1979, pp. 237–238)

In addition to renewing international law on culture and on mineral extraction, Bedjaoui suggests that this legal concept can "open up new perspectives for living matter, above all for man, the first common heritage of mankind, and for mankind itself, the new subject of the future international law" (1979, pp. 222; note the subject-object relation here).

"The foremost common heritage of mankind … is first of all and quite clearly man himself", wrote Bedjaoui in 1979. This idea would later find expression in UNESCO's Universal Declaration on the Human Genome and Human Rights adopted by the General Conference in November 1997. A draft of the declaration from June that year begins by affirming, in article 1, "The human genome is common heritage of humanity" (UNESCO BIO-97/CONF.201/3, annex 2, 3). The report accompanying this draft explains that "the idea of making specific reference to this concept in international law is to stress the responsibility of the international community with regard

to the human genome, the common property of humanity of which every individual possesses a unique expression" (UNESCO BIO-97/CONF.201/3, paragraph 37). The report goes on to remark that

> Using the notion of common heritage of humanity, found in international law, also lays stress on the notion of equitable sharing among countries of the expected benefits of research on the human genome and its applications. The aim is to guarantee the access of all people and of all countries, especially the developing countries, to the results of research and its applications. (UNESCO BIO-97/CONF.201/3, paragraph 42)

You'll note that in each instance, from Arvid Pardo's 1967 proposal on the deep sea-bed to the 1997 Universal Declaration, the same traits of the common heritage are singled out: common responsibility, equitable sharing of benefits, and primary consideration for the needs of developing countries. In addition, non-appropriation is at the heart of the common heritage—none may claim the deep seabed or the moon's surface. This last precept proved too radical for some states to accept with regard to the genome. The final text of the Universal Declaration qualifies the sense in which the human genome is humanity's heritage: "In a symbolic sense, it is the heritage of humanity" (UNESCO Social and Human Sciences).

Be that as it may, this legal principle is nevertheless a central element of the Universal Declaration on the Human Genome and Human Rights. According to Mohammed Bedjaoui—who served on the legal commission of the International Bioethics Committee—"all the articles are derived from the innovative character of this expression", which Bedjaoui once again characterizes as "revolutionary", and from which, he states, "it is certain that numerous conclusions will be drawn in the future" (UNESCO Division of the Ethics of Science and Technology, 1999, pp. 98).

In June 1999, UNESCO's outgoing Director-General, Federico Mayor, convened an international colloquium in Castellón, Spain, to discuss "new prospects for the common heritage of mankind". The Castellón colloquium recognized that humanity is increasingly invoked as a subject of international law in a variety of contexts. Sifting through legal precedents and legislative debates, it summarized the various resources that different committees, countries, and experts have at one time or another proposed as the common heritage of humanity. The enumeration includes the deep seabed, the celestial bodies, and the human genome, but also Antarctica, the radio spectrum, the environment, biological diversity, the global climate, human

rights and freedoms, oil and the food resources necessary for survival, and, of course, the cultural and natural heritage (UNESCO 30C/56/4.13/Annex).

As noted, the common heritage of humanity had come into contact with world culture before the colloquium in Castellón. As the organization is proud to point out, UNESCO actually made use of the phrase before Arvid Pardo proposed it as a legal concept at the UN General Assembly in 1967 (e.g., UNESCO 30C/56/4.13, paragraph 1). The UNESCO Declaration on the Principles of International Cultural Co-operation of 4 November 1966 states in article 1 that "all cultures form part of the common heritage belonging to all of mankind". It comes as no surprise, therefore, that the notion of the common heritage of mankind played a part in negotiations leading up to the adoption of the World Heritage Convention in 1972. As ethnologist Jan Turtinen has noted, this concept was in fact pivotal to its conception of world heritage (Turtinen, 2000), and later, I might add, to that of the intangible cultural heritage of humanity.

Nevertheless, the text of both heritage conventions carefully sidesteps the contentious principle of mankind's common heritage. The notion of world heritage is substituted for it and clearly carries more modest implications. The major departure of the 1972 and 2003 conventions from the principle of the common heritage of mankind is that they measure out duties rather than rights to the international community and to humanity as a whole. In contrast to the common heritage of humanity, world heritage and the intangible heritage of humanity are subject to national sovereignty and in some cases to private property rights—and are thus not non-appropriable—nor do they require equitable distribution of benefits, say for example of entrance fees charged at world heritage sites or tourist revenue associated with them.

In other ways, these concepts are more similar than dissimilar. World heritage and the intangible heritage of humanity share with the principle of the common heritage of mankind a commitment to the transmission of said heritage to future generations, but also, and above all, a common responsibility of humankind as a whole for safeguarding its heritage. This is the very heart of the World Heritage and Intangible Heritage conventions. It is crucial to note here that making humanity as a whole responsible for its heritage brings it into being as a subject of international law, alongside states and individuals. As such, world heritage, intangible heritage, and the "common heritage of mankind" all give legal status to an imagined community and call for its solidarity in safeguarding the heritage it holds in common.

That this is the idea behind the World Heritage Convention can be gleaned from a variety of sources. It is perhaps nowhere presented with greater force and eloquence, however, than in a UNESCO booklet from 1970—when the convention is still under negotiation—named *Protection of Mankind's Cultural Heritage*:

> The idea of a universal cultural heritage which it is man's duty to preserve in the interest of the international community is one of the key concepts that it is Unesco's mission to promote. And not only because of the intrinsic value of these precious witnesses to the past, but also, and *even more so, because of the positive awareness it arouses of that intellectual and moral solidarity of mankind* which the Constitution of the Organization sees as the foundation of true peace among peoples. By taking upon itself responsibility for the preservation of these relics, whose message is for ever becoming more broadly and deeply diffused, as the duty of conserving common property, *mankind recognizes its own oneness through time and space, through the centuries and the nations, and proclaims the unity of its destiny.* (UNESCO, 1970, pp. 48; emphasis added)

Humanity, however, is "toujours à construire". It is still in the making, and a greater effort of imagination is needed to perform its subjectivity, to organize it as a point of emotional investment and allegiance, as something more than the sum of its constituent states. The common heritage of mankind, world heritage, and the intangible heritage of humanity are programs that share this objective.

Heritage claims and programs are performative, not only in the sense that heritage itself is produced by the metacultural operations of designating, safeguarding, and administering (cf. Kirshenblatt-Gimblett, 1998 and n.d.); that's certainly true, but they are also performative in the sense that heritage produces the subject position of the inheritor (cf. Hafstein, 2006). The language of heritage is a language for staking moral claims on moral subjects; heritage policy, legislation, and conventions invest these subjects with legal status. When the heritage in question is the common heritage of mankind—"le patrimoine de l'humanitie" or the patrimony of humanity—the meta-cultural operation is one of "patrimondialisation" (a neologism borrowed from Mechtild Rössler, 2005).

Humanity is a site of contestation, however. Up for debate are its precise rights and responsibilities, its demarcation and definition. As we know from Foucault, subject formation takes place in the element of power. The moment at which one attains status as a subject is also the moment of subjection in which one becomes subject to a set of rules, norms of behavior, and to boundaries and exclusions already imposed on the discourse

in which one assumes a subject position. If, as Mohammed Bedjaoui maintains, the common heritage of humanity holds a *revolutionary* potential for transforming international law, that potential is a long way from being fulfilled. But it is certainly a creative experiment, and its possibilities have hardly been exhausted.

Works cited

Agreement Governing the Activities of States on the Moon and Other Celestial Bodies. Office for Outer Space Affairs. United Nations Office at Vienna. http://www.oosa.unvienna.org/SpaceLaw/moontxt.htm

Albro, R. (2005). Making Cultural Policy and Confounding Cultural Diversity. *Cultural Commons: The Meeting Place for Culture and Policy*. Cultural Comment. http://www.culturalcommons.org/comment-print.cfm?ID=26

Bedjaoui, M. (1979). *Towards a New International Economic Order*. Paris: UNESCO / New York: Holmes & Meier Publishers.

Djalal, H. (1980). The Developing Countries and the Law of the Sea Conference. *Columbia Journal of World Business*, *15*(4), 22–30.

Droit, R.-P. (2005). *Humanity in the Making. Overview of the Intellectual History of UNESCO 1945–2005*. Paris: UNESCO.

Ellingsen T. and Betzy M. (1984). *The UNCLOS III Negotiations and the Deep Sea-bed Regime: The Common Heritage of Mankind for the Benefit of Mankind as a Whole*. Oslo: Fridtjof Nansens Institut.

Fountain, L. M. (2003). Creating Momentum in Space: Ending the Paralysis Produced by the "Common Heritage of Mankind" Doctrine. *Connecticut Law Review*, *35*(4), 1753–1787.

Frakes, J. (2003). The Common Heritage of Mankind Principle and the Deep Seabed, Outer Space, and Antarctica: Will Developed and Developing Nations Reach a Compromise? *Wisconsin International Law Journal*, *21*, 409–434.

Gupta, A. (1992). The Song of the Nonaligned World. Transnational Identities and the Reinscription of Space in Late Capitalism. *Cultural Anthropology*, *7*(1), 63–79.

Hafstein, V. (2004). *The Making of Intangible Cultural Heritage: Tradition and Authenticity, Community and Humanity*. Ph.D. Dissertation, University of California, Berkeley.

Hafstein, V. (2006). Intangible Cultural Heritage: Government through Community. Forthcoming in *60 Years of UNESCO History. Symposium Proceedings*. Paris: UNESCO.

Hoffstadt, B. M. (1994). Moving the Heavens: Lunar Mining and the "Common Heritage of Mankind" in the Moon Treaty. *UCLA Law Review*, *42*, 575–621.

Jackson, R. L. (1983). *The Non-Aligned, the UN, and the Superpowers*. New York: Praeger Publishers.

Kirby, J. M. (2002). Report of the IBC on Ethics, Intellectual Property and Genomics. UNESCO SHS-503/01/CIB-8/2 Rev. Paris: UNESCO.

Kirshenblatt-Gimblett, B. (1998). *Destination Culture. Tourism, Museums, and Heritage*. Berkeley: University of California Press.

Kirshenblatt-Gimblett, B. (n.d.) World Heritage and Cultural Economics. Forthcoming in Ivan Karp and Corinne Kratz (eds.) *Museum Frictions: Public Cultures/Global Transformations*.

Kurin, R. (2005). Regulating Culture? *Anthropology News*, *46*(9), 28.

Mahmoudi, S. (1987). *The Law of Deep Sea-Bed Mining*. Stockholm: Almqvist & Wiksell International.

Nuti, P. J. (2005). UNESCO and Cultural Diversity. An Unconventional Approach? *Anthropology News*, *46*(9), 25.

Pinto, M. C. W. (1980). The Developing Countries and the Exploitation of the Deep Seabed. *Columbia Journal of World Business*, *15*(4), 30–41.

Rana, H. S. (1994). The "Common Heritage of Mankind" and the Final Frontier. A Revaluation of Values Constituting the International Legal Regime for Outer Space Activities. *Rutgers Law Journal*, *26*, 225–250.

Rössler, M. (2005). Weltkulturerbe und Globalisierung. Vom Weltwunder zum "Erbe der Menschheit". In Iris Schroeder and Sabine Hoehler (eds.) *Welt, Räume, Geschichte. Geographie und Globalisierung seit 1900* (pp. 235–257). Frankfurt: Campus.

Turtinen, J. (2000). *Globalising Heritage: On UNESCO and the Transnational Construction of World Heritage*. SCORE Rapportserie 2000:12. Stockholm: Stockholm Center for Organizational Research.

UN Division for Ocean Affairs and the Law of the Sea. The United Nations Convention on the Law of the Sea. A historical perspective. http://www.un.org/Depts/los /convention_agreements/convention_historical_perspective.htm

UNESCO. (1970). *Protection of Mankind's Cultural Heritage. Sites and Monuments*. Paris: UNESCO.

UNESCO 30C/56. Intellectual Works of Universal Value that Have Fallen into the Public Domain and Are Regarded as Forming Part of the

Common Heritage of Humanity. UNESCO General Conference, 30th Session. Paris, 1999.

UNESCO BIO-97/CONF.201/3. Preparation of a Declaration on the Human Genome: Report by the Director-General. Committee of Governmental Experts for the Finalization of a Declaration on the Human Genome, UNESCO, Paris, 1997.

UNESCO CLT-2005/CONVENTION DIVERSITE-CULT REV. Convention on the Protection and Promotion of the Diversity of Cultural Expressions. Paris, 20 October 2005.

UNESCO Division of the Ethics of Science and Technology. (1999). *Birth of the Universal Declaration on the Human Genome and Human Rights*. Paris: UNESCO.

UNESCO Social and Human Sciences. Universal Declaration on the Human Genome and Human Rights. http://www.unesco.org/shs /human_rights/hrbc.htm